

3

Kaflar 5-7

- 5: Samráð og önnur atvik fram til 2008
- 6: Árið 2008 - aðdragandi aukins samráðs
- 7: „Nýtt upphaf“ verkefnið

BROT SAMSKIPA GEGN BANNI VIÐ ÓLÖGMÆTU SAMRÁÐI





5. SAMRÁÐ OG ÖNNUR ATVIK FRAM TIL 2008.....	118
5.1. Samstarf Eimskips og Samskipa í Norður-Ameríku flutningum.....	119
5.2. Samskipti Eimskips við Jóna og Atlantsskip	121
5.3. Markaðsatlaga Eimskips gegn Samskipum á árunum 2001 - 2002	123
5.3.1. Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 70/2007	123
5.3.2. Úrskurður áfrýjunarnefndar í málinu	128
5.3.3. Ályktanir Samskipa	129
5.3.4. Samantekt.....	129
5.4. „Neyðarsamkomulagið“ – Evrópusamráðið	131
5.4.1. Samstarfið tók til „venjulegra flutninga“	132
5.4.2. Leynileg samvinna	138
5.4.3. Skýringar við skýrslutöku hjá lögreglu.....	140
5.4.4. Samantekt.....	145
5.5. Samstarf Samskipa við keppinaut í landflutningum árið 2002.....	148
5.6. Samráð tengt útflutningi á sjávarafurðum	149
5.6.1. Samskipti Kloosterboer og Eimskips 2002 - 2006.....	150
5.6.2. Samskip kaupa sjávarútvegsstarfsemi Kloosterboer	155
5.6.3. Eimskip kaupir hlut í Daalimpex.....	156
5.6.4. Samskipti halda áfram	157
5.7. Samvinna Eimskips og Samskipa innan SÍK	161
5.8. Samvinna á ný í flutningum til og frá Norður-Ameríku	162
5.8.1. Undanþága veitt til 31. ágúst 2004	163
5.8.2. Ólögmaett samráð frá september 2004 fram til desember 2009	163
5.9. Vísbendingar um markaðsskiptingu í sjóflutningum.....	164
5.10. Álagning olúgjalds (BAF/FAF)	171
5.11. Ólögmaett samráð í landflutningum	174
5.11.1. Samstarfsfyrirtæki Eimskips og Samskipa í landflutningum	176
5.11.2. Yfirtaka Eimskips á Norðurfrakt og samráð við Samskip	177
5.11.3. Atvik á árinu 2006	179
5.11.4. Atvik á árinu 2007 og til júní 2008	187
5.11.5. Samantekt.....	192
5.12. Ólögmaett samráð í skipaafgreiðslu	193
5.13. Áform Eimskips um að hamla rannsókn samkeppnisyfirvalda	197
6. ÁRIÐ 2008 – AÐDRAGANDI AUKINS SAMRÁÐS.....	200
6.1. Kjarni hins aukna samráðs og aðstæður við upphaf þess	200
6.2. Siglingakerfi Samskipa og Eimskips	203
6.2.1. Siglingakerfi Samskipa	203
6.2.2. Siglingakerfi Eimskips	206
6.2.3. Önnur skipafélög	209
6.3. Viðskipti við fáa en stóra viðskiptavini mikilvægust	209
6.4. Þjónusta Eimskips og Samskipa álitin sambærileg	211



6.5.	Flutningar fyrir Alcoa Fjarðaál og aðrar stóriðjur	214
6.6.	Verð var hækkað á Íslandi en lækkaði á sama tíma annars staðar	216
6.7.	Verndun „the cash cow“ og önnur atvik fram til 20. maí 2008	219
6.7.1.	Staðan á fyrri hluta ársins 2008	219
6.7.1.1.	Efnahagsástandið	219
6.7.1.2.	Eimskip	221
6.7.1.3.	Samskip	223
6.7.2.	Samskip huga að frekari samvinnu við Eimskip	228
6.7.3.	„The Cash Cow“	233
6.7.3.1.	Samskipti Eimskips og Samskipa í lok mars og byrjun apríl 2008	236
6.7.3.2.	Fundur (S)forstj og (S)aðaleig-stjform-SH 3. apríl og stjórnarfundur Samskipa hf. 4. apríl 2008	237
6.7.3.3.	(S)forstj fundar með (S)aðaleig-stjform-SH og Samskipum Holding 8. apríl 2008 242	
6.7.3.4.	Atvik frá 9. til 18. apríl 2008	243
6.7.3.5.	Tölvupóstur (S)forstj frá 18. apríl 2008	246
6.7.3.6.	Samantekt	248
6.7.4.	Samvinna við Atlantsskip	250
6.7.5.	(S)aðaleig-stjform-SH biður Eglu um úttekt á Eimskip og stjórnarfundur í Rotterdam	253
6.7.6.	„Herferð“ eða samvinna?	258
6.7.6.1.	„Grænlenkir dagar“	259
6.7.6.2.	Forstjóri Samskipa setur fram „rannsóknarspurningar“	264
6.8.	Niðurstaða	267
7.	„NÝTT UPPHAF“ VERKEFNIÐ	270
7.1.	(E)forstj verður forstjóri Eimskips 20. maí 2008	270
7.1.1.	Samskipti (E)forstj og (S)forstj	270
7.1.2.	Samskipti (S)aðaleig-stjform-SH og (E)forstj	280
7.1.3.	Samskipti (E)forstj, (S)forstö-útl og (S)frkvstj-N-Am	280
7.1.4.	Samskipti (S)forstj og (E)frkvstj-alþjv	285
7.1.5.	Önnur samskipti	288
7.1.6.	Samantekt	289
7.2.	Leynilegur fundur æðstu stjórnenda Samskipa og Eimskips 6. júní 2008	290
7.2.1.	Dagarnir fram að fundinum 6. júní 2008	291
7.2.1.1.	20. maí til 5. júní 2008	291
7.2.1.2.	Fimmtudagurinn 5. júní 2008	304
7.2.2.	Fundur á Suðurlandsbraut 18 kl. 12:00 þann 6. júní 2008	308
7.3.	„Verkefnið Nýtt upphaf“	310
7.3.1.	Vinnuhópurinn og bakhjarlarnir	313
7.3.2.	(S)forstj skipuleggur frekari fundi Eimskips og Samskipa	314
7.3.3.	(S)forstj minnir (S)aðaleig-stjform-SH á sig	316
7.3.4.	Verkefnalisti (E)forstj og (E)frkvstj-alþjv	317
7.3.5.	(S)forstj veitir upplýsingar um fyrirætlanir Eimskips	318
7.3.6.	Skýringar (S)forstj, (E)forstj o.fl.	320
7.3.6.1.	Um fundinn 6. júní 2008	320
7.3.6.2.	Um glærुकynninguna „Nýtt upphaf“	324
7.3.6.3.	Um tölvupósta (S)forstj frá 10. og 11. júní 2008	328
7.3.6.4.	Um verkefnalista (E)forstj og (E)frkvstj-alþjv	331
7.3.6.5.	Um fund vinnuhóps Eimskips og Samskipa	332
7.3.7.	Sátt Eimskips við Samkeppniseftirlitið	333
7.3.8.	Samantekt	334
7.4.	„Nýtt upphaf“ / „New beginning“ / „Revised budget“	341
7.5.	Einstakir þættir „Nýtt upphaf“ verkefnisins	342
7.5.1.	Samráð í frystigeymslurekstri	343



7.5.2.	Samráð í „short sea“ siglingum	352
7.5.3.	Samráð í landflutningum	356
7.5.4.	Samráð um skipaafgreiðslu	359
7.5.5.	Samráð í sjóflutningum til og frá Íslandi	360
7.5.5.1.	Evrópusamráðið („Neyðarsamkomulagið“)	361
7.5.5.2.	Norður-Ameríku samráðið	361
7.5.5.3.	Lagt til aukið samráð í sjóflutningum	366
7.6.	Bónussamningar forstjóra Samskipa og Eimskips	369
7.6.1.	Bónussamningur forstjóra Samskipa	369
7.6.2.	Bónussamningur forstjóra Eimskips	371
7.7.	Samskipti Eimskips og Samskipa eftir 6. júní 2008	373
7.7.1.	Yfirlit yfir fundi og samtöl frá júní til janúar 2009	373
7.7.2.	Upplýsingar Eimskips og Samskipa um samskipti fyrirtækjanna	379
7.7.2.1.	Eimskip	379
7.7.2.2.	Samskip	381
7.7.3.	Samantekt	386



5. SAMRÁÐ OG ÖNNUR ATVIK FRAM TIL 2008

603. Megin rannsóknartímabil þessa máls er frá árinu 2008 til og með árinu 2013 og gögn styðja að ólögmæt háttsemi Samskipa hafi verið samfelld. Til viðbótar eru tiltekin brot sem taka til lengra tímabils.
604. Einnig verður í málinu horft til annarra gagna utan fyrrgreinds megin rannsóknartímabils. Í samkeppnisrétti liggur fyrir að í samráðsmálum getur verið málefnalegt að horfa til gagna sem varða atvik sem gerðust áður en atvik, sem falla undir megin rannsóknartímabil málsins, áttu sér stað.³⁰¹ Áfrýjunarnefnd samkeppnismála hefur bent á að „þótt gögn sem vísað er til hafi ekki beinlínis orðið til á meintu brotatímabili geti þau haft þýðingu við heildarmat á háttsemi sem talin er fela í sér samráðsbrot.“, sbr. úrskurð í máli nr. 6/2015, *Byko ehf. og Norvik hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*.
605. Eins og nánar verður rökstutt í ákvörðun þessari er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að Samskip hafi með samfelldu samráði við Eimskip á árunum 2008 – 2013 brotið með alvarlegum hætti gegn 10. gr. samkeppnislaga og 53. gr. EES-samningsins. Höfðu Samskip m.a. ólögmætt samráð við Eimskip um að takmarka flutningaframboð sitt og skiptu á milli sín viðskiptum við mikilvæga viðskiptavinum. Af þessu leiddi að komið var á og viðhaldið ástandi (nefnt „friður“) á flutningamarkaðnum þar sem forsendum virkrar samkeppni var raskað og fyrirtækjunum gert kleift að viðhalda eða hækka verð til viðskiptavina. Einnig er um að ræða verðsamráð og ólögmæta upplýsingagjöf milli fyrirtækjanna.
606. Gögn málsins gefa til kynna að umrætt samráð hafi hafist af fullum krafti eftir að nýr forstjóri Eimskips, (E)forstj, tók til starfa í maí 2008. Sýna gögnin að forstjóri Samskipa, (S)forstj, taldi sig þekkja (E)forstj vel. Gögn málsins sýna jafnframt að (E)forstj þekkti einnig vel aðra lykilstjórnendur Samskipa. Eins og lýst verður voru einnig tengsl milli annarra stjórnenda félaganna.
607. Þann 6. júní 2008 átti sér stað fundur milli æðstu stjórnenda Eimskips og Samskipa. Af hálfu Eimskips sátu fundinn stjórnarformaður fyrirtækisins, (E)stjform og (E)forstj. Af hálfu Samskipa sátu fundinn aðaleigandi og stjórnarformaður fyrirtækisins, (S)aðaleig-stjform-SH og (S)forstj. Ákváðu fyrirtækin á þessum fundi að hefja undirbúning að umfangsmiklu samráðsverkefni. Í glærुकynningu (E)forstj frá 9. júní 2008 var þetta verkefni nefnt „Nýtt upphaf.“ Hjá Samskipum var rætt um „New beginning“.
608. Þetta samráð fyrirtækjanna átti sér hins vegar aðdraganda. Í upphafsglæru umræddrar „Nýtt upphaf“ glærुकynningar kemur fram að ákveðið hafi verið að meta hagkvæmni tiltekinna verkefna með því að „auka samstarf á milli Samskip og Eimskip.“
609. Í máli þessu liggja fyrir gögn sem gefa til kynna að Samskip (og tengd félög) hafi átt í ólögmætu samráði við Eimskip fyrir árið 2008. Er það í samræmi við það sem fram kemur í umræddum glærum (E)forstj. Önnur eldri gögn sem varða m.a. samskipti við erlenda keppinauta hafa hér einnig þýðingu.
610. Varpa þau gögn sem reifuð verða í þessum kafla ljósi á umhverfi og samskipti fyrirtækjanna í aðdraganda megin rannsóknartímabilsins og sýna að atvik þessa máls áttu, a.m.k. að hluta til, rót sína að rekja til samstarfs eða samskipta sem voru eins og áður segir til staðar fyrir árið 2008.
611. Auk þess að fjalla um gögn sem gefa til kynna ólögmætt samráð Samskipa við Eimskip fram til ársins 2008 telur Samkeppniseftirlitið rétt að reifa stuttlega niðurstöður samkeppnisyfirvalda á þessu tímabili. Þær sýna bæði samvinnu milli skipafélaganna og atlögu Eimskips gegn Samskipum þegar

³⁰¹ Sjá t.d. Fernando Castillo de la Torre, Evidence, Proof and Judicial Review in Cartel Cases, European Competition Law Annual, 2009, bls. 41-42. Með vísan til dómafrákvæmdar dómstóla ESB segir: „Since the courts take an overall view of the evidence the Commission may rely on pieces of evidence dated before or after the period in respect of which the Commission finds that the infringement persisted, insofar as the document is useful to interpret facts relating to that period. Where a document indicates the existence of a longer-lasting cartel but the Commission finds the infringement only as of a later (more recent) date, this does not diminish the probative value of the document in question.“



Samskip ákváðu að hækka ekki verð til samræmis við verðhækkun Eimskips. Lýsa þessar niðurstöður því einnig aðstæðum í aðdraganda megin rannsóknartímabils þessa máls og hafa þýðingu við heildarmat á atvikum málsins.

5.1. Samstarf Eimskips og Samskipa í Norður-Ameríku flutningum

612. Fjallað var um ákvörðun samkeppnisráðs nr. 26/1997 og úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 13/1997 í kafla 4.6.6.1 hér að framan. Rétt er að víkja nánar að málinu hér.
613. Í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 26/1997 er greint frá því að í lok janúar 1997 hefðu fjölmiðlar greint frá því að Eimskip og Samskip „hefðu tekið upp samstarf í sjóflutningum milli Íslands og Norður-Ameríku. Með hliðsjón af ákvæðum samkeppnislaga þótti Samkeppnisstofnun rétt að taka til athugunar umrætt samstarf skipafélaganna. Í því skyni voru fulltrúar Eimskips annars vegar og Samskipa hins vegar boðaðir til fundar með starfsmönnum Samkeppnisstofnunar. Á fundunum var Samkeppnisstofnun greint frá tilgangi og markmiðum þessa samstarfs og stofnuninni afhent ýmis gögn.“ Í kjölfarið hafi félagunum verið greint frá því að flutningasamkomulag þeirra frá 22. janúar 1997 kynni að fara gegn 10. gr. samkeppnislaga.
614. Bæði fyrirtækin héldu því fram að samkomulag þeirra gæti ekki farið gegn 10. gr. samkeppnislaga. Til vara óskuðu þau eftir undanþágu frá banni við samráði keppinauta.
615. Í ákvörðun samkeppnisráðs segir að Eimskip og Samskip hafi stundað reglubundnar áætlunarsiglingar milli Íslands, Bandaríkjanna og Kanada. Með samningi, dags. 22. janúar 1997, hafi verið stofnað til samstarfs milli félaganna um flutninga til og frá nefndum löndum. Skipafélögin hafi áður haft með sér samstarf í flutningum á sömu leiðum. Þann 16. júní 1993 undirrituðu skipafélögin flutningasamkomulag um gámaflutninga milli Íslands og Bandaríkjanna og gilti samningurinn til 30. júní 1995. Á gildistíma samningsins hættu Samskip eigin siglingum til Bandaríkjanna og fluttu þess í stað gáma sína með Eimskip. Umræddur samningur var ekki endurnýjaður og hófu Samskip aftur siglingar með eigin skipi á þessari flutningaleið þar til samningurinn frá janúar 1997 tók gildi.³⁰² Samkvæmt 1. gr. þess samnings sé markmið samstarfsins að koma á aukinni hagræðingu í þessum siglingum. Sagði að þrátt fyrir samkomulagið muni skipafélögin áfram annast sjálfstætt alla aðra flutningastarfsemi tengda flutningum til og frá viðkomandi höfnum. Í 2. gr. komi fram að Eimskip taki að sér að flytja fyrir Samskip gáma milli Reykjavíkur og tiltekinnna áætlunarhafna í Norður-Ameríku.
616. Samkeppnisráð féllst ekki á það sjónarmið Eimskips og Samskipa að umrædd samvinna þeirra gæti ekki farið gegn þágildandi banni samkeppnislaga við ólögsmætu samráði keppinauta. Var bent á að Eimskip og Samskip væru keppinautar sem störfuðu á sama sölustigi. Samskip hefðu hætt beinum áætlunarsiglingum til Norður-Ameríku og hefðu þess í stað farið að flytja fast ákveðið hlutfall flutninga sinna með keppinauti sínum. Í þessu hefði óhjákvæmilega falist að Eimskip og Samskip hefðu sammælst um að hætta að keppa á umræddri siglingaleið, einum af meginþáttunum sem flutningastarfsemi þeirra samanstæði af, þ.e. í siglingum og rekstri skipa. Tók samkeppnisráð fram að öll „samvinna af þessum toga er til þess fallin að draga úr samkeppni milli keppinauta, sérstaklega í tilviki sem þessu þar sem fákeppni ríkir á markaðnum. Allt samstarf milli keppinauta skapar hættu á að viðkomandi fyrirtæki fari að taka tillit til hvors annars og þar með dragi úr virkri samkeppni á viðkomandi markaði.“ Einnig sagði þetta í ákvörðun ráðsins:

„Í máli þessu hefur komið fram að ákveðin staðganga er á milli þess að flytja vörur beint með skipi á milli Norður-Ameríku og Íslands og flutninga á milli sömu staða í gegnum hafnir í Evrópu. Til mótvægis við aukinn siglingatíma sem felst í seinni kostinum kemur meiri tíðni í siglingum milli hafna í Evrópu og Norður-Ameríku en milli Íslands og Norður-Ameríku. Með öðrum orðum má segja að samkeppni geti ríkt í flutningum á milli Íslands og Norður-Ameríku annars vegar á milli skipafélags

³⁰² Flutningasamkomulag milli Eimskips og Samskips um gámaflutninga milli Íslands og Ameríku, dags. 22.01.1997.



sem siglir beint til og frá höfnum þar og hins vegar skipafélags sem siglir til og frá Evrópu og kaupir framhaldsflutning til og frá Norður-Ameríku af öðru skipafélagi.

Í 4. gr. flutningasamkomulagsins er það tryggt að 80% af flutningum Samskipa til Norður-Ameríku fari með skipum Eimskip. Markaðurinn sem um er að ræða og samningurinn varðar er farmflutningar með skipum á milli Íslands og Norður-Ameríku. Eimskip og Samskip hafa annast langmestan hluta þessara flutninga ef undan eru skildir flutningar fyrir varnarliðið. Af þeim flutningum sem félögin tvö hafa annast hefur Eimskip flutt um 70% og Samskip um 30%. Samkvæmt samningnum mun Eimskip eins og áður segir flytja a.m.k. 80% af þessum 30% hlut Samskipa en Samskipum verður frjálst að flytja 20% af sínum hluta með öðrum. Með samningnum eru félögin, með öðrum orðum, að skipta hlut Samskipa á markaðnum fyrir sjófrakt á milli Íslands og Norður-Ameríku upp á milli Eimskip og ótilgreindra annarra flutningsaðila. Það flutningsmagn sem samkeppni getur ríkt um er því takmakað. Þannig eru félögin að skipta upp markaðnum á milli farmflytjenda hlutfallslega eftir magni. Ennfremur eru félögin með samningnum að skipta flutningi á vegum Samskipa á milli Íslands og Norður-Ameríku eftir flutningaleiðum, þ.e. eftir því hvort vörur eru fluttar beint eða þeim umskipað í Evrópuhöfnum. Þetta dregur verulega úr þeirri samkeppni sem Samskip geta veitt Eimskip með flutningum til og frá Norður-Ameríku í samstarfi við skipafélög í Evrópu. Hvort tveggja er hindrun á virkri samkeppni á viðkomandi markaði og brýtur gegn ákvæði b. liðar 10. gr. samkeppnislaga."

617. Samkeppnisráð taldi hins vegar forsendur til þess að veita undanþágu. Horfði það til þess að félögin greindu frá því að taprekstur hefði verið á siglingum þeirra á milli Íslands og Norður-Ameríku. Jafnframt horfði samkeppnisráð til þess að í sjóflutningum til og frá Íslandi ríkti fákeppni og Eimskip hefði yfirburðastöðu á þeim markaði. Taldi samkeppnisráð að samkomulagið gæti styrkt stöðu Samskipa almennt í samkeppni í flutningum til og frá Íslandi. Einnig leit samkeppnisráð til þess „að eftir sem áður munu skipafélögin annast sjálfstætt alla aðra starfsemi tengda flutningum til og frá Norður-Ameríku en skiparekstur. Hér er átt við for- og framhaldsflutninga auk annarrar flutningatengdrar starfsemi, sbr. 1. gr. samkomulagsins, ásamt markaðsstarfi hvers konar. Skipafélögin geta því að þessu marki stundað áfram virka samkeppni."
618. Sökum framangreinds þótti samkeppnisráði rétt að veita samkomulaginu tímabundna undanþágu frá 10. gr. samkeppnislaga. Rétt þótti að veita undanþáguna til þriggja ára og jafnframt gerði samkeppnisráð það að skilyrði að skipafélögin tilkynntu samkeppnisyfirvöldum „um allar breytingar á verði og viðskiptaskilmálum í flutningum til og frá Norður-Ameríku svo og aðrar breytingar á samkomulagi félaganna eða nýja samninga sem kunna að verða gerðir þeirra á milli."
619. Eimskip skaut framangreindri ákvörðun til áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Krafðist félagið þess að hún yrði felld úr gildi og „þar með sú ályktun ráðsins að flutningssamkomulagið frá 22. janúar 1997" hefði farið gegn 10. gr. samkeppnislaga. Með úrskurði í máli nr. 13/1997 staðfesti áfrýjunarnefnd ákvörðun samkeppnisráðs. Í úrskurðinum vísaði áfrýjunarnefnd m.a. til fákeppni á markaðnum og við þær aðstæður væri „hvers kyns samráð milli hlutaðeigandi flutningsaðila um náð samstarf við framkvæmd mikilvægra þátta í flutningastarfseminni [...] mjög varasamt í ljósi þeirrar meginreglu samkeppnislaga að efla beri virka samkeppni í viðskiptum."
620. Í mgr. 222 í athugasemdum Samskipa við AI er því haldið fram að framangreind tilkynningarskylda skv. ákvörðun nr. 26/1997 hafi aðeins tekið til samninga eða breytinga á siglingaleiðinni milli Íslands og Norður-Ameríku. Ekki er unnt að fallast á það.
621. Orðalag ákvörðunarorðs felur það skýrlega í sér að tilkynna þar samkeppnisyfirvöldum m.a. um nýja samninga sem gerðir yrðu milli Eimskip og Samskipa. Sú skylda var ekki bundin við samninga sem tengjast umræddri flutningaleið. Umrætt samstarf var enda „mjög varasamt" í samkeppnislegu tilliti og því mikilvægt að samkeppnisyfirvöld yrðu upplýst um hvers kyns nýja samninga milli þessara keppnauta.



5.2. Samskipti Eimskips við Jóna og Atlantsskip

622. Flutningsmiðlunin Jónar er keppinautur Eimskips en Samskip eignuðust Jóna í apríl árið 2000. Í gögnum málsins er að finna vísbendingar um alvarlegt samráð milli Eimskips og Jóna. Kemur þetta fram í minnisblöðum sem [\(E\)frkvstj-sala/pj](#) ritaði og lýsti samskiptum sínum við Jóna. [\(E\)frkvstj-sala/pj](#) var á þeim tíma forstöðumaður hjá Eimskip. [\(E\)frkvstj-sala/pj](#) hætti störfum hjá Eimskip á árinu 2004 en hóf þar aftur störf vorið 2009 og þá sem framkvæmdastjóri sölu- og þjónustu. Gegndi hann því starfi út rannsóknartímabil málsins.
623. Í minnisblaði [\(E\)frkvstj-sala/pj](#) frá 10. desember 1998 er lýst fundi með [starfsmanni Jóna], starfsmanni Jóna.

„TRÚNAÐARMÁL

Fundur með [starfsmanni Jóna]

[\(E\)frkvstj-sölu-fyrirv](#) /[\(E\)frkvstj-sala/pj](#) fóru til fundar við [starfsmann Jóna] í bækistöðvar Flutningsmiðlunar Jóna í Hafnarfirði.

Jónar hafa undanfarið verið að pressa gámaverð vegna USA og var megin tilgangur fundarins að fá niðurstöðu í þau mál. Hafa þeir yfirleitt miðað við þau verð sem þeim bjóðast hjá öðrum, nú Trans Atlantic Lines. Bentum við þeim á að ekki væri raunhæft að miða við tilboð frá T.A.L. því þeir gætu ekki gengið út frá sama öryggi og þjónustu hjá þeim. Sögðum við [starfsmann Jóna] að við teldum eðlilegt að þessir flutningar væru hjá okkur í samræmi við annað samstarf okkar, þetta væri einfaldlega hluti af því. Einnig gerðum við skýra grein fyrir því að þau verð er þeir hafa hjá okkur séu okkar allra bestu verð og því ekkert svigrúm þar. Það sem við lögðum til var að einfalda verðsamsetninguna, þannig að hliðarþjónusta s.s. THC úti væri greitt að fullu en flutningsgjald lækkað sem því næmi. Tók [starfsmaður Jóna] vel í hugmyndir okkar.

Skerptum við á gagnkvæmum skilningi okkar á ákvæði í samning er fjallar um „heilbrigða samkeppni“ og ákváðum að hér eftir mundi [\(E\)frkvstj-sala/pj](#) vera í sambandi við [starfsmann Jóna] strax og eitthvað kæmi upp. Þarna var [starfsmaður Jóna] okkur alveg sammála og staðfesti en og aftur okkar túlkun á þessu ákvæði í samningnum. [...].”³⁰³

624. Í gögnum málsins er að finna annað minnisblað frá Eimskip sem [\(E\)frkvstj-sala/pj](#) ritaði 28. mars 2001. Minnisblaðið var sent til [\(E\)frkvstj-sölu-fyrirv](#), yfirmanns [\(E\)frkvstj-sala/pj](#). Aftur lýsti [\(E\)frkvstj-sala/pj](#) fundi sínum með Jónum. Sem fyrr segir voru Jónar á þessum tíma komnir í eigu Samskipa.

625. Minnisblaðið er merkt „trúnaðarmál“ og heiti þess er:

„Jónar

Fundur með [(S)starfsm]“

626. Samkvæmt minnisblaðinu veittu Jónar Eimskip viðkvæmar viðskiptalegar upplýsingar og ljóst er að rætt var um verð á flutningsþjónustu. Fram kemur hvað Jónar teldu vera lágmarksverð á tilteknum flutningum og einnig að Jónar hefðu kvartað yfir verðlagningu flutningamiðlunar Eimskips (TVG):

³⁰³ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...]



„Kvartaði sáran undan þróun flutningsgjalda. sagði TVG vera bjóða hverjum sem væri NLG 160 per M³. Þessi verð hefðu verið NLG 215 fyrir ekki löngu síðan og það væru þau verð sem þyrftu til að hafa e-hv út úr þessu.“³⁰⁴

627. Í mgr. 226 í athugasemdum Samskipa við AI segir að tilgangur (E)frkvstj-sala/þj með fundinum með (S)starfsm hafi verið að kanna vilja hans til þess að starfa hjá Eimskip. Hafi (E)frkvstj-sala/þj nýtt sér óánægju (S)starfsm hjá Jónum og trúnaðarsamband við hann „til þess að afla ólögðra upplýsinga frá samkeppnisaðila hans.“ Hafi upplýsingagjöf (S)starfsm til (E)frkvstj-sala/þj „engan veginn [þjónað] hagsmunum Samskipa.“
628. Í mgr. 226 í athugasemdum Samskipa við AI segir að tilgangur (E)frkvstj-sala/þj með fundinum með (S)starfsm hafi verið að kanna vilja hans til þess að starfa hjá Eimskip. Hafi (E)frkvstj-sala/þj nýtt sér óánægju (S)starfsm hjá Jónum og trúnaðarsamband við hann „til þess að afla ólögðra upplýsinga frá samkeppnisaðila hans. Það er ljóst að upplýsingagjöf (S)starfsm til (E)frkvstj-sala/þj þjónaði engan veginn hagsmunum Samskipa.“
629. Samkeppniseftirlitið bendir á að minnisblað (E)frkvstj-sala/þj ber með sér að (S)starfsm var starfsmaður Jóna þegar fundurinn átti sér stað. Heiti minnisblaðsins er „Jónar“ og kemur einnig skýrt fram í því að (S)starfsm hefði talað í nafni Jóna á fundinum. Segir t.d. í minnisblaðinu að (S)starfsm hafi verið „hissa á afstöðu okkar að leyfa þeim ekki að nota samninginn áfram“ eftir að Samskip eignuðust Jóna. Þá ber að líta til þess að í opinberum upplýsingum kemur fram að (S)starfsm hafi starfað hjá Jónum á árunum 1986–2001 en hafið störf hjá Atlantsskipum í október 2001, sbr. einnig eftirfarandi minnisblað (E)frkvstj-sala/þj frá nóvember 2001.³⁰⁵
630. Samskip neitar því ekki að (S)starfsm hafi verið starfsmaður Jóna á þessum tíma og viðurkennir að ólögð upplýsingagjöf hafi átt sér stað á umræddum fundi Jóna og Eimskips. Engu breytir um ólögð upplýsingagjöf þótt Samskip fullyrði að upplýsingagjöf (S)starfsm til Eimskips hafi ekki þjónað hagsmunum fyrirtækisins. Bera fyrirtæki ábyrgð á allri háttsemi starfsmanna sinna sem fer gegn samkeppnisreglum.³⁰⁶ Þar að auki var ekki aðeins um það að ræða að Samskip hafi veitt Eimskip upplýsingar. Framangreint samtímagagn sýnir einnig skýrt að (S)starfsm kvartaði yfir verðsamkeppni frá Eimskip og gaf til kynna hve mikið verð þyrftu að hækka til þess að „hafa e-hv út úr þessu“. (E)frkvstj-sala/þj tók við þessum skilaboðum og gerði með framangreindu minnisblaði yfirboðara sínum ((E)frkvstj-sölu-fyrirv) grein fyrir þessu. Fóru þessi samskipti því gegn banni 10. gr. samkeppnislaga.
631. Sem fyrr segir ritaði (E)frkvstj-sala/þj annað minnisblað og var það dagsett 5. nóvember 2001. Lýsti það enn öðrum fundi með [starfsmanni Jóna]. Samkvæmt fundargerðinni hafði [starfsmaður Jóna] þá nýverið tekið við sem sölu- og markaðsstjóri hjá Atlantsskipum. Á þessum fundi veitti [starfsmaður Jóna] viðkvæmar viðskiptalegar upplýsingar um samkeppnisáherslur Atlantsskipa, þ.m.t. um mögulegt verð í tilboði á flutningum fyrir Byko. Einnig veitti hann upplýsingar um verðsamskipti Samskipa og Atlantsskipa. Samkvæmt [starfsmanni Jóna] hefði starfsmaður Samskipa hringt í framkvæmdastjóra Atlantsskipa og „bað þá um að hætta þessu hringli/undirboðum í flutninga til og frá USA.“³⁰⁷
632. Framangreind minnisblöð (E)frkvstj-sala/þj lýsa ítrekuðum samskiptum Eimskips og Samskipa og aðra keppnauta þar sem viðkvæm samkeppnisleg málefni voru rædd. Höfundur þessara minnisblaða

³⁰⁴ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...]

³⁰⁵ „Starfsmenn Atlantsskipa“, 18.04.2002. Morgunblaðið. Aðgengilegt á slóð: <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/662681/>.

³⁰⁶ Sjá t.d. mgr. 23 – 24 í dómi dómstóls ESB frá 21. júlí 2016 í máli nr. C-542/14, VM Remonts, EU:C:2016:578: “23. [...] An employee performs his duties for and under the direction of the undertaking for which he works and, thus, is considered to be incorporated into the economic unit comprised by that undertaking [...].

24. For the purposes of a finding of infringement of EU competition law any anti-competitive conduct on the part of an employee is thus attributable to the undertaking to which he belongs and that undertaking is, as a matter of principle, held liable for that conduct.”

³⁰⁷ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...]



varð síðan lykilstjórnandi hjá Eimskip á megin rannsóknartímabili þessa máls og átti þá í ítrekuðum samskiptum við Samskip. Þessi eldri gögn ([E](#))frkvstj-sala/bj um samskipti hans við keppinauta hafa því þýðingu í málinu. Ber að virða þau í samhengi við annars vegar önnur gögn í málinu sem varða atvik fyrir 2008 og hins vegar með hliðsjón af þeirri staðreynd að „Nýtt upphaf“ verkefni Eimskips og Samskipa sem hófst í júní 2008 hafði það markmiði m.a. að skoða möguleika á því að „auka“ samstarf þessara keppinauta.

633. Þá er ekki unnt að fallast á það með Samskipum að minnisblaðið frá nóvember 2001 hafi enga tengingu við fyrirtækið. Gefur það skýrt til kynna að [starfsmaður Jóna] bjó yfir vitneskju um tilraunir Samskipa til þess að fá Atlantsskip til þess að draga úr verðsamkeppni.

5.3. Markaðsatlaga Eimskips gegn Samskipum á árunum 2001 - 2002

634. Í máli þessu verður að mati Samkeppniseftirlitsins einnig að hafa í huga ákvörðun þess nr. 70/2007, *Misnotkun Hf. Eimskipafélags Íslands á markaðsráðandi stöðu sinni* og úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 3/2008, *Hf. Eimskipafélag Íslands gegn Samkeppniseftirlitinu*. Mál þetta hófst í kjölfar kvörtunar Samskipa til Samkeppniseftirlitsins frá 22. ágúst 2002 vegna brota Eimskips á 11. gr. samkeppnislaga.
635. Í umræddri ákvörðun Samkeppniseftirlitsins var komist að þeirri niðurstöðu að Eimskip hefði misnotað markaðsráðandi stöðu sína á sjóflutningamarkaði. Þetta gerði Eimskip annars vegar með aðgerðum sem beindust gegn Samskipum (markaðsatlaga) og hins vegar með gerð fjölmargra ólögmætra einkakaupasamninga við viðskiptavinum sína. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfesti að Eimskip hefði brotið gegn 11. gr. samkeppnislaga með aðgerðum sem miðuðu að því að veikja Samskip verulega og varanlega og með gerð ólögmætra einkakaupasamninga.³⁰⁸
636. Umrætt mál varðaði atvik sem áttu sér stað á árunum 2001 og 2002. Þau varpa ákveðnu ljósi á eðli samkeppni í sjóflutningum til og frá Íslandi. Þá hefur hér þýðingu að Samskip vísa ítrekað til þessa eldra máls í athugasemdum við AI og AII. Kemur t.d. fram hjá Samskipum í mgr. 230 í athugasemdum við AI að þetta eldra mál „varpi ljósi á samkeppni í sjóflutningum til og frá Íslandi.“
637. Eins og rökstutt verður síðar í ákvörðun þessari telur Samkeppniseftirlitið að Samskip og Eimskip hafi á rannsóknartímabili þessa máls m.a. gerst sek um ólögmæta markaðsskiptingu. Hefðu fyrirtækin skipt með sér viðskiptum við mikilvæga viðskiptavinum. Skiptingin hefði falist í því að fyrirtækin myndu ekki reyna hvort um sig með samkeppnisaðgerðum sín á milli að ná til sín viðskiptum við mikilvæga viðskiptavinum hins fyrirtækisins. Til stuðnings því að ekki hefði verið um brot að ræða vísa Samskip m.a. til þessa máls sem endaði með úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 3/2008. Samskip halda því fram að fyrirtækið hefði ekki viljað sækja á mikilvæga viðskiptavinum Eimskips vegna þess að það óttaðist að Eimskip myndi aftur grípa til samskonar aðgerða og lýstar hefðu verið ólögmætar í úrskurði áfrýjunarnefndar í máli nr. 3/2008.
638. Rétt er því að fjalla um þetta eldra mál og þær ályktanir sem unnt er með réttu að draga af því.

5.3.1. Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 70/2007

639. Haustið 2001 beitti Eimskip sér fyrir verðhækkunum á flutningaþjónustu sinni gagnvart viðskiptavinum sínum. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 70/2007 er gerð grein fyrir eftirfarandi tölvupósti framkvæmdastjóra hjá Eimskip frá 8. október 2001: „Við höfum lagt á það áherslu í haust að leggja áherslu á okkar kúnna og hækkanir sem við erum að sækja, frekar en samkeppni um nýja kúnna. Nú er ljóst að Samskip ætlar e-ð að bíða með að fylgja í kjölfar okkar, og notfæra sér stöðuna til að ná í viðbótarflutning. Höfum við misst einhvern flutning upp á síðkastið á verðum.“

³⁰⁸ Úrskurðinum var ekki áfrýjað til dómstóla.



Við höldum okkur áfram við markaða stefnu. Þó getum við ekki horft aðgerðarlaus á flutning fara frá okkur, allra síst þegar einnig er um almennan samdrátt að ræða

Við þurfum að búa til lista 10 fyrirtækja sem nú eru hjá Samskipum af stærðinni ca ISK 10–50M, sem við heimsækjum til að bjóða flutninga. Ég vil biðja ykkur að koma með tillögur að nokkrum fyrirtækjum sem við getum heimsótt og gert ráð fyrir raunhæfum árangri, annað hvort með verulegum flutningum nú eða á næstunni, eða til að lækka verð Samskipa. Geti verið ný fyrirtæki eða aukinn hlutur núverandi fyrirtækja. Verðum að búa þennan lista til strax og síðan ákveða vinnuframgang."

640. Áfram var haldið hjá Eimskip að reyna ná fram verðhækkunum og Samskip lét enn „bíða með að fylgja í kjölfar“ hækkana Eimskips. Samkvæmt ákvörðun nr. 70/2007 sendi sami framkvæmdastjóri hjá Eimskip tölvupóst þann 23. mars 2002 vegna þessa. Í honum sagði: „Frá áramótum höfum við unnið að þeim markmiðum að ná inn hækkunum á samningum [...]

Nú er ljóst að helsti samkeppnisaðili hefur ákveðið að nýta sér okkar aðgerðir til að stinga sér inn í flutninga Eimskips af auknum krafti. Þeir hafa að auki örugglega áhyggjur af að Atlantsskip herji ekki síður á þeirra kúnna en okkar í upphafi, með gamla Jónamenn innanborðs. Þeir vilja því tryggja sér aukið magn til að auka nýtingu og búa sér til „buffer“ þegar Atlantsskip fer að herja á markaðinn. Þennan buffer vilja þeir búa sér til á okkar kostnað.

Þetta þýðir annað af tvennu: Að við missum flutninga eða bregðumst við. Við ætlum að bregðast við. Við viljum halda þeim hlut á markaðnum sem við höfum haft síðustu árin eða auka. Við þurfum því nú að fara markvisst í valda viðskiptavinum okkar samkeppnisaðila og bjóða kjör sem duga til að ná viðskiptunum ef þau eru á annað borð föll. Getum nú horft á meðalstóra og stærri pakka með þetta í huga. Reynslan sýnir okkur að svona mál hreyfast ekki nema við göngum aggresíft til leiks. Í einhverjum tilvikum munum við þurfa að taka meiri áhættu en við höfum áður gert gagnvart öðrum viðskiptavinum okkar, og hugsanlega lagfæra aðra samninga okkar viðskiptamanna í leiðinni. Verum klók og markviss. Við þurfum einnig að meta núverandi viðmiðunarverð og lágmarksgjöld m.t.t. endurskoðunar.

Gagnvart endurnýjun samninga við núverandi viðskiptavinum þarf að meta í hverju tilviki fyrir sig hvernig best er að nálgast nýja samninga. Auðvitað reynum við áfram að ná umbótum þar sem við teljum það hægt, en jafnframt er ljóst að ef okkar samkeppnisaðilar búa til slag um okkar kúnna ætlum við ekki að missa viðskiptin. Við höldum áfram að breyta uppbyggingu samninganna hvort sem um er að ræða núverandi eða nýja viðskiptavinum er að ræða (svo)."

641. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins er einnig gerð grein fyrir minnisblaði umrædds framkvæmdastjóra um samkeppnisstefnu Eimskip. Var það dagsett 1. apríl 2002 og var því dreift til forstjóra félagsins og annarra helstu stjórnenda. Í því segir: „Samkeppni á heimamarkaði Eimskips í hefðbundinni flutningaþjónustu hefur verið hörð undanfarin ár. Samskip hefur verið megin samkeppnisaðili Eimskips í Íslandstengdum viðskiptum. Návígi þessara fyrirtækja hefur gert að verkum að gengið hefur verið hart fram í einstökum viðskiptum. Hjá Eimskip hefur áhersla verið lögð á að halda markaðshlutdeild félagsins, sem skv. hefðbundnum skilgreiningum um sjóflutninga hefur verið í kringum 2/3 af sjóflutningamarkaði.

Baráttan um Grundartanga þegar Eimskip náði flutningum Norðuráls herti enn á samkeppninni á Íslandi. Um haustið 2000 svaraði Samskip með því að taka flutninga Baugs á flutningsgjöldum sem voru ekki fjarri því að vera helmingur af bestu verðum fram að því á markaðnum. Samkeppnin hélst síðan áfram hörð allt fram á mitt ár 2001, án þess að hlutur skipafélaganna á markaðnum breyttist verulega.

Um haustið 2001 var ákveðið hjá Eimskip að vera leiðandi í hækkun flutningsgjalda á markaðnum. Láta á það reyna. Ljóst af afkomu félagsins að auka þurfti tekjur af þjónustunni. Í ágúst 2001 var farið mjög ákveðið í að hækka bæði flutningsgjöld og gjöld fyrir hliðarþjónustu, gegnum gjaldskrár



og samninga. Samskip virðist ætla að fylgja fordæminu í fyrstu, en ljóst varð fljótt að þeir fóru að nýta sér uppnám viðskiptavina Eimskips og stinga sér í viðbótarflutninga. Nokkur viðskipti fóru frá Eimskip á þessu hausti.

Eftir áramótin 2001/2002 var aftur reynt af hálfu Eimskips að leiða nauðsynlegar verðhækkningar á markaðnum. Viðbrögð Samskipa voru aftur á þá lund að notfæra sér laqið til að auka sína markaðshlutdeild og ná nýjum viðskiptum frá Eimskip.

Samkeppnin hefur verið sérstaklega hörð á innflutningshliðinni, og flutningsgjöld þar gefið verulega eftir. Markaðshlutdeild Eimskips í innflutningi styrktist heldur á árinu 2001 í heild, en gaf eftir á síðustu mánuðum ársins. Gera má ráð fyrir að sú þróun hafi haldið áfram í upphafi árs 2002, í takt við ofangreindar aðgerðir Samskipa. Samskip hefur boðið mjög lág verð á markaðnum, og ekki gert mikinn greinarmun á stærri og minni viðskiptavinum. Auk þess að ná viðbótarviðskiptum hafa þeir lækkað flutningsgjöld annarra viðskiptavina hjá Eimskip með undirboðum sem orðið hefur að svara. Baugsverðin og önnur mjög lág verð á markaðnum hjá Samskip eru nú farin að soga flutning inn til þessara aðila m.a. frá hefðbundnum heildsölum, og út úr kerfum Eimskips.

Auk annars eru tvær skýringar nærtækar á viðhorfum Samskipa nú. Þeir sigla nú í fyrsta skipti um nokkurt skeið með ófullnýtt kerfi og vilja fylla skipin. Þeir horfa einnig til innkomu Atlantsskipa á Evrópu nú í apríl, og vilja verja sig strax fyrir væntanlegum flutningsmissi. Gera má ráð fyrir að þeir finni sem stendur meira fyrir Atlantsskipum á markaðnum en Eimskip þar sem aðal solumenn Atlantsskipa eru fyrrum starfsmenn Jóna/Samskipa. Samskip er nú einnig í þeirri stöðu að vinna með Atlantsskipum í Ameríkuflutningum. Það samstarf hefur gengið illa og hefur Samskip óskað eftir samstarfi við Eimskip um þá flutninga. Ef Eimskip og Samskip hefja á ný samstarf á þeirri leið mun það styrkja almenna stöðu Samskipa á markaðnum.

Margoft hefur verið rætt innan Eimskips hversu langt eigi að ganga í samkeppninni við Samskip. Samskip hefur til skamms tíma verið tiltölulega veikburða keppinautur fjárhagslega, og því hugsanlegt af hálfu Eimskips að láta sverfa til stáls af fullum þunga. Það hefur þó ekki verið gert. Á sama tíma hefur Samskip gengið langt í að bjóða Eimskip birginn á markaðnum, og oftast sloppið fyrir horn. Með vel yfir 60% markaðshlutdeild hefur Eimskip yfirleitt verið í vörn, og Samskip tekist með nokkuð óprúttum aðgerðum að halda Eimskip á stöðugri niðurléið sérstaklega í innflutningi og afkoman sífellt veikari. Þessi staða hefur því ekki verið áhugaverð fyrir Eimskip.

Eimskip hefur á síðustu árum litið á sig sem markaðsdrifið fyrirtæki sem byggir á því að veita viðskiptavinum verðmæta þjónustu. Enn sem komið er hefur fyrirtækinu þó ekki tekist að greina sig svo frá Samskipum á íslenska markaðnum að flutningsgjöld skipti minna máli en þjónustan. Eimskip er því enn tiltölulega berskjaldað fyrir þeirri verðsamkeppni sem nú stendur yfir af hálfu Samskipa sem aldrei fyrr. Eina þjónustan þar sem Samskip hefur þurft að gefa verulega eftir gagnvart Eimskip á síðustu misserum eru Ameríkuflutningar, og hefur sú þjónusta skilað Eimskip talsverðum Samskipsflutningum síðustu misseri.

Full nýting í siglingakerfum Eimskips á að gefa félaginu kostnaðarforskot í heildarflutningaþjónustu gagnvart Samskipum. Eimskip á því öllu jöfnu að standa vel að vígi kostnaðarlega gagnvart Samskipum, þó svo staðan sé líklega önnur þessa dagana. Jafnframt má fullyrða að hinn litli íslenski flutningamarkaður hefur ekki efni á mörgum valkostum í framleiðslukerfum þar sem óhagkvæmni vex með hverjum nýjum möguleika.

Fullljóst er að framundan er áframhaldandi hörð samkeppni á íslenska markaðnum, og mun innkoma Atlantsskipa á Evrópu enn frekar herða þá baráttu. Þeir hafa lýst yfir að ætla sér 5% markaðshlutdeild. Frá hverjum taka þeir þetta magn? Samskip hefur tekið þá stefnu að „birgja sig upp“ á kostnað Eimskips. Af hálfu Atlantsskipa verður um hreina verðsamkeppni að ræða. Því má segja að Eimskip standi frammi fyrir tveimur keppinautum á markaðnum sem báðir leggja fyrst og fremst áherslu á verðin, og verður Samskip áfram megin samkeppnisaðilinn. Eimskip þarf að ákveða hvernig á væntanlegri samkeppni verður tekið, hvort fyrirtækið vill halda sinni stöðu á markaðnum



eða styrkja eða hugsanlega sætta sig við 5–10% minni markaðshlutdeild og þá á hvaða forsendum. Hver 5% á sjóflutningsmarkaði samsvara hátt í einum milljarði í heildartekjum.

Samkeppnisstefna Eimskips næstu mánuði

Vandséð er í núverandi stöðu hvernig Eimskip getur komist hjá verðsamkeppni. Þau verð sem samkeppnisaðilar fyrirtækisins bjóða munu smita út á markaðinn og skapa þrýsting á verð Eimskips hvort sem er. Ef Eimskip lætur á reyna að halda að sér höndum er langlíklegast að félagið missi talsverða flutninga en þurfi eftir sem áður að lækka verð til að friða núverandi viðskiptavinum og koma í veg fyrir að flutningar skolist undan viðskiptavinum félagsins vegna lægri verða samkeppnisaðila þeirra. Dæmið um Baug sýnir vel hvernig það gerist. Ef samkeppnisaðilar verða þess áskynja að Eimskip heldur sér til hlés eða heldur í hærra verð ganga þeir enn frekar á lagið og styrkja sína stöðu. Það sýnir reynslan.

Ef Eimskip ætlar að taka slaginn er næsta spurning á hvaða nótum. Í vörn eða sókn? Eins og fyrr er getið hefur félagið yfirleitt verið að verja sitt. Máttur Eimskips hefur sjaldan verið nýttur í öflugri sókn. Nú má telja að tími sé til þess kominn. Gera má ráð fyrir hörðum slag næstu mánuði og munu einhverjir verða sárir. Eimskip getur í stöðunni unnið sóknarbaráttu en ekki varnarbaráttu.

Markmiðið með þessari stefnu verði að tryggja Eimskip áframhaldandi forystu og sterka stöðu á íslenska sjóflutningsmarkaðnum.

Aðgerðir hjá Eimskip strax

Eimskip getur ekki gengið út frá að ná verulegum árangri í sóknaraðgerðum á markaðnum nema fleira en hagstæð verð komi til hjá fyrirtækinu. Vinna þarf hluti áfram hratt og skilvirkt og viðskiptavinir þurfa að finna fyrir þeirri snerpu og þeim sveigjanleika sem þeir hafa kallað eftir. Eyða óþarfa skriffræði og viðmóti þess gagnvart viðskiptavinum. Ef samkeppnisaðilarnir eru sneggri og vinna hraðar en Eimskip mun dæmið ekki ganga upp. Eftirfarandi eru nokkrir þættir sem að mínu mati verða að koma til hjá Eimskip ef sóknarleiðin verður fyrir valinu.

- Einföldun og skilvirkni verði aðalatriði.
- Einfalda þarf verulega gjaldskrár í fyrirtækinu. Þar með talið sjóflutningsgjaldskrár, þjónustugjaldskrár, lágmarksgjöld, LCL gjaldskrár.
- Setja meginreglur í tilboðs- og samningagerð, en draga úr kröfum um greiningu einstakra viðskipta og framlegðarútreikninga.
- Einfalda og gera raunhæfari viðmiðunargjaldskrár sölufólks.
- Leyfa verðlagningu í tilboðum og samningum „sem til þarf“ – en fylgjast náið með framvindu.
- Setja samkeppnina í forgang hjá öllu markaðs- og sölufólki í fyrirtækinu.
- Virkja erlendu starfsemina með öflugri hætti og gefa meira svigrúm á markaðnum. Forstöðumenn erlendis og þeirra fólk fari á fullt á öllum vígstöðvum með markvissari samræmingu og beittara umboði.
- Taka meiri áhættu í tilboðum á markaðnum – lægri verð til nýrra viðskiptamanna geta skapað misræmi gagnvart núverandi viðskiptamönnum (hugsanlega lækka samninga núverandi viðskiptamanna samhliða).
- Liðka fyrir eða gefa eftir í kröfum gegn því að loka samningum. T.d. er varðar grettistakið, geymslu/gámaleigu, söfnun í útflutningsgáma af strönd, greiðslukjör, eftirágreidda afslætti... Hér er ekki verið að hvetja til „lausungar“, en að treysta upplýstu sölu- og þjónustufólki til að taka



ákvörðanir þegar sérstaklega þarf á að halda til að klára hluti. Áfram þarf að vinna almennt með sama hætti og áður.

- Ná takti í „frontum“ Eimskips á markaðnum. Sérstaklega er varðar flugfrakt sem skiptir orðið verulegu máli eins og dæmin sanna.
- Setja Samskip „á hælana“ með því að herja á þeirra viðskiptamenn úr mörgum áttum.
- Fara í stóra „pakka“ Samskipa sem við höfum ekki hreyft mikið við til þessa. [Handskrifað er á minnisblaðið, Samherji, SÍF, Baugur, Kaupás og Ingvar Helgason.]
- „Valda“ stærstu viðskiptavinum Eimskip með öllum ráðum. [...].“

642. Því er lýst í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 70/2007 að Eimskip greip í kjölfarið til umfangsmikilla aðgerða sem miðuðu að því að ná sem mestu af viðskiptum Samskipa yfir til Eimskips. Aðgerðirnar voru nefndar „markaðsatlaga“ og voru þær skipulagðar af æstu stjórnendum Eimskips. Var ákveðið að „máttur“ Eimskips yrði nýttur í þessu skyni til þess að tryggja ráðandi stöðu félagsins á markaðnum. Markmið Eimskips með aðgerðunum var að koma í veg fyrir samkeppni eða takmarka hana verulega og gera fyrirtækinu kleift að hækka verð í kjölfar aðgerðanna. Aðgerðirnar fólust aðallega í því að Eimskip sneri sér kerfisbundið til fjölmargra viðskiptavina Samskipa og reyndi með sértækum afslætti eða kjörum að ná þeim af Samskipum. Átti að fara með tilboðin til viðskiptavina Samskipa sem trúnaðarmál til þess að upplýsingar um hið lækkaða verð bærust ekki til fyrirtækja sem þegar voru í viðskiptum við Eimskip. Verðmæti þeirra viðskipta sem Eimskip sóttist eftir frá Samskipum var a.m.k. þrjú milljarðar króna á ársgrundvelli og töldu forsvarsmenn fyrirtækisins að raunhæft væri að ná til félagsins viðskiptum frá Samskipum sem næmu um 800 milljónum króna.
643. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins kom einnig fram að Eimskip hafi gert ólögmæta samninga við viðskiptavinum sína sem fólu í sér einkakaup. Með einkakaupum í þessu samhengi er átt við viðskiptasamninga þar sem Eimskip skuldbatt viðskiptavinum sína til þess að kaupa flutningaþjónustu einungis af félaginu. Í slíkum samningum við stóra viðskiptavinum beitti Eimskip einnig samkeppnishamlandi afslætti til að tryggja enn frekar að viðskiptavinir myndu ekki eiga viðskipti við m.a. Samskip. Benti Samkeppniseftirlitið á að slíkir afslættir væru til þess fallnir að hindra að keppinautar Eimskips gætu eftir stöðu sína á markaði. Tók áfrýjunarnefnd samkeppnismála fram að annars vegar markaðsatlagan og hins vegar umræddir samningar Eimskips hafi verið „til þess fallin að veikja með óeðlilegum hætti stöðu helsta keppinautar á markaðinum og veikja þannig samkeppnina á markaðinum almennt.“
644. Rétt er hér einnig að hafa í huga eftirfarandi sjónarmið Eimskips sem lýst er svo á bls. 202 í ákvörðun nr. 70/2007: „Eimskip vísar einnig til þess að félagið starfi á tvíkeppnismarkaði. Gerð er grein fyrir svonefndri leikjafræði sem félagið telur gagnlega til þess að skoða háttsemi fyrirtækja á fákeppnismörkuðum. Sagt er að þegar málið sé skoðað út frá leikjafræðinni megi fullyrða að aðgerðir Eimskips eigi sér eðlilegar skýringar. Af hálfu Eimskips er því einnig haldið fram að atvik þessa máls virðist vera í samræmi við kenningar um atferli fyrirtækja í fákeppni þar sem markmiðið sé að hámarka hagnað fyrirtækjanna. Segir einnig að Eimskip hafi hækkað verð á þjónustu sinni á síðari hluta ársins 2001 og hafi tilgangur þeirrar hækkunar verið að bæta afkomu í sjóflutningum. Þegar Eimskip hafi hækkað verð sitt hafi Samskip séð sér leik á borði og náð viðskiptavinum frá Eimskipi með því að gera þeim hagstæð tilboð um verð á flutningum. Í stað þess að afkoma hefði farið batnandi hefði Eimskip séð fram á að missa ekki aðeins fleiri viðskiptavinum heldur einnig að þurfa að lækka verð á þjónustu sinni til að halda þeim sem voru áfram í viðskiptum við félagið. Eimskip hefði brugðist við þessu með mótaðgerðum sem hefðu byrjað á síðari hluta ársins 2001. Útbúinn hefði verið listi yfir tiltekin fyrirtæki sem hefðu verið í viðskiptum við Samskip og hefði átt að gera þeim tilboð um að færa sig yfir til Eimskips. Unnið hafi verið samkvæmt þessari áætlun fram eftir árinu 2002 og tekist hefði að ná fyrirtækjum í viðskipti eins og fram kæmi í andmælaskjalinu og vonir hefðu staðið til að ná enn fleirum. Er því haldið fram að þessi atburðarás lýsi því að Eimskip og Samskip hefðu átt í harðri samkeppni á þessum tíma. Trúlega hafi samkeppnin verið enn harðari en



ella vegna þess að afkastageta félaganna hafi ekki verið fullnýtt, en við slíkar aðstæður væri mjög arðbært fyrir fyrirtæki að bæta við sig viðskiptum, a.m.k. ef gert væri ráð fyrir að þau viðskipti hefðu ekki áhrif á aðrar markaðsbreytur viðkomandi fyrirtækis. Það gæti jafnframt verið freistandi fyrir fyrirtæki að hækka verð og vonast til að það hefði ekki þau áhrif að viðskiptin minnkuðu. Til að þetta skili sér í meiri hagnaði væri lykilatridi, að því gefnu að tvö fyrirtæki væru á markaðnum, að byrjaði annað fyrirtækið á að hækka verð sitt þá fylgdi hitt fyrirtækið á eftir og hækkaði verð sitt til samræmis. Þá minnkaði eftirspurn en markaðshlutdeild héldist óbreytt. Það væri þó ekki víst að þetta gerðist við þær aðstæður sem hér væri lýst. Það yrði mjög freistandi fyrir keppinautinn að halda sínu verði óbreyttu og „stela“ fremur viðskiptum af fyrirtækinu sem hefði hækkað verð sitt. Hagnaður kynni að verða meiri af því heldur en að fylgja eftir í verði. Þegar það gerist stæði fyrirtækið sem hefði ríðið á vaðið með verðhækkun frammi fyrir því að í stað þess að hagnaður hefði aukist eins og ætlunin hefði verið hefði hann minnkað og færi minnkandi með fækkandi viðskiptavinum. Þá væri í raun aðeins einn möguleiki í stöðunni til að verja viðskiptahagsmuni fyrirtækisins, þ.e. að auka viðskiptin aftur með því að bjóða lægra verð eða þjónustu en keppinauturinn. Fræðilega gæti þetta gengið svona koll af kalli þar til verð væri komið niður fyrir jaðarkostnað. Þetta væri ástæðan fyrir því að á mörkuðum þar sem verðsamkeppni væri – svokölluð Bertrand samkeppni – og viðskiptavinir litu á þjónustu fyrirtækjanna á markaðnum sem nána staðgöngubjónustu þá dygði að hafa tvö fyrirtæki á markaðnum til að nálgast það ástand sem ríkti í fullkominni samkeppni. Að mati Eimskips væri einnig hugsanleg önnur niðurstaða í Bertrand samkeppni þar sem fyrirtæki ættu í endurteknum samskiptum á markaðnum, þ.e. að þau héldu uppi verði sem væri nálægt einokunarverði með svokölluðu þöglu samráði (e. tacit collusion). Ákveðin skilyrði gerðu þó slíkt ástand líklegra en ella. Eitt af þeim væri að fyrirtækin hefðu góðar upplýsingar hvort um annað og sérstaklega það verð sem væri í boði hvort hjá hvoru öðru. Aðeins þannig gætu fyrirtækin brugðist við þegar t.d. annað þeirra reyndi að lækka verð á kostnað hins. Að mati Eimskips ættu samkeppnisyfírvöld síst af öllu að stuðla að því að þöglult verðsamráð myndaðist á markaði með því að banna eðlilega verðsamkeppni og verðtilboð fyrirtækja, jafnvel þó þau væru í markaðsráðandi stöðu. Jafnframt er sagt að sú verðmismunun sem falist hafi í aðgerðum Eimskips væri neytendum hagstæð.“

5.3.2. Úrskurður áfrýjunarnefndar í málinu

645. Með úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 3/2008 var staðfest að Eimskip hefði brotið gegn 11. gr. samkeppnislaga með aðgerðum sem hefðu miðað að því að veikja Samskip verulega og varanlega og með gerð ólögmetra einkakaupasamninga.

646. Í úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála var gerð grein fyrir þeim skyldum sem hvíldu samkvæmt 11. gr. samkeppnislaga á Eimskip sem markaðsráðandi fyrirtæki. Benti áfrýjunarnefnd m.a. á þetta:

„[...] skyldur markaðsráðandi fyrirtækja geti að öðru jöfnu verið því ríkari þeim mun sterkari sem þau eru á viðkomandi markaði enda má ætla að samkeppni veikist þá að sama skapi. Þó ber að hafa í huga að styrkur samkeppnisaðila skiptir máli þegar mörk leyfilegra aðgerða hins markaðsráðandi fyrirtækis eru metin. Ástæðan er sú að meira þarf að öllum jafnaði til að koma til þess að ryðja honum af markaðinum eða veikja hann verulega.“

647. Einnig kom fram að markaðsráðandi fyrirtækjum væri heimilt að taka þátt í samkeppni svo fremi sem ekki væri farið yfir þau mörk sem felist í 11. gr. samkeppnislaga. Ljóst er að áfrýjunarnefnd samkeppnismála taldi styrk Samskipa umtalsverðan og vera með þeim hætti að nokkur samkeppni gæti ríkt á milli Eimskips og Samskipa:

„Markaðshlutdeild Samskipa og styrkleiki þess félags að öðru leyti er þó umtalsverður þó að það breyti ekki þeirri meginályktun að áfrýjandi hafi verið í markaðsráðandi stöðu umrætt sinn í skilningi 11. gr. samkeppnislaga. Höfuðkeppinauturinn, Samskip hf., hafði verulegan hluta markaðarins í sínum höndum, svo ekki var það vegna ójafnræði milli félaganna að samkeppni þeirra í milli hafi ekki mátt virka þrátt fyrir einhverjar aðgerðir áfrýjanda. Í þessu sambandi skal og tekið fram að hlutverk



Samkeppnisýfirvalda er ekki að stjórna samkeppni heldur aðeins að taka á þeim brotum sem fara umfram leyfileg mörk hennar."

648. Tók áfrýjunarnefnd einnig fram að markaðsráðandi fyrirtækjum væri að „ákveðnu marki heimilt að verja viðskiptahagsmuni sína þegar á þá er ráðist. Þannig er hafið yfir vafa að markaðsráðandi fyrirtæki getur brugðist við þegar keppinautur snýr sér til viðskiptavina þess og býður þeim hagstætt verð eða önnur kjör." Með umræddri markaðsatlögu hefði Eimskip hins vegar farið umfram leyfileg mörk í samkeppni við Samskip. Í úrskurði áfrýjunarnefndar kom þetta fram:

„Við mat á lögmæti umræddra aðgerða Eimskips beri fyrst og fremst að hafa hliðsjón af þeirri ríku skyldu sem hvílir á markaðsráðandi fyrirtækjum að grípa ekki til neinna ráðstafana sem raskað geta með óeðlilegum hætti þeirri samkeppni sem ríkir á markaðnum. Á slíka skyldu reynir þegar markaðsráðandi fyrirtæki undirbýr og framkvæmir með leytilegum hætti umfangsmikla og kerfisbundna atlögu að helsta keppinaut sínum þar sem verð hans eru undirboðin í þeim mæli sem hér átti sér stað. Telur áfrýjunarnefndin óhjákvæmilegt að líta á aðgerðirnar sem ólögmæta þar sem þær beindust fyrst og fremst að helsta samkeppnisaðilanum á markaðinum, Samskipum hf., auk þess sem umfang hennar var til þess fallið að veikja hann verulega og varanlega."

5.3.3. Ályktanir Samskipa

649. Í mgr. 230 í athugasemdum við AI kemur fram að Samskip taki undir með Samkeppniseftirlitinu að þetta eldra mál „varpi ljósi á samkeppni í sjóflutningum til og frá Íslandi." Í mgr. 233 segja Samskip að þessi „gögn frá 2001 og 2002 eru nokkuð lýsandi fyrir þá stöðu sem lengi hefur verið uppi á mörkuðum fyrir sjóflutninga til og frá Íslandi. Eimskip hefur haft þar mikla yfirburði og verið leiðandi í verðlagningu. Viðbrögð Samskipa við aðgerðum Eimskips velta hins vegar eðli málsins samkvæmt á markaðsaðstæðum hverju sinni, ekki síst hvernig nýtingu flutningskerfa er háttað, bæði í inn og útflutningi." Á umræddum tíma hafi Samskip verið með ófullnýtta flutningsgetu og fyrirtækið hafi ákveðið að fylgja ekki hækkunum Eimskips heldur sækja aukin viðskipti. Allt aðrar aðstæður hafi verið fyrir hendi í bankahruninu 2008 sökum „hruns í flutningum og ójafnvægis sem myndaðist í inn- og útflutningi."
650. Segja Samskip að við þær aðstæður hafi verið augljóst „að draga þyrfti úr framboði og skera niður kostnað, enda yrðu vandamálin ekki leyst með því að sækja aukið magn til keppinautanna, sem glímdu við nákvæmlega sömu aðstæður og vannýtt kerfi." Nefna Samskip þetta til stuðnings að samanburður á hegðun fyrirtækisins á annars vegar árunum 2001 – 2002 og hins vegar á árinu 2008 og síðar feli ekki í sér vísbendingu um samráð við Eimskip. Þá er bent á aðgerðir Eimskips á árunum 2001 – 2002 hafi verið Samskipum „víti til varnaðar" og til marks um að rétt sé að „stíga varlega til jarðar" gagnvart Eimskip.

5.3.4. Samantekt

651. Að mati Samkeppniseftirlitsins er gagnlegt, þegar atvik á árunum 2008-2013 eru virt, að hafa í huga framangreinda lýsingu Eimskips (sem fram kemur í ákvörðun nr. 70/2007) á eðli þeirrar samkeppni sem ríkt geti milli fyrirtækisins og Samskipa. Ber hér sérstaklega að hafa í huga að á brotatímabilinu í þessu máli leiddu verðhækkunarir ekki til „stuldar" á viðskiptavinum eða annarra aðgerða sem Eimskip hefur lýst sem eðlilegri verðsamkeppni á fákeppnismarkaði þar sem tveir keppinautar keppa. Vísast nánar um þetta til umfjöllunar um atvik á árunum 2008-2013 síðar í ákvörðun þessari.
652. Þá skiptir hér einnig máli að áfrýjunarnefnd samkeppnismála taldi Samskip ekki veikan keppinaut heldur ráða yfir „verulegum hluta" markaðarins. Það væri því ekki „ójafnræði" milli Eimskips og Samskipa sem kæmi í veg fyrir að samkeppni milli fyrirtækjanna myndi virka. Var þannig gert ráð fyrir því í úrskurði áfrýjunarnefndar að talsverð samkeppni gæti ríkt á milli Eimskips og Samskipa. Gefur úrskurðurinn og skýrt til kynna að það væri Eimskip fyllilega heimilt að stunda eðlilega og öflugra samkeppni við Samskip. Eimskip væri hins vegar ekki heimilt samkvæmt 11. gr.



samkeppnislaga að grípa til leynilegrar, umfangsmikillar og kerfisbundinnar atlögu sem væri til þess fallin að veikja Samskip verulega og varanlega.

653. Í umræddum úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála fólst því ekki að Eimskip væri óheimilt að taka þátt í samkeppni og t.d. gefa fyrirtækjum sem hefðu verið í viðskiptum við Samskip en óskuðu eftir tilboðum frá Eimskip, samkeppnisfær tilboð.³⁰⁹ Eimskip mátti hins ekki grípa til óeðlilegra aðgerða sem fælu í sér misnotkun á markaðsráðandi stöðu.
654. Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 70/2007 var tekin 19. desember 2007 og úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 3/2008 var kveðinn upp 12. mars 2008. Þann 30. apríl 2008 náði Eimskip til sín mikilvægum viðskiptavinum Samskipa (Hagar). Töldu Eimskip sig þannig geta boðið Högum samkeppnishæf verð eftir að úrskurður áfrýjunarnefndar í máli nr. 3/2008 lá fyrir. Eftir að hið aukna samráð Eimskips og Samskipa hófst í júní 2008 breyttist hins vegar háttsemi Eimskips. Eins og rökstutt verður í kafla 7 og áfram var það samráðið milli Samskip og Eimskipa en ekki úrlausnir samkeppnisyfirvalda sem leiddi til þess að það dró úr samkeppni milli fyrirtækjanna um viðskipti mikilvægra viðskiptavina eða að hún hætti.
655. Þegar síðan dró úr samráðinu á árinu 2013 hófu mikilvægir viðskiptavinir að færast milli fyrirtækjanna. Samskip ræddu um að „herja á“ viðskiptavinum Eimskips og gerðu t.d. atlögu að mikilvægum viðskiptavinum Eimskips (Innnes) og mikilvægur viðskiptavinur Samskipa (Húsasmíðjan) var talinn „Spennandi pakki – Mjög spennandi!“ af stjórnendum Eimskips, sbr. kafla 21. Ætlaður ótti Samskipa við brot Eimskips á 11. gr. samkeppnislaga var þannig samkvæmt þessu aðeins fyrir hendi þegar samráðið stóð sem hæst. Telur Samkeppniseftirlitið að sjónarmið Samskipa að þessu leyti séu ekki trúverðug.
656. Þá ber að líta til þess að staða Samskipa á markaði var ekki veikari á rannsóknartímabili þessa máls heldur en hún var á árunum 2001-2002. Miðað við forsendur áfrýjunarnefndar í máli nr. 3/2008 og eðlilegar kringumstæður að öðru leyti hefði samkeppni milli Eimskips og Samskipa „mátt virka“ á rannsóknartímabili þessa máls. Ólögmaett samráð fyrirtækjanna kom hins vegar í veg fyrir það að heilbrigð samkeppni fengi þrífist, sbr. umfjöllun hér á eftir í kafla 7 og áfram.
657. Til viðbótar ber að horfa til þess að staða Eimskips var mun veikari á árunum 2008 og 2009 en hún var á árunum 2001-2002, sbr. m.a. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 29/2009 þar sem lýst var nauðasamningum fyrirtækisins og breytingum á eignarhaldi. Haustið 2008 voru fluttar fréttir af erfiðri stöðu Eimskips og mikilvægir viðskiptavinir Eimskips höfðu af þessu áhyggjur og höfðu samband við Samskip. Voru á þessum tíma kjöraðstæður fyrir Samskip að hefja öflugna markaðssókn og reyna að ná mikilvægum viðskiptavinum Eimskips í viðskipti til sín. Sökum samráðsins var það hins vegar ekki gert. Er þessu nánar lýst í kafla 8.18.
658. Niðurstaða þessa máls um ólögmaett samráð er ekki alfarið reist á samhliða hegðun Eimskips og Samskipa, sbr. umfjöllun um sönnunarsjónarmið í kafla 4.7.6.7. Hvað sem því líður getur bankahrunið 2008 og áhrif þess á flutninga ekki skýrt það að Samskip brugðust öðruvísi við verðhækkunum Eimskips á árinu 2008 og síðar en fyrirtækið gerði á árunum 2001 – 2002. Gögn málsins sýna að á fyrri hluta ársins 2008 höfðu Samskip haft áhyggjur af versnandi efnahagshorfum á Íslandi og minni eftirspurn eftir flutningum. Til að bregðast við þessu var skoðað og undirbúið innan Samskipa að auka samkeppni og sækja aukið flutningsmagn til Eimskips. Þessi áform voru hins vegar lögð til hliðar þegar ákveðið var í júní 2008 að hefja stóraukið samráð við Eimskip, sbr. kafli 7 hér á eftir. Höfðu fyrirtækin í kjölfarið m.a. samráð um að draga úr flutningaframboði. Samtímagögn frá Samskipum Holding sýna að í öðrum Evrópuríkjum hefðu efnahagsörðugleikarnir sem hófust 2008

³⁰⁹ Fyrir liggur að Eimskip túlkaði úrskurðinn með þessum hætti. Vísast hér til bréfs Eimskips til Samkeppniseftirlitsins frá 02.04.2009. Það bréf sýnir að Eimskip túlkaði ekki úrskurð áfrýjunarnefndar með þeim hætti að fyrirtækinu væri óheimilt að gefa viðskiptavinum Samskipa samkeppnisfær tilboð. Þannig sagði í bréfi Eimskips: „Það eitt að fyrirtæki sé í viðskiptum við [Samskip] leiðir ekki til þess að það sé óheimilt að gera þeim tilboð. Fær [Eimskip] ekki skilið hvernig það getur farið gegn samkeppnislögum ef aðilar keppa um viðskiptavinum og gera tilboð yfir hefðbundnum kostnaðarviðmiðum.“



leitt til þess að samkeppni hefði aukist þegar flutningafyrirtæki lækkuðu verð í því skyni að ná til sín auknum flutningum. Samhengisins vegna má hafa í huga að það ríkti ekki efnahagslegt góðæri á Íslandi á árunum 2001 – 2002. Þó að ástandið hafi ekki verið jafn slæmt og það var eftir bankahrunið var eftir sem áður rætt um efnahagslegar „hamfarir“ á þessum árum.³¹⁰

659. Mismunandi hegðun Samskipa á umræddum tímabilum styður þannig við önnur gögn málsins sem gefa ólöglegt samráð til kynna á rannsóknartímabilinu.
660. Af framangreindu leiðir að ekki er unnt að fallast á túlkun Samskipa á úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 3/2008. Eins og sá úrskurður gefur skýrt til kynna var Eimskip fyllilega heimilt að stunda eðlilega og öflugra samkeppni við Samskip. Í úrskurðinum voru í fyrsta lagi lýstar ólögmetar umfangsmiklar kerfisbundnar aðgerðir sem miðuðu að því að veikja Samskip verulega og varanlega. Í öðru lagi voru lýstir ólögmetir samningar og afsláttarkjör Eimskips sem gerðu Samskipum erfiðara fyrir að ná til sín nýjum viðskiptavinum. Úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála frá 12. mars 2008 studdi þannig að heilbrigð samkeppni gæti ríkt milli Eimskips og Samskipa í m.a. sjóflutningum til og frá Íslandi. Hið umfangsmikla samráð sem hófst í júní 2008 kom hins vegar í veg fyrir að slík samkeppni fengi þrífist.

5.4. „Neyðarsamkomulagið“ – Evrópusamráðið

661. Eins og fram kemur í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 70/2007 var Eimskip, um haustið 2001, afar óánægt með að Samskip skyldu ekki fylgja fordæmi Eimskips og hækka verð heldur reyna þess í stað að ná viðskiptavinum Eimskips í viðskipti til sín. Greip Eimskip til aðgerða til að refsar Samskipum fyrir þessa samkeppni.
662. Gögn þessa máls sýna að þrátt fyrir þetta undirrituðu Eimskip og Samskip þann 30. nóvember 2001 það sem þau nefndu „Trúnaðarmál Neyðarsamkomulag“. Það átti að taka til „gámaflutninga með skipum félaganna“ sem „skapast vegna bilana skips, strands og annarra svipaðra óviðráðanlegra orsaka svo og flutningum á tónum einingum.“ Flutningsgjöldin sem tiltekin voru í samningnum tóku til flutninga „innan Evrópu og til og frá Íslandi.“ Var samningurinn ótímabundinn en unnt var að segja honum upp með fjórtán daga fyrirvara.
663. Samhengisins vegna er rétt að hafa í huga að í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 11/2003 var fjallað um erindi Samskipa frá 25. september 2002 vegna samnings fyrirtækisins við Eimskip um flutninga á sjóleiðinni milli Íslands og Norður-Ameríku. Veitti samkeppnisráð undanþágu frá banni 10. gr. samkeppnislaga sem gildi til 31. ágúst 2004. Þrátt fyrir að undanþágan félli úr gildi 1. september 2004 hélt þessi samvinna Eimskips og Samskipa áfram og út árið 2008 (og lengur), sbr. m.a. kafli 5.8.
664. Samkvæmt framansögðu tók „neyðarsamkomulagið“ frá nóvember 2001 til samnings um siglingar innan Evrópu og milli Íslands og annarra ríkja Evrópu. Varð þannig til samstarf milli Eimskips og Samskipa bæði í siglingum til og frá Norður-Ameríku og til og frá öðrum Evrópuríkjum.
665. Hvað tegundir flutninga áhræfir tók samningurinn frá nóvember 2001 til tvenns konar tilvika samkvæmt orðalagi sínu. Annars vegar flutninga í þeim tilvikum þar sem skip biluðu, strönduðu eða aðrar óviðráðanlegar orsakir kæmu í veg fyrir flutning þeirra og hins vegar flutninga almennt á tónum gámum.

³¹⁰ Arnór Sighvatsson, Myndun og hjöðnun viðskiptahalla árin 1998-2002, Peningamál 2003/1, bls. 72. Fjallað um mikinn viðskiptahalla á umræddum árum og eftirköst hans og bent m.a. þá þetta. „Meðal eftirkasta má telja u.þ.b. 30% lækkun á gengi krónunnar frá vormánuðum 2000 til nóvember 2001, aukna verðbólgu, sem varð mest 9,4% í ársbyrjun 2002, og samdrátt þjóðarútgjalda um líklega u.þ.b. 6-7% á árunum 2001-2002. Slíkar hamfarir myndu tæpast nokkurs staðar meðal þróaðra ríkja teljast „mjúk lending“, nema e.t.v. á Íslandi.“



5.4.1. Samstarfið tók til „venjulegra flutninga“

666. Gögn málsins sýna aftur á móti að gildissvið samningsins var mun rýmra. Þann 15. júní 2006 sendi (E)forstö-útfli, forstöðumaður útflutningsdeildar Eimskips, tölvupóst til samstarfsmanna sinna. Bar hann heitið „Samskipssamningur“ og með honum fylgdi skjal sem nefnt var „Samskip_Evrópa“. Í tölvupóstinum sagði (E)forstö-útfli að það væri gott að eiga þetta skjal á tölvutæku formi.³¹¹ Skjalið sem (E)forstö-útfli nefndi „Samskip_Evrópa“ var framangreint „neyðarsamkomulag“ frá 2001 sem hafði verið breytt með eftirfarandi hætti:

³¹¹ Afrituð tölvuskjöl frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.229645.



TRÚNADARMÁL

Neyðarsamkomulag um gámaflutninga.

Eimskip og Samskip gera með sér eftirfarandi samkomulag um gámaflutninga með skipum félaganna.

Samningurinn tekur til flutninga sem skapast vegna bilana skips, strands og annarra svipaðra óviðráðanlegra orsaka svo og flutninga á tómunum einingum. Samkomulagið gildir svo framarlega sem að viðkomandi félag geti komið flutningunum við.

Flutningsgjöld verði eftirfarandi:

Innan Evrópu og til og frá Íslandi:

	20'DC	40'DC	20'RF	40'RF
Fullir gámar	510 1530	766 2298	613 1839	868 2604
Tómir gámar	307	434	307	434

Upphæðir í EUR

Innifalið í ofangreindum flutningsgjöldum er flutningur úr stæðu í lestunarhöfn í stæðu í losunarhöfn þess skipafélags sem annast flutninginn. Móttaka af bil og afhending á bil er einnig innifalin í flutningsgjaldi (Gate / Gate flutningur).

Útskipun og uppskipun á Íslandi og THC erlendis er innifalið í flutningsgjaldi.

Innifalið í flutningsgjaldi er einnig 3ja daga geymsla á gánavelli á báðum endum.

Vörugjöld greiðast sérstaklega af þjónustukaupanda á flutningum milli Íslands og annarra landa svo og milli hafna í Evrópu.

Samkomulag þetta gildir þar til að annar hvor aðili samkomulagsins segir því upp með 14 daga fyrirvara.

Reykjavík, 30.11.2001.

F.h. Eimskipafélags Íslands hf.

F.h. Samskipa hf.

667. Samkvæmt þessu hafði verið handskrifuð sú viðbót að samningur Eimskips og Samskipa tæki einnig til „venjulegs flutnings“ innan Evrópu og milli Íslands og annarra Evrópuríkja. Var flutningsgjald ákveðið fyrir þá flutninga: „2x fyrir venjulegan flutninga“, þ.e. tvöfalt „neyðarverð“. Samkvæmt þessu eintaki af samningnum hafði gjaldið áður verið þrefalt fyrir venjulega flutninga (sbr. og handskrifuðu flutningsgjöldin). Með öðrum orðum tók samningur fyrirtækjanna vegna Evrópusiglinga



ekki aðeins til flutninga á fullum gámum vegna óviðráðanlegra orsaka heldur einnig til venjulegra flutninga á gámum, þ.e. til almennra sjóflutninga fyrirtækjanna.

668. Eftir birtingu Samkeppniseftirlitins á AI og AII upplýstu bæði Eimskip og Samskip, í fyrsta skipti við rannsókn málsins, að fyrirtækin hefðu gert með sér samning vegna Evrópusiglinga sem tók m.a. til venjulegra flutninga milli Íslands og Evrópu.³¹²
669. Samtímagögn Eimskips og Samskipa sýna skýrt að samningurinn tók til almennra sjóflutninga fyrirtækjanna til og frá Evrópu:
- Þann 20. desember 2006 áttu sér stað tölvupóstsamskipti milli Eimskips og Samskipa vegna sjóflutninga Samskipa fyrir Eimskip frá Evrópu til Íslands. Reikningar fylgdu í viðhengi og þar var greiðandi, sendandi og móttakandi tilgreindur: „Eimskip“. Vörðuðu samskiptin nánar tiltekið ósk Eimskips um leiðréttingu á verði Samskipa fyrir flutningana. Að beiðni (E)forstö-útfli breyttu Samskip verðinu sem tilgreint var í reikningunum í „2x sjóflutningsverð“ samkvæmt „Neyðarsamkomulagi um gámaflutninga“. Í tölvupósti starfsmanns Eimskips er vísað til m.a. eftirfarandi athugasemda (E)forstö-útfli: „Rangur reikningur! Á að vera skv. samkomulagi félaganna. Það er 2x sjóflutningsverð í samningi sem heitir „Neyðarsamkomulag um gámaflutninga“ 2xEUR510. Innifalið í þessu verði er flutningur úr stæðu í lestarhöfn í stæðu í losunarhöfn (Gate/Gate flutningur). Þá er útskipun og uppskipun á Íslandi og THC erlendis innifalið í flutningsgjaldi. Reikningurinn á því að vera: 2x EUR 510 (EUR 1.020) + Vörugjöld og Hafnarvernd í REY. Vinsamlega sækið þessa leiðréttingu og þá er óhætt að greiða reikninginn“.³¹³ Samskip leiðréttu reikningana í mars 2007. Af þessum samskiptum má sjá að enginn ágreiningur var milli fyrirtækjanna um að í gildi væri samningur um „venjulega flutninga“ milli Íslands og annarra Evrópuríkja. Er sú niðurstaða líka í samræmi við skýringar í svörum Samskipa til Samkeppniseftirlitsins 13. janúar 2021 (þar sem vísað er til „óformlegrar vinnureglu“ milli Samskipa og Eimskips um tvöfalt neyðarverð).³¹⁴
 - Þann 5. mars 2007 sendi starfsmaður Eimskips tölvupóst til (E)forstö-flutnstý og vísaði til símtals við starfsmann Samskipa. Sagði í tölvupóstinum að Samskip væru að biðja Eimskip um að flytja 30 frystigáma frá Þórshöfn í Færeyjum til Rotterdam. Þetta kæmi til þar sem skip Samskipa hafði verið á eftir áætlun til Rotterdam. Samskip ætluðu því mögulega að sleppa viðkomu í Þórshöfn í Færeyjum „til að ná upp áætlun“ í siglingum milli Íslands og Evrópu. (E)forstö-flutnstý áframsendi tölvupóstinn til yfirmanna sinna ((E)forstö-innfl og (E)forstö-útfli og afrit til (E)frkvstj-alþjsv) og tók þetta fram: „Ég samþykki þetta nema einhverjar mótbárur komi frá ykkur. Það er spurning hvort þetta fellur undir neyðarsamninginn: „vegna bilana skips, strands og annarra svipaðra óviðráðanlegra orsaka“ + „til og frá Íslandi“. [...] Að mínu mati fellur þessi flutningur ekki undir þennan samning.“ (E)forstö-útfli svaraði samdægurs: „Mér finnst ekki óeðlilegt að við samþykkjum þetta því við munum lenda í sambærilegum aðstæðum einhvern tíman og erum núna ný komnir í gegnum mjög erfiða viku með Celiu. Þetta er ekki nauðarsamningur heldur aðgerð sem þeir ákveða að gera þ.e. sleppa úr höfn sem er ekki óviðráðanleg orsök. Ef (E)frkvstj-alþjsv hefur eitthvað við samþykki mitt að athuga að þá sé ég að hann er hér í Cc.“ (E)forstö-innfl svaraði síðar sama dag: „Ekkert við þetta að athuga af minni hálfu. Mig minnir að það hafi verið reiknað tvöfalt „neyðarverð“ á svona flutninga hér áður fyrir“. (E)forstö-flutnstý svaraði og sagði að Samskip myndu flytja fyrir Eimskip og myndu „rukka tvöfalt neyðarverð“. (E)frkvstj-alþjsv svaraði með tölvupósti daginn eftir: „Verið bara í sambandi við (E)frkvstj-Færeyj [framkvæmdastjóra Eimskip í Færeyjum] til að ræða þetta við hana varðandi markaðinn þar áður en samþykkt“. (E)forstö-flutnstý svaraði samdægurs með tölvupósti: „Var búinn að láta hana vita í gær og engar athugasemdir fengið“.³¹⁵

³¹² Mgr. 240 í athugasemdum Samskipa við AI og mgr. 688 – 690 í athugasemdum Eimskips við AI.

³¹³ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum [...] Doc. ID. 0.7.33.220542.

³¹⁴ Bréf Samskipa til Samkeppniseftirlitsins, dags. 13.01.2021, mgr. 11. Vísar Samskip til þess að þarna hafi verið um að ræða flutninga samkvæmt „óformlegri vinnureglu“ þar sem innheimt var tvöfalt verð samkvæmt neyðarsamkomulagi.

³¹⁵ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.222435.



- Þann 12. mars 2007 sendi starfsmaður Eimskips tölvupóst til samstarfsmanna sinna og vísaði til samskipta við Samskip. Sagði í tölvupóstinum að Samskip héldu því fram að uppskipunarkostnaður (THC) Samskipa í Immingham væri innifalinn í sjóflutningsgjöldum og það starfsmaður Eimskips um staðfestingu á þessu. Þessu var beint til (E)deildstj-útf3 sem svaraði 13. mars. 2007 með eftirfarandi hætti: „Skv. Ameríku samninginum þá er THC-ið innifalið í sjófraktinni. Nú veit ég ekki hvernig það er með Evrópu. Er til samningur á milli EIM og SAM varðandi Evrópu?“ (E)starfsm svaraði þeirri spurningu játandi: „Já það eru EUR samningur inni“.³¹⁶ Umræddur „Ameríku samningurinn“ var samningur milli Eimskips og Samskipa um venjulega flutninga í áætlunarsiglingum til og frá Norður-Ameríku. Samkvæmt þessum gögnum Eimskips var litið á „neyðarsamkomulagið“ sem samskonar samning, þ.e. samning um venjulega flutninga til og frá Evrópu (Evrópusamningur).
- Þann 21. mars 2007 sendi (E)starfsm tölvupóst til (E)forstö-flutnstý sem bar heitið: „Varðar spurningu um BAF³¹⁷ ofaná umsamda upphæð í samkomulaginu frá 30.11.2001 við Samskip“. Í upphafi sagði: „Varðandi spurningu þína áðan um hvort og hvernig Samskip hefur hagað rukkun á BAF til okkar.“ Vísaði (E)starfsm síðan til handskrifaða gjaldsins á framangreindu eintaki af „neyðarsamkomulaginu“ fyrir flutning á fullum 20 feta gámi (1530 evrur) og útskýrði að það væri skilningur Samskipa að BAF væri innifalið. (E)forstö-flutnstý svaraði og tók m.a. fram að samkvæmt „mínu eintaki af samningnum er nefnilega búið að krota yfir „3x fyrir venjulegan flutning“ og breyta í „2x fyrir venjulegan flutning“. Hafa þeir yfirleitt verið að rukka þrefalt, manstu það?“. (E)starfsm svaraði og tók þetta fram: „Mitt eintak er eins og þitt. En í þessu dæmi eru þeir að rukka þrefalt eða $510 \times 3 = 1.530$ EUR. Minn skilningur var að það væri talan sem væri handskrifuð inná samninginn sem gilti, sem er þá þreföld. Og þessi sending síðan í júní í fyrra staðfestir þann skilning.“ (E)forstö-flutnstý sendi í kjölfarið tölvupóst til (E)forstö-útf1 og upplýsti hann um framangreint: „Samskip rukkaði okkur ekki fyrir BAF, en þeir rukka sem sagt þrefalt neyðarverð ef ekki neyð. Við gerum það bara næst. Ég var búinn að segja þeim að við myndum rukka tvöfalt.“ Í svarpósti (E)forstö-útf1 sagði: „Já verðum að halda samræmi, en þú átt hönk upp í bakinu á þeim út af þessu [...]“.³¹⁸
- Í gögnum frá Samskipum frá mars 2008 var fjallað um mögulega samvinnu við Eimskip vegna flutninga milli Íslands og Evrópu. Tildrög þessa voru að skip Samskipa (Hvassafell) átti að koma til Reykjavíkur sunnudaginn 25. mars 2008. Sökum slæms veðurs seinkaði skipinu og greindi (S)forstö-innfl1 frá því að það myndi koma til Reykjavíkur aðfararnótt fimmtudagsins 27. mars 2008. Í kjölfarið áttu sér stað samskipti við Eimskip og umræður innan Samskipa um hvort eða hversu miklum flutningum skyldi beina til Eimskips:
 - Forstöðumaður innflutningsdeildar Samskipa ((S)forstö-innfl1) sendi þann 27. mars 2008 tölvupóst til samstarfsmanna (m.a. (S)forstö-flutnstj). Heiti hans var „Eimskip í stað Hvassafells“ og í honum sagði: „Hafið þið haft samband við Eimskip varðandi það að taka vöru fyrir okkur í IMM³¹⁹ og grænmetið í RTM³²⁰? Ég get heyrt í [(E)forstö-innfl] ef þið eruð ekki búnir að heyra í þeim.“ (E)forstö-innfl var forstöðumaður innflutningsdeildar Eimskips.
 - (S)forstö-flutnstj svaraði samdægurs og sagði að það væri gott ef (S)forstö-innfl1 gæti haft samband við (E)forstö-innfl. Hann vísaði einnig til yfirmanns Samskipa í Færeyjum ((S)frkvstj-Færeyj) og sagði að (S)frkvstj-Færeyj „gæti líka verið með einhverja gáma frá Færeyjum sem hann þyrfti að bóka með Eimskip.“
 - Viðskiptastjóri hjá Samskipum ((S)viðskstj1) sendi tölvupóst daginn eftir og spurði hvort þessir flutningar með Eimskip væru ekki örugglega klárir. Um gæti verið að ræða sjö til níu gáma

³¹⁶ Afrituð tölvuskjöl frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.229645.

³¹⁷ BAF er oliugjald, sbr. kafla 5.10.

³¹⁸ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.240505. [...] Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.241586.

³¹⁹ Immingham í Bretlandi.

³²⁰ Rotterdam.



fyrir mikilvægan viðskiptavin (Búr) og það mætti „*ekkert klikka*“. (S)viðskstj1 spurði (S)forstö-innfl1 síðar sama dag hvort hann væri búinn að tala við (E)forstö-innfl. (S)forstö-innfl1 svaraði og sagði að (E)forstö-innfl hefði ekki „*hringt aftur*“. Að morgni 31. mars 2008 sendi starfsmaður Samskipa í Rotterdam tölvupóst og spurði hvað ætti að gera við gámana fyrir Búr. Skömmu seinna spurði hann hvort það ætti að lesta þá um borð í annað skip Samskipa, Arnarfell. Skömmu síðar sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (E)forstö-innfl og í honum sagði: „*Getur þú hringt í mig í GSM. þarf að ræða við þig varðandi IMM og reefer gámana frá RTM*“. Klukkan 11:39 sama dag svaraði (S)viðskstj1 starfsmanni Samskipa í Rotterdam: „*plan is to ship with Eimskip (we would arrange) **however grapes from Chile could be shipped with Hvassafell***³²¹ – [(S)forstö-innfl1] is waiting for [(E)forstö-innfl] in Eimskip to call and confirm that we will be able to ship with them, will keep you informed.“ Klukkan 13:23 greindi (S)viðskstj1 starfsmanninum í Rotterdam frá því að enn væri beðið svars frá Eimskip. Sagði (S)viðskstj1 einnig frá því að (E)forstö-innfl hefði sagt að þessi beiðni um flutning yrði rædd á fundi hjá Eimskip sem yrði milli 13:00 - 14:00 þennan dag og eftir það myndi (E)forstö-innfl láta Samskip vita.

670. Það er ljóst af áður nefndum gögnum Eimskips frá árunum 2006 og 2007 að litið var á „*neyðarsamkomulagið*“ sem samning sem tók einnig til „*venjulegra*“ flutninga innan Evrópu og milli Íslands og Evrópu. Spurningu starfsmanns Eimskips um hvort til væri „*samningur á milli EIM og SAM varðandi Evrópu*“ var þannig svarað játandi og forstöðumaður útflutningsdeildar Eimskips nefndi samninginn „*Samskip_Evrópa*“. Þjuggu starfsmenn Eimskips yfir „*sínum eintökum*“ af samningnum við Samskip þar sem hin handskrifaða breyting á gildissviði hans kom fram.
671. Gögnin frá mars 2008 sýna samskipti milli Eimskips og Samskipa vegna mögulegra flutninga út af atvikum sem ekki gátu talist neyð í skilningi samningsins, sbr. einnig framangreind samskipti innan Eimskips 5. og 6. mars 2007 (og ummæli (E)forstö-útfll þar: „*þetta er ekki nauðarsamningur heldur aðgerð sem þeir ákveða að gera þ.e. sleppa úr höfn sem er ekki óviðráðanleg orsök*“). Sýna þessi gögn að þetta samráð gat skipt fyrirtækin miklu máli og af því leiddu jafnan bein samskipti milli stjórnenda þessara fyrirtækja sem samanlagt voru nánast einráð í sjóflutningum til og frá Íslandi.
672. Í kafla 7 hér á eftir er gerð grein fyrir því að Samskip og Eimskip hófu umfangsmikið ólögmeitt samráð í júní 2008. Í glærukyningu forstjóra Eimskips frá 9. júní 2008 var þetta verkefni nefnt „*Nýtt upphaf*“ og kemur fram í kynningunni að ákveðið hafi verið að meta hagkvæmni tiltekinna verkefna með því að „*auka samstarf á milli Samskip og Eimskip*.“ Í glærunum fólust m.a. hugmyndir um mun viðameira samráð í sjóflutningum heldur en hafði falist í samningum Eimskips og Samskipa um annars vegar Norður-Ameríku og hins vegar Evrópu siglingar.
673. Eins og ítarlega verður fjallað um í köflum 8 og 9 unnu Eimskip og Samskip úr þeim tillögum sem fram komu í glærum forstjóra Eimskips, þ.m.t. hugmyndum um aukið samráð í siglingum til og frá Evrópu. Í þessari ákvörðun er samráðið sem varðar Evrópusiglingar frá og með júní 2008 metið í einu lagi með öðru samráði Eimskips og Samskipa sem var hluti af hinu umfangsmikla „*Nýtt upphaf*“ verkefni sem hófst á umræddum tíma. Samhengisins vegna má nefna hér dæmi um samráð fyrirtækjanna eftir júní 2008 sem sérstaklega tengdist „*neyðarsamkomulaginu*“:
- Þann 16. október 2008, sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til framkvæmdastjóra millilandasviðs hjá Samskipum ((S)frkvstj-millilandasv) og sagði að meðfylgjandi honum væri „*núgildandi neyðarsamkomulag við Eimskip*“ og hann væri að gera tillögu til Eimskips um nýja útfærslu. Þann 20. október 2008 sendi (S)frkvstj-millilandasv tillögu að „*útvíkkuðu neyðarsamkomulagi*“ til framkvæmdastjóra hjá Eimskip ((E)frkvstj-flutnkerf). Þessi gögn gefa til kynna að stjórnendum fyrirtækjanna þótti sjálfsagt að nota þennan samning þeirra með þessum hætti. Verður þessu lýst nánar í kafla 8.19.4.

³²¹ Feitletrað og undirstrikað af höfundi tölvupósts.



- Þann 17. desember 2008 sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (E)forstö-innfl. Í honum kvaðst hann vera með reikning vegna flutnings þar sem gerðar væru athugasemdir við kostnað við uppskipun. Bauðst hann til þess að gefa Eimskip 50% afslátt af uppskipun. (E)forstö-innfl svaraði samdægurs og sagði m.a. að þessi flutningur hafi verið fyrir hans tíð. Síðan sagði (E)forstö-innfl: „En er ekki eðlilegast að notast við neyðarsamkomulagið frá 2001 x 2 og gate/gate eins og venjan hefur verið? Við höfum mér vitanlega ekki innheimt svona upphæðir hjá ykkur fyrir það sem við höfum flutt fyrir ykkur.“³²² (S)forstö-innfl1 svaraði og sagði að „auðvitað“ væri eðlilegt að hafa hliðsjón af því. Hann hafi ekki skoðað „fraktina“ og láti laga hana líka. Verður þessu lýst nánar í kafla 10.5.4.
- Á árinu 2009 gerðu Eimskip og Samskip nýjan samning um flutninga til og frá Norður-Ameríku. (S)viðskstj1, viðskiptastjóri hjá innflutningsdeild Samskipa, sendi þann 27. maí 2009 tölvupóst til starfsmanns TVG, dótturfélags Eimskips. Í honum sagði m.a.: „Í gildi er samningur milli Samskip og Eimskip um Ameríkuflutninga svo og „neyðarsamningur“ sem þú vafalaust getur fengið staðfest hjá „collegum“ þínum í Eimskip, þó svo að þetta geti ekki flokkast undir neyðartilvik þá veit ég að á e-h tímapunkti þarft þú/þið að leita á sama hátt til okkar í svipuðum tilfellum - ég trúi því ekki að þú viljir að við notum flöt verðskráverð í málum sem mögulega koma inná okkar borð í framtíðinni, gagnvart ykkur !!“, sbr. kafla 16.4.2.
- Í ágúst 2009 fékk framkvæmdastjóri hjá Eimskip, (E)frkvstj-sala/þj, sent afrit af nýjum Norður-Ameríkusamningi. Hann svaraði og spurði hvort til væri eintak af samningi við Samskip vegna flutninga til og frá Evrópu: „... eigum við líka á file samstarfssamning við þá vegna Evrópu?“³²³ (E)frkvstj-sala/þj fékk eftirfarandi svar frá (E)deildstj-útf13: „Ég á ekki formlegan samning vegna Evrópu - hef ekki séð hann ennþá. En hingað til höfum við verið að vinna á svokölluðu Neyðarsamkomulagi og það er hér í viðhengi. Verðin sem eru handskrifuð [til hægri] eru í gildi.“³²⁴ Sést á þessu eintaki að samningurinn hafði á ný tekið breytingum og voru hin handskrifuðu verð lægri en á eintakinu sem starfsmenn Eimskips fjölluðu um í mars 2007. Voru hin handskrifuðu verð fyrir fulla gáma í samræmi við hin umsamda skilmála: „2x fyrir venjulegan flutning“ og einnig skýrt tekið fram „X2“:

Flutningsgjöld verði eftirfarandi:

Innan Evrópu og til og frá Íslandi:

2x fyrir venjulegan flutning

	20'DC	40'DC	20'RF	40'RF
Fullir gámar	510 1020	766 1532	613 1226	868 1736
Tómir gámar	307 614	434 868	307 614	434 868

Upphæðir í EUR

X2

- Samráð Eimskips og Samskipa í Evrópuflutningum jókst stórlega eftir að samningur náðist í lok árs 2009 um að Eimskip myndi flytja gáma fyrir Jóna. Urðu þessir flutningar það miklir að (S)forstö-innfl1 fór fram á það í október 2011 við forstjóra Samskipa ((S)forstj) að þeir yrðu stöðvaðir. (S)forstj varð ekki við því. Var þessi flutningur Eimskips fyrir dótturfélag Samskipa enda hluti af ólögætu samráði fyrirtækjanna og þeirri áætlun fyrirtækjanna að draga úr flutningsgetu í því skyni að geta haldið uppi verði eða hækkað það. Í skýrslugjöf til Samkeppniseftirlitsins í september 2013 hélt (E)forstj, forstjóri Eimskips, því fram að „samningar“ vegna þessara flutninga hefðu verið „sendir“ til Samkeppniseftirlitsins. Það er ekki

³²² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.468715.

³²³ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.261680. Hér má geta þess að framkvæmdastjóri útflutningsdeildar Eimskips vistaði samninginn á heimasvæði sínu árið 2006, þar sem heiti hans skirskotar til „Evrópu“: Afhent skjal frá Eimskip. [...]

³²⁴ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.261750.



rétt. Engin beiðni um undanþágu frá 10. gr. samkeppnislaga barst vegna þessara samninga. Er þessum atvikum nánar lýst í kafla 9.12.4 og 16.

- Þann 7. desember 2010 sendi (S)frkvstj-Jóna tölvupóst til (E)frkvstj-sala/þj. Þar fjallaði hann um flutning Eimskips á gámi fyrir Jóna. Í tölvupósti (S)frkvstj-Jóna kom m.a. fram (tilvitnanamerki utan um neyðartilvik eru frá (S)frkvstj-Jóna): *Hugsanlega hefði verið skynsamlegara að láta Samskip bóka þennan gám með ykkur ef að við getum kallað þetta „neyðartilvik“ í samningi skipafélaganna. Mikið lá á að koma þessu heim en við gerðum ekki ráðstafanir með að tala við ykkur áður. Með von um jákvæða niðurstöðu.* (E)frkvstj-sala/þj áframsendi innanhúss og sagði „FYI, eigum upp í erminni vegna gámaleigunnar.“³²⁵
- Eimskip og Samskip undirrituðu nýtt „neyðarsamkomulag“ þann 9. desember 2010 um leið og þau undirrituðu nýjan „Ameríkusamning“.³²⁶ Var gildissvið samningsins orðað með rýmri hætti en í upphaflegri útgáfu eldra „neyðarsamkomulagsins“. Tók samkomulagið nú til flutninga vegna „verulegrar röskunar á áætlun“ en var ekki lengur samkvæmt orðalagi sínu bundið við flutninga vegna „óviðráðanlegra orsaka.“ Vísast um þetta til kafla 13.33.14.
- Daginn eftir að nýja „neyðarsamkomulagið“ var undirritað var spurt hvort handrituðu 2x verðin (á eldra „neyðarsamkomulaginu“) giltu áfram fyrir „venjulega“ flutninga. Þannig sendi starfsmaður Samskipa ((S)viðskstj3) fyrirspurn 10. desember 2010 til yfirmanns síns (S)forstö-útfli og spurði: „Gildir enn að verðin x2 þegar við kaupum frakt af hvort öðru og allt innifalið“. (S)forstö-útfli svaraði samdægurs: „Spurðu, [(S)forstö-innfl1], hann gerdi þetta.“, sbr. kafla 13.33.14. Af athugasemdum Samskipa við AI má ráða að nýtt „neyðarsamkomulag“ árið 2010 hafi falið í sér að áfram yrði í gildi milli félaganna 2x verð fyrir Evrópuflutninga utan neyðar, eða a.m.k. fram til desember 2013.³²⁷
- Þann 3. janúar 2012 sendi (E)deildstj-útfli tölvupóst til Alcoa og sagði að Eimskip gæti flutt 100 gáma Samskipa frá Reykjavík til Reyðarfjarðar. Þetta yrði gert á grundvelli umsaminna kjara við Samskip og verð á þessum flutningum gefið upp. Sagði (E)deildstj-útfli að Samskip þekktu þessi kjör mjög vel. Síðar sama dag útskýrði (E)deildstj-útfli fyrir (E)frkvstj-skiparekst að hann hefði gefið upp „neyðarverðið“ fyrir Samskip. Vísast um þetta til kafla 9.12.1. Var þannig „neyðarverðið“ notað fyrir venjulega flutninga Eimskips á fjölda gáma Samskipa.

674. Liggur því fyrir í málinu að í gildi var samningur milli Eimskips og Samskipa vegna siglinga innan Evrópu og milli Íslands og Evrópu og að sá samningur tók ekki eingöngu til sjóflutninga á fullum gámum vegna óviðráðanlegra orsaka heldur einnig til venjulegra flutninga, þ.e. til almennra flutninga félaganna utan neyðar. Sem fyrr segir var slíkur samningur í gildi milli Eimskips og Samskipa frá desember 2001 og a.m.k. út allt rannsóknartímabilið.

5.4.2. Leynileg samvinna

675. Samningarnir frá 2001 og 2010 voru báðir merktir sem trúnaðarmál og voru samkeppnisyfirvöld ekki upplýst um þá. Í kafla 5.4.4 er rökstutt að þessi samvinna Samskip og Eimskips hafi farið gegn 10. gr. samkeppnislaga.

676. Samskip óskuðu í september 2002 eftir undanþágu frá 10. gr. samkeppnislaga vegna samkomulags við Eimskip um flutninga á sjóleiðinni milli Íslands og Norður-Ameríku. Hvorki Eimskip né Samskip upplýstu um „neyðarsamkomulagið“ við málsmeðferð samkeppnisyrivalda á þeim tíma. Ekki var

³²⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.34.94218.

³²⁶ Við hútleit Samkeppniseftirlitsins, dags. 10.09.2013, fannst undirritað samkomulag frá 9.12.2010 á starfsstöð [...] hjá Eimskip, haldlagningarnúmer SE-F23/40. Fannst það í bréfabindi á skrifstofu hans merkt „Ameríkusamningar Samskip“. Á starfsstöðinni fannst jafnframt afrit af neyðarsamkomulaginu frá 2001.

³²⁷ Kafli I. 10.1 og 10.2 í athugasemdum Samskipa dags. 12.06.2020.



heldur upplýst um að samningurinn tæki til „2x fyrir venjulega flutninga“ innan Evrópu og milli Íslands og Evrópu.

677. Samkeppnisráð veitti undanþágu, vegna Norður-Ameríku samnings Eimskip og Samskipa, sem gildi sem fyrr segir til 31. ágúst 2004, sbr. ákvörðun nr. 11/2003. Samkvæmt ákvörðunarorði þessarar ákvörðunar bar Eimskip og Samskipum, meðan undanþágan var í gildi, að tilkynna Samkeppnisstofnun „um alla samninga sem félögin kunna að gera sín á milli svo og breytingar á þeim.“ Engin tilkynning barst um „neyðarsamkomulagið“ eða viðbót við það.
678. Eimskip og Samskip greindu ekki frá „neyðarsamkomulaginu“ þegar fyrirtækin óskuðu eftir undanþágu vegna samnings um sjóflutninga milli Íslands og Norður-Ameríku á árinu 2006. Þar af leiðandi var heldur ekki upplýst um að samningurinn tæki til venjulega flutninga innan Evrópu og milli Íslands og Evrópu. Að sama skapi var ekki greint frá samningunum vegna Evrópusiglinga þegar fyrirtækin óskuðu þann 26. janúar 2009 eftir undanþágu vegna nýs samnings um siglingar milli Íslands og Norður-Ameríku.
679. Samkeppniseftirlitið veitti umbeðna undanþágu og gildi hún til 31. desember 2010, sbr. ákvörðun eftirlitsins nr. 46/2009. Samkvæmt ákvörðunarorði í ákvörðun nr. 46/2009 bar Eimskip og Samskipum, á meðan undanþágan var í gildi, að tilkynna Samkeppniseftirlitinu „um alla samninga sem félögin kunna að gera sín á milli svo og breytingar á þeim.“
680. Þrátt fyrir þetta tilkynntu Eimskip og Samskip ekki um nýja „neyðarsamkomulagið“ sem undirritað var 9. desember 2010.
681. Þann 9. desember 2010 var einnig undirritaður nýr samningur vegna flutninga milli Íslands og Norður-Ameríku. Var samningurinn raunar undirritaður á sama fundi og af sömu stjórnendum Eimskip og Samskipa og undirrituðu nýja „neyðarsamkomulagið“. Eimskip og Samskip upplýstu Samkeppniseftirlitið heldur ekki um nýja „neyðarsamkomulagið“ þegar félögin óskuðu þann 23. desember 2010 eftir undanþágu vegna hins nýja Norður-Ameríku samnings. Ekki var heldur upplýst um að Evrópusamningurinn tæki til venjulegra flutninga milli Íslands og Evrópu.
682. Samkvæmt þessu ríkti leynd um samvinnu Eimskip og Samskipa í flutningum innan Evrópu og milli Íslands og Evrópu. Þrátt fyrir að Evrópu samningarnir frá árinu 2001 og árinu 2010, líkt og Norður-Ameríku samningarnir, tækju til samvinnu keppinauta um „venjulega“ sjóflutninga var ekki óskað eftir undanþágu frá 10. gr. samkeppnislaga vegna fyrrnefndra samninga um Evrópuflutninga.
683. Andstætt því sem (E)forstj staðhæfði í skýrslugjöf sinni í september 2013 var Samkeppniseftirlitinu ekki greint frá þeirri samvinnu sem fólst í flutningum Eimskip fyrir Jóna.
684. Í kafla 10 er lýst samskiptum Eimskip og Samskipa í nóvember 2008 vegna undirbúnings að nýjum Norður-Ameríku samningi. Sýna gögnin að Eimskip var ljóst að fyrirtækinu væri skylt að tilkynna bandarískum samkeppnisfyrirvöldum um alla samninga sína við Samskip sem vörðuðu flutninga til Bandaríkjanna. Í tölvupósti (E)forstö-innfl frá 6. nóvember 2008 kemur fram að það hafi verið vegna þessarar upplýsingagjafar og eftirlits sem tengdist bandarískum samkeppnisreglum að Norður-Ameríku samningurinn fór „til Samkeppniseftirlitsins til skoðunar“. Samráð um „venjulega“ flutninga sem voru ekki til/frá Bandaríkjunum féll hins vegar ekki undir lögsögu bandarískra samkeppnisfyrivalda og Eimskip og Samskip sendu Samkeppniseftirlitinu aldrei „til skoðunar“ samning þeirra um Evrópusiglingar. Gefur þetta til kynna að Eimskip og Samskip hafi ekki talið eins mikla áhættu fólga í því að fara gegn íslenskum samkeppnislögum.
685. Líkt og áður greinir var það fyrst í þessu máli sem hér er til umfjöllunar sem Samkeppniseftirlitið varð áskynja um þessa samvinnu félaganna í reglubundnum áætlunarsiglingum tengdum Evrópu.
686. Í tengslum við húsleitir í september 2013 veittu stjórnendur hjá Eimskip og Samskipum Samkeppniseftirlitinu munnlegar upplýsingar, sbr. 1. mgr. 19. gr. samkeppnislaga (m.a. (E)forstj,



(E)frkvstj-sala/pj, (E)frkvstj-alpjsv, (S)forstj, (S)forstö-innfl1, (S)frkvstj-Jóna og (S)forstö-útl). Voru stjórnendurnir spurðir m.a. um samstarf Eimskips og Samskipa. Enginn upplýsti um „neyðarsamkomulag“ Eimskips og Samskipa. Hvorki var upplýst um tilvist samninganna, samskipti fyrirtækjanna sem þessu tengdust eða að samstarfið tæki til venjulegra flutninga milli Íslands og Evrópu.³²⁸

687. Við rannsókn málsins óskaði Samkeppniseftirlitið eftir því að Eimskip afhenti alla samninga við önnur flutningafyrirtæki.³²⁹ Óskað var eftir sömu gögnum frá Samskipum.³³⁰ Eimskip synjaði í fyrstu um afhendingu þessara gagna nema fyrir mjög afmarkaðan hluta tímabilsins.³³¹ Eftir ítrekun Samkeppniseftirlitsins afhenti Eimskip tiltekna samninga við önnur flutningafyrirtæki.³³² Umrædd „neyðarsamkomulög“ við Samskip, frá árunum 2001 og 2010, fylgdu ekki með. Samskip afhentu hins vegar afrit af báðum samningunum við Eimskip.³³³ Á hinn bóginn afhentu Samskip ekki afrit af samningnum frá árinu 2001 þar sem búið var að handskrifa þá breytingu að hann tæki til venjulegra flutninga. Upplýstu Samskip heldur ekki um þá breytingu þrátt fyrir að framangreind samtímagögn sýni skýrlega að fyrirtækinu væri fullkunnugt um að samningarnir við Eimskip tækju til venjulegra Evrópuflutninga.
688. Það var ekki fyrr en Samkeppniseftirlitið bar undir Eimskip og Samskip samtímagögn þeirra með birtingu AI að fyrirtækin greindu frá því að á rannsóknartímabilinu hefði verið í gildi samningur sem tekið hefði til venjulegra flutninga. Í sátt Eimskips og Samkeppniseftirlitsins frá 16. júní 2021 viðurkennir Eimskip „að hafa brotið gegn 19. gr. samkeppnislaga með því að hafa ekki veitt nauðsynlegar eða réttar upplýsingar eða afhent gögn í þágu rannsóknar Samkeppniseftirlitsins.“ Nánar er fjallað um ranga upplýsingagjöf Samskipa um „neyðarsamkomulagið“ í m.a. kafla 23 um brot gegn 19. gr. samkeppnislaga.

5.4.3. Skýringar við skýrslutöku hjá lögreglu

689. Við skýrslutöku hjá lögreglu í maí 2018 voru (S)forstj, (S)frkvstj-millilandasv, (E)forstj og (E)frkvstj-alpjsv spurðir um framangreint samstarf Eimskips og Samskipa. Hér er rétt að rifja upp að (S)frkvstj-millilandasv var framkvæmdastjóri millilandasviðs Samskipa hf. frá 2006 til september 2011. Bar hann ábyrgð gagnvart forstjóra á flutningaþjónustu fyrirtækisins til og frá Íslandi. (S)forstj hóf störf hjá Samskipum árið 2000 og var forstjóri Samskipa frá árinu 2005 og út rannsóknartímabilið.³³⁴ (E)forstj hóf störf hjá Eimskip árið 1990 og var forstjóri fyrirtækisins frá maí 2008 og út rannsóknartímabilið³³⁵ en áður var hann framkvæmdastjóri yfir starfsemi félagsins í Norður-Ameríku. (E)frkvstj-alpjsv hóf störf hjá Eimskip árið 1993 og var á rannsóknartímabilinu framkvæmdastjóri alþjóðasviðs Eimskips.
690. Voru þeir allir spurðir m.a. að því hvort það væri einhver samningur í gildi milli Eimskips og Samskipa um sjóflutninga til og frá Evrópu. Svörin voru eftirfarandi:
- (S)frkvstj-millilandasv svaraði svo; „[...] það var í gildi eftir því sem ég best veit einhvers konar neyðarsamkomulag. Þannig ef að annar hvor aðilinn lenti í, í að, meiriháttar bilun ef skip datt úr service að þá gátu menn flutt hvor fyrir annan á einhverju neyðarsamkomulagi.“ Sagði hann til viðbótar að flutningar samkvæmt samningnum hefðu aðeins átt sér stað í „algörri neyð“. Hefði

³²⁸ Munnleg upplýsingagjöf Eimskips og Samskipa 10.09.2013 og 17.09.2013.

³²⁹ Bréf frá Samkeppniseftirlitinu til Eimskips frá 23.01.2015, tölul. 11.

³³⁰ Bréf frá Samkeppniseftirlitinu til Samskipa frá 29.01.2015, tölul. 10.

³³¹ Bréf frá Eimskip til Samkeppniseftirlitsins frá 23.03.2015.

³³² Bréf frá Samkeppniseftirlitinu til Eimskips frá 22.10.2015 (8. tölul.). Bréf frá Eimskip til Samkeppniseftirlitsins frá 19.02.2016.

³³³ Afhent gögn frá Samskipum. Afhent 10.04.2015, viðauki 10 (liður b). „i. Neyðarsamkomulag dagsett 9.12.2010“ og „ii. Neyðarsamkomulag dagsett 30.11.2001“.

³³⁴ Lét af störfum sem forstjóri Samskipa hf. í júní 2014. Varð þess í stað forstjóri Samskip Logistics með aðsetur í Hollandi. Sjá „[...] ráðinn forstjóri Samskipa hf.“. Vísir. Dags. 04.06.2014., Aðgengilegt á slóð: visir.is/g/20141681098d.

³³⁵ Lét af störfum sem forstjóri Eimskips í lok ársins 2018. Varð þess í stað framkvæmdastjóri Eimskips í Norður-Ameríku. Sjá „[...] hættir sem forstjóri Eimskips“. Kjarninn. Dags. 18.11.2018. Aðgengilegt á slóð: kjarninn.is/frettir/2018-11-18- [...] -haettir-sem-forstjori-eimskips/.



Þessi samningur verði „í gangi mjög lengi og rúllaði bara held ég“. (S)frkvstj-millilandasv kvaðst ekki muna eftir tilviki þar sem reynt hefði á samningana í framkvæmd. Aðspurður um hvort sótt hefði verið um undanþágu hjá samkeppnisyfirlingum vegna þessa kvaðst (S)frkvstj-millilandasv ekki vera viss um það.³³⁶

- (S)forstj kvaðst eingöngu muna eftir samstarfi Eimskips og Samskipa í skipaafgreiðslu á Austurlandi og kvaðst aðspurður ekki þekkja það hvort hvort samstarf í flutningum til og frá Evrópu hefði fengið undanþágu Samkeppniseftirlitsins.³³⁷
- (E)forstj svaraði með þessum hætti: „Ég þekki það ekki. Ég hef allavega ekki komið að þeim.“³³⁸
- (E)frkvstj-alþjsv kvaðst ekki þekkja þetta.³³⁹

691. Eftir að (S)forstj, (S)frkvstj-millilandasv, (E)forstj og (E)frkvstj-alþjsv höfðu verið spurðir út í samninga Eimskips og Samskipa vegna Evrópusiglinga var upphaflega útgáfa samningsins frá 2001 borin undir þá og bent á að í samningnum kæmi fram að hann tæki til flutninga á tómunum gámum án tillits til þess hvort uppi væri neyð.

- Var (S)frkvstj-millilandasv spurður um þetta en neitaði hann þá að tjá sig. Aðspurður kvaðst hann ekki vita hvort samningurinn hefði verið framkvæmdur að þessu leyti.³⁴⁰
- Aðspurður um framangreint kvaðst (S)forstj engu getað svarað. Var (S)forstj þá spurður hvort þessi samningur hefði komist til framkvæmda og hvort óskað hefði verið eftir undanþágu frá samkeppnisyfirlingum. (S)forstj kvaðst ekki þekkja það.³⁴¹
- (E)forstj kvaðst ekki þekkja þennan samning og ekki geta skýrt af hverju hann tæki til flutninga á tómunum gámum án tillits til þess hvort uppi væri neyð. Kvaðst hann þó halda að þetta gæti tengst neyðarflutningum. Kvaðst hann heldur ekki vita hvort unnið hefði verið eftir þessum samningi eða hvort sótt hefði verið um undanþágu til samkeppnisyfirlinga.³⁴²
- (E)frkvstj-alþjsv kvaðst vita að í gildi hefði verið samningur sem hefði tekið til neyðartilvika. Hann neitaði því þó að hafa séð samninginn en gat fullyrt aðspurður að samningurinn hefði eingöngu tekið til neyðartilvika eins og bilunar, strands „eða eitthvað slíkt“. Um hefði verið að ræða neyð þannig „að menn gætu þú veist hringt bara til að bjarga [...]“ Aðspurður kvaðst (E)frkvstj-alþjsv ekki geta skýrt af hverju samningurinn tæki til flutninga á tómunum gámum án tillits til þess hvort uppi væri neyð. Kvaðst hann heldur ekki vita hvort sótt hefði verið um undanþágu til samkeppnisyfirlinga.³⁴³

692. Næst voru eintök af samningnum með handskrifuðu breytingunum um verð fyrir „venjulega flutninga“ borin undir (S)forstj, (S)frkvstj-millilandasv, (E)forstj og (E)frkvstj-alþjsv.

- Aðspurður kvaðst (S)frkvstj-millilandasv ekki þekkja viðkomandi gögn. Þá var (S)frkvstj-millilandasv spurður hvað hinar handskrifuðu breytingar þýddu. Kvaðst hann ekki vilja tjá sig um það.³⁴⁴
- Aðspurður kvaðst (S)forstj ekkert vita um þetta.³⁴⁵

³³⁶ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 43 – 44.

³³⁷ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 55.

³³⁸ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 89.

³³⁹ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 82.

³⁴⁰ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 46.

³⁴¹ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 55.

³⁴² Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 90-94 og 97 -101.

³⁴³ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 82 og 86.

³⁴⁴ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 47.

³⁴⁵ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 58.



- (E)forstj kvaðst ekki þekkja þetta og ekki vita hvað þessar breytingar þýddu. Sagðist (E)forstj ekki hafa „*hugmynd um það*“ hvort litið hefði verið á neyðarsamninginn sem samning um almenna flutninga milli Íslands og Evrópu.³⁴⁶
- Aðspurður kvaðst (E)frkvstj-alþjv aldrei hafa séð nokkra útgáfu af samningnum með hinum handskrifuðu breytingum og kvaðst heldur ekki vita hver hefði gert þessar breytingar. (E)frkvstj-alþjv neitaði því ítrekað að hafa haft vitneskju um að í gildi hefði verið milli Eimskips og Samskipa samkomulag um verð fyrir venjulega flutninga. Aðspurður neitaði (E)frkvstj-alþjv því að hafa haft vitneskju um að neyðarsamningurinn hefði verið notaður af Eimskip og Samskipum eins og Ameríkusamningur um venjulega flutninga. (E)frkvstj-alþjv var bent á að gögnin sýndu mikil samskipti milli Eimskips og Samskipa vegna þessa. (E)frkvstj-alþjv svaraði að þetta kæmi honum „á óvart“ og hann væri fyrst að sjá þetta við skýrslutökuna.³⁴⁷

693. Þá voru borin undir framangreinda stjórnendur Eimskips og Samskipa m.a. eftirfarandi samtímagögn:

- Framangreind tölvupóstasamskipti innan Eimskips frá mars 2007 þar sem m.a. var rætt um hvert væri gjald Samskipa á flutningum fyrir Eimskip milli Íslands og annarra Evrópuríkja þegar það er ekki neyð.
 - Aðspurður um þetta kaus (S)frkvstj-millilandasv að tjá sig ekki.³⁴⁸
 - Aðspurður kvaðst (S)forstj ekki þekkja þetta.³⁴⁹
 - Aðspurður kvaðst (E)forstj ekkert vita um framangreint.³⁵⁰
 - (E)frkvstj-alþjv kvaðst ekki búa yfir vitneskju um framangreint og gæti engar skýringar veitt.³⁵¹
- Framangreindan tölvupóst (S)frkvstj-millilandasv frá 20. október 2008 þar sem hann sendi (E)frkvstj-flutnkerf tillögu að „*útvíkkuðu neyðarsamkomulagi*“. Einnig drögin að þessu samkomulagi.
 - Aðspurður um þetta kaus (S)frkvstj-millilandasv að tjá sig ekki.³⁵²
 - Aðspurður um drögin að þessu samkomulagi milli Eimskips og Samskipa sagði (S)forstj: „*Enn og aftur verð ég hérna að viðurkenna þekkingarleysi mitt, ég þekki þetta ekki.*“ Kvaðst hann heldur ekki vita hverjir hefðu komið að gerð þessa skjals eða að samningaviðræðum við Eimskip. Þá kvaðst (S)forstj ekkert vita um framangreind samskipti (S)frkvstj-millilandasv og (E)frkvstj-flutnkerf.³⁵³
 - Aðspurður kvaðst (E)forstj ekkert vera inni í þessum samningum. Var hann þá spurður hvort hann hefði ekki átt að vita um þetta sem forstjóri Eimskips. Svaraði hann m.a. svo; „*ég veit ekkert með samninga í Evrópu*“. Var (E)forstj þá spurður af hverju Eimskip og Samskip hefðu á þessum tíma verið að ræða um „*útvíkkað neyðarsamkomulag*“. Svaraði hann að það hefði „*aldrei komið upp á borð hjá mér*“ og hann vissi því ekkert um þetta.³⁵⁴
 - (E)frkvstj-alþjv kvaðst ekkert vita um þetta.³⁵⁵

³⁴⁶ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 90-92.

³⁴⁷ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 94-99.

³⁴⁸ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 49.

³⁴⁹ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 58-59.

³⁵⁰ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 97.

³⁵¹ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 92.

³⁵² Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 51 -52.

³⁵³ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 60-61.

³⁵⁴ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 97-100.

³⁵⁵ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 94-96.



- Framangreind tölvupóstssamskipti milli (S)forstö-innfl1 og (E)forstö-innfl frá desember 2008 þar sem (E)forstö-innfl spurði; „er ekki eðlilegast að notast við neyðarsamkomulagið frá 2001 x 2 og gate/gate eins og venjan hefur verið?“ (S)forstö-innfl1 svaraði og sagði að „auðvitað“ væri rétt að gera þetta.
 - Aðspurður um þetta kaus (S)frkvstj-millilandasv að tjá sig ekki. (S)frkvstj-millilandasv var þá bent á að hann hefði verið yfirmaður (S)forstö-innfl1 á þessum tíma. Með vísan til þessa og þess sem kæmi fram í þessum tölvupóstum var (S)frkvstj-millilandasv spurður hvort hann vildi tjá sig um það. Hann vildi það ekki.³⁵⁶
 - (S)forstj var spurður hvort hann gæti útskýrt þessi samskipti (E)forstö-innfl og (S)forstö-innfl1. Hann kvaðst ekki þekkja þetta.³⁵⁷
 - (E)frkvstj-alþjsv kvaðst ekki geta útskýrt framangreint. Aðspurður taldi hann það „óeðlilegt“ að styðjast við neyðarsamninginn þegar neyð væri ekki fyrir hendi.³⁵⁸
- Framangreindur tölvupóstur (S)viðskstj1 til TVG frá 27. maí 2009 þar sem (S)viðskstj1 ræddi um verð á venjulegum Evrópuflutningum.
 - (S)viðskstj1 var viðskiptastjóri í innflutningsdeild og sú deild heyrði undir (S)frkvstj-millilandasv. (S)frkvstj-millilandasv neitaði aðspurður hjá lögreglu að tjá sig um framangreind samskipti. Var hann spurður um hvort þessi undirmaður hans hefði í þessu tilviki átt í eðlilegum samskiptum við keppinaut. (S)frkvstj-millilandasv vildi ekki tjá sig um það.³⁵⁹
 - Við skýrslutöku (S)forstj hjá lögreglu sagðist hann aðspurður ekki geta útskýrt þessi samskipti.³⁶⁰
 - (E)frkvstj-alþjsv kvaðst ekki þekkja þetta.³⁶¹
- Framangreind tölvupóstssamskipti innan Eimskips frá ágúst 2009 þar sem (E)frkvstj-sala/þj spurði um „samstarfssamning“ við Samskip „vegna Evrópu“ og var þá upplýstur um að hin handskrifuðu verð fyrir „venjulega flutninga“ væru í gildi.
 - Aðspurður um þetta sagði (S)frkvstj-millilandasv að aðeins hefði verið um að ræða neyðarflutninga og teldi hann að engir aðrir flutningar hefðu átt sér stað á árunum 2008 – 2011.³⁶²
 - Aðspurður kvaðst (S)forstj ekki þekkja þetta.³⁶³
 - (E)frkvstj-alþjsv kvaðst aðspurður ekki þekkja þetta.³⁶⁴
 - Aðspurður kvaðst (E)forstj ekki þekkja þetta.³⁶⁵
- Tölvupóstssamskipti (S)frkvstj-Jóna og (E)frkvstj-sala/þj frá 7. desember 2010 þar sem (S)frkvstj-Jóna lagði til að tiltekinn venjulegur flutningur yrði flokkaður sem „neyðartilvik“.
 - (S)frkvstj-millilandasv kaus að tjá sig ekki um þessi samskipti.³⁶⁶

³⁵⁶ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 49.

³⁵⁷ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 58.

³⁵⁸ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 91-92.

³⁵⁹ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 50.

³⁶⁰ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 59.

³⁶¹ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 92.

³⁶² Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 48-49.

³⁶³ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 58.

³⁶⁴ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 89.

³⁶⁵ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 95.

³⁶⁶ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 50.



- (E)frkvstj-alþjv sagðist ekki geta gefið neinar skýringar á þessum samskiptum.³⁶⁷
- Framangreint „neyðarsamkomulag“ frá desember 2010 sem (S)frkvstj-millilandasv skrifaði undir fyrir hönd Samskipa og (E)frkvstj-sala/þj fyrir hönd Eimskips.
 - (S)frkvstj-millilandasv staðfesti að hafa skrifað undir þennan samning. Aðspurður kvaðst hann telja að sótt hefði verið um undanþágu hjá Samkeppniseftirlitinu vegna þessa samnings. (S)frkvstj-millilandasv kvaðst ekki muna hvaða aðrir starfsmenn Samskipa hefðu komið að gerð þessa samnings. Kvaðst hann heldur ekki muna eftir samningaviðræðum við Eimskip.³⁶⁸
 - (S)forstj var spurður hvort hann þekkti þennan samning. Hann svaraði: „Ekki, ég, mig rekur ekki minni í það og ég bara stórefa það.“ Var þá spurður af hverju hann stórefaði þetta. Sagði (S)forstj þá að hann ræki ekki minni til þess „að hafa verið með neinar umræður um neyðarsamkomulag“. Gat (S)forstj heldur ekki svarað því hvort (S)frkvstj-millilandasv hefði verið heimilt að gera þennan samning við Eimskip án þess að kynna honum það. Þá gat hann jafnframt ekki svarað því hver hefði borið ábyrgð á því að sótt yrði um undanþágu til samkeppnisyfirvalda.³⁶⁹
 - (E)forstj kvaðst ekki þekkja þennan samning. Til viðbótar sagði hann að (E)frkvstj-sala/þj væri „in charge þarna“.³⁷⁰
 - (E)frkvstj-alþjv kvaðst ekkert hafa komið að undirbúningi þessa samnings eða viðræðum við Samskip og ekki vita af hverju ekki hefði verið óskað eftir undanþágu hjá samkeppnisyfirvöldum.³⁷¹

694. Samkeppniseftirlitið telur ljóst að ekkert í framangreindum framburði (S)forstj, (S)frkvstj-millilandasv, (E)forstj og (E)frkvstj-alþjv geti haggð mati eftirlitsins á framangreindum samtímagögnum. Þá eru einkar ótrúverðugir framangreindir framburðir stjórnenda Eimskips og Samskipa þar sem þeir annað hvort kannast ekki við eða muna ekki eftir samstarfi fyrirtækjanna.
695. Er ekki trúverðugt að forstjórar Eimskips og Samskipa, sem höfðu verið stjórnendur í áratugi hjá fyrirtækjunum, hafi ekkert vitað og muni ekkert um samninga og samstarf, við helsta keppinautinn í sjóflutningum milli Íslands og annarra Evrópulanda, sem sannanlega var fyrir hendi þegar þeir stýrðu fyrirtækjum sínum. Hið sama gildir um (E)frkvstj-alþjv sem lengi hafði gengt yfirmannsstöðu hjá Eimskip á rannsóknartíma málsins og setið í framkvæmdastjórn fyrirtækisins um langt árabil. Þá skiptir vitaskuld máli að (E)frkvstj-alþjv, (E)forstj og (S)forstj sátu í vinnuhópnum sem skipaður var eftir fund Eimskips og Samskipa 6. júní 2008 þar sem skoða átti m.a. „aukið“ samstarf í flutningum til og frá Evrópu, sbr. kafla 7.3. Framburður (E)frkvstj-alþjv um að samkomulag milli Eimskips og Samskipa um venjulegar Evrópusiglingar kæmi honum „á óvart“ og hann væri fyrst að sjá þetta við skýrslutökuna er ekki í samræmi við hans eigin samtímagögn. Hér að framan var vísað til tölvupóstsamskipa innan Eimskips frá 5. mars 2007. (E)frkvstj-alþjv tók þátt í þessum tölvupóstsamskiptum og í þeim kom fram að „tvöfalt neyðarverð“ væri notað fyrir venjulega flutninga Eimskips fyrir Samskip og öfugt. Er þetta til þess fallið að draga úr trúverðugleika framburðar (E)frkvstj-alþjv um vitneskju hans um umrætt samstarf milli fyrirtækjanna í venjulegum Evrópusiglingum.
696. Þá ber að áréttu að (E)frkvstj-alþjv, (E)forstj og (S)forstj leyndu upplýsingum um þetta samstarf fyrirtækjanna þegar Samkeppniseftirlitið tók af þeim skýrslur í september 2013. Er það vísbending um leyndarhyggju hjá félögnum og ólögmati þessa samstarfs.

³⁶⁷ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 93.

³⁶⁸ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 52-53.

³⁶⁹ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 62-63.

³⁷⁰ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 101.

³⁷¹ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 97.



697. Sem fyrr segir var (S)frkvstj-millilandasv framkvæmdastjóri millilandasviðs Samskipa hf. frá 2006 til september 2011. Bar hann ábyrgð gagnvart forstjóra á flutningaþjónustu fyrirtækisins til og frá Íslandi.³⁷² Heyrðu þannig siglingar milli Íslands og Evrópu undir hans ábyrgðarsvið. „Neyðarsamkomulagið“ við Eimskip um sjóflutninga féll því undir ábyrgðarsvið hans hjá Samskipum. Sendi (S)frkvstj-millilandasv í október 2008 tillögu að „útvíkkuðu neyðarsamkomulagi“ til (E)frkvstj-flutnkerf og skrifaði (S)frkvstj-millilandasv undir nýjan samning við Eimskip í desember 2010. Verður að ganga að því sem gefnu að (S)frkvstj-millilandasv þekki sérstaklega vel helstu atriði sem tengjast þessu samstarfi Eimskips og Samskipa. Er það og svör hans eða synjun á því að svara við skýrslugjöf hjá Samkeppniseftirlitinu sterk vísbending um ólögmæti þessa samstarfs Samskipa við Eimskip.

5.4.4. Samantekt

698. Samkeppniseftirlitið vísar til umfjöllunar um 10. gr. samkeppnislaga í kafla 4 hér að framan.

699. Áréttta ber að í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 13/2019 var bent á að fyrir lægi að „samstarf skipafélaga um flutninga til og frá Íslandi fer gegn 10. gr. samkeppnislaga, sbr. úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í málum nr. 13/1997 og 9/2003.“

700. Við mat á lögmæti framangreindra samninga er einnig rétt að rifja upp að Eimskip byggði á því fyrir áfrýjunarnefnd samkeppnismála í máli nr. 13/1997 að þágildandi samningur fyrirtækisins við Samskip um siglingar milli Íslands og Norður-Ameríku færi ekki gegn 10. gr. samkeppnislaga. Til stuðnings þessu benti Eimskip m.a. á að þrátt fyrir að fyrirtækið myndi flytja gáma fyrir Samskip væru fyrirtækin í „ótakmarkaðri samkeppni“ um alla aðra þætti í viðkomandi flutningum. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála féllst ekki á þetta og vísaði til þess að fákeppni ríkti í sjóflutningum til og frá Íslandi. Tók nefndin það síðan fram að við þær aðstæður sé;

„hvers kyns samráð milli hlutaðeigandi flutningsaðila um náið samstarf við framkvæmd mikilvægra þátta í flutningastarfseminni, eins og við á í þessu máli, mjög varasamt í ljósi þeirrar meginreglu samkeppnislaga að efla beri virka samkeppni í viðskiptum.“³⁷³

701. Þrátt fyrir þessa skýru afstöðu áfrýjunarnefndar samkeppnismála sóttu Eimskip og Samskip, eins og fyrr sagði, ekki um undanþágu vegna samninga um Evrópusiglingar. Var það hvorki gert þegar samningurinn var undirritaður í nóvember 2001 né þegar viðbót var gerð við samninginn þar sem mælt var fyrir um kjör á „venjulegum flutningum“ á siglingaleiðum keppinautanna í Evrópu.

702. Eins og fram kemur í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 11/2003 héldu Samskip því fram að Norður-Ameríku samningur við Eimskip frá júlí 2002 færi ekki gegn 10. gr. samkeppnislaga. Samkeppnisráð féllst ekki á það og benti á að Samskip og Eimskip væru keppinautar og öll „samvinna af þessum toga er til þess fallin að draga úr samkeppni milli keppinauta. Allt samstarf milli keppinauta skapar hættu á að viðkomandi fyrirtæki fari að taka tillit hvort til annars og þar með dragi úr virkri samkeppni á viðkomandi markaði.“ Var því ekki fallist á það með Samskipum að umrætt samstarf færi ekki gegn 10. gr. samkeppnislaga, sbr. einnig úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 9/2003.

703. Hér ber og að hafa í huga að í því máli sem endaði með ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 46/2009 var ekki lengur byggt á því af hálfu Eimskips og Samskipa að samvinna fyrirtækjanna í áætlunarsiglingum milli Íslands og Norður-Ameríku færi ekki gegn 10. gr. samkeppnislaga. Í ákvörðuninni taldi Samkeppniseftirlitið að samningur fyrirtækjanna frá janúar 2009 færi gegn 10. gr. samkeppnislaga. Vísaði eftirlitið m.a. til þess að Eimskip og Samskip væru „keppinautar sem starfa

³⁷² Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 3.

³⁷³ Var t.d. ríkt tilefni fyrir Eimskip að gæta að 10. gr. samkeppnislaga eftir að hafa „prófað“ hið „nýja eftirlitskerfi“. Í frétt Morgunblaðsins, „Samkeppnislög brotin í samningi skipafélaga“, frá 10.09.1997 var forstjóri Eimskips þannig spurður um álit á úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 13/1997: „Við erum mjög ósammála þessari niðurstöðu og teljum hana ekki byggða á eðlilegum forsendum,“ sagði [...], forstjóri Eimskips, aðspurður um álit á niðurstöðunni. „Hún kom okkur í sjálfu sér ekkert á óvart enda er verið að prófa hvernig þessi nýju eftirlitskerfi stjórnvalda reynast.“ Forstjórinn sagði ekki taka því að fara út í málarekstur.“ Aðgengilegt á slóð: <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/352704/>.



á sama sölustigi og að auki eru þeir sameiginlega með 100% markaðshlutdeild á skilgreindum markaði."

704. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 13/2019 var komist að þeirri niðurstöðu að samstarf Eimskips og RAL um flutninga til og frá Íslandi færi gegn 10. gr. samkeppnislaga. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfesti umrædda ákvörðun Samkeppniseftirlitsins, sbr. úrskurð í máli nr. 1/2019. Kom fram í úrskurðinum að óumdeilt væri að samningur Eimskips og RAL um m.a. samnýtingu á plássi í áætlunarskipum félaganna félli undir ákvæði 10. gr. samkeppnislaga.
705. Þá ber að líta til framangreindrar reglugerðar framkvæmdastjórnar ESB nr. 906/2009 þar sem tiltekinni samvinnu áætlunarskipafélaga (skipafélagasamtaka) er veitt undanþága frá banni EES/ESB-samkeppnisréttar við samráði keppinauta, sbr. umfjöllun í kafla 4.6.7.2. Í þessu felst m.a. að veitt er undanþága ef áætlunarskipafélög gera samninga um „*skipti, sölu eða víxllæigu á hólfum eða rýmum fyrir gáma um borð í skipum*“, sbr. b. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar. Eru slíkir samningar gjarnan nefndir „*slotsamningar*“.
706. Evrópusamningarnir tóku til samstarfs vegna siglinga og flutninga Samskipa á lestuðum og tómum gámum Eimskips og öfugt. Þannig tóku samningarnir til þess að fyrirtækin seldu hvort öðru, á fyrirfram ákveðnum verðum, pláss fyrir gáma í flutningaskipum sínum innan Evrópu og milli Íslands og Evrópu. Var að þessu leyti um að ræða samvinnu sem féll undir 3. gr. reglugerðar nr. 906/2009.
707. Sem fyrr segir á framangreind undanþága reglugerðar ESB nr. 906/2009 hins vegar aðeins við ef samanlögð markaðshlutdeild viðkomandi skipafélaga er undir 30% á viðkomandi markaði, sbr. 5. gr. reglugerðarinnar. Ef viðkomandi skipafélög hafa þannig samanlagt meira en 30% hlutdeild er talin hætta á því að m.a. „*slot*“ samningar þeirra á milli raski samkeppni með alvarlegum hætti og geti því ekki fallið undir þá undanþágu sem reglugerðin veitir, sbr. m.a. 7. og 9. tölulið aðfararorða reglugerðarinnar.³⁷⁴ Til viðbótar kemur fram í 4. gr. að undanþága gildi ekki (jafnvel þótt fyrirtækin séu samanlagt með minna en 30% hlutdeild) ef í samningum skipafélaganna felst verðsamráð, samráð um að takmarka flutningsgetu eða markaðsskipting.
708. Á öllu rannsóknartímabili þessa máls voru Eimskip og Samskip með samanlagt mun hærri markaðshlutdeild en 30% í áætlunarsiglingum til og frá Íslandi. Þegar af þeirri ástæðu tók reglugerð nr. 906/2009 ekki til félaganna. Þá gat þágildandi reglugerð nr. 4056/86 ekki tekið til félaganna, sbr. kafla 4.6.7.2.
709. Eimskip og Samskip eru sem fyrr segir keppinautar í áætlunarsiglingum til og frá Íslandi. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 70/2007 var gerð grein fyrir markaðshlutdeild fyrirtækjanna í áætlunarsiglingum á árinu 2001, m.a. á heildarmarkaðnum og í sjósiglingum til og frá Evrópu:

³⁷⁴ Í 7. tl. aðfararorða reglugerðarinnar segir: „*Flutningsþegar geta því aðeins haft raunverulegan ávinning af skipafélagasamtökum að næg samkeppni sé í flutningum á viðkomandi mörkuðum þar sem slík samtök stunda starfsemi. Þetta skilyrði telst uppfyllt þegar markaðshlutdeild skipafélagasamtaka helst innan við tiltekin viðmiðunarmörk og má því reikna með raunverulegri eða hugsanlegri samkeppni frá flutningsaðilum sem eru ekki aðilar að þeim skipafélagasamtökum.*“



Tafla 4: Tekjur í þús. kr. og magn í tonnum auk markaðshlutdeildar Eimskips, Samskipa og Atlantsskipa miðað við tekjur annars vegar og magn hins vegar vegna áætlunarflutninga á sjó til og frá Íslandi árið 2001.

	Tekjur í þús. kr.	Hlutdeild í % m.v. tekjur	Magn í tonnum	Hlutdeild í % m.v. magn
Innflutningur				
Eimskip	[...]	[65-70]%	[...]	[70-75]%
Samskip	[...]	[30-35]%	[...]	[25-30]%
Atlantsskip	[...]	[0-5]%	[...]	[0-5]%
Samtals	[...]	100,0%	[...]	100,0%
Útflutningur				
Eimskip	[...]	[65-70]%	[...]	[75-80]%
Samskip	[...]	[30-35]%	[...]	[20-25]%
Atlantsskip	[...]	[0-5]%	[...]	[0-5]%
Samtals	[...]	100,0%	[...]	100,0%
Samtals heildarm.				
Eimskip	[...]	[65-70]%	[...]	[75-80]%
Samskip	[...]	[25-30]%	[...]	[20-25]%
Atlantsskip	[...]	[0-5]%	[...]	[0-5]%
Samtals	[...]	100,0%	[...]	100,0%

Tafla 4A: Tekjur í þús. kr. og magn í tonnum auk markaðshlutdeildar Eimskips, Samskipa og Atlantsskipa miðað við tekjur annars vegar og magn hins vegar vegna áætlunarflutninga á sjó milli Íslands og Evrópu árið 2001.

	Tekjur í þús. kr.	Hlutdeild í % m.v. tekjur	Magn í tonnum	Hlutdeild í % m.v. magn
Innflutningur				
Eimskip	[...]	[65-70]%	[...]	[70-75]%
Samskip	[...]	[30-35]%	[...]	[25-30]%
Atlantsskip	0	[0,0]%	0	[0,0]%
Samtals	[...]	100,0%	[...]	100,0%
Útflutningur				
Eimskip	[...]	[65-70]%	[...]	[75-80]%
Samskip	[...]	[30-35]%	[...]	[20-25]%
Atlantsskip	0	[0,0]%	0	[0,0]%
Samtals	[...]	100,0%	[...]	100,0%
Samtals Evrópa				
Eimskip	[...]	[65-70]%	[...]	[75-80]%
Samskip	[...]	[30-35]%	[...]	[20-25]%
Atlantsskip	0	[0,0]%	0	[0,0]%
Samtals	[...]	100,0%	[...]	100,0%

710. Í sömu ákvörðun er því lýst að Eimskip og Samskip hafi samanlagt haft sömu yfirburði á árinu 2002. Einnig er fjallað um sameiginlega sterka stöðu fyrirtækjanna í ákvörðunum nr. 11/2003 og 46/2009. Í kafla 3 hér að framan kemur fram að markaðshlutdeild Eimskips og Samskipa í sjósiglingum milli Íslands og Evrópu jafnist nánast við það að um tvíkeppni hafi verið að ræða á árunum 2007 til 2013. Er við það miðað að á árunum 2007 og 2008 hafi samanlögð hlutdeild fyrirtækjanna verið um og yfir 90% en um 95% árin 2009 til 2013.
711. Samkvæmt þessu höfðu Eimskip og Samskip samanlagt 100% markaðshlutdeild í Evrópusiglingum þegar „neyðarsamkomulagið“ var undirritað á árinu 2001 og höfðu árin þar á eftir áframhaldandi sameiginlega yfirburði. Með sama hætti og lagt var til grundvallar í úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 13/1997 ríkti þannig fákeppni í sjóflutningum til og frá Evrópu á árunum 2001 – 2008. Í framangreindu „neyðarsamkomulagi“ frá 2001 fólst samvinna milli fyrirtækjanna í sjóflutningum innan Evrópu og til og frá Íslandi. Tók það til „venjulegra“ flutninga á fullum gámum og til flutninga á tómum gámum. Leiddi óhjákvæmilega af þessu samskipti milli stjórnenda fyrirtækjanna og samstarf um framkvæmd mikilvægra þátta í þessari flutningastarfsemi. Öll slík samskipti og samstarf fyrirtækja með samanlagt á milli 90 og 100% markaðshlutdeild eru „mjög



varasöm" í samkeppnislegu tilliti, sbr. framangreindan úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála og umfjöllun í kafla 4.6.3.2 um mikilvægi sjálfstæðis keppinauta á fákeppnismörkuðum.

712. Með vísan til alls framangreinds er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að „neyðarsamkomulagið“ frá 2001 (með viðbót um 2x neyðarverð fyrir venjulega flutninga) og sú samvinna sem átti sér stað í Evrópusiglingum á grundvelli þess hafi farið gegn 10. gr. samkeppnislaga. Í sátt Eimskips við Samkeppniseftirlitsins viðurkennir fyrirtækið að tiltekið ólöglegt samráð hafi verið fyrir hendi áður en fundur Samskipa og Eimskips átti sér stað 6. júní 2008. Það samráð hafi m.a. tekið til „gagnkvæmra sjóflutninga á grundvelli svonefnds „neyðarsamkomulags“ [...]“. Eftir þann fund og út rannsóknartímabilið viðurkennir Eimskip að hafa brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga með samráði við Samskip um „sjóflutninga milli Íslands og annarra Evrópulanda“, sbr. liður 1.5 í 1. gr. sáttarinnar.
713. Sem fyrr segir hófst um mitt ár 2008 sameiginlegt verkefni Eimskips og Samskipa sem miðaði að því að auka samráð fyrirtækjanna, m.a. í sjóflutningum innan Evrópu og milli Íslands og annarra Evrópuríkja. Áttu sér m.a. stað viðræður milli fyrirtækjanna um „uppfært neyðarsamkomulag“ og síðar hófust verlega auknir Evrópuflutningar Eimskips fyrir Samskip og nýtt „neyðarsamkomulag“ var gert. Var þessi samvinna fyrirtækjanna hluti af hinu aukna samráði þeirra á árunum 2008 – 2013 og verður hún metin sem hluti af því í umfjöllun síðar í ákvörðun þessari.
714. Samskip staðfesta að samningur hafi verið „í gangi frá árinu 2001“. Telur fyrirtækið auk þess líklegt að keppinautarnir hafi haft slíkt „fyrirkomulag“ til staðar áratugina fram að árinu 2001. Þá staðfesta Samskip að „neyðarsamkomulagið“ hafi verið endurnýjað 2010 og það verið fyrir hendi út rannsóknartímabilið, sbr. mgr. 73 – 76 í athugasemdum fyrirtækisins við AI. Samskip mótmæla því hins vegar að þessir samningar hafi brotið gegn samkeppnislögum. Slíkir samningar þekkist um allan heim og umfang viðskipta Eimskips og Samskipa þessu tengd hafi verið óveruleg. Segja Samskip að augljóst sé að „slíkir tilfallandi flutningar flokkist ekki undir samstarf eða samvinnu á milli félaganna og eru ekki til þess fallnir að hafa áhrif á eða takmarka samkeppni.“ Samskip gagnrýna að Samkeppniseftirlitið hafi vísað til þess að samkomulagið hafi verið „leynilegt“. Þetta eigi sér ekki neina stoð í gögnum málsins og þessari lýsingu sé ætlað að skapa neikvæð hughrif um samninginn.
715. Samkeppniseftirlitið getur ekki fallist á framangreind sjónarmið Samskipa þar sem þau eru hvorki í samræmi við samtímagögn né rétta túlkun á 10. gr. samkeppnislaga. Geta sjónarmið Samskipa því ekki breytt framangreindri niðurstöðu um ólögmeti framangreinds samráðs um Evrópusiglingar. Er þetta nánar rökstutt í kafla 25.1.

5.5. Samstarf Samskipa við keppinaut í landflutningum árið 2002

716. Mál þetta varðar m.a. ólöglegt samráð Samskipa og Eimskips í landflutningum. Skiptir hér máli að fjallað var um lögmeti samstarfs keppinauta á þessu sviði í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 27/2002. Í því máli óskuðu Vöruflutningar Vesturlands (VFV) eftir undanþágu frá banni 10. gr. samkeppnislaga til þess að geta átt í samvinnu við Samskip um vöruafgreiðslu, vörudreifingu og vörusöfnun í Borgarnesi og nærsveitum. Til stuðnings þessu var m.a. vísað til mikilla rekstrarerfiðleika VFV.
717. Í ákvörðun samkeppnisráðs sagði að VFV og Samskip væru keppinautar í vöruflutningum samkvæmt áætlun milli Reykjavíkur og Borgarness. Taldi ráðið að umrædd samvinna VFV og Samskipa færi gegn 10. gr. samkeppnislaga en unnt væri að veita undanþágu. Þótti sannað í málinu að VFV ætti við alvarlega fjárhagsörðugleika að stríða. Til viðbótar benti samkeppnisráð á þetta:

„Eins og fram kom í tl. 5 hér að framan er það mat samkeppnisráðs að samstarfið brjóti gegn 10. gr. samkeppnislaga. Ráðið metur þó aðstæður í máli þessu svo að til að tryggja áframhaldandi samkeppni á umræddri flutningaleið séu forsendur fyrir því að veita undanþágu frá bannákvæði 10. gr. samkeppnislaga á grundvelli 16. gr. laganna. Skilyrði undanþágunnar eru þau að samstarfið nái einungis til vöruafgreiðslunnar í Borgarnesi og því sem henni tengist auk þess sem fyrirtækjunum er með öllu óheimilt að miðla viðskiptalegum upplýsingum sín á milli nema þær sem nauðsynlega



tengjast samstarfinu. Einnig ber að áréttta að þrátt fyrir þessa undanþágu er fyrirtækjunum óheimilt að hafa með sér hvers konar samvinnu um verð eða viðskiptaskilmála á flutningaleiðinni milli Reykjavíkur og Borgarness."

718. Á rannsóknartímabili þessa máls mátti fyrirtækjum sem stunda landflutninga hér á landi vera það ljóst að hvers kyns samvinna um vöruafgreiðslu eða flutninga gat farið gegn 10. gr. samkeppnislaga. Í mgr. 258 í athugasemdum Samskipa við kemur fram að fyrirtækið hefði vegna þessa samstarfs talið „eðlilegt“ að óska eftir undanþágu frá banni 10. gr. samkeppnislaga við ólögmetu samráði.

5.6. Samráð tengt útflutningi á sjávarafurðum

719. Hollensku fyrirtækin Kloosterboer og Daalimpex koma við sögu í þessu máli. Var fyrrnefnda fyrirtækið að hluta í eigu Samskipa en hið síðarnefnda í eigu Eimskips.
720. Í apríl 2005 keyptu Samskip frystiflutninga og geymslustarfsemi hollenska flutningafyrirtækisins Kloosterboer. Um var að ræða frystigeymslur fyrir sjávarafurðir í Hollandi, Noregi og Færeyjum. Einnig fylgdi með í kaupunum sjávarútvegstengd starfsemi félaganna Kloosterboer Shipping og Kloosterboer International Forwarding. Er þessu lýst nánar hér á eftir.
721. Í september 2005 tilkynnti Eimskip að fyrirtækið hefði „gengið frá kaupum á meirihluta hlutafjár í Daalimpex Beheer B.V. í Hollandi en það er stærsta frystigeymslufyrirtæki í Hollandi og eitt hið stærsta í Evrópu.“ Í janúar 2007 var greint frá því að Eimskip hefði eignast Daalimpex að fullu. Er þessu lýst nánar hér á eftir.
722. Flutningsþjónusta til og frá Íslandi tók til þessarar starfsemi Eimskips og Samskipa í Hollandi (t.d. geymsla á frystum sjávarafurðum, m.a. fluttum frá Íslandi og kæling á ferskvöru sem flutt var til Íslands).
723. Hvað útflutning á íslenskum sjávarafurðum áhrærir var um 50% af þeim frystar afurðir á árunum 2002 – 2006 (og árunum þar á undan). Var um að ræða svipað hlutfall á árunum 2006 – 2009 en jókst aðeins á árinu 2010. Mikill meirihluti útflutnings á íslenskum sjávarafurðum fer til annarra Evrópuríkja, mest til Bretlands en þar á eftir til Spánar, Hollands, Frakklands og Þýskalands.³⁷⁵ Þá fer útflutningur á íslenskum sjávarafurðum t.d. til ríkja í Asíu í gegnum mikilvægar hafnir í Evrópu, ekki síst höfnina í Rotterdam.³⁷⁶ Sökum þessa er það ekki að undra að í samtímagögnum Eimskips sé rætt um að frystigeymslur gegni „lykilhlutverki“ í að veita útflytjendum á sjávarafurðum heildarþjónustu, sbr. nánar hér á eftir.³⁷⁷

³⁷⁵ Sjá <https://www.hagstofa.is/talnaefni/atvinnuvegir/sjavarutvegur/>.

³⁷⁶ Hafnir í Hollandi eru afar mikilvægar fyrir vöruflutninga. Eurostat hefur bent á þetta: „In 2010, 3.6 billion tonnes of goods were handled in EU maritime ports, of which 62 % were unloaded. With 538.7 million tonnes, the Netherlands had the highest share (14.8 %) of the goods handled in EU ports, followed by the United Kingdom (14.1 %), Italy (13.6 %) and Spain (10.3 %). [...] The Netherlands, home to the most important port in the EU (Rotterdam), showed a clear concentration of the maritime transport of goods [...]“. Sjá „Impact of the economic crisis on maritime sector“. Eurostat, 21.05.2014. Aðgengilegt á slóð: https://ec.europa.eu/eurostat/statistics-explained/index.php?title=Archive:Impact_of_the_economic_crisis_on_maritime_sectors&oldid=182924.

³⁷⁷ Hefur þessi staða verið lengi fyrir hendi. Í Morgunblaðinu 23.04.1997 var greint frá því Samskip hefðu samið við Kloosterboer í Hollandi og Þýskt fyrirtæki um „geymslu á kældum og frystum afurðum í Rotterdam og Bremerhaven. Samningurinn felur í sér nálagð við markaði erlendis, hagkvæm geymslugjöld og hagkvæmari dreifingu inn á fjarlægari markaði. Samskip hafa þróað þessa þjónustu síðustu misseri, enda þarfir markaðarins að breytast með breyttum áherslum í vinnslu og veiðum. [...], deildarstjóri útflutningsdeilda Samskipa, segir brýna þörf á því að hafa greiðan aðgang að frystigeymslum á erlendum mörkuðum. Með undirritun þessa samnings geti Samskip því boðið upp á frystigeymslur sem notaðar séu sem dreifimiðstöðvar og auðveldi þannig framleiðendum að nálgast endanlegan kaupanda vörunnar, sérstaklega í smásölu. „Við lítum svo á að hér sé verið að bæta úr brýnni þörf. Við komum til dæmis til með að geyma bæði loðnu og síld í þessum frystigeymslum. Þessar tvær afurðir eru ekki framleiddar á sama tíma og framleiðendur hafa því greiðan aðgang að góðum geymslum á hagstæðu verði. Ennfremur lítum við á geymslurnar sem millilagera fyrir vöru sem fara á fjarlægari markaði, svo sem til Asíu. Geymslukostnaður er hagstæðari í Evrópu en í Asíulöndunum og með því að skipa út vörum í geymslu í Evrópu er hægt að dreifa henni beint til endanlegs kaupanda,“ segir [...]. Samningur Samskipa og fyrirtækjanna tveggja er til tveggja ára og segir [...]að í framhaldi hans verði meiri áhersla lögð á að bjóða upp á slíka þjónustu.“ Aðgengilegt á slóð: <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/327404/>.

724. Samráð Samskipa og Eimskips, sem átti sér stað á rannsóknartímabili þessa máls, tók til þessarar starfsemi í Hollandi, sbr. umfjöllun hér síðar. Í mars 2016 komust hollensk samkeppnisyfirkvöld að þeirri niðurstöðu að m.a. Eimskip og Samskip hefðu á árunum 2006 – 2009 haft með sér ólöglegt samráð á markaðnum fyrir frystigeymslutarfsemi í Hollandi. Um hefði verið að ræða verðsamráð, samráð við gerð tilboða, markaðsskiptingu og skipti á upplýsingum. Nánari grein er gerð fyrir þessu hér síðar, sbr. m.a. umfjöllun í kafla 7.5.1.
725. Gögn málsins sýna hins vegar að ólöglegt samráð var að einhverju leyti hafið áður en Eimskip og Samskip eignuðust umrædd hollensk fyrirtæki. Það samráð teygði anga sína m.a. til Íslands. Verður nú vikið að þessum gögnum þar sem þau fela í sér inngang að þeirri atburðarrás sem átti sér stað eftir að hollensku fyrirtækin komust í eigu Eimskips og Samskipa.


5.6.1. Samskipti Kloosterboer og Eimskips 2002 - 2006

726. Í málinu liggur fyrir glærुकyning Eimskips frá 6. nóvember 2002. Fannst hún hjá [\(E\)frkvstj-alþjvs](#)³⁷⁸ og ber heitið: „*Samstarf á milli Eimskips og Kloosterboer*“.³⁷⁹ Kyningin var liður í undirbúningi Eimskips fyrir fund með Kloosterboer sem haldinn var 15. nóvember 2002. Fram kemur að Kloosterboer ræki frystigeymslur í Hollandi, Noregi og Færeyjum og að fyrirtækið hefði verið að „*þróa sig í heildarþjónustu í sjávarútvegi, þ.e. frá losun togara, framleiðslu, geymslu og flutningum um heim allan.*“ Í glærunum var sjávarútvegsþjónustu Kloosterboer lýst svo:

Kloosterboer

- sjávarútvegsþjónusta -

- ✓ Þeirra þjónustumynd í Norður Atlantshafi byggir á rekstri fyrirgeymsla á uppruna stöðum sjávarafurða og miðstöðu í Hollandi
 - ✓ Starfrækja geymslur í Noregi, í Færeyjum og eru í nánum tengslum bæði við sendendur og kaupendur
 - ✓ Þeir eru að þjónusta að hluta sama viðskiptamannahóp og Eimskip
- ✓ Kloosterboer nýtir sér frystiskip til að flytja síðan sjávarurðinar til Hollands og nota þá frystigeymsluna í Ijmuiden
 - ✓ Ijmuiden er í raun hjarta í þeirra sjávarafurðaflutningakeðju
 - ✓ Dreifa síðan um heim allan í gegnum höfnina í Rotterdam eða með frystiskipi í Ijmuiden
 - ✓ Reka sjálfir öflugra flutningsmiðlunarþjónustu á sviði frystiflutninga undir heitinu Kloosterboer Shipping
- ✓ Þessi þróun þeirra á heimamarkaði Eimskips er ógnun við siglingakerfi, Eimskips
 - ✓ Aftur á móti liggja tækifæri í samlegðaráhrif fyrirtækjanna




727. Samkvæmt þessu var Kloosterboer að hluta til í viðskiptum við sömu sjávarútvegsfyrirtæki og Eimskip og voru aukin umsvif Kloosterboer „á heimamarkaði Eimskips“ talin vera „ógn við siglingakerfi Eimskips.“ Til viðbótar kom fram í glærुकyningunni að Eimskip hefði vitneskju um að Kloosterboer hafi verið að „*skoða möguleika á Íslandi og þeir hafa staðfest við okkur að það sé inná þeirra áætlun.*“ Í glærुकyningunni er mögulegum áformum Kloosterboer lýst með eftirfarandi hætti:

³⁷⁸ Framkvæmdastjóri alþjóðasviðs Eimskips á rannsóknartímabilinu.

³⁷⁹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...]

Eimskip / Kloosterboer

- Norður Atlantshaf -



728. Einnig kemur fram í kynningunni að Eimskip og Kloosterboer væru að vinna saman á ýmsum svæðum, m.a. í Rotterdam „í tengslum við áætlunarsiglingar Eimskips“. Væri Kloosterboer „aðal frystigeymslubirgjar“ Eimskips í Hollandi.
729. Í glærunum voru síðan settir fram kostir þess að annað hvort stofna til frekara samstarfs við Kloosterboer eða kaupa hlut í fyrirtækinu. Einn kosturinn við eignatengsl eða aukna samvinnu var sagður þessi:
- „Varnarstrategía gagnvart mögulegri innkomu Kloosterboer á Íslandi.“
730. Sýnir þetta að Kloosterboer hafi íhugað inngöngu inn á íslenskan markað og yrði þar með beinn keppinautur Eimskips (og Samskipa) hér á landi. Var það niðurstaða kynningarinnar að efna annaðhvort til samstarfs við Kloosterboer eða eignast hlut í félaginu m.a. í því skyni að vinna gegn því að Kloosterboer hæfi samkeppni á Íslandi.
731. [\(E\)frkvstj-alþjv](#) tók saman fundargerð, dags. 18. nóvember 2002, sem lýsir umræddum fundi Eimskips með Kloosterboer 15. nóvember 2002. Mættir voru á fundinn samkvæmt fundargerðinni [\(E\)frkvstj-alþjv](#), [\(E\)forstj-fyrrv](#) (þáverandi forstjóri Eimskips), Kloosterb1 og [...] ³⁸⁰. Kloosterb1 var einn af stjórnendum Kloosterboer og var hann „ábyrgur fyrir sjávarafurðum“. ³⁸¹ Var Kloosterb1 hluti af Kloosterboer fjölskyldunni sem átti samnefnt fyrirtæki. Hér er rétt að taka strax fram að þegar Samskip keyptu á árinu 2005 sjávarútvegshluta Kloosterboer varð Kloosterb1 starfsmaður Samskipa. Gegndi hann þá starfi „framkvæmdastjóra frystigeymslusviðs Samskipa“ og samskipti hans við [\(E\)frkvstj-alþjv](#) héldu áfram. Verður þessu nánar lýst hér á eftir.

³⁸⁰ Þessi starfsmaður Kloosterboer ranglega nefndur ættarnafninu „[...]“ í fundargerðinni. Varð síðar starfsmaður Eimskips á árinu 2004.

³⁸¹ Lýst svo í minnisblaði [...] frá 18.02.2003, sbr. nánar hér á eftir.



732. Í fundargerðinni frá 18. nóvember 2002 segir að Eimskip og Kloosterboer hafi þegar átt með sér nokkra fundi („few meetings“) þar sem rætt hafi verið um mögulega samvinnu. Tilgangur þessa fundar væri að halda þeirri umræðu áfram og ræða tilteknar hugmyndir þar að lútandi. Síðan segir:

„Eimskip has defined its home market as North Atlantic Ocean and the company mission is supporting Eimskip development in this area. The area is defined from West and North cost of Norway to the New England Area. The main reason for this strategy is that the transportation needs are similar and Eimskip has specialized itself in services for the seafood industry. [...]

To support better the seafood industry Eimskip is operating cold stores in Iceland and Newfoundland. Eimskip has been evaluating to expand its cold store services further in Iceland, Faroe Island, Norway and on continental Europe. [...]

Eimskip is currently evaluating how to take the next step to develop further in the Home Market and therefore approached Kloosterboer to evaluate possibilities.

Possible concept

Both parties agreed that Eimskip and Kloosterboer could together offer the best Logistic System on the North Atlantic Market. With such system that is Eimskip and Kloosterboer offers joint services with one approach to the customers, we could offer a total solution for the seafood customers in the North Atlantic and create new development opportunities for both companies.

Looking at the synergy for Kloosterboer and Eimskip then:

- *Able to offer the best logistic system in the North Atlantic*
- *Use the system of each other and reduce cost*
- *Able to generate new customers and cargo for both companies through such set-up*
- *Avoid future competition between Eimskip and Kloosterboer*
- *Increase the new entry barrier for new players in the market*
- *Increase revenue for both companies*

Conclusion

*Both Kloosterboer Eimskip agreed that there is an interest to continue further this discussion and define further how we could work together. [...]*³⁸²

733. Til viðbótar er í fundargerðinni lýst sérstökum verkefnum („projects“) sem Eimskip og Kloosterboer ætluðu einnig að vinna saman að. Kloosterb1 ætlaði að senda forstjóra Eimskips fjárhagslegar upplýsingar um rekstur félagsins í Færeyjum, Noregi og Hollandi. Jafnframt ætluðu fyrirtækin ((E)frkvstj-alpjsv og [...]) að ræða „sameiginlega nálgun“ vegna komandi loðnuvertíðar („discuss joint approach in the next cabeline [svo] season out of Norway“). Þáverandi forstjóri Eimskips ætlaði að hafa samband við starfsmann Eimskips í Færeyjum varðandi mögulega nýja starfsmenn fyrir Kloosterboer. Fram kom að stefnt væri að því að næsti fundur fyrirtækjanna yrði í desember 2002.

734. (E)frkvstj-alpjsv sendi hinn 18. febrúar 2003 tölvupóst til samstarfsmanns síns hjá Eimskip, (E)starfsm. Í viðhengi voru drög að minnisblaði (E)frkvstj-alpjsv (dags. 18. febrúar 2003) sem báru heitið „Aukið samstarf við Kloosterboer“. Er það skjal efnislega líkt fundargerðinni frá 18. nóvember 2002. Er greint frá því að Kloosterboer hefði verið að „þróa sjávarútvegshluta fyrirtækisins í þá átt

³⁸² Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...]



að veita heildarþjónustu gagnvart sínum viðskiptavinum." Kemur og skýrt fram í minnisblaðinu að Kloosterboer sé keppinautur Eimskips:

„Eimskip hefur verið að nýta sér þjónustu Kloosterboer í Rotterdam, Færeyjum og Noregi þ.e. sjávarútvegshluta fyrirtækisins. Meir og meir hafa fletir verið að skarast þar sem Kloosterboer er einnig keppinautur Eimskips á norður Atlantshafi. Viðræður hafa verið í gangi á milli Eimskips og Kloosterboer og samstarf/eignaraðild í ljósi hversu samvinnuð framleiðslukerfi félaganna eru á þessu markaðssvæði.“

735. Þá er í minnisblaðinu vísað til viðræðna við Kloosterboer og kemur fram að Eimskip stefni að auknu samstarfi við fyrirtækið. Bent er á að annars geti þetta gerst:

„Að fara í sitt hvora áttina og verða samkeppnisaðilar, sem við erum að hluta til í dag. Hafandi í huga að Kloosterboer er búð að vera að meta möguleika að opna frystigeymslu á Íslandi þá er hættu að við munum finna meira fyrir þeim á því markaðssvæði.“³⁸³

736. Í málinu er að finna glærुकyningu Eimskips sem ber heitið „*Þróun í frystiflutningsmiðlun og auknið samstarf við Kloosterboer. Mars 2003*“. Er um að ræða kynningu á þessum viðræðum fyrir stjórn Eimskips.³⁸⁴ Í glærunum er gerð grein fyrir því að Eimskip og Kloosterboer séu að hluta til keppinautar í þjónustu gagnvart m.a. íslenskum fyrirtækjum. Hið sama eigi við um Daalimpex (sem Eimskip eignaðist hlut í á árinu 2005):

„• Hluti af þessari nýju samkeppni er sú að frystigeymslufyrirtæki í Hollandi hafa verið að þróa sínar þjónustur og bjóða heildarlausn til viðskiptavina í sjávarútvegi

- *Sem dæmi eru Kloosterboer, Eurofrigo og Daalimpex*
- *Þessi fyrirtæki hafa einnig mikið verið að einblína á norður Atlantshafið og eru að hluta í sama viðskiptamannahópnum og Eimskip*
 - *Hér má nefna Ísland, Færeyjar og Noreg ásamt íslenskum fyrirtækjum á meginlandi Evrópu*
 - *Fókus er einkum á uppsjávarafurðir, þ.e. mikið magn sem passar í frystiskip og hentugt að gáma t.d. í Hollandi og senda þaðan víða um heim. Frystigeymslur spila eitt af lykilhlutverkum í þessari flutningskeðju.“*

737. Fram kemur einnig í glærुकyningunni að Kloosterboer hafi „*látið vita af því að það er aðeins tímaspursmál hvenær ráðist verður í byggingu á frystigeymslu á Íslandi*“. Hafi Kloosterboer verið í „*viðræðum við Samherja og einnig vitum við að þeir eru í reglulegum heimsóknnum til Íslands*.“ Er tekið fram að Kloosterboer sé nú þegar samkeppnisleg ógn gagnvart Eimskip og ógnin verði „*mun meiri*“ ef „*kerfi þeirra verður útvíkkað til Íslands*.“

738. Segir jafnframt í glærुकyningunni að í gangi væru hins vegar viðræður við Kloosterboer um umfangsmikla samvinnu fyrirtækjanna um heildarlausnir fyrir sjávarútvegsfyrirtæki í Norður-Atlantshafi með nýtingu framleiðslukerfa hvors annars. Þetta geti endað með því að Eimskip eignist sjávarútvegsstarfsemi Kloosterboer í heild eða að hluta. Var í glærुकyningunni lagt til að stjórn Eimskips myndi veita heimild til viðræðna við Kloosterboer um framangreint.

739. Fyrir liggur í málinu að það var þáverandi forstjóri Eimskips, (E)forstj-fyrirv, sem kynnti viðræðurnar við Kloosterboer fyrir stjórn Eimskips og að stjórnin hefði verið fylgjandi áframhaldandi viðræðum við Kloosterboer. Teldi stjórn Eimskips að áhersla í þeim viðræðum ætti að vera þjónusta við sjávarútvegsfyrirtæki í Norður-Atlantshafi. Kemur þetta fram í glærum sem (E)frkvstj-alþjv sendi

³⁸³ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...]

³⁸⁴ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...]



(E)starfsm 18. apríl 2003.³⁸⁵ Voru glærur þessar hluti af undirbúningi að fundi með Kloosterboer sem haldinn var 23. apríl 2003.

740. Á grundvelli þessara samskipta Eimskips og Kloosterboer sömdu félögin sameiginlega skýrslu þar sem fram koma hugmyndir um samráð fyrirtækjanna. Þann 13. ágúst 2003 sendi (E)frkvstj-alþjsv „skýrsluna“ til (E)forstö-útl og tók fram í tölvupóstinum að hún væri trúnaðarmál. Skýrslan er sameiginleg og ítarleg úttekt Kloosterboer og Eimskips.³⁸⁶ Er skýrslan dagsett júní 2003 og var hún samin af vinnuhópi („work group“) sem samanstóð af tveimur starfsmönnum Eimskips og tveimur starfsmönnum Kloosterboer (m.a. (E)frkvstj-alþjsv og [...]).
741. Skýrslan er merkt sem trúnaðarmál og bar heitið „Study of further co-operation between Kloosterboer and Eimskip“. Er skýrslan fimmtán blaðsíður að lengd og í henni er að finna margvíslegar upplýsingar um starfsemi og stefnu viðkomandi fyrirtækja. Veita þau í henni m.a. upplýsingar um samkeppnislega veikleika, styrkleika og möguleika og áform á markaði.
742. Í skýrslunni kemur fram að Kloosterboer bjóði upp á margvíslega þjónustu. Auk reksturs á frystigeymslum annist fyrirtækið m.a. sjóflutninga, flutningsmiðlun og tengda þjónustu. Taldi Kloosterboer síðan upp keppinauta fyrirtækisins. Sagt er að á frystigeymslmarkaði keppi fyrirtækið við Daalimpex (sem var þátttakandi í samráðinu í Hollandi á árunum 2006 – 2009) og Eurofrigo (sem (E)frkvstj-alþjsv reyndi á árinu 2008 að draga inn í samráðið í Hollandi, sbr. umfjöllun í kafla 7.5.1). Í sjóflutningum („short sea“ flutningum) og flutningsmiðlun væru m.a. Samskip og Eimskip taldir upp sem keppinautar.
743. Í skýrslunni er því einnig lýst að Eimskip bjóði sjávarútvegsfyrirtækjum heildarþjónustu. Það geri fyrirtækið m.a. með því að reka frystigeymslur á Íslandi og eiga í samstarfi við erlend frystigeymslufyrirtæki. Eimskip glími hins vegar við þann samkeppnislega veikleika að geta ekki boðið upp á nægilegt frystigeymslurými í Norður Atlantshafi og Evrópu („Lack of reefer storages in North Atlantic and Europe“). Fram kemur einnig að Eimskip nýti sér frystigeymslur Kloosterboer í Hollandi vegna útflutnings frá Íslandi. Eimskip vilji hins vegar efla þjónustu sína við sjávarútveg, m.a. á sviði frystigeymsluþjónustu og í frystiflutningsmiðlun.
744. Í skýrslunni er lýst því samstarfi sem var fyrir hendi milli fyrirtækjanna þegar skýrslan var skrifuð. Var því lýst sem „vinsamlegri samkeppni“:
- „Currently Eimskip and Kloosterboer are working in „friendly competition“. The companies are using each others services, but the trend has been in such way that the customer group is crossing more and more.“
745. Í skýrslunni kemur fram að þessi „vingjarnlega samkeppni“ milli fyrirtækjanna hafi ýmsa kosti:
- „Better understanding of each other business and less competition
Open information flow and understanding for each customer base.“
746. Gildandi fyrirkomulag og hin aukna skörun á viðskiptavinum fyrirtækjanna hefði einnig í för með sér hættu eða galla, m.a.:
- „Kloosterboer and Eimskip have similar strategy in the North Atlantic. This means in the future increased possibility of competition.“
747. Í skýrslunni voru síðan settar fram hugmyndir og tillögur til þess að vinna gegn hættunni á aukinni samkeppni milli Eimskips og Kloosterboer. Þar var m.a. fjallað um eftirfarandi:

³⁸⁵ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...]

³⁸⁶ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...]



- Skiptingu á mörkuðum eftir landsvæðum og viðskiptavinum („*Area split/customers split*“). Kemur fram að þessi skipting verði að vera skýr („*clear*“) og geti m.a. falist í því að Eimskip annist þá þjónustu sem íslensk fyrirtæki þurfi á að halda vegna flutninga til Færeyja og Noregs og Kloosterboer annist þá þjónustu sem þau fyrirtæki þurfi á að halda vegna flutninga til Austurlanda fjær.
- Eimskip eignaðist 25% eignarhlut í frystigeymslustarfsemi Kloosterboer í Færeyjum og Hollandi.

748. Var í skýrslunni gerð tillaga um framangreinda leið, þ.e. að Eimskip eignaðist 25% hlut í Kloosterboer og skýra skiptingu á viðskiptavinum og markaðssvæðum. Í lok skýrslunnar kemur fram að félögin áformi að eiga frekari fundi og stefnt sé að því að niðurstaða um samstarf liggi fyrir um áramótin 2003/2004.

749. Ekki er að sjá að umrædd niðurstaða hafi náðst í árslok 2003. Í september 2004 var hins vegar rætt innan Eimskips um áframhaldandi viðræður við Kloosterboer og vilja til þess að auka samstarf fyrirtækjanna. Í glærukynningu ([E](#))frkvstj-[alpjsv](#) „*Eimskip International – Management Meeting 9th & 10th september 2004*“ er fjallað um þetta. Á glæru sem fjallar um ný verkefni segir:

„• *Coldstore facilities are imperative part of the service to the seafood industry*

- *Kloosterboer. We have been talking together and there is a willingness on their behalf to increase cooperation.*
- *Daalimpex. This coldstore is for sale and they have approached Eimskip.*³⁸⁷

750. Voru Eimskip þannig í viðræðum á þessum tíma við bæði Daalimpex og Kloosterboer.

751. Gögn málsins gefa til kynna að snemma á árinu 2005 hafi bæði Eimskip og Samskip viljað eignast hluti í Kloosterboer. Er þessu lýst í tölvupósti sem RB, stjórnarmaður í Kloosterboer, sendi þáverandi forstjóra Eimskips, ([E](#))forstj-[fyrrv](#), í apríl 2006:

„*We met in Amsterdam and Hoofddrop early 2005 during the discussions you had with Kloosterboer on the purchase of the product group fish. As you might remember I am on the board of directors of Kloosterboer [...]*

*You explained the strategy of Eimskip, which appealed to me. As you know shortly after the brothers Kloosterboer broke off negotiations with Eimskip, they got involved in negotiation with Samskip. These negotiation resulted in the sale of the product group fish to Samskip.*³⁸⁸

752. RB kemur aftur við sögu í ágúst 2007 en þá sendi hann tölvupóst þar sem fram kemur að Eimskip og Samskip skipti með sér markaðnum, sbr. kafla 5.9.

5.6.2. Samskip kaupa sjávarútvegsstarfsemi Kloosterboer

753. Sem fyrr segir keyptu Samskip hluta af starfsemi Kloosterboer í apríl 2005. Í frétt Morgunblaðsins 25. apríl 2005 var greint frá fréttatilkynningu Samskipa um þessi kaup: „*Samskip hafa keypt frystiflutninga- og geymslustarfsemi hollenska flutningafyrirtækisins Kloosterboer og verður hún sameinuð frystiflutningastarfsemi Samskipa. Um er að ræða frystigeymslur fyrir sjávarafurðir í Hollandi, Noregi og Færeyjum og er heildargeymsluplássið um 84 þúsund tonn, samanborið við um sex þúsund tonna geymslupláss í Ísheimum, frystigeymslu Samskipa á Íslandi.*

Fram kemur í tilkynningu frá Samskipum, að Kloosterboer sé umfangsmesta fyrirtækið á sínu sviði í Hollandi með um 100 starfsmenn og eftir kaupin verði Samskip því eitt af leiðandi fyrirtækjum Evrópu í þjónustu við sjávarútveginn, með frystiskip, frystigeymslur, löndunaraðstöðu og gámaflutninga-

³⁸⁷ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...]

³⁸⁸ Afhent afrit af tölvupósti frá Eimskip, afhent dags. 23.03.2015. [...]



starfsemi. Jafnframt sé stefnt á enn frekari markaðshlutdeild í frystiflutningum í Eystrasaltslöndunum og Asíu.

Kloosterboer höndlar um 220 þúsund tonn af sjávarafurðum árlega og eftir kaupin er gert ráð fyrir að flutningar Samskipa á frosnum fiski nemi ríflega einni milljón tonna á þessu ári. Eftir kaupin á frystiflutninga- og geymslustarfsemi Kloosterboer eiga Samskip sjö þúsund tonna frystigeymslu í Kollafirði í Færeyjum, 20 þúsund tonna frystigeymslu í Álasundi í Noregi, 40 þúsund tonna frystigeymslu í Ijmuiden í Hollandi og 17 þúsund tonna frystigeymslu í Rotterdam, auk Ísheima á Íslandi, sem taka um 6 þúsund tonn. Einnig fylgir með í kaupunum sjávarútvegstengd starfsemi félaganna Kloosterboer Shipping BV og Kloosterboer International Forwarding BV. [...]

Kloosterboer Shipping er markaðsráðandi í frystiflutningum í Norður-Evrópu og Kloosterboer International Forwarding er umsvifamikill umboðsaðili fyrir flutninga til og frá Rotterdam og hefur starfsemi stöðugt verið að aukast.³⁸⁹

754. Daginn eftir var að finna eftirfarandi umfjöllun í Morgunblaðinu: „Sambætting starfsemi Kloosterboer við frystiflutningastarfsemi Samskipa á Íslandi og erlendis mun styrkja umtalsvert stöðu okkar á Evrópumarkaði og gera okkur kleift að bjóða sjávarútvegsfyrirtækjum upp á alhliða þjónustu,“ segir [(S)aðaleig-stjform-SH], starfandi stjórnarformaður Samskipa.

„Nú getum við jöfnum höndum boðið upp á landanir úr frystitögurum og vinnsluskipum á Íslandi, í Færeyjum, Noregi og Hollandi, sem og geymslu alls kyns frystiafurða. Einnig erum við með umfangsmikla flutningaþjónustu á frysti- og kælivörum vítt og breitt um heiminn; hvort sem er í Skandinavíu, Norður-Evrópu, Norður-Ameríku eða Asíu, en mikil gerjun er í þessari flutningastarfsemi í heiminum í dag,“ segir [(S)aðaleig-stjform-SH].

Áætlað er að velta Samskipasamsteypunnar á þessu ári verði um 45 milljarðar króna og að flutningar Samskipa á frosnum fiski nemi ríflega einni milljón tonna á þessu ári.“

755. Sávarútvegsstarfsemin sem Samskip keyptu var rekin undir nafni Kloosterboer fram á haustið 2009.³⁹⁰ Var nafninu þá breytt í Frigocare.
756. Með þessum kaupum höfðu Samskip nánar tiltekið eignast þá starfsemi Kloosterboer sem var andlag viðræðna Eimskips og Kloosterboer sem lýst var hér að framan. Framangreindur stjórnandi hjá Kloosterboer, Kloosterb1 (sem var „ábyrgur fyrir sjávarafurðum“), sem átt hafði í samskiptum við m.a. (E)frkvstj-alþjvsv varð stjórnandi hjá þessari einingu Samskipa. Nánar tiltekið tók hann við starfi „framkvæmdastjóra frystigeymslusviðs Samskipa.“³⁹¹ Starfaði hann hjá Samskipum fram á árið 2009.³⁹²

5.6.3. Eimskip kaupir hlut í Daalimpex

Í september 2005 var greint frá því í fjölmiðlum að Eimskip hefði keypt meirihluta hlutafjár í keppinanti Kloosterboer, Daalimpex. Í fréttatilkynningu Eimskips var sagt frá því að fyrirtækið hefði „gengið frá kaupum á meirihluta hlutafjár í Daalimpex Beheer B.V. í Hollandi en það er stærsta frystigeymslufyrirtæki í Hollandi og eitt hið stærsta í Evrópu.“ Í Morgunblaðinu 1. september 2005 birtist frétt um þetta með fyrisögninni: „Eimskip kaupir risageymslufyrirtæki“. Þar kemur þetta m.a. fram: „Daalimpex rekur fjórar frystigeymslur í Hollandi og segir [...], forstjóri Eimskips, kaupin munu styrkja verulega stöðu Eimskips í frystiflutningum en heildarflutningsmagn í frysti- og kæliflutningum mun tvöfaldast við þessi kaup og verða tvær milljónir tonna á ársgrundvelli. „Til að gefa einhverja hugmynd um geymslugetu Daalimpex má nefna að í geymslum fyrirtækisins er hægt að geyma um

³⁸⁹ „Samskip kaupir frystiflutninga- og geymslustarfsemi Kloosterboer“. Morgunblaðið. 25.4.2005: https://www.mbl.is/vidskipti/frettir/2005/04/25/samskip_kaupir_frystiflutninga_og_geymslustarfsemi_k/.

³⁹⁰ Samskip hafa upplýst að samkvæmt kaupsamningi hafi fyrirtækið mátt nota vörumerkið Kloosterboer næstu þrjú árin, sbr. athugasemdir Samskipa við AI. Fram kemur í mgr. 262 að vörumerkið hafi verið notað fram á haustið 2009.

³⁹¹ Sjá mgr. 159 í athugasemdum Samskipa við AI.

³⁹² Sjá mgr. 262 í athugasemdum Samskipa við AI.



220.000 tonn af vörum, en geymslur Eimskipa á Íslandi rúma um 7.000 tonn," segir hann." Fram kemur einnig í fréttinni að frystigeymslur Daalimpex geymi „aðallega sjávarafurðir, mjólkurafurðir, kjöt og kjúklingaafurðir, ávaxtaþykki, ávexti og grænmeti."³⁹³

757. Hér ber að rifja upp að í framangreindri glærukynningu Eimskips frá mars 2003 voru Daalimpex og Kloosterboer taldir vera keppinautar í sölu þjónustu til m.a. íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja. Blasir við að Eimskip ætlaði með kaupunum á Daalimpex að styrkja stöðu sína í frystiflutningum og annarri þjónustu við m.a. íslensk fyrirtæki.³⁹⁴

5.6.4. Samskipti halda áfram

758. Gögn málsins sýna að Eimskip hélt áfram samskiptum við sjávarútvegsdeild Kloosterboer eftir að sú starfsemi komst í eigu Samskipa í apríl 2005. Hér ber og að minnst þess að samkvæmt niðurstöðu hollenskra samkeppnisyfirlvalda áttu Eimskip (þ.m.t. Daalimpex) og Samskip (þ.m.t. Kloosterboer) í ólögmetu samráði á árunum 2006 – 2009.

759. Sem fyrr segir tók (S)frkvstj-frystig við stöðu framkvæmdastjóra frystigeymslusviðs Samskipa eftir kaup Samskipa á sjávarútvegsstarfsemi Kloosterboer. Eins og áður kom fram hafði hann átt í samskiptum við m.a. (E)frkvstj-alþjv í fyrra starfi. Héldu (S)frkvstj-frystig og (E)frkvstj-alþjv þeim samskiptum áfram eftir að Samskip keyptu umræddan hluta Kloosterboer og Eimskip keypti eignarhlut í Daalimpex. Gefa m.a. eftirfarandi samskipti þeirra frá janúar og febrúar 2006 til kynna ólögmett samráð:

- Þann 10. janúar 2006 sendi (S)frkvstj-frystig tölvupóst til (E)frkvstj-alþjv. Vísaði hann til kaupa Eimskips á eignarhlut í Daalimpex og fréttaflutnings um áframhaldandi aðkomu seljanda eignarhlutarins að stjórn Daalimpex. Síðan segir:

„Sounds like not to good for you/Eimskip but still hope we can have a meeting to see what we can do for you and to continue our relation. Looking forward hearing from you"

- Daginn eftir sendi (S)frkvstj-frystig aftur tölvupóst til (E)frkvstj-alþjv og sagði í honum að hann hefði frétt að Eimskip/CTG vilji hætta að nota tiltekna hafnarþjónustu Kloosterboer („terminal" þjónustu). (S)frkvstj-frystig varaði (E)frkvstj-alþjv við því að þau áform geti skapað „ókyrrð":

„This is to bad and will create some turbulence. Lets try to have a meeting. Looking forward hearing from you".

- Um 20 dögum síðar, 1. febrúar 2006, sendi (S)frkvstj-frystig aftur tölvupóst og vill hitta (E)frkvstj-alþjv sem fyrst og ræða „almenn málefni". Einnig vísar hann til þess að hann hafi rætt við (E)frkvstj-alþjv um að ekki sé skynsamlegt fyrir Daalimpex að lækka verð:

„Hope all is well on you end. Trust you are very busy.

I still think it might be wise to have a meeting whenever convenient from your side about general matters.

³⁹³ „Eimskip kaupir risageymslufyrirtæki". Morgunblaðið. 1.09.2005. Aðgengilegt á slóð: <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1035913/>.

³⁹⁴ Hóf Eimskip strax eftir kaupin að kynna Daalimpex fyrir íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum. Í Morgunblaðinu 7.09.2005 var þannig að finna umfjöllun um sjávarútvegssýninguna sem haldinn var þessum tíma í Kópavogi. Var þar rætt við starfsmann Eimskips um þjónustu fyrirtækisins við sjávarútvegsfyrirtæki og að Eimskip ætli sér að sinna síbreytilegum þörfum sjávarútvegsins. Lýsti starfsmaðurinn því að með kaupum á Daalimpex muni geymslugeta Eimskips eflast „gríðarlega" og tekið fram að á bús fyrirtækisins á sýningunni verði Daalimpex kynnt. „Eimskip – fersk hugsun alla leið". Morgunblaðið. 7.09.2005. Aðgengilegt á slóð: <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1036947/>.



ps As told you earlier the simpel [svo] way of lowering rates from Daalimpex towards all clients is rather short term thinking. On the discharging of the trawlers from WZ they loose at least Euro 5000,- per trawler. If you are in the position you should ask and check."

- (S)frkvstj-frystig sendi enn á ný tölvupóst átta dögum síðar (8. febrúar 2006) og leggur aftur til að hann og (E)frkvstj-alþjsv hittist sem fyrst. (E)frkvstj-alþjsv svaraði 15. febrúar 2006 og (S)frkvstj-frystig svaraði honum síðan daginn eftir. (E)frkvstj-alþjsv kvaðst í svari sínu vona að (S)frkvstj-frystig hefði átt góða ferð til Noregs og bað hann um að hringja í sig í næstu viku. Kvaðst (S)frkvstj-frystig vera upptekinn í þeirri viku en myndi síðan hafa samband.³⁹⁵ Stefndi (S)frkvstj-frystig þannig að því að eiga samskipti við (E)frkvstj-alþjsv í lok febrúar eða byrjun mars 2006.

760. Þann 3. apríl 2006 var haldinn fundur í stjórn Daalimpex. Samkvæmt fundargerð sátu fundinn m.a. þáverandi forstjóri Eimskips, (E)forstj-fyrirv, (E)frkvstj-alþjsv og framkvæmdastjóri Daalimpex, (E)frkvstj-Daalimpex. Á bls. 2 í fundargerðinni, undir dagskrárlið nr. 5: „Financial information Januray and February 2006“, segir:

„Further a note is made on the present market situation and the overall storage rates. These rates are really under pressure and this is mainly because of the strong competition between Kloosterboer and Daalimpex. At them moment a strong focus is been worked out on an overall increase of the rates. The expectaion for the month March is bteer [svo] than Januray and Febrary [svo].

(E)frkvstj-alþjsv will inform [(E)frkvstj-Daalimpex] on a schedule for monthly and quartly financial reports requests from Eimskip.“³⁹⁶

761. Í þessu samhengi ber að líta til sjónarmiða Samskipa. Í mgr. 259 og áfram í athugasemdum við AI er lýst kaupum Samskipa á „fiskitengdri þjónustu Kloosterboer“ í apríl 2005 og fjallað um áhrif kaupa Eimskips á hlut í Daalimpex: „Í september 2005 keypti Eimskip meirihluta hlutafjár í hollenska félaginu Daalimpex. Þetta leiddi til þess að Kloosterboer missti öll sín viðskipti við Eimskip og tengda aðila. Þannig færðu Eimskip öll sín viðskipti frá Kloosterboer til Daalimpex ásamt því að hafa milligöngu um tilfærslu á viðskiptum fyrir m.a. Icelandic Group³⁹⁷ sem Eimskip áttu hlut í á þessum tíma. Icelandic Group var á þessum tíma stærsti viðskiptavinur Kloosterboer. Í kjölfarið upphófst mikið verðstríð sem leiddi til þess að rekstur geymslna Daalimpex og Kloosterboer varð óarðbær.“

762. Áðurnefnd fundargerð Daalimpex frá apríl 2006 staðfestir að það var verðstríð á þessum tíma milli Kloosterboer (Samskipa) og Daalimpex. Fundargerðina ber og að virða í samhengi við framangreinda tölvupósta (S)frkvstj-frystig til (E)frkvstj-alþjsv frá febrúar 2006 þar sem (S)frkvstj-frystig vísar til þess að hann hafi áður bent (E)frkvstj-alþjsv á að almenn verðlækkun Daalimpex sé „rather short term thinking“ og þeir ákveða að hittast eða ræða saman. Í fundargerðinni er síðan vísað til þess að „strong focus is been worked out on an overall increase of the rates.“ Að mati Samkeppniseftirlitsins gefur þetta eindregið til kynna að (E)frkvstj-alþjsv og (S)frkvstj-frystig hafi átt í samskiptum sem hafi miðað að sameiginlegri verðhækkun Samskipa (Kloosterboer) og Daalimpex. Með öðrum orðum hafi átt sér stað samskipti sem ætlað var að stöðva verðstríðið og sökum þessa var í fundargerðinni gert ráð fyrir betri afkomu. Fyrri samskipti (E)frkvstj-alþjsv við Kloosterboer, þar sem fram kom m.a. ríkur vilji til þess að draga úr samkeppni, styðja þetta mat.

763. Samskipti milli keppinauta sem felast í því að einn keppinautur kvartar við annan yfir verðsamkeppni sem ríkir þeirra á milli eru skýrt dæmi um samskipti sem eru talin til ólögmeats samráðs, en tilgangur slíkra samskipta er jafnan að draga úr samkeppni, sbr. umfjöllun í kafla 4. Slík samskipti teljast enn alvarlegri þegar þau fela í sér hvatningu til að hækka verð. Fólu samskipti (E)frkvstj-alþjsv og (S)frkvstj-frystig í sér slíka hvatningu.

³⁹⁵ Afhent afrit af tölvupósti frá Eimskip, afhent dags. 23.03.2015. [...]

³⁹⁶ Afhent afrit af tölvuskjali frá Eimskip, afhent dags. 23.03.2015 [...]

³⁹⁷ Áður Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna (SH).

764. Þann 16. maí 2006 var í fjölmiðlum greint frá fréttatilkynningu Eimskips þar sem kom fram að fyrirtækið hefði gengið frá kaupum á bresku frystigeymslufyrirtæki, Innovate, og eftirfarandi tekið fram: „Í tilkynningu Eimskips segir að með kaupunum á hollenska frystigeymslufyrirtækinu Daalimpex fyrr á árinu og Innovate nú sé Eimskip orðið ráðandi aðili í Evrópu þegar kemur að geymslu á hitastýrðum matvælum.“³⁹⁸ Þann 11. janúar 2007 sendi Eimskip frá sér aðra tilkynningu þar sem segir m.a.: „Eimskip hefur gengið frá kaupum á öllu hlutafé í Daalimpex beheer B.V. í Hollandi en fyrir átti Eimskip 40% hlut. Daalimpex er eitt stærsta frystigeymslufyrirtæki í Evrópu og rekur sex frystigeymslur í Hollandi. Kaupin á Daalimpex styrkja verulega stöðu Eimskips í frystiflutningum í Evrópu og rennir stoðum undir frekari uppbyggingu á frystipjónustu á meginlandi Evrópu. [...] Rekstur og efnahagur Daalimpex kemur inn í rekstur Eimskip frá 1. janúar 2007.“³⁹⁹
765. Vekur hér eftirtekt að í þessari tilkynningu Eimskips frá janúar 2007 er sagt að fyrirtækið hafi átt 40% hlut í Daalimpex. Í tilkynningu fyrirtækisins frá september 2005 var hins vegar staðhæft að það hefði á þeim tíma eignast meirihluta hlutafjár í Daalimpex. Eimskip hafa í máli þessu ekki útskýrt þetta ósamræmi.
766. Í mgr. 267 í athugasemdum Samskipa við AI segir að af gögnum málsins verði ráðið að (E)frkvstj-albjsv og (S)frkvstj-frystig hafi haldið áfram samskiptum sínum „án vitneskju eða vitundar stjórnar og/eða forstöðumanna Samskipa. Þau samskipti þjónuðu ekki hagsmunum Samskipa. Þannig leiddu gögn þessa máls, sem rekið var í Hollandi af þarlandum samkeppnisyfirlöndum, í ljós að [(S)frkvstj-frystig] vann gagnert að persónulegum hagsmunum sínum og fjölskyldu sinnar á kostnað Samskipa, í óþökk og án vitundar félagsins.“
767. Samkvæmt framansögðu byggja Samskip ekki á því að framangreind samskipti (S)frkvstj-frystig og (E)frkvstj-albjsv hafi verið lögmæt. Þess í stað er sagt að fyrirtækið hafi ekki vitað af samskiptunum og þau hafi ekki þjónað hagsmunum þess.
768. Af þessu tilefni skal tekið fram að fyrirtæki ber ábyrgð á allri háttsemi starfsmanna sinna sem stríðir gegn samkeppnisreglum, sbr. kafla 5.2,⁴⁰⁰ og nægir í því sambandi ekki fyrir það að staðhæfa að það hafi ekki haft vitneskju um viðkomandi aðgerðir eða að þær hafi verið í andstöðu við vilja eða hagsmunum þess.⁴⁰¹
769. Samkeppniseftirlitið bendir á að (S)frkvstj-frystig var stjórnandi hjá Samskipum og um var að ræða aðgerðir sem hann greip til í starfi sínu. Báru Samskip því fulla ábyrgð á umræddri háttsemi (S)frkvstj-frystig. Ekki verður heldur framhjá því horft að aðgerðir (S)frkvstj-frystig miðuðu að því

³⁹⁸ „Eimskip kaupir í bresku fyrirtæki“. Visir. 16. maí 2006. Aðgengilegt á slóð: <https://www.visir.is/g/200660516023/eimskip-kaupir-i-bresku-fyrirtaeki>.

³⁹⁹ „Eimskip lýkur kaupum á einu stærsta frystigeymslufyrirtæki í Evrópu“. Eimskip. 11.01.2007. Aðgengilegt á slóð: <https://www.globenewswire.com/news-release/2007/01/11/104356/0/is/Eimskip-l%C3%BDkur-kaupum-%C3%A1-einu-st%C3%A6rsta-frystigeymslufyrirt%C3%A6ki-%C3%AD-Evr%C3%B3pu.html>.

⁴⁰⁰ Sjá t.d. dóm dómstóls ESB frá 21.07.2016 í máli nr. C-542/14, VM Remonts, EU:C:2016:578: „23. [...] An employee performs his duties for and under the direction of the undertaking for which he works and, thus, is considered to be incorporated into the economic unit comprised by that undertaking [...]“.

24. For the purposes of a finding of infringement of EU competition law any anti-competitive conduct on the part of an employee is thus attributable to the undertaking to which he belongs and that undertaking is, as a matter of principle, held liable for that conduct.“

⁴⁰¹ Sjá t.d. álit Kokott aðallögsögumans við dómstóls ESB frá 18.04.2013 í máli nr. C-501/11, Schindler Holding gegn framkvæmdastjórn ESB, EU:C:2013:248, mgr. 129-131: Þar kemur m.a. fram: „If in cartel proceedings undertakings were to be attributed only the conduct of those of their employees whose anti-competitive activities were verifiably based on a specific instruction or authorisation from the undertaking’s management or were at least knowingly tolerated by it, the prohibition on cartels under EU law would be deprived of any effectiveness. It would then be easy for undertakings to evade their responsibility for cartel offences on purely formal grounds. It is right that an undertaking should normally be attributed all unlawful activities – including those which occurred without the knowledge and without the express approval of the undertaking’s management – where those activities took place within the undertaking’s area of responsibility. That is the case, as a rule, where the acts in question were perpetrated by its own employees in connection with their work for the undertaking.“

Sjá hér einnig mgr. 151 í dómi undirréttar ESB í máli nr. T-146/09, Parker gegn framkvæmdastjórninni, EU:T:2013:258: „It is must be borne in mind that, according to settled case-law, for an infringement of Article 85 EC to be attributed to an undertaking it is not necessary for there to have been action by, or even knowledge on the part of, the partners or principal managers of the undertaking concerned by that infringement; action by a person who is authorised to act on behalf of the undertaking suffices [...]“



að fá keppinaut Samskipa til þess að hækka verð. Voru aðgerðirnar þannig til þess fallnar til stöðva umrætt verðstríð og bæta þar með hag Samskipa.

770. Í mgr. 264 í athugasemdum Samskipa við AI er því mótmælt að samráð hollensku fyrirtækjanna hafi „teygt anga sína m.a. til Íslands.“ Staðhæfa Samskip að viðskipti sem tengdust Íslandi með beinum hætti hafi verið brotabrot af heildarveltu hinnar yfirteknu starfsemi Kloosterboer og ekki sé um að ræða þjónustu sem sé mikilvægur þáttur í sjóflutningum til og frá Íslandi.
771. Af þessu tilefni skal tekið fram að samkeppnislög taka til athafna sem „hafa eða ætlað er að hafa áhrif“ hér á landi, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna. Þau taka hins vegar ekki samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins til athafna sem „aðeins er ætlað að hafa áhrif utan Íslands, sbr. þó ákvæði VII. kafla og reglur um viðskipti á sameiginlegum markaði Evrópska efnahagssvæðisins.“ Í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 21/2004 lá fyrir að sala á olíu til erlendra skipa var flokkuð af tollayfirvöldum sem útflutningur. Ekki var hins vegar fallist á það með einu olíufélaganna að það þýddi að samráð olíufélaganna um sölu á olíu til erlendra skipa félli ekki undir gildissvið samkeppnislaga. Var m.a. bent á að dómaframkvæmd dómstóla ESB sýndi með skýrum hætti að samráð keppinauta um útflutning til ríkja sem ekki eru aðilar að EB/EES fellur undir gildissvið samkeppnisreglna ef samráðið hefur eða getur haft bein eða óbein áhrif á viðskipti á EB/EES-svæðinu. Í málum þessum hafa samkeppnisreglurnar tekið til samráðs þó sala og afhending viðkomandi vöru hafi átt sér stað utan EB/EES-svæðisins.“ Staðfesti áfrýjunarnefnd samkeppnismála framangreinda niðurstöðu samkeppnisráðs, sbr. úrskurð í máli nr. 3/2004.
772. Vegna sjónarmiða Samskipa um litla þýðingu frystigeymslna Daalimpex og Kloosterboer fyrir flutninga til og frá Íslandi þá sýna framangreind samtímagögn að bæði Eimskip og Samskip litu svo á að frystigeymsluþjónusta væri afar mikilvæg fyrir m.a. útflutning á fiskafurðum frá Íslandi. Voru kaup Samskipa á sjávarútvegshluta Kloosterboer og Eimskip á Daalimpex liður í að auka þjónustu við m.a. íslenska fiskútflytjendur, en með kaupunum töldu fyrirtækin unnt að veita fiskútflytjendum „alhliða“ þjónustu. Ber og að minnast framangreindra gagna Eimskips frá 2002 – 2004 þar sem Kloosterboer og Daalimpex voru sagðir keppinautar í sölu á þjónustu til íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja og vísað m.a. til endurtekinna ferða Kloosterboer til Íslands og til viðræðna þess fyrirtækis við Samherja. Taldi Eimskip brýnt að stöðva þessa auknu mögulegu samkeppni. Með því að draga úr samkeppni frá aðilum eins og Kloosterboer eða Daalimpex var t.d. auðveldara fyrir Eimskip og Samskip að hækka verð þegar útflytjendum á íslenskum sjávarafurðum var seld heildarþjónusta. Í þessu samhengi má líta til þess að þegar forstjóri Samskipa ((S)forstj) tók við á árinu 2009 sem yfirmaður þessarar þjónustu í m.a. Hollandi (sem þá var ekki lengur rekin undir nafni Kloosterboer heldur sem Frigocare) var það eitt fyrsta verk hans að stuðla að því að verð á þjónustu Frigocare gagnvart íslenskum viðskiptavinum yrði hækkað, sbr. kafla 14.7.3.
773. Sem fyrr segir benda Samskip á að Icelandic Group (eitt stærsta fyrirtækið í sölu á íslenskum sjávarafurðum erlendis⁴⁰²) hafi verið stærsti viðskiptavinur Kloosterboer og það fyrirtæki hafi fært viðskipti sín til Daalimpex eftir að Eimskip keypti hlut í því fyrirtæki og í kjölfarið hefði hafist verðstríð. Hér ber að ítreka að framangreind samskipti (S)frkvstj-frystig og (E)frkvstj-alþjv á árinu 2006 höfðu það að markmiði að draga úr verðsamkeppni. Undir slíkum kringumstæðum er um brot að ræða þrátt fyrir að samráð hafi engin áhrif á markaði. Til viðbótar sýnir fundargerð Daalimpex frá 3. apríl 2006 ánægju með að draga muni úr verðsamkeppni við Kloosterboer. Var það til þess fallið að hafa áhrif á bæði þá sem fluttu inn til Íslands og út frá landinu. Leikur enginn vafi á því að þetta samráð féll undir gildissvið samkeppnislaga og braut gegn þeim.
774. Samhengisins vegna er rétt að líta til þess að gögn málsins sýna áframhaldandi ólögmeitt samráð að þessu leyti, sbr. t.d. stjórnarfundargerðir Daalimpex frá árinu 2008 sem lýst er í kafla 7.5.1.

⁴⁰² Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2011, Kaup Framtakssjóðs Íslands slhf. á Eignarhaldsfélaginu Vestia ehf., segir að Icelandic Group sé „eitt af tíu stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum heims samkvæmt samrunaskrá.“



775. Sem fyrr segir hófst sérstakt og víðtækt verkefni milli Samskipa og Eimskips í júní 2008 sem (E)forstj, nýr forstjóri Eimskips, nefndi „Nýtt upphaf“. Af hálfu Eimskips áttu ekki síst (E)forstj og umræddur (E)frkvstj-alþjsv að stýra því verkefni. Í glærum (E)forstj, frá júní 2008, kemur fram að í þessu felist að meta hagkvæmni tiltekinna verkefna með því að „auka samstarf á milli Samskip og Eimskip.“ Hluti af þessu var að kanna möguleika á að auka samráð Daalimpex og Kloosterboer (Samskipa), sbr. nánari umfjöllun í kafla 7.3 og áfram.

776. Eins og lýst verður nánar í ákvörðun þessari héldu samskipti (E)frkvstj-alþjsv við Kloosterboer áfram á megin rannsóknartímabili málsins. Í t.d. glærुकynningu, sem (E)frkvstj-alþjsv vistaði í mars 2011, er lýst fundi með Kloosterboer þar sem rætt var um markaðsskiptingu:

„Meeting with Kloosterboer

- *Will not go after our customers*

777. Verður þessu lýst nánar í kafla 20.6.1.

5.7. Samvinna Eimskips og Samskipa innan SÍK

778. Samskip og Eimskip voru, ásamt tveimur öðrum skipafélögum, meðlimir í Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða (SÍK). Í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 10/2003 var fjallað um erindi SÍK vegna útgáfu á almennum þjónustuskilmálum fyrir þjónustu sem boðin er „í tengslum við sjóflutninga“. SÍK byggði á því að þessir skilmálar gætu ekki raskað samkeppni milli aðildarfyrirtækja. Þeim væri aðeins „ætlað að staðfesta viðskiptavenjur og skýra stöðu annars vegar þess sem býður þjónustuna og hins vegar viðskiptamanna, bæði hvað varðar réttindi og skyldur. SÍK telur að setning skilmálanna hafi aðeins jákvæð áhrif á samkeppni þar sem réttaröryggi hafi með þeim verið tryggt.“ Til vara óskaði SÍK eftir undanþágu frá banni samkeppnislaga við samráði keppinauta.

779. Í ákvörðun samkeppnisráðs sagði: „Að mati samkeppnisráðs hafa samræmdir þjónustuskilmálar það í för með sér að fjórir keppinautar á sviði sjóflutninga munu sameinast um tiltekin viðskiptakjör sem ætlað er að gilda gagnvart viðskiptavinum félaganna. Í 1. mgr. 10. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, sbr. lög nr. 107/2000, segir að allir samningar sem hafa það að markmiði eða af þeim leiðir að samkeppni sé raskað séu bannaðir. Þá segir að bannið taki m.a. til samninga, samþykta og samstilltra aðgerða sem hafa áhrif á verð, afslætti, álagningu eða önnur viðskiptakjör með beinum eða óbeinum hætti, sbr. a-lið 2. mgr. 10. gr. samkeppnislaga. Í greinargerð með frumvarpi til samkeppnislaga segir að undir hugtakið önnur viðskiptakjör geti m.a. fallið ýmis samkeppnishamlandi skilyrði t.d. fyrir ábyrgð, afslætti eða skilyrði varðandi greiðslukjör. Í umræddum þjónustuskilmálum er m.a. fjallað um ábyrgð félags og ábyrgðartíma, upphæð bóta og undanþágur frá ábyrgð. Samkeppnisráð getur fallist á það með SÍK að með þjónustuskilmálunum sé að ákveðnu leyti verið að staðfesta ýmsar viðskiptavenjur, siðareglur og viðmiðunarreglur á þessu sviði sjóflutninga en engu að síður er með skilmálunum verið að samræma ákveðna þætti varðandi þjónustu kaupskipaútgerða sem getur haft í för með sér að samkeppni milli aðildarfélaganna takmarkast. Verður því að telja að slíkir samræmdir þjónustuskilmálar hagsmunasamtaka fyrirtækja á sama sölustigi séu til þess fallnir að takmarka samkeppni þeirra á milli.“

780. Samkeppnisráð taldi hins vegar forsendur til að veita undanþágu og tók þetta fram í ákvörðun sinni:

„Skilyrði undanþágunnar eru þau að skilmálarnir muni ekki setja kaupskipaútgerðum neinar takmarkanir varðandi þá þjónustu eða verð sem boðið er. Einnig ber að árétta að þrátt fyrir þessa undanþágu er aðildarfélagum SÍK með öllu óheimilt að miðla viðskiptalegum upplýsingum sín á milli og þá er félögunum óheimilt að hafa með sér hvers konar samvinnu um verð eða aðra viðskiptaskilmála.“

781. Í ákvörðunarorði ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 10/2003 koma fram þessi fyrirmæli:



„Þá er aðildarfélögum Sambands Íslenskra kaupskipaútgerða með öllu óheimilt að miðla viðskiptalegum upplýsingum sín á milli og einnig er félögunum óheimilt að hafa með sér hvers konar samvinnu um verð eða aðra viðskiptaskilmála.“

782. Þessi fyrirmæli tóku til Eimskips og Samskipa og voru í gildi allt rannsóknartímabil þessa máls og giltu samhliða almennu banni 10. gr. samkeppnislaga og 53. gr. EES-samningsins.⁴⁰³
783. Í mgr. 276 í athugasemdum Samskipa við AI segir að framangreind fyrirmæli í ákvörðunarorði ákvörðunar nr. 10/2003 séu einungis árétting á banni 10. gr. samkeppnislaga og hafi því enga þýðingu í þessu máli.
784. Samkeppniseftirlitið getur ekki fallist á þetta. Með ákvörðun nr. 10/2003 var veitt undanþága frá banni 10. gr. samkeppnislaga og til þess að tryggja samkeppnishagsmuni var beint sérstökum fyrirmælum til aðildarfyrirtækja SÍK, þ.m.t. Eimskips og Samskipa, um að miðla ekki viðskiptalegum upplýsingum sín á milli og hafa ekki neins konar samvinnu um verð eða önnur viðskiptakjör. Framangreint gaf Samskipum og Eimskip óhjákvæmilega enn ríkara tilefni en ella til að gæta þess að engin samskipti ættu sér stað milli fyrirtækjanna sem væru til þess fallin að raska samkeppni.
785. Þess skal getið að í ársbyrjun 2006 var flutningasvið Samtaka verslunar og þjónustu (SVÞ) stofnað og fluttust þá verkefni SÍK yfir til flutningasviðsins, þ. á m. framangreindir sameiginlegu þjónustuskilmálar. Aðild að þessum samtökum fyrirtækja breyttist ekki við þessa tilfærslu, Eimskip og Samskip áttu þar áfram fulltrúa. Engu breytir um umrædd fyrirmæli ákvörðunar nr. 10/2003 þó verkefni SÍK hafi verið færð til flutningasviðs SVÞ. Umræddir skilmálar voru endurútfirðir af SVÞ og fyrirmæli ákvörðunar nr. 10/2003 giltu sem fyrr segir áfram gagnvart Eimskip og Samskipum út rannsóknartímabilið. Bæði Samskipum og Eimskip mátti vera þetta fyllilega ljóst.⁴⁰⁴

5.8. Samvinna á ný í flutningum til og frá Norður-Ameríku

786. Sem fyrr segir sendu Samskip samkeppnisyfirvöldum kvörtun þann 22. ágúst 2002 vegna brota Eimskips á 11. gr. samkeppnislaga, sbr. umfjöllun hér að framan um ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 70/2007. Samskip sendu annað erindi til samkeppnisyfirvalda þann 25. september 2002. Varðaði það samvinnu við Eimskip í siglingum til og frá Norður-Ameríku.

⁴⁰³ Í fréttatilkynningu SÍK frá 10.04.2003 er fjallað um niðurstöðu samkeppnisráðs í ákvörðun nr. 10/2003. Þar segir m.a.: „Viðskiptamenn aðildarfélaganna SÍK, mega gera ráð fyrir að einstök aðildar-félög SÍK, sem í dag eru Eimskip ehf., Nes hf., Nesskip hf. og Samskip hf., taki skilmála þessa upp í staðlaða samninga við viðskiptavini sína.“

⁴⁰⁴ Á heimasíðu Samskipa á t.d. árinu 2008 sagði um þetta: „Með stofnun Flutningasviðs SVÞ í ársbyrjun 2006 lagðist niður starfsemi SÍK - Samband Íslenskra kaupskipaútgerða og verkefni sem þar hafði verið sinnt færðust yfir til flutningasviðsins.“

Samband Íslenskra kaupskipaútgerða var stofnað 18. janúar 1983.

Markmið félagsins hafa verið að:

Að efla samvinnu og samheldni aðildarútgerða.

Að vaka yfir og verja hagsmuni Íslenskrar kaupskipaútgerðar innanlands sem utan.

Að efla almenna þekkingu á kaupskipaútgerð.

Að efla menntun í fagskólum tengdum kaupskipaútgerð.

Að upplýsa stjórnvöld og skyldar stofnanir um stefnu, óskir og þarfir kaupskipaútgerða á hverjum tíma.

Að vinna að öðrum málaflökkum til hagsbóta fyrir íslenska kaupskipaútgerð og aðildarútgerðir eins og aðalfundur og stjórn SÍK ákveða hverju sinni.

Samband Íslenskra kaupskipaútgerða (SÍK) lét árið 2003 útbúa samræmdra þjónustuskilmála, sem ætlað er að gilda um alla þjónustu sem aðildarfélög sambandsins veita, aðra en sjóflutninga. Tilgangur SÍK með gerð þessara þjónustuskilmála var fyrst og fremst sá að kveða skýrar á um réttindi og skyldur aðildarfélaganna og viðskiptavina þeirra. Þessir skilmálar hafa nú verið endurútfirðir undir merkjum SVÞ. Skilmálar þessir eru fyrst og fremst ætlaðir til að skýrt sé kveðið á um réttindi og skyldur í samningum milli aðildarfyrirtækja flutningasviðsins og viðskiptavina þeirra, þegar um er að ræða hvers kyns flutningatengda þjónustu þar sem ekki er gefið út sérstakt farmbréf. Vitnað er þá til skilmálanna í samningum milli aðila.

Skilmálana má finna hér fyrir neðan á íslensku og ensku.

Þjónustuskilmálar SVÞ marka réttarstöðu viðskiptavina Samskipa gagnvart félaginu varðandi þá þjónustu og þau verk sem félagið tekur að sér og ekki falla undir flutningsskilmála Samskipa, sem eru að finna á farmbréfumfélagsins og á heimasíðu þessari.“

https://web.archive.org/web/20080927045608/http://www.samskip.is/flutningathjonusta/skilmalar/almennir_thjonustuskilmalar_sik/.



5.8.1. Undanþága veitt til 31. ágúst 2004

787. Í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 11/2003 var fjallað um erindi Samskipa frá 25. september 2002. Í því var óskað eftir því að samkeppnisyfirvöld staðfestu að samkomulag félagsins við Eimskip um flutninga á sjóleiðinni milli Íslands og Norður-Ameríku bryti ekki gegn ákvæðum samkeppnislaga.⁴⁰⁵ Að öðrum kosti óskuðu Samskip þess að samkeppnisyfirvöld myndu veita samkomulaginu undanþágu frá banni samkeppnislaga við samráði keppinauta.
788. Fram kom af hálfu Samskipa að „þann 23. júlí 2002 hafi Samskip og Eimskip undirritað samkomulag þar sem Eimskip tekur að sér sjóflutninga fyrir Samskip milli Íslands og Norður-Ameríku en um nokkurt skeið höfðu Atlantsskip og erlend skipafélög annast þá flutninga fyrir Samskip. Samskip munu hafa leitað til Eimskips með að flytja vörur fyrir fyrirtækið milli Íslands og Norður-Ameríku þar sem Samskip töldu að Eimskip gæti staðið undir þeim kröfum sem Samskip gera til þjónustu á umræddri siglingaleið. Samskip segja að aðallega sé um að ræða þá veigamiklu staðreynd að Atlantsskip sigli aðeins til eins áfangastaðar í Norður-Ameríku, Norfolk, en Eimskip sigli til og frá fimm höfnum í Bandaríkjunum [með] viðkomu í Kanada sem sé mjög mikilvægt fyrir Samskip. Þá segir að samkeppnisyfirvöld hafi áður veitt Samskipum og Eimskipi undanþágu á grundvelli 16. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 vegna sams konar samnings, sbr. ákvörðun samkeppnisráðs nr. 26/1997 og úrskurð áfrýjunarnefndar nr. 13/1997. Í þeirri ákvörðun hafi verið vísað til þess að samstarf aðila stuðlaði að hagkvæmari nýtingu framleiðslupátta þjóðfélagsins, enda ólíklegt að Samskip hæfu flutninga með eigin skipum á þessari tilteknu flutningaleið og því möguleikar Samskipa á að veita Eimskipi samkeppni skertir ef samkomulagið yrði ógilt. Byggt sé á því að nýr samningur aðila sé að miklum mun þjóðhagslega hagkvæmari en sá fyrri og stuðli að betri nýtingu framleiðslupátta þjóðfélagsins. Samskip benda á að markaðshlutdeild Eimskips hvað varðar flutninga frá Norður Ameríku hafi aukist til muna eftir að samkeppnisyfirvöld komu í veg fyrir að Samskip gætu flutt með Eimskip til og frá Norður-Ameríku á grundvelli eldri samnings aðila. Þá kemur fram í erindi Samskipa að hinn nýi samningur milli aðila sé tímabundinn til tveggja ára og að auki uppsegjanlegur á samningstímanum með fjögurra mánaða uppsagnarfresti. Þá sé nýi samningurinn opinn samningur. Samskip telja að umræddur samningur brjóti ekki í bága við ákvæði samkeppnislaga en ef samkeppnisyfirvöld séu á annarri skoðun er þess óskað að Samskipum og Eimskipi verði veitt undanþága á grundvelli 16. gr. samkeppnislaga.“
789. Samkeppnisráð féllst ekki á það með Samskipum að umræddur samningur færi ekki gegn 10. gr. samkeppnislaga. Hins vegar taldi ráðið að forsendur væru til þess að veita undanþágu. Var m.a. litið til þess að markaðshlutdeild Samskipa í þessum flutningum hefði minnkað verulega. Með vísan til m.a. þessa taldi „samkeppnisráð rétt að veita samkomulaginu tímabundna undanþágu frá 10. gr. samkeppnislaga. Rétt þykir að veita undanþáguna til samræmis við gildistíma samkomulagsins, þ.e. til 31. ágúst 2004. Jafnframt gerir samkeppnisráð það að skilyrði að skipafélögin tilkynni samkeppnisyfirvöldum um allar breytingar á verði og viðskiptaskilmálum í flutningum til og frá Norður-Ameríku svo og aðrar breytingar á samkomulagi félaganna eða nýja samninga sem kunna að verða gerðir þeirra á milli.“
790. Atlantsskip skutu ákvörðun samkeppnisráðs til áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Með úrskurði í máli nr. 9/2003 staðfesti áfrýjunarnefndin umrædda ákvörðun samkeppnisráðs.

5.8.2. Ólögmeitt samráð frá september 2004 fram til desember 2009

791. Framangreind undanþága sem samkeppnisráð veitti Eimskip og Samskipum frá banni 10. gr. samkeppnislaga féll úr gildi 31. ágúst 2004. Við það tímamark varð bann 10. gr. samkeppnislaga eðli málsins samkvæmt virkt gagnvart fyrirtækjunum hvað þetta tiltekna samstarf varðaði, með sama hætti og gagnvart annars konar ólögmeðu samráði fyrirtækjanna.

⁴⁰⁵Samningur Eimskip ehf. og Samskip Incorporated um siglingar milli Íslands og Norður Ameríku/Kanada. Afrit afhent Samkeppniseftirlitinu 20.11.2006 (mál nr. 0208003).



792. Engin undanþága frá 10. gr. samkeppnislaga var í gildi gagnvart Eimskip og Samskipum frá 1. september 2004 og til 22. desember 2009.
793. Þrátt fyrir framangreint héldu Eimskip og Samskip áfram sama samstarfi í áætlunarsiglingum til og frá Norður-Ameríku frá 1. september 2004 til 22. desember 2009, þegar undanþága var veitt að nýju með ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 46/2009. Eins og rökstutt er í kafla 16.3.4 var sú undanþága Samkeppniseftirlitsins veitt á grundvelli rangra og villandi upplýsinga frá Samskipum og Eimskip.
794. Samskip og Eimskip héldu því uppteknum hætti og framkvæmdu samráðið í rúm fimm ár, frá september 2004 til desember 2009. Virðist ekki hafa skipt neinu máli þótt að í samningum fyrirtækjanna frá þessu tímabili hefði verið skýrlega kveðið á um að undanþága eða samþykki frá Samkeppniseftirlitinu væri skilyrði fyrir gildistöku og framkvæmd samningsins, sbr. umfjöllun í m.a. kafla 7.5.5.2.
795. Samkvæmt framansögðu var um áframhaldandi brot á 10. gr. samkeppnislaga að ræða eftir 31. ágúst 2004. Á sama tímabili var fyrir hendi ólögmaett samráð í siglingum til og frá Evrópu, sbr. umfjöllun hér að framan um „neyðarsamkomulagið“.
796. Í sátt Eimskips við Samkeppniseftirlitsins viðurkennir fyrirtækið að hafa brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga með samráði við Samskip „um sjóflutninga milli Íslands og Norður-Ameríku þegar ekki var í gildi undanþága frá 10. gr. samkeppnislaga.“ Tekur þessi viðurkenning bæði til samráðs sem átti sér stað fyrir árið 2008 og á megin rannsóknartímabili þessa máls (árin 2008 – 2013), sbr. 1. gr. sáttarinnar.
797. Í athugasemdum Samskipa við AI er því mótmælt að um brot hafi verið að ræða. Samkeppniseftirlitið getur ekki fallist á þau sjónarmið. Um þetta er nánar fjallað í m.a. kafla 7.5.5, 9.12.5 og 16.

5.9. Vísbendingar um markaðsskiptingu í sjóflutningum

798. Eins og áður segir varpa eldri gögn en frá árinu 2008 ljósi á markaðsaðstæður og samskipti Eimskips og Samskipa í aðdraganda megin rannsóknartímabilsins og sýna að hið ólögmeta samráð á rannsóknartímabilinu átti a.m.k. að hluta til rætur að rekja til samráðs eða samskipta fyrirtækjanna sem voru til staðar fyrir árið 2008. Auk þess sem hér að framan hefur verið rakið hafa fundist gögn frá árunum 2003 og 2007 sem gefa til kynna tiltekna ólögmeta markaðsskiptingu í sjóflutningum til og frá Íslandi.
799. Í gögnum málsins er þannig að finna vísbendingar um ólögmaett samráð Samskipa við Eimskip flutninga á m.a. sjávarafurðum til Asíu, sbr. umfjöllun hér á eftir um atvik á árinu 2007. Fyrst ber þó að líta til þess að 3. mars 2003 sendi (E)frkvstj-alþjsv tölvupóst til (E)forstj-fyrsv, þáverandi forstjóra Eimskips, og annarra stjórnenda fyrirtækisins. Þar kvaðst hann búa yfir öruggum heimildum um að Samskip ætluðu að opna nýja skrifstofu í Pusan í Kóreu og að sú „starfsstöð [yrði] fókuseruð á flutningum á sjávarafurðum.“⁴⁰⁶

800. Tveimur dögum seinna sendi (E)frkvstj-alþjsv forstjóra Eimskips og öðrum stjórnendum annan tölvupóst og greindi frá frekari samskiptum sínum við (S)forstj (sem síðar varð forstjóri Samskipa) vegna þessara viðskiptaáætlana Samskipa. Samkvæmt tölvupóstinum hefðu (E)frkvstj-alþjsv og samstarfsmaður hans ((E)starfsm) átt fund með (S)forstj:

„Ég og [(E)starfsm] tókum kaffisopa með [(S)forstj] framkv.stjóra sölu- og markaðssviðs erlendra starfsemi hjá Samskipum til að hlera hann betur um þetta mál.

Hann staðfesti þetta með Kóreu og byrja þeir með fjóra „local“ starfsmenn þar. Þetta verður sér Samskip fyrirtæki sem jafnframt verða þeirra höfuðstöðvar í Austurlöndum fjær. [(S)forstj] sagði

⁴⁰⁶ Afhentur tölvupóstur frá Eimskip, afhent 23.03.2015. [...]



Pusan vera gífurlega mikla transit höfn af sjávarafurðum, aðallega Alaska ufsa, og mikið af togurum sem koma þar til losunar ásamt frystiskipum frá Alaska.

Síðar á þessu ári verða opnaðar tvær nýjar skrifstofur sem útibú frá Kóreu og þær verða í Qingdao og Dalian. [(S)forstj] sagðist telja að það væri lykiltríði að vera þar til staðar, til að komast inn í flutninga frá Far East, þar sem þeim er að mestu stýrt þaðan."⁴⁰⁷

801. Þann 13. mars 2003 var greint opinberlega frá þessum áformum Samskipa. Í viðtali við (S)aðaleig-stjform-SH (sem þá gegndi starfi forstjóra Samskipa) í Morgunblaðinu kom fram að Samskip væru „að opna skrifstofur í Suður-Kóreu og Kína. Þarlendir starfsmenn hafa verið ráðnir til starfa á hinar nýju skrifstofur sem eru í Pusan í Suður-Kóreu og Qingdao og Dalian í Kína.“ Haft var einnig eftir (S)aðaleig-stjform-SH að „þær sjávarafurðir sem fluttar eru um Norður-Atlantshafið séu hátt í 15% af sjávarafurðum heimsins. Í mjög auknum mæli sé verið að flytja þessar vörur til Asíulanda. Asía hafi verið og muni verða mjög mikilvægur heimshluti fyrir neyslu á ákveðnum tegundum af fiski. Þessu til viðbótar hafi breytingar verið að eiga sér stað í fiskvinnslunni í heiminum. Aukið magn verði væntanlega framleitt í Asíu og því komið á markað í Evrópu og Ameríku. „Því höfum við hjá Samskipum ákveðið að opna skrifstofu í Pusan í Suður-Kóreu, næststærstu borg landsins, sem jafnframt er miðstöð sjávarútvegsins í Asíu.“ Einnig segir í frétt Morgunblaðsins: „Frystar afurðir eru stærsti hlutinn af því sem Samskip flytja. Það hefur verið okkar styrkur og við höfum gert út á hann. Þannig er Asía komin til sögunnar. Og ég er sannfærður um að útrásin muni halda áfram,“ segir [(S)aðaleig-stjform-SH], forstjóri Samskipa.“⁴⁰⁸ Skrifstofur Samskipa í Kína og Suður-Kóreu og frystigeymslur Kloosterboer voru síðan kynntar sem hluti af þeirri heildarþjónustu sem Samskip buðu útflytjendum á íslenskum sjávarafurðum.⁴⁰⁹
802. Eins og nánar verður fjallað um í þessari ákvörðun þekktust (S)forstj og (E)frkvstj-alþjsv persónulega og komu þeir til með að gegna lykiltríði í framkvæmd hins umfangsmikla ólögsmæts samráðs Samskipa og Eimskips sem hófst í júní 2008.
803. Eins og fjallað er um í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 70/2007 greip Eimskip til ólögsmætrar markaðsatlögu gegn Samskipum m.a. á árinu 2002. Þær aðgerðir Eimskips komu samkvæmt framansögðu ekki í veg fyrir umrædd samskipti milli (S)forstj og (E)frkvstj-alþjsv um viðkvæm viðskiptaleg málefni á árinu 2003. Hið sama gilti um samvinnuna í siglingum til og frá Norður-Ameríku.
804. Í mgr. 287-289 í athugasemdum Samskipa við AI er því mótmælt að þessi samskipti (S)forstj og (E)frkvstj-alþjsv í mars 2003 hafi farið gegn 10. gr. samkeppnislaga. Er sagt að (S)forstj hafi starfað erlendis fyrir Samskip á árunum 2000 – 2005. Hann hafi lengst af búið í Rotterdam og þar var „lítið íslendingasamfélag, einkum samansett af einstaklingum sem stunduðu þar nám og starfsfólki flutningafélaganna. (S)forstj átti heima í sömu götu og (E)frkvstj-alþjsv og var töluverður samgangur á milli fjölskyldna þeirra, m.a. þar sem börn þeirra gengu í sama skóla.“ (S)forstj hafi verið búinn að fara „nokkrar lengri ferðir til Asíu áður en skrifstofan í Pusan í Kóreu var opnuð. Það var orðinn almenn vitneskja að Samskip hugðust hefja starfsemi í Kóreu [...]“. Því hafi (S)forstj ekki upplýst (E)frkvstj-alþjsv um viðskiptaleyndarmál. Þar að auki hafi Eimskip og Samskip ekki verið keppinautar á þessum nýja markaði og þessi starfsemi „alls ótengd“ sjóflutningum til og frá Íslandi.
805. Vegna staðhæfinga Samskipa um lítið vægi þeirra upplýsinga sem (S)forstj veitti Eimskip ber að hafa í huga frétt Morgunblaðsins 1. nóvember 2004 sem bar heitið „Skipafélögin eflast í Asíu“. Í fréttinni var greint frá tilkynningum Eimskips og Samskipa: „NÝJAR skrifstofur Eimskips og Samskipa verða opnaðar í Kína í dag. Skrifstofa Eimskips er í hafnarborginni Qingdao, en skrifstofa Samskipa í Dalian.

⁴⁰⁷ Afhentur tölvupóstur frá Eimskip, afhent 23.03.2015. [...] Afhentur tölvupóstur frá Eimskip, afhent 23.03.2015.

⁴⁰⁸ „Hefja starfsemi í Asíu“. Morgunblaðið 13.03.2003. Aðgengilegt á slóð: <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/719320/>.

⁴⁰⁹ Sjá t.d. Sjómannablaðið Víking, 3. tbl. (01.09.2005), bls. 64: „Samskip færa út kviarnar“. Sjá einnig umfjöllun um fréttatilkynningu Samskipa í Markaðnum 4.04.2007 þar sem gerð er grein nýjum umboðsaðila Samskipa í Japan, vísað til skrifstofnu Samskipa í m.a. Pusan og frystigeymslunnanna sem reknar voru undir nafni Kloosterboer. Aðgengilegt á slóð: <https://www.visir.is/paper/mark/M070404.pdf>.

Bæði hyggjast skipafélögin þjóna sjávarútveginum betur með starfsemi sinni í Kína, en umsvif í fiskvinnslu fara þar hratt vaxandi. Í tilkynningu frá Eimskip kemur fram að opnun skrifstofunnar sé liður í uppbyggingu flutninganets félagsins fyrir sjávarafurðir á heimsvísu. Í Qingdao er rekin umsvifamikil útgerð, fiskvinnsla og verslun með sjávarfang. [...]

Í tilkynningu Samskipa kemur fram að skrifstofan í Dalian er sú þriðja, sem fyrirtækið opnar í Asíu. Fyrir eru skrifstofur í Pusan í Suður-Kóreu og í Qingdao. Á næsta ári bætast enn við tvær skrifstofu í Asíu; í Tælandi og Víetnam. Aðalstarfsemi skrifstofanna í Asíu er flutningur á frystum fiski og hefur það magn, sem Samskip flytja, aukist stöðugt frá því fyrsta skrifstofan var opnuð í Pusan í fyrra. „Markmið okkar er að verða leiðandi í heiminum í flutningi og tengdri þjónustu við sjávarútveginn,“ er haft eftir [...], framkvæmdastjóri frysti- og kæliflutningasviðs Samskipa, í tilkynningu frá félaginu.“ Í fréttinni var birt eftirfarandi yfirlitsmynd:



806. Í viðtali við þáverandi forstjóra Eimskips ((E)forstj-fyrrv), sem birtist í Morgunblaðinu 2. nóvember 2006, kemur fram þetta: „Þá getum við boðið þeim viðskiptavinum okkar hér á landi sem eru að flytja inn vörur frá Kína aukna þjónustu svo dæmi sé tekið,“ segir [(E)forstj-fyrrv] og bætir við að Eimskip hafi unnið talsvert fyrir íslenska innflytjendur og útflytjendur í Kína síðan skrifstofa var opnuð þar.⁴¹⁰
807. Samkeppniseftirlitið bendir á að Samskip og Eimskip buðu m.a. útflytjendum á íslenskum sjávarafurðum upp á heildarþjónustu. Í þessu fólst m.a. þjónusta við að koma þessum afurðum til viðskiptavina í Asíu. Framangreindar tilkynningar fyrirtækjanna hér á landi um opnun á ofangreindum starfsstöðum í Asíu gefa og ótvírátt til kynna að þessari þjónustu var m.a. beint að fyrirtækjum hér á landi. Eimskip og Samskip voru því óhjákvæmilega keppinautar að þessu leyti, sbr. einnig umfjöllun hér að framan um atvik tengd Kloosterboer og Daalimpex.
808. Framangreind samtímagögn frá Eimskip eru ekki í samræmi við þá málsástæðu Samskipa þess efnis að upplýsingar um áform fyrirtækisins á árinu 2003 hafi litla þýðingu haft. Í tölvupósti (E)frkvstj-alþjv 3. mars 2003 lýsti hann áformum Samskipa í Asíu. Voru þær upplýsingar frá (S)forstj komnar (sbr. tölvupóstur (E)frkvstj-alþjv frá 5. mars 2003). Tölvupósti (E)frkvstj-alþjv var svarað samdægurs af stjórnanda hjá fyrirtækinu ((E)starfsm) sem benti á að ekki væri mikið mál að setja upp skrifstofur erlendis og spurði hvort það væri „fáránlegt að hugsa sér að stela frá þeim glæpnum“,

⁴¹⁰ „Heimurinn alltaf að verða minni og minni“. Morgunblaðið, 2.11.2006. Aðgengilegt á slóð: <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1111850/>.



þ.e. nýta sér upplýsingarnar frá (S)forstj til að verða á undan Samskipum. Taldi HHO hins vegar að það væri „væntanlega of skammur tími“ til þess. (E)frkvstj-alþjv taldi hins vegar þörf á frekari aðgerðum og fór hann með samstarfsmanni sínum á fund (S)forstj, sbr. ofangreindan tölvupóst hans 5. mars 2003. Jafnframt taldi hann þær upplýsingar sem fram komu á fundinum með (S)forstj það mikilvægar að hann sá aftur ástæðu til að upplýsa forstjóra Eimskips og tólf aðra stjórnendur og starfsmenn fyrirtækisins. Samkvæmt tölvupósti (E)frkvstj-alþjv hafði hann tekið við upplýsingum frá (S)forstj um fyrirætlanir Samskipa og hvaða viðskiptalegu ástæður lágu þeim til grundvallar. Þessi atburðarrás og sú staðreynd að Eimskip og Samskip tilkynntu síðar, og bæði á sama tíma um opnun útibúa í Kína er a.m.k. því til stuðnings að rætt var um mikilvæg málefni í þessum samskiptum (S)forstj og (E)frkvstj-alþjv.

809. Samkvæmt framansögðu er ljóst að (S)forstj greindi (E)frkvstj-alþjv frá mikilvægum viðskiptalegum upplýsingum. (E)frkvstj-alþjv tók við þeim og miðlaði til yfirboðara sinna. Hér ber að hafa í huga að á umræddum tíma voru Eimskip og Samskip samanlagt með hátt í 100% markaðshlutdeild í útflutningi frá Íslandi⁴¹¹ og öll samskipti slíkra keppinauta afar viðkvæm í samkeppnislegu tilliti. Að mati Samkeppniseftirlitsins fóru samskipti þeirra (S)forstj og (E)frkvstj-alþjv gegn kröfu samkeppnislaga um sjálfstæði keppinauta og fólu í sér brot Samskipa á 10. gr. samkeppnislaga, sbr. kafla 4.6.3.
810. Hér skipta einnig máli gögn sem tengjast viðskiptum Eimskips og Samskipa við japanska fyrirtækið Maruha Nichiro sem var stærsta sjávarútvegsfyrirtæki heims.⁴¹² Þá skiptir hér og máli að utan Evrópu var Japan næst stærsta viðskiptaland Íslands á eftir Bandaríkjunum.⁴¹³
811. Fyrir liggur að í maí 2007 kom upp ágreiningur milli Samskipa á Íslandi og frystiflutningsmiðlunar Samskipa í Hollandi sem var stýrt af (S)forstj-frystig. Gögnin gefa til kynna að deild (S)forstj-frystig hafi verið að „berjast“ við Samskip á Íslandi um útflutning á fiski, m.a. til Marhua Nichiro í Japan. Sendi (S)forstj tölvupóst til (S)forstj-frystig þann 23. maí 2007 með heitinu „Co-operation Iceland/Faroe and Reefer Logistics team“. Útskýrði hann aðstæður á útflutningsmarkaði hér á landi og í Færeyjum:

„We have had the privilege [svo] up here in Iceland and Faroe that +90% of the business has been controlled up here, the remaining 10% well know [svo] companies to us. There have been few players, ie Eimskip, Samskip, Blue Water and Atlantsskip. The market therefore quite transparent, and we have had good grip on all sales activities, and have always had well experienced people, knowing all players in the market.“

812. Benti (S)forstj, sem þá var orðinn forstjóri Samskipa á Íslandi, síðan á að deild (S)forstj-frystig hefði verið að „berjast“ um sömu viðskipti við Samskip á Íslandi og í Færeyjum og það myndi leiða til þess að lækka þyrfti verð á útflutningi og það hafi gerst vegna útflutnings til Marhua Nichiro. Sagði (S)forstj í þessu sambandi að hann hefði rætt þetta við undirmenn sína og Samskip á Íslandi þurfi ekki frekari aðstoð frá deild (S)forstj-frystig því það muni flækja málin og leiða til verðlækkunar:

„We have however discussed internally and concluded that there is no need for further assistance, we know that if there will be Samskip people all over the world contacting receivers of cargoes Faroes

⁴¹¹ Sjá ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 70/2007.

⁴¹² Sjá t.d. „Risar á heimsmarkaði“. Þekkingarsetur Vestmannaeyja, 22.01.2020. Aðgengilegt á slóð: <https://www.setur.is/risar-a-heimsmarkadi/>. Þar er greint frá erindi m.a. fulltrúa Maruha Nichiro sem haldið var í Vestmannaeyjum í janúar 2020. Kemur þar fram að Maruha sé stærsta sjávarútvegsfyrirtæki heims og eitt af þremur stærstu kaupendum á loðnuafurðum í Japan. Tilefni þessa var loðnubresturinn árið 2019 og var fjallað um mikla þýðingu útflutnings á loðnu frá Íslandi til Japan.

⁴¹³ Verslunarráð Íslands í Japan: „Utan Evrópu er Japan næst stærsta viðskiptaland Íslands á eftir Bandaríkjunum og jafnframt þriðja stærsta efnahagsveldi heims. Útflutningsverðmæti Íslands til Japans, árið 2014, voru yfir 10 milljarðar kr., sem nemur um helmingi alls útflutnings Íslands til Asíu. Sem dæmi, nam útflutningur Íslands til Kína, sama ár, aðeins 4.8 milljörðum kr., þ.e. einungis helmingur útflutnings Íslands til Japans.“. Aðgengilegt á slóð: www.mbl.is/media/78/7378.pdf.



and Iceland, offering them rates, this will only be complicating things and by the end of the day leading to lower rates, as has now been the case with Maru⁴¹⁴."

813. Samkvæmt þessari lýsingu (S)forstj höfðu Samskip og Eimskip góða „stjórn“ á nánast öllum útflutningi frá Íslandi. Væri þessari starfsemi sinnt af reyndum starfsmönnum sem þekktu keppinauta sína. Ekki er að sjá að (S)forstj hafi haft áhyggjur af verðsamkeppni frá Eimskip heldur var vandamálið sem við var að etja tilboð frá starfsmönnum (S)forstj-frystig í útflutning frá Íslandi og Færeyjum.

814. (S)forstj-frystig svaraði (S)forstj samdægurs:

„i agree that all pricing from faroes and iceland to be 100 pct under control of these countries and that both for cif and fob cargo.

we have also told people in intl. rf selling⁴¹⁵ the north atlantic in addition to the global network that they must respect our pricing policy for obvious reasons and i am totally aligned with you on this ie we want higher rates and not lower rates.

in terms of sales there is a clear trend of more and more fob control both in Japan, in europe and usa. for the maruha case in japan, maruha has asked for a new procedure going to fob and making the bookings with interocean⁴¹⁶ [samstarfsaðili Samskipa] in japan however still with pricing out iceland fully controlled by iceland as in the past and with the customer asking for the same rate fob as they are paying today as cif.

the maruha business is today shared 50/50 between samskip and eimskip and maruha has in writing said that we will get the lions share in the future and likewise will we be nominated for their non iceland business.

assume you are ok with this as long iceland export prices are maintained as today?⁴¹⁷

815. (S)forstj framsendi þennan tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv. Í svari (S)frkvstj-millilandasv til (S)forstj lýsti hann framangreindum aðgerðum deildar (S)forstj-frystig sem „hreinri hryðjuverkastarfsemi“ og kvaðst vera „algerlega ósammála þessari nálgun (S)forstj-frystig.“ (S)forstj svaraði (S)frkvstj-millilandasv og kvaðst vera alveg sammála honum og það þyrfti að funda sem fyrst um þetta.

816. Í mgr. 292 í athugasemdum Samskipa við AI kemur fram að í áðurnefndum tölvupósti frá 23. maí 2007 lýsi (S)forstj-frystig samskiptum við Maruha vegna mögulegra viðskiptasamninga. Vísi (S)forstj-frystig til þess að „vilji hafi verið innan Marhua til að auka viðskipti við Samskip vegna

⁴¹⁴ Marhua Nichiro.

⁴¹⁵ Sölu á alþjóðlegum frystiflutningum.

⁴¹⁶ Þann 30.03.2007 var gerð grein fyrir tilkynningu um samstarf Samskipa og Interocean. Kemur fram að Samskip sé „sterkt“ í m.a. útflutningi á frystum fiski frá Íslandi til Japans og þetta samstarf sé m.a. liður í að styrkja stöðu Samskipa í útflutningi á fiski til Asíu. Vísað er og til kaupanna á Kloosterboer. „MOVES by Samskip Reefer Logistics to build a stronger presence in the Asian market have taken a major step forward with the appointment of Interocean Shipping Corporation, a Tokyo-based agency organisation, to represent Samskip in Japan, one of the worlds most vital and demanding perishables and frozen fish markets. The agreement, which was signed by [...], CEO Samskip Reefer Logistics, and [...], CEO of Interocean Shipping Corporation, will enable Samskip to maintain its pattern of strategic growth in the region, which has seen the Icelandic company open branch offices in Qingdao and Dalian, China; Pusan and Seoul, South Korea; and in Ho Chi Minh City, Vietnam. [...] „We are pleased to be part of the Samskip agency network. In the past, Interocean has cultivated longterm relationships with dominant Japanese importers and exporters, especially in the frozen seafood industry but also in other refrigerated commodity sectors such as meat, fruit and vegetables. „When it comes to imports of frozen seafood, Japan has had long relationships with Norway, Iceland, the Faroe Islands and the Netherlands. Since Samskip is so strong in these markets, this agreement is very important for Interocean.“ [...] Mr [...], Managing Director, Samskip Coldstore Division, said: [...] „Since Samskip expanded its coldstore activities in 2005 with the acquisition of Kloosterboer Cold Stores, it has much better opportunities to offer an integrated product, covering all aspects of the logistical cool chain, both on an end-to-end basis and on a global scale.“ Sjá: <https://www.fishfarmermagazine.com/archive-2/samskip-reefer-logistics-continues-its-asian-expansion-fishupdate-com/>.

⁴¹⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.630945/0.7.33.631579.



flutninga frá Íslandi á kostnað Eimskips en áður hafi Marhua skipt flutningum sínum á milli félaganna tveggja". Til viðbótar benda Samskip á að þessi samskipti við Marhua staðfesti tvennt: „Annars vegar að virk samkeppni hafi verið til staðar varðandi flutninga fyrir Marhua og hins vegar að Marhua hafði sjálft fulla stjórn á því hvernig það hagaði flutningamálum sínum. Vitanlega var ekkert því til fyrirstöðu að Marhua notaði fleiri en einn flutningsaðila og ljóst er að ekkert í þessum samskiptum bendir til nokkurs samráðs milli Samskipa og Eimskips um flutninga fyrir umrætt fyrirtæki, enda var slíkt ekki til staðar. Þvert á móti má sjá að hjá Samskipum voru uppi áform um að ná betri samningum við Marhua, á kostnað Eimskips." Samskip fjalla einnig um þetta tilvik í mgr. 27 – 31 í bréfi fyrirtækisins frá 13. janúar 2021. Byggir fyrirtækið á því að ofangreind samskipti (S)forstj og (S)forstj-frystig hafi falið í sér „dæmigerð og fullkomlega eðlileg skoðanaskipti milli stjórnenda í stórfyrirtæki. Er með miklum ólíkindum að Samkeppniseftirlitinu takist að lesa það út úr þessum samskiptum að þau hljóti að vera til marks um einhvers konar samráð Eimskips og Samskipa".

817. Ekki er unnt að fallast á með Samskipum að framangreind gögn lýsi virkri samkeppni. Bendir Samkeppniseftirlitið á að (S)forstj sneri sér til (S)forstj-frystig og lýsti „stjórn“ Eimskips og Samskipa yfir útflutningi frá Íslandi og Færeyjum. Lýsing (S)forstj á aðstæðum á Íslandi gefur til kynna að hér hafi viðkomandi skipafélög, sem höfðu samanlagt mikla markaðshlutdeild og starfsmenn sem „þekktu“ hvern annan, verið fær um að halda uppi verðum. Kvartaði hann í raun yfir því að inngríp eða afskipti undirmanna (S)forstj-frystig gætu sett þetta í uppnám. Vísaði (S)forstj þannig til þess að undirmenn (S)forstj-frystig væru að senda viðskiptavinum eins og Marhua Nichiro verðtilboð. Þessar aðgerðir myndu á endanum þýða lækkun á útflutningsverðum frá Íslandi og það (S)forstj (S)forstj-frystig um að hætta þessari „aðstoð“. Svári (S)forstj-frystig við kvörtun (S)forstj var tekið afar illa af (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstj lýsti sig sammála (S)frkvstj-millilandasv. Virtist ekki hafa þýðingu þó (S)forstj-frystig gæfi til kynna að hann myndi reyna að tryggja að aukin viðskipti við Mahura myndu ekki lækka „íslensk útflutningsverð“. Þá ber að líta til þess að því er ekki mótmælt í tölvupóstum (S)forstj að Eimskip og Samskip skipti með sér flutningum fyrir Marhua. Að mati Samkeppniseftirlitsins er augljóst að það gat skapað hættu á verðsamkeppni og þar með lækkun á „íslenskum útflutningsverðum“ ef áætlun (S)forstj-frystig um að Samskip tæki að sér mun stærri hluta („lions share“) af flutningum fyrir Marhua.
818. Virt saman veitir framangreint vísbendingu um markaðsskiptingu eða aðrar samkeppnishömlur í útflutningi á sjávarafurðum frá Íslandi. Framangreind gögn sem varða Kloosterboer, Daalimpex, Eimskip og Samskip eru þessu til stuðnings enda lýsa þau ólögmaetu samráði í tengslum við þjónustu við útflytjendur á sjávarafurðum. Hér ber og að horfa til þess að í eftirfarandi gagni Kloosterboer frá ágúst 2007 er vísað til markaðsskiptingar Eimskips og Samskipa.
819. Sem fyrr segir keyptu Samskip á árinu 2005 frystiflutninga- og geymslustarfsemi Kloosterboer. Um var að ræða m.a. frystigeymslur fyrir sjávarafurðir í m.a. Færeyjum.
820. Fyrir liggur að ólögmaett samráð m.a. Eimskips, Samskipa og Kloosterboer var til rannsóknar hjá hollenskum samkeppnisyfirvöldum. Sendu þau Samkeppniseftirlitinu m.a. gagn frá árinu 2007 þar sem vísað var til markaðsskiptingar milli Eimskips og Samskipa. Um var að ræða umfjöllun innan Kloosterboer vegna kvörtunar frá Atlantsskipum. Á þessum tíma voru Atlantsskip keppinautur Eimskips og Samskipa í áætlunarsiglingum til og frá Íslandi. Höfðu Atlantsskip verið í viðskiptum við Kloosterboer.
821. Samkvæmt þessum gögnum frá Hollandi sendi framkvæmdastjóri Atlantsskipa þann 1. ágúst 2007 tölvupóst til Kloosterb2 hjá Kloosterboer.⁴¹⁸ Framangreindur RB hjá Kloosterboer fékk afrit af tölvupóstinum. Meðfylgjandi tölvupóstinum var bréf, dags. 31. júlí 2007, þar sem Atlantsskip kvörtuðu yfir verðlagningu og fleiru í kjölfar þess að Samskip eignuðust sjávarútvegshluta

⁴¹⁸ [...] var einn af Kloosterboerbræðrunum og starfaði hjá þeim hluta Kloosterboer sem ekki hafði verið selt Samskipum.



Kloosterboer.⁴¹⁹ Í bréfinu segir m.a. að samningar Atlantsskipa og Kloosterboer séu nánast úr sögunni vegna þessa:

„1. The transport agreement, which was signed simultaneously with the service agreement, is virtually dead. Kloosterboer sold its reefer business in Faeroe Island to our rival SAMSKIP. This meant an immediate loss for Atlantsskip of 10x40 ft. containers pr. week. Kloosterboer on the other hand, was able to receive an extraordinary amount of money from SAMSKIP due to our presence until then.

2. The deal between Kloosterboer and SAMSKIP prevents Kloosterboer to ship any other cargo from the Faeroe Islands.

3. Two of the „Kloosterboers brothers“ work with the rival company SAMSKIP. These brothers generate work for SAMSKIP, which was and is to the detriment of business of Atlantsskip.“

822. Í bréfinu var einnig kvartað yfir 5% verðhækkun Kloosterboer á árinu 2006.

823. RB hjá Kloosterboer sendi þann 21. ágúst 2007 tölvupóst til Kloosterb2 vegna þessa bréfs frá Atlantsskipum. Í honum sagði m.a.:

„Án þess að vera núna með mikil læti, byrjum við á slagnum gegn Atlantskip í rólegheitum. Fyrst að ná inn útistandandi reikningunum og síðan skaðabótum. Samkvæmt [Kloosterb3] er Atlantskip ekki að hagnast, vegna þess að Eimskip og Samskip skipta markaðnum. [...]“⁴²⁰

824. Kloosterb3 er einn fjögurra Kloosterboer bræðra og bjó samkvæmt þessu samtímagagni yfir vitneskju um markaðsskiptingu Eimskips og Samskipa. Í þessu samhengi ber að líta til þess að við skýrslutöku hjá lögreglu upplýsti (E)frkvstj-albjsv að af Kloosterboerbræðrum hefði hann helst verið í samskiptum við Kloosterb3.⁴²¹ Hér ber einnig að horfa til annars gagns sem hollensk samkeppnisyfirvöld sendu Samkeppniseftirlitinu. Um er að ræða tölvupóst (S)frkvstj-frystig (bróðir Kloosterb3 og var (S)frkvstj-frystig á þessum tíma framkvæmdastjóri hjá Samskipum), til samstarfsmanna hans. Tölvupósturinn er frá 21. ágúst 2008 og er í honum lýst samtali (S)frkvstj-frystig við annan stjórnanda hjá Samskipum ((S)forstj-frystig). Í samtalinu hafi aftur komið fram að Eimskip og Samskip skiptu með sér markaðnum og greint frá reiði aðaleigenda Samskipa ((S)aðaleig-stjform-SH) vegna tiltekinna „svika“ Eimskips tengd þeirri skiptingu. Jafnframt er því lýst að (S)forstj-frystig leggi til að, auk hans, fari (S)aðaleig-stjform-SH, (S)frkvstj-frystig og bróðir hans Kloosterb3 saman út að borða til þess að „viðhalda góðu sambandi“. Verður þessum tölvupósti lýst nánar í kafla 8.15.8.

825. Í mgr. 295 í athugasemdum Samskipa við AI er vísað til kaupa fyrirtækisins á sjávarútvegshluta Kloosterboer á árinu 2005. Kemur fram að frá vormánuðum á því ári hafi (S)frkvstj-frystig orðið starfsmaður Samskipa og fyrirtækið „hafði í hyggju að eiga í samstarfi við Kloosterboer vegna þessara stóru kaupa, m.a. með umræddri ráðingu“ (S)frkvstj-frystig. Kloosterboer hafi verið umboðsaðili Atlantsskipa í Vlissing í Hollandi og sökum „framangreindra viðskipta og áforma félaganna um samstarf töldu bæði Samskip og Kloosterboer það óviðeigandi að Kloosterboer héldi áfram að þjónusta Atlantsskip.“ Hvorki RB né Kloosterb3 hafi verið starfsmenn Samskipa og fjarstæðukennt væri að draga þá ályktun af tölvupósti RB að hann vísi til ólögmæts samstarfs Eimskips og Samskipa um skiptingu markaðarins. Tölvupósturinn feli aðeins í sér lýsingu á fákeppnisaðstæðum á markaðnum þar sem Eimskip væri ráðandi og Samskip næst stærst.

826. Samkeppniseftirlitið bendir á að í framangreindu bréfi Atlantsskipa frá 2007 er sagt frá því að tveir Kloosterboer bræðranna hafi starfað hjá Samskipum en Samskip staðhæfa það hins vegar að það hafi aðeins (S)frkvstj-frystig gert. Hvað sem því líður þá ber að horfa til þess að Samskip vísa í sjónarmiðum sínum til samstarfs við umrætt fjölskyldufyrirtæki eftir kaupin árið 2005. Einnig skiptir

⁴¹⁹ Afhentur tölvupóstur frá hollenskum samkeppnisyfirvöldum, afhent Samkeppniseftirlitinu þann 3.3.2017. [...]

⁴²⁰ Afhentur tölvupóstur frá hollenskum samkeppnisyfirvöldum, afhent Samkeppniseftirlitinu þann 3.3.2017. [...] Þýðing löggilts skjalapýðanda.

⁴²¹ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 166 og 176-117.



máli að í framangreindum tölvupósti (S)frkvstj-frystig frá ágúst 2008 er vísað til góðs sambands (S)aðaleig-stjform-SH við Kloosterboerfjölskylduna og í því skyni að viðhalda því góða sambandi er lagt til að (S)aðaleig-stjform-SH snæði með Kloosterb3 og (S)frkvstj-frystig. Gefur þetta til kynna að auk (S)frkvstj-frystig hafi Kloosterb3 átt í samskiptum við helstu stjórnendur Samskipa. Þá ber að leggja til grundvallar að Kloosterb3 og aðrir Kloosterboerbræður og starfsmenn þeirra hafi þekkt íslenska sjóflutningsmarkaðinn afar vel. Vísast hér m.a. til framangreindra samskipta við Eimskip á árunum 2002 – 2004, reglulegra heimsókna Kloosterboer til Íslands (þ.m.t viðræður við Samherja), viðræðna við bæði Samskip og Eimskip um sölu á sjávarútvegshluta Kloosterboer og samstarfsins við bæði Samskip og Atlantsskip. Telur Samkeppniseftirlitið ekki rökrétt að RB hafi talið nauðsynlegt að upplýsa Kloosterb2 um lýsingu Kloosterb3 bróður hans á augljósum aðstæðum á íslenska markaðnum, þ.e. að um væri að ræða fákeppnismarkað þar sem Eimskip væri stærst og Samskip næst stærst. Þess í stað telur Samkeppniseftirlitið að í tölvupósti RB felist það sem orðalag hans ber með sér; Kloosterb3 viti að Eimskip og Samskip skipti með sér markaðnum og sökum þessa hafi Atlantsskip ekki hagnast. Sú staðreynd að ári síðar hafi í tölvupósti (S)frkvstj-frystig og (S)forstj-frystig verið rætt um markaðsskiptingu Eimskips og Samskipa hefur hér og þýðingu.

827. Framangreint veitir því einnig vísbendingu um að ólögmaet markaðsskipting Samskipa og Eimskips í sjóflutningum hafi að einhverju leyti verið fyrir hendi á árinu 2007.

5.10. Álagning olúgjalds (BAF/FAF)

828. Olúgjald (BAF⁴²²) er þekkt víða á mörkuðum fyrir sjóflutninga. Áður fyrr var kostnaður vegna eldsneytis innifalinn í sjóflutningsgjaldi í samningum skipafélaga við viðskiptavinum. Sá kostnaður er jafnan verulegur. Vegna tíðra breytinga á verði eldsneytis hófu skipafélög á sínum tíma að taka upp umrætt gjald sem á að ráðast af eldsneytisverði á hverjum tíma.⁴²³ BAF er því einn hluti af verðlagningu viðkomandi skipafélags.⁴²⁴ Í svörum Eimskips og Samskipa við gagnabeiðni Samkeppniseftirlitsins á grundvelli 19. gr. samkeppnislaga kemur fram að þau hófu að innheimta BAF árið 2003.⁴²⁵ FAF er olúgjald vegna landflutninga.
829. Líkt og fram kemur í kafla 4.6.7 voru um tíma í gildi á EES svæðinu sérreglur um sjóflutninga með sérstakri hópundanþágu fyrir farmflytjendur (e. Carrier Conferences), sbr. þágildandi reglugerð ráðsins nr. 4056/86. Í dómi undirréttar ESB frá 19. mars 2003 í máli nr. T-213/00, *CMA CGM o.fl. gegn framkvæmdastjórninni*, var fjallað um verðsamráð skipafélaga sem tengdist álagningu á tilteknum gjöldum (t.d. olúgjaldi (BAF)). Hafði framkvæmdastjórnin komist að þeirri niðurstöðu að um brot væri að ræða. Taldi framkvæmdastjórnin að viðkomandi skipafélög mynduðu ekki samsiglingakerfi og gæti samráð um m.a. olúgjald ekki fallið undir undanþágu 3. gr. reglugerðar nr. 4056/86. Þá félli þetta samráð ekki undir heimild 2. gr. reglugerðarinnar um tæknilega samvinnu. Undirréttur ESB staðfesti þessa niðurstöðu framkvæmdastjórnarinnar. Hvorki Eimskip né Samskip ráku eða voru aðilar að samsiglingakerfi í skilningi reglugerðar nr. 4056/86. Nefnd reglugerð, sem áður veitti að uppfylltum nauðsynlegum skilyrðum hópundanþágu vegna samstarfs skipafélaga m.a. um BAF, á því ekki við í þessu máli.
830. Þann 25. september 2006 ákvað ráðherraráð Evrópusambandsins að draga fyrrnefnda reglugerð til baka og banna þar með umrætt samstarf farmflytjenda, sbr. reglugerð nr. 1419/2006. Kom bannið til framkvæmda frá 18. október 2008. Reglugerðin hafði þá einnig verið hluti af upphaflegum EES-samningi, en var felld úr gildi með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 153/2006 frá 8. desember 2006 og tók bannið einnig gildi samkvæmt EES-samningnum frá 18. október 2008.

⁴²² BAF stendur fyrir Bunker Adjustment Factor þar sem orðið „bunker“ vísar til eldsneytis fyrir skip.

⁴²³ Í dómi undirréttar ESB í máli nr. T-213/00, *CMA CGM o.fl. gegn framkvæmdastjórninni*, EU:T:2003:76, var BAF skilgreint svo í mgr. 31: „the Bunker Adjustment Factor (BAF): it is common ground that the BAF is a price adjustment made by a carrier to reflect the difference between the current cost of ship's fuel and a base level incorporated in the freight rate.“

⁴²⁴ Olúgjald er einnig nefnt FAF (Fuel Adjustment Factor). FAF getur vísað til olúgjalds í sjóflutningum en virðist frekar notað um olúgjald í landflutningum.

⁴²⁵ Bréf Eimskips til Samkeppniseftirlitsins 13.10.2017. Bréf Samskipa til Samkeppniseftirlitsins dags. 24.11.2017.

831. Sem fyrr segir var það vegna tíðra breytinga á verði eldsneytis sem skipafélög hófu á sínum tíma að taka upp BAF. Tilgangur BAF var þannig að vinna gegn því óhagræði að þurfa ítrekað að breyta samningum vegna breytinga á mikilvægum kostnaðarlið. Tilgangur BAF var því ekki að auka tekjur eða framlegð skipafélaga heldur fyrst og fremst að vera til hagræðis og dreifa áhættu af sveiflum á olíuverði. Í gögnum málsins er að finna dæmi sem gefa til kynna að önnur lögmál kunni að hafa gilt hjá Eimskip og Samskipum:

- Í glærum Samskipa um „*Rekstraráætlun Landflutningar 2008*“ frá 26. október 2007 er fjallað um tekjuáætlun fyrirtækisins Um olíuálag segir: „*Olíuálag fer úr tonnagjaldi í % álag af verðskrárverði. Byrjar í 3,49% skv. áætlun*“ og „*breyting á BAF skilar 17 milljónum í auknar tekjur.*“⁴²⁶ Engar upplýsingar koma fram um hvort eða hvernig þessar upplýsingar um auknar tekjur vegna breytinga á BAF tengist verðþróun á olíu.
- (E)forstö-flutnstý sendi þann 23. nóvember 2007 tölvupóst til (E)forstö-innfl og (E)forstö-útfl (afrit til (E)frkvstj-flutnkerf og (E)frkvstj-skiparekst) sem bar heitið „*BAF vs olíukostnaður*“. Í honum var vísað til fundar með þáverandi forstjóra Eimskips, (E)forstj-fyrrv. (E)forstö-flutnstý hafi eftir fundinn með (E)forstj-fyrrv gert „*smá stúdíu á þessu*“. Greindi (E)forstö-flutnstý frá því að hann hefði reiknað út hvaða áhrif hækkun á olíu um tíu Bandaríkjadali hafi annars vegar á „*olíukostnað vegna skipanna*“ og hins vegar á „*BAF gjaldskrá*“. Sagði hann að þessi hækkun myndi þýða að olíukostnaður vegna skipa Eimskips hækkaði um rúmlega 387.000 Bandaríkjadali, en „*[s]íðan skoðaði ég hvaða áhrif sama olíuverðshækkun hefur á BAF gjaldskrá og það er hækkun upp á USD 6 á teu í Evrópu og USD 7,2 á teu í Ameríku. Miðað við flutt magn (eingöngu til og frá Íslandi) í fullum teus síðustu 12 mánuði og miðað við að hvert einasta fullt teus borgi BAF þá hækka BAF tekjur á ári um USD 750.200 miðað við þessa sömu olíuverðshækkun.*

Þannig að „teorískt“ þá gerir BAF-ið miklu meira en að dekkja hækkanir á olíuverði - ef öll full teus borga fullt BAF þá græðum við mikið á oliuverðshækkunum.

Þessi niðurstaða kemur mér talsvert mikið á óvart og ég vildi ekki senda þetta á forstjórana⁴²⁷ fyrr en við erum búnir að skoða þetta betur. Hver er ástæðan fyrir því að þetta virðist ekki koma fram í áætlunum? Eru svona hlutfallslega mörg teus sem ekki borga BAF?⁴²⁸

- BAF var sem fyrr segir ekki tekið upp til þess að auka með beinum hætti hagnað skipafélaga. Gjald þetta var sem áður segir lagt á til að mæta sveiflum í verði á eldsneyti og ætlað að vinna gegn því óhagræði að þurfa endurtekið að breyta samningum vegna utanaðkomandi hækkana á þessum kostnaðarlið. Í ljósi þessa vekja framangreind ummæli (E)forstö-flutnstý um að „*við græðum mikið á oliuverðshækkunum*“ sérstaka eftirtekt og ber að horfa til þeirra þegar metin eru samtímagögn um BAF frá megin rannsóknartímabilinu.
- Þann 1. apríl 2008 sendi (E)forstö-innfl tölvupóst til (E)forstö-vöruþróun, (E)frkvstj-innanl og (E)forstö-útfl með glærukynningu vegna fyrirhugaðs fundar daginn eftir um ráðgerða gjaldskrárbreytingu Eimskips þann 9. apríl 2008. Í drögum að bréfi til viðskiptavina (glæra 3) sagði m.a. svo um BAF: „*Vegna þróunar olíuverðs mun olíuálag (BAF) verða aðlagð mánaðarlega frá og með 1. apríl, en ekki á tveggja mánaða fresti eins og hefur verið gert til þessa.*“⁴²⁹ Síðar sama dag sendi (E)forstö-vöruþróun sömu aðilum sama skjal með lagfæringum þar sem búið var að draga að hluta úr ráðgerðum hækkunum.⁴³⁰ Verkefninu var síðan fylgt eftir. Þann 16. maí 2008 sendi (E)forstö-vöruþróun tölvupóst til (E)starfsm (afrit send til (E)starfsm-flutnstýr, (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstö-flutnstý og (E)forstö-innfl) um breytingu á BAF frá 1. maí 2008 og sagði þar: „*Vorum á fundi í dag þar sem upp kom umræða um BAF gjöld og þá breytingu að frá og með 1.*

⁴²⁶ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.8666.

⁴²⁷ Á þessum tíma gegndu tveir menn stöðu forstjóra hjá Eimskip, annar var forstjóri samstæðunnar og hinn var forstjóri Eimskips á Íslandi. Er hér miðað við að hér sé átt við þá forstjóra.

⁴²⁸ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc ID. 0.7.33.427082.

⁴²⁹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.166439.

⁴³⁰ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.166460.



apríl 2008 þá uppfærum við BAF gjöld fyrsta hvers mánaðar. Hefur þú haft tök á að uppfæra BAF gjöld frá og með 1. maí 2008?"⁴³¹

832. Þannig sýna samtímagögn fyrir megin rannsóknartímabilið að við innheimtu á BAF gátu Samskip og Eimskip innheimt BAF af viðskiptavinum umfram það að draga úr áhættu gagnvart þróun á olíuverði. Mikilvægt er að hafa þetta í huga því aukið samráð Samskipa og Eimskips sem hófst um mitt ár 2008 tók til innheimtu á m.a. BAF, sbr. t.a.m. atvik í ágúst og desember 2008 og umfjöllun í köflum 8.15.7.2, 8.16.6 og 10.5. Í þessu samhengi skal því haldið til haga að BAF var mikilvæg tekjulind fyrir fyrirtækin, næst á eftir sjófrakt, sbr. kafla 14.55. Samtímagögn sýna að fyrirtækin án ótta um viðbrögð hvors annars hækkuðu BAF, lögðu áherslu og unnu markvisst að því að „allir“ viðskiptavinir greiddu BAF, frávik yrðu afnumin og afslættir felldir á brott eða lækkaðir, sbr. t.d. kafla 10.5.2 og 14.55. Samráð fyrirtækjanna tók jafnframt til þess að BAF fyrirtækjanna vegna Norður-Ameríku flutninga var að fullu samræmt, sbr. kafla 8.15.7.2.
833. Á svipaðan hátt og á Íslandi voru Eimskip og Samskip keppinautar í siglingum til og frá Færeyjum.⁴³² Blue Water Shipping (BWS) var einnig keppinautur Eimskips og Samskipa á Íslandi og í Færeyjum.⁴³³ Þá er rétt að halda því til haga að BAF í Færeyjum var ákvarðað sem hlutfall (%) af sjófrakt og fylgdi þannig ekki sveiflum í þróun olíuverðs (í sjóflutningum til og frá Íslandi var það ákvarðað á gámaeiningu skv. sérstakri gjaldskrá⁴³⁴).⁴³⁵
834. Tölvupóstur frá árinu 2006, sem sýnir samvinnu milli Eimskips og Samskipa um álagningu á BAF vegna sjóflutnings til og frá Færeyjum. Þann 2. maí 2006 sendi (E)forstö-[alþjv](#), forstöðumaður [alþjóðasviðs](#) Eimskips, tölvupóst með heitinu „BAF“ til (E)starfsm, starfsmanns dótturfélags Eimskips í Færeyjum (Faroe Ship). Greindi hún frá því að yfirmaður hjá Eimskip, (E)stjform2,⁴³⁶ hefði beðið hana að hafa samband við (E)starfsm varðandi útreikning og breytingar á BAF. Tók hún fram að BAF væri núna 16% ofan á sjófrakt. Kvaðst (E)forstö-[alþjv](#) ætla að hringja í (E)starfsm daginn eftir til að ræða þetta málefni. Snemma næsta morgun svaraði (E)starfsm þessum tölvupósti (E)forstö-

⁴³¹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.480425.

⁴³² Í frétt á mbl.is 22.01.2004 er haft eftir forstjóra Samskipa að félagið sé að efla stöðu sína í Færeyjum. „Skaftafellið verður tíður gestur í Reyðarfjarðarhöfn“ (mbl.is/greinasafn/grein/776360/). Í frétt á mbl.is þann 18. ágúst 2004 er sagt frá því að gengið hafi „verið frá samningi milli Eimskipafélags Íslands og Skipafélags Færeyja, Faroe Ship, um sameiginlegt eignarhald félaganna. [...] Í tilkynningu frá Eimskipi segir að með samningnum sé orðin til öflugasta fyrirtækjasamsteypa í flutningastarfsemi á Norður-Atlantshafi og lagður grunnur að hagkvæmari rekstri beggja félaganna og bættri þjónustu við viðskiptavini. [...]

Faroe Ship, sem á færeysku nefnist Skipafelagið Føroyar, var stofnað árið 1919 og er eitt elsta fyrirtækið í Færeyjum með rúmlega 200 starfsmenn og rekur nú þrjú skip í siglingum milli Færeyja, Skotlands og Danmerkur. Ársvelta Faroe Ship er yfir 3 milljarðar króna. Heildarvelta Faroe Ship og Eimskips í Færeyjum er áætluð 4-5 milljarðar króna eftir sameiningu. Faroe Ship rekur fjórar skrifstofur í Danmörku ásamt flutningsmiðlunarfyrirtækinu Spedition Atlantic sem er í Danmörku og er sérhæft í landflutningum og flutningum á frystum og kældum sjávarafurðum um alla Evrópu. Samkvæmt tilkynningu Eimskips er áætlað að samlegðaráhrif og EBITDA framlegð af sameiningu Eimskips og Faroe Ship nemi 500 milljónum króna á ársgrundvelli í samstæðu Eimskips. Unnið verði að því að samhæfa rekstur flutningakerfa félaganna til og frá Íslandi og Færeyjum, jafnframt því sem stuðlað verði að aukinni hagkvæmni og bættri nýtingu þeirra. Að auki verði lögð áhersla á að samhæfa starfsemi félaganna í Danmörku og efla sölu- og markaðsstarf á öðrum markaðssvæðum. Stefnt sé að því að Faroe Ship yfirtaki rekstur Eimskips í Færeyjum, en Eimskip hefur rekið þar eigin starfsemi frá árinu 1990.“ Aðgengilegt á slóð: mbl.is/greinasafn/grein/813955/.

Í frétt sem birtist á mbl.is 11.04.2006 sagði að Samskip „hafa skrifað undir viljayfirlýsingu um kaup á 50% hlut í færeysku flutningsmiðluninni Safari Transport. Kaupverðið fæst ekki gefið upp. Haft er eftir [...], forstjóra Samskipa, í tilkynningu frá félaginu, að Safari Transport sé leiðandi flutningsmiðlun með sex starfsmenn. Viðskiptin séu liður í því að styrkja enn frekar markaðsstöðu Samskipa í Færeyjum og efla þjónustuna þar almennt. Samskip hófu siglingar að nýju til og frá Færeyjum fyrir um tveimur árum. Segir í tilkynningunni að mikill uppgangur hafi einkennt starfsemina og að stjórnendur Samskipa stefni að því að ná sömu markaðshlutdeild í Færeyjum og á Íslandi. Samskip hafa viðkomu í Færeyjum tvisvar í viku, í Þórshöfn og Klakksvík, á siglingaleiðinni milli Íslands, Bretlandseyja og meginlands Evrópu.“ Morgunblaðið. „Samskip kaupa helming í færeysku innflutningafélagi“. Sjá: mbl.is/greinasafn/grein/1076718/.

⁴³³ Hér er rétt að rifja upp að Blue Water Shipping (BWS) er danskt flutningafyrirtæki. Bauð það upp á vöruflytninga til og frá Íslandi og til og frá Færeyjum. Í því skyni leigði það pláss í ferjunni Norrænnu af Smyril Line. Var sú flutningastarfsemi rekin af félaginu Smyril Blue Water (SBW) sem var alfarið í eigu Blue Water Shipping. Er í þessu máli vísað til BWS og SBW í einu lagi sem BWS.

⁴³⁴ Meginviðmiðið um gámaeiningu (TEU) er 20 feta gámur, en BAF er einnig ákvarðað fyrir 40 feta gáma.

⁴³⁵ Sbr. t.d. þann 9. maí 2008 framsendi [...] (framkvæmdastjóri Faroe Ship) tölvupóst til [...], þar sem viðskiptavini Faroe Ship (Faroe Seafood) hafði verið greint frá því að BAF hafi verið hækkað úr 20 í 35% þann 1. janúar 2008 á alla viðskiptavini. Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.70734. Um er að ræða framsendan tölvupóst sem Faroe Ship hafði sent viðskiptavini (Faroe Seafood) þar sem greint var frá því að BAF hafi hækkað úr 20 í 35% 01.01.2008 á alla viðskiptavini.

⁴³⁶ Sem síðar varð formaður stjórnar Eimskips.



alþjv. Sendi hann afrit af honum til (E)stjform2 og (E)frkvstj-alþjv. Í tölvupóstinum vísaði hann til samskipta við stjórnanda hjá Eimskip á Íslandi, (E)frkvstj-fjárm. Í tölvupóstinum sagði:

„When we increase the BAF here we always do it more or less together with our competitors. I hear from (E)frkvstj-fjárm that you use a formula. The question was how does this formula look like and do SAMSKIP use the same formula.

What I was thinking about are if we can persuade the other lines to use the same formula so we can get an automatic regulation of the BAF only to make BAF regulations easier in the future".⁴³⁷

835. Tölvupóstur (E)starfsm vísaði samkvæmt orðalagi sínu þannig til samvinnu við m.a. Samskip um álagningu BAF og lagt var til frekari samvinnu að þessu leyti.

836. Í byrjun janúar 2009, þegar aukið samráð Samskipa og Eimskips var hafið hér á landi, sendi (S)frkvstj-Safari, framkvæmdastjóri flutningsmiðlunarinnar Safari, tölvupóst til forstjóra Samskipa, (S)forstj. Safari var í helmingseigu Samskipa og starfaði í Færeyjum. (S)frkvstj-Safari benti á að BWS, keppinautur Samskipa og Eimskips, hefði ítrekað lækkað BAF, enda lækkaði olíuverð ört á þessum tíma, og lýsti yfir áhyggjum af því að Samskip hefðu ekki gert hið sama. BWS hefði þannig frá september 2008 lækkað BAF fimm sinnum og væri það nú 11%. Samskip hefðu aðeins lækkað einu sinni, úr 42% í 35%. Athygli vekur að þegar (S)forstj svaraði (S)frkvstj-Safari hélt hann sig við samráðið við Eimskip og taldi ekki ástæðu til að lækka BAF í Færeyjum og vísaði almennt til gjaldtöku Eimskips BAF í því sambandi:

„Understand we are more or less in line on the baf with Eimskip.“⁴³⁸

5.11. Ólögmeitt samráð í landflutningum

837. Gögn málsins gefa til kynna að ólögmeitt samráð Samskipa við Eimskip á landflutningamarkaði hafi hafist eigi síðar en árið 2005. Samráð þetta var samfellt út rannsóknartímabilið en samráðið í landflutningum varð markvissara og alvarlegra í kjölfar „Nýtt upphaf“ verkefnis Samskipa og Eimskips sem hófst í júní 2008. Einn þáttur í því verkefni var að meta „hagkvæmni“ þess að „auka samstarf“ milli fyrirtækjanna á landflutningamarkaði. Gerð verður nánari grein fyrir þessum atvikum á árinu 2008 og áfram í næstu köflum.

838. Eins og áður hefur komið fram hófst á árinu 2010 rannsókn Samkeppniseftirlitsins á fyrirtækjum sem starfa á landflutningamarkaði. Tók sú rannsókn m.a. til þess hvort 10. gr. samkeppnislaga hefði verið brotin í samstarfi annars vegar Eimskips við smærri flutningafyrirtæki innan landflutninganets fyrirtækisins og hins vegar í samstarfi Samskipa við smærri fyrirtæki innan landflutninganets fyrirtækisins. Einnig tók rannsóknin til þess hvort Eimskip og Samskip hefðu haft með sér ólögmeitt samráð á landflutningamarkaði. Þessari rannsókn var ekki lokið er hin umfangsmikla rannsókn á starfsemi Eimskips og Samskipa á m.a. sjóflutningamarkaði hófst á árinu 2013.

839. Við upphaf húsleitar þann 10. september 2013 fengu bæði Eimskip og Samskip afhent bréf frá Samkeppniseftirlitinu. Í bréfunum tilkynnti Samkeppniseftirlitið Eimskip og Samskipum að vísbendingar frá viðskiptavinum og keppinautum (sem urðu tilefni húsleitar) settu rannsóknina á landflutningamarkaði í „nýtt og umfangsmeira ljós“ og hefði Samkeppniseftirlitið ákveðið að sameina hina eldri rannsókn á ætluðu samráði Eimskips og Samskipa á landflutningamarkaði við hina umfangsmeiri rannsókn sem þá var að hefjast. Á grundvelli forgangsröðunar var hins vegar ákveðið að fella niður þann þátt rannsóknarinnar frá 2010 sem varðaði aðgerðir smærri landflutningafyrirtækja.

⁴³⁷ Afhentur tölvupóstur frá Eimskip, afhent. 23.03.2015. [...]

⁴³⁸ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.556618.



840. Rétt er að víkja nánar að þessu og þeim upplýsingum og sjónarmiðum sem aflað var frá Eimskip og Samskipum á árinu 2010.
841. Með bréfum til Eimskips og Samskipa, dags. 29. mars 2010, fór Samkeppniseftirlitið fram á ýmis gögn og upplýsingar frá félögunum um landflutningastarfsemi þeirra. Bárust eftirlitinu afrit af tölvupóstum, samningum, verðskrá og sjónarmið um skilgreiningu markaða o.fl. Þá átti Samkeppniseftirlitið fundi annars vegar með Eimskip og hins vegar Samskipum þar sem fyrirtækin veittu skýringar.
842. Í bréfunum frá óskaði Samkeppniseftirlitið m.a. eftir upplýsingum um samstarf Eimskips og Samskipa. Fyrir liggur að í þessari eldri rannsókn afhentu fyrirtækin ekki gögn eða veittu upplýsingar um afar mikilvæg atriði sem tengdust samstarfi í landflutningum. Nefna má hér dæmi um atriði sem fyrirtækin upplýstu ekki um:
- Framkvæmdastjóri landflutninga hjá Eimskip ((E)frkvstj-innanl) sendi í febrúar 2010 forstöðumanni landflutninga fyrirtækisins ((E)forstö-landfl1) glærुकynningu með tölvupósti. Kynningin var frá febrúar 2006 og kom fram í henni ríkur vilji til að eiga í ýmiskonar ólögum samráði við Samskip í landflutningum. Segir í tölvupósti (E)frkvstj-innanl frá febrúar 2010 að margt sem komi fram í glærunum hafi verið klárað en annað sé „enn í umræðunni.“ Fjallað verður nánar um þetta gagn í kafla 5.11.3.
 - (E)frkvstj-innanl vistaði hjá sér drög að samstarfssamningi við Samskip á sviði landflutninga í maí og nóvember 2006. Í glærुकynningu (E)frkvstj-innanl frá 21. nóvember 2006 kemur fram að drög að þessum samningi hafi „legið hjá Samskip síðan í júní 2006“. sbr. kafla 5.11.3.
 - Glærुकynning Samskipa, vistuð af framkvæmdastjóra landflutninga Samskipa ((S)frkvstj-innanl) 18. janúar 2007, þar sem fram kemur að Eimskip hefði gefið til kynna ríkan vilja til að hækka verð á landflutningum, sbr. kafla 5.11.4.
 - Eins og fram hefur komið hófst í júní 2008 umfangsmikið samráðsverkefni Eimskips og Samskipa. Í gögnum sem þessu tengjast kemur fram að aukið samstarf í landflutningum hafi verið liður í þessu verkefni. Átti m.a. að skoða hvort unnt væri að „samnýta betur“ landflutningakerfi Eimskips og Samskipa eða „stillu upp sameiginlegu kerfi“ fyrirtækjanna. Fjallað verður nánar um þetta í m.a. kafla 7.5.3.
 - Gögn málsins sýna að „sendinefnd“ frá Samskipum hafi komið á fund Eimskips 9. september 2008 til að ræða m.a. um samráð í landflutningum milli Norður- og Austurlands. Jafnframt sýna gögnin að í kjölfarið hafi náðst samkomulag milli fyrirtækjanna, sbr. kafla 8.16.7.
843. Fjallað er nánar um ófullnægjandi og ranga upplýsingagjöf Samskipa að þessu leyti í kafla 23.
844. Með bréfum, dags. 8. apríl 2010, óskaði Samkeppniseftirlitið einnig eftir gögnum frá öðrum og minni landflutningafyrirtækjum. Voru þetta fyrirtæki með höfuðstöðvar utan höfuðborgarsvæðisins sem áttu í samstarfi við Eimskip og/eða Samskip.⁴³⁹

⁴³⁹ Samkeppniseftirlitinu barst erindi þann 13.09.2010 frá Eimskip þar sem óskað var eftir að fyrirtækið auk tiltekinna aðila, þ.e. Fitjar – Flutningar ehf., Flutningaþjónusta Sigga ehf., Bifreiðastöð ÞÞP ehf., Flutningastöðin Borgarnesi ehf., Ragnar og Ásgeir ehf., K.M. Þjónustan ehf., Nanna ehf., Strandafrakt ehf., Vörumiðlun ehf., Þórður ehf. og Auðbert og Vigfús ehf. fengju heimild til að hafa tiltekið samstarf um vöruflytninga á landi. Nánar tiltekið var þess óskað, teldi Samkeppniseftirlitið að samstarfið félli undir 10. gr. og/eða 12. gr. samkeppnislaga, að veitt yrði undanþága fyrir því á grundvelli 15. gr. samkeppnislaga. Þann 22.10.2010 svaraði Samkeppniseftirlitið bréfi Eimskips. Var í bréfi eftirlitsins vísað til yfirstandandi athugunar þess á landflutningamarkaðnum, þ.m.t. háttsemi Eimskips á markaðnum, sbr. m.a. bréf eftirlitsins til félagsins frá 29.03.2010. Í þeirri athugun kæmi m.a. til skoðunar lögumtæmi samstarfs sem tengdist samstarfi Eimskips við minni flutningsfyrirtæki á landflutningamarkaði. Þessari rannsókn væri ekki lokið. Sökum þessa og í ljósi þess að staðhæft væri í bréfi Eimskips að samstarfið færi ekki gegn 10. eða 12. gr. samkeppnislaga væri ekki unnt, eins og á stæði, að taka afstöðu til erindisins og yrði það því ekki tekið til frekari meðferðar. Umrætt erindi Eimskips um undanþágu, dags. 13.09.2010, laut ekki að samstarfi Eimskips og Samskipa á landflutningamarkaði.



5.11.1. Samstarfsfyrirtæki Eimskips og Samskipa í landflutningum

845. Fyrir liggur að minni landflutningafyrirtæki hafi átt í samvinnu við Eimskip og Samskip. Áður en vikið er að atvikum sem tengjast samstarfi Norðurfraktar, dótturfélags Eimskips, við Samskip, er rétt að fjalla stuttlega um samstarf Eimskips og Samskipa við minni landflutningafyrirtæki. Má ráða eftirfarandi af bréfum Eimskips og Samskipa frá árinu 2010 um skipulag landflutninga og samstarf við þessi fyrirtæki.
846. Segja má að flutningamiðstöðvar Eimskips (Flytjanda) og Samskipa (Landflutninga) í Reykjavík séu aðaldreifistöðvar fyrir landflutningakerfin á Íslandi. Almennt eru minni landflutningafyrirtækin (hér nefnd samstarfsfyrirtæki), sem flytja vörur til og frá Reykjavík, með sitt rými eða bás á hvorri flutningamiðstöð. Eftir atvikum koma þau við á báðum eða annarri stöðinni og sækja eða afferma vörur á stöðvunum og halda svo áfram til þess áfangastaðar á landsbyggðinni sem þeir sinna.
847. Það má í raun segja að hlutverk samstarfsfyrirtækjanna sé tvíþætt:
- Annars vegar að flytja fyrir skipafélögin (for- og áframflytja) vörur tengdar sjóflutningi til og frá Íslandi. Má þá segja að þessi samstarfsfyrirtæki séu eins konar verktakar sem sinna flutningum til og frá áfangastöðum á landsbyggðinni sem Eimskip og Samskip sinna ekki með eigin flutningabílum (hér nefnt *samstarfsflutningar*).
 - Hins vegar eru eigin flutningar samstarfsfyrirtækjanna, gjarnan fyrir viðskiptavinum í heimabyggð. Kunnna þetta að vera flutningar sem ekki tengjast sjóflutningum en geta þó gert það (hér nefnt *eigin flutningar*).
848. Í fyrirbyggjandi afhentum samningum Eimskips við samstarfsfyrirtækin segir að þau taki að sér að flytja vörur fyrir Eimskip á milli Reykjavíkur og heimasvæðis viðkomandi á þeim kjörum sem Eimskip semji um við viðskiptavinum sína. Hins vegar skuldbindur Eimskip sig til að vera í samráði við flutningsaðilana í tilboðsgerð. Flutningsaðili skal beina flutningum (væntanlega eigin flutningum) inn í flutningakerfi Eimskips eins og kostur er og koma fram f.h. Eimskips gagnvart viðskiptavinum á svæðinu.⁴⁴⁰
849. Við fyrrgreinda sameinaða rannsókn á landflutningamarkaðnum var óskað upplýsinga um verðlagningu á flutningum hjá samstarfsfyrirtækjunum. Í svari Eimskips sagði að sölustjórar sæju um að verðleggja flutning á öllum leiðum en í samstarfi við viðkomandi flutningsaðila. Þegar um stærri samninga væri að ræða þá ákveddu samstarfsaðilarnir alfarið það verð sem þeir vildu bjóða á sinni flutningsleið. Einnig kom fram að sölustjórar Eimskips seldu oftast þjónustuna hvort sem Eimskip eða samstarfsfyrirtækin væru „*tekjuaðili*“. Samstarfsfyrirtækin væru alltaf „*tekjuaðilar*“ á sínum leiðum en í staðinn fengi Eimskip þóknun í formi stöðvargjalda.
850. Með öðrum orðum virtist fyrirkomulagið vera þannig að sölustjórar Eimskips, ýmist einir eða með samstarfsfyrirtækjunum, verðlegðu innanlandsflutningana. Minni landflutningafyrirtækin í flutninganetinu væru „*tekjuaðilar*“ og fengju tekjurnar óskiptar að öðru leyti en því að Eimskip fengi þóknun í formi stöðvargjalda. Það má hugsa sér ímyndað dæmi:
- Viðskiptavinur vill semja við Eimskip um flutning erlendis frá um Reykjavík og áfram til annars vegar Akureyrar og hins vegar Neskaupsstaðar. Eimskip býður verð á milli Reykjavíkur og Akureyrar og tekur sjálfstæða verðákvörðun fyrir þann legg enda sinnir félagið flutningum á leiðinni með eigin flutningabílum.
 - Varðandi Reykjavík-Neskaupsstaður þá sinnir Eimskip ekki flutningum þangað með eigin flutningabílum. Eimskip leitar því til samstarfsfyrirtækis, og fyrirtækin semja um verð fyrir

⁴⁴⁰ Ljóst er að þetta fyrirkomulag hefur verið lengi í gildi. Sjá t.d. þjónustusamning á milli Eimskips og Vörumiðlunar ehf. frá 5.10.2006. Afhent skjal frá Eimskip þann 31.05.2010 (merkt fylgiskjal 43). Sjá einnig afhent skjal frá Eimskip. Þjónustusamningur milli Eimskips og Ragnars og Ásgeirs ehf. frá 01.01.2014. Afhent þann 23.03.2015, fskj. 6.



viðskiptavininn eða samstarfsfyrirtækið ákveður verð sem Eimskip þarf að samþykkja. Samstarfsfyrirtækið fær því vitneskju um verð Eimskips til viðskiptavinarins.

851. Fyrirkomulag af þessum toga er afar viðkvæmt í samkeppnislegu tilliti. Eimskip og samstarfsfyrirtækið eru keppinautar í flutningum innanlands og eiga því hvor keppinauturinn fyrir sig að taka sjálfstæða verðákvörðun á því sölustigi sem hann starfar.
852. Við rannsókn málsins lágu ekki fyrir jafn nákvæmar útskýringar á fyrirkomulagi verðlagningar gagnvart viðskiptavinum Samskipa þegar flutningum var sinnt af samstarfsfyrirtækjum. Vísbendingar eru þó um að sama eða svipað fyrirkomulag hafi verið ríkjandi.
853. Hvað varðar samstarf Samskipa við minni flutningafyrirtæki verður í þessari ákvörðun ekki tekin afstaða til þess hvort samstarf um m.a. verðlagningu við samstarfsfyrirtækin feli í sér brot á 10. gr. samkeppnislaga. Það kann hins vegar að verða tekið til athugunar síðar, sbr. og ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2018, *Samruni Vörumiðlunar ehf. og Fitja-Vörumiðlunar ehf.*

5.11.2. Yfirtaka Eimskips á Norðurfrakt og samráð við Samskip

854. Eitt af þeim atriðum sem fram kom í fyrirspurn Samkeppniseftirlitsins til Eimskips og Samskipa frá árinu 2010 var að eftirlitinu væri kunnugt um að Norðurfrakt á Siglufirði og Samskip ættu í samstarfi um flutninga á milli Reykjavíkur og Ólafsfjarðar/Siglufjarðar en það virtist sem Norðurfrakt væri að fullu í eigu Eimskips. Óskað var eftir að fyrirtækin útskýrðu í hverju samstarf þeirra í gegnum Norðurfrakt væri fólgið. Þá var beðið um afrit af samstarfssamningum á milli Norðurfraktar og Samskipa.
855. Í bréfi Eimskips frá 19. maí 2010 kom fram að fyrirtækið hefði eignast 70% hlut í Norðurfrakt í byrjun árs 2005. Norðurfrakt og flutningafyrirtæki Árna Helgasonar á Ólafsfirði hefðu verið sameinuð undir merkjum Norðurfraktar þann 24. nóvember 2005. Eimskip hefðu á þessum tíma átt 51,7% hlutafjár í sameinuðu Norðurfrakt en eignast svo 48,3% til viðbótar og þar með 100% hlut í félaginu í janúar 2007.⁴⁴¹ Reksturinn hafi verið færður inn í Eimskip þann 1. febrúar 2007. Segir að velta fyrirtækisins samkvæmt ársreikningi 2005 (janúar-október) hafi verið tæplega 136 milljónir kr. Segir einnig að Eimskip hefði lokað vöruafgreiðslu sinni á Siglufirði í lok maí 2008 og Fiskmarkaður Siglufjarðar séð um afgreiðsluþjónustu og útkeyrslu frá 29. maí 2008.
856. Samkvæmt þessu hefði Eimskip í byrjun árs 2005 verið komið með yfirráð yfir Norðurfrakt með 70% hlut. Þessi hlutur hafi minnkað í 51,7% með sameiningunni við félag Árna Helgasonar en Eimskip hafi þó eftir þau viðskipti verið með 51,7% hlut. Í janúar 2007 hefði Eimskip svo eignast fyrirtækið að fullu.
857. Ekki barst samrunatilkynning vegna þessara kaupa til Samkeppniseftirlitsins. Kaupin voru þó tilkynningarskyld þar sem ársvelta var yfir 50 milljónum króna hjá hinu yfirtekna félagi, sbr. veltuviðmið samkvæmt 2. mgr. 18. gr. þágildandi samkeppnislaga nr. 8/1993.
858. Eimskip segir að samningurinn sem Norðurfrakt og Samskip hefðu gert á sínum tíma hafi falist í því að Norðurfrakt sinnti áætlunarflutningum frá Reykjavík til Siglufjarðar á sendingum sem Samskip innheimtu fyrir af sínum viðskiptavinum. Norðurfrakt hafi þá verið eins og önnur minni landflutningafyrirtæki í kerfinu. Segir ennfremur að eftir kaup Eimskips á Norðurfrakt hafi þessir

⁴⁴¹ Þann 29. janúar 2007 birtist eftirfarandi frétt á vb.is: „Eimskip hefur keypt alla hluti í Norðurfrakt ehf á Siglufirði en fyrir átti félagið 52% hlut, segir í fréttatilkynningu. Seljendur eru [...]. [...]stofnaði fyrirtækið fyrir átta árum og hefur stýrt uppbyggingu þess og verið framkvæmdastjóri frá upphafi. Norðurfrakt sinnti upphaflega einkum þjónustu við Siglufjörð og nágrenni auk tilfallandi verkefna fyrir Eimskip á Norðurlandi. Í lok árs 2005 var flutningarekstur [...]á Ólafsfirði færður inn í Norðurfrakt og samhliða varð [...] hluthafi í félaginu. Hjá Norðurfrakt vinna nú 19 starfsmenn og félagið rekur vöruafgreiðslur á Siglufirði og Ólafsfirði. Rekstur Norðurfraktar mun á næstu vikum verða samþættur inn í rekstur Eimskips og mun starfsemin heyra beint undir svæðisstjofu Eimskips á Akureyri en [...] er svæðisstjóri yfir þeirri starfsemi. Samhliða þessum breytingum mun [...] framkvæmdastjóri Norðurfraktar taka við nýju starfi rekstrarstjóra hjá Eimskip á Norðurlandi.“ Sjá: vb.is/frettir/eimskip-kaupir-norurfrakt-a-siglufiri/32064. Sjá einnig afhent skjal frá Eimskip. [...]



flutningar breyst þannig að sendingar sem hafi farið til og frá Siglufirði hafi verið fluttar af Samskipum á milli Reykjavíkur og Akureyrar og Eimskip annast áætlunarflutninga á milli Akureyrar og Siglufjarðar á sendingum Samskipa. Eimskip hafi lokað afgreiðslu á Siglufirði 1. júní 2008 og samið við Fiskmarkaðinn um vörumóttöku gegn mánaðarlegri þóknun.

859. Í bréfi Samskipa frá 28. maí 2010 var einnig fjallað um samning fyrirtækisins við Norðurfrakt. Segir að samningurinn hafi á sínum tíma verið byggður upp þannig að flutningatekjurnar, að frádreginni innheimtuþóknun, hafi runnið beint til Norðurfraktar vegna flutninga á milli Reykjavíkur og Siglufjarðar annars vegar og Akureyrar og Siglufjarðar hins vegar. Segir að þessi viðskipti hafi verið með sambærilegum hætti og við minni flutningafyrirtækin. Norðurfrakt hafi sinnt akstri á þessum leiðum sem og rekið afgreiðslur í nafni Samskipa á Siglufirði og Ólafsfirði. Þá segir að eftir að Eimskip hafi keypt Norðurfrakt árið 2007 hafi áfram verið unnið á sama grunni en ári síðar verið gerð sú breyting að Eimskip flutti Siglufjarðarfraktina að sunnan einungis frá Akureyri, þ.e. Samskip hafi flutt vörurnar til Akureyrar en Eimskip þaðan.
860. Samkvæmt framansögðu er ljóst að samvinna var á milli Samskipa og Eimskips í umræddum landflutningum. Mátti fyrirtækjunum vera ljóst að slík samvinna hefði getað farið gegn 10. gr. samkeppnislaga, sbr. m.a. ákvörðun samkeppnisráðs nr. 27/2002 sem fjallað er um m.a. í kafla 4.6.6.2. Fyrirtækin óskuðu ekki eftir undanþágu vegna þessa samstarfs.
861. Ljóst er að frásögn Samskipa, í bréfinu frá maí 2010, af þessum viðskiptum er ekki alveg sú sama og frásögn Eimskips. Reyndar segir að samningur Samskipa við Norðurfrakt hafi verið þannig að flutningatekjurnar, að frádreginni innheimtuþóknun, hafi runnið beint til Norðurfraktar vegna flutninga á milli Reykjavíkur og Siglufjarðar annars vegar og Akureyrar og Siglufjarðar hins vegar. Segir að þessi viðskipti hafi farið fram með sambærilegum hætti og viðskipti sjálfstæðu flutningafyrirtækjanna. Að þessu leyti ber fyrirtækjunum saman.
862. Fyrirtækjunum ber ekki saman um það hvenær viðskiptin breyttust. Samskip segja að eftir að Eimskip hafi eignaðist Norðurfrakt alfarið árið 2007 hafi áfram verið unnið á sama grunni en ári síðar hafi verið gerð sú breyting að Eimskip hafi flutt Siglufjarðarfraktina að sunnan einungis frá Akureyri, þ.e. Samskip hafi flutt vörurnar til Akureyrar en Eimskip þaðan. Skýringar Eimskips má á hinn bóginn skilja sem svo að breytingarnar hafi orðið um leið og félagið eignaðist Norðurfrakt að fullu í ársbyrjun 2007 eða jafnvel í ársbyrjun 2005 þegar félagið öðlaðist yfirráð yfir Norðurfrakt.
863. Hér verður að hafa í huga að Norðurfrakt komst í meirihlutaeigu Eimskips í ársbyrjun 2005. Það þýðir að mati Samkeppniseftirlitsins að dótturfélag Eimskips (Norðurfrakt) og Samskip hafa árin 2005, 2006 og 2007 verið í nánú samstarfi um flutninga á milli Reykjavíkur og Siglufjarðar. Miðað við skýringar félaganna hefur fyrirkomulagið verið þannig að Norðurfrakt (Eimskip) og Samskip hafi verið í nánú samskiptum um verð gagnvart viðskiptavinum Samskipa og Norðurfrakt (Eimskip) verið tekjuaðili í flutningunum. Af þessu leiðir því að Norðurfrakt/Eimskip og Samskip höfðu haft ólöglegt samráð um verð þar sem félögin ákváðu saman verð til viðskiptavina á leiðinni.
864. Sem fyrr segir heldur Eimskip því fram að flutningarnir hafi breyst um leið og félagið eignaðist Norðurfrakt. Hér miðar Eimskip mögulega við árið 2007 þegar félagið eignaðist Norðurfrakt að fullu en rétt er að miða við ársbyrjun 2005 en þá eignaðist Eimskip meirihluta í Norðurfrakt og þar með virk yfirráð yfir því félagi.⁴⁴² Þá er ljóst að jafnvel þó miðað hafi verið við árið 2007 þá breyttust viðskiptin ekki fyrr en í ársbyrjun 2008 samkvæmt skýringum Samskipa eins og áður segir. Samskipti á milli fyrirtækjanna um gagnkvæmt verð á flutningum sem nánar verður fjallað um hér á eftir renna líka stoðum undir það að fyrirkomulagið hafi ekki breyst fyrr en á árinu 2008.
865. Hér ber einnig að hafa í huga að Norðurfrakt (Eimskip) sinnti ekki aðeins akstri á þessum leiðum fyrir Samskip heldur rak Norðurfrakt einnig afgreiðslur í nafni Samskipa á Siglufirði og Ólafsfirði samkvæmt skýringum Samskipa. Eimskip hefur hins vegar veitt þær skýringar að fyrirtækið hafi

⁴⁴² Sjá bréf Eimskips til Samkeppniseftirlitsins frá 19.05.2010.



þann 1. júní 2008 lokað afgreiðslunni á Siglufirði og samið við Fiskmarkaðinn um vörumóttöku og afgreiðslu. Má af þessu ráða að Eimskip hafi sinnt afgreiðslu fyrir Samskip til þess tíma og svo Fiskmarkaðurinn tekið við.

866. Þá liggur fyrir að umrætt dótturfyrirtæki Eimskips gerði flutningasamning við Samskip þann 24. janúar 2006 um flutningaþjónustu á milli Reykjavíkur og Siglufjarðar og Reykjavíkur og Hofsóss.⁴⁴³ Í samningnum var kveðið á um stöðvargjöld sem Norðurfrakt skyldi greiða þannig að Norðurfrakt væri „samstarfsaðili“ Samskipa. Að mati Samkeppniseftirlitsins gefur þetta til viðbótar til kynna að Eimskip og Samskip hafi haft ólögmætt verðsamráð gegnum þetta samstarf, þ.e. þau með ólögmætum hætti sammæltust um verð til viðskiptavina. Hér vísast einnig til tölvupóstar (E)rekststj-landfl frá 26. janúar 2007 sem lýsir verðsamráði við Samskip í landflutningum, sem og öðrum atvikum frá árunum 2007 -2008 sem lýst verður hér á eftir.
867. Með hliðsjón af öllu framangreindu er það mat Samkeppniseftirlitsins að í framangreindu samstarfi Samskipa við Norðurfrakt/Eimskip hafi falist ólögmætt samráð um m.a. verð fyrir flutningaþjónustu frá þeim tíma sem Eimskip náði yfirráðum yfir Norðurfrakt (í ársbyrjun 2005) fram til 1. júní 2008. Samráðið fólst í því að félögin ákváðu sameiginlega það verð sem Eimskip eða Norðurfrakt innheimti fyrir flutningaþjónustu hjá viðskiptavinum Samskipa eða í viðskiptum sem það félag aflaði. Einnig fólst brot Samskipa í samstarfinu við Eimskip sem slíku, sbr. m.a. umfjöllun um bann 10. gr. samkeppnislaga í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 27/2002.
868. Eins og rökstutt er í kafla 25.3 geta sjónarmið Samskipa ekki breytt framangreindri niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins.

5.11.3. Atvik á árinu 2006

869. Eins og kom fram í upphafi þessa kafla sendi (E)frkvstj-innanl í febrúar árið 2010 fjögurra ára gamla glærुकynningu til (E)forstö-landfl1 (sem þá var orðinn forstöðumaður landflutninga Eimskips).⁴⁴⁴ Í tölvupósti hans sagði:
- „Meðfylgjandi til gamans, margt af þessu kláruðum við en annað enn í umræðunni.“*
870. Glærुकynningin er nánar tiltekið frá 23. febrúar 2006 og í henni er m.a. fjallað um umtalsvert samráð við Samskip. Hún sýnir því hvað var á döfinni að þessu leyti í febrúar 2006. Tölvupóstur (E)frkvstj-innanl frá febrúar 2010 sýnir að unnið hafi verið í þeim atriðum sem nefnd eru í kynningunni.
871. Eins og áður segir upplýsti Eimskip ekki um tilvist eða efni þessarar glærुकynningu fyrirtækisins í landflutningamálinu sem hófst í mars árið 2010. Aukinheldur vöktu á þessum tímavarki hvorki Eimskip né Samskip athygli á eða veittu upplýsingar um þessi samstarfsáform sem finna má á umræddum glærum. Hér ber sömuleiðis að benda á að Eimskip afhenti ekki umrædda glærुकynningu þegar Samkeppniseftirlitið óskaði í janúar 2015 eftir afriti af öllum tillögum eða hugmyndum að samstarfi Eimskips og Samskipa á m.a. landflutningamarkaði fyrir tímabilið frá árinu 2006 til janúar 2015.⁴⁴⁵ Að mati Samkeppniseftirlitsins hefur þetta verið til þess fallið að afvegaleiða og tefja rannsókn málsins. Skal þetta sömuleiðis sett í samhengi við ranga upplýsingagjöf forstjóra fyrirtækjanna við skýrslugjöf til Samkeppniseftirlitsins við upphaf rannsóknar í september 2013, sbr. kafla 7.1.1 og áfram.

⁴⁴³ Afhent afrit af samningi frá Eimskip, afhent þann 19.05.2010, bréfbindi V, fskj. 8.9., „Stöðvarsamningur um flutning á almennri vöru“.

⁴⁴⁴ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.95166.

⁴⁴⁵ ii)-liður 11. tölul. upplýsingabeiðni Samkeppniseftirlitsins frá 23.01.2015, þar sem m.a. var óskað afhendingar á afritum af glærुकynningum með tillögum eða hugmyndum að samstarfi milli Eimskips og annarra fyrirtækja sem sinna m.a. landflutningum (t.d. Samskip). Svarbréf Eimskips frá 23.03.2015 kafli XI bls. 7. Svarbréf Eimskips frá 19.02.2016, sbr. 9. tölul. svarbréfsins bls. 11. Eimskip afhenti umrædda glærुकynningu 23.03.2015 (kafli VIII. bls. 3 í svarbréfi) vegna upplýsingaskyldu um samskipti stjórnenda Eimskips og Samskipa en af því tilefni afhenti Eimskip umfangsmikið óflokkað rafrænt gagnasafn. Eftir leit Samkeppniseftirlitsins í þessum gagnasafni fannst glærुकynningin vistuð með sama heiti á heimasvæði [...], „[...]Innanlandssvið-hagræðing feb 06“, síðast vistuð 04.03.2006, kl. 22:57.



872. Glærुकynningin frá 2006 fjallar ekki síst um samstarf Eimskip og Samskipa. Eins og fyrr segir kemur fram í tölvupósti (E)frkvstj-innanl frá febrúar 2010 að sumt sem nefnt er í glærunum hafi komið til framkvæmda en annað væri enn í umræðu. Samhengisins vegna er rétt að gefa yfirlit yfir samstarf Eimskip og Samskipa í landflutningum (og flutningum með ferjum) sem var fyrir hendi þegar (E)frkvstj-innanl sendi tölvupóstinn á árinu 2010:

- Á árinu 2010 var eftirfarandi samstarf í landflutningum fyrir hendi:
 - Flutningaleiðin á milli Akureyrar og Siglufjarðar – Eimskip flytur fyrir Samskip.
 - Flutningaleiðin á milli Ólafsfjarðar og Dalvíkur – Eimskip flytur fyrir Samskip.
 - Flutningaleiðin á milli Egilsstaða og Seyðisfjarðar – Samskip flytja fyrir Eimskip.
 - Flutningaleiðin á milli Reyðarfjarðar og Neskaupsstaðar – Eimskip flytur fyrir Samskip.
 - Flutningaleiðin á milli Húsavíkur og Vopnafjarðar – Eimskip flytur fyrir Samskip.
 - Flutningaleiðin á milli Húsavíkur og Þórshafnar – Samskip flytja fyrir Eimskip.
 - Flutningaleiðin á milli Akureyrar og Egilsstaða – Samskip flytja fyrir Eimskip.
 - Flutningaleiðin á milli Grímseyjar og Árskógssands – Samskip reka ferjuna Sæfara og flytja fyrir Eimskip.
 - Flutningaleiðin á milli Landeyjarhafnar/Þorlákshafnar og Vestmannaeyja – Eimskip rekur Herjólf og flytur fyrir Samskip.
 - Flutningaleiðin á milli Reyðarfjarðar og Stöðvarfjarðar/Breiðdalsvíkur – Eimskip flytur fyrir Samskip.
 - Flutningaleiðin á milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar – Samskip flytja fyrir Eimskip.
- Samstarf um vöruafgreiðslur var eftirfarandi:
 - Ólafsfjörður: Norðurfrakt annast vöruafgreiðslu fyrir Landflutninga.
 - Siglufjörður: Til 1. júní 2008 annast Norðurfrakt vöruafgreiðslu en samdi þá við Fiskmarkaðinn um vöruafgreiðslu. Afgreiðir fyrir bæði Eimskip og Samskip.
 - Djúpvogur: Eimskip afgreiðir vörur fyrir Samskip. Aðeins þjónusta á staðnum.
- Eftirfarandi samstarf í fiskflutningum:
 - Eimskip flytur fisk fyrir Samskip á milli:
 - Húsavíkur og Reykjavíkur
 - Siglufjarðar og Reykjavíkur
 - Samskip flytja fisk fyrir Eimskip á milli:
 - Þórshafnar og Reykjavíkur
 - Dalvíkur og Reykjavíkur
 - Eimskip og Samskip flytja fyrir hvort annað fisk á milli Austfjarða og Reykjavíkur.



873. Umrædd glærukynning (E)frkvstj-innanl frá febrúar 2006 bar heitið „Innanlandssvið - 3 mánaða uppgjör 2006 – Skýringar á frávikum og aðgerðaráætlun“. Í upphafi hennar kom fram að afkoma og árangur innanlandssvið væri óviðunandi og „aðgerðir nauðsynlegar“. Var því síðan lýst að „mjög hörð samkeppni hefur haft í för með sér lækkandi flutningsgjöld“. Kemur m.a. fram í sama skjali að verð á fiskflutningum hafi lækkað um 20-30%. Í kynningunni er lýst ýmsum verkefnum til þess að bæta stöðu innanlandsdeildar Eimskips. Eins og eftirfarandi gefur til kynna var hjá Eimskip lögð mikil áhersla á samvinnu við helsta keppinautinn, Samskip. Var fyrst lýst „hagræðingarverkefnum“:

Innanlandsflutningar í janúar 2006		
• Frekari hagræðing á svæðisskrifstofum og í Klettagörðum – umboð o.fl.:		
• Hætt með umboð á Ólafsfirði	1 mkr	Lokið í jan
• Hætt með umboð á Djúpavogi	1 mkr	Lokið í feb
• Landvara pakkað í skúffu	1 mkr	Lokið í mars
• Framlegð vegna leigu á Reach stacker til Bechtel	5 mkr	feb
• <u>Lækkun stjórnunarkostnaðar</u>	8 mkr	mars
SAMTALS:	16 mkr	
• Svæðisskrifstofur – 2.áfangi hagræðingar – samstarf um vöruafgreiðslur við Samskip og fleiri aðila:		
• Dalvík með Samskip + Norðurfrakt, er í vinnslu		áður komið
• Suðurnes semja við Flutningaþj. Gunnars, er í vinnslu		10-15 mkr
• Norðfjörður, loka – SVN taki að sér verkefni sjálfir		5-10 mkr
• Egilsstaðir, semja við Samskip, verðum áfram með afgr.m.	5 mkr	
• <u>Ísafjörður, taka að sér vöruafgr. fyrir Samskip</u>	5 mkr	
SAMTALS:	25-35 mkr	



Hagræðingaraðgerðir – Tvíhliða flutningasamningur

Leið	Eimskip			Samskip			Samtals	Sameiginleg þörf
	Tegund tækja			Tegund tækja				
	Kassabílar	Dráttarbílar	Samtals	Kassabílar	Dráttarbílar	Samtals		
Reykjavík - Akureyri	9	8	17	8	5	13	30	28
Reykjavík - Austfirðir	6	5	11	5	2	7	18	17
Reykjavík - Ísafjörður	4	3	7	3	2	5	12	11
Reykjavík - Vestmannaeyjar		2	2		2	2	4	4
Reykjavík - Keflavík	2	2	4	2	2	4	8	7
Reykjavík - Selfoss	2		2	2		2	4	3
Reykjavík - Húsavík	4	5	9	2	1	3	12	11
Reykjavík - Höfn		3	3		2	2	4	5
Samtals	27	28	55	24	16	40	95	86

Möguleg fækkun á bílum í heildarkerfinu

9

Miðað við 120.000 km akstur pr. Tæki - hagræðing samtals 172.800.000

Eimskip 86.400.000

874. Í næstu glæru kom fram „samantekt hagræðingaverkefna 2006“. Af fjórum verkefnum sem þar voru tilgreind tóku tvö þeirra til samstarfs við Samskip, annars vegar „Svæðisskrifstofur 2 áfangi við Samskip o.fl.“ og hins vegar „Tvíhliða flutningasamningur við Samskip“. Samtals áttu þessi fjögur verkefni að skila 179 milljónum kr. og þar af voru 106 milljónir kr. vegna Samskipaverkefnanna. Síðan var í kynningunni lýst frekari mögulegri samvinnu við Samskip:

Önnur áhugaverð verkefni Innanlandsflutninga



- **Vestmannaeyjar**
 - Semja um vöru- og skipaafgreiðsluþjónustu við Samskip til næstu 5-7 ára þ.e. meðan við erum með Herjólf
- **Suðurland**
 - Sameiginleg vöruafgreiðsla með Samskip
- **Austurland**
 - Semja við Samskip um vöruafgreiðsluþjónustu á Reyðarfirði samhliða samningum við þá um kaup á þjónustu á Egilsstöðum



Austurland – framtíðaruppbygging



- Í byrjun apríl verður lokið við framtíðar-áætlun fyrir starfsemi á Austurlandi:
 - Gert ráð fyrir að RFJ verði miðstöð flutninga Eimskips á svæðinu
 - Skipulag og starfsemi öll endurskoðuð
 - Starfsemi hætt á SEY, ESK, NES og að mestu á EGS
 - Keypt þjónusta af Samskip á EGS, samhliða samið um að Eimskip þjónusti Samskip á sambærilegan hátt á RFJ
 - Markmið um hámarkshagræðingu c.a. 30-40 mkr (ætlum að ná henni að hluta 2006 EGS/NES- c.a. 10 mkr)
- Byggja þarf c.a. 800 m² flutningamiðstöð:
 - Sótt um lóð s.l. sumar
 - Nútímaleg aðstaða með 5 hleðslurampa + 2 venjuleg op
 - Kostnaður með lóðarfrágangi áætlaður 120-130 mkr
 - Húsaleiga 1% eða 1,2 mkr/mán – lægri en núverandi húsaleigukostnaður
 - 6-8 mánaða byggingartími, lóð tilbúin til afhendingar s.hluta árs 2006
 - Starfsemi hefst í nýrri aðstöðu vorið 2007

Framtíðaráform – skrefinu lengra



- Stofna félag með Samskip o.fl. um rekstur vöru- og skipaafgreiðslna á landsvísu, áætluð hagræðing 15-20% eða 100-120 mkr fyrir Eimskip
- Sameina innanlandsflutningakerfi beggja aðila inn í eitt félag, áætluð hagræðing 10-15% eða 300-450 mkr fyrir Eimskip

875. Í glærunum var síðan lagt til grundvallar að markmið um framlegð samkvæmt rekstraráætlun Eimskips gangi eftir þegar m.a. umræddar „hagræðingatillögur“ byrji að hafa áhrif.

876. Í sama skjali (E)frkvstj-innan er fjallað um „Samkeppni og þróun mála okt 05 – mars 06“. Segir þar að vegna samkeppni frá Samskipum hafi verið fyrir fiskflutninga lækkað um 20-30%. Jafnframt hafi



verið mikill „slagur um stóra pakka síðustu mánuði“. Sökum samkeppni við Samskip hefði verið á flutningum fyrir ÁTVR og Aðföng lækkað. Samskip hefðu náð að halda tilteknum flutningum fyrir Húsasmiðjuna en verið lækkað um 30%. Kemur einnig fram að almennt hafi lækkandi verið verið „áhyggjuefni“. Hins vegar kemur fram að „Samskip vilja gera samninga við okkur um dreifingu á SV-horninu“.

877. Samkvæmt þessum glærum Eimskips var samkeppni við Samskip sögð hafa leitt til lægra verðs og ljóst skv. glærunum að afkoma Eimskips í landflutningum hafði ekki verið góð. Sökum þessa taldi Eimskip nauðsynlegt að grípa til aðgerða og lagt var til grundvallar að þær myndu bæta framlegðina í landflutningum. Kemur fram í glærunum ríkur vilji til að eiga í ýmiskonar ólögum samráði við Samskip. Samstarfið átti m.a. að felast í samstarfi um vöruafgreiðslur á Dalvík, Egilsstöðum, Reyðarfirði, Ísafirði og Vestmannaeyjum. Þá gerðu áætlanirnar ráð fyrir „tvíhliða flutningasamningum“ við Samskip á helstu flutningaleiðum sem hefði í för með sér takmörkun á flutningaframboði („fækkun á bílum í heildarkerfinu“). Loks eru sett fram áform um að ganga „skrefinu lengra“ sem felist í að Eimskip og Samskip stofni félag um rekstur á vöru- og skipaafgreiðslu og jafnvel sameini innanlandsflutningakerfi beggja fyrirtækjanna.
878. Sem fyrr segir voru umræddar glæsur Eimskips frá febrúar 2006. Í málinu liggur fyrir skjal frá Eimskip frá 12. apríl 2006 sem var vistað á heimasvæði [\(E\)rekstj-aksturst](#). Heiti skjalsins er „Minnispunktur apríl“ og fyrirsögn þess er: „Fundur-12. apríl“. Koma á skjalinu fram ýmsir minnispunktur vegna umrædds fundar. Einn þeirra var þessi:
- „Samskip – flutningasamningur?“⁴⁴⁶
879. Annar minnispunktur í skjalinu var eftirfarandi: „Dalvík – staða mála?“. Hér ber að líta til þess að í umræddum glærum [\(E\)frkvstj-innanl](#) frá febrúar 2006 var vísað til Dalvíkur með þessum hætti: „Dalvík með Samskip + Norðurfrakt, er í vinnslu.“
880. Gefur þetta gagn a.m.k. til kynna áframhaldandi vinnu innan Eimskips vegna mögulegrar aukinnar samvinnu við Samskip.
881. Áfram var fjallað hjá Eimskip um samstarf við Samskip. Þannig vistaði [\(E\)rekstj-aksturst](#) þann 8. maí 2006 drög að flutningasamningi við Samskip.⁴⁴⁷
882. Samhengisins vegna er rétt að hafa í huga að í september 2008 stóðu yfir viðræður milli Eimskips og Samskipa um aukið samráð í landflutningum, sbr. kafla 8.16.4. Sendi [\(E\)rekstj-aksturst](#) þann 3. september 2008 [\(E\)frkvstj-innanl](#) eintak af framangreindum drögum frá árinu 2006 að samningi við Samskip. Það skjal ber með sér að hafa verið búið til 8. maí 2006 og einnig eru samningsdrögin sjálf dagsett þann dag. Ber og líta til þess að þessi drög [\(E\)rekstj-aksturst](#) voru á rafrænu bréfsefni Samskipa. Kemur þetta fram á forsiðunni:

⁴⁴⁶ Afritað skjal frá Eimskip. [...]

⁴⁴⁷ Afritað skjal frá Eimskip. [...]



883. Einnig kemur þetta fram í drögum:



884. Undirbúningur að þessu samstarfi hélt áfram og þann 26. maí 2006 vistaði (E)frkvstj-innanl einnig drög að flutningasamningi við Samskip.⁴⁴⁸

885. Umrædd drög (E)rekstj-aksturst/(E)frkvstj-innanl frá maí 2006 gerðu ráð fyrir mjög yfirgripsmiklu samstarfi Eimskips og Samskipa í landflutningum. Í glærukynningu (E)frkvstj-innanl frá 21. nóvember 2006 (sem lýst er nánar hér á eftir) sagði að „tvíhliða samningur hefur legið hjá Samskip síðan í júní 2006“. Sýnir þetta samtímagagn yfirmanns landflutninga Eimskips að fyrirtækið sendi eða afhenti Samskipum framangreind drög í júní 2006. Þá kunna upphafleg drög að hafa verið samin af Samskipum enda drögin sem (E)rekstj-aksturst og (E)frkvstj-innanl vistuðu bæði á rafrænu bréfsfni Samskipa en ekki er nauðsynlegt að taka afstöðu til þess.

886. Sem fyrr segir afhentu hvorki Eimskip né Samskip Samkeppniseftirlitinu fyrrnefnd drög við gagnaöflun á árinu 2010. Við rannsókn þessa máls var fyrirtækjunum gert skylt að afhenda öll samningsdrög þeirra á milli frá árinu 2006 til 2015, þ.á m. drög sem vörðuðu landflutninga.⁴⁴⁹ Hvorugt fyrirtækið afhenti framangreind drög frá árinu 2006.

⁴⁴⁸ Afhent tölvuskjal frá Eimskip 23.03.2015. [...]

⁴⁴⁹ Bréf Samkeppniseftirlitsins til Eimskips, dags. 23.01.2015, ii)-liður 11. tölul. Bréf Samkeppniseftirlitsins til Samskipa, dags. 29.01.2015, ii)-liður 10. tölul.



887. Þá liggur fyrir að þann 18. júní 2006 vistaði (E)frkvstj-innanl á heimasvæði sínu skjal með heitinu „100 daga aðgerðarplan júlí-sept 2006“⁴⁵⁰ Í skjalinu voru tilgreindar aðgerðir Eimskips á innanlandsmarkaði í 14 liðum. Í lið 6 sagði:

„Lækkun flutningskostnaðar í innanlandsflutningum:

Tvíhliða flutningasamningur við Samskip ásamt innri hagræðingarverkefnum í akstursstýringu.“

888. Samkvæmt skjalinu báru (E)frkvstj-innanl og (E)rekstj-aksturst ábyrgð á þessu verkefni.

889. Gögnin sýna einnig að (E)rekstj-aksturst vistaði þann 16. nóvember 2006 glærुकyninguna „innanlandssvið hagræðing nóv 06“.⁴⁵¹ Kemur fram að það stefni í „neikvætt frávík í afkomu innanlandsflutninga á árinu 2006.“ Fjallar kynningin um aðgerðir Eimskips í landflutningum frá nóvember 2006 til janúar 2007 til þess að bregðast við þessu. Hækkun á verði og samvinna við Samskip var hluti af þeim aðgerðum sem átti að grípa til. Samkvæmt glærुकyningunni báru (E)frkvstj-innanl og (E)rekstj-aksturst ábyrgð á eftirfarandi aðgerð: „Tvíhliða samningur við Samskip ásamt tilheyrandi tilhliðrun í stýringu.“ Er það í samræmi við önnur samtímagögn frá þessum tíma sem lýst hefur verið hér að framan.

890. (E)frkvstj-innanl vistaði þann 21. nóvember 2006 aðra glærुकyningu. Bar hún heitið „Innanlandssvið Eimskips Afkoma 11. mánuði 2006 – aðgerðir til janúarlok 2007“.⁴⁵² Þar kom aftur fram að ráðast þyrfti í hækkun á verði á landflutningum og voru settar fram tillögur um hækkun á gjaldskrá, aukna gjalddöku og lækkun á afslætti. Einnig var á ný vísað til samstarfs við Samskip:

„– Samstarf við aðra flutningsaðila –

- *tvíhliða samningur hefur legið hjá Samskip síðan í júní 2006 – regluleg eftirfylgni af hálfu Eimskips – 75 mkr hagræðing fyrir Eimskip“*

891. Virt saman sýna þessi samtímagögn að Eimskip sendi eða afhenti Samskipum framangreind drög að víðtæku landflutningasamkomulagi í júní 2006. Á tímabilinu júní – nóvember 2006 átti Eimskip síðan í ítrekuðum samskiptum við Samskip vegna þessa („regluleg eftirfylgni“). Var það hluti af „aðgerðaplani“ umræddra yfirmanna landflutninga hjá Eimskip að ljúka gerð þessa samnings við Samskip.

892. Þann 30. nóvember 2006 vistaði (E)frkvstj-innanl ný drög að landflutningasamkomulagi við Samskip.⁴⁵³ Voru þessi drög einnig á bréfsefni Samskipa og voru drögin dagsett sama dag og þau voru vistuð. Hér ber að líta til þess að 9. september 2008 sendi (E)frkvstj-innanl sjálfum sér þetta eintak af drögunum en þá áttu sér stað, sem fyrr segir, viðræður milli Eimskips og Samskipa um aukið samráð í landflutningum, sbr. kafla 8.16.4.

893. Í janúar 2007 hóf (S)frkvstj-innanl störf sem framkvæmdastjóri landflutninga (innanlandssviðs) hjá Samskipum. Á heimasvæðinu hans voru í janúar 2007 vistaðar glærुकyningar sem hér skipta máli.

894. Í framangreindum gögnum Eimskips frá árinu 2006 var samkeppni við Samskip sögð hafa leitt til lægra verðs á landflutningum. Í glærum sem (S)frkvstj-innanl vistaði 10. og 16. janúar 2007 kom fram samskonar umfjöllun. Samkvæmt glærunum hafði samkeppni aukist verulega og Eimskip gert atlögu að mikilvægum viðskiptavinum Samskipa í landflutningum og Samskip eftir atvikum þurft að

⁴⁵⁰ Afhent tölvuskjal frá Eimskip 23.03.2015. [...]

⁴⁵¹ Afrituð gögn frá Eimskip. [...]

⁴⁵² Afhent tölvuskjal frá Eimskip 23.03.2015. [...]

⁴⁵³ Afhent tölvuskjal frá Eimskip 23.03.2015. [...]



bregðast við og lækka verð. Verð á landflutningum væri samkvæmt glærunum lægra á árinu 2006 en gert hefði verið ráð fyrir í áætlun Samskipa.⁴⁵⁴

895. Á heimasvæði (S)frkvstj-innanl var þann 18. janúar 2007 vistuð önnur glærुकyning sem ber heitið „SAMSKIP ICELAND Market Report September 2006“. Fram kemur í henni að markaðshlutdeild Samskipa í landflutningum væri á milli 35-40%. Keppinautar Samskipa í landflutningum væru annars vegar staðbundin flutningafyrirtæki og hins vegar Eimskip. Um hina minni keppinauta segir:

„Local transportation companies operate in some areas of the country. Often SAMSKIP co-operates with them, instead of competing in these areas.“

896. Segir einnig að samþjöppun væri að aukast á markaðnum þar sem bæði Eimskip og Samskip væru að kaupa smærri keppinauta.

897. Síðan segir á sömu glæru Samskipa að Eimskip hafi verið að „kaupa“ markaðshlutdeild með því að bjóða stórum viðskiptavinum allt að 30% lægra verð en áður hafi verið í boði. Mikilvægt er að í glærunni kemur fram að Samskip teldu sig hins vegar vita að draga mundi úr þessari samkeppni þar sem ríkur vilji Eimskips stæði til þess að hækka verð og Eimskip hafi gefið til kynna að innanlandsflutningar fyrirtækisins væri ekki að skila góðum árangri. Er þetta orðað svo á glærunni:

„Price war will slowly decline. EIMSKIP is now eager to lift prices, indicating that its domestic system is being operated with poor results.“⁴⁵⁵

898. Í þessari glæru koma þannig fram afar viðkvæmar samkeppnislegar upplýsingar um m.a. áform Eimskips í verðlagningu. Orðalag og upplýsingarnar í glærunni gefa ótvírætt til kynna samskipti Samskipa við Eimskip um verð og afkomu í landflutningum. Í framangreindum glærum (E)frkvstj-innanl frá febrúar 2006 kemur sem fyrr segir fram að samkeppni við Samskip hafi leitt lægra verðs og að afkoma af landflutningum hafi ekki verið góð. Sökum þessa taldi Eimskip nauðsynlegt að grípa til aðgerða. Gögn frá fyrirtækinu sýna einnig að hluti aðgerðanna var að hækka verð. Gögn frá Eimskip gefa einnig til kynna að viðræður hafi átt sér stað við Samskip um landflutninga, sbr. glæsur (E)frkvstj-innanl frá 21. nóvember 2006. Glæurnar sem (S)frkvstj-innanl vistaði endurspeglar það sem fram kom í gögnum (E)frkvstj-innanl og (E)rekstj-aksturst frá þessum tíma, þ.e. óánægju með afkomu í landflutningum og skýr vilji til að hækka verð.

899. Virt saman staðfesta glæurnar sem (S)frkvstj-innanl vistaði 18. janúar 2007 og gögn Eimskips frá 2006 að samskipti hafi átt sér stað milli fyrirtækja og sýna gögnin að Samskipum hafi verið gerð grein fyrir því að Eimskip vildi hækka verð á landflutningum. Gefa gögnin þannig skýrt til kynna áframhaldandi ólöglegt samráð Samskipa við Eimskip á sviði landflutninga. Þá ber að líta til þess að árunum 2007/2008 hófst tiltekin aukin samvinna Eimskips og Samskipa í landflutningum í samræmi við áformin í glærum (E)frkvstj-innanl frá febrúar 2006, sbr. nánar hér á eftir.

900. Eins og rökstutt er í kafla 25.3 hér á eftir breyta sjónarmið Samskipa ekki framangreindri niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins.

5.11.4. Atvik á árinu 2007 og til júní 2008

901. Framangreind gögn (E)frkvstj-innanl frá árinu 2006 sýna að Eimskip hafi viljað grípa til aðgerða til að vinna gegn verðlækkunum og kom fram að verð á landflutningum á fiski hefði lækkað um 20-30%. Eftirfarandi gögn málsins sýna að í janúar 2007 hafi Eimskip beitt sér fyrir því að Samskip hækkaði verð á flutningi á fiski frá Siglufirði og Samskip hafi upplýst Eimskip um verðhækkun á fiskflutningum á Vestfjörðum.

⁴⁵⁴ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.8602. Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.8609.

⁴⁵⁵ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.8859.

902. Eins og áður sagði eignaðist Eimskip Norðurfrakt alfarið í janúar 2007. Þann 15. janúar 2007 sendi (E)rekststj-landfl (framkvæmdastjóri Norðurfraktar) tölvupóst til (E)frkvstj-innanl, (E)rekstj-aksturst, (E)sölustj-innanl1 og (E)sölustj-innanl3. Heiti tölvupóstsins var „Gjaldskrá“. Í tölvupóstinum spurði (E)rekststj-landfl hvort ekki væri kominn tími til að breyta gjaldskránni til/frá Siglufirði og setja „okkur“ undir Norðurland eystra. Vísað var til sameiningar Siglufjarðar og Ólafsfjarðar undir nafninu Fjallabyggð og að eðlilegt væri að sama gjaldskrá gildi á báðum stöðum og fleiri kílómetrar væru til Siglufjarðar en til Akureyrar. Með vísan til þessa lagði (E)rekststj-landfl til að gjaldskrá Eimskips til og frá Siglufirði yrði sú sama og á Akureyri og yrði uppfærð eftir því.⁴⁵⁶
903. Þann 26. janúar 2007 sendi (E)rekststj-landfl aftur tölvupóst til (E)frkvstj-innanl, (E)rekstj-aksturst o.fl. Heiti tölvupóstsins var „Fiskverð“ og í honum kom þetta fram:
- „Ég er búinn að láta Landflutninga [Samskip] hækka allan fisk frá Siglufirði um 10 % og tilkynna brottför kl. 20:00 og vil ég biðja ykkur að tilkynna ykkar kúnnum um sömu breytingar og tekur þessi hækkun gildi 01.02.2007.*
- Ps. Landflutningar – Samskip hækkaði allan fisk frá ÍSAFIRÐI um 10% líka en ekkert á aðra staði.“⁴⁵⁷*
904. Samkvæmt þessu höfðu Samskip fallist á tillögu (E)rekststj-landfl um hækkun á verði á landflutningum á fiski og vildi (E)rekststj-landfl tryggja að m.a. yfirmaður landflutninga hjá Eimskip ((E)frkvstj-innanl) myndi sjá til þess að þessi verðhækkun tæki til allra viðkomandi viðskiptavina fyrirtækisins. Þá sýnir þetta samtímagagn einnig að í samskiptum (E)rekststj-landfl við Samskip hafi hann verið upplýstur um verðhækkun Samskipa á Ísafirði og sá hann ástæðu til að miðla þessum upplýsingum til (E)frkvstj-innanl. Gögn málsins sýna ekki að (E)frkvstj-innanl eða (E)rekstj-aksturst hafi gert athugasemdir við þessi samskipti (E)rekststj-landfl við stærsta keppinaut Eimskips í landflutningum.
905. Fjallað var um þessa verðhækkun á fiskflutningum í tölvupósti sem (S)starfsm (deildarstjóri akstursdeildar hjá Samskipum) sendi til (E)frkvstj-innanl 8. júní 2007. Tölvupósturinn bar heitið „Fiskflutningar“ og í honum sagði:
- „Þann 01. febrúar hækkaði Samskip verð fyrir flutning á ferskum fiski til Norðurfraktar um 10%. Var það gert sökum þess að [(E)rekststj-landfl] sagðist ekki geta staðið lengur í að keyra á þeim gjöldum sem fyrir voru. Nú höfum við áreiðanlegar heimildir fyrir því að Eimskip, sem á nú Norðurfrakt að fullu, sé búin að lækka þessi sömu verð sem [(E)rekststj-landfl] þótti of lág fyrir enn frekar. Þykir okkur það skjóta skökku við og ekki í samræmi við hugmyndir okkar þegar við settum Vörumiðlun út sem stöðvaraðila á Siglufjörð og tókum inn Norðurfrakt. Megin ástæða fyrir því var staða Norðurfraktar í ferskfiskflutningum og sáum við tækifæri í því þar sem við höfðum á þeim punkti nýverið keypt Lífæð.*
- Fer ég þess á leit við þig að þú endurskoðir verð Eimskipa til Samskipa til lækkunar.“⁴⁵⁸*
906. Þessi tölvupóstur staðfestir að Samskip hækkuðu verð eftir samskiptin við (E)rekststj-landfl. Pósturinn skýrir einnig nánar hvernig fyrirkomulagið var. Eimskip var tekjuaðili í flutningunum. (E)rekststj-landfl fyrirskipaði að Samskip hækkuðu verð hjá sínum viðskiptavinum en það var Eimskip sem naut lækkunarinnar með beinum hætti.
907. Gögn málsins sýna að í desember 2007 hafi verið í undirbúningi að Eimskip tæki við öllum flutningum til og frá Ólafsfirði fyrir Samskip og í framhaldi á fleiri leiðum á Norðausturlandi. Þannig kemur þetta fram í tölvupósti (E)rekststj-landfl (sem þá var orðinn rekstrarstjóri Eimskips Norðurlands) sem hann sendi 5. desember 2007 til (E)rekstj-aksturst og (E)stjform:

⁴⁵⁶ Afhent afrit af tölvupósti frá Eimskip 19.05.2010, bréfbindi V, fskj. 8.5. [...]

⁴⁵⁷ Afhent afrit af tölvupósti frá Eimskip 19.05.2010, bréfbindi VIII, fskj. 7.7. [...]

⁴⁵⁸ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.34054.



„Frá og með áramótum þ.e.a.s almúgans 01.01.2008 stendur til að Eimskip taki við öllum flutningum til OLF fyrir Samskip og förum í aukið samstarf á smærri leiðum hér á norðaustursvæðinu, (er í viðræðum við þá núna þessa dagana)“.⁴⁵⁹

908. (E)rekstj-akstur st svaraði sama dag þar sem hann spurði (E)rekstj-landfl nánar um þetta. (E)rekstj-landfl svaraði samdægurs: „Þetta er svolítið snúin leið þ.a.s. ströndin en þegar NF [Norðurfrakt] var til þá var búið að koma þessu í mjög góðan farveg og allt gekk smurt og við með öll viðskipti frá AKU til OLF en það mátti ekki hafa þetta svoleiðis áfram var ekki nægilega gott varð að sýna mönnum að það væri búið að kaupa NF og þessu breitt bara til að breyta, og útkoman eftir því .. en okkur stendur þetta til boða og þar sem að menn hér fyrir norðan eru eins og þeir eru þá vill ég senda boltan yfir til ykkar sem að eruð með tekjurnar og kostnaðinn hjá ykkur, hvað viljið þið gera??“⁴⁶⁰
909. Sem fyrr segir var (E)rekstj-landfl áður framkvæmdastjóri Norðurfraktar og tók svo við umræddu rekstrarstjórnastarfi eftir að Eimskip eignaðist Norðurfrakt að fullu. Samkvæmt þessum gögnum áttu sér stað samskipti milli Eimskips og Samskipa sem miðuðu að undirbúningi á samstarfi félaganna, ekki aðeins í flutningum á milli Akureyrar og Ólafsfjarðar, heldur einnig í flutningum víðar á „norðaustursvæðinu“. Hér ber að rifja upp að í framangreindum gögnum (E)frkvstj-innanl og (E)rekstj-akstur st frá árinu 2006 var rætt um þetta samstarf við Samskip á Norðausturlandi: „Dalvík með Samskip + Norðurfrakt, er í vinnslu.“
910. Eimskip og Samskip hafa veitt upplýsingar um verð á flutningum fyrir hvort annað á Norðausturlandi. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum verður að telja að samningar Eimskips og Samskipa um verðin hafi verið gerðir snemma á árinu 2008.⁴⁶¹ Þessu til staðfestingar eru eftirfarandi tölvupóstsamskipti á milli Eimskips og Samskipa sem gefa til kynna að gagnkvæm verðlagning fyrir þessa flutninga hafi verið fyrirfram ákveðin. Er það mat Samkeppniseftirlitsins að um hafi verið að ræða ólögmaett verðsamráð. Skal þessu lýst nánar.
911. Þann 28. janúar 2008 sendi (E)rekstj-landfl tölvupóst til (S)rekstj-landfl⁴⁶² þar sem fram kemur samkomulag um verð fyrir flutninga á milli Egilsstaða og Seyðisfjarðar en gögn málsins gefa til kynna að félögin hafi flutt hvort fyrir annað á þessari leið. Síðan segir: „Í sambandi við flutninginn DAL-OLF og OLF-DAL ætlar þú að senda mér magn tölur til afstemmingar um hver mánaðarmót ???“⁴⁶³
- (S)rekstj-landfl2 svaraði (E)rekstj-landfl með tölvupósti þann 7. febrúar 2008 þar sem segir:
„Nú er [...] búinn að senda þér þetta.
Við sömdum um 2kr ekki rétt
nb. Ég borga ekki olúgjald
Eins þurfum við að finna verð AKU-EGS fyrir þetta sem fer í dag.
Erum við ekki að tala um 4 kr.- þangað“⁴⁶⁴
 - (E)rekstj-landfl svaraði sama dag með tölvupósti þar sem segir:
„4,5 kr“.⁴⁶⁵

⁴⁵⁹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.47773.

⁴⁶⁰ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.47790.

⁴⁶¹ Bréf Samskipa til Samkeppniseftirlitsins, dags. 28.05.2010. Bréf Eimskips til Samkeppniseftirlitsins, dags. 19.05.2010.

⁴⁶² Rekstrarstjóri Landflutninga á svæðisskrifstofu Norðurlands (2006-2012) og forstöðumaður Landflutninga – Samskip (2012-2013).

⁴⁶³ Afhentir tölvupóstar frá Samskipum. [...]

⁴⁶⁴ Afhentir tölvupóstar frá Samskipum. [...]

⁴⁶⁵ Afhentir tölvupóstar frá Samskipum. [...]



- (S)rekststj-landfl2 svaraði um hæl og og sagði:

„OK

Þú mans[t], ekkert olúgjald.

Bara ef allur business væri jafn einfaldur og hjá okkur tveimur ;)".⁴⁶⁶

912. Af þessum samskiptum verður ráðið að samstarfið í flutningum á milli Dalvíkur og Ólafsfjarðar væri nýlega hafið og samningar náðst um verð fyrir þá. Einnig hafi fyrirtækin verið að semja um verð á milli Akureyrar og Egilsstaða. Staðfestingu á þessu á milli Eimskips og Samskipa er einnig að finna í tölvupósti (S)rekststj-landfl2 til (E)rekststj-landfl frá 18. mars 2008 þar sem fram kemur að samið hafi verið um verð fyrir „*bennan flutning*“ og var meðfylgjandi tölvupóstinum reikningur Eimskips til Samskipa vegna flutninga á leiðinni á milli Akureyrar og Egilsstaða.⁴⁶⁷ (E)rekststj-landfl svaraði með tölvupósti sama dag til (S)rekststj-landfl2 og sendi einnig til (E)sölustj-innanl3⁴⁶⁸ þar sem segir: „*Rétt 4,5 kr. á allt láta vita á AKU, (E)sölustj-innanl3 þú reddar því*“.⁴⁶⁹
913. Þann 6. febrúar 2008 sendi (E)rekststj-landfl tölvupóst til (E)rekststj-aksturst með titlinum „*Sambó*“.⁴⁷⁰ Voru Samskip stundum nefnt „*Sambó*“ innan Eimskips. Í tölvupóstinum var vísað til samskipta við Samskip og í honum sagði: „*Ég er búinn að ræða við [(S)rekststj-landfl2] útaf stöðvargjöldunum og þar sem að við erum ný búnir að taka upp samstarf á leiðini [svo] DAL ÓLF DAL [Dalvík-Ólafsfjörður-Dalvík] þá viljum við reyna allt sem í okkarvaldi [svo] til að lenda þessu á sem hagkvæmasta hátt og mögulegt er ætla að tala við sinn yfirmann í REY og hann kemur svo til með að hafa samband við mig ..*“
914. Staðfesta ummæli þessi ólögmeitt samráð fyrirtækjanna á flutningaleiðinni á milli Ólafsfjarðar og Dalvíkur og að starfsmenn fyrirtækjanna hafi átt í beinum samskiptum vegna þess, t.a.m. vegna stöðvargjalda.⁴⁷¹
915. Stöðvargjöld Eimskips til Samskipa vegna flutninga í gegnum Siglufjörð voru einnig til umræðu í upphafi árs 2008. (E)rekststj-aksturst sendi tölvupóst til (E)frkvstj-innanl og (E)svæðisstj2 þann 5. febrúar 2008 þar sem hann sagði uppgjör vegna Siglufjarðar ekki koma vel út og að mikilvægt væri að fara í aðgerðir til að snúa því við.⁴⁷² Svo sagði:
- „*Stöðvargjöld vegna flutninga fyrir Samskip eru alltof há og ekki í takt við tekjur af leiðinni. Það þarf að endursemda við þá og ná fram verulegri lækkun á þeim kostnaði.*
- Æltar [svo] þú að semja við þá eða viltu að ég geri það?“
916. Í tölvupóstinum vísaði (E)rekststj-aksturst einnig til þess að það væri „*einnig möguleiki að „selja leiðina“ og tryggja ásættanlega framlegð af þessu til framtíðar.*“ Það að „*selja leiðina*“ bendir til þess að átt hefði verið að eftirláta öðru flutningsfyrirtæki umrædda leið gegn greiðslu þóknunar eða stöðvargjalda. Tafla fylgdi einnig tölvupóstinum sem sýndi uppgjör vegna samráðs Eimskips og Samskipa í flutningum og vöruafgreiðslu á Siglufirði.
917. Gögn málsins sýna einnig fram á það hvernig Eimskip og Samskip miðluðu á milli sín viðkvæmum viðskiptaupplýsingum á grundvelli samráðs. Þann 6. febrúar 2008 tilkynnti (E)rekststj-landfl t.a.m. að hann hefði talað við Fiskmarkað Siglufjarðar sem ætlaði að taka saman fyrir hann upplýsingar um

⁴⁶⁶ Afhentir tölvupóstar frá Samskipum. [...]

⁴⁶⁷ Afhentir tölvupóstar frá Samskipum. [...]

⁴⁶⁸ Sölustjóri innanlandsflutninga Eimskips á Akureyri.

⁴⁶⁹ Afhentir tölvupóstar frá Samskipum. [...]

⁴⁷⁰ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc ID: 0.7.33.48830.

⁴⁷¹ Sbr. einnig tölvupóstsamskipti innan Eimskips þann 15.10.2008 vegna flutts magns á Norðurlandi þar sem fram kom að „*Það sem flutt var á milli Dalvíkur og Ólafsfjarðar vegna Sambó var 66.893 kg.*“ – Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...]

⁴⁷² Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc.ID: 0.7.33.193222.



fiskflutninga Samskipa frá Siglufirði í janúar 2008 en Eimskip flutti fisk fyrir Samskip á milli m.a. Siglufjarðar og Reykjavíkur á grundvelli samstarfs þeirra á milli.⁴⁷³

918. Þann 5. mars 2008 sendi (E)rekststj-landfl tölvupóst til (S)rekststj-landfl2 þar sem hann að fyrri bragði spurði (S)rekststj-landfl2 hvort hann vantaði „gáma á bílana að sunnan??“. (S)rekststj-landfl2 svaraði að það væri ekki svo „eins og staðan er núna. Skoðum þetta á morgun“. Svar (E)rekststj-landfl var eftirfarandi: „Ok verum meira í sambandi og reynum að ná meiri samleigð [svo] í þessum málum öllum.“. Í þessu samhengi vísast til umfjöllunar um ólögmett gámasamstarf Samskipa og Eimskips í kafla 18.
919. Framanrituð samskipti áttu sér stað á milli starfsmanna Eimskips og Samskipa sem voru forsvarsmenn innanlandsstarfsemi hvors um sig á Norðurlandi, þ.e. (E)rekststj-landfl og (S)rekststj-landfl2. Gerði (E)rekststj-landfl tillögu að frekara samstarfi á milli Eimskips og Samskipa á landflutningamarkaði með það að markmiði að „ná meiri samleigð [svo] í þessum málum öllum“. (S)rekststj-landfl2 tók vel í þá hugmynd þar sem hann lagði til að skoða málið frekar daginn eftir, sem hann og gerði því daginn eftir, þann 6. mars 2008, sendi (S)rekststj-landfl2 tölvupóst til (E)rekststj-landfl. Kvaðst (S)rekststj-landfl2 vanta verð í 40 feta gám frá Dalvík til Siglufjarðar og aftur til Dalvíkur, þ.e. „tekur tóman á Dallas, skilur eftir á Sigló og kemur á Dallas þegar búinn að lesta gám“. (E)rekststj-landfl áframsendi fyrirspurnina til (E)sölustj-innanl3 og (E)rekstj-aksturst og spurði hvort þeir vildu gefa (S)rekststj-landfl2 verð í þetta.⁴⁷⁴
920. Á verkefnalista (E)rekstj-aksturst fyrir árið 2008, sem vistaður var 7. apríl 2008, var skráð verkefnið „Ísafjörður – samstarf Selja Samskip gámalyftarþjónustu“. Var verkefnið skráð „í vinnslu“.⁴⁷⁵ Í þessu samhengi vísast til umfjöllunar í kafla 8.16.7 þar sem starfsmaður Eimskips fjallaði 18. september 2008 m.a. um möguleika á því að auka samráð við Samskip á Vestfjörðum.
921. Í minnisblaði (S)frkvstj-innanl frá 16. apríl 2008 kom fram að hann væri „bjartsýnn með framhaldið í almennum landflutningi“ vegna þess að verð hafi farið hækkandi. Það ætti hins vegar ekki við flutninga á ferskum fiski þar sem „en þar erum við hreinlega í verðstríði við keppinautinn“.⁴⁷⁶
922. Í tölvupóstsamskiptum á milli (E)rekstj-aksturst og svæðisstjóra Eimskips, þ.á m. (E)svæðisstj1, (E)svæðisstj2, (E)þjónustutstj, (E)rekststj-landfl, RUR og einnig (E)frkvstj-innanl, þann 23. maí 2008, var rætt um áætlanir Eimskips í landflutningum á Norður- og Austurlandi. Meðal annars hafði verið skipst á hugmyndum um hvernig unnt væri að hagræða á tilteknum akstursleiðum Flytjanda. Í tölvupósti frá (E)rekstj-aksturst var síðan vísað til þess að (E)rekststj-landfl og (E)sölustj-innanl3 ættu „í viðræðum við Samskip um samstarf um flutninga á norðurlandi“ og að Eimskip gæti notað Samskip þegar félagið lenti í vandræðum.⁴⁷⁷
923. Þann 16. apríl 2008 spurði (S)rekststj-landfl2 í tölvupósti hvort hann mætti kíkja á (E)sölustj-innanl3 „á morgun til að klára þetta“. Varðaði þetta flutninga Eimskips á fiski fyrir Samskip og í viðhengi var reikningur frá Eimskip.⁴⁷⁸
924. Í tölvupóstsamskiptum á milli (S)rekststj-landfl2 og (E)rekststj-landfl og (E)sölustj-innanl3 í maí 2008 var aftur fjallað um verðlagningu á flutningum á Norð-Austurlandi. Þar segir í pósti (S)rekststj-landfl2 frá 26. maí 2008:

„Eins og við komumst að samkomulagi um þá getið þið selt mér fraktina til Vopnafjarðar á kr. 4,20.- pr kg án vsk (ekkert olíugjald)

⁴⁷³ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.48829.

⁴⁷⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID: 0.7.33.49210.

⁴⁷⁵ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.169257.

⁴⁷⁶ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.9033.

⁴⁷⁷ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID: 0.7.33.50442.

⁴⁷⁸ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...]



Ég get boðið ykkur sömu kjör á Þórshöfn frá Húsavík.

Tökum út mánuðinn út eftirá.

[(E)sölustj-innani3] þyrfti að senda að morgni það magn sem liggur fyrir á Þórshöfn (1, 2, 3 bretti etc).⁴⁷⁹

925. (E)rekststj-landfl svaraði þessum tölvupósti sama dag:

„Í sambandi við Seyðisfjörð þá ætti þetta að geta gengið upp um að við tökum þetta yfir fyrir ykkur er að fá verð í þetta ..

Læt þig vita með það þegar að þeir fyrir austan eru klárir ..

Annað bjallaðu í mig í sambandi við frekara samstarf á leiðinni AKU – AUSTURLAND⁴⁸⁰

926. Samkvæmt þessu voru gerðir munnlegir samningar milli Eimskips og Samskipa um flutningsverð á hvert kíló hjá hvoru félagi. Voru þessir munnlegu samningar gerðir á fyrri hluta árs 2008 og samkvæmt upplýsingum sem gefnar voru í bréfi frá Samskipum þann 14. janúar 2016 var þetta flutningasamstarf ennþá með svipuðum hætti.⁴⁸¹

927. Framangreint sýnir áframhaldandi ólögmætt samráð Samskipa við Eimskip í landflutningum. Áttu sér stað samskipti milli fyrirtækjanna sem miðuðu að undirbúningi á samstarfi milli þeirra á Norð-Austurlandi í ársbyrjun 2008. Þá áttu sér stað samskipti á tímabilinu janúar – maí 2008 sem fólu í sér ólögmætt verðsamráð.

928. Á fyrri hluta ársins 2008 áttu fyrirtækin í samkeppni sín á milli er við kom fiskflutningum. Gögn frá Eimskip sýna m.a. að „gríðarleg samkeppni“ væri um fiskflutninga og að mikil áhersla hafi verið lögð á að afla nýrra viðskiptavina í lok árs 2007 og fyrri part ársins 2008. Í gögnum frá Samskipum er vísað til þessa tímabils sem „verðstríðs“, auk þess sem áætlanir Samskipa fyrir árið 2008 gerðu ráð fyrir 20% verðlækkunum. Eftir að Eimskip og Samskip hófu hið umfangsmikla samráð sitt í júní 2008 sýna gögnin að fyrirtækin náðu tökum á þessari verðsamkeppni.

5.11.5. Samantekt

929. Samkeppnieftirlitið vísar til umfjöllunar um bann 10. gr. samkeppnislaga í kafla 4. Af þeirri umfjöllun er ljóst m.a. að Eimskip og Samskip brjóti gegn umræddu ákvæði ef fyrirtækin hafi með sér samstarf um mikilvæga þætti í flutningastarfsemi sinni, sbr. kafla 4.6.6.

930. Ólögmætt samráð Samskipa og Eimskips í landflutningum hófst a.m.k. ekki seinna en í ársbyrjun 2005 þegar Eimskip öðlaðist yfirráð í fyrirtækinu Norðurfrakt. Samskip átti frá því tímamarki í ólögmættu samráði við Eimskip í gegnum Norðurfrakt um flutninga á milli Siglufjarðar og Reykjavíkur og Siglufjarðar og Akureyrar auk þess sem Eimskip rak vöruafgreiðslur í nafni Samskipa á Ólafsfirði og Siglufirði.⁴⁸² Þegar Eimskip eignaðist Norðurfrakt að fullu í janúar 2007 áttu fyrirtækin í samstarfi um flutninga á milli Reykjavíkur og Akureyrar, Akureyrar og Siglufjarðar, Ólafsfjarðar og Dalvíkur, Siglufjarðar og Reykjavíkur (fiskflutningar) auk reksturs Eimskips á vöruafgreiðslum fyrir Samskip á Ólafsfirði og Siglufirði.⁴⁸³ Í janúar 2008 tók Eimskip loks við öllum flutningum til Ólafsfjarðar fyrir Samskip.⁴⁸⁴ Þá sýna gögn málsins að fyrirtækin hafi einnig ákveðið sameiginlega það verð sem Eimskip innheimti fyrir flutningaþjónustu hjá viðskiptavinum Samskipa eða í viðskiptum sem félagið aflaði („Ég er búinn að láta Samskip hækka allan fisk um 10%“).

⁴⁷⁹ Afhentir tölvupóstar frá Samskipum. Afhent þann 28.05.2010. [...]

⁴⁸⁰ Afhentir tölvupóstar frá Samskipum. Afhent þann 28.05.2010. [...]

⁴⁸¹ Bréf Samskipa til Samkeppniseftirlitsins, dags. 14.01.2016.

⁴⁸² Bréf Eimskips til Samkeppniseftirlitsins, dags. 19.05.2010. Bréf Samskipa til Samkeppniseftirlitsins, dags. 28.05.2010.

⁴⁸³ Bréf Samskipa til Samkeppniseftirlitsins, dags. 28.05.2010.

⁴⁸⁴ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.47773.



931. Af glærुकynningu Eimskipa frá 23. febrúar 2006 sést að Eimskip hafði í huga að auka samstarf við Samskip til muna en í kynningunni er m.a. fjallað um umtalsvert samráð við Samskip. Sama ár áttu félögin í m.a. samningaviðræðum um aukið samstarf í landflutningum („*tvíhliða samningur hefur legið hjá Samskip síðan í júní 2006*“). Glærुकynning ([\(S\)frkvstj-innanl](#)) frá janúar 2007 og gögn Eimskipa frá árinu 2006 staðfesta jafnframt að samskipti hafi átt sér stað milli fyrirtækja og sýna gögnin að Samskipum hafi verið gerð grein fyrir því að Eimskip vildi hækka verð á landflutningum.
932. Hér að framan hefur verið rakið hvernig ólögmætt samráð Samskipa við Eimskip á landflutningamarkaði færðist í aukana á árunum 2007 og 2008, og aftur í kjölfar „*Nýtt upphaf*“ verkefnisins sem hófst í júní 2008. Af þeim atvikum má ráða að áform fyrirtækjanna frá 2006 um að auka samstarf í landflutningum hafi orðið að veruleika.
933. Fyrri hluta ársins 2008 var ólögmætt samráð Samskipa við Eimskip í landflutningum aukið enn frekar. Til viðbótar við þær leiðir sem voru hluti af ólögmættu samráði fyrirtækjanna í gegnum Norðurfrakt hófu fyrirtækin samstarf í flutningum á milli Akureyrar og Egilsstaða í febrúar 2008 og á milli Egilsstaða og Seyðisfjarðar, Húsavíkur og Vopnafjarðar og Húsavíkur og Þórshafnar í maí 2008.⁴⁸⁵ Því til viðbótar var annað ólögmætt samstarf rætt á milli fyrirtækjanna á fyrri hluta árs 2008. „*Nýtt upphaf*“ verkefnið, sem hófst í júní 2008, hafði það að markmiði að kanna möguleika á auknu samstarfi Eimskipa og Samskipa m.a. í landflutningum. Aukið ólögmætt samstarf varð síðan að veruleika m.a. í september 2008, sbr. umfjöllun í kafla 8.16.7. Á grundvelli samráðsins miðluðu fyrirtækin viðkvæmum viðskiptaupplýsingum sín á milli.
934. Samskipum og Eimskip mátti vera ljóst að framangreind samvinna fyrirtækjanna færi gegn 10. gr. samkeppnislaga, sbr. m.a. ákvörðun samkeppnisráðs nr. 27/2002 sem fjallað er um í kafla 4.6.6.2 hér að framan.
935. Í sátt Eimskipa við Samkeppniseftirlitsins viðurkennir fyrirtækið að hafa brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga með samráði við Samskip „*um landflutningaþjónustu á flutningaleiðum á Íslandi og skiptingu á mörkuðum á tilteknum flutningaleiðum.*“ Tekur þessi viðurkenning til samráðs á megin rannsóknartímabili þessa máls (árin 2008 – 2013), sbr. 1. gr. sáttarinnar. Jafnframt kemur fram í 1. gr. sáttarinnar að Eimskip viðurkennir að fyrir 6. júní 2008 hafi verið fyrir hendi ólögmætt samráð við Samskip í m.a. landflutningum á Norðurlandi.
936. Í kafla 25.3 er fjallað um sjónarmið Samskipa vegna samstarfs þeirra á landflutningamarkaði fram til júní 2008.

5.12. Ólögmætt samráð í skipaafgreiðslu

937. Gögn málsins sýna að á árinu 2003 komu fram hugmyndir um víðtækt samstarf Eimskipa og Samskipa á sviði skipaafgreiðslu (e. „*stevedoring*“). Á glærum ([\(E\)frkvstj-innanl](#)) frá árinu 2003 má þannig sjá umfjöllun um að sameina gámahafnir Eimskipa og Samskipa í Sundahöfn. Vinnuheitið á því verkefni var „*ISCO-The Icelandic Stevedoring Company*“.⁴⁸⁶
938. Ljóst er að Samskip og Eimskip ræddu framangreint en gögnin gefa til kynna að á þessum tíma fengu þessar samstarfshugmyndir Eimskipa ekki undirtektir hjá Samskipum.⁴⁸⁷
939. Þá má jafnframt sjá í samtímagögnum frá Eimskip að árið 2006 hafi verið horft til samstarfs við Samskip í skipaafgreiðslu í Vestmannaeyjum.⁴⁸⁸

⁴⁸⁵ Afhentir tölvupóstar frá Samskipum. Afhent þann 28.05.2010. [...] Afhentir tölvupóstar frá Samskipum. Afhent þann 28.05.2010. [...]

⁴⁸⁶ Afhent glærुकynning frá Eimskip 23.03.2015. [...]

⁴⁸⁷ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.263860. Í dagskrárlíð 4 er fjallað um samráðsverkefnið í skipaafgreiðslu, þ.e. „*Fyrirtæki um skipaafgreiðslu*“. Þar kemur m.a. fram að hugmyndir um samstarf Eimskipa og Samskipa með rekstri sameiginlegs skipaafgreiðslufélags hafi komið upp árið 2003-2004. Segir svo í fundargerðinni eftirfarandi „*Á þeim tíma fengu þessar hugmyndir ekki undirtektir hjá Samskip*“. Sjá bls. 2 í fundargerð.

⁴⁸⁸ Afhent tölvuskjal frá Eimskip 23.03.2015. [...]

940. Hér ber að hafa í huga að árið 2007 var gerður samningur um að Eimskip sæi um alla skipaafgreiðslu fyrir Alcoa í Mjóeyrarhöfn í Reyðarfirði, þ.e. lestun og losun á gámaeiningum. Á sama ári samdi Alcoa við Samskip um að annast flutninga á framleiðslu fyrirtækisins til Rotterdam og annarra hafna á meginlandi Evrópu sem og á austurströnd Bretlands.

941. Framangreindur samningur um að Eimskip sæi um alla skipaafgreiðslu fyrir Alcoa í Mjóeyrarhöfn var gerður til fimm ára í framhaldi af útboði í febrúar 2007. Af þessu tilefni var birt viðtal við þáverandi forstjóra Eimskips í Morgunblaðinu 6. febrúar 2007 þar sem segir meðal annars:

„Við erum að tífalda umsvif okkar á Austurlandi í skipaafgreiðslu og -þjónustu,“ sagði [...], forstjóri Eimskips, í gær þegar hann og [...], forstjóri Alcoa Fjarðaáls, staðfestu einn stærsta skipaafgreiðslusamning sem gerður hefur verið hér á landi. Eimskip tekur að sér að sjá um alla flutningastarfsemi, þjónustu og uppbyggingu henni tengda í stóriðjuhöfn Alcoa Fjarðaáls, Mjóeyrarhöfn, og á athafnasvæði álversins í Reyðarfirði.

„Við förum úr 150 þúsund tonnum í eina og hálf milljón tonna, fjárfestum í aðstöðu og tengjum saman flutningaþjónustu innan Austurlands og við aðra landshluta“ segir [...]. „Nú verður til öflug höfn sem mun keppa við Sundahöfn í Reykjavík um flutninga. Aðstaðan í Mjóeyrarhöfn mun draga til sín auknar skipakomur og flutningastarfsemi á landi, sem aftur gerir að verkum að hún getur keppt um þjónustu inn- og útflytjenda og viðskiptavinir okkar geta nú valið um að taka vörur í gegnum Reyðarfjörð eða Reykjavík.“ [...]

Valkostur við Reykjavíkurbætur

Eimskip horfir nú til þess að skipa upp vörum á Reyðarfirði og dreifa þeim þaðan á Austurland og Norðurland og ásamt því að auka landflutninga á þeim svæðum hefur það áhrif á flutninga landleiðis milli Reykjavíkur og Akureyrar.

[...] segir að útflutningur allt frá Sauðárkróki til Reyðarfjarðar muni í framtíðinni geta farið í gegnum Mjóeyrarhöfn, en nú fari stór hluti af þeim flutningum út í gegnum Reykjavík. Hið sama gildi um innflutning sem, hann geti allt eins farið í gegnum Mjóeyrarhöfn eins og Reykjavík. „Þarna myndast ákveðið tækifæri fyrir okkur og viðskiptavinina til að nýta aukna þjónustu til að dreifa vörum og fá vörur hraðar á markaði eða úr innflutningi utan úr heimi,“ segir [...] og reiknar ekki með að þetta kalli á endurskipulagningu á flutningum á landi, heldur sé fremur um að ræða stórauðna þjónustu landleiðina, aukna valkosti og tækifæri. Eimskip þurfi að stilla saman siglingakerfi sín og flutningakerfi innanlands til að gera þessa nýju möguleika áhugaverða fyrir viðskiptavinum í inn- og útflutningi.

[...] Fimm voru valin til að gera tilboð og Eimskip var valið hæfast. Um er að ræða útboð á allri starfsemi í Mjóeyrarhöfn, flutningum innan athafnasvæðis Alcoa Fjarðaáls. Samningurinn felur í sér lestun og losun á um 17.000–20.000 gámaeiningum á ári og verður gámahöfnin í Reyðarfirði önnur stærsta höfn landsins, en um hana munu fara um 1,3 milljónir tonna af vörum á ári. Samkvæmt samningnum mun Eimskip sjá um skipaafgreiðslu fyrir Alcoa Fjarðaál í Reyðarfirði. Um 3.500 tonn verða flutt daglega um höfnina eða um 1,3 milljónir tonna á ári. Til samanburðar má geta þess að um tvær milljónir tonna fara árlega um Reykjavíkurbætur og 900 þúsund tonn um Grundartangahöfn.⁴⁸⁹

942. Gögn málsins sýna að Eimskip og Samskip hófu síðar á árinu 2007 samstarf í Mjóeyrarhöfn í Reyðarfirði þar sem Eimskip sinnti hafnarþjónustu fyrir Samskip (lestun og losun á vörum). Sá Eimskip þannig m.a. um að lesta það ál sem Samskip flyttu fyrir Alcoa til Rotterdam en Eimskip hóf jafnframt að afgreiða skip með annan vöruflutning fyrir Samskip (þ.e. annan en fyrir Alcoa).

⁴⁸⁹ „Mjóeyrarhöfn á Reyðarfirði mun veita Sundahöfn harða samkeppni“, Morgunblaðið. 6. febrúar 2007. Aðgengilegt á eftirfarandi slóð: <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1128095/>.



943. Gögn málsins sýna að á árinu 2007 áttu sér sér stað ýmis samskipti til undirbúnings og framkvæmdar á umræddri samvinnu Eimskips og Samskipa:
- (E)deildstj-útf1 boðaði t.d. fund 14. júní 2007. Heiti fundarboðsins var „Updated: Samskip“ og í fundarboðinu kom fram að fundurinn væri „vegna losunar á Reyðarfirði“.⁴⁹⁰
 - (E)frkvstj-innanl boðaði fund 31. júlí 2007. Heiti í fundarboðinu var „Samskip stevedoring“.⁴⁹¹
 - Þá vistaði (E)frkvstj-innanl tilboð og drög að samningi við Samskip vegna skipaafgreiðslu á Reyðarfirði. Heiti eins skjalanna („Samskip – tilboð 25 júní 2007.xls“) ber með sér að Eimskip hafi sent Samskipum tilboð 25. júní 2007.⁴⁹²
 - (E)deildstj-útf1 boðaði fund 1. ágúst 2007. Heiti í fundarboðinu var „Stevedoring – Samskip“.⁴⁹³ Skjal frá (E)frkvstj-innanl („Samskip tilboð RFJ 1 08 2007.xls“) ber með sér að Eimskip hafi afhent Samskipum nýtt tilboð þennan sama dag, þ.e. 1. ágúst 2007.⁴⁹⁴
 - Fyrir liggur að (E)frkvstj-innanl vistaði aftur tilboð og drög að samningi milli Eimskips og Samskipa. Voru þau drög dags. 16. október 2007.⁴⁹⁵ Samkvæmt samningsdrögunum átti samningurinn að taka gildi 1. október 2007 og gilda til 31. mars 2012.
 - (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-millilandasv hittust á fundi 19. október 2007.⁴⁹⁶
944. Þann 1. nóvember 2007 sendi (S)frkvstj-millilandasv tölvupóst til nokkurra starfsmanna Samskipa. Í tölvupóstinum gaf (S)frkvstj-millilandasv starfsmönnum fyrir mæli í tengslum við lestunar- og losunarlista sem Samskip afhentu Eimskip á Reyðarfirði. Af tölvupóstinum er ljóst að samstarf Eimskips og Samskipa um hafnarvinnu á Reyðarfirði hafði þá hafist.⁴⁹⁷ Sem fyrr segir var það samstarf fyrir hendi út rannsóknartímabil þessa máls.
945. Þrátt fyrir að þetta samstarf á Reyðarfirði hafi hafist haustið 2007 var það fyrst í júlí 2010 sem Eimskip og Samskip sendu Samkeppniseftirlitinu beiðni um undanþágu frá samráðsbanni 10. gr. samkeppnislaga, sbr. 15. gr. samkeppnislaga, vegna þessa samstarfs. Fram kom í undanþágubeiðninni að fyrirtækin hefðu komist að „samkomulagi um lestun og losun á vörum við Mjóeyrarhöfn í Reyðarfirði“ sem fælist í því að Samskip keyptu þjónustu við skipaafgreiðslu af Eimskip. Í undanþágubeiðninni kemur fram að fyrirtækin hafi stefnt að því að klára samkomulagið um Reyðarfjörð í „nokkurn tíma“. Var og staðhæft að það hefði verið nauðsynlegt fyrir Eimskip að veita Samskipum þessa þjónustu. Í undanþágubeiðninni kemur þetta einnig fram:
- „Umsækjendur hafa komist að skilyrtu samkomulagi um lestun og losun og á vörum við Mjóeyrarhöfn í Reyðarfirði. Samkomulagið er háð því skilyrði að Samkeppniseftirlitið veiti aðilum samkomulagsins undanþágu frá 10. og 12. gr. samkeppnislaga á grundvelli 15. gr. sömu laga.“*
946. Segir einnig í beiðninni að markaðurinn sem samkomulag Eimskips og Samskipa hafi áhrif á sé „vöruflutningar á sjó og landi. Efnisatriði samningsins lúta reyndar einungis að lestun og losun og afgangi á gámum sem eru nátengd þjónusta enda markmið með slíkri þjónustu að miðla vörum frá landflutningatækjum yfir í sjóflutningatæki. Aðilar samningsins veita alhliða flutningaþjónustu á landi og sjó á Íslandi og eru keppinautar. Eins og gefur að skilja þá er lyklatríði í slíkri þjónustu að geta komið vörum frá sjó yfir á land og öfugt.“

⁴⁹⁰ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.191333.

⁴⁹¹ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.191512.

⁴⁹² Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.118892.

⁴⁹³ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.191537.

⁴⁹⁴ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.104264.

⁴⁹⁵ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.110812. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.110204.

⁴⁹⁶ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.192022.

⁴⁹⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.698759.



947. Rökin fyrir því að talið var nauðsynlegt að sækja um þessa undanþágu frá banni 10. gr. samkeppnislaga voru þessi:
- „Þar sem um er að ræða samkeppnisaðila og ljóst þykir að Samskip munu ekki leggja út í þá fjárfestingu sem þarf til að bjóða upp á skipaafgreiðslu á Reyðarfirði telja umsækjendur rétt að sækja um undanþágu frá 10. og 12. gr. samkeppnislaga sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 46/2009 Ósk Hf. Eimskipafélags Íslands og Samskipa um undanþágu á grundvelli 15. gr. samkeppnislaga fyrir samstarfi í sjóflutningum á milli Íslands og Norður-Ameríku. Samningurinn gerir ráð fyrir því að ef Samkeppniseftirlitið telji samninginn fara í bága við samkeppnislög þá muni hann falla sjálfkrafa úr gildi.“*
948. Til stuðnings því að skilyrði 15. gr. samkeppnislaga væru uppfyllt bentu Eimskip og Samskip m.a. á að það væri;
- „ekki gert ráð fyrir neinum samskiptum milli æðstu yfirmanna eða lykilstjórnenda.“*
949. Einnig var staðhæft að þeir starfsmenn Eimskips og Samskipa sem komi að framkvæmd samningsins sjá ekki um sölu eða verðlagningu á flutningaþjónustu fyrirtækjanna og engin hætta sé því á því að samningurinn raski samkeppni á sjó- og landflutningamarkaði.
950. Í undanþágubeiðni Eimskips og Samskipa var ekki gerð grein fyrir því ólögmeta samráði fyrirtækjanna sem stóð yfir á þeim tíma.
951. Samkeppniseftirlitið veitti ekki umbeðna undanþágu. Hefur þannig bannákvæði 10. gr. samkeppnislaga tekið til þessa samstarfs á árunum 2007 – 2013.
952. Í mgr. 615-616 í athugasemdum Samskipa við AI er byggt á því að umrætt samstarf hafi ekki farið gegn 10. gr. samkeppnislaga. Er því haldið fram að umrædd undanþágubeiðni hafi aðeins verið send í „varúðarskyni“ og sérstaklega tekið fram að það hafi verið „lögmenn Eimskips“ sem hafi sett hana fram. Segja Samskip að aðstaða Eimskips í Mjóeyrarhöfn hafi falið í sér ómissandi aðstöðu í skilningi samkeppnisréttar og Eimskip hefði brotið gegn 11. gr. samkeppnislaga ef það hefði neitað Samskipum um skipaafgreiðslu.
953. Samkeppniseftirlitið bendir á að framangreind ummæli forstjóra Eimskips frá febrúar 2007 staðfesta að samstarf Eimskips og Samskipa hafi að þessu leyti tekið til mikilvægrar starfsemi á sviði skipaafgreiðslu og flutninga hér á landi. Þá er skipaafgreiðsla sem slík mikilvægur þáttur í flutningastarfsemi og samráð Eimskips og Samskipa um slíka þætti í starfsemi sinni fer gegn 10. gr. samkeppnislaga, sbr. m.a. úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í málum nr. 13/1997 og 9/2003 og ákvörðun eftirlitsins nr. 46/2009.
954. Hér ber og að líta til þess að samkvæmt 3. gr. reglugerð framkvæmdastjórnar ESB nr. 906/2009 er skipafélögum veitt undanþága frá banni við samráði keppinauta vegna samstarfs á sviði skipaafgreiðslu. Umrædd samvinna Eimskips og Samskipa gat hins vegar ekki notið þeirrar undanþágu þar sem samanlögð markaðshlutdeild fyrirtækjanna var meiri en 30%, sbr. 5. gr. reglugerðarinnar.
955. Umfjöllun Samskipa í athugasemdum við AI um undanþágubeiðnina er í ósamræmi við efni hennar. Undanþágubeiðnin og viðkomandi samningur bera með sér að fyrirtækin hafi réttilega talið að þetta samstarf þeirra hafi farið gegn 10. gr. samkeppnislaga. Sökum þessa var beiðnin sett fram og við það miðað að samningurinn félli úr gildi ef undanþága frá 10. gr. samkeppnislaga væri ekki veitt. Hvergi kemur fram í undanþágubeiðninni að hún sé sett fram umfram skyldu eða í varúðarskyni. Þvert á móti er bent á að Eimskip og Samskip séu keppinautar og skipaafgreiðsla „nátegd“ land- og sjóflutningum fyrirtækjanna. Er og í beiðninni réttilega vísað til ákvörðunar eftirlitsins nr. 46/2009 sem gefur skýrt til kynna að samstarf Eimskips og Samskipa um mikilvæga þætti í starfsemi sinni fari gegn 10. gr. samkeppnislaga. Hvergi er í beiðninni vísað til markaðsráðandi stöðu Eimskips og að ákvæði 11. gr. samkeppnislaga hafi átt við. Hafi Eimskip og Samskip raunverulega talið að



mögulegar skyldur Eimskips samkvæmt 11. gr. samkeppnislaga hefðu leitt til þess að umrætt samstarf ætti ekki undir 10. gr. laganna hefðu fyrirtækin vart sett fram umrædda beiðni eða að lágmarki sett fram sjónarmið þar að lútandi til stuðnings beiðni sinni.

956. Ekki er unnt að lögum að bera fyrir sig mögulegar skyldur samkvæmt 11. gr. samkeppnislaga til stuðnings því að samstarf markaðsráðandi fyrirtækis við keppinaut fari ekki gegn 10. gr. samkeppnislaga. Í úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 13/1997 var ekki fallist á það sjónarmið Eimskips að samstarf við Samskip í Norður-Ameríku siglingum hefði ekki farið gegn 10. gr. samkeppnislaga sökum þess að höfnum á slíku samstarfi hefði falið í sér misnotkun á markaðsráðandi stöðu Eimskips.
957. Það er því niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að Samskip hafi brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga með ólögmætu samráði við Eimskip í skipafgreiðslu frá a.m.k. nóvember 2007 og út rannsóknartímabil þessa máls. Þegar hið umfangsmikla „Nýtt upphaf“ verkefni Samskipa og Eimskips hófst um mitt ár 2008 var m.a. tekið til athugunar að auka samráð fyrirtækjanna að þessu leyti. Verður fjallað um það hér á eftir.

5.13. Áform Eimskips um að hamla rannsókn samkeppnisyfirvalda

958. Ólögmætt samráð fyrirtækja er alla jafna framkvæmt með leynd, sbr. kafli 4.7. Athugun á rafrænum samskiptagögnum eins og tölvupóstum hefur því jafnan mikla þýðingu við rannsókn samkeppnismála af þeim toga. Á það bæði við um tölvupóstsamskipti milli grunaðra fyrirtækja og innan þeirra. Sökum þessa hefur þýðingu í málinu að á rannsóknartímabilinu vann Eimskip að því að setja reglur sem ætlað var að vinna gegn því að slík gögn gætu nýst við hugsanlegar rannsóknir samkeppnisyfirvalda.
959. Forsagan er sú að í árslok 2007 ákvarðaði Samkeppniseftirlitið sekt á hendur Eimskip vegna brota fyrirtækisins gegn 11. gr. samkeppnislaga, sbr. ákvörðun nr. 70/2007, sbr. síðar úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála frá 12. mars 2008 í máli nr. 3/2008. Í því máli voru tölvupóstar starfsmanna og stjórnenda Eimskips meðal sönnunargagna um brot Eimskips.
960. Skömmu eftir fyrrnefnda ákvörðun Samkeppniseftirlitsins settu lykilstjórnendur Eimskips fram áform, og hófu vinnu um fyrirkomulag á notkun og vistun á tölvupóstum innan fyrirtækisins, þar sem markmiðið var m.a. að slík samskipti yrðu ekki rekjanleg fyrir samkeppnisyfirvöld. Upphaf þessara fyrirætlana og vinnu má fyrst rekja í fyrirliggjandi gögnum til fundar framkvæmdastjórnar Eimskips 5. febrúar 2008 en samkvæmt fundargerð mælti (E)frkvstj-EimÍsl (forstjóri Eimskips á Íslandi) fyrir um að framangreint skyldi undirbúa.⁴⁹⁸ Samtímagögn frá Eimskip sýna að vinna vegna þessa hófst hjá stjórnendum Eimskips í kjölfar þessarar stefnumörkunar (E)frkvstj-EimÍsl.
961. Í málinu er þannig að finna minnisblað frá Eimskip um „[r]eglur um vistun tölvupósta“ og er það dagsett 3. mars 2008.⁴⁹⁹ Í upphafi minnisblaðsins er vísað til þess að undanfarið hafi skapast nokkrar umræður um vistun tölvupósts m.a. í framhaldi af notkun samkeppnisyfirvalda á gögnum úr tölvupósti. Kemur fram í minnisblaðinu að (E)starfsm, (E)frkvstj-lögfr og (E)starfsm hafi hist 18. febrúar 2008 til þess að ræða „vistun tölvupóst m.a. í framhaldi af notkun samkeppnisyfirvalda á gögnum úr tölvupósti.“ Síðan er farið yfir kosti þess og galla að setja reglur sem „myndu fylgja því að eyða öllum tölvupóstum innan skamms tíma frá móttöku.“ Gallar við slíka eyðingu gagna voru hins vegar taldir verulegir og felast m.a. í því að:

„Sönnunarbyrði getur snúist við ef það hefur verið meðvituð ákvörðun að eyða skipulega öllum tölvupósti.“

962. Í ljósi þessara galla eru því settar fram í minnisblaðinu „tillögur að því hvernig mætti nálgast þetta með öðrum hætti.“ Ein þeirra tillagna var að:

⁴⁹⁸ Afhent tölvuskjal frá Eimskip. Afhent þann 13.10.2017. [...]


⁴⁹⁹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.203749.



„Beina starfsmönnum á þá braut að nota spjallkerfi (Office communicator) fyrir óformlegt spjall í stað þess að nota tölvupóst. Slíkt spjall er ekki rekjanlegt.”

963. Einnig fólst í þessu að tölvupóstum yrði almennt eytt eftir tvö ár og starfsmönnum yrði kennt „markviss” vistun tölvupósta. Kemur fram að mikilvægt sé að ákveða sem fyrst hvaða reglur eigi að gilda að þessu leyti innan Eimskips.
964. Fjallað var um fyrrgreindar tillögur aftur í minnisblaðinu á fundi stjórnenda Eimskips þann 11. mars 2008. Í fundargerð segir: „(E)starfsm – fór yfir tillögur að nýjum vinnureglum v. vistunar á tölvupósti. (E)starfsm mun funda með (E)frkvstj-EimÍsl og fara yfir þessa kynningu með honum. þu[r]fum að ná niðurstöðu í þetta mál sem fyrst”.⁵⁰⁰ Gögn málsins benda til þess að vinnu við þetta hafi „lokið” í júní 2008.⁵⁰¹
965. Hér ber að líta til þess að í maí 2011 var haldið námskeið um samkeppnisrétt fyrir stjórnendur Eimskips, sbr. nánari umfjöllun kafla 13. Allir starfsmenn „í framlínu” Eimskips voru boðaðir á námskeiðið ásamt stjórnendum. Farið var yfir með stjórnendum Eimskips hversu varhugaverð öll samskipti við keppinauta væru og m.a. rifjað upp að samningar við keppinautinn Samskip um kaup eða sölu færu gegn 10. gr. samkeppnislaga.
966. Í glærum er einnig fjallað um „meðferð tölvupósts”. Má ráða af glærunni að viðfangsefni hennar taki augljóslega til meðferðar á þessari tegund rafrænna gagna í brotamálum hjá samkeppnisyrðildum. Í glærunni var áréttað að tölvupóstar væru geymdir og vistaðir hjá Eimskip og að þeir „eyðist ekki svo auðveldlega” og „gera [eigi] ráð fyrir að aðrir lesi póstinn síðar”, sbr. eftirfarandi glæru:

MEÐFERÐ TÖLVUPÓSTS


yfir hafid og heim

- Tölvupóstur geymdur hjá fyrirtækinu
- Eyðist ekki svo auðveldlega
- Auðveldlega margfaldur - áframsendur
- Gera ráð fyrir að aðrir lesi póstinn síðar
- Brandarar skiljast illa
 - “Fólk er fífl”

Broskarlar vilja tynast ☹
Pepp getur misskilist
–”Setja á hælana”

Auðvelt að mistúlka og taka úr samhengi
BRANDARAR ekki við hæfi

⁵⁰⁰ Afhent tölvuskjal frá Eimskip. Afhent þann 13.10.2017. [...]

⁵⁰¹ Þann 4. júní 2008 er verkefnið „Vistun tölvupósts – verklagsreglur [...]” á verkefnalista Eimskip Íslands. Listinn með heitinu „EI verkefni.2007-2008” er viðhengi með afrituðum tölvupósti frá Eimskip. [...] Doc ID 0.7.33.214128. Þessu verkefni virðist hafa verið lokið innan Eimskips a.m.k. 09.06.2008, sbr. afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc ID. 0.7.33.500850. Í póstinum segir m.a.: „Vistun tölvupósts – verkefnalisti – Lokið”.



967. Þá var í glærुकynningu frá stjórnendafundi Eimskips, sem haldinn var í kjölfar námskeiðsins, tiltekið að námskeiði um samkeppnislög og reglur væri lokið. Voru á einni glæru talin upp mikilvæg atriði sem fram hefðu komið á námskeiðinu. Tvö af þessum atriðum voru: „E-mail“ og „Sími“.
968. Óhjákvæmilegt er að setja framangreint viðfangsefni fyrirlestursins (sett fram við fræðslu um ólöglegt samráðsbrot skv. 10. gr. samkeppnislaga) í samhengi við áform Eimskips í byrjun árs 2008 um að hefja vinnu um fyrirkomulag á notkun og vistun á tölvupóstum innan fyrirtækisins, þar sem markmiðið var m.a. að slík samskipti yrðu ekki rekjanleg fyrir samkeppnisyrvöld. Af framangreindum samtímagögnum virtum er talið að þessi áform og áhersla hafi haldist innan Eimskips, a.m.k. hjá æðstu stjórnendum, út brotatímabilið.
969. Jafnframt var sérstaklega spurt út í tölvupósta sem sönnunargagn í samkeppnismálum, í prófi sem haldið var í lok nefnds samkeppnisnámskeiðs. Enn fremur er að finna leiðbeiningar um notkun tölvupósts í handbók Eimskips um samkeppnisreglur, sbr. umfjöllun í kafla 13.
970. Þrátt fyrir leit Samkeppniseftirlitsins í afrituðum gögnum Eimskips finnst ekki skriflegt lokaeyntak af reglum frá 2008 um vistun á tölvupóstum og er því ekki ljóst hvort skriflegar reglur voru formlega settar eður ei. Hér ber einnig að halda því til haga að Eimskip hefur í málinu mótmælt því að umræddar reglur um vistun á tölvupóstum hafi verið settar, sbr. svarbréf fyrirtækisins til Samkeppniseftirlitsins frá 19. febrúar 2016. Þá hefur fyrirtækið í sama bréfi einnig hafnað því að tölvupóstum hafi verið skipulega eytt. Á hinn bóginn er það mat Samkeppniseftirlitsins að í þessu máli verði ekki horft fram hjá því að í kjölfar ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 70/2007 stóð ásetningur lykilstjórnenda fyrirtækisins til þess að koma á háttalagi þar sem markmiðið eða hvatinn var m.a. sá að hamla mögulegum rannsóknum samkeppnisyrvalda með því að koma samskiptaleiðum í órekjanlegt form.⁵⁰² Sá þáttur, sem á sér stað á fyrstu mánuðum ársins 2008, verður ekki slitin úr samhengi við þá atburðarrás og leynd samráðs með Samskipum sem fór síðar af stað þetta sama ár.⁵⁰³ Ber og að horfa til þess að (E)frkvstj-Eimísl, sem fyrirskipaði umrædda vinnu, átti í samskiptum við Samskip vegna samráðs þessa máls. Þá ber og að horfa til framangreindrar umfjöllunar á árinu 2011 um „meðferð tölvupósts“.
971. Þá ber að líta til þess að í sátt Eimskips og Samkeppniseftirlitsins viðurkennir fyrirtækið „að hafa brotið gegn 19. gr. samkeppnislaga með því að hafa ekki veitt nauðsynlegar eða réttar upplýsingar eða afhent gögn í þágu rannsóknar Samkeppniseftirlitsins.“

⁵⁰² Eimskip synjaði um afhendingu rafrænna gagna sem stöfuðu frá [...] meðan hann starfaði hjá fyrirtækinu. Bréf Eimskips til Samkeppniseftirlitsins, dags. 19.02.2016.

⁵⁰³ Í fyrrnefndu bréfi Eimskips frá 19.02.2016 er jafnframt vísað til þess að vegna umfjöllunar Samkeppniseftirlitsins hafi fyrirtækið fengið KPMG til þess að gera greiningu á framkvæmd öryggisafritunar á tölvupóstkerfi Eimskips Íslands ehf. Afhenti Eimskip Samkeppniseftirlitinu skýrslu KPMG eftir þá greiningu og ber hún heitið „Samantekt á framkvæmd afritunar á tölvupóstkerfi“. Í skýrslunni kemur m.a. fram að KPMG hafi ekki fundið vísbendingar um að tímabilið frá árinu 2006 til 2015 hafi verið verið unnið að því innan Eimskips að eyða tölvupóstum skipulega úr kerfum. Samkeppniseftirlitið hefur litið til þessa. Á hinn bóginn verður að undirstrika og leggja áherslu á að áform lykilstjórnenda Eimskips voru ekki afmörkuð við eingöngu gögn í afritarformi, heldur þvert á móti var markmiðið að tryggja að háttarlag innan fyrirtækisins væri, vegna rannsókna samkeppnisyrvalda, að draga úr notkun á rafrænum miðli sem væri rekjanlegur. Skýrsla KPMG tekur og átti skv. verkefnalýsingu ekki að greina þann þátt. Samkeppniseftirlitið telur þó tilefni til þess að bæta við og benda á að samkvæmt KPMG-skýrslunni voru öryggisafrit af tölvupóstum/viðhengjum Eimskips geymd í fimm ár yfir tímabilið frá árinu 2007 til mars 2014. Óháð framkvæmd öryggisafrita af rafrænum gögnum þá er ljóst að mati Samkeppniseftirlitsins að rafræn gögn fyrirtækisins eru geymd í lengri tíma en fimm ár enda afhenti fyrirtækið að eigin frumkvæði gögn sem eru eldri en fimm ára, sbr. t.d. gagnaafhendingu Eimskips 23.03.2015. Þá vekur einnig athygli að samkvæmt skýrslu KPMG var framkvæmd Eimskips við öryggisafritun tölvupósta breytt í mars 2014. Fól breytingin í sér að geymslutími afrita af tölvupóstum og viðhengjum var stytur úr fimm árum niður í aðeins 14-45 daga. Tímasetningin vekur eftirtekt en breyting þessi var sett í framkvæmd sjö mánuðum eftir húsleit Samkeppniseftirlitsins á starfsstöð Eimskips og hýsingaraðila. Þá segir í skýrslu KPMG að eftir breytinguna sé tölvupóstur/viðhengi sem starfsmaður Eimskips eyði úr gögnunum tiltækur í aðeins 14 daga. Ef starfsmaður kjósi að eyða tölvupóstinum úr „ruslatunnu“ pósthólsins varanlega þá sé eyðing ekki afturkræf í öryggisafriti.



6. ÁRIÐ 2008 — AÐDRAGANDI AUKINS SAMRÁÐS

972. Þegar horft er til eldri úrlausna samkeppnisyfirvalda er ljóst að Samskip og Eimskip höfðu með sér samvinnu á sama tíma og ágreiningur var á milli þeirra. Á árunum 1993-2000 höfðu fyrirtækin samvinnu um áætlunarsiglingar til og frá Norður-Ameríku. Eftir að Eimskip hækkaði verð en Samskip ekki greip Eimskip til refsiaðgerða á árunum 2001 og 2002 sem leiddu til þess að Samskip sendu kvörtun til samkeppnisyfirvalda þann 22. ágúst 2002, sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 70/2007. Þær aðgerðir Eimskips komu hins vegar ekki í veg fyrir gerð „Neyðarsamkomulags“ 30. nóvember 2001. Þær komu heldur ekki í veg fyrir þá samvinnu í Norður-Ameríku siglingum sem lýst var í erindi Samskipa frá 25. september 2002, samvinnuna innan SÍK sem fjallað var um í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 10/2003 eða annað samstarf sem lýst er hér að framan.
973. Gögn sem tengjast framansögðu sýna einnig að ólögmætt samráð Samskipa við Eimskip átti sér stað fyrir árið 2008. Líkt og áður greinir sýna gögnin m.a. að frá desember 2001 var í gildi leynilegur og ólögmætur samningur milli Samskipa og Eimskips sem varðaði áætlunarsiglingar milli Íslands og annarra Evrópuríkja og innan hafna í Evrópu (umrætt „neyðarsamkomulag“). Jafnframt var fyrir hendi ólögmætt samráð í áætlunarsiglingum til og frá Norður-Ameríku. Þá benda gögnin til þess að Samskip og Eimskip hafi að einhverju marki skipt með sér markaðnum í sjóflutningum. Er vísað til þeirrar markaðsskiptingar í samtímagagni frá 21. ágúst 2007 sem hollensk samkeppnisyfirvöld létu Samkeppniseftirlitinu í té. Að mati Samkeppniseftirlitsins átti ólögmætt samráð sér einnig stað milli fyrirtækjanna í landflutningum og stefnt var að því að auka það. Fyrir hendi var einnig ólögmætt samstarf í skipaafgreiðslu og þá liggja fyrir vísbendingar um ólögmæt upplýsingaskipti og samráð um álagningu olíugjalds. Þá er ljóst að ólögmætt samráð átti sér stað milli fyrirtækjanna í rekstri frystivörugeymslna (Daalimpex og Kloosterboer).
974. Eins og lýst verður sýna gögn málsins að á árinu 2008 hafi ólögmætt samráð Samskipa og Eimskips verið aukið verulega.
975. Áður en gerð verður nákvæm grein fyrir atvikum sem áttu sér stað á árinu 2008 og gögnum sem þeim tengjast telur Samkeppniseftirlitið gagnlegt að draga stuttlega fram nokkur mikilvæg atriði. Er þýðingarmikið að hafa þessa heildarmynd í huga þegar atvik málsins eru metin.

6.1. Kjarni hins aukna samráðs og aðstæður við upphaf þess

976. Í byrjun ársins 2008 stóð yfir svonefnd lausafjárkreppa og fóru efnahagshorfur víða versnandi, m.a. á Íslandi.
977. Í upphafi ársins 2008 var fjárhagsstaða Eimskips orðin mjög erfið vegna mikillar fjárfestingar erlendis og skuldsetningar, sbr. kafla 12.2.5.2. Var umrót í kringum fyrirtækið og stærstu eigendur þess. Þáverandi forstjóri lét óvænt af störfum í febrúar 2008 og stuttu áður hafði stjórnarformaður fyrirtækisins hætt störfum.
978. Aðaleigandi Samskipa, **(S)aðaleig-stjform-SH**, var næst stærsti hluthafi Kaupþings banka. Í upphafi ársins 2008 var hann í fjárhagslegum erfiðleikum. Verð hlutabréfa í Kaupþingi lækkaði stöðugt og erlendur banki, sem lánað hafði eignarhaldsfélagi **(S)aðaleig-stjform-SH** verulegar fjárhæðir vegna kaupanna á hlutabréfunum í Kaupþingi, kallaði stöðugt eftir auknum tryggingum samhliða því sem verð hlutabréfa í bankanum lækkaði. Þegar þetta stóð yfir í mars 2008 beindi **(S)aðaleig-stjform-SH** þeim fyrirmælum til undirmanna sinna að vernda stöðu Samskipa á Íslandi sem „cash cow“ fyrir alla Samskipasamstæðuna.
979. Á fyrri hluta ársins 2008 var því ákveðið að grípa til aðgerða til að bæta eða viðhalda afkomu Samskipa á Íslandi. Stjórnendur Samskipa töldu sig vita að versnandi efnahagshorfur gætu m.a. leitt til samdráttar í flutningamagni, sérstaklega í innflutningi. Unnu stjórnendur Samskipa að aðgerðum til að bregðast við þessu í því skyni að tryggja og bæta afkomuna. Sýna gögnin að þetta var talið



mikilvægt m.a. sökum áðurnefndra fyrirmæla (S)aðaleig-stjform-SH um að verja stöðu Samskipa á Íslandi.

980. Fram til maí 2008 var það til skoðunar hjá stjórnendum Samskipa að bregðast við framangreindu með auknu samráði við Eimskip og hefja samráð við Atlantsskip⁵⁰⁴ í sjóflutningum og að ná fram meiri verðhækkunum en áætlanir höfðu gert ráð fyrir (hér nefnd samvinnuleiðin).
981. Í apríl 2008 hættu Atlantsskip rekstri eigin skipa. Sýna gögnin að bæði Eimskip og Samskip höfðu reynt að ná samningi við Atlantsskip um að annast sjóflutninga fyrir fyrirtækið. Eimskip náði samningi við Atlantsskip og sýna samtímagögn að það olli talsverðri gremju hjá stjórnendum Samskipa.
982. Gögnin sýna að eftir að Eimskip náði samningi við Atlantsskip hafi önnur aðferð en samvinnuleiðin verið tekin til skoðunar hjá Samskipum í maí 2008. Hún fólst í því sem nefnt var „herferð“ gegn Eimskip og Atlantsskipum. Í þessu fólst að reynt skyldi með samkeppnisaðgerðum að ná viðskiptavinum keppinautanna til Samskipa og vinna með þeim hætti gegn mögulegum samdrætti í flutningamagni sem kynni að leiða af erfiðara efnahagsástandi og vernda þannig eða efla stöðu fyrirtækisins (hér nefnd samkeppnisleiðin).
983. Höfðu þannig tvær megináðferðir verið til skoðunar til að verja stöðu Samskipa á Íslandi sem „cash cow“ og bregðast við versnandi efnahagshorfum. Annars vegar var samvinnuleiðin og hins vegar samkeppnisleiðin.
984. Kaflaskil áttu sér hins vegar stað í lok maí 2008 en þá var (E)forstj ráðinn til starfa sem nýr forstjóri Eimskips. (S)forstj greindi stjórnendum Samskipsamstæðunnar frá því að hann þekkti (E)forstj vel og að meiri „mýkt“ myndi fylgja hinum nýja forstjóra Eimskips. Samkeppniseftirlitið tók skýrslur af (E)forstj og (S)forstj í september 2013. Við skýrslutöku sögðu forstjórnarnir ósatt um tengsl sín og samskipti. Hér skiptir einnig máli að (S)forstj þekkti (E)frkvstj-alþjv vel, annan lykilstjórnanda hjá Eimskip.
985. Föstudaginn 6. júní 2008 hittu (S)aðaleig-stjform-SH og (S)forstj frá Samskipum (E)forstj og stjórnarformann Eimskips ((E)stjform). Var fundurinn haldinn í húskynnum fjárfestingarfélags (S)aðaleig-stjform-SH (Kjalar hf.).
986. Sunnudaginn 8. júní 2008 vistaði (E)frkvstj-alþjv glærukynningu og (E)forstj vistaði sömu kynningu daginn eftir. Í kynningunni kom skýrt fram að búið væri að ákveða að ráðast í verkefni sem nefnt var „Nýtt upphaf“. Var hér um að ræða umfangsmikið samráðsverkefni Samskipa og Eimskips sem hafði það meginmarkmið að meta „hagkvæmni“ tiltekinna verkefna með því að „auka samstarf“ milli þessara öflugustu keppinauta á íslenskum sjó- og landflutningamörkuðum. Hér ber og að líta til þess að verkefnið „Nýtt upphaf“ var komið inn á verkefnalista (E)forstj 5. júní 2008, þ.e. deginum fyrir framangreindan fund Eimskips og Samskipa.
987. Samkvæmt glærukynningu (E)forstj og (E)frkvstj-alþjv átti að skoða t.d. markaðsskiptingu í sjóflutningum og verulega aukið samstarf í landflutningum og frystigeymslurekstri. Samkvæmt glærukynningunni hafði „verið ákveðið að stofna til vinnuhóps“ til þess að „taka þessi verkefni áfram“. Kemur fram í kynningunni að a.m.k. (E)forstj, (S)forstj og (E)frkvstj-alþjv ættu sæti í þessum vinnuhópi „auk bakhjarla verkefnisins“.
988. Tilvísun í glærukynningunni til þess að „auka samstarf“ Eimskips og Samskipa skýrist af því að á þessum tíma stóð samráðið yfir sem lýst var í kaflanum hér að framan og varðaði sjóflutninga, landflutninga, skipaafgreiðslu og frystigeymslustarfsemi.
989. Gögn málsins sýna að innan Eimskips og Samskipa var frá júní 2008 unnið að þeim verkefnum sem fram komu í „Nýju upphafi“. Til skoðunar var m.a. hvort fyrirtækin ættu í aðalatriðum að hætta

⁵⁰⁴ Á fyrri hluti ársins 2008 ráku Atlantsskip eigin skip og voru keppinautur Eimskips og Samskipa í sjóflutningum til og frá Íslandi.



samkeppni í áætlunarsiglingum og reka þess í stað saman eitt siglingakerfi. Ekki varð úr því heldur var samráð fyrirtækjanna framkvæmt með öðrum hætti.

990. Samkeppniseftirlitið telur að gögn málsins sýni að Samskip hafi á seinni hluta ársins 2008 haft með sér ólögmeitt samráð við Eimskip um breytingar á siglingakerfum fyrirtækjanna og um takmörkun á flutningsgetu þeirra. Einnig höfðu Samskip og Eimskip með sér samráð með því að skipta með sér viðskiptum við mikilvæga viðskiptavinum (og einnig eftir landsvæðum í tilvikum landflutninga). Skiptingin fólst í því að fyrirtækin myndu ekki reyna hvort um sig með samkeppnisaðgerðum sín á milli að ná til sín viðskiptum við mikilvæga viðskiptavinum hins fyrirtækisins. Með þessu, og umræddri takmörkun á flutningsgetu, sköpuðu fyrirtækin skilyrði fyrir því að þau gætu, hvort um sig, þrátt fyrir mikinn samdrátt í eftirspurn, viðhaldið eða hækkað verð, án samkeppnislegra viðbragða frá hinu fyrirtækinu. Í samráði Samskipa við Eimskip fólst einnig verðsamráð og ólögmeitt upplýsingaskipti. Var án efa um að ræða ólögmeitt samráð sem hafði að markmiði að raska samkeppni í skilningi samkeppnisréttarins, sbr. kafla 4.4.
991. Vegna aðstæðna á markaði á þessum tíma og eðlis viðskiptamannahóps Eimskips og Samskipa var talsverð áskorun fólgin í því fyrir fyrirtækin að ná saman um árangursríkt samráð um takmörkun á flutningsgetu og skiptingu markaðsins eftir viðskiptavinum. Eftirfarandi atriði hafa sérstaka þýðingu:
- Ólögmeitt samráð Samskipa við Eimskip tók sem fyrr segir til breytinga á siglingakerfum fyrirtækjanna. Sökum þessa er rétt að gera í kafla 6.2 hér á eftir grein fyrir því hvernig siglingakerfunum var háttáð í lok árs 2007 og á fyrrihluta ársins 2008, áður en fyrirtækin hófu samráð um mögulegar breytingar á þeim. Gögn málsins sýna að það var talsverð áskorun að takmarka flutningsgetu og gera breytingar á siglingakerfum á þessum tíma vegna mismunandi aðstæðna í annars vegar innflutningi og hins vegar útflutningi. Fyrirsjáanlegt var að slæmar horfur í efnahagsmálum hér á landi myndu leiða til þess að innflutningur færi minnkandi. Hins vegar voru aðstæður allt aðrar í útflutningi og mikill vöxtur fyrirsjáanlegur, einkanlega vegna aukinnar framleiðslu stóriðjuvera eins og Alcoa Fjarðaáls, sbr. umfjöllun í kafla 6.5 hér á eftir.
 - Hið ólögmeita samráð Samskipa við Eimskip tók, eins og áður greinir, m.a. til skiptingar á markaði eftir viðskiptavinum. Viðskiptavinir Eimskips og Samskipa skiptu þúsundum og samráð að þessu leyti sem tæki til þeirra allra yrði afar erfitt í framkvæmd. Markaðsskipting fyrirtækjanna beindist hins vegar að mikilvægum viðskiptavinum. Þannig var samráðið í raun auðvelt í framkvæmd þar sem um fáa viðskiptavinum var að ræða. Er eðli viðskiptamannahóps fyrirtækjanna lýst í kafla 6.3 hér á eftir.
 - Markmið samráðsins var ekki síst að skapa skilyrði til að hækka eða halda uppi verði gagnvart þessum mikilvægum viðskiptavinum. Gögn málsins gefa til kynna að flutningaþjónusta Eimskips og Samskipa hafi verið álitin sambærileg. Þess vegna blasir við að stórir viðskiptavinir hefðu átt að eiga auðvelt um vik að færa sig milli flutningafyrirtækjanna, ef annað þeirra reyndi að hækka verð eða auka gjaldtöku að öðru leyti. Ef virk samkeppni ríkti væri slík verðhækkun torveldari. Fjallað er um sambærilega þjónustu fyrirtækjanna í kafla 6.4 hér á eftir.
992. Til að heildarmyndin sé sem gleggst er rétt að hafa einnig í huga að frá árinu 2009 til ársins 2013 fór enginn mikilvægur viðskiptavinur milli Eimskips og Samskipa, þ.e. frá öðru fyrirtækinu til hins. Á sama tímabili voru aftur á móti verð hækkuð og tekin upp ný gjöld hjá fyrirtækjunum án þess að þau þyrftu að óttast viðbrögð hvors annars. Á árinu 2013 dró hins vegar úr ólögmeitu samráði fyrirtækjanna.
993. Í sátt Eimskips og Samkeppniseftirlitsins frá 16. júní 2021 er „viðurkennt að alvarleg brot Eimskips gegn 10. gr. samkeppnislaga og 53. gr. EES-samningsins á rannsóknartímabilinu hafi fallist í eftirfarandi aðgerðum sem gripið var til eftir fund með Samskipum 6. júní 2008, sbr. einnig „Nýtt upphaf“ glærukyningu Eimskips frá 9. júní 2008.“ Fólst í þessu m.a. samráð við Samskip um breytingar á siglingakerfum, takmörkun á flutningsgetu og skiptingu á mörkuðum eftir stærri viðskiptavinum í sjó- og landflutningum. Eins og rökstutt er m.a. í kafla 7 er þessi viðurkenning



Eimskips í samræmi við samtímagögn og hefur því mikla þýðingu í samkeppnisrétti, sbr. kafla 4.7.7 og kafla 24.5.

6.2. Siglingakerfi Samskipa og Eimskips

994. Eftirspurn eftir flutningaþjónustu tekur breytingum frá einum tíma til annars. Það er af þeim sökum eðlilegur þáttur í rekstri hvers skipafélags að laga framboð á þjónustu að þörfum markaðarins, m.a. með breytingum á siglingakerfi sem getur falist í breytingu á viðkomuhöfnum, fjölda og stærð skipa og tíðni og áætlun siglinga. Siglingakerfin mynda m.ö.o. framboðshliðina í starfsemi skipafélaga. Er eðlilegt að stjórnendur hvers félags velti stöðugt fyrir sér fyrirkomulagi siglingakerfisins og hvers kyns hugmyndum um breytingar á kerfinu, siglingaáætlun, skipakosti og hagræðingu til að ná sem bestum árangri í rekstri.
995. Samkvæmt 10. gr. samkeppnislaga og 53. gr. EES-samningsins, verða fyrirtæki, hvert og eitt, að taka sjálfstæðar ákvarðanir um þetta efni og er óheimilt að eiga samstarf eða samráð við önnur fyrirtæki um að takmarka eða stýra framboði á þjónustu, sbr. kafla 4 hér að framan. Þetta á við um flutningafyrirtæki eins og önnur fyrirtæki. Þá er fyrirtækjum einnig óheimilt að miðla upplýsingum sín á milli um t.d. fyrirhugaðar breytingar á siglingakerfum og aðra mikilvæga þætti í rekstri þeirra. Eru sem fyrr segir gerðar sérstaklega ríkar kröfur um sjálfstæði keppinauta á fákeppnismörkuðum, sbr. m.a. kafla 4.6.3.2. Þá getur samráð, þar sem keppinautar hafa með sér hagnýta samvinnu til að losna við þá óvissu sem felst í samkeppni, falið í sér brot sem hefur að markmiði að raska samkeppni í skilningi samkeppnisréttarins, sbr. kafla 4.6.1. Ber og að rifja upp að því hefur verið slegið föstu að samvinna milli Eimskips og Samskipa í siglingum fer gegn 10. gr. samkeppnislaga, sbr. úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í málum nr. 13/1997 og 9/2003.
996. Af framangreindu leiðir að það var á allan hátt eðlilegt að hvert skipafélag fyrir sig hygði að endurskoðun á siglingakerfi sínu og flutningsgetu sem viðbrögðum við yfirvofandi samdrætti í eftirspurn vegna minnkandi innflutnings síðla árs 2008. Allt öðru máli gegnir ef skipafélög, sem hafa samanlagt um 95% markaðshlutdeild í flutningum til og frá landinu, hafa með sér samráð um slíka grundvallarþætti í rekstri fyrirtækjanna. Slíkt samráð Eimskips og Samskipa var því ekki heimilt nema að fenginni undanþágu samkvæmt samkeppnislögum, sbr. þágildandi 15. gr. samkeppnislaga. Fyrirtækin óskuðu ekki eftir slíkri undanþágu.
997. Veigamikill þáttur í ólögsmætu samráði Samskipa við Eimskip varðaði ólögsmæta hagnýta samvinnu og upplýsingaskipti og fólst í samstilltum aðgerðum til að draga úr flutningsgetu, bregðast saman við ytri aðstæðum og skapa skilyrði til að viðhalda eða hækka verð. Er því rétt að gefa stutt yfirlit yfir þessi kerfi eins og þau voru í lok árs 2007.

6.2.1. Siglingakerfi Samskipa

998. Sjóflutningum Samskipa í áætlunarsiglingum milli Íslands og Evrópu og með viðkomu í Færeyjum var sinnt með fjórum skipum frá a.m.k. september 2006 og fram til október 2008. Í glærुकynningu Samskipa („*Market report September 2006*“) er þessu kerfi lýst svo:

Container services

- Revenue: EUR 103 m
- EBITDA: EUR 14 m
- Staff: 202 employees
- Fleet:
 - Four container vessels offering weekly capacity of
 - **1,590 TEU** (nominal) or **21,900 tons** (DWT)
 - Container fleet of **7,200 containers** or **12,500 TEU**
- Annual volumes
 - Import full: **65,000 TEU** or **343,000 tons**
 - Export full: **22,000 TEU** or **240,000 tons**
- Market share: 40%



- SAMSKIP operates four container vessels on two routes offering **two sailings a week** between ports of call in UK, mainland Europe and Scandinavia serving the **Iceland and Faroe Island** market.
- **Rotterdam** serves an important role as being transshipment hub serving Asian, African, S- and N-American markets. The Us east coast is partly served through slot agreement linked directly with Iceland.
- Having established a four vessel sailing system, SAMSKIP now offers a **sailing system** that is **fully comparable** with that of its main competitor.



999. Samkvæmt þessu töldu Samskip að markaðshlutdeild fyrirtækisins í sjóflutningum væri 40%. Jafnframt töldu Samskip að fjögurra skipa kerfi fyrirtækisins væri að fullu sambærilegt og samkeppnishæft við siglingakerfi Eimskips („*fully comparable with that of its main competitor*“). Fram kemur einnig að markmið Samskipa hafi verið að auka markaðshlutdeild sína á markaði og ná yfir 50% af nýrri starfsemi á Íslandi.⁵⁰⁵
1000. Með bréfi Samskipa, dags. 22. nóvember 2016, fylgdi eftirfarandi myndræn lýsing á skipakerfi fyrirtækisins í lok árs 2007:

⁵⁰⁵ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.8859.



1001. Í leiðum 1 og 2 í kerfi Samskipa fólst nánar tiltekið eftirfarandi:

Leið 1: Á árinu 2007 voru Samskip með tvö skip á leið 1. Annars vegar Arnarfell með uppgefna flutningsgetu upp á 908 TEU⁵⁰⁶ og hins vegar Helgafell með uppgefna flutningsgetu upp á 908 TEU. Viðkomustaðir voru: Reykjavík, Grundartangi, Reykjavík, Vestmannaeyjar, Immingham, Rotterdam, Cuxhaven, Varberg, Aarhus, Kollafjörður, Reykjavík. Voru viðkomur vikulegar nema aðra hverja viku á Grundartanga fram til 17. viku 2008 en frá þeim tíma líka vikulega þangað. Var þessi siglingaleið að öðru leyti óbreytt fram að viku 28 árið 2012 en frá þeim tíma fóru skipin til Árósa áður en þau sigldu til Varberg.⁵⁰⁷

Leið 2: Á árinu 2007 voru Samskip með tvö skip á leið 2. Annars vegar Hvassafell með 679 TEU uppgefna flutningsgetu og hins vegar Akrafell með 679 TEU uppgefna flutningsgetu. Viðkomustaðir voru: Reykjavík, Grundartangi, Reykjavík, Reyðarfjörður, Kollafjörður, Immingham, Rotterdam, Reykjavík. Var þessi siglingaleið óbreytt árið 2007. Í mars og maí 2008 var báðum skipunum skipt út fyrir stærri skip með sömu nöfnum, hvort um sig með 1.139 TEU flutningsgetu. Um miðjan febrúar 2008 var farið til Rotterdam á undan Immingham. Var markmiðið sagt vera að bæta þjónustuna og auka áreiðanleika siglingakerfisins en flutningstími frá Immingham til Reykjavíkur styttist um fjóra daga og frá Reyðarfirði til Rotterdam styttist hann um tvo daga. Hvassafell hafði eftir sem áður viðkomu á Grundartanga á tveggja vikna fresti.⁵⁰⁸

1002. Í þessu kerfi voru áætlunarskip Samskipa með viðkomu í tveimur af þremur helstu stóriðjuhöfnum landsins, Grundartanga og Reyðarfirði. Á árunum 2007 og 2008 var misjafnt hvort skip af Leið 1 eða Leið 2 hafði viðkomu á Grundartanga. Á árinu 2007 voru tekin inn tvö aukaskip sem fóru samtals 3 ferðir.⁵⁰⁹

⁵⁰⁶ Svokölluð uppgefin („nominal“) flutningsgeta er gefin upp af skipasmíðastöð. Munur er á uppgefni (nominal) flutningsgetu skips og flutningsgetu m.v. t.d. 10 eða 14 tonn pr. TEU jafnaðarþyngd. Vegna breytilegrar samsetningar vöru og þar með þyngdar gáma sem fluttir eru til og frá landinu og vegna breytileika við lestun gáma þá er hámarks flutningsgeta skipa á bilinu 65-80% af uppgefni flutningsgetu. Flutningsgeta m.v. 10 tonn miðast við að allir TEU í skipinu séu 10 tonn og jafnt lestaðir, farmur nái upp í 45% af hæð gámsins og að farmur sé einsleitur. Það sama á við ef miðað er við 14 tonn. Flutningsgeta DWCC (e. dead weight cargo capacity) er hámarks flutningsgeta miðað við einsleitan farm og að allir gámar séu jafn þungir (hér 10 eða 14 tonn per TEU), sbr. bréf frá Samskipum, dags. 22.11.2016.

⁵⁰⁷ Bréf Samskipa til Samkeppniseftirlitsins, dags. 22.11.2016.

⁵⁰⁸ Bréf frá Samskipum, dags. 22.11.2016 og tilkynning til viðskiptavina frá Samskipum 25.01.2008. Í tölvupósti frá Samskipum til Samkeppniseftirlitsins, dags. 19.12.2017, segir hins vegar að farið hafi verið á útleið til Immingham á undan Rotterdam og hafi svo verið allt tímabilið.

⁵⁰⁹ Bréf frá Samskipum til Samkeppniseftirlitsins, dags. 22.11.2016.



1003. Í lok árs 2007 var raunhæf flutningsgeta skipa Samskipa í áætlunarsiglingum til Íslands metin vera rétt tæp 5.000 TEU á mánuði. Nýtingin á tímabilinu október til desember það ár var metin um 96% til landsins og rúmlega 100% frá landinu.⁵¹⁰ Með öðrum orðum þá var siglingakerfi Samskipa fullnýtt og aukaskip fengin til flutninga.
1004. Samskip gerðu aftur breytingar á siglingakerfinu í lok október 2008 og fækkuðu m.a. um eitt skip. Sú breyting byggðist m.a. á samráði við Eimskip, sbr. nánar hér á eftir.
1005. Samskip buðu viðskiptavinum sínum einnig upp á flutninga milli Íslands og Norður-Ameríku. Var það á árinu 2008 annars vegar gert með ólögsmætu samstarfi við Eimskip og hins vegar í samstarfi við önnur félög sem sigldu milli Norður-Ameríku og Rotterdam (nefndar „*Trans Atlantic*“ siglingar (stundum stytt í TA eða TAS)) og þaðan með skipum Samskipa milli Íslands og Rotterdam.
1006. Í mgr. 367 og áfram í athugasemdum Samskipa við AI eru sett fram athugasemdir við tiltekin atriði í framangreindri lýsingu á siglingakerfi Samskipa og samanburði við Eimskip. Eins og rökstutt er í kafla 25.4.1 geta þau sjónarmið Samskipa ekki breytt framangreindu sem byggir á bæði afhentum upplýsingum fyrirtækisins og afrituðum samtímagögnum þess.

6.2.2. Siglingakerfi Eimskips

1007. Gögn málsins sýna að fram til ársins 2008 var markmið Eimskips að viðhalda forystu sem markaðsleiðandi flutningafyrirtæki með alhliða flutningaþjónustu á Norður-Atlantshafi með tengingar og starfsemi í lykilhöfnum í Evrópu og á austurströnd Bandaríkjanna og í Kanada. Þá stefndi Eimskip að því að verða „*lykilaðili*“ í hitastýrðum flutningum á alþjóðavísu. Sýna gögnin að fyrirtækið taldi sig hafa sterka markaðshlutdeild í siglingum á Norður-Atlantshafinu sem væri grunnur að aukinni hagkvæmni auk þess sem Eimskip stefndi að því að nýta þann sterka grunn til enn frekari vaxtar yfir á önnur svið flutningaþjónustu.⁵¹¹
1008. Í lok árs 2007 var Eimskip með sex skip í áætlunarsiglingum til og frá Íslandi. Fjögur skip voru með viðkomu í Evrópu og tvö skip í Norður-Ameríku. Nánar tiltekið voru tvær áætlunarleiðir tengdar Evrópu þ.e. Norðurleið og Suðurleið og ein leið tengd Norður-Ameríku.
- **Norðurleið:** Á þessari siglingaleið sigldu tvö skip, Dettifoss og Goðafoss. Uppgefin flutningsgeta hvors um sig var 1457 TEU⁵¹² með eftirtalda viðkomustaði: Grundartangi, Reykjavík, Eskifjörður, Þórshöfn, Rotterdam, Hamborg, Gautaborg, Árósar, Fredrikstad, Þórshöfn og Reykjavík. Um var að ræða tveggja vikna hring hvors skips.
 - **Suðurleið:** Á þessari siglingaleið voru tvö skip, Brúarfoss og Selfoss. Var uppgefin flutningsgeta þeirra hvors um sig 724 TEU með viðkomustaði: Straumsvík, Reykjavík, Vestmannaeyjar, Immingham, Rotterdam, Immingham og Reykjavík. Um var að ræða tveggja vikna hring hvors skips.
 - **Ameríkuleið:** Á þessari siglingaleið voru tvö skip, Reykjafoss með uppgefna flutningsgetu 712 TEU og Celia með 645 TEU, með viðkomustaði: Reykjavík, Argentia, Halifax, Everett, Richmond, Argentia, (St Anthony, árstíðarbundnar viðkomur) og Reykjavík. Síðustu viðkomur á Grænlandi voru í október 2007. Um var að ræða fjögurra vikna hring hvors skips.

⁵¹⁰ Samkvæmt skjali „*Viðauki 2 (2.1.2018).xlsx*“ afhent með tölvupósti frá Samskipum, dags. 02.01.2018.

⁵¹¹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc ID: 0.7.33.93045.

⁵¹² Í bréfi frá Eimskip, dags. 01.12.2016, segir: „*Það skal hins vegar tekið fram að raunveruleg hleðslugeta skipa er almennt fjarri því sem upp er gefið sem hámarksflutningsgeta frá framleiðanda. Ástæður þessa eru margþættar, s.s. þungi, yfirstærð, „stack weight“ á lúgum, mismunur í nýtingu milli einstakra leggja á sömu flutningsleið, fjöldi „high cube“ gáma og sjónlína skipsstjórnarmanna. Þannig miðast uppgefið flutningsmagn frá framleiðanda ávallt við að allir gámar séu lágir, á meðan flestir gámar eru háir. Til marks um þetta sýnir reynsla umbjóðenda okkar að hámarksflutningsmagn skipa félagsins nemi á bilinu 62-81% af uppgefnu flutningsmagni frá framleiðenda eftir skipum. Við þetta bætast svo miklar árstíðabundnar sveiflur í flutningsmagni, líkt og ráða má af framlögðu skjali.*“



1009. Hér er rétt að geta þess að samkvæmt upplýsingum frá Eimskip er almennt gengið út frá því að um 25% af flutningsgetu Norðurleiðar frá Íslandi sé „frátekin“ fyrir flutninga milli Færeyja og Evrópu. Var þetta svo á öllu rannsóknartímabilinu.⁵¹³
1010. Í lok árs 2007 var raunhæf flutningsgeta skipa Eimskips í áætlunarsiglingum milli Íslands og Evrópu metin vera um 7.000 TEU á mánuði. Nýtingin á tímabilinu október til desember það ár var metin yfir 100% bæði í innflutningi og útflutningi. Með öðrum orðum var flutningsgetan fullnýtt. Raunhæf flutningsgeta milli Íslands og Norður-Ameríku var metin um 700 TEU að meðaltali á mánuði á árinu 2007 og nýtingin það ár var milli 80 og 90%.⁵¹⁴
1011. Hópur stjórnenda hjá Eimskip (framkvæmdastjóra og millistjórnenda), fundaði reglulega um rekstur og aðgerðir fyrirtækisins. Í fundargerðum hópsins á síðasta ársfjórðungi 2007 kom fram að talsvert væri um yfirbókanir í innflutningi og að taka þyrfti inn aukaskip frá Rotterdam og Hamborg. Væri þetta að valda verulegum vandræðum. Jafnframt kom fram að unnið væri að breytingum á siglingakerfi fyrirtækisins.⁵¹⁵
1012. Þann 18. desember 2007 vistaði (E)forstö-**innfl** hjá sér skjalið „Viðskiptaáætlun IMP 2008 [...] Final DES.doc“. Um var að ræða áætlun innflutningsdeildar Eimskips fyrir árið 2008. Á bls. 7 í skjalinu var fjallað almennt um stöðuna á innflutningi og skipakerfinu. Er því lýst svo að á árinu 2007 hefðu skipin verið yfirfull og mikið magn vöru til flutnings. Til þess að mæta því hefðu verið leigð inn aukaskip. Segir svo m.a. um árið 2008:
- „Umtalsverðar breytingar verða með tilkomu nýs siglingakerfis í janúar 2008. Yfirbókanir ættu svo að segja að heyra sögunni til nema í undantekningatilfellum og áætlun verður mun stöðugri og viðkomur á öllum höfnum tryggðar.“*
- „Nýtt siglingakerfi gefur okkur tækifæri til að sækja lítilla hærra markaðshlutdeild sem og að auka flutninga frá Evrópu yfir til Norður Ameríku og verður þetta meðal áherslna næsta árs.“⁵¹⁶*
1013. Niðurstaðan var sú að í byrjun árs 2008 tók gildi nýtt siglingakerfi hjá Eimskip með verulega aukinni flutningsgetu milli Íslands og Evrópu. Í tilkynningu frá fyrirtækinu, sem birt var í fjölmiðlum, er þessu lýst svo: „Eimskip tók um áramótin upp nýtt siglingakerfi sem ætlað er að auka flutningsgetuna og koma betur til móts við þarfir viðskiptavina félagsins, að því er segir í tilkynningu. Nýrri siglingaleið, svonefndri Austurleið, var bætt við núverandi Evrópuleiðir, Suðurleið og Norðurleið.
- Nýja siglingaleiðin tengir saman Danmörku, Svíþjóð, Færeyjar, Bretland og Ísland. Viðkomustaðir félagsins eru nú 10 og eru ferðir frá Reykjavík þrisvar í viku. Nýja siglingakerfið kemur m.a. til með að stytta flutningstímann frá Íslandi til Danmerkur og Skandinavíu um þrjá daga. Brottförum frá Reykjavíkur fjölgar úr tveimur í þrjár en einnig fer útflutningur fram beint frá Mjóeyrarhöfn við Reyðarfjörð, sem verður önnur mesta vöruflutningahöfn landsins. Ný tenging opnast til að koma ferskum fisk frá Reyðarfirði inn á markaði í Bretlandi á mánudögum. Með nýja siglingakerfinu verður tveimur nýjum skipum bætt við flota Eimskips en um 50 skip eru í rekstri félagsins. Að auki eykst flutningsgeta félagsins í gámum um 30%.“⁵¹⁷*
1014. Eftir breytinguna voru siglingaleiðirnar eftirfarandi:

⁵¹³ Sbr. bréf Eimskips til Samkeppniseftirlitsins, dags. 13.10.2017.

⁵¹⁴ Samkvæmt skjali „M-S aðferð (2).xlsx“ með tölvupósti frá Eimskip til Samkeppniseftirlitsins, dags. 30.11.2017.

⁵¹⁵ Úr fundargerðum stjórnendahóps Eimskips, dags. 16.10.2007, 23.10.2007, 30.10.2007, 13.11.2007, 5.12.2007, 18.12.2007, 3.1.2008, 8.1.2008, 22.1.2008 (fundargerðin er að vísu dagsett 19.1.2008 en telja verður að um sé að ræða misritun) og 29.1.2008. Afrituð tölvuskjöl frá Eimskip. [...] Doc ID. 0.7.33.392459, 0.7.33.399085, 0.7.33.413886, 0.7.33.423937, 0.7.33.438723, 0.7.33.453913, 0.7.33.363642, 0.7.33.370508, 0.7.33.467523, 0.7.33.192420. Í hópnum sitja framkvæmdastjórar og millistjórnendur félagsins.


⁵¹⁶ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc ID. 0.7.33.68836.

⁵¹⁷ „Nýtt siglingakerfi hjá Eimskip“, Morgunblaðið. 10.01.2008. Aðgengilegt á slóð: <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1184433/>.



- Austurleið: Á þessari nýju siglingaleið voru tvö skip, Lómur og Blikur. Uppgefin flutningsgeta hvors skips fyrir sig var 698 TEU (eldri skip með sömu nöfn voru seld), með viðkomustaðina: Reykjavík, Reyðarfjörður, Þórshöfn, Immingham, Árósar, Gautaborg, Fredrikstad, Þórshöfn og Reykjavík. Um var að ræða tveggja vikna hring hvors skips.
- Norðurleið: Viðkomustöðum á Norðurleið var breytt, viðkomu hætt á Eskifirði og Fredrikstad, og varð siglingaleiðin því: Grundartangi, Reykjavík, Þórshöfn, Rotterdam, Hamborg, Árósar, Þórshöfn og Reykjavík. Um var að ræða tveggja vikna hring hvors skips.
- Suðurleið var óbreytt og var siglingaleiðin: Straumsvík, Reykjavík, Vestmannaeyjar, Immingham, Rotterdam, Immingham og Reykjavík. Um var að ræða tveggja vikna hring hvors skips. Suðurleið hætti viðkomu í Straumsvík í júní 2008 eftir að Eimskip missti flutningana fyrir Alcan.
- Ameríkuleið var óbreytt fram í desember 2008, en þá var annað skipið, Celia, tekið út.

1015. Þessi mynd frá Eimskip sýnir siglingakerfið sem tók gildi í janúar 2008:



1016. Eftir þessar breytingar voru áætlunarskip Eimskips með viðkomu í þremur helstu stóriðjuhöfnum landsins, Grundartanga, Straumsvík og Reyðarfirði en um mitt árið 2008 féll Straumsvík út þegar samningur Eimskips um sjóflutninga fyrir Alcan rann út og var ekki endurnýjaður. Jókst raunhæf flutningsgeta Eimskips milli Íslands og Evrópu um sem nemur Austurleið eða að meðaltali um 520 TEU á viku eða 2.080 TEU á mánuði en fyrir var flutningsgetan um 6.880 TEU á mánuði. Gefur það eitt og sér til kynna að fyrirtækið hafi í upphafi árs 2008 ætlað að blása til sóknar á þessum markaði.
1017. Fram á mitt ár 2008 var Eimskip með átta skip í áætlunarsiglingum til og frá Íslandi. Sex þeirra sinntu siglingum til annarra ríkja í Evrópu og hin tvö Norður-Ameríku siglingum. Skipunum var síðar á árinu fækkað um tvö skip í ágúst 2008 og eitt í desember sama ár, sbr. nánari umfjöllun hér á eftir.



1018. Samanburður á siglingakerfum Eimskips og Samskipa sýnir að siglingaleiðir þeirra voru áþekkar, tíðni siglinga sú sama og viðkomur í sömu meginhöfnum á Íslandi og í Evrópu ásamt viðkomu í Færeyjum. Meginhafnir í Evrópu voru Rotterdam, Immingham og Árósar. Er það sömu hafnir og „short sea“ siglingakerfi fyrirtækjanna í Evrópu tengjast, sbr. umfjöllun síðar.

6.2.3. Önnur skipafélög

1019. Í lok árs 2007 stunduðu Atlantsskip áætlunarsiglingar milli Íslands og hafna annars staðar í Evrópu. Var fyrirtækið með tvö skip í rekstri og bauð upp á vikulegar siglingar. Erlendir viðkomustaðir Atlantsskipa voru Immingham, Rotterdam og Esbjerg.

1020. Á seinni hluta árs 2007 voru þannig þrír keppinautur í áætlunarsiglingum til og frá öðrum Evrópuríkjum. Um mitt ár 2008 hættu Atlantsskip hins vegar rekstri eigin skipa og hurfu alfarið af markaði á árinu 2009, sbr. nánar hér á eftir.

1021. Til viðbótar bauð fyrirtækið BWS upp á vöruflutninga með ferjunni Norrænu milli Seyðisfjarðar, Færeyja og Danmerkur. Var aðallega um að ræða útflutning á sjávarafurðum frá Austur- og Norðurlandi. Einnig bauð Thorship upp tiltekna sjóflutninga til og frá Íslandi, sbr. kafla 3.1.

6.3. Viðskipti við fáa en stóra viðskiptavinum mikilvægust

1022. Sem fyrr segir er það mat Samkeppniseftirlitsins að ólöglegt samráð Samskipa við Eimskip hafi m.a. falist í því að fyrirtækin skiptu á milli sín viðskiptum við mikilvæga viðskiptavinum þeirra. Ljóst er að viðskiptavinir fyrirtækjanna skiptu þúsundum og markaðsskipting sem tæki til allra þeirra væri eins og áður segir flókin og erfið í framkvæmd.

1023. Hér skiptir hins vegar grundvallarmáli að það eru viðskipti við tiltölulega fáa en stóra viðskiptavinum sem skipta langmestu máli fyrir afkomu Eimskips og Samskipa. Markaðsskipting sem tekur til afmarkaðs hóps fárra en stórra viðskiptavina er eðli málsins samkvæmt mun auðveldari í framkvæmd en samskonar aðgerð sem tekur til þúsunda viðskiptavina. Hin ólöglega markaðsskipting Samskipa og Eimskips tók til hinna fáu en mikilvægu viðskiptavina fyrirtækjanna og var því raunhæf og til þess fallin að ná markmiði sínu.

1024. Kemur skýrt fram í gögnum málsins hversu stór hluti veltu fyrirtækjanna stafaði af viðskiptum við fáa en stóra viðskiptavinum. Nefna má hér dæmi.

1025. Þann 18. desember 2007 vistaði (E)forstö-innfl hjá sér skjalið „Viðskiptaáætlun IMP 2008 [...] Final DES.doc“. Um er að ræða áætlun innflutningsdeildar Eimskips fyrir árið 2008. Á bls. 8 eru viðskiptavinir fyrirtækisins greindir með eftirfarandi hætti:

„80 % af veltu í sjóflutningi kemur frá 200 stærstu viðskiptavinunum og er magn- og tekjuáætlun byggð á þeim.

• *A-B-C viðskiptavinagreining byggð á tekjum:*

- o A viðskiptavinir: 72 viðskiptavinir með 60 %*
- o B viðskiptavinir: 180 viðskiptavinir með 24 %*
- o C viðskiptavinir: 329 viðskiptavinir með 10 %*
- o Aðrir : 2.671 viðskiptavinir með 6 %*
- o Samtals 3.252 viðskiptavinir”⁵¹⁸*

⁵¹⁸ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.68836.



1026. Önnur gögn frá Eimskip sýna einnig mikilvægi fárra en stórra viðskiptavina. Í t.d. glærुकynningu fyrirtækisins frá 2. apríl 2009 kemur fram að í innflutningi skili „*Topp 20 viðskiptavinir*“ helmingi af tekjum fyrirtækisins.⁵¹⁹ Sama staða var uppi í innanlandsflutningum. Í glærुकynningu (E)frkvstj-innanl frá 1. október 2009 kemur fram á glæru með heitinu „*Eimskip Innanlands – top 20*“ að „*20 stærstu eru með 79% af veltu*“.⁵²⁰
1027. Í skjali (S)frkvstj-millilandasv frá 14. febrúar 2008 er fjallað um hlutfall tekna Samskipa sem stafi frá stærstu viðskiptavinum fyrirtækisins. Fram kemur í skjalinu að á árunum 1999-2002 hafi tekjur Samskipa af tíu stærstu viðskiptavinum fyrirtækisins numið um 40% af heildar frakttækjum fyrirtækisins á tímabilinu. Tekjur af fimmtíu stærstu viðskiptavinum fyrirtækisins námu um 66% af heildar frakttækjum.⁵²¹
1028. Í glærुकynningu frá Samskipum „*Vinnufundur 16.10.2009*“ er einnig fjallað um mikla þýðingu tiltekinna viðskiptavina í innflutningi. Glærुकynningin var send (S)forstj og eftirfarandi kemur m.a. fram í henni:
- Svonefndir „A“ viðskiptavinir séu 38 talsins og standi að baki 66,4% af tekjum.
 - „B“ viðskiptavinir séu 35 og tekjur af þeim séu 10,4%.
 - Restin af tekjunum stafi frá rúmlega 1800 viðskiptavinum.⁵²²
1029. Önnur gögn sem fundist hafa hjá Samskipum sýna einnig mikilvægi fárra stórra viðskiptavina fyrir rekstur fyrirtækisins. Í glærुकynningu vegna innflutningsdeildar „*Sölustarf innflutningsdeildar 2010 vs 2*“ frá febrúar árið 2010 er eftirfarandi glæra:⁵²³

⁵¹⁹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.523522.

⁵²⁰ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.429489.

⁵²¹ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...]

⁵²² Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.654690, sjá einnig Doc ID. 0.7.34.164816. Glærunr. 7, 8 og 14.

⁵²³ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „*Sölustarf innflutningsdeildar 2010 vs 2*“, glæra 15. Fannst vistað á sameignardrifi Samskipa (Innflutningsdeild/Samskip), dags. 16.02.2010.



Flokkaskipting viðskiptavina

- **A viðskiptavinir**
 - Sjófrakt > 80.000 EUR 2009
 - 21 Samningur + Jónar
 - 38 fyrirtæki
 - 62,2% af sjófrakt
- **B viðskiptavinir**
 - Sjófrakt > 15.000 EUR 2009
 - 68 Samningar
 - 72 fyrirtæki
 - 20,2% af sjófrakt
- **C viðskiptavinir**
 - Sjófrakt > 3.000 EUR 2009
 - 157 fyrirtæki
 - 9,2% af sjófrakt
- **D viðskiptavinir**
 - Restin
- **U viðskiptavinir**
 - Útflutningur
- **Búslóðir**
- **P viðskiptavinir**
 - Viðskiptavinir hjá samkeppnisaðila

samskip¹⁵

1030. Framangreind umfjöllun um stærð viðskiptavina er í samræmi við önnur gögn málsins og sýnir, eðli málsins samkvæmt, að það voru viðskipti við fáa en stóra viðskiptavini sem voru þýðingarmest fyrir bæði Samskip og Eimskip. Samskip hafa að sama skapi staðfest í athugasemdum sínum að verulegt hagræði sé af reglubundnum og umfangsmiklum viðskiptum.⁵²⁴ Af þessu leiddi að það var bæði gerlegt og arðbært fyrir fyrirtækin að ná saman um markaðsskiptingu að þessu leyti.
1031. Í kafla 25.4.1 er fjallað um sjónarmið Samskipa sem tengjast framangreindu. Breyta þau sjónarmið ekki þessari umfjöllun Samkeppniseftirlitsins.

6.4. Þjónusta Eimskips og Samskipa álitin sambærileg

1032. Eimskip og Samskip voru keppinautar í m.a. sjóflutningum til og frá Íslandi. Hér ber að rifja upp að tildrög málsins sem endaði með úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 3/2008 voru að Samskip nýttu sér gremju viðskiptavina Eimskips með verðhækkanirnar og buðu þeim betri kjör með þeim afleiðingum að Eimskip missti viðskiptavini yfir til Samskipa. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 70/2007 kom fram af hálfu Eimskips að fyrirtækið og Samskip störfuðu á tvíkeppnismarkaði þar sem viðskiptavinir litu á þjónustu fyrirtækjanna sem „nána staðgöngupjónustu“. Í úrskurði áfrýjunarnefndar í máli nr. 3/2008 var staðfest að Eimskip væri markaðsráðandi. Þrátt fyrir þetta var í úrskurði nefndarinnar lögð áherslu á getu Samskipa til að keppa við Eimskip. Sagði áfrýjunarnefnd markaðshlutdeild Samskipa „og styrkleiki þess félags að öðru leyti er þó umtalsverður [...]“. Að mati nefndarinnar var það því ekki „vegna ójafnræði milli félaganna að samkeppni þeirra í milli hafi ekki mátt virka þrátt fyrir einhverjar aðgerðir [Eimskips]“.
1033. Samkeppniseftirlitið telur ljóst að sama staða hafi verið á árunum 2008 og áfram á rannsóknartímabilinu. Fólst í þessu að Samskip gátu veitt sambærilega þjónustu og Eimskip og

⁵²⁴ Sjá mgr. 1265 í athugasemdum við AII.



fyrirtækið þannig fært um að veita helsta keppinauti sínum samkeppnislegt aðhald. Hið sama átti auðsýnilega við um Eimskip gagnvart Samskipum.

1034. Samtímagögn staðfesta framangreint. Er hér mikilvægt að líta til þess að gögnin sýna að þjónusta Eimskips og Samskipa í flutningum var álitin sambærileg og skiptikostnaður viðskiptavina lítil þannig að verð skipti miklu máli þegar viðskiptavinir völdu á milli fyrirtækjanna um viðskipti.
1035. Þetta þýðir að væri virk samkeppni milli Eimskips og Samskipa gátu mikilvægir viðskiptavinir hæglega fært sig milli þeirra ef þeir voru óánægðir með viðskiptakjör sín. Ef ekki væri fyrir hendi markaðsskipting ættu flutningafyrirtækin þannig mun erfiðara með að ná fram verðhækkunum gagnvart stórum viðskiptavinum. Þeir færu einfaldlega annað ef reynt væri að ná fram verðhækkunum eða aukinni gjaldtöku gagnvart þeim. Sem fyrr segir gerðist þetta þegar Eimskip reyndi á árunum 2001-2002 að knýja fram hækkun á verði, sbr. áðurnefndan úrskurð áfrýjunarnefndar í máli nr. 3/2008.
1036. Til stuðnings þessu ber að líta til þess að í framangreindri glærुकynningu Samskipa frá september 2006 sagði að siglingakerfi og þar með flutningaþjónusta Samskipa og Eimskips væru að fullu sambærileg. Gögn frá Eimskip sýna hið sama.
1037. Þann 2. júní 2008 sendi nýr forstjóri Eimskips, (E)forstj, tölvupóst til (E)starfsm, yfirmanns hjá Eimskip í Norður-Ameríku. Meðfylgjandi tölvupóstinum var skýrsla fyrir stjórn og nýjan forstjóra Eimskips sem PriceWaterhouse í London (PWC) hafði unnið.⁵²⁵ Lánardrottinn Eimskips, ABN AMRO bankinn, bað PWC um að gera úttekt á Eimskips samstæðunni og var mjög ítarlegri skýrslu skilað í maí 2008.⁵²⁶ Skýrslan er nánar tiltekið dagsett 23. maí 2008 og ber hún það með sér að PWC hafi m.a. skoðað markaðsaðstæður hér á landi og rætt við viðskiptavinum Samskipa og Eimskips. Var öll umfjöllun í skýrslunni borin undir stjórnendur Eimskips.⁵²⁷
1038. Eftirfarandi kemur fram á bls. 47 í skýrslunni í umfjöllun um aðstæður hér á landi:
„There appears to be some price pressure in the market given close competition from Samskip“
1039. Á bls. 60 kemur fram að verð skipti miklu máli þar sem viðskiptavinir gerðu ekki mikinn greinarmun á Samskipum og Eimskip:
„Price is an important purchase criteria as differentiation between competitors is limited
– „Samskip and Eimskip offer the same services and are all about as good as each other – the decision on who to pick is just based on price and capacity and relationship with shipping lines“; Logistic Customer (1), Europe“
„Eimskip is price competitive in the regions we interviewed
– „We are going to stay with Eimskip as long as they are price competitive“; Shipping Customer (2), Iceland
– „In 2007 Eimskip was much cheaper for additional port and trucking services, so we influenced Toyota Europe to give Eimskip the contract“; Shipping Customer (3), Iceland“
1040. Á bls. 62 kemur fram að Eimskip sé álitid mjög sambærilegt fyrirtæki og Samskip og auðvelt sé fyrir viðskiptavinum að færa sig á milli félaganna:

⁵²⁵ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.240179. Skýrslan var fyrst send Eimskip með tölvupósti PWC frá 30.05.2008 til [...], kl. 10:29. Doc. ID. 0.7.33.238149. Sagt að um sé að ræða „final draft of our report.“

⁵²⁶ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc ID. 0.7.33.240179. Viðhengi við tölvupóstin var skýrslan: „Labrador_Full Report_Finalv2.0.pdf“, merkt maí 2008.

⁵²⁷ Í inngangskafli hennar segir: „We have shown a draft of this report to the Group CEO and the Business Unit CEOs. In relation to the accuracy of this report, they have confirmed that, to the best of their knowledge and belief, the Report does not contain any material error of fact, there has been no material omission and it fairly sets out the recent results, state of affairs and prospects of the Group.“



Eimskip is perceived to be very similar to its key competitor, Samskip, and barriers to switching in the “core” shipping business appear to be low

Competitive Positioning

- **Samskip is Eimskip's key competitor and customers perceive both businesses to be broadly similar**
 - “Eimskip are similar to Samskip – it's all down to the people rather than the brand name – at the moment, they're mostly the same. There isn't anything important that Samskip are doing that Eimskip aren't, or vice versa”
Shipping Customer (3), Iceland
 - “There isn't really anything that Eimskip's rivals are offering in terms of service or range that Eimskip aren't doing themselves”
Logistic Customer (1), Europe
- **However, barriers to switching appear low and some customers are happy to switch suppliers if prices or service levels favour a change of suppliers**
 - “For car imports, we moved to Samskip from 2001-04 where Samskip was cheaper than Eimskip. In 2005, Eimskip was cheaper and nowadays there is not much difference”
Shipping Customer (3), Iceland
 - “Competition is very hard in our business, so we'd certainly switch if it saved us money. Doing more business with Samskip would be an option if the price was good”
Shipping Customer (1), Faroe Islands
- **Although some customers are aware of Eimskip's more comprehensive offering, there appears to be limited scope for differentiation**
 - “Eimskip has tried to market its newer services to us; we're not using them at present, and we don't think the Eimskip brand name would make us more likely to buy these services from them. We can buy them from others if need be”
Shipping Customer (4), Iceland

1041. Er framangreint samtímagagn þannig afar skýrt um það að verð á flutningaþjónustu skipti miklu máli þegar viðskiptavinir hér á landi völdu á milli Eimskips og Samskipa. Má þetta einnig skýrlega ráða t.d. af þeirri staðreynd að Aðföng (sem voru umsvifamikill innflytjandi á vörum fyrir m.a. Bónus og önnur fyrirtæki sem tilheyrðu Hagasamstæðunni) var í viðskiptum við Eimskip fram til ársins 2005. Samskip buðu síðan betur og fengu viðskiptin. Í apríl 2008 (áður en aukið samráð Samskipa og Eimskips hófst) bauð Eimskip hins vegar betur og hóf að nýju að sinna flutningum fyrir Aðföng.
1042. Samkvæmt framansögðu gátu stórir viðskiptavinir búið yfir ákveðnum kaupendastyrk og fært viðskipti sín ef þeir töldu að annaðhvort Samskip eða Eimskip gætu boðið betur.⁵²⁸ Þetta var þó háð því að samkeppni ríkti milli Eimskips og Samskipa.
1043. Í aðdraganda og á fyrstu vikum aukins samráðs Eimskips og Samskipa má sjá ummæli í gögnum Samskipa sem endurspegluðu þann styrk sem stórir viðskiptavinir geta haft og áhrif hans á samkeppni:
- Í glærुकynningu Samskipa, sem síðast var vistuð 29. janúar 2008 með heitinu „*Budget 2008 Samskip Iceland*“, kemur eftirfarandi fram í umfjöllun um aðstæður á markaði fyrir sjóflutninga:
 - „**Stable market condition*
 - Same customer portfolio as today*
 - *Rates under pressure in connection with renewal of large import contracts.*”
 - Í svonefndri SWOT greiningu í glærunum var sagt að meðal ógna gagnvart þessari starfsemi Samskipa sé:

⁵²⁸ Ekki er í þessu máli tekin afstaða til þess hvort um hafi verið að ræða það mikinn kaupendastyrk að hann gæti haft áhrif hvort fyrirtæki teldist vera markaðsráðandi eða ekki. Ljóst er að fjölmargir smáir viðskiptavinir skipafélaganna bjuggu ekki yfir neinum eða mjög takmörkuðum kaupendastyrk.



„*Large contracts open for renegotiation next year *Price war.“⁵²⁹

- Þann 25. júní 2008 áttu sér stað tölvupóstsamskipti milli m.a. (S)forstö-innfl1 og (S)frkvstj-innanl þar sem rætt var um hvort óhætt væri að taka upp viðræður við Vífilfell um að þeir greiddu svonefnt olíugjald vegna m.a. landflutninga (hækkun á verði). Vífilfell var afar mikilvægur viðskiptavinur Samskipa og umfangsmikill innflytjandi á vörum til landsins (þriðji stærsti árið 2008 ef Jónar eru taldir með). Sjá má af þessum gögnum að viðkomandi starfsmenn Samskipa væru smeykir um að slík verðhækkun gæti leitt til þess að Vífilfell færi til Eimskips.⁵³⁰ Er þetta til marks um að erfitt gæti verið að hækka verð gagnvart öflugum viðskiptavini. Öðru máli gegnir þegar markaðsskipting ríkir á markaði og a.m.k. takmarkað tillit þarf að taka til viðbragða keppinautarins. Sýna gögnin að eftir því sem leið á árið 2008 jókst sjálfstraust Samskipa verulega um getu fyrirtækisins til þess að ná fram verðhækkunum. Í t.d. september 2008 treysti ofangreindur (S)forstö-innfl1 sér til þess að beina þeim fyrirmælum til undirmanna sinna að sama gjaldi skyldi „troðid“ á mikilvæga viðskiptavini Samskipa, sbr. kafla 8.15.10.

1044. Af framansögðu leiðir að Eimskip og Samskip gátu, að mati fyrirtækjanna sjálfra og markaðarins, boðið sambærilega flutningaþjónustu og að miklu skipti fyrir Eimskip og Samskip að missa ekki stóra viðskiptavini frá sér og að vandasamt væri, ef samkeppni ríkti, að ná fram verðhækkunum gagnvart stórum viðskiptavinum.
1045. Í kafla 25.4.1 er fjallað um sjónarmið Samskipa sem tengjast framangreindu. Breyta þau sjónarmið ekki þessari umfjöllun Samkeppniseftirlitsins.

6.5. Flutningar fyrir Alcoa Fjarðaál og aðrar stóriðjur

1046. Eins og nefnt var hér að framan fólst í því umfangsmikla „Nýtt upphaf“ verkefni, sem hófst sumarið 2008, ólögmeitt samráð um breytingar á siglingakerfum Samskipa og Eimskips með það að markmiði að draga úr flutningsgetu og skapa skilyrði eða stöðu á markaðnum til að viðhalda eða hækka verð. Voru þetta m.a. ólögmeitt viðbrögð við yfirvofandi samdrætti í eftirspurn vegna minni innflutnings síðla árs 2008. Eru þessu lýst með nákvæmum hætti í kafla 7.2 og áfram.
1047. Á hinn bóginn voru aðstæður allt aðrar í útflutningi og mikill vöxtur í kortunum frá árinu 2007, einkanlega vegna aukinnar framleiðslu stóriðjuvera. Skapaði þetta mikla áskorun í rekstri fyrirtækjanna, sérstaklega fyrir Samskip á árinu 2008. Finna þurfti leið til þess annars vegar að draga úr flutningsgetu í innflutningi en um leið verja tekjur af útflutningi fyrir stóriðjur. Ef skipum var fækkað um of (eða skip með minni flutningsgetu tekin inn í stað skipa með meiri flutningsgetu), til að draga úr flutningsgetu í innflutningi og lækka kostnað, gat það leitt til þess að ekki yrði unnt að sinna útflutningi fyrir stóriðju. Gat samráð við keppinaut verið leið til að finna lausn á þessu.
1048. Flutningar fyrir Alcoa Fjarðaál (hér eftir Alcoa), sem hóf starfsemi 2007, höfðu hér mikla þýðingu enda var fyrirtækið umfangsmesti útflytjandi landsins. Rétt er því hér að gefa stutt yfirlit um viðskipti Eimskips og Samskipa við það fyrirtæki:
- Í framhaldi af útboði var í febrúar 2007 gerður samningur til fimm ára um að Eimskip sæi um alla skipaafgreiðslu fyrir Alcoa í Mjóeyrarhöfn í Reyðarfirði, þ.e. lestun og losun á gámaeingum, og var gert ráð fyrir að u.þ.b. 3.500 tonn yrðu flutt daglega um höfnina eða um 1,3 milljónir tonna á ári, en til samanburðar voru þá um tvær milljónir tonna fluttar árlega um Reykjavíkurböfn. Eimskip horfði einnig til þess að skipa upp vörum á Reyðarfirði og dreifa þeim á Austurlandi og Norðurlandi. Til þess að gera þessa nýju möguleika áhugaverða fyrir viðskiptavini í inn- og útflutningi þurfti Eimskip að stilla saman siglingakerfi sín og flutningakerfi innanlands.⁵³¹ Eimskip

⁵²⁹ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Samskip Iceland budget 2008.1.3“. Fannst vistað á sameiginlegu tölvudrifi Samskipa, vistað þann 29.01.2008 kl. 13:15.

⁵³⁰ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.647377.

⁵³¹ „Mjóeyrarhöfn á Reyðarfirði mun veita Sundahöfn harða samkeppni“, 06.02.2007. Morgunblaðið. Aðgengilegt á slóð: <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1128095/>.



hefur síðan annast hafnarþjónustu fyrir Alcoa allt frá gangsetningu álversins árið 2007 og út rannsóknartímabil þessa máls.⁵³²

- Í október 2007 samdi Alcoa við Samskip um að annast flutninga á framleiðslu fyrirtækisins til Evrópu (Rotterdam og annarra hafna á meginlandi Evrópu sem og á austurströnd Bretlands) næstu fimm árin. Þótt upphaflega hafi verið gert ráð fyrir útflutningi til Bandaríkjanna að hluta fór mestur hluti framleiðslunnar á rannsóknartímabilinu á Evrópumarkað. Upphaflega var áætluð framleiðsla álversins 346 þúsund tonn á ári, en með tilkomu álversins var gert ráð fyrir að heildarvöruútflutningur frá Íslandi ykist um tæpan fjórðung í tonnum talið. Fram kom opinberlega að flutningarnir myndu stórauka umsvif Samskipa á Íslandi og var haft eftir (S)forstj, forstjóra Samskipa, að flutningarnir myndu leiða til stækkunar á skipaflota fyrirtækisins.⁵³³
- Í nóvember 2007 undirrituðu Alcoa og Eimskip samning til fimm ára um árlegan innflutning á rafskautum frá Mosjoen í Noregi (180 þús. tonn árlega). Fram kom opinberlega að Eimskip hefði bætt við skipinu „BBC Reydarfjörður“ sem skv. samningi við Alcoa var helgað þessum flutningum. Kom jafnframt fram að Eimskip hefði fest kaup á 850 nýjum sérhönnuðum gámum fyrir flutninga á rafskautum fyrir Alcoa. Við rafgreiningu áls brennur stærstur hluti rafskautanna upp og eftir verða skautleifar. Fram kom að Eimskip myndi sjá um að flytja þær út til endurvinnslu í Noregi. Samkvæmt sömu fréttatilkynningu Eimskips var einnig sagt frá því að fyrirtækið hefði gert samkomulag við Alcoa um útflutning á áli til Bandaríkjanna (40 þús. tonn á ári).⁵³⁴ Í gögnum málsins er á hinn bóginn ekki að finna stoð fyrir því að það samkomulag hafi verið í gildi eða það notað milli fyrirtækjanna.⁵³⁵
- Í janúar 2013 var tilkynnt að Alcoa hefði, að undangengnu útboði, ákveðið að skipta um samstarfsaðila í flutningum á áli og rafskautum milli Íslands og útlanda. Í þessu fólst að samningar um flutningaþjónustu við bæði Samskip og Eimskip féllu úr gildi frá og með 1. mars 2013, en Eimskip hélt áfram samningi um skipaafgreiðslu í Mjóeyrarhöfn. Myndi hollenska félagið CargoW B.V. annast flutning á áli og rafskautum, en það félag er að hluta í eigu íslenska félagsins ThorShip, sem er umboðsaðili hollenska félagsins á Íslandi.⁵³⁶

1049. Flutningar fyrir stóriðju á Grundartanga höfðu hér einnig þýðingu:

- Frá árinu 2008 hafði Eimskip annast flutninga fyrir Norðurál á Grundartanga. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum Eimskips frá mars 2009, um áætlun fyrir það ár, var meginhluti innflutnings Norðuráls súrál, sem flutt var í „bulk“ (heilfarmflutningar) af fyrirtækinu Billiton (um 550 þús. tonn). Eimskip annaðist hins vegar flutninga í gámum, og var gert ráð fyrir um 137 þús. tonnum af rafskautum (anóður) og um 6 þús. tonnum af annarri rekstarvöru eða samtals um 143 þús. tonn. Útflutningur var áætlaður um 275 þús. tonn af áli og um 27,5 þús. tonn af skautleifum og ryki eða samtals um 302,5 þús. tonn, allt flutt í gámum af Eimskip.

⁵³² Var samningurinn endurnýjaður í október 2014, til næstu fimm ára. Sjá „Alcoa Fjarðarál og Eimskip endurnýja samninga um hafnarvinnu“, dags. 23.10.2014. Visir. Aðgengilegt á slóð: <http://www.visir.is/g/2014141029451>.

⁵³³ „Samskip annast álflutninga fyrir Alcoa Fjarðaál“, dags. 14.10.2007. Morgunblaðið. Aðgengilegt á slóð: <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1169906/>.

⁵³⁴ „Alcoa og Eimskip semja um flutninga“, dags. 06.11.2007. Viðskiptablaðið. Aðgengilegt á slóð: <http://www.vb.is/frettir/alcoa-og-eimskip-semja-um-flutninga/23540>. „Alcoa Fjarðaál og Eim-skip semja um flutninga til 5 ára“, dags. 06.11.2007. Morgunblaðið. Aðgengilegt á slóð: https://www.mbl.is/vidskipti/frettir/2007/11/06/alcoa_fjardaal_og_eimskip_semja_um_flutninga_til_5/. „Flytja 1,3 milljónir tonna fyrir Alcoa“, dags. 07.11.2007. Morgunblaðið. Aðgengilegt á slóð: <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1174092/>.

⁵³⁵ Því má bæta við að Alcoa bar við rannsókn málsins að afhenda Samkeppniseftirlitinu alla samninga við Eimskip. Af því tilefni afhenti Alcoa ekki samkomulag við Eimskip vegna álútflutnings til Bandaríkjanna. Afhent gögn Alcoa dags. 31.10.2018. Samanber einnig bréf Samskipa til Samkeppniseftirlitsins 24.11.2017, bls. 3.

⁵³⁶ „Frétt frá Eimskipafélagi Íslands hf“, dags. 31.01.2013. Eimskip. Aðgengilegt á slóð: <http://www.eimskip.is/um-eimskip/frettasafn/frettir/frett-fra-eimskipafelagi-islands-hf/>. „Markaðsfókus: Innlend hlutabréf - Vika 5“, dags. 04.02.2013. Íslandssjóðir. Aðgengilegt á slóð: <https://www.islandssjodir.is/um-islandssjodi/frettir/frett/2013/02/04/MARKADSFOKUS-Innlend-hlutabref-Vika-5/>.



- Samkvæmt sömu gögnum frá Eimskip samdi Elkem í Noregi um flutninga fyrir verksmiðju Elkem (Elkem Ísland) á Grundartanga (sem áður hét Íslenska járnblendifélagið). Innflutningurinn er að mestu leyti í „bulk“. Var á þessum tíma (mars 2009) Nesskip með samning um inn- og útflutning í „bulk“, en Samskip hins vegar með samning um út- og innflutning í gámum. Fyrir árið 2009 var áætlað að innflutningur yrði alls um 413 þús. tonn, þar af um 400 þús. tonn í „bulk“, sem Nesskip flytji, en um 13 þús. tonn í gámum, sem Samskip önnuðust. Þá var áætlað að Samskip myndu flytja út um 20 þús. tonn af kísiljárn, en Nesskip myndu annast útflutning á um 50 þús. tonnum af kísiljárn og um 15 þús. tonn af málmleifum, hvort tveggja flutt út í „bulk“.⁵³⁷

1050. Gögn málsins, sem lýst verður nánar í 8. og 9. kafla, sýna að a.m.k. frá miðju ári 2008 unnu bæði Eimskip og Samskip að undirbúningi á veigamiklum breytingum á siglingakerfum fyrirtækjanna jafnframt því sem stjórnendur fyrirtækjanna sem báru ábyrgð á þeim breytingum áttu tíð samskipti sem gögn málsins benda til að m.a. hafi varðað samstarf tengt siglingakerfum. Útbúin voru skjöl þar sem í raun voru settar fram tillögur um allsherjar skipulag á sjóflutningakerfum fyrirtækjanna. Kortlagt var ferli þar sem keppinautar samræmdu að verulegu leyti siglingakerfi sín, skiptu með sér mörkuðum og reiknuðu ávinning hvors um sig af samráðinu. Gekk skipulagningin svo langt að Samskip lögðu í reynd til að Eimskip legði af tiltekna siglingaleið. Gert var í því sambandi ráð fyrir að fyrirtækin skiptu að vissu leyti með sér höfnum og að svonefndir slot-samningar væru gerðir til þess að fyrirtækin gætu bæði sinnt viðskiptavinum í öllum höfnum. Vegna umfangs Alcoa flutninganna voru skoðuð áhrif þess að Samskip hættu að flytja fyrir Alcoa. Einnig var innan Samskipa ítrekað fjallað um að hækka yrði það verð sem Alcoa greiddi. Var í áætlunum Samskipa margítrekað talað um „Alcoa taktík“ eða „Alcoa strategíu“, án þess að það væri útskýrt, sem og hugsanlegar verðhækkningar og hvenær þær byrjuðu að „tikka inn“.
1051. Í þessum gögnum voru einnig settar fram hugmyndir sem miðuðu að því að öll viðskipti Samskipa á Grundartanga myndu fara til Eimskips, þ.m.t. viðskipti við Elkem Ísland. Þess í stað myndu Samskip fá til sín flutninga Eimskips fyrir t.d. BYKO.
1052. Líkt og fjallað er nánar um í kafla 4.1 er sjálfstæði keppinauta og óvissa fyrirtækja um háttsemi annarra keppinauta grunnstoðir fyrir virkri samkeppni. Heildarmat á gögnum málsins um breytingar á siglingakerfum/siglingaáætlunum Eimskips og Samskipa gefa til kynna að markmið þeirra hafi verið að draga úr flutningsgetu og að fyrirtækin samræmdu og samnýttu siglingakerfi sín þannig að hagkvæmt jafnvægi næðist á milli inn- og útflutnings hjá báðum fyrirtækjunum. Var því markmiði m.a. náð með skiptingu viðskipta eins og í tilviki Alcoa. Eins og nánar verður rökstutt er það mat Samkeppniseftirlitsins að í þessu hafi falist alvarleg brot á 10. gr. samkeppnislaga og 53. gr. EES-samningsins.

6.6. Verð var hækkað á Íslandi en lækkaði á sama tíma annars staðar

1053. Eins og kunnugt er hófst efnahagskreppa á Íslandi haustið 2008. Efnahagsörðugleikar voru einnig umtalsverðir víða annars staðar. Slíkir erfiðleikar draga úr eftirspurn og framleiðslu í hagkerfum og umfangi viðskipta sem hefur bein áhrif á m.a. alla flutningamarkaði.
1054. Þegar eftirspurn eftir flutningum dregst saman má búast við því að á samkeppnismarkaði myndist hvati fyrir keppinauta til þess að lækka verð og ná þannig meira flutningamagni en ella. Efnahagssamdráttur hefur einnig þau áhrif að viðskiptavinir knýja frekar á um verðlækkun.
1055. Ýmsar heimildir sýna að efnahagsörðugleikarnir, sem hófust haustið 2008, höfðu mikil áhrif á erlendum flutningamörkuðum. Gerð er ítarleg grein fyrir þessu í kafla 12.2.5. Rétt er að nefna hér nokkur dæmi:

⁵³⁷ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.126004.



- Í fjölmiðlum birtust fréttir þar sem greint var frá miklum erfiðleikum og verðlækkunum á erlendum flutningamörkuðum:
 - Í lok október 2008 var í frétt Morgunblaðsins vísað til þess að verð erlendis á sjóflutningum hefði „aldrei lækkað jafn mikið“.
 - Í umfjöllun Der Spiegel í desember 2008 var gerð grein fyrir miklum erfiðleikum á sjóflutningamarkaði. Bent var á að verð á t.d. gámaflutningum hefði hrapað. Vorið 2008 hefði flutningur á gámi frá Asíu til Evrópu kostað um 1.600 evrur en skipafélög væru í desember 2008 að bjóða 400 evrur fyrir samskonar flutning. Leiga á gámaskipum hefði lækkað um meira en helming. Í umfjöllun sama fjölmiðils í ágúst 2009 kom fram að fjármálakreppan hefði leitt til afar harðrar verðsamkeppni í gámaflutningum. Stærstu skipafélög heims eins og hið þýska Hapag-Lloyd ættu í erfiðleikum.
 - Í frétt Viðskiptablaðsins, sem birtist 28. janúar 2010, var rætt við **(S)forstj** (forstjóra Samskipa hf.) og **(S)stjórnarm-fjármstj** (fjármálastjóra Samskipa Holding). Þar kom m.a. þetta fram: „Samdrátturinn í flutningastarfsemi hefur verið ótrúlegur frá því heimskreppan dýpkaði skarplega við fall Lehman Brothers og þjóðnýtingu AIG á haustmánuðum 2008. Talið er að samdrátturinn í flutningum milli landa í heiminum hafi verið um 40% að meðaltali í fyrra frá árinu á undan og hafa skipafélög fundið harkalega fyrir því. Rekstrarumhverfi skipafélaga um allan heim er fjandsamlegt í augnablikinu. Leiguverð á skipum hefur lækkað um 50 til 70% víða og nýting á flutningsrými hefur hrapað. Talið er að tap á flutningastarfsemi milli heimsálfa í fyrra hafi verið 20 milljarðar evra, eða um 2.500 milljarðar króna, þegar allt er samantekið. Talið er að mörg ár geti liðið þar til nýting á flutningsleiðum verður ásættanleg á nýjan leik.“
 - Alþjóðastofnanir (t.d. OECD) og fræðimenn hafa fjallað um áhrif fjármálakreppunnar á samkeppni í sjóflutningum á t.d. árunum 2009 – 2011. Er þar einnig lýst verulega aukinni samkeppni, lækkun á verði og erfiðleikum hjá erlendum skipafélögum eftir að fjármálakreppan hófst. Eru sterk orð notuð til þess að lýsa því að samdráttur í eftirspurn og offramboð hafi leitt til afar harðrar verðsamkeppni („bloodbath“/ „cut-throat competition“) þar sem skipafélög lækkuðu verð í því skyni að ná til sín auknum flutningum.
1056. Á m.a. árunum 2008- 2013 voru Samskip með umfangsmikla flutningastarfsemi annars staðar í Evrópu, t.d. í Bretlandi, Þýskalandi, Írlandi og Svíþjóð. Var um að ræða bæði sjó- og landflutninga. Á mánaðarlegum fundum stjórnar Samskipa Holding var fjallað um þessa erlendu starfsemi samstæðunnar. Jafnframt var fjallað um starfsemi Samskipa hér á landi. Leyfa fundargerðir Samskipa Holding því ákveðinn samanburð.
1057. Í kafla 12.2.5 í ákvörðun þessari er gerð grein fyrir fundargerðum Samskipa Holding frá m.a. árinu 2009. Þar kemur skýrt fram að á flutningamörkuðum annars staðar í Evrópu leiddi samdráttur í eftirspurn til afar mikillar verðsamkeppni milli flutningafyrirtækja. Samkvæmt Samskipum Holding voru keppinautar „örvæntingafullir“ og lögðu mikla áherslu á að lækka verð til að ná til sín flutningum. Þurftu Samskip Holding erlendis að lækka verð til mikilvægra viðskiptavina til að vernda markaðshlutdeild sína. Efnahagsörðugleikarnir höfðu einnig þau áhrif að mikilvægir kostnaðarliðir, t.d. skipaleiga og olía, fóru lækandi. Framangreind gögn sýna að þetta hafi leitt til mikillar verðsamkeppni á öðrum flutningamörkuðum í Evrópu. Allt önnur staða var á Íslandi, sbr. nánar hér á eftir.
1058. Ekki þarf að fjölyrða um almenn áhrif efnahagskreppunnar á Íslandi í kjölfar hruns fjármálafyrirtækja í október 2008. Dugar að nefna að áhrifin voru mikil á innflutning til landsins. Samkeppnisefirlitíð aflaði gagna frá sjóflutningsfyrirtækjum um flutning til og frá Íslandi á tímabilinu, sbr. viðauka I. Þar kemur fram að heildarinnflutningar minnkaði um tæp 20% milli árana 2007 og 2008 og rúmlega 40% milli árana 2007 og 2009 en fór síðan hægt vaxandi. Í viðtali við Morgunblaðið 24. júlí 2009 var eftirfarandi haft eftir **(S)forstj**: „Við höfum fundið fyrir verulegum samdrætti í innflutningi, ekki bara hér á landi heldur um allan heim. Það er mikill samdráttur almennt í flutningum á stórum leiðum



á milli Asíu og Evrópu og Evrópu og Bandaríkjanna," segir [(S)forstj] en flutningur á vörum til landsins hefur dregist saman um tæplega 50% frá því fyrir bankahrunið í haust.⁵³⁸ Í glærum sem (S)stjórnarm-fjármstj sendi (S)forstj þann 26. janúar 2010 kom fram að innflutningur til Íslands hafi dregist saman um 45% frá árinu 2007.⁵³⁹

1059. Sé litið til viðbragða Samskipa og Eimskips við samdrætti í innflutningi á árinu 2002 hefði mátt búast við verðsamkeppni Eimskips og Samskipa í kjölfar efnahagshrunsins í október 2008. Samkvæmt þáverandi forstjóra Samskipa á Íslandi átti slíkt sér stað þegar erfiðleikar voru í efnahagslífinu hér á landi á árinu 2002.⁵⁴⁰ Í viðtali við forstjórnann á árinu 2003 kom þetta fram:

„Um markaðshlutdeild Samskipa á Íslandi segir [þáverandi forstjóri Samskipa] að hún sé um 40% í gámaflutningum og svipað í öðrum flutningum. „Við erum klárlega minni aðillinn á Íslandi ennþá". Hann segir að samkeppni á markaðnum hafi verið hörð þar sem innflutningur dróst verulega saman á síðasta ári".⁵⁴¹

1060. Gögn frá Samskipum sýna að í maí 2008 hafi fyrirtækið tekið það til skoðunar að bregðast við fyrirhugðum samdrætti í innflutning með aukinni samkeppni. Var í því samhengi rætt um „herferð" gegn Eimskip, samkeppni myndi ríkja og að einingaverð myndu lækka hér á landi, sbr. kafla 6.7.6.

1061. Öll áform Samskipa um aukna samkeppni gegn Eimskip voru hins vegar lögð til hliðar eftir fund forstjóra og formanna stjórnar Samskipa og Eimskips 6. júní 2008. Á þeim fundi var ákveðið að ráðast „Nýtt upphaf" verkefnið sem fól í sér könnun á ábata þess að fyrirtækin myndu auka samráð sitt, sbr. kafla 7 og áfram.

1062. Gögn málsins sýna að háttsemi og viðbrögð Samskipa og Eimskip við efnahagssamdrætti voru þveröfug hér á landi miðað við það sem fyrir liggur um áhrif fjármálakreppunnar á erlenda flutningamarkaði. Í samtímagögnum Samskipa og Eimskips var lagt til grundvallar að verð hér á landi til viðskiptavina, í m.a. innflutningi, færi ekki lækkandi heldur hækkandi. Ekki kom fram ótti að samkeppni frá helsta keppinautum kæmi í veg fyrir hækkun á verði. Er í kafla 8 og áfram gerð grein fyrir ítrekuðum verðhækkunum Samskipa og Eimskips á flutningaþjónustu sem tók til Íslands.

1063. Sem fyrr segir sýna umræddar fundargerðir Samskipa Holding með áþreifanlegum hætti hvaða áhrif efnahagsörðugleikar höfðu á þá flutningamarkaði þar sem samstæðan starfaði. Flutningamagn fór minnkandi og fyrirtæki á flutningamörkuðum í nágrennaríkjum brugðust við með því að lækka verð og örva eftirspurn. Var jafnvel rætt um örvæntingu í þessu sambandi. Með þessu jókst samkeppni og er því lýst í fundargerðunum að nauðsynlegt hafi verið að lækka verð til þess að missa ekki mikilvæga viðskiptavinum úr viðskiptum. Lýsingin í sömu fundargerðum á aðstæðum og rekstri Samskipa á Íslandi dregur sem fyrr segir fram allt aðra mynd. Í kjölfar bankahrunsins og á tímum mesta samdráttar í efnahagslífinu hér á landi frá kreppunni miklu (og þar með mikilli minnkun í innflutningi) er í fundargerðunum greint frá verðhækkunum og afar góðum tíðindum frá Íslandi („*extremely good results from Iceland*" / „*continous good results from Iceland*") og EBITDA á Íslandi umfram áætlanir. Er þessu lýst ítarlega í kafla 12.2.5.

1064. Ýmis samtímagögn frá (S)forstj staðfesta þetta og sýna mikla ánægju með afkomu Samskipa á Íslandi á árunum 2009-2011. Afkomuáætlun Samskipa á Íslandi fyrir árið 2009 hafi verið

⁵³⁸ Sjá frétt í Morgunblaðinu 24.07.2009, „Tveir fossar til Samskipa". Aðgengileg á slóð: <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1293078/>.

⁵³⁹ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.700270.

⁵⁴⁰ Rætt var um efnahagslegar „hamfarir" á þessum tíma. Sjá; Arnór Sighvatsson, Myndun og hjöðnun viðskiptahalla árin 1998-2002, Peningamál 2003/1, bls. 72. Fjallað um mikinn viðskiptahalla á umræddum árum og eftirköst hans og bent m.a. þá þetta. „Meðal eftirkasta má telja u.þ.b. 30% lækkun á gengi krónunnar frá vormánuðum 2000 til nóvember 2001, aukna verðbólgu, sem varð mest 9,4% í ársbyrjun 2002, og samdrátt þjóðarútgjalda um líklega u.þ.b. 6-7% á árunum 2001-2002. Slíkar hamfarir myndu tæpast nokkurs staðar meðal þróaðra ríkja teljast „mjúk lending", nema e.t.v. á Íslandi."

⁵⁴¹ Sjá frétt í Morgunblaðinu 4.09.2003, „Samskip á siglingu". Aðgengilegt á slóð: <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/749956/>.



„metnaðarfull“ en samt hafi EBITDA framlegð verið „hærri en áætlun gerði ráð fyrir [...]“. Árið 2010 hafi verið „frábært ár - ebitda vel yfir áætlun“ og greiða átti bónus til stjórnenda fyrir „framúrskarandi árangur“. Árið 2011 hafi verið „mjög gott“ og hið sama átti við um árið 2012 að landflutningum undanskildum.

1065. Í máli þessu halda Samskip því hins vegar fram að þessi áhersla fyrirtækjanna á verðhækkanir og góð afkoma fyrirtækisins á Íslandi hafi ekki stafað af ólögmætu samráði. Heldur fyrirtækið því einnig fram að samanburður við erlenda markaður sé ekki tiltækur og ólík þróun á flutningamörkuðum hér á landi og í nágrannaríkjum hafi verið afleiðing af því að fákeppni ríkti á íslenska markaðnum. Ekki er unnt að fallast á þetta. Eins og rökstutt er ítarlega í ákvörðun þessari er það mat Samkeppniseftirlitsins að á rannsóknartímabili þessa máls hafi verið fyrir hendi samfellt ólögmætt samráð Samskipa og Eimskips. Fjallað er um sjónarmið Samskipa um verðhækkanir, afkomu og áhrif fákeppni í kafla 33.

6.7. Verndun „the cash cow“ og önnur atvik fram til 20. maí 2008

1066. Samskip leggja í athugasemdum sínum við rannsóknina áherslu á efnahagshrunið hér á landi haustið 2008. Byggir fyrirtækið jafnframt á því að á fyrri hluta ársins 2008 og fram yfir mitt ár 2008 hafi þegar verið uppi „fordæmalausar aðstæður“ eða „fordæmalaust efnahagsástand“. Er þannig lagt til grundvallar að hinar „fordæmalausar aðstæður“ hér á landi hafi verið við lýði allt árið 2008 og þær verið farnar að hafa áhrif nokkru fyrir hrun bankakerfisins í október 2008.⁵⁴²

1067. Við skýrslutöku hjá lögreglu sagði (S)forstj aðspurður um stöðu Samskipa vorið og sumarið 2008 að eftirspurn hefði „fallið“ á þeim tíma, ekki bara á Íslandi heldur um heim allan.⁵⁴³ Á hinn bóginn kaus (S)frkvstj-millilandasv að tjá sig ekki þegar hann var beðinn segja frá því hvernig aðstæður Samskipa hefðu verið vorið og sumarið 2008. Þegar (S)frkvstj-millilandasv var inntur eftir aðstæðum á flutningamarkaði í byrjun árs 2008 þá sagðist hann ekki muna það hvort þær voru slæmar eða góðar í byrjun árs 2008. Hann mundi þó að aðstæður voru „sannarlega slæmar eftir hrun“ í október 2008.⁵⁴⁴

1068. Í athugasemdum Samskipa við AI er í mgr. 347 og áfram fjallað um atvik á fyrrihluta ársins 2008. Heldur fyrirtækið því fram að Samkeppniseftirlitið geri sér ekki grein fyrir því í hvaða stöðu fyrirtækið hafi verið á þessum tíma. Vísa Samskip til þess að það hafi orðið efnahagshrun haustið 2008 en „sú staðreynd virðist ekki hafa mikla þýðingu hjá Samkeppniseftirlitinu.“ Halda Samskip því fram að fyrirtækið hafi gert sér grein fyrir því í lok ársins 2007 og í byrjun ársins 2008 að efnahagsástandið myndi fara hratt versnandi. Aðgerðir fyrirtækisins skýrist af þessu. Þá er í athugasemdum Samskipa verulega dregið úr þýðingu þess að aðaleigandi fyrirtækisins ((S)aðaleig-stjform-SH) hafi í mars 2008 mælt fyrir um að vernda bæri stöðu Samskipa á Íslandi sem „cash cow“ fyrir Samskipasamstæðuna.

6.7.1. Staðan á fyrri hluta ársins 2008

1069. Í ljósi framangreindra sjónarmiða Samskipa telur Samkeppniseftirlitið nauðsynlegt að fjalla stuttlega um annars vegar stöðuna í íslensku efnahagslífi á fyrrihluta ársins 2008 og hins vegar um stöðu Eimskips og Samskipa á sama tíma.

6.7.1.1. Efnahagsástandið

1070. Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008, er lýst hinni alþjóðlegu fjármálakreppu sem hófst sumarið 2007. Leiddi hún til þess að helstu fjármálamarkaðir urðu því sem næst óstarfhæfir. Þetta hefði komið sérstaklega illa við íslensku bankana. Í desember 2007 gripu seðlabankar Bandaríkjanna, Kanada, Englands, Evrópu og Sviss til

⁵⁴² Sjá hjá mgr. 10, 33, 358, 458, 474, 477, 560, 596, 668, 694, 700 og 784 í athugasemdum Samskipa við AI. Sjá og mgr. 169 og 715-716 í athugasemdir Eimskips við AI.

⁵⁴³ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 8.

⁵⁴⁴ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 6 og bls. 54 – 55.



sameiginlegra aðgerða sem ætlað var að leysa vandamál á fjármagnsmörkuðum. Breska ríkið þjóðnýtti Northern Rock bankann í febrúar 2008 og í mars 2008 lenti fjárfestingabankinn Bear Stearns í lausafjárþurrð. Bandaríska ríkið leiddi hins vegar yfirtöku JP Morgan Chase á bankanum og var þannig komið í veg fyrir gjaldþrot Bear Stearns. Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis segir einnig þetta:

„Fjármálakreppan hafði að mestu verið tengd vanskilum á bandarískum fasteignalánnum og tapi á ýmsum fjármálaafurðum tengdum þeim. Björgun Englandsbanka á Northern Rock bankanum og yfirtaka JP Morgan á Bear Stearns með aðkomu bandaríska ríkisins hafði þó komið í veg fyrir að traust á fjármálamörkuðum glataðist með öllu. Þetta breyttist 15. september 2008 þegar fjárfestingabankinn Lehman Brothers varð gjaldþrota. Traust á milli banka þvarr og vaxtaálag á millibankamarkaði rauk upp úr öllu valdi um allan heim.“⁵⁴⁵

1071. Sökum framangreinds lá fyrir í ársbyrjun 2008 að efnahagshorfur á Íslandi hefðu versnað. Þrátt fyrir þetta gætti á fyrrihluta ársins 2008 vissrar bjartsýni í opinberri umfjöllun um efnahagsmál hér á landi.
1072. Fjármálaráðuneytið birti endurskoðaða þjóðhagsspá fyrir árin 2007-2009 þann 15. janúar 2008. Þar kemur m.a. fram: *„Þrátt fyrir aukinn óróleika á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og lækkun hluta-bréfavæðs frá miðju síðasta ári er áfram gert ráð fyrir hóflegum hagvexti árið 2008, eða 1,4%, þegar hagfelld þróun utanríkisviðskipta yfirstígur áframhaldandi samdrátt innlendrar eftirspurnar. Árið 2009 er útlit fyrir 0,4% hagvöxt, einu og hálfu prósentustigi minna en í haustspá, þegar vöxtur einkaneyslu og fjárfestingar gefur eftir.“⁵⁴⁶*
1073. Fjármálaráðuneytið birti á ný þjóðhagsspá 15. apríl 2008 þar sem fjallað var um framvindu og horfur helstu þátta efnahagsmála á árunum 2008-2010. Kom þar fram að áætlað væri að á árinu 2008 myndu þjóðarútgjöld dragast saman um 2,3% vegna samdráttar í einkaneyslu og íbúðar- og atvinnuvegafjárfestingu. Þá var því spáð að hagvöxtur yrði 0,5% á árinu 2008 m.a. vegna tæplega 70% aukningar í útflutningi áls og samdráttar innflutnings. Aukinn samdráttur í einkaneyslu og íbúðarbyggingum ætti að leiða til þess að hagvöxtur drægist saman um 0,7% árið 2009. Árið 2010 væri gert ráð fyrir að vöxtur einkaneyslu og fjármunamyndunar ásamt áframhaldandi bata í utanríkisviðskiptum myndi knýja hagvöxtinn sem yrði 0,8% það ár. Segir einnig að *„helstu óvissuþættir í þjóðhagsspánni varða ástand á alþjóðlegum fjármálamörkuðum, gengi krónunnar, frekari stóriðjuframkvæmdir og endurnýjun kjarasamninga hins opinbera á þessu ári. Sterk staða ríkissjóðs og lífeyrissjóðakerfisins ásamt sveigjanleika og viðnámsþrótti hagkerfisins gera það vel í stakk búið til að bregðast við núverandi aðstæðum og ná jafnvægi á ný.“⁵⁴⁷* Í umfjöllun Viðskiptablaðsins 15. apríl 2008 um þessa þjóðhagsspá var rætt um að *„bjartsýni“* ríkti í fjármálaráðuneytinu og að ráðuneytið teldi horfur mun betri en fram hefði komið í spá Seðlabanka Íslands sem birt var fyrir í apríl 2008.⁵⁴⁸
1074. Seðlabanki Íslands greindi opinberlega frá álitum sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins frá 4. júlí 2008. Í því sagði: *„Íslenska hagkerfið er auðugt og sveigjanlegt. Tekjur á mann eru meðal þeirra hæstu og tekjuójöfnuður einna minnstur í heiminum. Vinnu- og framleiðslumarkaðir eru opnir og sveigjanlegir. Stofnanir og umgjörð stefnumótunar eru öflugar og skuldir hins opinbera eru mjög litlar. Eftirtektarverð stjórnun á náttúruauðlindum landsins hefur gert Íslandi kleift að auka fjölbreytni*

⁵⁴⁵ Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis, „Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir“, bindi 1, 2. og 4. kafli. Aðgengilegt á slóð: <https://www.rna.is/eldri-nefndir/addragandi-og-orsakir-falls-islensku-bankanna-2008/skyrsla-nefndarinnar/>.

⁵⁴⁶ „Þjóðarbúskapurinn - Vetrarskýrsla 2008“, 15. janúar 2008. Fjármálaráðuneytið. Aðgengilegt á slóð: stjornarradid.is/media/fjarmalaraduneyti-media/media/thjodarbúskapurinn/tjodarbúskapurinn_-_vetrarskyrsla_2008.pdf.

⁵⁴⁷ „Ný þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins“, 15. apríl 2008. Fjármálaráðuneytið. Aðgengilegt á slóð: stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2008/04/15/Ny-thjodhagsspa-fjarmalaraduneytisins/

⁵⁴⁸ „Bjartsýni í fjármálaráðuneytinu“, 15. apríl 2008. Viðskiptablaðið. Aðgengilegt á slóð: vb.is/frettir/bjartsyni-i-fjarmalarauneytinu/19036t.



*hagkerfisins og stuðla að sjálfbærni. Í ljósi þessa eru langtímahorfur íslenska hagkerfisins öfundsverðar.*⁵⁴⁹ Alvarleg viðvörunarorð komu hins vegar fram síðar í júlí 2008.

1075. Þann 24. júlí 2008 gaf fjárfestingarbankinn Merrill Lynch út greiningu á íslenskum bönkum. Var þar lýst verulegum áhyggjum af stöðu íslensku bankanna og getu íslenska ríkisins til að bjarga þeim. Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis er lýst viðbrögðum hér á landi við þessari greiningu: „*Ekki fór hátt um viðbrögð íslenskra ráðamanna við þessum ráðleggingum og bollaleggingum utan menntamálaráðherra sem taldi allt tal um þjóðnýtingu svo fráleitt að réttast væri að bjóða greinandanum upp á endurmenntun.*”⁵⁵⁰
1076. Staða íslensks hagkerfis fram að hruni bankakerfisins í október 2008 var eðli málsins samkvæmt grafalvarleg. Hinni raunverulegu stöðu var hins vegar haldið leyndri í aðdraganda þess. Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis voru stjórnvöld gagnrýnd fyrir ómarkvissar aðgerðir í aðdraganda hrunsins. Hefðu þau um of einblínt á að „*bæta ímynd íslenska bankakerfisins með þátttöku í opinberri umræðu.*”⁵⁵¹
1077. Af öllu framangreindu leiðir að á fyrri hluta ársins 2008 var eðlilegt að Eimskip, Samskip og önnur íslensk fyrirtæki byggju sig undir samdrátt og minnkandi eftirspurn í efnahagslífinu.⁵⁵² Ekkert hafði hins vegar komið fram af hálfu opinberra aðila á þessum tíma sem gaf til kynna þær efnahagslegu hamfarir sem hófust haustið 2008.
1078. Samskip geta því ekki með einföldum hætti vísað til hrunsins haustið 2008 þegar fyrirtækið skýrir aðgerðir sem það greip til fram að þeim tíma. Hins vegar voru fyrir hendi tengsl milli Samskipa og Kaupþings banka sem kunna að hafa leitt til þess að það fyrirtækið hafi búið yfir meiri upplýsingum um stöðu mála en almennt lágu fyrir. Þá var fjárhagsstaða Eimskips mjög erfið á þessum tíma og aðaleigandi Samskipa í þröngri stöðu. Samskip á Íslandi voru hins vegar í góðri stöðu á þessum tíma, sbr. ummæli (S) [aðaleig-stjform-SH](#) 18. mars 2008. Er stöðu Eimskips og Samskipa á þessum tíma lýst nánar hér á eftir.

6.7.1.2. Eimskip

1079. Á árinu 2005 keypti Avion Group alla hluti í Eimskip, sbr. umfjöllun á bls. 318 og áfram í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 70/2007, *Misnotkun Hf. Eimskipafélags Íslands á markaðsráðandi stöðu sinni*. Með kaupunum varð Avion Group stærsta flutningafyrirtæki á Íslandi með áætlaða veltu yfir 120 milljarða kr., 6.500 starfsmenn og 110 skrifstofur staðsettar í öllum byggðum heimsálfum. Avion Group var skráð í Kauphöll Íslands í janúar 2006 og eftirspurn eftir bréfum var mikil. Í kjölfarið hófst útrás Eimskips af fullum þunga. Gögnin sýna að framtíðarsýn Eimskips á þessum tíma var að viðhalda leiðandi forystu á markaði sem flutningafyrirtæki á Norður-Atlantshafi og að nýta sér þá stöðu til frekari vaxtar, sbr. kafli 6.2.2 hér að framan.
1080. Eins og fram kom í umfjöllun um siglingakerfi Eimskips var fyrirtækið í sóknarhug í árslok 2007. Eimskip taldi þannig ástæðu til að bæta við skipum, bæta við nýrri siglingaleið og auka flutningsgetu fyrirtækisins í byrjun janúar 2008. Í áðurnefndu skjali (E) [forstö-innfl](#) frá 18. desember 2007 var rætt um að þessi breyting gæfi Eimskip tækifæri til að horfa til sóknar og auka markaðshlutdeild fyrirtækisins.

⁵⁴⁹ Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis, „*Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*”, bindi 1, kafli 4.3.7.

⁵⁵⁰ Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis, „*Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*”, bindi 1, 2. kafli og kafli 4.2.3.

⁵⁵¹ Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis, „*Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*”, bindi 1, 2. kafli. Sjá einnig bindi 7, kafla 21.

⁵⁵² Ekki var það þó einhlítt, sbr. spá fjármálaráðuneytisins 15.04.2008 um 70% aukningu á útflutningi á áli frá Íslandi. Sá útflutningur fór ekki síst fram með skipum Eimskips og Samskipa.



1081. Á sama tíma voru komnir umrótatímar hjá Eimskip. Fyrirtækið hafði vaxið gríðarlega og stóð í miklum breytingum á starfsemi sinni og fjárhagsstaða fyrirtækisins var erfið.
1082. Þann 2. janúar 2008 var í fjölmiðlum fjallað um fréttatilkynningu frá Eimskip. Þar kom fram að fyrirtækið hefði „nú losað sig endanlega út úr flugtengdum rekstri“ og mundu stjórnendur Eimskips „einbeita sér að meginstarfsemi félagsins sem eru flutningar og rekstur á kæli- og frystigeymslum. Eimskip hefur vaxið mjög hratt og hefur tífaldað umsvif sín á þremur árum.“⁵⁵³
1083. Í lok janúar 2008 var í fjölmiðlum fjallað um ársuppgjör Eimskips fyrir árið 2007. Kom fram að tap hefði verið af rekstri fyrirtækisins á árinu 2007 sem hefði numið 9,1 milljón evra. Það hefði svarað til um 865 milljóna íslenskra króna tapi miðað við gengi á þeim tíma. Var til samanburðar rífað upp að hagnaður Eimskips á ársinu 2006 hefði numið 64 milljónum evra.⁵⁵⁴
1084. Það er mat Samkeppniseftirlitsins að fjárhagslegir erfiðleikar Eimskips hafi ekki tengst flutningastarfsemi Eimskips hér á landi heldur stafað af miklum skuldum vegna fjárfestinga erlendis.⁵⁵⁵ Þannig sýna fundargerðir stjórnar Eimskips að í byrjun árs 2008 hefðu verið komnar fram sterkar vísbendingar um afar erfiða fjárhags- og lausafjárstöðu Eimskipssamstæðunnar og þá sérstaklega sem varðaði erlendan rekstur og fjármögnun frysti- og kæligeymslna í Norður-Ameríku og Evrópu sem og vandamál varðandi ábyrgðir sem tengdust flugrekstri. Vegna þessarar stöðu þurfti Eimskip fjármagn frá rekstrinum á Íslandi. Ársreikningur Eimskips fyrir árið er í samræmi við framangreint, þ.e. erfið staða fyrirtækisins átti ekki rætur að rekja til flutningastarfseminnar hér á landi, heldur taps vegna lokunar á hluta af starfsemi erlendis, mikil gengistaps og afskrifta.
1085. Þáverandi forstjóri Eimskips ((E)forstj-fyrirv) lét óvænt af störfum í febrúar 2008⁵⁵⁶ og stuttu áður hafði stjórnarformaður fyrirtækisins (kjölfestufjársfestir í Eimskip) hætt.⁵⁵⁷ Hafði (E)stjform tekið við sem stjórnarformaður í árslok 2007.
1086. Á þessum tíma hvíldu einnig miklar ábyrgðir á Eimskip. Ábyrgð á 280 milljóna dala láni (þá 18,5 milljarðar íslenskra króna) vegna flugfélagsins XL Leisure Group var t.a.m. á gjalddaga 5. mars 2008. Þann 4. mars 2008 var tilkynnt að Eimskip hefði í ljósi markaðsaðstæðna framlengt umrædda lánsábyrgð um 60 daga eða fram í maí sama ár. Aftur var í maí sama ár tilkynnt að ábyrgðin væri ennþá í gildi og lánið gjaldfallið.⁵⁵⁸

⁵⁵³ „Eimskip losar sig við flugrekstur“, 2. janúar 2008. Morgunblaðið. Aðgengilegt á slóð: mbl.is/greinasafn/grein/1183190/.

⁵⁵⁴ „Þreföldun veltu milli ára“, 31. janúar 2008. Viðskiptablaðið. Aðgengilegt á slóð: mbl.is/greinasafn/grein/1189311/.

⁵⁵⁵ Samkeppniseftirlitið byggir þetta mat á eftirfarandi gögn sem Eimskip afhenti Samkeppniseftirlitinu 1.12.2016:

1. Afrit af fundargerð stjórnar Hf. Eimskipafélags Íslands 7.01.2008 og afrit af glærुकynningu „Hf. Eimskipafélag Íslands – Budget 2008“.
2. Afrit af fundargerð stjórnar Hf. Eimskipafélags Íslands 7.04.2008, sbr. einnig fréttatilkynning Eimskips frá 5. mars 2008.
3. Afrit af fundargerð stjórnar Hf. Eimskipafélags Íslands 28.04.2008.
4. Afrit af fundargerð stjórnar Hf. Eimskipafélags Íslands 21.05.2008 og afrit af glærुकynningu „Hf. Eimskipafélag Íslands Stjórnarfundur 21. maí 2008 Sundakletti, Reykjavík“.
5. Afrit af fundargerð stjórnar Hf. Eimskipafélags Íslands 8.01.2009 og afrit af glærुकynningu „Hf. Eimskipafélag Íslands Stjórnarfundur 8.01.2009 (Ísland – rekstur)“.
6. Afrit af fundargerð stjórnar Hf. Eimskipafélags Íslands 27.02.2009 og afrit af glærुकynningu „Hf. Eimskipafélag Íslands Stjórnarfundur 27.02.2009 (Uppgjör Q1 (draft))“.
7. Afrit af fundargerð stjórnar Hf. Eimskipafélags Íslands 26.03.2009.
8. Afrit af fundargerð stjórnar Hf. Eimskipafélags Íslands 30.06.2009 og afrit af glærुकynningu „Ársuppgjör annars ársfjórðungs (Magnmælikvarðar)“.

⁵⁵⁶ Sjá frétt á mbl.is þann 22.02.2008. Greint er frá því að [...] hafi deginum áður látið af störfum sem forstjóri Eimskips. Einnig kemur fram að „[...]og [...], fyrrum stjórnarformaður, hafa leitt miklar breytingar innan félagsins. Í hálfimmfréttum Kaupþings er sagt óvænt og óheppilegt að báðir láti af störfum með svo skömmu millibili „áður en skipið er komið í höfn“. Aðgengilegt á slóð: mbl.is/greinasafn/grein/1194764/.

⁵⁵⁷ Sjá frétt á visir.is þann 20.12.2007: „[...] stjórnarformaður Eimskipafélags Íslands sagði sig í dag úr stjórn félagsins á stjórnarfundum og lætur þegar af stjórnarsetu að eigin ósk. [...] er annar af tveimur kjölfestufjársfestum félagsins. [...] [...] var kjörinn nýr stjórnarformaður félagsins á sama fundi. Ný stjórn félagsins verður kosin á næsta aðalfundi félagsins sem haldinn verður fyrir lok febrúar 2008.“ Aðgengilegt á slóð: visir.is/g/200771220082/[...]–ur–stjorn–eimskips

⁵⁵⁸ Tilkynning Eimskip til Kauphallar 04.03.2008 og 07.05.2008. Sjá einnig www.visir.is „Lánsábyrgð Eimskip enn í gildi“, dags. 07.05.2008, aðgengileg hér: <https://www.visir.is/g/20081203107d>.



1087. Í fundargerðum stjórnar Eimskips 7. og 28. apríl 2008 er áfram lýst mjög þröngri lausafjárstöðu og að mikilvægt sé að áætlanir varðandi fjárstreymi og m.a. sölu eigna standist. Er sagt að þessi þrönga staða „*skýrist einkum af skuldsetningu félagsins vegna fjárfestinga á síðasta ári*“, sbr. fundargerð frá stjórnarfundum Eimskips 28. apríl 2008. Fram hefur komið að Eimskip hafi tapað 101 milljón evra á öðrum ársfjórðungi 2008 og þannig ljóst að fyrirtækið væri í talsverðum vandræðum á fyrstu mánuðum ársins 2008.
1088. Nýr forstjóri Eimskips ((E)forstj) hóf störf 20. maí 2008. Segir Eimskip að þá hafi beðið hans gífurlega umfangsmikil verkefni í þeim „*lífróðri*“ sem fyrirtækið réri á þessum tíma, sbr. mgr. 172 í athugasemdum við AI. (E)forstj sat fyrsta stjórnarfund hjá Eimskip 21. maí 2008 og í glærukynningu hans var fjallað um úttekt sem PriceWaterhouse (PwC) í London hafði verið að vinna fyrir lánadrottinn Eimskips (ABN Amro bankann).⁵⁵⁹ Kemur þar fram að samkvæmt PwC séu: „*Flestar einingar í góðum rekstri utan Innovate, en gert er ráð fyrir að félagið muni eiga í erfiðleikum með að halda EBITDA áætlun 2008.*“
1089. Að mati Samkeppniseftirlitsins er ljóst af þessum gögnum og umfjöllun stjórnar á þessum tíma að fjárhagsstaða Eimskips var mjög alvarleg. Af gögnum málsins verður hins vegar ekki annað ráðið en að kjarnarekstur fyrirtækisins sem tengdist flutningastarfsemi á Íslandi og til og frá landinu hafi gengið ágætlega. Með öðrum orðum áttu fjárhagsörðugleikar Eimskips að litlu leyti rót sína að rekja til sjóflutninga Eimskips til og frá Íslandi eða landflutninga hér á landi heldur fyrst og fremst til þess að gríðarlegar fjárfestingar fyrirtækisins erlendis höfðu reynst því ofviða. Er þetta í samræmi við framburð (E)forstj. Lýsti (E)forstj við skýrslutöku hjá lögreglu miklum fjárhagslegum erfiðleikum Eimskips þegar hann hóf störf sem forstjóri í maí 2008. Hins vegar tók hann fram að árið 2008 hefði ekki verið „*slæmt ár hvað varðar rekstur og aftur þess vegna var áherslan hjá mér var raunar ekkert að hafa miklar áhyggjur af rekstrinum heldur af þessum skuldamálum.*“⁵⁶⁰
1090. Þrátt fyrir að flutningastarfsemi hér landi hafi gengið ágætlega var hins vegar mikil fjárförf vegna rekstrar erlendis, sérstaklega Innovate, og mikillar skuldsetningar vegna Versacold & Atlas, og fyrirliggjandi ábyrgða. Í þessu sambandi er vísað til glærukynningar um rekstraráætlun fyrir árið 2008 sem var kynnt á stjórnarfundum Eimskips 7. janúar 2008. Er þar áætluð EBITDA 187 milljónir EUR og að reksturinn á Íslandi skili um 62 milljónum evra af þeirri fjárhæð. Á þá mögulega eftir að millifæra á reksturinn á Íslandi hlut hans í 19 milljónum evra neikvæðri EBITDU aðalskrifstofu fyrirtækisins (e. Corporate office). Sést af þessu að Eimskip á Íslandi var hlutfallslega í samstæðunni ætlað að skila ágætri afkomu á árinu 2008. Gögn málsins bera með sér að þetta átti eftir að raungerast á árinu 2008. Í uppgjöri fyrir árið 2008 kemur fram að rekstur á Íslandi hafi skilað jákvæðri EBITDA sem nam 3.568 milljónum ISK.⁵⁶¹
1091. Að mati Samkeppniseftirlitsins var það því mikilvægt fyrir Eimskip, ef ekki átti enn verr að fara árið 2008, að stuðla að arðsömum rekstri m.a. á Íslandi. Á meðan stjórnendur fyrirtækisins þurftu að beina kröftum sínum að þessum vanda sem aðallega fólst í endurfjármögnun fyrirtækisins var ákjósanlegt og til hjálpar að sem mestur friður ríkti um flutningastarfsemi fyrirtækisins á Íslandi.

6.7.1.3. Samskip

1092. Í janúar 2008 hafði tekið gildi nýtt skipulag hjá Samskipum. Fram á árið 2007 hafði Samskip hf. verið móðurfélag Samskipasamstæðunnar. Eftir það varð félag skráð í Hollandi, Samskip Holding, móðurfélag samstæðunnar. Samskip hf. varð þá dótturfélag Samskipa Holding. Nánar tiltekið voru Samskip hf. 99,9% í eigu Samskipa Holding BV.
1093. Af gögnum málsins verður ráðið að Samskip Holding stóð frammi fyrir fjárhagslegum áskorunum í kjölfar þess að það þrengdi að lánamörkuðum á seinni hluta ársins 2007. Þannig var afkoma

⁵⁵⁹ Fjallað er um þessa skýrslu í kafla 6.4.

⁵⁶⁰ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 6 og 20.

⁵⁶¹ Afhent 01.12.2016 afrit af fundargerð stjórnar Hf. Eimskipafélags Íslands 8.01.2009 og afrit af glærukynningu „Hf. Eimskipafélag Íslands Stjórnarfundur 8.01.2009 (Ísland – rekstur)“.



samstæðunnar undir væntingum á fyrstu mánuðum ársins 2008 þótt starfsemi Samskipa hf. á Íslandi gengi mjög vel og skilaði góðri afkomu. Þetta má meðal annars ráða af fundargerð fundar framkvæmdastjórnar Samskipa Holding sem haldinn var 18. mars 2008 („*Samskip Management Meeting*“).

1094. Í fundargerðinni kemur fram að **(S)aðaleig-stjform-SH** og **(S)stjórnarm-fjármstj** hafi upplýst aðra fundarmenn um framgang viðræðna Samskipa Holding við helsta lánveitanda samstæðunnar, þ.e. hollenska bankann Fortis. Hafi Fortis beint því til Samskipa Holding að grípa til vissra aðgerða en fyrirtækið sett fram gagnþillögur sem felist meðal annars í því að Samskip leggi fram auknar tryggingar fyrir lánveitingum bankans. Í fundargerðinni er eftirfarandi fært til bókar af þessu tilefni:

„Fortis has mentioned that due to past performance and track record that they are not able to trust or rely on 2008 budget for Samskip. It is understandable and as such but it puts Samskip in weaker position towards Fortis.

Samskip is currently borrowing from Fortis €40 million. Samskip proposes to pay down this debt by €10 million during the year 2008. This will come from the positive cash generated by the Group and therefore proposed to be paid in the latter half of 2008. Equity will be increased by €13 million by Samskip shareholders, all of that will be used to support the working capital of the Group and not used for instance to reduce the loans with Fortis. MCL⁵⁶² receivables are expected to be factored to Fortis. This gives better security for the bank. Factoring has both positive and less positive impact. One of the positives is that due to the fact that invoices which are more than 90 days overdue will not be factorable it becomes more visible/urgent how much cash we are having there. Today this is €7 million in MCL alone! Less positive is extra administration around this process.

The above is still being discussed with Fortis and can still change as they have to get approval from their credit committee. Overall feeling is though more positive that this can be ground for ongoing partnership between Fortis and Samskip.”⁵⁶³

1095. Eins og fram kemur í fundargerðinni áttu Samskip Holding á þessum tíma í viðræðum við Fortis vegna lánveitinga bankans til félagsins sem námu þá 40 milljónum evra. Í fundargerðinni kemur ekki fram hvort bankinn hafi farið fram á að Samskip Holding endurgreiði lánið eða leggi fram auknar tryggingar en allt að einu segir að félagið hafi boðist til þess að greiða niður lánið sem nemur 10 milljónum evra á árinu 2008, að styrkja lausafjárstöðu sína með því að gefa út nýtt hlutafé fyrir 13 milljónir evra og að setja bankanum að veði viðskiptakröfur MCL.
1096. Með hliðsjón af framansögðu er engum blöðum um það að fletta að bæði stjórnendur Samskipa Holding og **(S)aðaleig-stjform-SH** sem aðaleigandi félagsins voru undir miklum þrýstingi frá lánveitanda félagsins. Meðal annars af þessum sökum lagði **(S)aðaleig-stjform-SH** þunga áherslu á að stjórnendur í samstæðunni gripu til aðgerða til að bæta rekstrarafkomu hennar. Þrátt fyrir það gekk rekstur Samskipa hf. á Íslandi mjög vel. Í þessu sambandi vísast einnig til umfjöllunar um stöðu Samskipa Holding gagnvart bankanum á stjórnarfundum samstæðunnar 14. júlí og 4. nóvember 2008, sbr. kafla 8.10.1 og 10.4.3.
1097. Í þessu sambandi verður jafnframt að hafa í huga að afar þýðingarmikið var fyrir **(S)aðaleig-stjform-SH**, sem næststærsta hluthafa Kaupþings banka hf., að á honum sæjust engin veikleikamerki en hætt var við að það hefði neikvæð áhrif á stöðu hans ef það spyrðist út að rekstarfélag í hans eigu ætti í erfiðleikum með að standa við skuldbindingar sínar gagnvart lánardrottnum. Málsatvik sem eiga sér stað sama dag og rætt var um kröfur Fortis til Samskipa Holding (þ.e. 18. mars 2008) vekja athygli í þessu sambandi. Þau atvik tengjast áður nefndum **(S)aðaleig-stjform-SH**, **(S)stjform-S** og

⁵⁶² Samskip MCL (Multimodal Container Logistics). Þessi eining Samskipa annaðist m.a. gámaflutninga í Evrópu.

⁵⁶³ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.447022.



(S)stjórnarm-fjármstj og er þeim lýst nánar á eftir. Hafa ber í huga að umræddir aðilar sátu einnig í stjórn Samskipa hf. á árinu 2008:

- (S)aðaleig-stjform-SH sat í stjórn Samskipa hf. Hann var aðaleigandi Samskipasamstæðunnar og formaður stjórnar Samskipa Holding. Fjárfestingarfélagið Kjalur var í eigu (S)aðaleig-stjform-SH og í gegnum það var hann næst stærsti hluthafi í Kaupþing banka.⁵⁶⁴ (S)aðaleig-stjform-SH var stjórnarformaður Eglu hf. sem var dótturfélag Kjalur.⁵⁶⁵
- (S)stjform-S sat einnig í stjórn Samskipa hf. og var formaður stjórnar. Hann var einnig framkvæmdastjóri umræddra fjárfestingarféлага (S)aðaleig-stjform-SH, þ.e. Kjalur og Eglu. Auk þessa sat (S)stjform-S á þessum tíma í stjórn annars vegar Samskipa Holding og hins vegar Kaupþing banka.
- (S)stjórnarm-fjármstj sat einnig í stjórn Samskipa hf. Hann var jafnframt fjármálastjóri Samskipa Holding.

1098. Forstjóri Samskipa hf. ((S)forstj) sat fundi stjórnar Samskipa hf. og ritaði fundargerðir. (S)forstj sat í stjórn Kjalur og Eglu. Að jafnaði sat hann stjórnarfundum Samskipa Holding.

1099. Samkvæmt framansögðu voru tengsl á milli Kaupþing banka og Samskipa. Í mgr. 501 í athugasemdum Eimskips við AI er vísað til tengsla og „áhrifa aðaleigenda Samskipa innan íslensks bankakerfis“. Segir Eimskip að þetta geti skýrt þá staðreynd að strax í janúar/febrúar 2008 hafi Samskip verið byrjuð að búa sig undir versnandi efnahagshorfur.

1100. Í þessu samhengi er rétt að horfa til skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008. Þar er greint frá fundi samráðshóps stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað þann 10. janúar 2008. Þar hafi komið fram áhyggjur fundarmanna af m.a. veikri stöðu stórra hluthafa í bönkunum. Þáverandi forstjóri fjármálaeftirlitsins hafi á fundinum gert grein fyrir veðköllum og tryggingaþekju í bankakerfinu. Ljóst er að (S)aðaleig-stjform-SH (í gegnum tengd félög) var einn af þessum stóru hluthöfum sem fundarmenn höfðu áhyggjur af.

1101. Einnig er í skýrslunni gerð grein fyrir fundi m.a. forsætisráðherra með bankastjórn Seðlabankans 7. febrúar 2008 þar sem formaður bankastjórnar hafi dregið upp mjög dökka mynd af stöðu og framtíðarhorfum íslensku bankanna. Þá er því lýst í skýrslunni að forsætisráðherra hefði á þessum tíma átt allmarga fundum með helstu fyrirsvarsmönnum bankanna.⁵⁶⁶

1102. Sem fyrr segir hélt Kjalur utan um eignir og fjárfestingar (S)aðaleig-stjform-SH.⁵⁶⁷ Í kafla 8.8.2.3 í bindi 2 í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis segir um eignarhlut fjárfestingarfélags hans í Kaupþing banka: „[(S)aðaleig-stjform-SH] var næststærsti hluthafi í Kaupþing banka í gegnum félög sín Eglu hf. og Kjalur hf. frá því að Búnaðarbankinn sameinaðist Kaupþing. Nánar tiltekið átti [(S)aðaleig-stjform-SH] yfir 90% af hlutafé Kjalur sem átti svo 99,9% hlutafjár Eglu. Fram á árið 2006 var

⁵⁶⁴ Einnig í gegnum Eglu hf. Síðar Kjalur Invest og Eglu Invest, bæði skráð í Hollandi. Þann 15. júní 2007 birtist grein á mbl.is um að eign Kjalur og Eglu í Kaupþing væru að færast yfir hollensku félögin. Í greininni segir sömuleiðis: „Eftir yfirfærsluna verður hið nýja félag skráður eigandi bréfanna í hlutaskrá Kaupþing banka hf. í stað Kjalur Invest B.V. og Eglu hf. Raunverulegt eignarhald á bréfunum mun hins vegar ekki hafa breyst þar sem hið nýja félag er í eigu sömu aðila“ Sjá:

mbl.is/vidskipti/frettir/2007/06/15/kjalur_og_eglu_flytja_hlutabref_i_kaupthingi_i_nytt/.

⁵⁶⁵ Samkvæmt ársreikningi Eglu hf. fyrir árið 2007 (frá mars 2008) samanstóð samstæða Eglu af móðurfélaginu Eglu hf. og dótturfélaginu Kjalur Holding B.V. sem er 100% í eigu Eglu hf.

⁵⁶⁶ Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis, Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir, bindi 6 kafla 19.5.

⁵⁶⁷ Hlutverk Kjalur var mikilvægt að þessu leyti, sbr. þessa lýsingu sem fram kemur í ársreikningi Kjalur hf. fyrir árið 2008: „Bankahrúnið 2008 markar djúp spor í rekstrar- og efnahagsreikningi Kjalur hf. fyrir það ár. Kjalur hf. er eignarhaldsfélag sem hluti á í öðrum félögum, sem með dóttur- og hlutdeildarfélögum mynda samstæðu þess. Stærsti einstaki eignarhlutur samstæðu félagsins, og sá sem verðmætast var, varð einskis virði á einni nóttu þegar starfsemi Kaupþing banka hf. var yfirtekin af Fjármálaeftirlitinu og hlutafé hans urðu verðlaus. Eigna- og skuldstýring var skipuleg og heilðræn hjá Kjalur hf. Leitast var við að vista eignarhald hluta í öðrum félögum, þegar um stórar stöður var að ræða, í sjálfstæðum dótturfélögum og tilheyrandi fjármögnun láttin haldast í hendur á sama stað. Hins vegar var haldið utan um áhættu vegna lánastýringar í móðurfélaginu sjálfu. Í sumum tilvikum bar móðurfélagið einnig ábyrgð á skuldum dóttur- og eða dótturdótturféлага sinna“.



Kauppingshlutur þessarar samstæðu í Eglu. Síðla þess árs var eignarhluturinn fluttur í dótturfélag í Hollandi, Kjarar Invest BV, þar sem hann var fram á sumar 2007.

Í júní 2007 var leitað til Citibank til þess að fjármagna Kauppingshlutinn. Það gekk eftir, hluturinn var fluttur í annað hollenskt félag, Eglu Invest BV, sem fékk lán frá Citibank sem nam 60% af markaðsvirði hlutabréfanna. Lánið var með veði í þessum hlutabréfum Kauppinga, sem voru eina eign Eglu Invest, og veðkall var ef markaðsvirði bréfanna félli niður fyrir 70% af upphæð lánsins. Lánið var að stórum hluta notað til þess að greiða niður lán Kjalara og Eglu við íslensku bankana, sérstaklega við Landsbankann og Kaupping.

1103. Í kafla 8.8.3.2 í bindi 2 í skýrslu rannsóknarnefndarinnar er því lýst að Kaupping hafi veitt Kjalari lán í janúar og mars 2008 vegna veðkalls frá Citibank:

„Í janúar 2008 var hlutabréfaverð Kauppinga búið að lækka talsvert frá sumrinu áður á sama tíma og gengi krónunnar hafði veikst. Þetta olli því að veðstaða láns Eglu Invest gagnvart Citibank hafði versnað mjög, verðmæti hlutabréfanna var komið niður fyrir 70% veðkallsþróskuldinn, og Citibank kallaði eftir frekari tryggingum frá Eglu Invest. Til þess að mæta veðkallinu leitaði Kjarar eftir láni frá Kauppingi og veitti Kaupping Kjalari 120 milljóna evra lán. Í mars sama ár féll svo krónan verulega og þá var tryggingastaða lánsins orðin mun verri. Í mars veitti Kaupping Kjalari lán til þess að greiða lánið til Citibank að fullu. Í apríl lánaði svo Glitnir Eglu Invest hluta upphæðarinnar, um 120 milljónir evra, og Kjarar notaði það fé til að lækka skuld sína við Kaupping.

Þegar upp var staðið höfðu Glitnir og Kaupping lánað Kjalari og Eglu Invest um 400 milljónir evra til að greiða Citibank skuldirnar og koma í veg fyrir að Citibank tæki hlutabréfin í Kauppingi til sín.“

1104. Í kafla 8.12.3.6 í bindi 2 í skýrslu rannsóknarnefndarinnar er greint frá því að í október 2008 hafi áhættuskuldbindingar vegna Kjalara numið 146,7 milljörðum kr. Í skýrslunni segir síðan: „Kjarar er fjárfestingarfélag sem er að langstærstum hluta í eigu [(S)aðaleig-stjform-SH] eða 94%. Kjarar ehf. var stofnað 1991 utan um eignarhlut [(S)aðaleig-stjform-SH] í Samskipum hf. Árið 2002 var félaginu breytt í fjárfestingarfélag sem fjárfesti einkum í flutningastarfsemi, fjármálastarfsemi, fasteignum og matvælaíðnaði. Meðal helstu fjárfestinga voru hlutir í Kauppingi, Samskipum, Alfesca, HB Granda og Iceland Seafood International. Tengsl [(S)aðaleig-stjform-SH] og Kauppinga má rekja til þess er Búnaðarbankinn var einkavæddur, en hann fór fyrir S-hópnum sem keypti meirihluta í bankanum sem síðar var svo sameinaður Kauppingi 2003.

[...] var stjórnarformaður Kjalara og framkvæmdastjóri félagsins var [(S)stjform-S]. [(S)aðaleig-stjform-SH] sat auk [...] í stjórn ásamt [(S)forstj], forstjóra Samskipa.

Á tímabilinu janúar 2007 til október 2008 hækkuðu skuldir Kjalara og tengdra félaga um 89,8 milljarða króna. Í evrum talið hækkuðu skuldbindingar Kjalara um 406,7 milljónir eða 68% [...]

Kjarar var einn stærsti lántakandi hjá Kauppingi og jafnframt í hópi stærstu eigenda bankans með rétt um 10% af hlutafé hans. [(S)stjform-S] framkvæmdastjóri Kjalara, sat í stjórn Kauppinga. Heildaraukning fyrirgreiðslu til Kjalara er mest í Kauppingi af bönkunum á tímabilinu, hvort heldur er í krónum talið eða hlutfallslega. [...]

Af einstökum lánveitingum Kauppinga sem vert er að nefna er yfirtaka bankans á fjármögnun Citibank á Kauppingabréfum Eglu, dótturfélags Kjalara. Vorið 2008 varð mikið verðfall á bréfum Kauppinga og það leiddi til þess að Citibank gerði veðkall. Kaupping kom þar að og fékk annan veðrétt í Kauppingabréfum til tryggingar fyrir láninu, á eftir Glitni og Citibank. Fljótlega með vorinu yfirtók bankinn þó alla fjármögnun bréfanna af Citibank. Um þetta var ítrekað fjallað í fundargerðum lánanefndar stjórnar Kauppinga, m.a. þann 18. mars 2008:

„Endurskipulagning á skuldbindingum Kjalara. Kjarar hefur fjármagnað eign sína í Kauppingi í gegnum Citi í næstum eitt ár.



Fjármögnunin var með viðmið um veðkall ef verð hlutabréfa lækkaði um 50% frá því að fjármögnunin var gerð. Vegna lækkunar á gengi hlutabréfa í Kaupþingi og gengislækkunar krónunnar var þessu viðmiði mætt í síðustu viku.

Líklegast er, að Kaupþing verði að fjármagna eign Kjalars í Kaupþingi, a.m.k. þar til varanleg lausn hefur fundist. Fram kom á fundinum, að Kaupþing ætti í viðræðum við Citi."

1105. Af skýrslunni má sjá að (S)aðaleig-stjform-SH hafi unnið að og gripið hafi verið til björgunaraðgerða vegna félaga sem tengd voru honum á þessum tíma. Veitti Kaupþing Kjalari lánafyrirgreiðslu í janúar og mars 2008 til að greiða niður lánið hjá Citibank.⁵⁶⁸ Þegar upp var staðið árið 2008 hafði Kaupþing (og Glitnir banki hf.) lánað (S)aðaleig-stjform-SH (félög honum tengdum) um 400 milljónir evra til að greiða Citibank skuldirnar að fullu.⁵⁶⁹
1106. Í skýrslu rannsóknarnefndarinnar er jafnframt tiltekið að (S)aðaleig-stjform-SH „tengist einnig málefnum Sheikh Mohammed Bin Khalifa Al-Thani í Kaupþingi. [(S)aðaleig-stjform-SH] kom á sambandi Al-Thani og bankans, en í september 2008 samþykkti lánanefnd Kaupþings nokkur lán til Al-Thani og félaga sem honum tengjast, eitt þeirra sneri að fjármögnun á kaupum Al-Thani á hlutabréfum í Kaupþingi, en hann keypti rúm 5% í bankanum í lok september 2008. Gögn bankans sýna ótvíræð tengsl á milli [(S)aðaleig-stjform-SH] og kaupa Al-Thani á Kaupþingsbréfunum."
1107. Samkvæmt framansögðu var aðaleigandi Samskipa í fjárhagslegum vandræðum á fyrri hluta ársins 2008 vegna m.a. lækkunar á gengi hlutabréfa Kaupþings. Í dómi Hæstaréttar Íslands frá 12. febrúar 2015 í máli nr. 145/2014, *Ákærvaldið gegn (S)aðaleig-stjform-SH o.fl.*, (svo nefnt Al-Thani mál) kemur fram að (S)aðaleig-stjform-SH hafi, ásamt öðrum, unnið að undirbúningi að því frá mars 2008 sem varð seinna á árinu að refsiverðri markaðsmisnotkun með hlutabréf Kaupþings banka.
1108. Sama dag og umræddur fundur lánanefndar Kaupþings banka var haldinn, 18. mars 2008, upplýstu (S)aðaleig-stjform-SH og (S)stjórnarm-fjármstj um vandræði Samskipa Holding og kröfur Fortis á stjórnarfundi Samskipa Holding, sbr. framangreint. Á sama stjórnarfundi Samskipa Holding beindi (S)aðaleig-stjform-SH þeim fyrirmælum til m.a. (S)forstj og (S)stjórnarm-fjármstj að þeim bæri að vernda stöðu Samskipa á Íslandi sem „cash cow“ fyrir Samskipasamstæðuna, sbr. nánari umfjöllun hér á eftir.

⁵⁶⁸ Í frétt sem birtist á visir.is 26.02.2011 var fjallað um þessi atvik: „Kaupþing yfirtók risavaxið lán [...] hjá amerískum banka ári fyrir hrun, en án þess hefðu hlutabréf Kaupþings lækkað mikið í verði. Á svipuðum tíma var bankinn að gera gjaldeyrissamning við [...], sem nú krefst 115 milljarða króna frá þrotabúi Kaupþings vegna gjaldeyrissamningsins.

Egla dótturfélag Kjalars, sem var í eigu [...], fékk lán hjá bandaríska bankanum Citigroup gegn veði í hlutabréfum í Kaupþingi banka. Haustið 2007 fóru gjaldfellingarákvæði í lánasamningi hjá bandaríska bankanum að verða virk vegna lækkandi hlutabréfaverðs hjá Kaupþingi banka.

Félag [...] gat í krafti stöðu hans í hluthafahópi bankans fengið Kaupþing til að taka yfir lánið hjá bandaríska bankanum í lok árs 2007, en á þessum tíma voru hagsmunir bankans og [...] orðnir mjög samtvinnnaðir. Bankinn vildi ekki með nokkrum hætti offramboð á bréfum bankans á markað með tilheyrandi lækkun þeirra.

Samkvæmt heimildum fréttastofu gerði Citigroup fyrst veðkall en síðan gjaldfelldi bankinn lánið. Þá tók Kaupþing lánið yfir í heild sinni og færði síðan hluta þess yfir á aðra banka og sparisjóði gegn góðum tryggingum. [...], forstjóri Kjalars, sagði í samtali við fréttastofu í dag að endurfjármögnun á láninu hjá Citigroup hafi verið að fullu lokið í mars 2008. Stuttu áður, í janúar 2008, fékk Kjalur gjaldeyrisskiptasamning í hjá bankanum upp á tug milljarða króna. Fram kom í Viðskiptablaðinu að þessi samningur hafi síðan verið endurnýjaður í miðju bankahrúni. Á grundvelli hans gerir Kjalur kröfu um 115 milljarða króna, en það er hagnaður félagsins á átta daga tímabili í miðju hrúni.

Ef Kjalur vinnur málið skiptast eignir félagsins milli Glitnis og Eglu. Í yfirlýsingu sem Kjalur sendi frá sér segir að óháð niðurstöðu málsins sé ljóst að eigendur Kjalars muni aldrei fá krónu út úr félaginu. [...], forstjóri Kjalars, fullyrti í samtali við fréttastofu í dag að engin félög tengd [...] ættu kröfur á Eglu og þar með ætti hann ekki lengur fjárhagslegra hagsmuna að gæta í félaginu."Aðgengilegt á slóð: visir.is/g/20111047427d.

⁵⁶⁹ Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis, um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008. Bindi 2, kafli 7 og 8 & bindi 6, kafli 19. Þar segir m.a. eftirfarandi: „Eftir því sem leið á haustið 2007 og framan af árinu 2008 hækkuðu útlán til Kjalars verulega og tengdist það áðurnefndum uppgreiðslum lána við Citibank“. „Í mars [2008] veitti Kaupþing Kjalari lán til þess að greiða lánið til Citibank að fullu.“ Sjá einnig bindi 7, kafla 21 í skýrslunni. Sjá jafnframt Fréttablaðið, „Skuldaði 18% af eiginfé Kaupþings“, dags. 19.04.2010.



1109. Sýna samtímagögn að samhliða erfiðleikum Samskipa Holding og erlenda hluta samstæðunnar, þrýsting frá Fortis um aðgerðir og björgunaraðgerðum (S)aðaleig-stjform-SH tengdum Kaupþingi banka, vann hann ásamt (S)forstj, (S)stjform-S, (S)stjórnarm-fjármstj og (S)frkvstj-millilandasv að undirbúningi aukins samráðs við Eimskip á flutningamarkaði. Verður vikið að þessum gögnum í næstu köflum ákvörðunarinnar.

6.7.2. Samskip huga að frekari samvinnu við Eimskip

1110. Í skýrslutöku hjá lögreglu 15. maí 2018 var (S)forstj spurður um framangreind ummæli (S)aðaleig-stjform-SH frá 18. mars 2008 um „cash cow“ og um gögn Samskipa frá fyrrihluta ársins 2008 þar sem vísað var til samvinnu við Eimskip. Í svari (S)forstj kom m.a. fram að „menn hafi verið hræddir að [...] fyrirtækið væri að fara á hausinn [...]“⁵⁷⁰ Einnig tók hann fram að „menn höfðu áhyggjur af stöðunni, miklar áhyggjur af stöðunni og voru bara að hugsa um hvernig hérna, hvernig er hægt að teikna framtíðar fyrirkomulag á rekstrinum og allt það.“⁵⁷¹

1111. Eins og lýst verður hér á eftir tók (S)aðaleig-stjform-SH það skýrt fram þann 18. mars 2008 að rekstur Samskipa á Íslandi hefði gengið mjög vel. Hið sama kemur fram í fundargerðum stjórnna Samskipa hf. og Samskipa Holding á fyrri hluta ársins 2008. Virt saman gefa gögnin til kynna að það sem (S)forstj o.fl. hafi helst óttast á þessum tíma hafi verið þröng staða eiganda Samskipa. Í bréfi Samskipa frá 13. janúar 2021 er því haldið fram að Samkeppniseftirlitið dragi rangar ályktanir af framangreindum gögnum. Eins og rökstutt er í kafla 25.4.5 getur Samkeppniseftirlitið ekki fallist á það.

1112. Eins og áður segir var þann 10. janúar 2008 fundur hjá samráðshópi stjórnvalda, um fjármálastöðugleika og viðbúnað, þar sem fundarmenn ræddu áhyggjur af veikri stöðu stórra hlutahafa í bönkunum. Samtímagögn staðfesta að stjórnendur Samskipa höfðu áhyggjur af þessu á umræddum tíma.

1113. Þannig var þann 18. janúar 2008 haldinn stjórnarfundur Samskipa hf. Fyrirliggjandi er fundargerð frá fundinum en hann sátu (S)stjform-S, (S)forstj og (S)stjórnarm-fjármstj. Í fundargerðinni má sjá að stjórnin, á þessum fyrsta fundi ársins 2008, hafi tekið ákvörðun um að grípa til aðgerða „til að bæta afkomu félagsins“ vegna „óvissu [sem ríkti] almennt í efnahagsmálum á Íslandi“. Samkvæmt fundargerð var þannig undir dagskrárlið þrjú rætt um „Árið 2008“. Þar kemur eftirfarandi fram:

„Umræður voru um þá óvissu er ríkir almennt í efnahagsmálum á Íslandi, og hvers er að vænta á árinu. Niðurstaða að (S)forstj muni kynna fyrir stjórn á næsta stjórnarfundu endurmat á áætlun fyrir árið 2008, með sérstakan fókus á :

-siglingakerfi

-breytilegan kostnað

-þróun launakostnaðar

-þróun almenns skrifstofukostnaðar

Mun (S)forstj kynna þær aðgerðir sem gripið verður til, til að bæta afkomu félagsins á árinu.“⁵⁷²

1114. Gögn málsins sýna að í kjölfar stjórnarfundarins hafi (S)forstj unnið í samræmi við ákvörðun stjórnarinnar að undirbúningi aðgerða Samskipa en þremur dögum síðar sendi (S)forstj tölvupóst til yfirstjórnar Samskipa á Íslandi. Heiti tölvupóstsins var einfaldlega „Árið 2008“. Þar sagði (S)forstj versnandi efnahagshorfur kalla á það að „stórir“ liðir í áætlun félagsins (innan Samskipa var oftast notað enska heitið „budget“ og „revised budget“ um rekstraráætlun félagsins) yrðu endurskoðaðir.

⁵⁷⁰ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 65.

⁵⁷¹ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 83.

⁵⁷² Afhent tölvuskjal frá Samskipum. 22.11.2016, viðauki 6. Fundargerð stjórnarfundur Samskipa hf. 18.01.2008.



Kunngerði (S)forstj að hann hefði upplýst stjórn um þessa endurskoðun og hún yrði kynnt á næsta stjórnarfundum í febrúar þetta ár. Var um að ræða m.a. áætlað flutningamagn, fjárfestingaráætlun og siglinga- og aksturskerfi félagsins.⁵⁷³

1115. Viku síðar, 29. janúar 2008, var vistuð glærukynning á tölvudrifi yfirstjórnar Samskipa (Kynningar/stjórnarfundir). Kynningin ber heitið „Budget 2008 Samskip Iceland“ og merkt „(S)frkvstj-millilandasv“ á fremstu síðunni. Í kynningunni er því lýst að hætta geti verið á verðsamkeppni framundan. Í „Shipping division“ hluta glæranna segir þannig m.a.:

„*Stable market condition

-Same customer portfolio as today

*Rates under pressure in connection with renewal of large import contracts.

Specific rate increases budgeted incl. BAF increase in FO

Tariff increases for seafreight and service charges“

1116. Einnig var rætt um það í glærunum að gert væri ráð fyrir verðhækkun í áætlunum. Í SWOT greiningu er sagt að meðal „ógn“ fyrir „shipping“ sé:

„*Large contracts open for renegotiation next year *Price war.“

1117. Í umfjöllun um landflutninga segir að á árinu 2007 hafi verið „Increased competition and drop in unit prices, fresh fish 20%“.⁵⁷⁴

1118. Í skýrslutöku hjá lögreglu var (S)frkvstj-millilandasv inntur eftir því hvers vegna gert væri ráð fyrir verðstríði í kynningunni hans. (S)frkvstj-millilandasv vísaði þá til þess að verðstríð væri í kynningunni flokkað sem „threats“ (ógn). Hann neitaði að tjá sig af hverju þetta væri tilgreint í kynningunni. (S)frkvstj-millilandasv neitaði einnig að tjá sig þegar hann var spurður hvort verðstríð hefði verið talið líklegt en tilgreindi þó að þetta hefði verið „eitthvert mat manna á þessum tíma.“⁵⁷⁵

1119. Í upphafi árs 2008 ákvað Samskip þannig annars að grípa til aðgerða „til að bæta afkomu félagsins“ vegna „óvissu [sem ríkti] almennt í efnahagsmálum á Íslandi“ og hins vegar taldi félagið „verðstríð“ vera ógn fyrir fyrirtækið vegna þess að samningar við stóra viðskiptavinum væru lausir. Á sama tíma stóðu (S)aðaleig-stjform-SH og tengd félög eins og áður segir frammi fyrir fjárhagslegum erfiðleikum vegna versnandi stöðu íslenska fjármálakerfisins.

1120. Í febrúar 2008 komu þegar fram nokkuð skýrar hugmyndir innan Samskipa um aðgerðir sem grípa átti til á árinu. Þær fólust í hækkun á gjaldskrá félagsins, fjölgun á gjaldskrárlíðum ásamt mati á mögulegum róttækum breytingum í útflutningi sem tengdust m.a. samráði við Eimskip.

1121. Í glærum Samskipa með heitinu „Innflutningsdeild“, dags. 1. febrúar 2008, voru settar fram hugmyndir um verðhækkanir:

- „Hækkanir
 - Sjóflutningur og erlend gjöld 5% - 1.jan
 - Innleiðing ISPS í öllum höfnum – 1. jan

⁵⁷³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.427682. [...] er í fundargerðinni tilgreindur fjarverandi.

⁵⁷⁴ Undirstrikun SE. Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Samskip Iceland budget 2008.1.3“, dags. 29.01.2008, kl. 13:15. Fannst á sameiginlegu tölvudrifi hjá Samskipum. Glæra 16 og 20 um „shipping“ og glæra 24 um landflutninga.

⁵⁷⁵ Endurrit skýrsla [...] hjá lögreglu, bls. 57-58.



- *Hækkun á bensíngjaldi – 1. jan*
- *Hækkun á 20 feta uppskipun – 1. jan*
- *Innlend þjónustugjöld 5% - 1. júlí*
- *Ná fram hækkun á áframflutningi*
- *Betri innheimta, minnka afslætti*

[...]

- *Staðsetningargjald – Verja það.*
- *Betri skráning og rukkun á yfirstærðum*
- *Rukka betur fyrir lashing material*
- *Hærra verð fyrir sértilgangsgáma, s.s. PW, OT, FR⁵⁷⁶*

1122. Gögn málsins sýna að 7. febrúar 2008 vann (S)forstj að undirbúningi fyrir stjórnarfund Samskipa hf. sem fram fór fjórum dögum síðar. Eins og áður segir hafði á fyrri fundi stjórnarinnar, 18. janúar 2008, verið ákveðið að (S)forstj skyldi kynna stjórninni þær aðgerðir sem grípa ætti til „til að bæta afkomu félagsins á árinu“.

1123. Fyrir liggur að (S)forstj sendi kl. 19:26 þann 7. febrúar 2008 tölvupóst til yfirstjórnar Samskipa. Í tölvupóstinum byrjaði (S)forstj að vísa til forstöðumannafundar Samskipa um morguninn þennan sama dag og kom eftirgreindum skilaboðum til hinna stjórnendanna: „1). Forstöðumannafundur í morgun - message... Ég heyrir á sumum fundarmönnum í morgun að þeim þótti ég heldur svartsýnn á komandi misseri - ég tel hinsvegar að við eigum að undirbúa okkur undir snúnari tíma en við höfum almennt talið að yrðu á árinu 2008, allur er varinn góður....“ Verður að telja þessi ummæli (S)forstj undirstrika að hann, ásamt m.a. (S)aðaleig-stjform-SH, höfðu á þessum tíma í upphafi árs 2008, betri sýn en flestir yfir erfiða stöðu íslenska fjármálakerfisins. Þessi ummæli (S)forstj verður einnig að setja í samhengi við fyrirmæli stjórnar á fundi hennar 18. janúar 2008. Þar var ákveðið að grípa til aðgerða til að „bæta afkomu félagsins á árinu“. (S)forstj fékk það hlutverk að koma þessu í framkvæmd, sbr. umfjöllun hér að framan.

1124. Í sama tölvupósti beindi (S)forstj því til (S)frkvstj-millilandasv að gera þyrfti næmnigreiningu á 5% minnkun/aukningu á magni í inn- og útflutningi og tilteknum aðgerðum sem gripið yrði til ef verulega skyldi draga úr innflutningi.⁵⁷⁷ Var (S)frkvstj-millilandasv þannig falið af (S)forstj að skoða leiðir til þess að bregðast við þeim áskorunum sem uppi voru á þessum tíma.

1125. (S)frkvstj-millilandasv sendi, síðar um kvöldið 7. febrúar 2008, tölvupóst til (S)forstj og yfirstjórnar (með heitinu „Stjórnarfundur á mánudag“). Innihaldið var niðurstaða næmnigreiningar þar sem m.a. voru metin áhrif á EBITDA af verulegri minnkun í útflutningi fyrir Elkem úr 90.000 tonnum í 60.000 tonn og fyrir Alcoa úr 315.000 tonnum í 250.000 tonn. Síðan sagði í tölvupósti (S)frkvstj-millilandasv:

„Aðgerðir til hugleiðingar ef innflutningur dregst verulega saman:

- a) *Endursemjja við Alcoa – verður ekki auðvelt*
- b) *Fækka sértilgangsgámum – ekki hægt að fækka mikið vegna útflutnings (ál og Elkem)*

⁵⁷⁶ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.16259.

⁵⁷⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.434726.



c) „Slot“ samningar við keppinauta-samnýta kerfi.

d) *Draga saman á útflutningsliðinni og minnka skala niður flutningsgetu*⁵⁷⁸

1126. Kemur hér fram sú hugmynd hjá Lykilstjórnanda hjá Samskipum að eiga í samráði við Eimskip (með „slot“ samningum/samnýtingu á kerfum) í því skyni að bregðast við verulegum breytingum á markaði. Þessi tölvupóstur ber einnig með sér það viðfangsefni að takast á við samdrátt í innflutningi á sama tíma og útflutningur fyrir stóriðjuna fór vaxandi.
1127. Við skýrslutöku (S)frkvstj-millilandasv hjá lögreglu neitaði hann aðspurður að svara því hvort hugleiðingar um c-liðinn í tölvupósti hans, þ.e. „slot samningar við keppinauta – samnýta kerfi“ væri frá honum komnar. Vísaði (S)frkvstj-millilandasv jafnframt til þess að um væri að ræða tíu ára gamalt skjal og hann vissi „ekkert“ hvernig þetta væri til komið. Þá vildi hann ekki tjá sig um hvort þetta viðfangsefni hefði verið rætt fyrr þennan dag á forstöðumannafundi Samskipa. Vekur athygli að (S)frkvstj-millilandasv hafði þó aðspurður minni til að rekja hugmyndir sem raktar voru í lið a. í tölvupósti hans.⁵⁷⁹
1128. (S)forstj, sem m.a. var viðtakandi framangreinds tölvupóstar (S)frkvstj-millilandasv dags. 7. febrúar 2008, sagðist við skýrslutöku hjá lögreglu ekki þekkja það hvort hugmyndirnar sem þar voru raktar væru frá (S)frkvstj-millilandasv komnar eða hvort þetta hefði verið rætt á forstöðumannafundi Samskipa þennan dag. Vísaði (S)forstj til þess að staðan hefði verið „snúin hvað það varðar að hérna við vorum með mikla útflutningssamninga [...] og þegar bílannflutningur fer að dragast saman, þú veist hvað, hérna, það er hugsað, hvað er hvernig er hægt að aðlaga kerfið eða hvað það er sko“. Innur eftir hvort þessi hugmynd um samstarf við Eimskip hefði verið rædd við hann sagðist (S)forstj ekki muna það og héldi að svo hefði ekki verið. Síðan segir (S)forstj: „Og ég held það hafi aldrei neitt verið rætt eða neitt við hérna, við ee, Eimskip um hvers konar hérna samstarf á þessum slóðum“. Taldi (S)forstj að ekkert hefði verið unnið frekar með þessa hugmynd.⁵⁸⁰
1129. Í mgr. 435 í athugasemdum Samskipa við AI er fullyrt að í þessum tölvupósti (S)frkvstj-millilandasv frá 7. febrúar 2008 hafi ekki falist hugmynd um að eiga í samráði við Eimskip til að bregðast við breytingum á markaði.
1130. Samkeppniseftirlitið telur að framburðir sem (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstj settu fram í þessu sambandi hjá lögreglu séu í miklu ósamræmi við samtímagögn. Er rétt að taka hér fram að framburður (S)forstj átti eftir að breytast við skýrslutöku hjá lögreglu, n.t.t. eftir að gögn um „Nýtt upphaf“ verkefnið og fund Eimskips og Samskipa 6. júní 2008 höfðu verið borin undir hann.⁵⁸¹ Nánar er fjallað um það síðar í kafla 7.3. Eins og rökstutt er í kafla 25.4.3 getur Samkeppniseftirlitið ekki fallist á framangreind sjónarmið Samskipa í athugasemdum við AI.
1131. Fjórum dögum síðar fór fram fundur stjórnar Samskipa hf. eða eins og áður segir þann 11. febrúar 2008. Á fundinn voru mættir (S)stjform-S, (S)stjórnarm-fjármstj og (S)forstj.⁵⁸²
1132. Samkvæmt fundargerð frá fundinum var framhaldið umræðu stjórnarinnar um „Árið 2008“ frá fyrri fundi stjórnar 18. janúar 2008, sbr. umfjöllun hér að framan. Eins og hafði verið boðað á fundinum í janúar 2008 kynnti (S)forstj á fundinum 11. febrúar 2008: „aðgerðir sem verið er að grípa til vegna versnandi ytri áhrifa í íslensku efnahagslífi“. Í upptalningu aðgerða í fundargerðinni er ekki minnst á samstarf við keppinauta. Samkvæmt framburði (S)forstj hjá lögreglu voru á þessum stjórnarfundi 11. febrúar 2008 rædd atriði sem tilgreind voru í áðurnefndum tölvupósti frá 7. febrúar 2008.⁵⁸³ Í

⁵⁷⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.434726.

⁵⁷⁹ Endurrit skýrslutöku [...], bls. 56 – 57.

⁵⁸⁰ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 67 – 68.

⁵⁸¹ Sjá t.d. endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 109.

⁵⁸² [...] er í fundargerð tilgreindur fjarverandi.

⁵⁸³ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 70.



lok fundargerðarinnar má sjá að aðgerðir vegna ársins 2008 ættu að koma aftur til umræðu á næsta fundi stjórnar Samskipa. Það gekk eftir, sbr. umfjöllun hér síðar um fund stjórnarinnar 4. apríl 2008.

1133. Í afhentri glærुकynningu frá sama stjórnarfundum Samskipa hf, 11. febrúar 2008, má sjá á glæru nr. 13 að Samskip hefðu gert ráð fyrir að einingarverð myndu lækka.⁵⁸⁴ Annað kom á daginn.
1134. Eins og áður sagði áttu (S)forstj, (S)stjórnarm-fjármstj og fleiri lykilstjórnendur hjá Samskipasamstæðunni fund með (S)aðaleig-stjform-SH í Rotterdam 18. mars 2008. Daginn fyrir fundinn sendi (S)forstj tölvupóst til (S)forstö-flutnstj. Sá tölvupóstur sýnir að „mjög litlum hópi“ hafi verið falið að vinna að „stúdíu“. Í tölvupóstinum segir:
- „vitna í samtali við [(S)frkvstj-millilandasv], erum að vinna að studiu, sem við holdum innan mjög litils hops, raedi nanar við thig en kem jafnframt eftirfarandi punktum til thin“.*
1135. (S)forstj bað (S)forstö-flutnstj að taka saman magn og tekjur í inn- og útflutningi, þ.m.t. í Færeyjum. Greina skyldi tekjur og gjöld vegna Alcoa og hversu stór skip væru inni ef Samskip myndu hætta að flytja fyrir Alcoa. Átti (S)forstö-flutnstj einnig að:
- „stilla upp siglingakerfi okkar og flutningsgetu, sem og flutningakerfi EI [Eimskip], a myndraen mata með uppl um skip&getu og groflegan uppreikn a kostnaði kerfa, thekkjum okkar en ekki keppinautar.“⁵⁸⁵*
1136. Framangreindur tölvupóstur (S)forstj var af lögreglu borinn undir hann og (S)frkvstj-millilandasv við skýrslutöku í maí 2018. Aðspurður sagði (S)forstj ekki þekkja þessa „stúdíu“ en innan Samskipa hafi ávallt verið innt af hendi mikil greiningarvinna og teknar saman „endalausar skýrslur“. Kvaðst (S)forstj ekki vita hvað hann hafi átt við með því að halda ætti „stúdíunni“ innan „mjög lítils hóps“. Til viðbótar kvaðst (S)forstj heldur ekki vita hverjir hefðu átt sæti í hinum afar litla hópi. Hins vegar treysti (S)forstj sér til þess að fullyrða að í hópnum hefðu ekki setið fulltrúar frá Eimskip.⁵⁸⁶
1137. Í framangreindum tölvupósti (S)forstj frá 17. mars 2008 var vísað til (S)frkvstj-millilandasv og í tölvupósti (S)forstj frá 2. apríl 2008 (sem lýst verður hér á eftir) var umrædd „stúdía“ nefnd [...]. Þrátt fyrir að hafa ekki þekkt þessa „stúdíu“ né vitað hverjir hafi setið í umræddum hópi staðfesti (S)forstj í skýrslutöku hjá lögreglu að [...] væri sama „stúdía“ og hann vísaði til í ofangreindum tölvupósti.⁵⁸⁷
1138. (S)frkvstj-millilandasv var í skýrslutöku hjá lögreglu spurður um tölvupóstin frá 17. mars 2008. Sagði (S)frkvstj-millilandasv að þarna hafi hann væntanlega verið „í allskonar þælingum varðandi það að, þá staðreynd að, að magnið er að minnka verulega og hvað menn geti gert til að skala niður kerfið og gera einhverjar breytingar, ég svona ímynda mér það að það sé bara einhver svona, svona innanhúss vinna í gangi þarna.“ (S)frkvstj-millilandasv gat heldur ekki upplýst hverjir sátu í þessum afar litla hópi sem (S)forstj vísaði til í tölvupóstinum.⁵⁸⁸
1139. Í mgr. 436 í athugasemdum Samskipa við AI er heldur ekki tilgreint hverjir sátu í umræddum hópi. Hins vegar er staðhæft að eðlilegt væri að litlum hópi væri falið verkefni af þessum toga og slík vinna hafi „alla tíð“ átt sér stað innan hóps fárra stjórnenda Samskipa. Engin rök séu til þess að gera það tortryggilegt af hálfu Samkeppniseftirlitsins.
1140. Samkeppniseftirlitið telur ljóst með hliðsjón af gögnum málsins að „stúdían“ sé tilvísun til áður nefnds tölvupósts (S)frkvstj-millilandasv til (S)forstj dags. 7. febrúar 2008. „Stúdían“ tók m.a. til aðgerða sem fólust í samstarfi við Eimskip. Samkvæmt gögnum málsins var „stúdían“ á þessum tímamarki

⁵⁸⁴ Afhent glærुकynning frá Samskipum. Afhent þann 22.11.2016. Titill glærुकynningar er „Stjórnarfundur Samskipa hf. Janúar 2008“, heiti skjals er „Dagskrá og annað 11.02.2008“.

⁵⁸⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.746277.

⁵⁸⁶ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 72.

⁵⁸⁷ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu bls. 78.

⁵⁸⁸ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 60 – 61.



a.m.k. á vitorði (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv en (S)forstj hugðist kynna aðgerðirnar vegna ársins 2008 fyrir stjórn fyrirtækisins, sbr. umfjöllun hér á eftir. Var „stúdían“ þannig án efa hluti af aðgerðum sem Samskip stefndu að því að grípa til og (S)forstj vann að vegna mögulegs samdráttar og „til að bæta afkomu félagsins“, en sú stefnumörkun hafði verið ákveðin á stjórnarfundum Samskipa hf. í janúar og febrúar 2008. Hér ber að áréttu að (S)forstj upplýsti lögreglu um að á þessum tíma hefðu „menn“ haft „verulegar áhyggjur.“ Blasir við að þær áhyggjur tengdust ekki síst stöðu (S)aðaleig-stjform-SH og tengdra félaga á þessum tíma.

1141. Sjónarmið Samskipa geta ekki breytt framangreindu en fjallað er nánar um þau í kafla 25.4.7.

6.7.3. „The Cash Cow“

1142. Sem fyrr segir sendi (S)forstj tölvupóst til (S)forstö-flutnstj 17. mars 2008 og bað hann að taka saman upplýsingar vegna umræddrar „stúdíu“ sem mjög líttill hópur væri að vinna að. (S)forstö-flutnstj áframsendi tölvupóstin til (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-útfl og bað um upplýsingar.

1143. Daginn eftir, þ.e. 18. mars 2008, var eins og áður segir haldinn fundur framkvæmdastjórnar Samskipa Holding (nefndur „Samskip Management Meeting“) í Rotterdam.

1144. Hér er rétt að rifja upp að á þessum tíma hafði tekið gildi nýtt skipulag hjá Samskipum. Samskip Holding var orðið móðurfélag Samskipasamstæðunnar. Þrjú rekstrarfélög (e. „business units“) heyrðu undir Samskip Holding:

- Samskip hf. Þessi eining annaðist flutningastarfsemi á Íslandi og í Færeyjum. Forstjóri (S)forstj.
- Samskip MCL (Multimodal Container Logistics). Forstjóri var (S)frkvstj-MCL. Þessi eining annaðist m.a. gámaflutninga í Evrópu.
- Samskip Logistics. Forstjóri var (S)forstj-frystig. Þessi eining annaðist m.a. flutningsmiðlun og rekstur frystigeymslna.

1145. (S)aðaleig-stjform-SH sat, líkt og áður hefur komið fram, framangreindan fund þann 18. mars 2008. Auk hans sátu fundinn forstjórar umræddra rekstrarfélaga ((S)forstj, (S)frkvstj-MCL og (S)forstj-frystig). Til viðbótar sátu (S)stjórnarm-fjármstj (fjármálastjóri Samskipa Holding og stjórnarmaður í Samskipum hf.) og (S)starfsm (framkvæmdastjóri upplýsingatækni sviðs Samskipa Holding).

1146. Í fundargerð var eftirfarandi haft eftir (S)aðaleig-stjform-SH:

„(S)aðaleig-stjform-SH welcomed everyone to this meeting.

(S)aðaleig-stjform-SH wanted to make it very clear to avoid any misunderstanding or discussions that neither Samskip as a Group nor partly is for sale. His feeling is that underlying value in the company is considerable and it would not make any sense to sell it, at least not at this point in time. To support this targeted EBITDA numbers were discussed, possible EBITDA multiple and current interest bearing debt. Based on that the company could be worth €2-300 million.

In Iceland⁵⁸⁹ we have state of the art and set-up. Business has been doing very well lately but we can still do better. Now it is important to focus on collection on receivables, maximise the business and protect the Cash Cow which Iceland has been for the Group.

MCL has been struggling we all know that. It is important that MCL starts becoming cash positive as soon as possible as it will change things dramatically not only for the results but also in the mindset of everyone. Vision is clear to be leader in Multimodal in North Europe.

⁵⁸⁹ Feitletrun í fundargerðinni.



Logistics went through disappointing year last year. However the strategy has not changed and there are clearly opportunities in the market to become strategic player in the Global Reefer business. (S)aðaleig-stjform-SH mentioned his view not to focus on selling the Coldstores at this point in time, let's improve and get things first under control and then consider next steps. Such as spinning of the Coldstore. So far the start of the year is positive, (S)forstj-frystig confirmed that February seems also to be more or less in line and similar to January trend.

Overall for Samskip it is important to:

- Turn around the Business
- Focus on Collection and manage Working Capital well.
- Cut and delay Capex as much as possible
- Cut cost as much as possible and as fast as possible"

1147. Í fundargerðinni kemur einnig fram að (S)aðaleig-stjform-SH og (S)stjórnarm-fjármstj hafi gert grein fyrir viðræðum við stóran lánveitanda Samskipa Holding, Fortis. Bankinn hefði sett fram tilteknar kröfur en Samskip Holding gert gagn tillögu. Fjallað er nánar um þennan þátt hér að framan en ljóst er að Samskip Holding stóðu frammi fyrir fjárhagslegum áskorunum á þessum tíma með þrýstingi frá Fortis um aðgerðir. Á hinn bóginn gekk rekstur Samskipa hf. á Íslandi vel og fyrirmæli frá (S)aðaleig-stjform-SH um að vernda ætti Samskip á Íslandi sem „cash cow“ samstæðunnar.
1148. Í skýrslutöku (S)forstj hjá lögreglu var umrædd fundargerð 18. mars 2008 borin undir hann. Um tilvísun til góðrar afkomu Samskipa hf. svaraði (S)forstj m.a.: „[...] held að afkoma af starfsemi félagsins fram eftir uppgangstímum Íslendinga 2004-2007, hafi verið bara góð“.⁵⁹⁰
1149. Hér ber og að hafa í huga að samkvæmt gögnum frá Samskipum Holding frá 25. mars 2008 var aftur rætt um góða afkomu Samskipa hf. Var um að ræða tvær tilkynningar frá (S)aðaleig-stjform-SH til starfsmanna Samskipasamstæðunnar, annars vegar var stutt útgáfa og hins vegar löng útgáfa. Stuttu útgáfan var fyrir almenna starfsmenn en hin var send til helstu stjórnenda innan samstæðunnar (t.d. framkvæmdastjóra hjá Samskipum hf.). Var í tölvupósti til stjórnendanna skýrt tekið fram að langa útgáfan væri aðeins fyrir þá og mætti ekki dreifa frekar. Í löngu útgáfunni kom m.a. eftirfarandi fram um Samskip hf.:
- Samskip hf. sé mjög ábatasamt fyrirtæki („A very profitable company“) sem náð hafi EBITDA markmiðum („Achieved the EBITDA percentage target“)
 - Mjög góð afkoma Samskipa hf. í janúar og febrúar 2008 („Strong January and February results“)
 - Stefnt sé að því að Samskip hf. muni geta tekist á við áskoranir í efnahagslífinu („Capable in dealing with a challenging economic environment“) og skilað met EBITA hagnaði („Achieving a record EBITDA percentage result“).⁵⁹¹
1150. Hjá lögreglu var (S)forstj og spurður um framangreindi ummæli (S)aðaleig-stjform-SH um að vernda bæri stöðu Samskipa hf. sem „cash cow“ fyrir samstæðuna. Sagði (S)forstj að „menn“ hafi verið hræddir við gjaldþrot og haft „áhyggjur af stöðunni, miklar áhyggjur af stöðunni og voru bara að hugsa um hvernig hérna, hvernig er hægt að teikna framtíðar fyrirkomulag á rekstrinum og allt það.“
1151. Ekki verður séð að afkoma Samskipa hf. á fyrstu mánuðum ársins 2008 gefi nokkurt tilefni til að (S)forstj hafi þurft að óttast gjaldþrot þess fyrirtækis. Á hinn bóginn liggur fyrir að Samskip Holding og erlenda starfsemi samstæðunnar stóðu frammi fyrir lakari afkomu og áttu í viðræðum við stóran lánveitanda, Fortis, um aðgerðir og lausnir til að mæta kröfum bankans. Ljóst er því að stjórnendur

⁵⁹⁰ Endurrit skýrsla [...] hjá lögreglu, bls. 65.

⁵⁹¹ Endurrit skýrsla [...] hjá lögreglu, bls. 83.



Samskipa Holding (þ.á m. aðaleigandi (S)aðaleig-stjform-SH) voru undir miklum þrýstingi um að grípa til aðgerða, sbr. framangreinda umfjöllun.

1152. Hér ber einnig að rifja upp að (S)forstj var á þessum tíma formaður stjórnar Kjarar. Ber jafnframt að rifja upp veðkall Citi Bank og önnur atvik í mars 2008 sem vörðuðu Kjarar og Kaupping, sbr. t.d. áðurnefndan fund lánanefndar Kaupþings 18. mars 2008.
1153. Virt saman gefa gögnin til kynna að það sem (S)forstj hafi helst óttast á þessum tíma hafi verið þröng staða Samskipa Holding og eiganda Samskipa. Í þessu sambandi má bæta við að (S)frkvstj-millilandasv neitaði við skýrslutöku hjá lögreglu að tjá sig um fjárhagslega stöðu Samskipa hf. eða fyrirtækja í samstæðunni árið 2008.⁵⁹²
1154. Samkvæmt öllu framansögðu sá (S)aðaleig-stjform-SH á fundinum 18. mars 2008 ástæðu til þess að róa lykilstjórnendur hjá Samskipasamstæðunni. Þrátt fyrir versnandi efnahagshorfur á þessum tíma tók (S)aðaleig-stjform-SH skýrt fram að rekstur Samskipa hf. gengi afar vel. Á þessum tíma væri mikilvægt fyrir samstæðuna að tryggja hinn ábatasama rekstur Samskipa hf. Þannig bæri að „[...] protect the Cash Cow which Iceland has been for the Group“. Í hinni löngu tilkynningu (S)aðaleig-stjform-SH frá 25. mars 2008 kom og fram að stefnt skildi að því að Samskip hf. skiluðu met EBITDA. Þannig var lögð mikil áhersla hjá (S)aðaleig-stjform-SH á Samskip hf. sem „cash cow“ fyrir samstæðuna í heild.
1155. Var þannig skýrum fyrirmælum beint til (S)forstj um að tryggja og auka fjárflæðið frá Samskipum hf. til Samskipa Holding. Var mikilvægi Samskipa hf. verulegt þrátt fyrir mun umfangsmeiri rekstur samstæðunnar erlendis. (S)forstj hefur greint frá því að á árinu 2005 hafi erlend starfsemi Samskipa verið orðin meiri en sú íslenska og að einungis 20% af veltu fyrirtækisins ættu rætur að rekja til Íslands.⁵⁹³ Þrátt fyrir þetta var vægi Samskipa hf. mjög mikið. Samkvæmt ársreikningum Samskipa Holding og Samskipa hf. var framlag Samskipa hf. til Samskipa Holding umtalsvert árin 2007-2008 í samanburði við önnur félög í eigu Samskipa Holding en EBITDA þeirra var samanlagt neikvæð bæði árin á meðan EBITDA Samskipa hf. var jákvæð. Á árunum 2009-2011 var framlag Samskipa hf. til EBITDA Samskipa Holding einnig umtalsvert í samanburði við önnur félög í eigu Samskip Holding. Frá árinu 2012 fór vægi Samskipa hf. minnkandi. Nánari umfjöllun má finna í kafla 33.1.6.
1156. Í m.a. kafla 12.2.5 er fjallað um samtímagögn sem sýna að mikil ánægja hafi ríkt með afkomu Samskipa hf. á rannsóknartímabili þessa máls. Var afkoma Samskipa hf. sögð „afburða góð“. Þetta átti sér stað mitt í einni stærstu efnahagskreppu sem riðið hefur yfir hér á landi. Í fundargerð Samskipa Holding frá 7. apríl 2009, þar sem fjallað var um verðlækkanir og mikla samkeppni á t.d. Írlandi og í Svíþjóð, segir þetta um stöðuna á Íslandi:

⁵⁹² Endurrit skýrsla [...] hjá lögreglu, bls. 55 og 87.

⁵⁹³ Sjá viðtal sem birtist við [...] í Morgunblaðinu 24. október 2013. Þar segir m.a.: „Samskip eru alþjóðlegt flutningafélag sem skipar sér sess meðal stærri gámaflutningafélaga í Evrópu. Einungis 20% af veltunni eiga rætur að rekja til Íslands. Til samanburðar tengist um helmingur umsvifa Eimskips Íslandi. [...], annar tveggja forstjóra Samskipa, segir að árið 2005 hafi erlenda starfsemin orðið meiri en sú íslenska eftir kaup á erlendum flutningafélögum. Fram hefur komið í fjölmiðlum að í tengslum við þau kaup voru höfuðstöðvagnar fluttar frá Íslandi til Rotterdam, sem er með stærri umskipunarhöfnum í heimi og sú stærsta í Evrópu. Til að varpa ljósi á hve umfangsmikill reksturinn er, þá reka Samskip 46 skrifstofur í 24 löndum í Evrópu, Asíu, Ástralíu og Norður- og Suður-Ameríku. Umsvifin kalla á um 1.400 starfsmenn. [...]

Þrátt fyrir að á móti hafi blásið í alþjóðlegu efnahagslífi hefur undirliggjandi árlegur innri vöxtur verið í kringum 6-8% hjá félaginu á undanföllum árum. Velta samstæðunnar nam um 500 milljónum evra árið 2011, var 535 milljónir árið 2012 og áætlanir gera ráð fyrir að hún verði 570 milljónir evra í ár eða 94 milljarðar íslenskra króna en eins og áður hefur komið fram koma um 20% af veltunni frá Íslandi. Til samanburðar velti Eimskip 424 milljónum evra árið 2012 eða um 70 milljörðum króna. Samskip hafa vaxið hratt á undanföllum árum, bæði með fyrirtækjakaupum og innri vexti. Til upplýsingar þá var velta Samskipasamstæðunnar um 14 milljarðar íslenskra króna árið 2002. [...] segir að fyrirtækið hafi stigið varlega til jarðar í upphafi þegar það var að koma sér fyrir erlendis. Samskip voru stofnuð árið 1990 á grunni skipadeildar Sambandsins. Fimm árum síðar opnuðu þau sínar fyrstu skrifstofur erlendis og urðu Danmörk og Holland fyrir valinu, en fram að þeim tíma voru Samskip hefðbundnið íslenskt skipafélag með umboðsskrifstofur víða um heim. „Síðan höfum við vaxið jafnt og þétt og langmest erlendis.““Sjá; mbl.is/greinasafn/grein/1484625/.



„Group EBITDA is ... slightly better than budget. This is mainly due to to extremely good results from Iceland while Countries⁵⁹⁴ are substantially behind.”

1157. Gefa samtímagögn því til kynna að stjórnendur Samskipa hafi talið að tekist hafi að „vernda” Samskip hf. sem „cash cow” samstæðunnar, sbr. einnig umfjöllun í m.a. kafla 12.2.5. Órjúfanlegur þáttur í þeirri vernd var samráð með Eimskip.
1158. Í mgr. 439 – 440 í athugasemdum Samskipa við AI eru settar fram skýringar á framangreindum ummælum (S)aðaleig-stjform-SH. Er því haldið fram að hann hafi verið að vísa til þekktrar skilgreiningar í markaðsfræðum þar sem gerður er greinarmunur á „dogs” og „cash cow”. Hafi (S)aðaleig-stjform-SH aðeins verið að benda á að Samskip á Íslandi þyrftu að verja markaðshlutdeild. Samkeppniseftirlitið getur ekki fallist á þessar skýringar, sbr. umfjöllun í kafla 25.4.4.
1159. (S)forstj og undirmenn hans héldu áfram að vinna að verkefnum tengdum framangreindum fyrirmælum (S)aðaleig-stjform-SH. Samstarf við Eimskip var rætt á fundum stjórnar Samskipa hf. og á fundum (S)aðaleig-stjform-SH og (S)forstj. Í lok mars og byrjun apríl 2008 áttu sér stað samskipti milli stjórnenda hjá Eimskip og Samskipum. Skal þessu lýst nánar.

6.7.3.1. Samskipti Eimskips og Samskipa í lok mars og byrjun apríl 2008

1160. Gögn málsins gefa til kynna að stjórnendur hjá Eimskip og Samskipum hafi hist í lok mars 2008. Um var að ræða (E)frkvstj-flutnkerf og (S)frkvstj-innanl og sýna tölvupóstsamskipti þeirra 30. og 31. mars 2008 að þeir hafi snætt saman, sbr. kafla 7.1.5.
1161. (E)frkvstj-flutnkerf var framkvæmdastjóri rekstrarsviðs Eimskips og bar ábyrgð á rekstri skipakerfis félagsins. Hann átti eftir að eiga ríka aðkomu að auknu samráði við Samskip síðar á árinu 2008, sbr. m.a. kafla 8 og 9. (S)frkvstj-innanl átti sæti í framkvæmdastjórn Samskipa en hann var á þessum tíma framkvæmdastjóri innanlandssviðs fyrirtækisins. Kom hann líka að umræddu samráði.
1162. Framangreindur (S)frkvstj-millilandasv var framkvæmdastjóri millilandasviðs (inn- og útflutningur). Samkvæmt framburði (S)frkvstj-millilandasv í skýrslutöku hjá lögreglu féll jafnframt rekstur skipakerfis fyrirtækisins undir hans ábyrgð.⁵⁹⁵ Af samtímagögnum má sjá að (S)frkvstj-millilandasv gegndi á þessum tíma mikilvægu hlutverki við að kanna mögulegt aukið samráð við Eimskip, sbr. t.d. framangreind „stúdía” sem nefnd var í höfuðið á honum („(S)frkvstj-millilandasv studía”).
1163. Í málinu eru fyrirliggjandi gögn um að (S)frkvstj-millilandasv hafi verið í samskiptum við (E)frkvstj-skiparekst á sama tíma og hann hafi haft aðkomu að framangreindum aðgerðum Samskipa. (E)frkvstj-skiparekst var á þessum tíma framkvæmdastjóri flutningsstýringar Eimskips og undir hann féllu því málefni sem tengdust framangreindri vinnu (S)frkvstj-millilandasv. Fyrirliggjandi er í málinu að (S)frkvstj-millilandasv og (E)frkvstj-skiparekst hafi áður starfað saman hjá Eimskip og (E)frkvstj-skiparekst hafi verið yfirmaður (S)frkvstj-millilandasv.⁵⁹⁶
1164. Samskipti (S)frkvstj-millilandasv og (E)frkvstj-skiparekst á þessum tíma má ráða af tölvupóstum innan Eimskips frá 2. apríl 2008:
- þannig sendi (E)rekststj-innanl tölvupóst þennan dag til (E)frkvstj-innanl (afrit til (E)frkvstj-skiparekst) með heitinu „Bakkafjara, opnun útboðs”: Sagði í honum:
„Ég hef komist að því, að það er búið að seinka opnun útboðs en veit ekki tímamörkin. Þeir sem ég talaði við hjá Siglingastofnun vissu ekki hver ný dagsetning væri.”

⁵⁹⁴ Önnur ríki í Evrópu þar sem Samskip ráku flutningastarfsemi.

⁵⁹⁵ Endurrit skýrsla [...] hjá lögreglu, bls. 3.

⁵⁹⁶ Endurrit skýrsla [...] hjá lögreglu, bls. 19.



- (E)frkvstj-skiparekst svaraði samdægurs og greindi frá samskiptum við (S)frkvstj-millilandasv vegna þessa:

„[(S)frkvstj-millilandasv] hjá Samskipum sagðist hafa tekið eftir því að við værum ekki lengur á dreifingarlistanum frekar en Nýsír og gaf sér því að við værum ekki lengur inni

*Hann sagði þá vera með ennpá, en verðið sem þeir komi til með að setja fram er líklega þrefaldur áætlaður kostnaður hins opinbera og taldi þetta algjört flopp.*⁵⁹⁷

1165. Hér var um að ræða útboð á smíði ferju til siglinga milli lands og Vestmannaeyja. Bæði Eimskip og Samskip höfðu tekið þátt í forvali en Eimskip hætti þátttöku og skilaði á endanum ekki tilboði. Það gerðu Samskip hins vegar.
1166. Samkeppniseftirlitið bendir á að Samskipum bar samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga að veita við rannsókn málsins upplýsingar um öll samskipti m.a. (S)frkvstj-millilandasv við Eimskip (og m.a. (E)frkvstj-skiparekst við Samskip).⁵⁹⁸ Veittu Samskip engar upplýsingar um þessar viðræður eða samskipti (S)frkvstj-millilandasv og (E)frkvstj-skiparekst. Það gerði Eimskip ekki heldur.
1167. Í mgr. 461 – 463 í athugasemdum Samskipa við AI er því ekki mótmælt að (S)frkvstj-millilandasv hafi rætt við (E)frkvstj-skiparekst á þessum tíma. Engar skýringar eru hins vegar settar fram af hálfu Samskipa um aðdraganda eða tilefni viðræðna þessara stjórnenda. Hins vegar eru sett fram sjónarmið til stuðnings því að samskiptin hafi verið lögmæt. Eimskip fjallaði ekki um þetta tilvik í athugasemdum sínum.
1168. Samkvæmt framansögðu hafa fyrirtækin ekki útskýrt hvort (E)frkvstj-skiparekst og (S)frkvstj-millilandasv hafi hist af tilviljun og rætt útboðið eða hvort þeir hafi fundað gagnert til að ræða útboðið eða til að ræða eitthvað annað málefni og rætt útboðið í framhjálaupi.
1169. Samkvæmt framangreindum tölvupósti (E)frkvstj-skiparekst upplýsti (S)frkvstj-millilandasv Eimskip um mjög mikilvæga þætti varðandi fyrirhugað tilboð Samskipa. Jafnvel þótt Eimskip hafi hætt við þátttöku og ekki lagt fram tilboð var félagið, á þeim tímapunkti sem samtal (E)frkvstj-skiparekst og (S)frkvstj-millilandasv átti sér stað, a.m.k. mögulegur keppinautur Samskipa í þessu útboði. Hvað sem því líður voru þessi samskipti ekki í samræmi við kröfur samkeppnisréttarins um sjálfstæði keppinauta. Þau eru einnig til vitnis um samstarf og tengsl þessara keppinauta á þessum tíma og fólu í sér brot á 10. gr. samkeppnislaga. Sjónarmið Samskipa geta ekki breytt þessu, sbr. umfjöllun í kafla 25.4.6.
1170. Verður hér jafnframt að benda á að hlutaðeigandi stjórnendur Eimskips og Samskipa, (S)frkvstj-millilandasv og (E)frkvstj-skiparekst, voru nokkrum mánuðum síðar árið 2008 á ný þátttakendur í ólögmætri upplýsingamiðlun fyrirtækjanna, sem varðaði miðlun milli keppinauta á viðkvæmum upplýsingum í tengslum við innflutning til Íslands, sbr. umfjöllun um atvik 2. júlí 2008 í kafla 8.6.

6.7.3.2. Fundur (S)forstj og (S)aðaleig-stjform-SH 3. apríl og stjórnarfundur Samskipa hf. 4. apríl 2008

1171. Þann 30. mars 2008 lauk (S)forstö-flutnstj því verkefni sem (S)forstj fól honum eins og áður segir 17. mars sama ár. Sendi hann (S)forstj þann dag glærुकynninguna „Flutningapælingar 2008“. Í henni koma fram hugmyndir um að draga úr flutningsgetu Samskipa og á einni glæru er sérstaklega fjallað um samanburð við Eimskip.⁵⁹⁹
1172. Eftir að (S)forstj hafði fengið þessar glærur (S)forstö-flutnstj sendar bókaði (S)aðaleig-stjform-SH síðar þennan sama dag, 30. mars, fund með (S)forstj þann 3. apríl 2008 með heitinu „[(S)forstj] –

⁵⁹⁷ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.203364/0.7.33.203368.

⁵⁹⁸ Bréf Samkeppniseftirlitsins til Samskipa dags. 29.01.2015, liðir 6 og 7. Bréf Samskipa og afhending gagna 10.04.2015 og 14.01.2016. Bréf Samkeppniseftirlitsins til Eimskips, dags. 23.01.2015, liðir 7 og 8. Bréf Eimskips dags. m.a. 23.01.2015 og 19.02.2016.

⁵⁹⁹ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.450517. Glæra 11.



Samskip".⁶⁰⁰ Fyrir lá að stjórnarfundur Samskipa hf. yrði haldinn daginn eftir fund (S)forstj og (S)aðaleig-stjform-SH, þ.e. 4. apríl 2008.

1173. Til undirbúnings báðum þessum fundum sendi (S)forstj eftirfarandi tölvupósta þann 2. apríl 2008:

- Í tölvupósti (S)forstj til starfsmanns Samskipa, sem annaðist undirbúning stjórnarfundarins, var hann beðinn um að stilla upp dagskrá fyrir fundinn. Sagði (S)forstj að m.a. eftirfarandi ætti að vera á dagskrá:

„b. útlit og horfur

i. magnþróun

ii. siglingakerfi

iii. aðgerðir

[...]

4. Atlantsskip.⁶⁰¹

- (S)forstj sendi einnig tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv. Þar kemur fram að (S)forstj vilji að vinnan fyrir stjórnarfund verði vönduð og óskaði hann eftir því að (S)frkvstj-millilandasv undirbyggi ýmis atriði fyrir þann fund, þ.m.t.: „Verðhækkanir- er hægt að fara í frekari hækkanir en áætlað hefur verið.“⁶⁰²
- Gögn málsins sýna að (S)forstj hafði það verklag að senda sjálfum sér tölvupóst til þess að minna sig á mikilvæg atriði eða sem lið í undirbúningi fyrir t.d. fundi. Eftir að hafa sent tölvupóstin til (S)frkvstj-millilandasv sendi (S)forstj sjálfum sér slíkan tölvupóst að kvöldi 2. apríl 2008:

„(S)aðaleig-stjform-SH fundur

hard copies - uppgjör jan/feb, markmiðsáætlun, markaður

ath uppgjör jan/feb skýrsla

Niðurstöður fundar:

-siglingakerfi

-indirects, lítið þar

-launakostnaðarþróun

-IT kerfi-innheimtur, cashflow

-skipurit

-Landflu samskip

-(S)frkvstj-millilandasv stúdia".⁶⁰³

1174. Rétt er að áréttta hér að við skýrslutöku hjá lögreglu sagði (S)forstj aðspurður að framangreind „(S)frkvstj-millilandasv stúdia" væri tilvísun til vinnu (S)frkvstj-millilandasv við „stúdíu" sem (S)forstj

⁶⁰⁰ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.450540.

⁶⁰¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.451852. Fjallað verður hér á eftir um ástæðu þess að ræða átti um Atlantsskip á stjórnarfundinum.

⁶⁰² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.451984.

⁶⁰³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.451985.



vildi halda vitneskju um innan mjög þröngs hóps, sbr. og tölvupóst (S)forstj til (S)forstö-flutnstj frá 17. mars 2008 sem lýst er hér að framan.⁶⁰⁴

1175. Í framangreindum tölvupósti (S)forstj til (S)frkvstj-millilandasv kom fram: „Verðhækkanir- er hægt að fara í frekari hækkanir en áætlað hefur verið.“ Í skýrslutöku hjá lögreglu var (S)frkvstj-millilandasv spurður hvers vegna Samskip væri þarna að skoða hækkun á verði „í ljósi minnkandi magns og lægra einingaverðs?“ Í svari (S)frkvstj-millilandasv sagði: „Ja, menn eru bara að vinna, leita leiða til þess að koma afkomunni í lag og það snýst um þetta að reyna að selja á sem hæstum verðum [...]“⁶⁰⁵ Samkeppniseftirlitið bendir hér á að rekstur Samskipa hf. gekk afar vel á þessum tíma, sbr. framangreind ummæli (S)aðaleig-stjform-SH 18. mars 2008 og eftirfarandi fundargerð vegna fundar í stjórn fyrirtækisins 4. apríl 2008. Verður að telja að áhersla (S)forstj á verðhækkun hafi tengst fyrirmælum (S)aðaleig-stjform-SH um að verja og efla Samskip hf. sem „cash cow“.
1176. Gögn málsins sýna að (S)aðaleig-stjform-SH og (S)forstj áttu fund 3. apríl 2008 hér á landi.⁶⁰⁶ Í skýrslutöku hjá lögreglu í maí 2018 sagði (S)forstj aðspurður að (S)aðaleig-stjform-SH og hann hefðu mögulega hist fyrir eða eftir stjórnarfundum almennt til að „ræða einhver mál tengd hérna business eða hverju sem það er sko“.⁶⁰⁷ Aðspurður hvort (S)forstj og (S)aðaleig-stjform-SH höfðu á fundinum 3. apríl 2008 rætt „(S)frkvstj-millilandasv stúdíuna“ voru svör hans nokkuð óljós:
- (S)forstj Ég hugsa, ég veit það ekki, ég get rey... þú veist, ég hugsa að þetta hafi verið þegar Atlandsskip hafi verið í sölumeðferð.
- HS Já.
- (S)forstj En það gæti verið að það hafi verið fyrr, ég, en ég hugsa það.⁶⁰⁸
1177. Framangreindur tölvupóstur (sem (S)forstj sendi sjálfum sér um kvöldið 2. apríl 2008) sýnir að hann hafi ætlað að mæta á fund (S)aðaleig-stjform-SH með „hard copies“ af tilteknum gögnum. Hann hafi einnig ætlað að ræða þau málefni sem tilgreind voru undir „Niðurstöðu fundar“ í tölvupósti hans. Bendir þetta eindregið til að (S)forstj hafi m.a. ætlað að ræða á fundinum við (S)aðaleig-stjform-SH og/eða stjórnarfundinum um hugsanlegt samstarf við Eimskip („siglingakerfi“)/(S)frkvstj-millilandasv „stúdía“), sbr. einnig eftirfarandi tölvupóstur hans frá 8. apríl 2008 sem lýst er í næsta kafla hér á eftir. Þessi tölvupóstur (S)forstj frá 8. apríl 2008 gefur til kynna hvað hann átti við með „markmiðsáætlun, markaður“ sem hann hugðist ræða um við (S)aðaleig-stjform-SH.
1178. Eins og rakið verður hér á eftir var (S)forstj að vinna að samstarfi við Atlantsskip á þessum tíma. Hvað sem líður framburði (S)forstj hjá lögreglu telur Samkeppniseftirlitið það hafið yfir skynsamlegan vafa að á þessum tíma hafi mjög þröngur hópur æðstu stjórnenda Samskipa á Íslandi, með aðkomu (S)aðaleig-stjform-SH, unnið að aðgerðum fyrirtækisins til að mæta mögulegum verulegum samdrætti í innflutningi og vernda Samskip sem „cash cow“ samstæðunnar, sbr. einnig eftirfarandi samtímagögn sem stafa frá (S)aðaleig-stjform-SH og varða tímabilið apríl og maí 2008. Þáttur í þessari vinnu Samskipa var mögulegt samstarf við bæði Eimskip og Atlantsskip.
1179. Sama dag og (S)forstj og (S)aðaleig-stjform-SH hittust var einnig haldinn aðalfundur hjá Kjalari hf.⁶⁰⁹ Líkt og áður segir sat (S)forstj í stjórn þessa fjárfestingarfélags (S)aðaleig-stjform-SH.
1180. Daginn eftir þessa fundi var haldinn stjórnarfundur Samskipa hf. Samkvæmt afhentri fundargerð voru mættir á fundinn 4. apríl 2008 þeir (S)forstj, (S)frkvstj-millilandasv, (S)frkvstj-fjárm, (S)stjórnarm-fjármstj og (S)stjform-S ((S)aðaleig-stjform-SH var fjarverandi). Fram kemur í fundargerð að (S)forstj hafi kynnt uppgjör fyrir tímabilið janúar – febrúar 2008 og lýst því að tekjur

⁶⁰⁴ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu bls. 78.

⁶⁰⁵ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu bls. 64.

⁶⁰⁶ Sbr. framangreind dagbókarfærsla [...]. Sjá einnig afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.450566 / 0.7.33.450579.

⁶⁰⁷ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 76.

⁶⁰⁸ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 78-79.

⁶⁰⁹ Afritaður tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.450579.



og framlegð af rekstri Samskipa hf. hafi verið umtalsvert betri en áætlanir hefðu gert ráð fyrir. Velta hafi verið 23% yfir áætlun og EBITDA 140 milljónum kr. hærrí en lagt hefði verið til grundvallar í áætlun. Sagði (S)forstj að skýringin á þessu væri verulega aukið magn í innflutningi.

1181. Á fundinum var síðan rætt um áætlun og aðgerðir vegna ársins 2008. Var þar m.a. haldin kynning og rætt um skipakerfi og hugmyndir um samstarf við keppinauta. Í fundargerðinni segir:

„[(S)forstj] kynnti að magn yrði áfram yfir áætlun í mars, og væntanlega yrðu komandi mánuðir í takt við áætlun, en verulega muni draga úr umsvifum þegar líður á haustið vegna versnandi aðstæðna í íslensku efnahagslífi.

Gripið hefur verið til ýmissa aðgerða og unnið að verkefnum víða í félaginu til að auka skilvirkni og draga úr kostnaði, sem og engar nýfjárfestingar eiga sér stað.

Siglingakerfi og kostnaðaruppygging kerfis var kynnt og umræður áttu sér stað um kerfið, ljóst er að umframafkastageta verður fyrir innflutning þegar innflutningur dregst saman á haustmánuðum. Reifaðar voru hugmyndir um hvernig hægt væri að bregðast við samdrætti í kerfi, ss með samstarfi við keppinauta. Jafnframt var upplýst að margir af stærstu viðskiptavinum Samskipa eiga í viðræðum við félagið um endurnýjun samninga.

Kynnt verður á næsta stjórnarfundum endurgerð magnáætlun fyrir það sem eftir lifir árs vegna þeirra miklu breytinga sem átt hafa sér stað, og í millitíð unnið frekar með hugmyndir varðandi siglingakerfið og hvaða aðgerðir verði gripið til.⁶¹⁰

1182. Á stjórnarfundinum hélt (S)forstj glærुकynningu.⁶¹¹ Á glæru 18 kemur fram að samstarf við Eimskip um siglingakerfi sé hluti af næstu skrefum Samskipa:

SAMSKIP Útlit og horfur Iceland

Siglingakerfi – næstu skref:

- Endurskoðuð magnáætlun
- Atlantsskip
- Samstarf við Eimskip
- Stórir samningar í endurnýjun: Húsasmiðjan, Hagar, Rúmfatalagerinn, Mest.
- Aðgerðir í takt við endurskoðaða magnáætlun, kynnt ?

Confidential - February 2008 | 18

1183. Á næstu glæru var m.a. greint frá því, varðandi horfur árið 2008, að skoða ætti möguleika á því að hækka verð til viðbótar því sem þá þegar hafði verið áætlað.

1184. Við skýrslutöku hjá lögreglu var (S)forstj spurður um ummælin um siglingakerfið í framangreindri fundargerð. Líkti hann siglingakerfi Samskipa á þessum tíma við of stór jakkaföt og sagði:

⁶¹⁰ Fundargerð stjórnar Samskipa hf. 4. apríl 2008. Afhent af Samskipum þann 22.11.2016, viðauki 6.

⁶¹¹ Glærुकynning – Stjórnarfundur Samskipa hf. 4. apríl 2008. „Stjórnarfundur [...]“. Afhent glærुकynning með fundargerð stjórnar Samskipa hf. 4.4.2008. Afhent þann 22.11.2016 viðauki 6.



„[...] það er alltaf verið að tala um að jakkafötin séu orðin of stór sko, því innflutningsverðið er að fara niður.“⁶¹²

1185. Einnig var (S)forstj spurður um hvað átt væri við með „samstarfi við keppinauta“ í þessari fundargerð stjórnar Samskipa hf. Í svari hans kom þetta fram:

(S)forstj Nei, þetta er bara, ég veit ekki af hverju hérna, þetta hefur kannski verið sett upp sem hugmynd.

HS Hvernig er þessi hugmynd?

(S)forstj Ég þekki það ekki, ég þekki það ekki.

HS Samstarf við keppinauta?

(S)forstj En það get ég fullvissað ykkur um að það hefði eitthvað slíkt verið, þá hefði það alltaf verið tilkynnt til Samkeppniseftirlitsins og farið í umfjöllun og umræður.⁶¹³

1186. (S)forstj var einnig spurður um framangreinda glæru hans þar sem vísað var til samstarfs við Eimskip:

HS Já, síðan á glæru 18: Siglingakerfi - næstu skref og þar er nefnt samstarf við Eimskip

(S)forstj Já.

HS Voruð þið í samstarfi við Eimskip þarna.

(S)forstj Nei

HS Var eitthvað rætt um að vera í samstarfi?

(S)forstj Það held ég ekki.⁶¹⁴

1187. (S)forstj var þá í þessu samhengi spurður aftur um ummælin í fundargerðinni um samstarf við keppinauta sem viðbragð við samdrætti. Í svari hans sagði:

„Nei, ég hugsa að þetta séu bara fabúleringar um sko að það séu sótsvartir stjórnálamenn sem segja: það er allt að hrynja á Íslandi og hvernig er hérna hægt að tryggja að siglingakerfið haldi í, í, á kannski réttum tíma, ég veit það ekki.“⁶¹⁵

1188. Í skýrslutöku (S)frkvstj-millilandasv sagðist hann aðspurður ekki geta útskýrt ummæli í framangreindri glæru um „Samstarf við Eimskip“. Bar (S)frkvstj-millilandasv við minnisleysi en sagði þó að „[é]g man ekki eftir því og man ekki eftir að hafa verið einhver, einhver alvarlegur þælingur um það á nokkru stigi, þar sem ég, ég kom inn í allaveganna.“⁶¹⁶

1189. Samkeppniseftirlitið bendir á að framangreind samtímagögn eru skýr og bera það ótvírætt með sér að Samskip hefðu ákveðið að grípa til aðgerða og var samstarf við Eimskip ein af þeim aðgerðum sem voru til skoðunar hjá þröngum hópi allra æðstu stjórnenda Samskipa. Þá er það ekki rétt sem fram kemur í framburði (S)forstj að Samskip hefðu á þessum tíma ekki verið í samstarfi við Eimskip. Í apríl 2008 stóð m.a. yfir samráð Eimskips og Samskipa í landflutningum og í siglingum milli Íslands annars vegar og Norður-Ameríku og Evrópu hins vegar. Efnahagshrunið, sem síðar varð, hafði ekki átt sér stað í apríl 2008 og framangreind fundargerð sýnir gott gengi Samskipa hf. á þessum tíma. Engin samtímagögn gefa það til kynna að stjórnálamenn hafi vorið 2008 beitt sér fyrir samstarfi Eimskips og Samskipa og engin slík gögn hafa verið lögð fram af hálfu Samskipa.

⁶¹² Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 79.

⁶¹³ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 80.

⁶¹⁴ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 81.

⁶¹⁵ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 82.

⁶¹⁶ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 67.



1190. Samkvæmt framansögðu töldu fyrirsvarsmenn Samskipa í apríl 2008 ljóst að það yrði „umframafkastageta“ í innflutningi síðar á árinu. Ekki kemur fram í gögnunum að komið hafi til álita hjá Samskipum að bregðast við umframgetunni með samkeppni við keppinauta. Ekki var þannig í gögnunum rætt um möguleika á því að reyna að ná viðskiptavinum frá Eimskip og stuðla þannig að betri nýtingu á skipum fyrirtækisins. Var áherslan þvert á móti að hækka verð eða vinna gegn verðlækkunum, sbr. og framangreindur framburður (S)forstj. Ber að rifja upp að á þessum tíma var mikið umrót hjá Eimskip. Forstjóri hafði skyndilega hætt störfum og fregnir höfðu verið fluttar í fjölmiðlum um mikið tap fyrirtækisins. Möguleikar á því að ná mikilvægum viðskiptavinum Eimskips yfir til Samskipa voru því meiri en ella. Þess í stað ræddu stjórnendur Samskipa um samstarf við Eimskip og möguleika á að ná fram meiri hækkun á verði en gert var ráð fyrir í áætlun. Virða ber þetta í samræmi við fyrirmæli (S)aðaleig-stjform-SH um að vernda Samskip á Íslandi sem helstu „cash cow“ samstæðunnar.
1191. Í mgr. 441 og áfram í athugasemdum Samskipa við AI er fjallað um framangreind gögn frá árinu 2008. Til skýringar á umfjöllun í þessum gögnum um samstarf við Eimskip er sagt að á þessum tíma hafi verið komnir „brestir í efnahagskerfi Íslands“ og fullkomlega eðlilegt að „stjórnendur Samskipa hafi velt upp öllum möguleikum ef allt færi á versta veg.“ Í mgr. 445 er staðhæft að aldrei hafi komið „til þess að hugmyndir Samskipa um mögulega samnýtingu flutningskerfa væru ræddar við Eimskip. Ef til þess hefði komið er ljóst að þess sæjust merki í gögnum málsins.“
1192. Samkeppniseftirlitið getur ekki fallist á þessi sjónarmið Samskipa, sbr. umfjöllun í köflum 25.4.6 og 25.4.7.
- 6.7.3.3. (S)forstj fundar með (S)aðaleig-stjform-SH og Samskipum Holding 8. apríl 2008
1193. (S)forstj var í Rotterdam 7. og 8. apríl 2008.⁶¹⁷ Þann 8. apríl bera gögn málsins með sér að (S)forstj hafi a.m.k. komið inn á fund hjá Samskipum Holding (á fundinum voru m.a. (S)aðaleig-stjform-SH, (S)stjórnarm-fjármstj og (S)forstj-frystig). Gögn málsins sýna einnig að (S)forstj var bókaður á fund með (S)aðaleig-stjform-SH þennan dag.⁶¹⁸ Þennan sama dag sendi (S)forstj eftirfarandi tölvupósta:
- Klukkan 9:03 að íslenskum tíma sendi (S)forstj tölvupóst til (S)aðaleig-stjform-SH (rétt fyrir upphaf fundarins sem átti að hefjast kl. 9 að íslenskum tíma (11 að hollenskum tíma)).⁶¹⁹ Í tölvupósti (S)forstj kemur fram upptalning á fimm verkefnum og síðan aðferðum til þess að kanna eða mæla hvort markmiðum með þeim hefði verið náð. Um er að ræða töflu þar sem m.a. eftirfarandi kemur fram (fyrirliggjandi gögn sýna að þessi tafla átti eftir að verða grunnur að mælikvörðum fyrir mögulega bónusgreiðslu til (S)forstj, sjá nánari umfjöllun í kafla 7.6.1):

⁶¹⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.453155.

⁶¹⁸ [...] Doc. ID. 0.7.33.453160/0.7.33.453171. Eins og verður vikið að síðar vistar [...] hjá sér word skjalið „skema.doc“ þann 20.5.2008 (sama dag og [...] tekur til starfa). Afritað tölvupóstskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.11006. Þar hefur þessi tafla frá 8. apríl verið unnin frekar. Þessi tafla verður grundvöllur að viðauka 2-bónusskema við ráðningarsamning [...]. Ráðningarsamningurinn er óundirritaður en dagsettur 1. júlí 2008.

⁶¹⁹ [...] Doc. ID. 0.7.33.453160/0.7.33.453171. Eins og verður vikið að síðar vistar [...] hjá sér word skjalið „skema.doc“ þann 20.5.2008 (sama dag og [...] tekur til starfa). Afritað tölvupóstskjal frá Samskipum. Finnst á heimasvæði [...]. Doc. ID. 0.7.33.11006. Þar hefur þessi tafla frá 8. apríl verið unnin frekar. Þessi tafla verður grundvöllur að viðauka 2-bónusskema við ráðningarsamning [...]. Ráðningarsamningurinn er óundirritaður en dagsettur 1.07.2008.



		Mæling / markmið
Stefnumótun:		
Stefnumörkun	-skýr sýn og staðsetning félags á hinum ýmsu mörkuðum er félagið starfar á, á Íslandi og í Færeyjum.	-vinna kynnt í október 2008 og endanlega samþykkt í febrúar 2009.
Skipurit	-skipuritið styðji við framtíðar stefnumótun félags. -mönnum í lykilstöður til skemmri og lengri tíma.	-náð samstarf við █████
Markaðsstaða	-viðhalda núverandi markaðsstöðu á komandi ári. -einblína á að hækka einingaverð.	Sbr markaðshlutdeildarskýrslu

Kerfi	-koma með skýrar tillögur að hámmörkun arðsemi flutningakerfa til skemmri og lengri tíma.	Kynnt á stjórnarfundum
--------------	---	------------------------

- Klukkan 15:02, 8. apríl 2008, sendi (S)forstj tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv. Bað hann (S)frkvstj-millilandasv um að láta framkvæma eftirfarandi; „taka saman á eina síðu yfirlit yfir siglingakerfi markaðarins á Íslandi, þ.e. eimskip, samskip og atlantsskip, evrópa/usa, og tilgreina capacity hvers aðila, heild og niður á skip. [(S)aðaleig-stjform-SH] þarf að fá þetta fyrir lok vinnudags á morgun.....thanks...“⁶²⁰

1194. (S)frkvstj-millilandasv framsendi síðar um daginn tölvupóst frá (S)forstö-flutnstj til (S)forstj og sagði: „Hér er þetta v/Eimskip og Samskip eins og staðan er í dag – þú ert með flutningsgetu atlantsskipa ekki satt?“⁶²¹

1195. Samskip hafa ekki afhent fundargerð vegna framangreinds fundar hjá Samskipum Holding. Hið sama á við um fund (S)forstj og (S)aðaleig-stjform-SH. Slík gögn hafa heldur ekki fundist við rannsókn Samkeppniseftirlitsins.

6.7.3.4. Atvik frá 9. til 18. apríl 2008

1196. Að kvöldi 9. apríl 2008 sendi (S)frkvstj-millilandasv tölvupóst til (S)forstj þar sem segir; „hér kemur smá stúdía á flutningsgetu á markaðnum.“ Meðfylgjandi tölvupósti (S)frkvstj-millilandasv var excel-skjal með heitinu „Flutningsgeta 2008.04.xls“. Síðan sagði (S)frkvstj-millilandasv um „stúdíuna“ í skjalinu:

„Sheet 01.2008 sýnir flutningsgetu á markaði áður en við stækkuðum okkar skip og eftir að Eimskip breytti sinni áætlun þ.e. integrate á FO inn í heildarkerfið.

Sheet 05.2008 sýnir flutningsgetu á markaði eftir að við erum komnir með bæði stóru skipin inn og Eimskip búið að auka tíðni á USA sem eykur flutningsgetu þeirra lítilla.

Sheet 07.2008 sýnir einn möguleika á því hvernig markaðurinn gæti litið út. Hér er okkar kerfi óbreytt, Eimskip búnir að skala sig niður og gera ákv. breytingar á rútnum til þess að geta áfram

⁶²⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.453520.

⁶²¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.453687. Daginn eftir sendi [...] aftur svar til [...] með viðhengi. Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.453835. Í viðhengi er skjalid „Flutningsgeta 2008.04.xls“.



sinnt VES. Nesskip komið inn og farnir að flytja fyrir Alcan og Atlantsskip búið að skala sig niður í eitt skip á 10,5 daga tíðni."⁶²²

1197. Morguninn eftir, 10. apríl 2008, áframsendi (S)forstj framangreindan tölvupóst (S)frkvstj-millilandasv og fylgiskjal til (S)aðaleig-stjform-SH. Þar sagði (S)forstj: „Sælir - meðfylgjandi sendi uppl um siglkerfin fyrir Ísland, hér eiga sér stað breytingar, og því stillt upp mv nokkrar dagsetningar.“⁶²³
1198. Nokkrum mínútum eftir að (S)forstj sendi til (S)aðaleig-stjform-SH 10. apríl 2008 áður nefnd gögn með „stúdíu“ (S)frkvstj-millilandasv sendi (S)forstj annan tölvupóst til (S)aðaleig-stjform-SH, þá með heitinu „CTG Eimskip“. Tölvupósturinn var án meginmáls eða skýringa frá (S)forstj en meðfylgjandi var glærुकyning „ctg eimskip.ppt“. Glærुकyning þessi innihélt sjö glærur með yfirliti yfir Eimskip-CTG. Eimskip-CTG var norskt dótturfélag Eimskips sem sérhæfði sig í flutningum á frystum og kældum sjávarafurðum. Fyrirtækið var hluti af flutningsþjónustuneti Eimskips með sjóflutninga á frystum og kældum sjávarafurðum milli Íslands og Evrópu. Í glærunum sem (S)forstj sendi (S)aðaleig-stjform-SH var starfsemi Eimskips-CTG rakin. Þar var jafnframt að finna umfjöllun um skip Eimskips og skipakerfi milli Íslands og Evrópu sett upp á myndrænan hátt. Rétt er að geta þess stuttlega hér að dótturfélag Samskipa, Silversea, var eins og Eimskip-CTG norskt skipafélag sem sérhæfði sig í flutningum á frystum og kældum sjávarafurðum. Nánar verður vikið að þessu síðar í ákvörðuninni.
1199. Samkeppniseftirlitið hefur ekki fundið að (S)aðaleig-stjform-SH hafi svarað fyrrgreindum tölvupóstum frá (S)forstj 10. apríl 2008 skriflega, en ítrekað skal að annars vegar siglingakerfi Eimskips og Samskipa í siglingum til og frá Íslandi og hins vegar Eimskip-CTG og Silver Sea urðu hluti af auknu samráði Eimskips og Samskipa sem hófst í byrjun júní 2008, sbr. umfjöllun hér síðar.
1200. Áður nefnd áframsending (S)forstj til (S)aðaleig-stjform-SH á gögnum (S)frkvstj-millilandasv (10. apríl 2008) var borin undir (S)frkvstj-millilandasv í skýrslutöku hjá lögreglu. (S)frkvstj-millilandasv kvaðst kannast við þessi gögn sem (S)forstj áframsendi. Þegar (S)frkvstj-millilandasv var inntur eftir því af hvaða tilefni (S)aðaleig-stjform-SH væri að biðja um þessi gögn svaraði hann: „Ég held að það sé bara óskað eftir því til þess að átta sig á stöðunni í umhverfinu, stöðunni okkar miðað við aðra keppinauta og bara í ljósi þessarar, þessa ástand og umræðu allrar sem er í, er hérna í, búin að vera í gangi á stjórnarfundunum.“ Tók (S)frkvstj-millilandasv einnig fram að þessi vinna væri „hlutur“ sem „við gerum mjög oft“. Aðspurður um þýðingu þess að gögnin væru send í kjölfar stjórnarfundar 4. apríl 2008, þar sem rætt hafi verið um samstarf við Eimskip, gerði (S)frkvstj-millilandasv lítið úr því og svaraði: „Þetta er bara greining á markaðnum í heild“. Síðar sagði (S)frkvstj-millilandasv að þetta hefði ekkert að hans mati að gera með það „hvort menn ætla í samstarf eða ekki“. Síðan kvaðst (S)frkvstj-millilandasv hins vegar ekki vita í hvaða samhengi (S)aðaleig-stjform-SH væri að kalla eftir gögnunum og ekki vita hvað (S)aðaleig-stjform-SH ætlaði að gera með þær upplýsingar sem (S)frkvstj-millilandasv hafði tekið saman um Eimskip.⁶²⁴
1201. Samkeppniseftirlitið hefur rannsakað samtímagögn stjórnenda Samskipa. Sú rannsókn styður alls ekki þá staðhæfingu (S)frkvstj-millilandasv að þessi skoðun (S)aðaleig-stjform-SH og rík aðkoma hans hafi verið „hlutur“ sem væri mjög tíður hjá Samskipum. Þá er því við að bæta að þessi framburður (S)frkvstj-millilandasv rennir stoðum undir samtímagögn sem gefa skýrt til kynna að vinna að auknu samstarfi með Eimskip hafi verið framkvæmd af (S)aðaleig-stjform-SH og (S)forstj á þessum tíma.
1202. Við skýrslutöku (S)forstj hjá lögreglu í maí 2018 voru framangreind gögn borin undir hann. Aðspurður um ástæðu þess að (S)aðaleig-stjform-SH bað um gögnin frá (S)frkvstj-millilandasv sagði (S)forstj

⁶²² Afhentur tölvupóstur frá Héraðssaksóknara dags. 04.01.2018. [...] Doc. ID. 0.7.321.164364.

⁶²³ Afhentur tölvupóstur frá Héraðssaksóknara dags. 04.01.2018. [...] Doc. ID. 0.7.321.164364.

⁶²⁴ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 68 – 69.



að hann héldi að (S)aðaleig-stjform-SH hefði haft áhyggjur af samdrætti í innflutningi. Aðspurður kvaðst (S)forstj ekki vita hver hafi haft frumkvæði að því að þessi vinna var unnin.⁶²⁵

1203. (S)forstj var einnig spurður um tölvupóstinn sem hann sendi (S)aðaleig-stjform-SH þar sem fram kom umfjöllun um Eimskip-CTG. Kvaðst hann ekki vita af hverju hann hefði gert það. Þá var hann spurður að því hvort Eimskip og Samskip hefðu rætt saman um þetta dótturfélag Eimskips og svaraði hann því neitandi.⁶²⁶
1204. Eftir að lögregla hafði borið undir (S)forstj „Nýtt upphaf“ glæsur Eimskips frá byrjun júní 2008 breyttist framburður hans. Sagði hann þá að „sjálfsagt“ tengdust gögnin um Eimskip-CTG sem hann sendi (S)aðaleig-stjform-SH 10. apríl 2008 því sem fram hefði komið í umræddri glærुकynningu Eimskips.⁶²⁷
1205. Sama dag og (S)forstj sendi áður nefnd gögn til (S)aðaleig-stjform-SH um Eimskip og Eimskip-CTG sendi (S)forstj-frystig tölvupóst til (S)aðaleig-stjform-SH með heitinu „Eimskip-Coldstore“. Sem fyrr segir var (S)forstj-frystig framkvæmdastjóri Samskipa Logistics og hafði umsjón m.a. með frysti- og kæligeymslu Samskipa erlendis. Ljóslega er um að ræða mikilvæga starfsemi tengda útflutningi á fiskafurðum m.a. frá Íslandi og Noregi. (S)forstj-frystig sat áður nefnda fundi Samskipa Holding á þessum tíma, sbr. fyrri umfjöllun.
1206. Í tölvupósti (S)forstj-frystig vísaði hann til fundar þeirra (S)aðaleig-stjform-SH tveimur dögum fyrr, þ.e. áður nefnds fundar hjá Samskipum Holding þann 8. apríl 2008. Í tölvupóstinum til (S)aðaleig-stjform-SH fjallaði (S)forstj-frystig um frystigeymslur Eimskips í Hollandi (Daalimpex), Bretlandi (Innovate) og Norður-Ameríku (Atlas og Versacold): „confirm that we will prepare a one page note on daalimpex and their activities. In terms of innovate in the uk we understand that they are in a mess - in terms of the american coldstores (ex atlas and ex versacold) it is difficult to see a single buyer for these and it is probably more realistic to spin them off in smaller packages to relevant regional interests. Eimskip will likely get the most for their assets by selling them through a formal bid process through a bank or a consultancy firm. Pwc denmark last year sold unifeeder through such concept and very successfully. When do y need the paper on daalimpex?“⁶²⁸
1207. Hafði (S)aðaleig-stjform-SH þannig kallað sérstaklega eftir minnisblaði (S)forstj-frystig um frysti- og kæligeymslustarfsemi Eimskips í Hollandi sem rekin var í gegnum dótturfélagið Daalimpex.
1208. Við skýrslutöku (S)forstj hjá lögreglu kvaðst hann ekkert vita um þessi samskipti (S)aðaleig-stjform-SH og (S)forstj-frystig. Var honum bent á að hann hefði sama morgun sent (S)aðaleig-stjform-SH gögn um Eimskip-CTG og gögn um m.a. siglingakerfi Eimskips deginum á undan. Var (S)forstj spurður á ný af hverju (S)aðaleig-stjform-SH hefði kallað eftir þessum gögnum. Kvaðst (S)forstj ekki vita það.⁶²⁹
1209. Samkeppniseftirlitið hefur ekki undir höndum svar (S)aðaleig-stjform-SH við framangreindum tölvupósti (S)forstj-frystig. Líkt og skipakerfin voru kæli- og frystigeymslur Eimskips og Samskipa einn þáttur í „Nýju upphafi“ verkefni fyrirtækjanna sem hófst í júní 2008, sbr. umfjöllun hér síðar í ákvörðun þessari.
1210. Samkvæmt framansögðu er ljóst að (S)aðaleig-stjform-SH hafði fengið senda þrjá tölvupósta 10. apríl 2008 sem allir vörðuðu Eimskip:
- Tölvupóst frá (S)forstj sem innihélt umfjöllun um mögulegar breytingar á siglingakerfi Eimskips í siglingum til og frá Íslandi.

⁶²⁵ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 83-84.

⁶²⁶ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 84.

⁶²⁷ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 84 og 110 – 111.

⁶²⁸ Afhentur tölvupóstur frá Héraðssaksóknara dags. 04.01.2018. [...] Doc. ID. 0.7.321.164361.

⁶²⁹ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 84 – 85.



- Tölvupóst frá (S)forstj sem innihélt umfjöllun um Eimskip-CTG.
- Tölvupóst frá (S)forstj-frystig sem innihélt umfjöllun um frystigeymslurekstur Eimskips og staðfestingu (S)forstj-frystig á því að hann myndi vinna minnisblað um Daalimpex, dótturélag Eimskips.

1211. Hér til viðbótar ber að horfa til tölvupósts sem starfsm-Egla, starfsmaður Eglu, sendi (S)stjform-S þann 18. apríl 2008.

1212. Eins og fyrr segir var Kjalar fjárfestingafélag í eigu (S)aðaleig-stjform-SH. (S)stjform-S var framkvæmdastjóri þess og (S)forstj stjórnarformaður. Dótturfélag Kjalar var Egla. (S)stjform-S var einnig framkvæmdastjóri þess, (S)aðaleig-stjform-SH var stjórnarformaður og (S)forstj sat einnig í stjórninni. Auk þess að vera framkvæmdastjóri Kjalar og Eglu sat (S)stjform-S í stjórn Samskipa hf. og Samskipa Holding.

1213. Í umræddum tölvupósti starfsm-Egla til (S)stjform-S sagði m.a.:

*„Eimskip Analysis – [(S)aðaleig-stjform-SH] has asked me to do a more detailed analysis of Eimskip which I will do over the next two weeks“.*⁶³⁰

1214. Er þannig ljóst að (S)aðaleig-stjform-SH hafði fyrir 18. apríl 2008 falið starfsm-Egla að skoða starfsemi Eimskips og síðan óskað eftir frekari greiningu. Í kafla 6.7.5 er gerð grein fyrir tölvupósti sem starfsm-Egla sendi (S)forstj þann 22. apríl 2008. Í tölvupóstinum óskaði starfsm-Egla eftir upplýsingum um Eimskip á Íslandi og um dótturfélögin Eimskip-CTG og Containerships. Jafnframt óskaði starfsm-Egla eftir því að eiga samtal við (S)forstj um Eimskip. Í sama kafla er gerð grein fyrir skýrslu sem starfsm-Egla sendi (S)stjform-S 12. maí 2008. Í skýrslunni er m.a. lýst miklum ábata af samráði Eimskips og Samskipa í siglingum til og frá Íslandi.

1215. Að mati Samkeppniseftirlitsins er ljóst að framangreint var liður í undirbúningi að auknu samráði Eimskips og Samskipa sem hófst í júní 2008.

6.7.3.5. Tölvupóstar (S)forstj frá 18. apríl 2008

1216. Eins og fram kom hér að framan sendi (S)forstj tölvupóst til (S)aðaleig-stjform-SH þann 8. apríl 2008 þar sem talin voru upp tiltekin verkefni hans og hvernig ætti að mæla árangur (S)forstj við að inna þau af hendi. Meðal þessara verkefna var að „viðhalda núverandi markaðsstöðu“ Samskipa hf., „einblína á að hækka einingaverð“ og tillögur að „hámarksáhrif flutningakerfa“. Við mat á þessum og öðrum framangreindum gögnum verður einnig að hafa í huga tölvupósta sem (S)forstj sendi 18. apríl 2008.

1217. Klukkan 9:58 18. apríl 2008 sendi (S)forstj eftirfarandi tölvupóst til (S)aðaleig-stjform-SH:

„Varðandi privat málin, staðan skv:

Samningur

ég hafði beðið þig um að huga að termination klausu, ég bjalla á þig síðar í dag og við ræðum.

Kjalar - söluréttur-myndir þú koma með verðmat á Kjalar, og ég myndi svo láta [...] stilla upp samningi.

*Ég er svo rétt að verða búinn með mælikvarðana sem við ræddum um í sl viku, kynni fyrir þig er við hittumst í næstu viku.“*⁶³¹

⁶³⁰ Afhentur tölvupóstur frá Héraðssaksóknara dags. 04.01.2018. [...] Doc. ID. 0.7.321.67039.

⁶³¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.456901.



1218. Telja verður að hugtakið „*mælikvarðarnir*“ vísi til framangreinds tölvupósts sem (S)forstj sendi (S)aðaleig-stjform-SH þann 8. apríl 2008.

1219. Klukkan 10:26 þann 18. apríl sendi (S)forstj eftirfarandi tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv:

„Vísu í umræður okkar um breytingar á markaði, þe minnkandi magns í innflutningi, sé sæi fyrir mér vinnu við eftirfarandi þætti:

Endurgerð magnáætlana

-uppreikn á áhrifum breytinga

Verðhækkanir

-áhrif umfram áætlanir

[...]

Aðgerðir til þess að bregðast við breytingum

-siglingakerfi

-terminal

-indirect, þmt starfsfólk og markmið um að auka skilvirkni

-gámar

-geymslur etc ...

[...]

Siglingakerfi

-tækifæri á markaði, Eimskip/Atlantsskip

Kynning fyrir framkvæmdastjórn

Kynning fyrir stjórn á næsta stjórnarfund, sem yrði væntanlega 9. maí

*Ég myndi vilja eiga með þér stöðufund um ofangreint nú á föstudag 25 í næstu viku.*⁶³²

1220. Samkvæmt dagbók (S)forstj bókaði hann 18. apríl 2008 fund með (S)frkvstj-millilandasv „*Stöðufundur – breytingar á markaði*“ sem var settur á dagskrá 29. apríl 2008.⁶³³

1221. Við skýrslutöku hjá lögreglu var (S)forstj spurður um þessi ummæli í framangreindum tölvupósti: „*Siglingakerfi -tækifæri á markaði, Eimskip/Atlantsskip*“. Svaraði hann með þessum hætti:

(S)forstj Æi, mér finnst þetta alltaf vera sömu umræðurnar um, þetta eru þessar kerfispælingar sem ég er alveg viss um að sé enn í dag þvilit magn af pælingum, greiningum fram og til baka um, um herna stöðu á markaði, stærð, breytingar í vörflokkun, herna byggingarvara, af hverju [óskýrt] að draga saman, hvernig er þetta og þetta. Þannig að ég hef ekkert meira við þetta að bæta.

HS Ókei. Ekkert við þetta að bæta herna: Siglingarkerfið - ...

⁶³² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.456950.

⁶³³ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.456951.



(S)forstj Nei.

HS ... tækifæri á markaði Eimskip/Atlandsskip?

(S)forstj Nei, ég hef ekkert við það að bæta. [...]”⁶³⁴

1222. Klukkan 15:26 þann 18. apríl 2008 sendi (S)forstj tölvupóst til stjórnarmanna Samskipa hf. ((S)aðaleig-stjform-SH, (S)stjform-S og (S)stjórnarm-fjármstj) og boðaði til stjórnarfundar í byrjun maí en fundurinn var haldinn 13. maí 2008. Í tölvupóstinum segir (S)forstj eftirfarandi:

„Við erum að vinna hörðum höndum að þeirri vinnu sem rædd var á sl. stjórnarfund, þe:

Millilandaflutningar

*-endurskoðuð magnáætlun verður kynnt, sem og aðgerðir sem gripið verður til vegna fyrirséðs magnsamdráttar í innflutningi, þmt verðhækkanir umfram áætlanir, vangaveltur varðandi siglingakerfi (atlskip, eimskip) og aðrar aðgerðir sem gripið verður til.”*⁶³⁵

1223. Vísaði (S)forstj þannig til stjórnarfundar Samskipa hf. 4. apríl 2008. Á þeim stjórnarfund hafði verið rætt um aðgerðir sem grípa átti til tengt m.a. breytingum á siglingakerfinu. Einn liður í því sem þar var rætt var „Samstarf við Eimskip“, sbr. umfjöllun hér að framan. Tveimur vikum síðar upplýsti (S)forstj stjórnarmenn í framangreindum tölvupósti að unnið væri hörðum höndum við aðgerðirnar og þær kæmu aftur til umræðu stjórnarinnar á næsta fundi hennar. Það vekur eftirtekt að við skýrslutöku hjá lögreglu sagðist (S)forstj ekki „þekkja það“ hvort hann væri í þessum tölvupósti til stjórnarinnar 18. apríl 2008 að vísa til umræðunnar á fundi stjórnarinnar frá 4. apríl 2008.⁶³⁶

6.7.3.6. Samantekt

1224. (S)aðaleig-stjform-SH var aðaleigandi Samskipa og næst stærsti hluthafi í Kaupping banka. Á fyrstu mánuðum ársins 2008 átti (S)aðaleig-stjform-SH og tengd félög í vandræðum vegna verðfalls á hlutabréfum Kaupspings og veðkalls Citibank, sbr. m.a. framangreinda fundargerð vegna fundar lánanefndar Kaupspings 18. mars 2008.

1225. Þennan sama dag og fundurinn hjá Kauppingi var haldinn, 18. mars 2008, lýsti (S)aðaleig-stjform-SH því yfir á fundi hjá Samskipum Holding að mikilvægt væri að vernda stöðu Samskipa á Íslandi innan samstæðunnar sem „cash cow“. Sat (S)forstj þann fund. Í trúnaðargagni frá (S)aðaleig-stjform-SH, sem sent var æðstu stjórnendum Samskipa 25. mars 2008, kom fram að Samskip á Íslandi ættu að skila enn meiri framlegð en áður.

1226. Í framburði (S)forstj hjá lögreglu kom fram að „menn“ hefðu á þessum tíma „áhyggjur af stöðunni, miklar áhyggjur af stöðunni [...]“.

1227. (S)forstj og (S)aðaleig-stjform-SH ákváðu þann 31. mars 2008 að hittast 3. apríl 2008. Tölvupóstur (S)forstj frá 2. apríl 2008 gefur til kynna að þeir hafi ætlað að ræða hugmyndir sem þá voru uppi um að bregðast við fyrirhugaðri minnkun á flutningamagni, m.a. með samvinnu við Eimskip. Einnig átti að ræða „markmiðsáætlun, markaður“. Þeir hittust síðan aftur nokkrum dögum seinna í Rotterdam. (S)forstj sendi þann 8. apríl 2008 umrædda „markmiðsáætlun, markaður“ (sem hann nefndi í tölvupósti 18. apríl 2008 „mælikvarðarnir“) til (S)aðaleig-stjform-SH og sama dag bað hann um að (S)aðaleig-stjform-SH yrði sent strax „yfirlit yfir siglingakerfi markaðarins á Íslandi, þ.e. eimskip, samskip og atlantsskip, evrópa/usa“. Það gekk eftir en þann 10. apríl 2008 áframsendi (S)forstj til (S)aðaleig-stjform-SH umbeðin gögn og það sem (S)forstj nefndi [...], sem fól m.a. í sér aukið samstarf við Eimskip vegna væntanlegs samdráttar í innflutningi.

⁶³⁴ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 90 – 91.

⁶³⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.457099.

⁶³⁶ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 91.



1228. Umrædd markmiðsáætlun/mælikvarðarnir voru síðan í tölvupósti (S)forstj til (S)aðaleig-stjform-SH frá 18. apríl 2008 tilgreindir sem hluti af „*prívat*“ málum (S)forstj. Sem fyrr segir fólst í þessari áætlun að það ætti að „*viðhalda núverandi markaðsstöðu*“ og „*einblína*“ á verðhækkunar. Jafnframt átti að „*koma með skýrar tillögur um hámarkun arðsemi flutningakerfa til skemmri og lengri tíma.*“
1229. Framangreint var og í samræmi við stefnumörkun á vettvangi stjórnar Samskipa hf. Í henni sátu sem fyrir segir (S)aðaleig-stjform-SH, (S)stjform-S og (S)stjórnarm-fjármstj. Sýna gögnin að (S)forstj ræddi við stjórnarmenn um siglingakerfi, mögulegt samstarf við Eimskip og „*verðhækkunar umfram áætlanir*“, sbr. m.a. gögnin vegna stjórnarfundarins 4. apríl 2008 og tölvupóst (S)forstj til stjórnarmanna 18. apríl 2008.
1230. Hér skipta einnig miklu máli tölvupóstarnir sem (S)forstj-frystig og (S)forstj sendu (S)aðaleig-stjform-SH þann 10. apríl 2008. Í þeim var að finna framangreinda [...] auk umfjöllunar um m.a. dótturfélög Eimskips, Daalimpex og Eimskip-CTG. Þessi félög, auk félaga Samskipa í samskonar starfsemi, voru ásamt m.a. siglingakerfum og landflutningum, andlag þess samráðs sem hófst a.m.k. í byrjun júní 2008. Þá ber og að hafa í huga tölvupóst starfsm-Egla til (S)stjform-S 18. apríl 2008 sem sýnir að (S)aðaleig-stjform-SH hafði fyrir 18. apríl 2008 falið starfsm-Egla að skoða starfsemi Eimskips og síðan óskað eftir frekari greiningu. Slík greining birtist í skýrslu Egla sem lýst í kafla 6.7.5.
1231. Allt framangreint ber og að virða í ljósi þess samnings sem (S)forstj og (S)aðaleig-stjform-SH luku loks við þann 1. júlí 2008. Um var að ræða nýjan ráðningarsamning við (S)forstj.⁶³⁷ Í viðauka við hann var mælt fyrir um „*einstakan bónus*“ til handa (S)forstj ef hann næði „*eftirfarandi árangri í starfi*“. Eru í viðaukanum (sem nefndur var „*Bónus skema*“) talin upp nokkur verkefni og áherslur í þeim. Um var að ræða tugmilljóna króna bónus og skyldi hann greiðast (S)forstj 15. mars 2009. Er viðaukinn í forni töflu sem að uppsetningu og efni er svipuð og taflan sem (S)forstj sendi (S)aðaleig-stjform-SH 8. apríl 2008 (markmiðsáætlun/mælikvarðarnir). Um þennan samning er nánar fjallað í kafla 7.6.1 hér á eftir.
1232. Eins og Samkeppniseftirlitið mun nánar rökstyðja telur það að (S)aðaleig-stjform-SH hafi með loforði um verulega bónusgreiðslu hvatt (S)forstj til að beita sér fyrir að vernda stöðu og arðsemi Samskipa með m.a. ólögsmætu samráði við Eimskip. Framangreind gögn frá mars og apríl 2008 eru undirbúningur þessa. Auk þessa sýna þau almennt undirbúning að því samráði sem hófst í júní 2008.
1233. Saman gefa þessi gögn til kynna að (S)aðaleig-stjform-SH, (S)forstj og aðrir æðstu stjórnendur Samskipa hafi á þessum tíma talið samráð við Eimskip heppilegustu leiðina til að vernda stöðu Samskipa á Íslandi sem „*cash cow*“. Að mati Samkeppniseftirlitsins var þessi undirbúningur Samskipa, sem og persónuleg tengsl stjórnenda Samskipa við nýjan forstjóra Eimskips, ein ástæða þess að hið umfangsmikla samráð hófst svo skömmu eftir að nýr forstjóri Eimskips tók við, sbr. einnig umfjöllun hér á eftir.
1234. Í mgr. 442 – 455 í athugasemdum Samskipa við AI er fjallað um framangreind atvik frá mars og apríl 2008. Mótmæla Samskip því m.a. að (S)aðaleig-stjform-SH hafi hvatt (S)forstj til samráðs við Eimskip með loforði um bónusgreiðslu. Þá er staðhæft að Samskip hafi aldrei rætt við Eimskip um það mögulega samstarf sem fjallað er um í framangreindum gögnum. Er því þannig alfarið mótmælt að þessi gögn gefi til kynna ólögsmætt samráð við Eimskip eða undirbúning að því. Þessi sjónarmið Samskipa geta ekki breytt framangreindu mati Samkeppniseftirlitsins og eru ekki í samræmi við samtímagögn. Er fjallað um þetta í kafla 25.4.

⁶³⁷ Samningur milli Samskipa hf. og [...], dags. 1. júlí 2008. [...] sendi eintak af þessum samningi til [...] með tölvupósti dags. 17. mars. Afritaður tölvupóstur frá Samskip. Frá [...] til [...]. „*án heitis*“, dags. 17.03.2009, kl. 09:51. Doc ID. 0.7.33.579260.



6.7.4. Samvinna við Atlantsskip

1235. Í málinu hefur þýðingu að á fyrstu mánuðum ársins 2008 fækkaði um einn sjálfstæðan keppinaut á sjóflutningsmarkaðnum hér á landi þegar Atlantsskip hættu sjóflutningum. Samkvæmt samtímagögnum frá Eimskip og Samskipum var þetta talið hafa þau áhrif að samkeppni í áætlunarsiglingum myndi minnka eða „róast“. Verður að telja að brotthvarf Atlantsskipa af markaðnum hafi skapað frekari skilyrði til þess að ólögmeitt samráð Eimskips og Samskipa gæti skilað árangri og staðið yfir í talsverðan tíma.
1236. Sem fyrr segir sat (S)forstj þann 18. mars 2008 fund með (S)aðaleig-stjform-SH þar sem sá síðarnefndi setti fram þau fyrir mæli að vernda Samskip á Íslandi sem „cash cow“. Framangreind gögn sýna að Samskip höfðu ákveðið að grípa til aðgerða árið 2008 og horfðu m.a. til aukins samstarfs við Eimskip í þeim efnum. Einnig er í þessum gögnum frá Samskipum minnst á Atlantsskip og ljóst er að (S)forstj reyndi að fá Atlantsskip til samstarfs.
1237. Þannig liggur fyrir að 26. mars 2008 sendi (S)forstj tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv og gerði honum grein fyrir samtali sínu við [...] framkvæmdastjóra Atlantsskipa:
- „Opnaði við [...] hugsanlegt samstarf milli félaganna á þá vegu að þeir loki núverandi félagi og við setjum upp nýtt félag um rekstur atlantsskipa í 50/50 eigu okkar, þeir hætti skipa og gámarekstri, og verði forwarðer hjá okkur, svipað og við gerðum í oslofirðinum með lys line hér í gamla daga. Þeir væru með exit eftir tvö ár, háð því hvernig hefði tekist til, en hugmynd sem sagt að reka í óbreyttri mynd að sem mestu fram að þeim tíma. Það sem við sæjum í því er ná í þessi ca 10 þús teu, ca 500 mkr. í fastakostnaðarkerfi okkar næstu árin, sem og að losa út keppinaut.“⁶³⁸*
1238. Tveimur dögum seinna (28. mars 2008) sendi (S)forstj fundarboð til (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1, (S)forstö-útlfl, (S)forstö-flutnstj og (S)frkvstj-Jóna og sagði „afar mikilvægt“ að þeir gætu mætt á fund um Atlantsskip kl. 14:30 sama dag.⁶³⁹
1239. Sem fyrr segir sendi (S)forstj þann 31. mars 2008 tölvupóst vegna stjórnarfundar sem halda átti 4. apríl 2008. Sagði í honum að á stjórnarfundinum yrði rætt m.a. um Atlantsskip og „magn-kerfi-aðgerðir“.⁶⁴⁰ Einnig sendi hann fundarboð þann 31. mars 2008 til m.a. (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-útlfl og í fundarboðinu bað (S)forstj um að gerður yrði samanburður á verði Samskipa og Atlantsskipa.⁶⁴¹
1240. Daginn eftir, 1. apríl 2008, sendi (S)forstj tölvupóst til [...] hjá Atlantsskipum. Í honum áréttaði hann hugmyndina um samstarf milli fyrirtækjanna.⁶⁴² Í tölvupóstinum sagði:
- „Eins og áður sagði, þá tel ég einu leiðina að við bindum hagsmuni félaganna fjárhagslega saman eigi að koma til árangursríks samstarfs.*
- Ég tel að við getum skapað verðmæti fyrir báða aðila, sem byggist á hugmyndum sem ég hef minnst á við þig, þe sameiginlegt félag rekið af ykkur, og það muni taka ár eða tvö að skapa þessi verðmæti. Við myndum eiga 50% í félaginu á fyrri stigum, en hefðum option á kaupum á öðrum 50% á ákveðnum tíma liðnum. Það yrði ákveðið gólf á kaupverði, sem og þak - bilið á milli gólf og þak byggðist á rekstrarárangri félagsins.*
- Ég hef sagt að í því samhengi þá getum við boðið upp á samkeppnishæf slot verð fyrir sameiginlegt félag, byggt á kostnaðarverðsútreikningum, í línu við fyrra samtali okkar.*

⁶³⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.447284.

⁶³⁹ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.449883. Einnig hafði verið boðað til fundar 26.3.2008 vegna Atlantsskipa hjá Samskip. Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.447220.

⁶⁴⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.451046.

⁶⁴¹ Afrituð dagbókarfærsla [...] Doc. ID. 0.7.33.749257.

⁶⁴² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.451478.



Ég teldi rétt að ef þú sæir tækifæri í ofangreindu, þá kæmirðu með tillögu að gólfínu og þakinu, þannig að fram komi hvort grundvöllur sé fyrir því að skoða þetta frekar eða ekki."

1241. Samkvæmt dagskrá stjórnarfundar Samskipa 4. apríl 2008 (sem send var stjórnarmönnum) voru bæði „siglingakerfi“ og Atlantsskip til umfjöllunar á fundinum.⁶⁴³

1242. Á sama tíma áttu sér einnig stað samskipti milli Eimskips og Atlantsskipa þar sem rætt var um mögulegt samstarf, m.a. gerð rýmisleigusamnings (slot-samningur). Þann 31. mars 2008 sendi (E)deildstj-útf1 tölvupóst til (E)forstö-innfl og (E)forstö-útf1. Greindi hann frá samskiptum sínum við stjórnanda hjá Atlantsskipum (Kloosterb3):

„[Kloosterb3] hringdi í mig í kvöld ... Hann sagði mér að hann hafi hitt ykkur, ásamt [...] og [...]. Sagði mér að þetta væri besta lausnin fyrir félagið enda rekstur á gámvelli dýr, skipin dýrari og olíuverð hátt. Sagði mér einnig (væntanlega til þess að ég segði þetta við (E)frkvstj-EimÍsl) að vinur minn (S)forstj væri mjög spenntur fyrir samtarfi við ATL [Atlantsskip]. Mér heyrðist á [Kloosterb3] að þeir væri að hugsa um inn og Útflutning í þessum rýmisleigusamningi.“⁶⁴⁴

1243. Samkvæmt þessu höfðu Kloosterb3, [...] og [...] frá Atlantsskipum hitt yfirmenn innflutnings og útflutnings hjá Eimskip ((E)forstö-innfl og (E)forstö-útf1) til þess að ræða mögulegt samstarf fyrirtækjanna. Þá er ljóst að Atlantsskip greindu Eimskip frá því að fyrirtækið ætti einnig í viðræðum við Samskip.

1244. Ljóst er að þetta samstarf við Atlantsskip var skoðað af alvöru innan Eimskips. Þann 7. apríl 2008 sendi (E)forstö-flutnstý tölvupóst til m.a. (E)frkvstj-EimÍsl (afrit til (E)frkvstj-flutnkerf og áframsent til (E)forstj⁶⁴⁵) og greindi frá viðræðum við Atlantsskip og hugmyndum um að Eimskip færi að flytja fyrir þennan keppinaut. Meðfylgjandi tölvupóstinum voru minnisblöð sem þessu tengjast. Þar kemur m.a. fram:

„Samkeppnisumhverfið

Rétt er að varpa ljósi á samkeppnisumhverfið þá er það eftirfarandi, en vel að merkja stórflutningar eru ekki tilgreindir hér að neðan:

<i>Staðan í dag</i>	
<i>Gámaflutningar</i>	<i>Flutningsmiðlun</i>
<i>Eimskip</i>	
<i>Samskip</i>	
<i>ATA</i>	
<i>Smyril Line</i>	
	<i>TVG Ziemsen</i>
	<i>Jónar</i>
	<i>DM Flutningar</i>
	<i>Ice Transport</i>

<i>Staðan eftir breytingar</i>	
<i>Gámaflutningar</i>	<i>Flutningsmiðlun</i>
<i>Eimskip</i>	
<i>Samskip</i>	
	<i>ATA</i>
<i>Smyril Line</i>	
	<i>TVG Ziemsen</i>
	<i>Jónar</i>
	<i>DM Flutningar</i>
	<i>Ice Transport</i>

Þetta þýðir að samkeppnisumhverfið í gámaflutningum mun róast á meðan umhverfið flutningsmiðlunin verður harðara. Þó vissulega séu þetta mjög skyldir markaðir.⁶⁴⁶

1245. Þann 27. apríl 2008 skrifuðu Atlantsskip og Eimskip undir flutningasamkomulag og átti það að taka gildi 15. maí 2008 og gilda í þrjú ár. Tók það til flutninga Eimskips fyrir Atlantsskip milli Íslands og Evrópu. Eftir þetta voru í raun aðeins tvö fyrirtæki sem sinntu hefðbundnum áætlunarsiglingum með

⁶⁴³ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.452002.

⁶⁴⁴ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.522934.

⁶⁴⁵ Sem á þessum tíma var yfirmaður Eimskips í Bandaríkjunum.

⁶⁴⁶ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.168890.



farm milli Íslands og Evrópu, sbr. og umfjöllun um BWS og Thor Ship í kafla 3.1. Á árinu 2009 hættu Atlantsskip alfarið starfsemi og 3. desember það ár var félagið úrskurðað gjaldþrota.

1246. Gögn málsins gefa til kynna að það hafi ekki farið vel í stjórnendur Samskipa að Atlantsskip hefðu kosið að gera samning við Eimskip í stað Samskipa. Þann 29. apríl 2008 sendi (S)frkvstj-millilandasv tölvupóst til (S)forstj, (S)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-fjárm. Kveðst hann hafa fengið staðfest að Atlantsskip væru búin að gera „slot samning við Eimskip og muni hætta rekstri eigin skipa á næstunni“. (S)frkvstj-fjárm spurði hvort þetta mætti gagnvart samkeppnissjónarmiðum. (S)frkvstj-millilandasv svaraði;

„þetta er örugglega háð samþykki samkeppnisyrvalda“. ⁶⁴⁷

1247. Sýnir þetta m.a. glögglega vitneskju stjórnenda Samskipa um ólögmæti slíks samstarfs milli keppinauta í sjóflutningum. Óánægja Samskipa með samstarf Eimskips og Atlantsskipa leiddi m.a. til þess að Samskip tóku til skoðunar að hefja sókn á markaði gegn þessum keppinautum sínum, sbr. nánar hér á eftir.

1248. Í framangreindu samstarfi Eimskips og Atlantsskipa fólst að það fækkaði um einn keppinaut á sjóflutningsmarkaðnum hér á landi og skapaði það frekari skilyrði til þess að ólögmætt samráð Eimskips og Samskipa gæti náð árangri og staðið yfir í talsverðan tíma. Þessu ástandi á markaðnum var lýst í glærुकyningu sem tekin var saman fyrir framkvæmdastjórnarfund innan Eimskipa, sem (E)forstö-flutnstý sendi þann 16. október 2008 til (E)frkvstj-flutnkerf og (E)frkvstj-skiparekst. Um „market dynamics“ segir í kynningunni:

- „Atlantsskip no longer operating own vessels
- Eimskips vs. Samskip duopoly in the liner market“. ⁶⁴⁸

1249. Eins og áður sagði hafði (S)forstj í tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv þann 26. mars 2008 sagt honum að einn af kostunum við að hefja samstarf við Atlantsskip væri sá að þá myndu Samskip „losa út keppinaut.“

1250. Atlantsskip sendu erindi til Samkeppniseftirlitsins 2. maí 2008 vegna samningsins við Eimskip. Segir í því að bæði fyrirtækin litu svo á að samningurinn færi ekki gegn 10. gr. samkeppnislaga en eftir sem áður væri talið rétt að senda eftirlitinu „afrit samningsins og óska eftir formlegri undanþágu skv. 15. gr. frá bannákvæði 10. gr., ef litið yrði svo á, að samningurinn eða einhver ákvæði hans kunni að fara í bága við það.“ Kemur einnig fram að Atlantsskip teldu sig hafa litla markaðshlutdeild á sjóflutningamarkaði og að með samningnum gæti félagið „tryggt sér aðgang að flutningstækjum“ Eimskips og sparað umtalsverðan kostnað. Atlantsskip yrðu því í betri stöðu til þess að bjóða lægra verð í samkeppni við Eimskip og Samskip. Í lok erindisins er því lýst yfir að upplýsingar í því væru „sannar, réttar og fullnægjandi samkvæmt bestu vitund.“ Þrátt fyrir framangreinda yfirlýsingu var ekki í erindinu greint frá umræddum viðræðum sem átt höfðu sér stað milli Atlantsskipa og Samskipa í aðdraganda samningsins við Eimskip. Sagt var í erindinu að Eimskip teldi þessa samvinnu ekki fara gegn 10. gr. samkeppnislaga en ekkert var fjallað um það að af samvinnunni leiddi að „samkeppnisumhverfið í gámaflutningum mun róast“, sbr. framangreint minnisblað fyrirtækisins.

1251. Í mgr. 456 – 460 í athugasemdum Samskipa við AI er fjallað um framangreind atvik. Segir fyrirtækið að möguleg sameining við Atlantsskip hefði aðeins verið ein af mörgum hugmyndum sem ræddar hefðu verið innan Samskipa „vegna þeirra fordæmalausis tíma sem þá voru uppi.“ Þá er því mótmælt að brotthvarf Atlantsskipa hefði skapað skilyrði fyrir ólögmætu samráði Samskipa og Eimskips.

⁶⁴⁷ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc ID. 0.7.33.459221 / 0.7.33.459213 / 0.7.33.459171.

⁶⁴⁸ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.328.24747.



1252. Samkeppniseftirlitið getur ekki fallist á þessi sjónarmið Samskipa, sbr. umfjöllun í kafla 25.4.10.

6.7.5. (S)aðaleig-stjform-SH biður Eglu um úttekt á Eimskip og stjórnarfundur í Rotterdam

1253. Hér er rétt að rifja fyrst upp tölvupóstana sem (S)forstj og (S)forstj-frystig sendu (S)aðaleig-stjform-SH 10. apríl 2008 (eftir fund Samskipa Holding 8. apríl 2008):

- (S)forstj sendi (S)aðaleig-stjform-SH tölvupóst 10. apríl 2008. Meðfylgjandi voru gögn sem fjölluðu um siglingakerfi og flutningsgetu í sjóflutningum til og frá Íslandi. Var þar m.a. fjallað um mögulegar breytingar á siglingakerfi Eimskips.
- (S)forstj sendi (S)aðaleig-stjform-SH annan tölvupóst 10. apríl 2008. Meðfylgjandi var gagn sem fjallaði um dótturfélag Eimskips, Eimskip-CTG.
- (S)forstj-frystig sendi (S)aðaleig-stjform-SH tölvupóst 10. apríl 2008. Í honum var fjallað um frystigeymslustarfsemi Eimskips í Evrópu og Norður-Ameríku. Kemur fram í tölvupóstinum að (S)aðaleig-stjform-SH hefði beðið (S)forstj-frystig um minnisblað um frystigeymslufyrirtæki Eimskips í Hollandi (Daalimpex) og spurði (S)forstj-frystig (S)aðaleig-stjform-SH hvenær hann þyrfti að fá minnisblaðið í hendur.

1254. Gögn málsins gefa og til kynna að fyrir 18. apríl 2008 hefði (S)aðaleig-stjform-SH falið starfsmanni Eglu, starfsm-Egla, að framkvæma úttekt á Eimskip.

1255. Stjórnarfundur Samskipa Holding var haldinn í Rotterdam 7. maí 2008 og hann sátu m.a. (S)aðaleig-stjform-SH, (S)forstj, (S)stjform-S og (S)stjórnarm-fjármstj. Samkvæmt fundargerð kom m.a. eftirfarandi fram í umfjöllun (S)forstj um Samskip á Íslandi:

„So far things are holding up in Iceland but he expects that volume will start to decrease during or after the summer. [...]

(S)forstj mentioned that his managment team is now working on a new FYE⁶⁴⁹. As an early indication he expects that Iceland will deliver EBITDA which means that surplus of €1.2 which is after Q1 will not remain during the year but will most likely be lost due to lower volume in latter half of the year.

Some discussions were about Eimskip and Atlantsskip and possible reaction to that. (S)forstj will take necessary actions with Samskip lawyers in relation to that.⁶⁵⁰

1256. (S)forstj hélt glærukynningu á framangreindum stjórnarfundum Samskipa Holding. Þetta má sjá af powerpoint skjali hans með heitinu „kynning (S)forstj rotterdam 7 may“.⁶⁵¹ Í fundargerð frá þessum stjórnarfundum er og vísað til kynningar (S)forstj. Eftirfarandi kemur m.a. fram á glæru nr. 11 í þessari kynningu (S)forstj:

⁶⁴⁹ Fiscal year-end.

⁶⁵⁰ Afhent fundargerð frá Samskip Holding 10.03.2017.

⁶⁵¹ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.10913. Sama glærukynning fannst einnig sem viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.475174.



Import volumes in April are strong and revenues will be well above budget as during last months. We estimate the period May through July to be busy, but slowing down during august and throughout the year.

Vessels will be fully utilized outbound, but there will for sure be capacity available on imports, what to do !!!!!!!

-Atlantsskip, **no go....**

-Eimskip, **will be explored further...**

-scale down.....

-continue same system, **increase market share....**

A revised budget will be prepared during month of May, due to the massive changes that are happening within the Iceland economy.

1257. (S)forstj var við skýrslutöku hjá lögreglu spurður um framangreind gögn. Hann kvaðst ekki vita af hverju vísað hefði verið til Eimskips og Atlantsskipa í fundargerð Samskipa Holding. Hugsanlega hefði það verið sökum þess að Samskip hefðu talið Eimskip hafa verið orðið of stórt með því að taka yfir starfsemi Atlantsskipa. Aðspurður um hvort hann kannaðist við ofangreinda glærukynningu sem merkt væri honum kvaðst (S)forstj ekki vita það. Aðspurður um hvað „Eimskip, will be explored further...” þýddi sagði hann:

„Ég bara veit ekki, ég veit ekki hvað það er nákvæmlega.“⁶⁵²

1258. Að mati Samkeppniseftirlitsins leikur enginn vafi á því að (S)forstj fór yfir umrædda glærukynningu á stjórnarfundinum 7. maí 2008. Í athugasemdum Samskipa við AI eru ekki bornar brigður á það en fyrirtækið er hins vegar ósammála þeim ályktunum sem Samkeppniseftirlitið hafi dregið af kynningunni, sbr. mgr. 469 í athugasemdunum. Á þær athugasemdir getur Samkeppniseftirlitið ekki fallist, sbr. umfjöllun í kafla 25.4.12.

1259. Samkvæmt framangreindri glæru (S)forstj frá 7. maí 2008 bjuggust Samskip á Íslandi við því að umfram flutningsgeta yrði í innflutningi og spurt var hver ættu að verða viðbrögð fyrirtækisins („there will for sure be capacity available on imports, what to do !!!!!!!”). Til bregðast við þessu yrði Eimskip skoðað frekar („will be explored further”). Til viðbótar eru tvær megin aðferðir nefndar vegna þessara væntanlegu breytinga á markaði. Annars vegar að draga úr flutningsframboði („scale down”) og hins vegar að viðhalda sömu flutningsgetu og blása til sóknar og sækja aukið magn („continue same system, increase market share”). Augljóst er að atriði sem tengjast Eimskip skipta hér miklu. Ef Samskip völdu að draga úr flutningsgetu en Eimskip ekki skapaði það möguleika fyrir Eimskip að bæta stöðu sína á markaði á kostnað Samskipa. Samkvæmt samtímagögnum voru því talsverðir hvatar hjá Samskipum að hefja samskipti við Eimskip um þessi efni. Á hinn bóginn ríkti óánægja hjá Samskipum hf. á þessum tíma í garð Eimskips vegna Atlantsskipa. Birtist hún með skýrum hætti í gögnum Samskipa hf. frá miðjum maí 2008, sbr. nánar hér á eftir.

1260. Aukið samstarf við Eimskip var á þessum tíma hins vegar áfram til skoðunar hjá aðaleiganda Samskipa. Eins og fyrr segir var Kjalar fjárfestingafélag í eigu (S)aðaleig-stjform-SH. (S)stjform-S var framkvæmdastjóri þess og (S)forstj stjórnarformaður. Dótturfélag Kjalar var Eglu. (S)stjform-S var einnig framkvæmdastjóri þess, (S)aðaleig-stjform-SH var stjórnarformaður og (S)forstj sat einnig í stjórninni. Auk þess að vera framkvæmdastjóri Kjalar og Eglu sat (S)stjform-S í stjórn Samskipa hf. og Samskipa Holding. Eins og áður sagði gefa gögn málsins til kynna að (S)aðaleig-stjform-SH hafi falið starfsmanni Eglu að framkvæma úttekt á Eimskip, sbr. framangreindan tölvupóst sem starfsm-Eglu sendi (S)stjform-S 18. apríl 2008. Þetta kemur einnig fram í gögnum frá 22. apríl – 9. maí 2008 og skýrslu Eglu frá 12. maí 2008. Skal þessu lýst nánar:

⁶⁵² Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 92-93.



- Þann 22. apríl 2008 sendi viðkomandi starfsmaður Eglu, **starfsm-Egla**, tölvupóst til **(S)forstj**.⁶⁵³ Heiti tölvupóstsins var „Eimskip“ og í honum sagði:

„We are trying to understand the size of the different parts of Eimskip. Do you have any information on the size of Iceland business, CTG, Container Ships etc? I would also like to have a discussion with you about this in a quiet moment this week. When would be good?“

Eftirfarandi tafla kom einnig fram í tölvupóstinum:

	Total Logistics	Container ships	CTG	Iceland	Others	Total Shipping	Total Eimskip
Country							
Exchange Rate							
Capacity Tons							
Price (Local)							
Sales							
EBITDA							
Price Paid € 000							
Sales €	845.927	230.000	70.000	313.000		613.000	1.459.000
EBITDA €	68.116	18.000	11.000	40.000		57.000	125.000
EBITDA Margin	8,1%	7,0%	15,7%	12,8%		9,3%	8,6%
EV / EBITDA							
Goodwill		9.339					436.677
Total Assets							
Interest bearing		15.079					1.400.000
Staff		500					14.000
No of Vessels		11	16	23		50	
No of containers		11.000				30.000	

- Þann 25. apríl 2008 framsendi **(S)forstj** þennan tölvupóst frá Eglu til sjálfs síns.⁶⁵⁴
- Þann 1. maí 2008 sendi **starfsm-Egla** tölvupóst til **(S)stjform-S**, **(S)forstj** og **(S)frkvstj-millilandasv**. Heiti hans var „Size of Eimskip“ og í honum sagði: „Do you know what the turnover and EBITDA of Eimskip's Iceland activities are? From their annual report we know that the turnover and EBITDA of the shipping division is €613mn & €57mn. I have made the following estimation

Revenue EBITDA Margin

Iceland 335 40 12%

Containerships 210 15 7% (Dun & Bradstreet Report)

CTG 25 - 3 -10% (Norwegian Commercial register)

Others 43 5 10%

⁶⁵³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.47565.

⁶⁵⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.458308.



Total 613 57

*My estimate of 333 is based on the fact that our Icelandic business is 225mn and EBITDA 19mn and we have around 40% of the market.*⁶⁵⁵

- Þann 6. maí 2008 áttu sér stað samskipti milli **starfsm-Egla** og **(S)forstö-flutnstj**, forstöðumanns stórflutninga Samskipa, um dótturfélagið Silver Sea. Í tölvupóstsamskiptum í kjölfar þeirra samskipta (afrit sent til **(S)forstj**) má sjá **(S)forstö-flutnstj** veita starfsmanninum upplýsingar þannig að hann gæti náð í **(S)frkvstj-Silver**, framkvæmdastjóra Silver Sea.⁶⁵⁶ Silver Sea var til umfjöllunar á fundi Eimskips og Samskipa í byrjun júní 2008, sbr. umfjöllun hér síðar.
- Þann 9. maí 2008 sendi **(S)forstj** tölvupóst til **(S)frkvstj-millilandasv** með heitinu „*eimskip*“. Í honum var að finna upplýsingar um verð og magn á flutningum Eimskips fyrir Alcan (álverið í Straumsvík).⁶⁵⁷

1261. Þann 12. maí 2008 sendi **starfsm-Egla** tölvupóst til **(S)stjform-S**. Meðfylgjandi var skýrsla sem hann hafði unnið að beiðni **(S)aðaleig-stjform-SH**. Í tölvupóstinum sagði:

„1. Here is an analysis of Eimskip that I did for (S)aðaleig-stjform-SH. He has now asked me to concentrate on the Containership part of Eimskip.

*2. Alfesca valuation that I did for him regarding investment by Al-Thani family. [...]*⁶⁵⁸

1262. Meðfylgjandi var m.a. skjalið „*Eimskip Analysis*“ og er það 18 bls. að lengd. Í því er fjallað um fjárhagsstöðu og helstu þætti í starfsemi Eimskips og fjallað um Samskip í því samhengi. Kemur fram að upplýsingar um Eimskip byggja á opinberum upplýsingum og mati Eglu.

1263. Markaðshlutdeild í sjóflutningum til og frá Íslandi var í skýrslunni talin vera þessi:

„SHIPPING – ICELANDIC ROUTES

Eimskip holds around 55% of the Icelandic business, Samskip 40% and Atlanskip [svo] 5%. Eimskip has four routes, North South, East and America.”

1264. Síðan er í skýrslunni fjallað um skip í siglingum til og frá Íslandi og vitnað til eftirfarandi mats **(S)frkvstj-millilandasv**: *„There are 10 vessels on a bi-weekly run. [(S)frkvstj-millilandasv] estimates that by slot sharing with Eimskip we could save around 800 mio ISK p.a. by laying up one string (two vessels). Samskip Hf's fixed cost of transport for 2007 was ISK 6.310mn so this is around 13% of costs.”*

1265. Samkvæmt þessu var búið að leggja á það mat hjá Samskipum að verulegur ábati myndi felast í því að auka samráð við Eimskip í sjóflutningum til og frá Íslandi.

1266. Í framhaldi af þessu er í skýrslunni fjallað með ítarlegum hætti um siglingakerfi Eimskips og Samskipa og tilgreint hvar þau skarist (e. *overlaps*).

1267. Þá er fjallað um stöðuna á markaðinum fyrir sjóflutninga til og frá Færeyjum. Eimskip er sagt vera með 60% markaðshlutdeild í innflutningi og 55% í útflutningi, Samskip með 20% í innflutningi og 25% í útflutningi. Hlutdeild BWS er talin vera 20% í bæði inn- og útflutningi. Eftirfarandi er haft eftir framkvæmdastjóra Samskipa í Færeyjum:

„[(S)frkvstj-Færeyj] estimates that a combination of Eimskip and Samskip would allow profits to double or triple. Combined turnover DKK 320 and profit of DKK 15mn. Coldstore operations would

⁶⁵⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.459451.

⁶⁵⁶ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.460958.

⁶⁵⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.462367.

⁶⁵⁸ Afhentur tölvupóstur og viðhengi frá Héraðssaksóknara dags. 04.01.2018. [...] Doc. ID. 0.7.321.69758.



be rationalized to move out of Torshavn to Kollafjord and bulk reefer to Klagsvik and Fuglafjord. The Faroe administration want to use Torshavn for cruise liners so this would be welcomed."

1268. Samkvæmt þessu var samþætting á flutninga- og frystigeymslustarfsemi Eimskips og Samskipa í Færeyjum einnig talin geta skilað miklum ábata.

1269. Í skýrslunni er síðan fjallað um Eimskip-CTG og Silver Sea (dótturfélag Samskipa) og í þeirri umfjöllun kemur m.a. þetta fram: „*Eimskip operates a scheduled route service while Samskip/SilverSea operates on a spot basis. Eimskip operates 12- 16 ships reefer ships of which 6 are new (5 delivered, Polfoss to be delivered in 2008). Main competitor is Green Reefers. [...]*

Historic dislike of the two companies has prevented Eimskip from using Samskip's cold store in Álesund but [(S)frkvstj-Rotterdam] is now trying to change this."

1270. Samkvæmt þessu var stjórnandi hjá Samskipum á Íslandi ((S)frkvstj-Rotterdam) að vinna að því að bæta samskiptin við Eimskip að þessu leyti. Segir síðan í skýrslunni að það eigi eftir (e. *to be completed*) að leggja mat á samlegðaráhrif af samvinnu/samruna Eimskips og Samskipa í starfsemi þessara dótturfélaga fyrirtækjanna.

1271. Því næst er í skýrslunni fjallað um stöðu Eimskips og Samskipa í flutningum til og frá Noregi og til og frá Svíþjóð. Einnig er fjallað um stöðu fyrirtækjanna í flutningum í Eystrasalti og sérstaklega vikið að dótturfyrirtæki Eimskips í Finnlandi, Containerships. Samvinna Samskipa við Eimskip að þessu leyti gæti falist í þessu:

„Cooperation with Containerships could replace the small 360 TEUs with two 500 or even 700 TEU ships (better designed for 45' and faster). Either we or they would run the ships."

1272. Næst er vikið að flutningsmiðlun og dótturfélagi Eimskips í Hollandi, Daalimpex. Einnig er fjallað um starfsemi Eimskips og Samskipa í Kína. Þá eru listaðar upp allar erlendar skrifstofur (e. shipping offices) Eimskips og Samskipa. Á síðustu bls. skýrslunnar segir:

SUMMARY OF POTENTIAL SAVINGS		
Route	Action	Saving € mn
ScanBalt	Slotsharing	1 - 2 mn
Norway		
Faroes	Takeover	1 - 2 mn
Iceland	Slot sharing	6 - 7 mn
UK		
China	Takeover of shipping activity	0 - 0,5 mn
CTG	Little synergy.	
Daalimpex		



1273. Samkvæmt framansögðu var mesti ábatinn talinn felast í samvinnu við Eimskip í sjóflutningum til og frá Íslandi. Þar á eftir í samvinnu við Eimskip í sjóflutningum sem tengist öðrum Norðurlöndum, Eystrasaltsríkjunum og Rússlandi (ScanBalt) og með samruna í Færeyjum. Einnig var nokkur ávinningur talinn felast í því að taka yfir hluta af starfsemi Eimskips í Kína. Samvinna vegna Eimskips-CTG var hins vegar talin skila takmörkuðum samlegðaráhrifum. Eins og áður sagði kom hins vegar fram í skýrslunni að enn ætti eftir að klára þá athugun. Athugun vegna Daalimpex virðist heldur ekki hafa verið lokið. Ber að hafa í huga að (S)aðaleig-stjform-SH hafði beðið (S)forstj-frystig um sérstakt minnisblað um Daalimpex, sbr. framangreindan tölvupóst (S)forstj-frystig til (S)aðaleig-stjform-SH frá 10. apríl 2008.
1274. Af framangreindum tölvupósti starfsmanns Eglu til (S)stjform-S, dags. 12. maí 2008, má skýrlega ráða að eftir að hafa fengið þessa skýrslu í hendur hafi (S)aðaleig-stjform-SH beðið starfsmanninn að taka Containerships til frekari skoðunar.
1275. Umræddur starfsmaður Eglu tók saman skýrslu um Containerships. Sendi (S)aðaleig-stjform-SH þá skýrslu til (S)forstj þann 5. júní 2008, sbr. kafla 7.2.1.2 hér á eftir.
1276. (S)forstj var spurður við skýrslutöku um framangreinda skýrslu sem send var (S)stjform-S 12. maí 2008. Kvaðst hann ekkert vita um þetta.⁶⁵⁹
1277. Virða ber saman annars vegar framangreinda vinnu sem (S)aðaleig-stjform-SH lét framkvæma m.a. í apríl og maí 2008 og hins vegar gögn sem tengjast fundi (S)aðaleig-stjform-SH og (S)forstj með stjórnarformanni og nýjum forstjóra Eimskips 6. júní 2008. Saman sýnir þetta m.a. að undir forystu (S)aðaleig-stjform-SH hafi verið unnið á þessum tíma að undirbúningi að víðtækri samvinnu við Eimskip og kom sú samvinna til umfjöllunar á framangreindum fundi þessara keppinauta, sbr. umfjöllun hér á eftir. Árangurinn af umræddri greiningu og hagkvæmnismati af samvinnu við Eimskip fyrir (S)aðaleig-stjform-SH kemur berlega fram í tilteknum verkþáttum í „Nýtt upphaf“ verkefninu eins og nánar verður lýst síðar.
1278. Í bréfi Samskipa frá 13. janúar 2021 er því mótmælt að framangreind gögn gefi til kynna undirbúning að samráði við Eimskip. Er því m.a. haldið fram að skýrslan sem Eglu vann fyrir (S)aðaleig-stjform-SH hafi „alfarið“ lotið að greiningu á mögulegum kaupum Samskipa á erlendum eignum Eimskips. Eins og rökstutt er í kafla 25.4.11 getur Samkeppniseftirlitið ekki fallist á þetta.

6.7.6. „Herferð“ eða samvinna?

1279. Þrátt fyrir framangreint var í maí 2008 ekki sjálfgefið að æðstu stjórnendur Samskipa og Eimskips myndu hittast á fundi í byrjun júní 2008 til að ræða stóraukið samráð fyrirtækjanna.
1280. Sem fyrr segir ríkti óánægja hjá Samskipum á Íslandi í garð Eimskips á þessum tíma vegna þess að Eimskip hafði haft betur og náð samningi við Atlantsskip. Í samræmi við framangreinda umfjöllun á stjórnarfundi Samskipa Holding 7. maí 2008 sendu Samskip þann 16. maí 2008 erindi til Samkeppniseftirlitsins. Þar var því haldið fram að samningur Eimskips og Atlantsskipa gæti farið gegn bæði 10. og 11. gr. samkeppnislaga. Um mögulegt samráðsbrot segir í erindinu að „Atlantsskip og Eimskip ætli sér að hefja samstarf þar sem þau áður stunduðu samkeppni.“ Slíkt samstarf væri „líklegt til að skaða hagsmunum neytenda og viðskiptamanna.“ Einnig töldu Samskip vera „verulega hættu á félögin einbeiti sér í framhaldinu að sameiginlegri markaðssókn gegn Samskipum.“ Í erindi Samskipa var ekki fjallað um þær viðræður sem höfðu átt sér stað milli Atlantsskipa og Samskipa eða um þann hag sem (S)forstj hafði séð í því að losna við Atlantsskip sem keppinaut af markaðnum, sbr. kafla 6.7.4.

⁶⁵⁹ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 85.



1281. Atlantsskip hættu allri starfsemi á fyrri hluta árs 2009 og Samkeppniseftirlitið tók því ekki afstöðu til fyrrnefndar beiðni um undanþágu frá 10. gr. samkeppnislaga vegna samstarfsins við Eimskip. Samkeppniseftirlitið tók heldur ekki afstöðu til umræddrar kvörtunar Samskipa.
1282. Í maí 2008 sáu stjórnendur Samskipa fyrir sér samdrátt í flutningamagni. Á sama tíma var uppi óánægja hjá Samskipum með samstarf Eimskips og Atlantsskipa. Gefa gögn málsins til kynna að stjórnendur Samskipa á Íslandi hafi lagt á ráðin um að fara í „herferð“ gegn þessum keppinautum, með öðrum orðum að hefja umtalsverða verðsamkeppni á markaðnum. Hefði það falið í sér verulega breytingu á þeirri hugmynd sem komin var fram og miðaði að því að vinna með þessum fyrirtækjum og stefna að frekari verðhækkunum. Sú hugleiðing og sýn kom t.d. skýrt fram í framangreindum tölvupóstum sem (S)frkvstj-millilandasv sendi (S)forstj 7. febrúar 2008 (sbr. kafla 6.7.2) og sem (S)forstj sendi m.a. (S)aðaleig-stjform-SH 18. apríl 2008 (sbr. kafla 6.7.3.5) og í fundargerð og gögnum vegna stjórnarfundar Samskipa hf. frá 4. apríl sama ár, sbr. kafla 6.7.3.2.
- 6.7.6.1. „Grænlenkir dagar“
1283. Gögn frá (S)forstö-innfl1 (forstöðumanni innflutningsdeildar Samskipa) gefa þennan undirbúning Samskipa á „herferð“ til kynna. Fyrir hádegi 13. maí 2008 vistaði hann hjá sér tvö skjöl. Annars vegar var um að ræða glærुकynningu sem nefnd var „Grænlenkir dagar“.⁶⁶⁰ Hins vegar var excel skjal sem bar heitið „Target listi maí 2008 – Grænlenkir dagar“.
1284. (S)forstj var spurður að því við skýrslutöku hjá lögreglu hvað hugtakið „Grænlenkir dagar“ þýddi. Hann kvaðst ekki þekkja það.⁶⁶¹
1285. Við skýrslutöku hjá lögreglu sagði (S)frkvstj-millilandasv hins vegar að þetta hugtak þýddi að „fara í útsölugírinn“/„tax free dagar“/„bjóða lág verð til að ná i meira magn“.⁶⁶² Er þetta í samræmi við samtímagögn. Af öðrum gögnum frá Samskipum má þannig sjá fyrirtækið nota hugtökin „Grænland“ eða „Grænlandinginn“ í tengslum við að gera viðskiptavinum samkeppnishæf verðtilboð eða lágt verðtilboð.⁶⁶³ Ekki er vitað af hverju hugtökin voru notuð með þessum hætti hjá Samskipum.
1286. Upphafsglæran í framangreindri kynningu frá (S)forstö-innfl1 var með eftirfarandi hætti en athuga ber að þessi undirbúningur átti sér stað viku áður en nýr forstjóri tók til starfa hjá Eimskip:

⁶⁶⁰ Afrituð skjöl frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.13238.

⁶⁶¹ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 96.

⁶⁶² Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 72-73.

⁶⁶³ Afritaður tölvupóstur Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.505156. Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1024325. Afrituð gögn frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.850652. Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1041962. Afritaður tölvupóstur Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1083931.



1287. Einnig kemur þetta fram í glærुकyningunni:

Hvernig höldum við áætlun?

- Halda núverandi viðskiptavinum
- Ný viðskipti
 - Eimskip
 - Atlantsskip
- Ef við höldum áætlun mai-des, hvað þá?

samskip

1288. Í glærुकyningunni voru síðan taldir upp fjölmargir viðskiptavinir Eimskips og Atlantsskipa og þeir merktir einstökum viðskiptastjórum innflutningsdeildar Samskipa. Þer þetta með sér skiptingu (S)forstö-innfl1 á verkum milli undirmanna sinna þannig að skýrt væri hverja viðskiptavina keppinautanna viðkomandi viðskiptastjóri ætti að reyna að ná yfir til Samskipa.



1289. Ein glæran ber yfirskriftina „London 2009“. Af samhenginu verður að ætla að til hafi staðið að umbuna viðskiptastjórunum með ferð til London ef „herferðin“ hefði tekist vel.
1290. Hitt skjalið sem (S)forstö-innfl1 vistaði þennan sama morgun, 13. maí 2008, var, sem fyrr segir, excel skjal sem bar heitið „Target listi maí 2008 – Grænlenkir dagar“.⁶⁶⁴ Í skjalinu var að finna nákvæmar upplýsingar um afar mikilvæga viðskiptavinum Eimskips sem Samskip voru með til skoðunar að reyna að ná í viðskipti til sín. Eru talin upp m.a. eftirfarandi fyrirtæki:

Nafn	Teus	Sjóflutningur í þús.	Heildarflutningsgjöld í þús.	Hlutfall Samkeppnisaðila	Samskipti í mánuðinum	Rennur út
0 Byko	3.500	170.000	450.000			
1 Toyota	4.000	190.000	390.000			31.12.2009
0 Bananar	2.000	110.000	250.000			1.7.2008
1 Brimborg	2.600	110.000	220.000			
1 Ölgerðin/Danól	3.000	105.000	240.000			31.12.2009
0 Öliuverslun Íslands	900	50.000	130.000			
1 Hekla	790	60.000	120.000			1.12.2007
0 Ikea	1.900	65.000	115.000			
1 Nathan og Olsen/Ekran	1.200	70.000	125.000			1.11.2007
1 Landsnet	600	55.000	110.000			1.6.2008
1 Penninn	500	35.000	85.000			
0 Kraftvélar	280	40.000	80.000			1.4.2008
1 Jarðboranir	450	30.000	80.000			31.12.2007
1 KVOS	900	35.000	80.000			26.1.2008
1 Suzuki	500	35.000	75.000			1.6.2008
1 Innes	1.000	40.000	75.000			31.9.08
0 Johan Rönnig	800	35.000	70.000			
0 Plastprent/Sigurplast	500	35.000	70.000			31.12.2008
0 BM Vallá	600	25.000	65.000			
0 Guðmundur Arason	700	30.000	65.000			
1 Vélafer	500	25.000	65.000			
0 Bílabúð Benna	500	30.000	65.000			
0 Léttkaup	500	25.000	60.000			31.12.2008
1 Bílanaust	300	25.000	55.000			
0 Bræðumir Ormson	400	20.000	55.000			
1 Van Ommeren Shipping USA	400	40.000	55.000			
0 Sláturfélag Suðurlands	400	20.000	50.000			
0 Vélaborg	280	20.000	50.000			
0 Skeljungur	450	23.000	50.000			

1291. Við skýrslutöku var (S)forstj spurdur um framangreind gögn. Kvaðst hann ekki þekkja þau. Aðspurður um „herferðina“ sem fram kemur í glærum (S)forstö-innfl1 kvaðst (S)forstj ekki þekkja það „nógu vel til að geta blaðrað eitthvað hérna.“⁶⁶⁵
1292. (S)frkvstj-millilandasv var einnig spurður um þessi gögn. Hann neitaði fyrst ítrekað að tjá sig um „herferðina“. Síðan gaf hann til kynna að um hefði verið að ræða mögulegar samkeppnisaðgerðir til þess að ná í meira flutningamagn.⁶⁶⁶
1293. Þennan sama morgun, 13. maí 2008, var haldinn stjórnarfundur hjá Samskipum hf. Samkvæmt fundargerð sátu eftirfarandi fundinn: (S)forstj, (S)stjórnarm-fjármstj, (S)stjform-S og (S)frkvstj-innanl. (S)aðaleig-stjform-SH var fjarverandi.⁶⁶⁷ Samkvæmt fundargerð gerði (S)forstj grein fyrir því að tekjur Samskipa hf. á fyrsta ársfjórðungi væru 22% yfir áætlun og EBITDA 273 mkr. sem væri 140 mkr. betri afkoma en áætlað hefði verið fyrir tímabilið. Einnig var fjallað um gengistap vegna veikingu krónunnar á þessum tíma. Eftirfarandi var einnig bókað í fundargerðinni:

„[(S)forstj] kynnti uppgjör millilandasviðs, en afkoma af sviði hefur verið góð fyrstu 3. mánuði og útlit fyrir að apríl verði einnig yfir áætlun. Magn fram á daginn er enn yfir áætlun og gert er ráð fyrir ágætum flutningum út júlí mánuð, en verulega fari að draga úr flutningum þá. Kynnt var revised magnáætlun sem gerir ráð fyrir um 20% samdrætti á haustmánuðum.“

⁶⁶⁴ Afrituð skjöl frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.19150.

⁶⁶⁵ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 96.

⁶⁶⁶ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 73-75.

⁶⁶⁷ Afhent fundargerð stjórnar Samskipa hf. frá 13.05.2008. Glærakynning [...]. Afhent af Samskipum 22.11.2016, viðauki 6. Vakin er athygli á því að þessi glærakynning var hluti af fundi stjórnar Samskipa hf. þennan dag, 13.05.2008, þótt glæurnar séu merktar (neðst) „March 2008“.



Umræður voru um siglingakerfi markaðarins og hvernig það er og hefur verið að breytast, ma með nýjum keppinaut Wilson, inn á markaðinn, sem og samstarf Atlantsskipa og Eimskipa.

[(S)forstj] mun kynna á næsta stjórnarfundum revised budget fyrir tímabil júlí – desember, sem og hvaða aðgerðir á markaði og í rekstri félagsins verður gripið til, þegar magn fer minnkandi í lok sumars."

1294. (S)forstj hélt glærुकynningu á stjórnarfundinum og eftirfarandi kemur fram á glærum 21 og 22:

samskip	Útlit og horfur	Iceland
----------------	-----------------	---------

Frá síðasta fundi::::

- Endurskoðuð magnáætlun
- Atlantsskip
- Eimskip
- Stórir samningar í endurnýjun:
Húsasmiðjan, Hagar, Rúmfatalagerinn,
Mest.

Confidential – March 2008 | 21



Atlantsskip og Eimskip eru að hefja samstarf, mun Atlantsskip hætta siglingum á tveimur gámaskipum þeirra, Kársnes og Mitchell, 384 teu og 300 teu.

	Ár 2007	Minnkun milli ára	Samskip	Eimskip
Útflutningur				
Frystigámar	1.500	0	0	1.500
Burgámar	1.500	0	500	1.000
Samtals útf	3.000	0	500	2.500
Innflutningur				
FCL gámar	8.000	1.600	800	5.600
LCL gámar	500	100	0	400
Odd size	2.000	400	500	1.100
Samtals innfl	10.500	2.100	1.300	7.100
Grand total	13.500	2.100	1.800	9.600

Atlantsskip fluttu rúm 13 þús teu árið 2007, ef gert er ráð fyrir samdrætti upp á 20% í innflutningi hjá Atlantsskipum í ár, verða þeir flutningar um 11,4 þús teu í ár.

Af þeim flutningum munu Samskip og Eimskip fá um ca 4000 þús teu, hlutur Samskipa um 1800 teu, án róttækra aðgerða á markaði.

Eimskip mun fá ca 460 mkr í kerfi þeirra, og Samskip um 90 mkr.

1295. Í glærुकynningu (S)forstj frá stjórnarfundinum rúmunum mánuði áður, 4. apríl 2008, kom fram: „Samstarf við Eimskip“. Í framangreindri glæru (S)forstj frá 13. maí 2008 hefur fallið niður orðið „samstarf“ sem hafði í apríl staðið fyrir framan Eimskip. Við skýrslutöku (S)forstj hjá lögreglu var hann spurður um þessa breytingu. Vildi hann ekki tjá sig um það.⁶⁶⁸
1296. Samkeppniseftirlitið telur brotthvarf orðsins „samstarf“ vera frekari vísbendingu um óánægju Samskipa á þessum tíma með að hafa lotið í lægra haldi fyrir Eimskip í baráttunni um samstarf við Atlantsskip. Skiptir máli í því samhengi að í glæru 22 er sagt að með brotthvarfi Atlantsskipa af markaði muni flutningamagn þess fyrirtækis renna að mestu til Eimskips „án róttækra aðgerða á markaði“.
1297. Í samræmi við þessa umræðu á fundi stjórnar Samskipa hf. ræddi (S)forstj það daginn eftir, 14. maí 2008, að Samskip þyrftu að „sækja sterkt“. Þetta kemur fram í fundargerð vegna framkvæmdastjórnarfundar fyrirtækisins sem haldinn var þennan dag. Þar segir:
- „(S)forstj hóf fundinn og fór yfir stöðuna. Hann lýsti áhyggjum sínum yfir minnkandi magni á komandi mánuðum. Skoða þarf allar leiðir til að auka flutningsmagn. Allt bendir til að innflutningur fari að dragast saman. Þurfum að sækja sterkt og lesa rétt úr komandi mánuðum.“
1298. Síðar segir í undirliðnum „Vinna varðandi revised budget“: „Nálgun á Revised budget og Plan Action. Áætlað er að samdráttur muni ná hámarki á næsta ári – innflutningur mun minnka – nýting á siglingakerfum. Hvernig væri sterk nálgun á þessa þætti. (S)frkvstj-millilandasv boðar fund í dag með (S)forstö-innfl1 [(S)forstö-útf] og (S)forstj.“⁶⁶⁹
1299. Við skýrslutöku var (S)forstj spurður um þessa fundargerð. Kvaðst hann ekki geta tjáð sig um hvort Samskip hefðu sótt „sterkt“ þar sem langt væri um liðið. Kvaðst hann heldur ekki muna hvaða leiðir

⁶⁶⁸ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 94.

⁶⁶⁹ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.464562. Athygli vekur að ekki er samræmi í dagsetningu fundargerðar og heitis skjals. Ekki kemur það ósamræmi að sök varðandi sönnunargildi þessa skjals.



hefðu verið skoðar til þess að auka flutningsmagn. Varðandi fundinn sem vísað er til í fundargerðinni kvaðst (S)forstj ekkert vita eða muna eftir honum.⁶⁷⁰ (S)frkvstj-millilandasv kvaðst heldur ekki muna eftir þessum fundi.⁶⁷¹

6.7.6.2. Forstjóri Samskipa setur fram „rannsóknarspurningar“

1300. Sem fyrr segir útbjó (S)forstö-innfl1 glærur um „herferð“ þann 13. maí 2008 og (S)forstj ræddi um að „sækja sterkt“ daginn eftir. Þann sama dag, 14. maí 2008, sendi (S)forstj tölvupóst sem sýnir að Samskip hefðu ekki verið búin að gera upp við sig hvort viðbrögðin við breytingum á markaði yrðu í aðalatriðum sókn gegn keppinautum eða samstarf við þá. Ber í þessu samhengi að rifja upp spurningu (S)forstj í glærुकynningu á fundi stjórnar Samskipa Holding 7. maí 2008 („there will for sure be capacity available on imports, what to do !!!!!!!“). Sagði (S)forstj í viðkomandi glæru að til þess að bregðast við þessu yrði Eimskip skoðað frekar. Til viðbótar nefndi (S)forstj tvær megin aðferðir vegna þessara væntanlegu breytinga á markaði. Annars vegar að draga úr flutningsgetu og hins vegar að viðhalda sömu flutningsgetu og blása til sóknar og sækja aukið magn.
1301. Í tölvupóstinum frá 14. maí 2008 fjallaði (S)forstj um „rannsóknarspurningar“ (m.a. samstarf við Eimskip í siglingum) og vísaði til (S)aðaleig-stjform-SH og að það þyrfti að „teikna upp strategíuna“. Tölvupósturinn var til (S)frkvstj-millilandasv og hljóðar svo:

„rannsóknarspurningar að mínu mati:

siglingakerfi keppinautar

-núverandi magn-breytingar v/atlantsskip og alca, fjárhagsleg áhrif

-samdráttur, áhrif

-viðbrögð við samdrætti

Wilson

-hvaða usla munu þeir valda á markaði, þe þeirra flutningsgeta

Atlantsskip

-hvernig munu þeir starfa á markaði, þe munu þeir missa hluta flutninga, eða mun EI [Eimskip] líma magn þeirra inn í samninga áfram

-mun atl [Atlantsskip] reka gáma sína áfram

siglingakerfi okkar

-magnáætlun seinni hluta árs, 2009 og 2010

-gróf áhrif samdráttar í magni á afkomu

-er eitthvað í útflutingi að breytast frá áætlun '08

-er hægt að koma á samsiglingum, eða breyta kerfi hjá okkur á einhvern máta til að draga úr föstum kostnaði þegar magn minnkar, allar leiðir skoðaðar

Markaður

⁶⁷⁰ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 97-99.

⁶⁷¹ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 76.



-teikna upp tækifæri á markaði, meta success v/ aðgerða

þegar ofangreint er komið og búið að teikna upp strategíuna gera revised budget

Ég heyri á [(S)aðaleig-stjform-SH] að það er mikill áhugi á að fá OC&C menn í lið með okkur með þessa vinnu.⁶⁷²

1302. Í hádeginu þann 15. maí 2008 var boðað til fundar hjá Samskipum: „Sjómál – átökin framundan“ þar sem átti að fjalla um „markaðsátakið framundan og utanumhaldið á því“. (S)frkvstj-Jóna boðaði til fundarins. Boðaðir voru (S)forstö-innfl1 og (S)starfsm-Jóna.⁶⁷³ Um kvöldið þennan sama dag, 15. maí 2008, sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv. Í viðhengi var skjal sem bar heitið „Aðgerðir gegn minnkandi magni 2008 – INNF.xls.“ Um var að ræða áðurnefndan „target lista“ þar sem átti að hefja „herferð“ gegn Eimskip og Atlantsskipum, sbr. umfjöllun hér að framan. Í fyrrnefndum tölvupósti (S)forstö-innfl1 til (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv vísaði hann til að meðfylgjandi væru gögn „fyrir fundinn á morgun“.⁶⁷⁴
1303. Í samræmi við þennan tölvupóst (S)forstö-innfl1 og framangreinda bókun í fundargerð framkvæmdastjórnar Samskipa frá 14. maí 2008 var haldinn fundur þann 16. maí 2008. Hann sátu (S)forstj, (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-útl. Átti að ræða „revised budget“, „action plan“ og „sterka nálgun“ vegna samdráttar í innflutningi.⁶⁷⁵ Af gögnunum sem (S)forstö-innfl1 sendi kvöldið áður er ljóst að ræða átti m.a. að hvort bregðast ætti við samdrætti í innflutningi með „herferð“ gegn Eimskip.
1304. Daginn eftir, 17. maí 2008, hélt (S)frkvstj-millilandasv glærुकynningu á fundi með undirmönnum sínum (m.a. yfirmenn innflutnings ((S)forstö-innfl1) og útflutnings ((S)forstö-útl)) á Selfossi.⁶⁷⁶ Þar kemur eftirfarandi fram:

Framundan

- Efnahagskreppa / - stöðnun
- Kostnaður almennt á uppleið
- Einingaverð lækka
- Samkeppnin

SAMSKIP

⁶⁷² Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.463646.

⁶⁷³ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.34.485309.

⁶⁷⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.464202. Viðhengi við tölvupóstinn, „Aðgerðir gegn minnkandi magni 2008 – INNF.xls“.

⁶⁷⁵ Sbr. lið 3 í fundargerð framkvæmdastjórnar Samskipa 14. maí 2008. Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.464562. Sbr. einnig áðurnefndan tölvupóst [...] 15.05.2008 kl. 22:57 þar sem hann vísar til fundar daginn eftir.

⁶⁷⁶ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.25313.

Viðfangsefnin

- ⇒ Sækja í innflutningi
- ⇒ Ná fram aukinni skilvirkni með nýjum tölvukerfum
- ⇒ Fresta þeim fjárfestingum sem við getum vegna hás vaxtastigs
- ⇒ Ná verulegum árangri í innheimtum
- ⇒ Sýna mikið kostnaðaraðhald – *ekkert brúðl*
- ⇒ Bæta þjónustuna enn frekar

samskip

1305. Samkvæmt þessu gerði (S)frkvstj-millilandasv sér grein fyrir því að miklar áskoranir væru framundan. Efnahagsörðugleikar myndu leiða til þess að samkeppni myndi aukast og verð lækka. Sýna glærurnar að (S)frkvstj-millilandasv var ofarlega í huga ummæli (S)forstj frá 14. maí 2008 um að það ætti að „sækja sterkt“. Samkvæmt glærum (S)frkvstj-millilandasv ættu viðbrögð Samskipa við versnandi efnahagsástandi að vera þau að auka samkeppni (sækja í innflutningi), bæta þjónustu, auka skilvirkni og draga úr kostnaði.
1306. Má segja að (S)frkvstj-millilandasv hafi hér lýst aðgerðaráætlun sem byggði á heilbrigðum og málefnalegum samkeppnislausnum sem viðbrögðum við ytri erfiðleikum. Ber hér sérstaklega að hafa í huga að samþímagögn frá Samskipum Holding sýna að erlend flutningafyrirtæki hefðu brugðist við efnahagserfiðleikum veturinn 2008 og áfram með aukinni samkeppni, sbr. m.a. kafla 12.2.5.
1307. Hér ber og að horfa til fundargerðar vegna fundar framkvæmdastjórnar Samskipa 28. maí 2008 (mættir (S)forstj, (S)frkvstj-fjárm og (S)frkvstj-millilandasv). Þar kemur fram að til umræðu hafi verið m.a. „Revised budget – status“ og þar tilgreint að fjallað yrði um: „(S)frkvstj-millilandasv fyrstu drög“. ⁶⁷⁷ Í niðurstöðum fundargerðarinnar stendur einfaldlega undir þessum dagskrárlið: „Hvað er til ráða“. Undir liðnum „millilandasvið“ kom fram: „Markaðssókn og magnminnkun eru liðir sem (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstj skoða betur í næstu viku með [(S)forstö-innfl1]“. Í lokin í fundargerðinni kom fram aðgerðir og „staðan eins og hún er í dag og eins og við sjáum hana þarf að vera klár fyrir stjórnarfundinn 6. júní nk.“ ⁶⁷⁸ Eins og fram hefur komið og lýst verður betur síðar var haldinn fundur æðstu stjórnenda Eimskips og Samskipa ((S)aðaleig-stjform-SH, (S)forstj, (E)stjform og (E)forstj) þennan sama dag, 6. júní 2008.
1308. Samkvæmt fundargerðinni átti (S)frkvstj-millilandasv að fjalla um fyrstu drög að „Revised budget“ á fundinum. Við skýrslutöku hjá lögreglu var (S)frkvstj-millilandasv spurður um eftirfarandi ummæli í fundargerðinni: „**Revised budget** Hvað er til ráða“. Sagði (S)frkvstj-millilandasv að þarna væru

⁶⁷⁷ Þetta dagskrárefni fundar er í samræmi við skipulagningu [...] deginum áður. Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.467807, sbr. einnig fundarboð [...] Doc. ID. 0.7.33.468060.

Sbr. fyrirmæli [...] um að [...] kynni revised drög á fundinum, sbr. afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...]

⁶⁷⁸ Fundargerð af fundi framkvæmdastjóra Samskipa hf. 28.5.2008. Afhent gögn frá Samskipum 22.11.2016, viðauki nr. 8.



„menn greinilega að hafa áhyggjur af innheimtu, í það minnsta, að hérna, ef ég man rétt þá var nú á þessum tíma staða fjölmarga fyrirtækja mjög svona tvísýn og menn vissu ekki einu sinni hvort þeir voru fyrir ofan vatnsborð eða neðan, af því að það var allskonar ágreiningur um skuldsetningu og lán og gengistryggð lán og ekki gengistryggð lán [...]” Athygli (S)frkvstj-millilandasv var þá vakin aftur á því að þetta gagn væri frá maí 2008 en hann breytti ekki framburði sínum.⁶⁷⁹ Fyrri fundargerðir stjórnar Samskipa hf. og Samskipa Holding frá árinu 2008 sýna að „revised budget” tók ekki til þessara atriða sem (S)frkvstj-millilandasv vísaði til hjá lögreglu.

1309. Samkeppniseftirlitið telur ljóst að þessi ummæli í fundargerðinni varði ekki alvarlega fjárhagsstöðu fjölmargra fyrirtækja og áhyggjur Samskipa af innheimtu út af því. Ummælin eru hins vegar til stuðnings því að Samskip hafi ekki á þessum tímapunkti verið búin að ákveða hvernig brugðist yrði við fyrirséðum samdrætti í innflutningi, sbr. einnig að samkvæmt fundargerðinni ætluðu (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv að skoða betur hvort fara skyldi í markaðssókn.
1310. Gögn málsins sýna hins vegar að ekkert varð úr því að Samskip sæktu „sterkt” eða færu í „herferð” til þess að ná til sín mikilvægustu viðskiptavinum Eimskips, sbr. umfjöllun í næsta kafla og áfram í ákvörðun þessari.

6.8. Niðurstaða

1311. (S)aðaleig-stjform-SH var aðaleigandi Samskipasamstæðunnar, sat í stjórn Samskipa hf. og var stjórnarformaður Samskipa Holding árið 2008. Á þessum tíma var hann jafnframt annar stærsti hluthafi Kaupþings banka hf.
1312. Rekstur Samskipa hf. á Íslandi gekk mjög vel á fyrri hluta ársins 2008. Á sama tíma stóðu Samskip Holding og (S)aðaleig-stjform-SH frammi fyrir miklum fjárhagslegum áskorunum, annars vegar vegna krafna helsta lánveitanda Samskipa Holding, Fortis bank, og hins vegar áskorana tengdum hlutabréfaeign fjárfestingarfélagi (S)aðaleig-stjform-SH í Kaupþing banka. Í framburði (S)forstj hjá lögreglu kom fram að „menn” hefðu á þessum tíma haft „áhyggjur af stöðunni, miklar áhyggjur af stöðunni [...]”. Innan Samskipa hf. var rætt um hvernig ætti að hækka verð og „bæta afkomu félagsins á árinu”. Mikilvægir viðskiptavinir Samskipa voru með lausa viðskiptasamninga og taldi fyrirtækið það „ógn” auk þess að verðstríð við Eimskip gæti brotist út. Á sama tíma töldu stjórnendur Samskipa sig vita að innflutningur til landsins myndi fara minnkandi og ráðgerðu að útflutningur frá landinu myndi aukast, fyrst og fremst vegna flutninga tengdum stóriðju.
1313. Samtímagögn sýna að á sama tíma og Samskip Holding stóðu frammi fyrir miklum fjárhagslegum áskorunum gaf (S)aðaleig-stjform-SH fyrirmæli til stjórnarmanna og lykilstjórnenda um að grípa til aðgerða til að vernda og efla stöðu Samskipa hf. sem „cash cow” fyrir Samskipasamstæðuna. Samtímagögn sýna að aukið samstarf við Eimskip var talið mikilvægur þáttur í þeim aðgerðum. Með því væri unnið gegn því að hugsanlegur samdráttur í eftirspurn eftir flutningsþjónustu myndi leiða til aukinnar samkeppni og lækkunar á verði á flutningamarkaði. Innan Samskipa var ítrekað fjallað um mögulegt samstarf við Eimskip á fyrri hluta ársins 2008. Má t.d. rifja þetta upp:
- Tölvupóstur frá (S)frkvstj-millilandasv til (S)forstj frá 7. febrúar 2008 þar sem hann ræddi um „slot samninga við keppinauta” og „samnýtingu” á flutningakerfum.
 - Í tölvupósti (S)forstj frá 17. mars 2008 til (S)forstö-flutnstj vísaði (S)forstj til samtals við (S)frkvstj-millilandasv og að verið væri að skoða „innan mjög litils hops” tiltekin atriði og bað hann (S)forstö-flutnstj í því sambandi að „stillu upp siglingakerfi okkar og flutningsgetu, sem og flutningakerfi EI [Eimskip] , a myndraen mata með uppl um skip&getu og groflegan uppreikn a kostnaði kerfa [...]”

⁶⁷⁹ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 81-82.



- Á stjórnarfundum Samskipa hf. 4. apríl 2008 var rætt um „*hvernig hægt væri að bregðast við samdrætti í kerfi, ss með samstarfi við keppinauta.*“ Á glærुकynningu (S)forstj á fundinum var fjallað um næstu skref varðandi siglingarkerfi og þar tilgreint m.a.: „*Samstarf við Eimskip*“.
 - Í tölvupósti (S)forstj til (S)frkvstj-millilandasv frá 18. apríl 2008 vísaði hann til vinnu við m.a. þetta: „*Siglingakerfi -tækifæri á markaði, Eimskip/Atlantsskip*“.
 - Í tölvupósti (S)forstj til stjórnarmanna Samskipa hf. frá 18. apríl 2008 segir meðal annars svo: „*Við erum að vinna hörðum höndum að þeirri vinnu sem rædd var á sl. stjórnarfundum, þe [...] aðgerðir sem gripið verður til vegna fyrirséðs magnsamdráttar í innflutningi, þmt verðhækkunar umfram áætlanir, vangaveltur varðandi siglingakerfi (atlskip, eimskip) og aðrar aðgerðir*“.
1314. Sýna gögnin einnig að (S)aðaleig-stjform-SH kallaði eftir upplýsingum frá (S)forstj og (S)forstj-frystjg um Eimskip og lét félag í sinni eigu (Eglu) vinna skýrslur þar sem fjallað var um umfangsmikið samstarf við Eimskip bæði á Íslandi og í erlendri starfsemi Eimskips og Samskipa. Samkvæmt skýrslunum var mestur fjárhagslegur ábati fyrir Samskip talinn felast í auknu samstarfi Eimskips og Samskipa í siglingum til og frá Íslandi. Í stjórnarfundargerð vegna fundar Samskipa Holding 7. maí 2008 kom m.a. eftirfarandi fram í glærुकynningu (S)forstj: „*Eimskip, will be explored further...*“⁶⁸⁰ Í tölvupósti (S)forstj viku síðar velti hann vöngum yfir því hvort koma ætti á samsiglingum með Eimskip og „*allar leiðir skoðaðar*“.
1315. Samtímagögnin sýna að í lok apríl og í maí 2008 breyttist tónninn hjá stjórnendum Samskipa hf. Annars vegar var þá áfram rætt um aukið samstarf við Eimskip og hins vegar að Samskip myndu fara í „*herferð*“ eða „*sækja sterkt*“ í mikilvæga viðskipavini Eimskips. Ástæða þessarar umræðu innan Samskipa hf. um mikla samkeppni gegn Eimskip var ekki síst óánægja með að Eimskip hafði orðið hlutskarpast í tilraunum til að taka upp samstarf við Atlantsskip.
1316. Þegar áður nefndur tölvupóstur (S)forstj frá 14. maí 2008 er virtur í samhengi við önnur framangreind gögn er ljóst að Samskip ætlaði að skoða vel kosti og galla þess sem má nefna annars vegar samvinnuleiðina og hins vegar samkeppnisleiðina. Það hagsmunamat og sá samanburður áttu að leiða til þess að unnt væri að „*teikna upp strategíuna*“. Hún myndi síðan birtast í „*revised budget*“ sem yrði leiðarstefið eða vegvísirinn í aðgerðum fyrirtækisins. Átti þetta að vera tilbúið eigi síðar en 6. júní 2008
1317. Framangreind gögn sýna eins og áður sagði að meðal stjórnenda Samskipa var ýmist rætt um mögulega samvinnu eða samkeppni við Eimskip fram í maí 2008. Kaflaskipti urðu aftur á móti við ráðningu nýs forstjóra Eimskips, (E)forstj, en það var maður sem (S)forstj og nokkrir stjórnendur Samskipa þekktu og taldi (S)forstj að meiri „*mýkt*“ myndi fylgja (E)forstj. Var tilkynnt um ráðningu hans 20. maí 2008. Er það mat Samkeppniseftirlitsins að sú ráðning hafi skipt miklu máli um þá ákvörðun Samskipa að velja samvinnuleiðina en ekki samkeppnisleiðina. Aðgerðir sem gripið var til í kjölfarið, eftir 6. júní 2008, gengu út á verulegt ólögmeitt samráð við Eimskip og varð það á endanum aðferðin sem valin var. Var hún til þess fallin að vernda Samskip á Íslandi sem „*cash cow*“ Samskipasamstæðunnar. Er þessu lýst nánar í eftirfarandi umfjöllun um atvik málsins í kjölfar ráðningar (E)forstj sem nýs forstjóra Eimskips.
1318. Í mgr. 473 – 475 í athugasemdum Samskipa við AI segir að það sé alrangt að fyrirtækið hefði haft til skoðunar tvær ólíkar aðferðir til að mæta fyrirhuguðum samdrætti í innflutningi, þ.e. samvinnuleið eða samkeppnisleið. Vangaveltur um samstarf við Eimskip hafi einungis varðað það hvort Samskip gætu með lögmeætum hætti skorið enn frekar niður kostnað í eigin flutningakerfum með því að kaupa tiltekna þjónustu af keppinaut sínum. Slíkt hafi þó aldrei komið til framkvæmda. Halda Samskip því fram að á rannsóknartímabilinu hafi fyrirtækið farið í herferð, þ.e. verið með „*Grænlenka daga*“, og sótt viðskiptavinum frá Eimskip af áður nefndum „*target lista*“.

⁶⁸⁰ Rauður áherslulitur í frumgagninu.



1319. Samkeppniseftirlitið getur ekki fallist á þessi sjónarmið Samskipa en þau eru ekki í samræmi við samtímagögn, sbr. umfjöllun í kafla 25.4.12.



7. „NÝTT UPPHAF“ VERKEFNIÐ

1320. (E)forstj hóf störf sem forstjóri Eimskips í lok maí 2008 en hann hafði þá um langt árabil gegnt starfi framkvæmdastjóra fyrirtækisins í Bandaríkjunum. Gögn sem stafa frá hinum nýja forstjóra sýna að hann hófst þegar handa við að „auka“ samstarf Eimskips við Samskip. Eins og áður hefur verið gerð grein fyrir varð það til þess að Samskip völdu samvinnuleiðina frekar en samkeppnisleiðina. Eins og lýst verður í þessum kafla var um að ræða umfangsmikið samráð fyrirtækjanna.

7.1. (E)forstj verður forstjóri Eimskips 20. maí 2008

1321. Í febrúar 2008 lét þáverandi forstjóri Eimskips, (E)forstj-fyrrv, af störfum og var eftirmaður hans skamman tíma í starfi. Þann 20. maí 2008 var greint frá því að (E)forstj hafi verið ráðinn forstjóri félagsins. Í frétt Morgunblaðsins af þessu tilefni sagði:

„[(E)forstj] hefur verið ráðinn forstjóri Hf. Eimskipafélags Íslands, eða Eimskips. [...], sem hefur verið forstjóri eftir að [(E)forstj-fyrrv] hætti fyrr á árinu, hefur látið af störfum hjá félaginu að eigin ósk en hann var áður aðstoðarforstjóri og framkvæmdastjóri fjármálasviðs Eimskips. [(E)forstj] ætti að vera öllum hnútum kunnugur hjá Eimskip, en hann hefur undanfarin 18 ár sinnt ýmsum störfum innan Eimskips og tengdra félaga, síðast sem framkvæmdastjóri Eimskips í Bandaríkjunum og Kanada.“⁶⁸¹

1322. Samtímagögn sýna að æðstu stjórnendur Samskipa litu svo á að nýjum forstjóra Eimskips myndi fylgja „meiri mýkt“. Gögnin sýna einnig að (S)forstj taldi sig þekkja (E)forstj vel og að þeir áttu í reglubundnum samskiptum á rannsóknartímabilinu. Einnig var um að ræða ítrekuð samskipti milli (E)forstj og annarra stjórnenda Samskipa ((S)forstö-útfli og (S)frkvstj-N-Am). Þá þekktust (S)forstj og (E)frkvstj-alþjvsv vel og hittust reglulega.

1323. Samkeppniseftirlitið telur að þessi tengsl og samskipti milli hins nýja forstjóra Eimskips, (E)forstj, og stjórnenda Samskipa hafi verið til þess fallin að auðvelda eða stuðla að því að ráðist var í hið umfangsmikla ólögsmæta samráð eftir að (E)forstj tók við starfi sínu.

1324. Eins og lýst verður nánar hér á eftir tók „Nýtt upphaf“ verkefni Samskipa og Eimskips til lykilorða í starfsemi fyrirtækjanna, t.d. sjó-, landflutninga og reksturs frystigeymslna. Gögn málsins sýna jafnframt að helstu stjórnendur fyrirtækjanna höfðu aðkomu að samráðinu. Auk forstjóranna, (E)forstj og (S)forstj, má hér nefna (E)frkvstj-alþjvsv, (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-Eimísl, (E)frkvstj-skiparekst, (E)frkvstj-sala/þj, (E)frkvstj-innanl, (E)forstö-innfl fyrir hönd Eimskips og (S)frkvstj-millilandasv, (S)frkvstj-innanl, (S)forstö-útfli, (S)frkvstj-Jóna og (S)forstö-innfl1 fyrir hönd Samskipa. Þá höfðu stjórnarformenn fyrirtækjanna, (S)aðaleig-stjform-SH og (E)stjform, einnig aðkomu að samráðinu. Í þessum hópi var einnig um að ræða persónuleg tengsl og samskipti milli stjórnenda fyrirtækjanna.

1325. Að mati Samkeppniseftirlitsins hafa þessi tengsl og samskipti þýðingu í málinu þar sem þau gerðu Samskipum án efa auðveldara að nálgast Eimskip með það að markmiði að auka ólögsmætt samráð félaganna og öfugt. Jafnframt voru samskiptin til þess fallin að viðhalda samráðinu. Þá skiptir og máli að m.a. (E)forstj og (S)forstj veittu Samkeppniseftirlitinu og lögreglu rangar upplýsingar um samskipti sín á milli svo og fyrirtækjanna sem þeir stýrðu. Skal þessu lýst nánar.

7.1.1. Samskipti (E)forstj og (S)forstj

1326. Sama dag og frétt, um ráðningu (E)forstj sem forstjóra Eimskips, birtist í fjölmiðlum framsendi (S)forstj enska útgáfu af fréttinni til yfirmanna Samskipa erlendis ((S)forstj-frystig, (S)frkvstj-MCL

⁶⁸¹ „Tekur við stýrinu hjá Eimskipafélaginu“, dags. 21.05.2008. Mbl. Aðgengilegt á slóð: <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1215763/>.



og (S)stjórnarm-fjármstj). (S)forstj-frystig svaraði og spurði (S)forstj hvernig hann teldi að (E)forstj myndi taka á ástandinu hjá Eimskip („adress the current situation at eimskip“). (S)forstj svaraði:

„I think they will continue same track they are on now, this is surprising me, I know [(E)forstj] well through the years... we discuss futher [svo] when we meet in russia...“.⁶⁸²

1327. (S)forstj sendi einnig sama dag eftirfarandi tölvupóst til (S)aðaleig-stjform-SH og (S)stjform-S vegna þessarar fréttar um ráðningu (E)forstj:

„Fljótt skipast veður í lofti - úr frostinu í hlýjuna - harkan í mýktina

Ofangreindri [svo] frasar lýsa breytingum hjá Eimskip ágætlega, hann [(E)forstj] var „frystur“ af [(E)forstj-fyrirv], þegar [(E)forstj-fyrirv] kom inn í félagið, mikið búið að breytast á skömmum tíma frá því [(E)forstj-fyrirv2] og [(E)forstj-fyrirv] voru húsráðendur, mýktin að verða meiri, og dregur úr hörkunnj.....“.⁶⁸³

1328. Gögn málsins gefa til kynna að m.a. (S)aðaleig-stjform-SH, (S)stjform-S, (S)stjórnarm-fjármstj, (S)forstj-frystig, (S)frkvstj-MCL og (S)forstj og fleiri stjórnendur hjá Samskipum hefðu ætlað að funda í Rússlandi 22. og 23. maí 2008.⁶⁸⁴ Samkvæmt framansögðu ætlaði (S)forstj að ræða um Eimskip og nýjan forstjóra á þeim fundi.
1329. Til þess að ákveða og hrinda samráðinu af stað hittust síðan (E)forstj, (E)stjform (stjórnarformaður Eimskips), (S)aðaleig-stjform-SH og (S)forstj á fundi þann 6. júní 2008. Í kjölfarið héldu sömu menn áfram samskiptum, sbr. m.a. fund 25. júlí 2008. Verður þessu lýst nánar í m.a. köflum 7.2, 7.3 og 8.13.
1330. Gögnin málsins sýna að á rannsóknartímabilinu voru (E)forstj og (S)forstj í fámennum hópi manna sem léku golf saman, tefldu saman, veiddu saman og fóru saman í skemmtiferðir til útlanda. Sérstök ástæða er að hafa hliðsjón af þessu í málinu í ljósi svara (E)forstj og (S)forstj við spurningum Samkeppniseftirlitsins og lögreglu um samskipti þeirra, sbr. nánar hér á eftir.
1331. Eins og fram kom m.a. í kafla 2.1 átti Samkeppniseftirlitið fundi með viðskiptavinum og keppinautum Eimskips og Samskipa í tengslum við undirbúning markaðsrannsóknar en sá undirbúningur hófst haustið 2012. Á þessum fundum var eftirlitið upplýst um mikil samskipti milli stjórnenda Eimskips og Samskipa og að (E)forstj hafi látið þau boð út ganga til undirmanna sinna að ekki ætti að „hjóla í Samskip“. Á svipuðum tíma hefðu samskonar boð verið lätin út ganga innan Samskipa varðandi samkeppni við Eimskip.
1332. Í ljósi þessara vísbendinga taldi Samkeppniseftirlitið nauðsynlegt í húsleit sinni í september 2013 að óska eftir því að fulltrúar Eimskips og Samskipa gæfu munnlegar upplýsingar um hugsanleg samskipti og tengsl milli fyrirtækjanna, sbr. 1. mgr. 19. gr. samkeppnislaga.
1333. Í 19. gr. samkeppnislaga er mælt fyrir um heimild Samkeppniseftirlitsins til að krefja fyrirtæki um allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar þykja við athugun einstakra mála. Í ákvæðinu er tekið fram að upplýsinga sé unnt að „krefjast munnlega eða skriflega.“ Við upplýsingagjöf samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga er fulltrúum fyrirtækja skylt að veita Samkeppniseftirlitinu réttar og fullnægjandi upplýsingar sem óskað hefur verið eftir, sbr. m.a. 41. gr. b laganna. Í því felst að óheimilt er að afvegaleiða Samkeppniseftirlitið með staðhæfingum sem eru tvíræðar eða beinlínis rangar, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 1/2012, *Síminn hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*.

⁶⁸² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.465099.

⁶⁸³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.465079.

⁶⁸⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.464653.

1334. Skýrslur sem teknar voru af fulltrúum fyrirtækjanna með heimild í 19. gr. samkeppnislaga voru hljóðritaðar og endurrit af þeim liggja fyrir í málinu. Voru lögmenn fyrirtækjanna viðstaddir þessa skýrslugjöf.

1335. Þegar húsleit Samkeppniseftirlitsins fór fram var (E)forstj staddur erlendis. Tók Samkeppniseftirlitið skýrslu af (E)frkvstj-fjárm, sem var kynntur sem staðgengill (E)forstj. (E)frkvstj-fjárm var framkvæmdastjóri yfir fjármála- og stjórnunarsviði og hafði starfað hjá Eimskip frá árinu 1999. Lýsti (E)forstj honum sem sinni „hægri hönd“.⁶⁸⁵ Aðspurður kvaðst (E)frkvstj-fjárm ekki hafa átt í neinum samskiptum við stjórnendur hjá Samskipum. Hann var síðan spurður um samskipti annarra stjórnenda Eimskips við starfsmenn Samskipa:

SE⁶⁸⁶ [...] veistu til þess að helstu stjórnendur Eimskipa séu í samskiptum við herna helstu stjórnendur Samskipa eða starfsmenn Samskipa?

(E)frkvstj-fjárm Ég veit um, ég veit um einhver samtöl manna á milli skilurðu eða veit að menn þekkjast, það er klárt.

SE Menn þekkjast?

(E)frkvstj-fjárm Já já, ég veit að það eru, það eru starfsmenn hér sem að þekkja starfsmenn inni í Samskip, það er þannig sko.

SE Geturðu nefnt nöfn?

(E)frkvstj-fjárm Ég veit, ég veit náttúrliga um að [(E)forstj] þekkir einhverja, ég meina [(E)forstj] og [(S)forstj] þekkjast held ég og [(E)frkvstj-sala/pj] og þeir þekkja einhverja þarna og já, ég hugsa að það séu, ég hugsa að ég sé svona sá eini sem að þekki eitthvað lítið þarna inn sko.⁶⁸⁷

1336. Skýrsla var einnig tekin af (E)forstj eftir að hann kom til landsins.⁶⁸⁸ Var hann einnig spurður um samskipti við Samskip:

SE En hefur þú átt í samskiptum við starfsmenn Samskipa?

(E)forstj Nei, ég, eins og ef við byrjum bara á toppnum hjá þeim, [(S)forstj], þá er hann í stjórn viðskiptaráðs, það eru einu skiptin sem að ég rekst á hann en við reynum að sitja eins langt frá hvor öðrum og vera bara kurteisir og heilsa hvor öðrum, þannig að ég hef engan áhuga á að umgangast hann. [...]

SE En herna, eins og samskiptin við [(S)forstj], er það sem sagt á þessum vettvangi hjá viðskiptaráði?

(E)forstj Já.

SE Sem er einu sinni í mánuði?

(E)forstj Nei, í rauninni ég er í, ég er í framkvæmdarstjórn viðskiptaráðs, ég mæti ekki alltaf á þessa almennu fundi þar sem eru einhverjir 36 fulltrúar, hann mætir ekkert heldur alltaf þannig að það er, við erum kannski að sjá hvorn annan á þriggja mánaða fresti.

1337. Samkeppniseftirlitið spurði (E)forstj síðan um þann framburð (E)frkvstj-fjárm um að hann og (S)forstj þekktust:

SE Það nefnilega kom fram í viðtölunum í síðustu viku að herna það væru samskipti á milli þín og [(S)forstj], bæði í vinnu og einkalífi.

⁶⁸⁵ Endurrit af upplýsingagjöf [...] hjá Samkeppniseftirlitinu 17.09.2013.

⁶⁸⁶ Samkeppniseftirlitið.

⁶⁸⁷ Endurrit af upplýsingagjöf [...] hjá Samkeppniseftirlitinu 10.09.2013.

⁶⁸⁸ Endurrit af upplýsingagjöf [...] hjá Samkeppniseftirlitinu 17.09.2013.

(E)forstj Það er, væri ótrúlegt. Það eru engin samskipti á milli okkar, það er svona hatur meira heldur en eitthvað annað sko.

SE Þannig að hafnar, í raun og veru neitar því?

(E)forstj Frá mínum, frá mínum mönnum, nei, ég held að [(E)frkvstj-fjárm] hafi sagt sko að við höfum, við þekkjumst í gegnum viðskiptaráð eða eitthvað svoleiðis, ég er ekki í nokkrum samskiptum við hann og hérna, ég ætla bara að láta vera að segja skoðun mína á honum og [(S)aðaleig-stjform-SH].

L⁶⁸⁹ Ég myndi kannski vilja koma að athugasemd, svona ekki alveg sannfærður um að þetta sé algjörlega rétt eftir haft en látum það liggja á milli hluta.

(E)forstj En allavega við, það andar mjög köldu á milli okkar og við erum, það er oft svona.

[...]

(E)forstj En það er bara svoleiðis að það andar mjög köldu og ég lendi stundum í því að bara (*óskýrt*) aðeins betri sko útskýringar, þegar olúfélag býður í veiði þá spyr ég er einhver frá Samskip og ég hlustaði nú á [...] hjá SA þegar hann var að segja að við ættum að taka til fyrirmyndar erlend félög, ekki það að ég væri bara að fara eftir honum, mér líður bara illa í návist þeirra og hérna og ég fer ekki í veiðiferð ef að þeir eru.

SE Ókei.

(E)forstj Og í afmæli, hvað sem er, ef ég veit að hann er þar þá reyni ég að sleppa því.

SE Gerir hann það líka, [(S)forstj]?

(E)forstj Ja, við hittumst allavega aldrei.

1338. (S)forstj var spurður af Samkeppniseftirlitinu hvort starfsmenn Samskipa og Eimskips hafi átt í samskiptum á síðastliðnum árum. Hann svaraði með þessum hætti:⁶⁹⁰

(S)forstj Ég bara þekki ekki til þess hérna, ég veit þó til af sko samsiglingum eða samningi sem að við höfum haft við hérna, sem við höfum haft við Eimskip sem er hérna samningur um hérna flutninga til og frá Ameríku.

1339. (S)forstj var þá spurðir hvort um væri að ræða önnur samskipti við Eimskip og svaraði hann því neitandi:

SE Ókei og þá engin önnur samskipti sem þú veist um á milli þessara félaga?

(S)forstj Nei.

1340. (S)forstj var einnig spurður hvort hann sjálfur hefði átt vinnutengd eða persónuleg samskipti við starfsmenn Eimskips. Upplýsti (S)forstj að hann hefði átt í persónulegum samskiptum við (E)frkvstj-alþjvs, sbr. nánar síðar. (S)forstj var síðan spurður um samskipti við (E)forstj:

SE (S)forstj, ég spurði þig áðan varðandi samskipti við starfsmenn hjá Eimskipum og þú nefndir [(E)frkvstj-alþjvs]. Ég spyr þig, hefurðu ekkert verið í neinum samskiptum við [(E)forstj], forstjóra Eimskipa?

(S)forstj Nei, raunverulega sko, raunverulega ekki, ég hérna, maður hittir hann á kannski opinberum vettvangi á hérna, á fundum í viðskiptaráði, við erum báðir í viðskiptaráði og á fjölmönnum hérna samkomum sem slíkum.

SE Ókei.

⁶⁸⁹ Lögmaður Eimskips.

⁶⁹⁰ Endurrit af skýrslu [...] hjá Samkeppniseftirlitinu 10.09.2013.



(S)forstj En ég herna, ég hef ekki, ekki talað við hann persónulega í, ég held það séu orðin ansi mörg ár síðan, ansi mörg ár síðan.

SE Og engin vinnutengd samskipti önnur en þessi, þetta ráð?

(S)forstj Það eru engin vinnutengd samskipti undanfarin, undanfarin mörg ár. Fyrir mörgum mörgum árum síðan herna hitti maður hann kannski þegar hann var í Bandaríkjunum og við vorum með skrifstofu í Norfolk og slíkt, en það eru mörg ár síðan.

SE Og ekkert persónulegt heldur þá?

(S)forstj Nei, ekkert persónulegt.

1341. Eins og fram kemur í kafla 2.9 óskaði Samkeppniseftirlitið eftir því í janúar 2015 að Eimskip og Samskip afhentu möguleg fyrirliggjandi gögn og upplýsingar um samskipti milli tiltekinnar starfsmanna fyrirtækjanna, þ.m.t. (S)forstj og (E)forstj. Hefðu átt sér stað samskipti, sem ekki kæmu fram í fyrirliggjandi gögnum, óskaði eftirlitið eftir upplýsingum um tímasetningu slíkra samskipta og milli hverra þau samskipti hefðu verið.
1342. Í svörum Eimskips frá 23. maí 2015, 23. október 2015, 20. nóvember 2015 og 19. febrúar 2016 voru ekki veittar upplýsingar um fund (E)forstj, (E)stjform, (S)forstj og (S)aðaleig-stjform-SH þann 6. júní 2008 eða um önnur samskipti (E)forstj og (S)forstj sem liggja fyrir í málinu.
1343. Í svörum Samskips frá 9. mars og 10. apríl 2015 voru ekki veittar upplýsingar um umræddan fund eða önnur samskipti (E)forstj og (S)forstj.
1344. Í bréfi Samskips frá 14. janúar 2016 voru hins vegar veittar tiltekna upplýsingar um fundinn 6. júní 2008. Í bréfi Samskips segir að (S)forstj hafi reynt að rifja upp samskipti við Eimskip. Kvaðst (S)forstj „minnast þess að hafa átt fund með forsvarsmönnum Eimskips á vormánuðum 2008“ til að kanna hvort tækifæri væri á að kaupa eignir Eimskips erlendis. Sem fyrr segir greindi (S)forstj ekki frá þessum samskiptum í skýrslugjöf sinni til Samkeppniseftirlitsins. Í svari Samskips er einnig sagt að (S)forstj og (E)forstj hefðu setið saman í Viðskiptaráði á árunum 2010-2014 en forstjórnarnir tveir hafi ekki setið í neinum nefndum og að samskipti þeirra hafi verið „alfarið bundin við málefni Viðskiptaráðs.“
1345. Þann 13. október 2017 veitti Eimskip tiltekna upplýsingar um fundinn 6. júní 2008 eftir að umræddar upplýsingar frá Samskipum höfðu verið bornar undir fyrirtækið.
1346. Framangreind skýrsla (E)forstj frá september 2013 er mjög skýr. Fyrir utan setu í stjórn Viðskiptaráðs kvaðst hann engin samskipti hafa haft við (S)forstj. Hann hafi „engan áhuga á að umgangast“ (S)forstj, það „andi köldu“ milli þeirra og það séu „engin samskipti á milli okkar, það er svona hatur meira heldur en eitthvað annað sko“. Til viðbótar tók (E)forstj fram að honum „líði illa í návist“ starfsmanna Samskips og hann færi „ekki í veiðiferð ef að þeir eru.“
1347. Framangreind skýrsla (S)forstj frá september 2013 er einnig ótvíræð. Fyrir utan setu í stjórn Viðskiptaráðs (og í Bandaríkjunum fyrir „mörgum mörgum árum“) hefði hann ekki átt nein vinnutengd eða persónuleg samskipti við (E)forstj.
1348. Við skýrslutöku hjá lögreglu í maí 2018 var (S)forstj spurður um samskipti við starfsmenn, stjórnendur eða stjórnarmenn Eimskips. Sagði hann þá frá fundinum sem hann og (S)aðaleig-stjform-SH áttu með (E)forstj og (E)stjform 6. júní 2008.⁶⁹¹ Aðspurður um samskipti við Samskip vísaði (E)forstj einnig einungis til sama fundar.⁶⁹²

⁶⁹¹ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 20.

⁶⁹² Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 25.



1349. Við skýrslutöku hjá lögreglu voru (S)forstj og (E)forstj síðan spurðir um persónuleg eða vinnutengd samskipti þeirra á milli.

- Í svari (S)forstj kom þetta fram:
 - Samskipti hans við (E)forstj voru „faktískt séð bara þarna í kringum þennan fund þarna“, þ.e. fundinn 6. júní 2008.
 - Síðan bætti (S)forstj við: „Svo vorum við saman í viðskiptaráð“.
 - Til viðbótar sagði (S)forstj þetta: „Og svo hef ég séð nokkrum sinnun hann á golfvöllinum.“⁶⁹³ Aðspurður kvaðst (S)forstj aldrei hafa spilað golf við (E)forstj eða farið með honum í golfferðir.⁶⁹⁴
 - Var (S)forstj og síðan spurðir hvort hann og (E)forstj ræddu saman þegar þeir hittust. Hann svaraði með þessum hætti: „Ég held að það hafi nú verið svona segull í kringum okkur sem tryggði hérna hvorugur aðili hefði hérna áhuga eða, eða vilja til að blanda geði eða, eða slíkt.“⁶⁹⁵
- Í svari (E)forstj við skýrslutöku hjá lögreglu kom fram að hann og (S)forstj hefðu setið saman í framkvæmdastjórn Viðskiptaráðs og verið báðir með kynningu eitt sinn á Arctic Circle ráðstefnunni. (E)forstj hefði almennt reynt að sitja ekki við sama borð og (S)forstj og ekki átt í neinum samskiptum við hann. Honum og (S)forstj væri „ekkert vel til hvors annars“. Aðspurður um hvort fundurinn 6. júní 2008 hafi verið eini fundur hans með (S)forstj sagði (E)forstj hins vegar þetta: „Já svona þú veist formlegur fundur sem ég man eftir. Það hefur ekki verið, það hefur ekki verið aðrir fundir sem ég man ekki eftir. Hvort að einhverntíman hafi [óskýrt] verið sagt, spurt að því hvernig gengur sala eigna eða eitthvað á viðskiptaráðsfundi eða eitthvað en engir formlegir fundir, sem ég man.“⁶⁹⁶ Aðspurður kvaðst (E)forstj aldrei hafa spilað golf við (S)forstj, ekki tekið þátt í sömu mótum og hann eða farið með honum í golfferðir.⁶⁹⁷

1350. Við skýrslutöku hjá lögreglu voru (S)forstj og (E)forstj einnig spurðir um framangreindan tölvupóst (S)forstj til (S)stjórnarm-fjármstj, (S)forstj-frystig og (S)frkvstj-MCL frá 20. maí 2008 þar sem (S)forstj kvaðst þekkja (E)forstj vel.

- (S)forstj útskýrði þetta svo: „Þetta er, vitið að ég nefnilega, eftir að hérna, eftir að heimsókn átti sér stað, Samkeppniseftirlitsins til Samskipa þá fór ég í einhverja svona pósta og sá meðal annars þennan einstaka póst að mínu mati og ég held þarna sé Íslendingur að segja við útlending að Ísland sé lítið og að það sé alltaf hægt að þekkja í gegnum einhver tengsl, einhverja í litla landinu. Þannig að ég get á engan hátt sagt að ég hafi þekkt hann very well, það er bara ekki rétt.“⁶⁹⁸
- (E)forstj kvað ummæli (S)forstj í tölvupóstinum ekki vera rétt. Þeir þekktust ekki. Spurður nánar um þetta sagði (E)forstj að það gæti vel verið að (S)forstj hafi verið að „gera sig breiðan“.⁶⁹⁹

1351. Áðurnefndir tölvupóstar (S)forstj frá 20. maí 2008 eru skýr samtímagögn. Í þessum gögnum staðhæfði (S)forstj að hann þekkti (E)forstj vel og treysti sér til þess að fullyrða gagnvart yfirboðurum sínum ((S)aðaleig-stjform-SH og (S)stjform-S) að meiri „mýkt“ og minni „harka“ myndi fylgja forstjóratið hins nýja forstjóra Eimskips. Einn nánasti samstarfsmaður (E)forstj, (E)frkvstj-fjárm, taldi sig vita að (S)forstj og (E)forstj þekktust. Þá sýna gögn málsins að (E)forstj og (S)forstj hittust

⁶⁹³ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 24.

⁶⁹⁴ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 27. Þessi framburður breyttist þegar samtímagögn voru borin undir [...], sbr. bls. 28-32 í endurritinu.

⁶⁹⁵ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 24-25.

⁶⁹⁶ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 25.

⁶⁹⁷ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 27. Þessi framburður breyttist þegar samtímagögn voru borin undir [...], sbr. bls. 28-33 í endurritinu.

⁶⁹⁸ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 27.

⁶⁹⁹ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 27.



þann 6. júní 2008 og þann 9. júní s.á. vistaði (E)forstj glærukynningu þar sem fjallað var um hugsanlegt „aukið samstarf“ Eimskips og Samskipa og skipun „vinnuhóps“ til að fjalla um þetta aukna samstarf. (S)forstj og (E)forstj sátu í vinnuhópnum, sbr. nánari umfjöllun í kafla 7.3.1.

1352. Svör (S)forstj og (E)forstj við spurningum Samkeppniseftirlitsins voru því í ósamræmi við samtímagögn. Í skýrslum þeirra sem þeir gáfu hjá Samkeppniseftirlitinu í september 2013 kemur ranglega fram að þeir hafi ekki átt vinnutengd samskipti í forstjórátíð þeirra. Þá greindu þeir ekki frá fundi þeirra 6. júní 2008 og skipun umrædds vinnuhóps sem þeir sátu í. Yfirlýsingar (E)forstj við skýrslutöku hjá Samkeppniseftirlitinu um „hatur“ í garð (S)forstj/Samskipa eru auk þess ekki í samræmi við gögn málsins.
1353. Fyrirnefnd skýring (S)forstj við skýrslutöku hjá lögreglu á tölvupósti hans til (S)stjórnarm-fjármstj, (S)forstj-frystig og (S)frkvstj-MCL frá 20. maí 2008 er ekki trúverðug. (S)stjórnarm-fjármstj (fjármálastjóri Samskipa Holding) er íslenskur og ekki þurfti (S)forstj að útskýra fyrir honum íslenskt samfélag. (S)forstj-frystig og (S)frkvstj-MCL voru ásamt (S)forstj forstjórar rekstrarfélaganna sem heyrðu undir Samskip Holding. Í ljósi eignarhalds á Samskipum Holding og óhjákvæmilegum tengslum fyrirtækjanna sem (S)forstj-frystig og (S)frkvstj-MCL stýrðu við Ísland verður að leggja til grundvallar að þeir hafi haft nokkra þekkingu á aðstæðum hér á landi. Þá er þessi skýring (S)forstj ekki í samræmi við það sem fram kom í tölvupósti hans til (S)aðaleig-stjform-SH og (S)stjform-S þar sem hann lýsti breytingum sem myndu leiða af ráðningu (E)forstj. Þá skiptir máli að (S)forstj kvaðst ætla að fjalla nánar um þýðingu þess að (E)forstj væri tekinn við sem forstjóri Eimskips á fundi helstu stjórnenda Samskipa í Rússlandi 22. og 23. maí 2008. Ber í því samhengi að hafa í huga þau atvik sem höfðu átt sér stað fyrr í maí mánuði og mánuðina þar á undan. Vísast hér t.d. til glærukynningar (S)forstj á stjórnarfundum Samskipa Holding 7. maí 2008 og skýrslunnar sem (S)aðaleig-stjform-SH bað um og sýndi mikinn ábata af auknu samstarfi við Eimskip, sbr. tölvupóstinn til (S)stjform-S 12. maí 2008. Vísast um þetta til kafla 6.7.5 hér að framan. Málefni tengd Eimskip voru því á þessum tíma til gaumgæfilegrar athugunar hjá aðaleigenda Samskipa og lykilstjórnendum fyrirtækisins. Ekki er því unnt að fallast á með (E)forstj að (S)forstj hafi aðeins verið að gera sig „breiðan“ með umræddum tölvupósti sínum.
1354. Eins og að framan greinir sagðist (S)forstj við skýrslutöku hjá Samkeppniseftirlitinu ekki vita um nein önnur samskipti milli Eimskips og Samskipa en þau sem tengdust samstarfi í siglingum til og frá Norður-Ameríku. Við skýrslutöku hjá lögreglu sagði (S)forstj að það væri „svona segull í kringum“ hann og (E)forstj sem tryggði að þeir blönduðu ekki geði saman. Kvaðst (S)forstj heldur ekki hafa farið með (E)forstj í golferðir eða átt nein slík samskipti við hann. Með sama hætti kvaðst (E)forstj aldrei hafa spilað golf við (S)forstj eða farið með honum í golfferðir. (E)forstj notaði stór orð og ræddi m.a. um „hatur“ í tengslum við (S)forstj. Einnig staðhæfði (E)forstj að honum „liði illa í návist“ starfsmanna Samskipa og forðaðist öll samskipti við þá. Færi (E)forstj aldrei í veiðiferð ef (S)forstj eða aðrir stjórnendur Samskipa væru með í för.
1355. Framangreindar yfirlýsingar (S)forstj og (E)forstj eru í beinu ósamræmi við samtímagögn. Sökum þess að (S)forstj og (E)forstj sögðu ekki rétt frá er nauðsynlegt að lýsa samtímagögnunum.
1356. Samtímagögn sýna að á rannsóknartímabilinu hefðu (E)forstj og (S)forstj verið saman í tólf manna hópnum sem hittist ítrekað á árunum 2010 – 2013. Þessi hópur var á vegum N1 og kemur eftirfarandi fram í gögnunum:
- Á umræddu tímabili hélt hópurnir fimmtán golfmót. Sýna gögnin að á þessum golfmótum hafi eftir atvikum verið gert ráð fyrir að hópurnir myndi einnig snæða og spjalla saman (nefnt m.a. „súpuspjall“). Kemur og fram í gögnunum að góð persónuleg tengsl hafi myndast í hópnum og meðlimir notið félagskaparins.
 - Dagana 27. til 29. ágúst 2010 fóru (E)forstj og (S)forstj með hópnum í ferð til Bretlands. Samkvæmt dagskrá átti að spila golf saman, fara á knattspyrnuleik og eiga saman „skemmtileg kvöld“.



- Dagana 2. til 5. september 2011 fóru (E)forstj og (S)forstj með hluta hópsins í ferð til Danmerkur. Samtals voru átta manns í ferðinni. Samkvæmt dagskrá áttu áttmenningarnir að spila golf saman, snæða saman í hádeginu og á kvöldin og fara saman í skoðunarferðir.
- Þann 9. janúar 2012 hittust (S)forstj og (E)forstj og aðrir í hópnum og tefldu saman. Í tölvupóstsamskiptum í aðdraganda þessa hvatti (E)forstj eða „manaði“ (S)forstj o.fl. til þess að mæta sem þeir og gerðu.
- Dagana 23. til 26. ágúst 2012 fóru (E)forstj og (S)forstj í veiði í Selá með hópnum.
- Dagana 26. til 29. ágúst 2013 fór hópurinn aftur í veiði í Selá. (S)forstj mætti en (E)forstj komst ekki í þetta sinn. Í hans stað fór (E)frkvstj-flutnkerf, framkvæmdastjóri hjá Eimskip. Tók (E)frkvstj-flutnkerf þátt í hinu ólögmeeta samráði við Samskip.

1357. Nánar verður fjallað um gögn sem tengjast þessum samskiptum (E)forstj og (S)forstj í kafla 13. Verður þar einnig fjallað um þau sjónarmið sem Samskip hafa sett fram um þau samskipti.

1358. Áðurnefndar yfirlýsingar (E)forstj um engin samskipti hafi verið við Samskip eru einnig í ósamræmi við þá staðreynd að hann átti ítrekuð samskipti við aðra stjórnendur hjá Samskipum ((S)forstö-útlfl og (S)frkvstj-N-Am). Þá átti (S)forstj í ítrekuðum samskiptum við (E)frkvstj-alþjv. Verður þessu lýst nánar hér á eftir.

1359. Við skýrslutöku hjá Samkeppniseftirlitinu greindu (E)forstj og (S)forstj heldur ekki frá því að á rannsóknartímabilinu hefðu Eimskip og Samskip haldið árlega golfmót. Við skýrslutöku hjá lögreglu var (E)forstj spurður hvort hann kannaðist við sameiginleg golfmót Eimskips og Samskipa. Svaraði hann með þessum hætti:

„Já þau voru fyrir minn tíma og ég lagði þau af. Mér fannst það alveg fáránlegt.“⁷⁰⁰

1360. Framangreind staðhæfing (E)forstj er ósönn. Sem fyrr segir sýna samtímagögn að á rannsóknartímabilinu (og í forstjóratið (E)forstj) héldu Eimskip og Samskip árlega golfmót. Lykilstjórnendur Eimskips og Samskipa tóku þátt í þessum samskiptum fyrirtækjanna, t.d. (E)forstö-innfl (forstöðumaður innflutningsdeildar), (E)frkvstj-sala/þj (framkvæmdastjóri yfir inn- og útflutningi), framangreindur (E)frkvstj-flutnkerf (framkvæmdastjóri yfir m.a. siglingakerfinu), framangreindur (S)forstö-útlfl (forstöðumaður útflutningsdeildar) og (S)frkvstj-innanl (framkvæmdastjóri landflutninga). Voru þetta allt stjórnendur sem komu að samráði fyrirtækjanna. Jafnframt tóku (E)forstj og (S)forstj þátt í þessum mótum og gögn málsins sýna að þeir studdu eða hvöttu til þessara samskipta fyrirtækjanna. Nefna má dæmi:

- Þann 13. maí 2009 sendi (S)forstj tölvupóst til undirmanns þar sem sagði: „Ertu á landinu 22. maí, golfmót við Eimskip.“⁷⁰¹
- Í tölvupósti sem (S)forstj sendi 3. maí 2010 hvatti hann undirmenn sína til þess að hitta og spila golf við starfsmenn Eimskips.⁷⁰²
- Á golfmótið 2011 voru skráðir til leiks m.a. (E)forstj, (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-flutnmið. Þegar liðsskipan var send út í tölvupósti var tekið fram að veitingar væru í boði Samskipa. Einnig kom fram að það vantaði enn sex leikmenn fyrir Eimskip og hvatti (E)forstj til þátttöku með tölvupósti í framhaldinu: „Þið hin sem uppá vantar - þið verðið að fórna ykkur fyrir félagið og tryggja að bikarinn komi heim. Ég stóla á ykkur.“⁷⁰³ Daginn fyrir golfmótið sendi (S)viðskstj tölvupóst til m.a. (S)forstj og greindi honum frá uppstillingu liða Eimskips og Samskipa. Sést af

⁷⁰⁰ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 52.

⁷⁰¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.601519.

⁷⁰² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.743247.

⁷⁰³ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.60161.



því að (E)forstj, (E)frkvstj-sala/þj og (S)forstö-útl voru saman í ráshópi. Einnig voru saman í ráshópi lykilstarfsmenn í innflutningi, þ.e. (E)forstö-flutnmið og (S)viðskstj1.⁷⁰⁴

- Í tölvupósti frá 18. maí 2012 heimilaði (S)forstj að Samskip myndu greiða mótsgjaldið fyrir leikmenn Samskipa í hinu árlega golfmóti gegn Eimskip.⁷⁰⁵ (E)forstj sendi tölvupóst og bauð sig sérstaklega fram til þess að spila við Samskip.⁷⁰⁶

1361. Áður en aukið samráð Eimskips og Samskipa hófst í júní 2008 hafði (S)forstj hins vegar annað viðhorf til samskipta af þessum toga við helsta keppinautinn. Það má ráða af tölvupósti sem starfsmaður Samskipa sendi (S)forstj og fleiri stjórnendum þann 12. febrúar 2008 með heitinu „Keilumót Samskipa og Eimskips“. Í honum var hvatt til þess að innan Samskipa yrði myndað keilulið til að keppa við Eimskip. Sökum þessa sendi (S)forstj eftirfarandi tölvupóst til (S)forstö-markaðs sama dag: „Ég verð að segja að mér finnst neðangreint ekki viðeigandi – fyrirtækin eru í mikilli og blóðugri samkeppni, um viðskiptavinum og starfsfólki.“

Hún [...] hafði sagt mér frá þessu um daginn, en ég ekki komið svo sem athugasemdum á framfæri, en þetta er nú mín skoðun.

*Vinsamlegast bjallaðu á mig, áður en rætt frekar innanhúss.*⁷⁰⁷

1362. Verður ekki annað ráðið en að framangreint viðhorf (S)forstj hafi breyst eftir að (E)forstj settist í stól forstjóra Eimskips og (S)forstj eftir það heimilað og tekið þátt í golfmótum Eimskips og Samskipa auk þess sem hann skemmti sér ítrekað með (E)forstj bæði hér á landi og erlendis.

1363. Í þessu samhengi verður að nefna að (E)forstj var varaður við þessum samskiptum við Samskip. Ljóst er að framkvæmdastjóri lögræðideildar Eimskips, (E)frkvstj-lögfr, taldi mikla áhættu fólgni í þeim reglubundnu samskiptum við Samskip sem fólust í hinu árlega golfmóti þessara keppinauta. Þann 7. maí 2012 sendi (E)frkvstj-lögfr tölvupóst til (E)forstj og (E)frkvstj-sala/þj.⁷⁰⁸ Í honum vísaði (E)frkvstj-lögfr til símtala sem átt höfðu sér stað fyrr þann daginn, en umræðuefnið var hið árlega golfmót milli Eimskips og Samskipa. Augljóst er af efni tölvupóstsins að (E)frkvstj-lögfr taldi tilefni til að fylgja eftir þessum símtölum, sem að mati Samkeppniseftirlitsins undirstrika áhyggjur hennar.

1364. Í tölvupósti (E)frkvstj-lögfr kemur nánar tiltekið fram að árið 2011 hafi verið haldið sérstakt námskeið um samkeppnisreglur og próf, í tengslum við aðgerðir innan Eimskips til að tryggja að fyrirtækið færi ekki gegn samkeppnislögum. Í tölvupóstinum greindi (E)frkvstj-lögfr frá því að hið árlega golfmót hefði verið gert að umræðuefni á fyrrgreindu námskeiði, og stæði (E)frkvstj-lögfr í þeirri trú að fyrirkomulagi á því yrði breytt í kjölfarið og að Eimskip myndi finna nýtt fyrirtæki til að keppa við. Lýsti (E)frkvstj-lögfr yfir áhyggjum af hinu árlega golfmóti og sagði:

„Auðvitað er það svo að það er ekki bein grein í samkeppnislögum sem bannar mönnum að spila golf – en hins vegar er það svo að samráðsreglur réttarins eru víðtækar og ströng viðurlög.“

Ef við gætum fullyrst og ábyrgst á þessu gólfmóti að enginn myndu í nokkru ræða sölumál, markaðsmál, markaðinn, afsláttarkjör o.s.frv. Þá hefði ég ekki miklar áhyggjur, en þar sem nokkur hætta er á að menn ræði viðskiptin þá skil ég ekki að við leyfum þetta mót. Það er nú einu sinni svo að þegar þú hittir fólk þá byrjar maður að ræða sameiginlegan flöt sem í þessu tilviki er markaðurinn, sölumál, afslættir o.fl. Það er ekki nokkur leið að við getum verið þess fullviss að aðilar ræði ekki þessi mál – og ég sé enga ástæðu til að búa til þennan samtalsgrundvöll.

Það afsakar í engu þótt þetta sé gamall siður, það er einmitt tilgangurinn með því að fara yfir verklag og bæta gamla siði og sníða að eitthvað sem gæti skapað einhverjar hættur. Eins og vel var farið

⁷⁰⁴ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.871116.

⁷⁰⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1009627.

⁷⁰⁶ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.899300.

⁷⁰⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.436492.

⁷⁰⁸ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.946478.



yfir í fyrra þá er það ekki eingöngu samráð ef yfirmenn ræða saman, samtöl o.fl. t.d. sölumanna geta vel fallið þar undir og það án vitneskju ykkar.

Ásýnd okkar sem félag í harðri samkeppni er líka undarleg ef við erum á milli þess að keppa á markaði að spila gólf og spjalla við samkeppnisaðilana – í það minnsta myndi það ekki falla í kramið að hafa opið OLIS-Shell-N1 gólfmót – held reyndar að engum myndi detta það í hug."

1365. Í handbók Eimskips um samkeppnisreglur frá 2011 kom fram að meginreglan væri sú að stjórnendur ættu „ekki að vera í samskiptum við samkeppnisaðila þess félags sem þeir starfa hjá."
1366. Samkeppniseftirlitið spurði (E)forstj í september 2013 um samskipti við Samskip og hvort athugasemdir hefðu einhvern tímann verið gerðar við slík samskipti. Staðhæfði hann að engar athugasemdir vegna samskipta við Samskip hefðu „komið inn á borð" hjá honum.⁷⁰⁹ Greindi hann þannig ekki frá ítrekuðum viðvörðunum (E)frkvstj-lögfr og var framburður hans í ósamræmi við gögn málsins.
1367. Við skýrslutöku hjá lögreglu var (E)forstj spurður um framangreindan tölvupóst (E)frkvstj-lögfr og handbók Eimskips um samkeppnisreglur. Sagði (E)forstj að golfmót Eimskips og Samskipa hafi ekki verið í samræmi við handbókina og þess vegna hafi hann fellt þau niður. Sagði (E)forstj einnig að í þessum samskiptum við Samskip væru „snertifletirnir [...] alltaf hættulegir [...]". Sagði (E)forstj jafnframt að þessum samskiptum við Samskip hafi verið hætt eftir „innlegg" (E)frkvstj-lögfr og þátttöku í umræðu innan Eimskips um hvað væri í lagi og og hvað ekki.⁷¹⁰
1368. Framburður (E)forstj um þessi atriði er jafnframt rangur. Handbók Eimskips um samkeppnisreglur er frá 2011 og framangreind viðvörðun (E)frkvstj-lögfr er frá 7. maí 2012. Þrátt fyrir hana fór hið árlega golfmót Eimskips og Samskipa fram þann 18. maí 2012 og (E)forstj tók þátt í því. Mótið fór síðan aftur fram að ári (17. maí 2013).⁷¹¹
1369. Þá ber að líta til þess að (E)forstj og fleiri stjórnendur hjá Eimskip sátu námskeið um samkeppnisrétt í maí árið 2011 og fengu þá umrædda handbók í hendur, sbr. kafla 13.⁷¹² Þrátt fyrir þetta spilaði (E)forstj golf við (S)forstj sumarið 2011 og fór með honum í skemmtiferð til Danmerkur í september sama ár. Þrátt fyrir viðvörðun (E)frkvstj-lögfr í maí 2012 spilaði (E)forstj golf við (S)forstj sumarið 2012 og fór með honum í veiðiferð í Selá í lok ágúst sama ár.
1370. Gefa gögn málsins til kynna að stjórnendur Eimskips hafi frekar vilja leynd þessum samskiptum við Samskip heldur en hætta þeim. Sést þetta af tölvupósti sem (E)viðskstj5, viðskiptastjóri í söludeild áætluarflutninga, sendi til (E)forstj í tengslum við golfmótið við Samskip í maí 2012 þar sem (E)viðskstj5 viðraði hugmynd sína um að breyta heitinu og fyrirkomulaginu á hinu árlega golfmóti, og breyta því „[...] í klúbbakeppni, það Geimgolf vs. Samgolf og höldum nöfnum fyrirtækjanna frá þessu".⁷¹³
1371. Að mati Samkeppniseftirlitsins sýnir allt framangreint að (E)forstj og (S)forstj hafi í skýrslum sínum frá september 2013 viljað með ósannindum leynd umræddum samskiptum sínum og fyrirtækjanna sem þeir stýrðu. Sú launung hélt áfram við rannsókn málsins hjá Samkeppniseftirlitinu og í skýrslugjöf hjá lögreglu. Nánar er fjallað um brot Samskipa gegn upplýsingaskyldu samkvæmt 19. gr. í kafla 23.

⁷⁰⁹ Endurrit af upplýsingagjöf [...] dags. 17.09.2013, bls. 21-22.

⁷¹⁰ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 55.

⁷¹¹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.156628. Afhent skjal frá Eimskip við munnlega upplýsingagjöf [...], 17.09.2013, með heitinu „Handbók um samkeppnisreglur 2011: Inntak samkeppnislaga og viðbrögð við heimsókn samkeppnisyrvalda".

⁷¹² Við skýrslutöku hjá lögreglu upplýsti [...] að fyrir hendi hefði verið eldri útgáfa af handbókinni. Sjá: Endurrit af skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 51.

⁷¹³ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.921390.



7.1.2. Samskipti (S)aðaleig-stjform-SH og (E)forstj

1372. Eins og áður kom fram tók (E)forstj mjög sterkt til orða við upplýsingagjöf hjá Samkeppniseftirlitinu þegar hann var spurður um samskipti við (S)forstj. Sagði (E)forstj m.a. þetta; „ég er ekki í nokkrum samskiptum við hann og hérna, ég ætla bara að láta vera að segja skoðun mína á honum og [(S)aðaleig-stjform-SH].“ Þetta kom einnig fram:

SE Þú nefndir [(S)aðaleig-stjform-SH], ertu í einhverjum samskiptum við hann?

(E)forstj Nei, Guð minn góður.⁷¹⁴

1373. Sem fyrr segir veittu hvorki (S)forstj né (E)forstj við upplýsingagjöf hjá Samkeppniseftirlitinu upplýsingar um fundinn sem þeir áttu ásamt (S)aðaleig-stjform-SH og (E)stjform 6. júní 2008. Það gerðu þeir hins vegar við skýrslutöku hjá lögreglu. Kvaðst (E)forstj í þeirri skýrslutöku muna vel eftir þeim fundi og útskýrði það svo:

„Ég var bara starstruck⁷¹⁵ að sitja á móti [(S)aðaleig-stjform-SH] og af því að, þess vegna man ég alveg eftir þessu.“⁷¹⁶

1374. Samkvæmt þessu er ekkert samræmi að þessu leyti í framburði (E)forstj í annars vegar september 2013 og hins vegar í maí 2018.

1375. Er þessi framburður (E)forstj til frekari stuðnings því að hann hafi við upplýsingagjöf til Samkeppniseftirlitsins á árinu 2013 viljað leyna samskiptum við stjórnendur Samskipa.

7.1.3. Samskipti (E)forstj, (S)forstö-útfli og (S)frkvstj-N-Am

1376. Við skýrslutöku hjá lögreglu kvaðst (E)forstj í forstjóratið sinni ekki hafa liðið að starfsmenn Eimskips ættu í vinskapi við starfsmenn Samskipa. Eftir að hann tók við sem forstjóri hafi hann sagt upp starfsmönnum Eimskips sem hafi verið „fyrirverandi Samskipamenn“. Honum hafi þótt „ópægilegt“ að fyrirverandi starfsmenn Samskipa væru í vinnu hjá Eimskip. Hann hafi ekki getað liðið það að einhver í stjórnunarteymi Eimskips hafi verið vinur (S)forstj.⁷¹⁷ Þessi framburður (E)forstj er ekki í samræmi við gögn málsins.

1377. Eins og fram kemur í kafla 7.1.1 upplýsti (E)frkvstj-fjárm í skýrslu sinni hjá Samkeppniseftirlitinu að það væri „klárt“ að stjórnendur Eimskips og Samskipa þekktust og að það væru „einhver samtöl manna á milli“. Sagði (E)frkvstj-fjárm að hann væri sá „eini sem að þekki eitthvað lítið þarna inn“, þ.e. að hann væri sá eini af stjórnendum Eimskips sem ekki þekkti til hjá Samskipum. Þessar upplýsingar frá (E)frkvstj-fjárm eru í samræmi við samtímagögn.

1378. Eins og fram hefur komið átti Samkeppniseftirlitið fundi með viðskiptavinum og keppinautum Eimskips og Samskipa í tengslum við undirbúning markaðsrannsóknar en sá undirbúningur hófst haustið 2012. Á þessum fundum var eftirlitið upplýst um að mikil samskipti væru á milli stjórnenda Eimskips og Samskipa. Hjá einum heimildarmannanna voru í því sambandi tilgreind mikil samskipti milli (E)forstj og (S)forstö-útfli.

1379. (S)forstö-útfli var á rannsóknartímabili málsins forstöðumaður útflutningsdeildar Samskipa og (S)frkvstj-N-Am var yfirmaður fyrirtækisins í Norður-Ameríku. Gögn málsins gefa til kynna ítrekuð samskipti (E)forstj við annars vegar (S)forstö-útfli og hins vegar (S)frkvstj-N-Am. Þetta má ráða af t.d. eftirfarandi gögnum:

⁷¹⁴ Endurrit af skýrslu [...] hjá Samkeppniseftirlitinu, bls. 11 og 13.

⁷¹⁵ Starstruck: „Sú tilfinning sem hellist yfir mann og getur heltekið líkamann þegar maður hittir þjóðþekkta eða fræga manneskju.“ Sjá; arnastofnun.is/nyyrdi/3158.

⁷¹⁶ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 26.

⁷¹⁷ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 35.



- Tölvupóstur (S)forstö-útfl til (E)forstj 2. maí 2008: „Hvenær kemur þú næst til landsins?“ (E)forstj svaraði og spurði (S)forstö-útfl: „Why? Are you getting married?“⁷¹⁸
- Tölvupóstssamskipti (E)forstj og (S)forstö-útfl með heitinu „Hamingju óskir frá the Kvarans“. (S)forstö-útfl sendi tölvupóst til (E)forstj þann 20. maí 2008 og segir: „Sæll félagi. Vildi bara óska þér innilega til hamingju með þína nýju stöðu og óska þér velfarnaðar í þeim verkefnum er framundan eru. Frábært hjá þér.“ (E)forstj svaraði þann 22. maí 2008 og sagði: „Við þurfum að hittast félagi, reyndi að hringja í þig, trúi ekki að þú sért að horfa á Eurovision.“ (S)forstö-útfl svaraði: „Ekki trufla... eg hringi á eftir thegar spennunni linnir.“⁷¹⁹
- (E)forstj sendi tölvupóst 24. júní 2008 þar sem fram kemur að (E)frkvstj-ContainN (þáverandi fjármálastjóri Eimskips) geti spurt (S)forstö-útfl um hvenær ákveðinn starfsmaður hafi hætt á launaskrá hjá Samskipum.⁷²⁰
- (E)forstj og (S)frkvstj-N-Am hittust þann 25. júní 2008 og fengu sér „bita“, sbr. tölvupóstssamskipti þeirra frá 12. júní 2008 með heitinu „Sæll og bless“.⁷²¹
- Þann 11. júlí 2008 sendi (S)forstö-útfl tölvupóst til (E)forstj. Í honum var að finna skjámynd af heimasíðu Eimskips þar sem forveri (E)forstj var titlaður forstjóri Eimskips. Sagði (S)forstö-útfl í tölvupóstinum til (E)forstj: „láttu nú leiðréttu þetta...“.⁷²²
- Þann 30. júlí 2008 sendi (S)frkvstj-N-Am tölvupóst til (E)forstj. Greindi hann (E)forstj frá því hvað hann hafi haft fyrir stafni og kveðst vona að (E)forstj gangi vel í starfi sínu sem forstjóri Eimskips. (E)forstj svaraði samdægurs og kvaðst vera að koma úr veiði. (S)frkvstj-N-Am svaraði og fjallaði um forvera (E)forstj í starfi: „Athygliverð niðurstaða varðandi Innovate, hljómar eins og um ásetning hefði væri að ræða og þá berast böndin auðvitað að [(E)forstj-fyrirv⁷²³] eða hvað ? Fjöldur í hattinn eða í nýja flugur“.⁷²⁴
- (S)forstö-útfl sendi þann 6. september 2008 tölvupóst til (E)forstj með heitinu „kallinn í formi“ en þar sagði (S)forstö-útfl: „Veit kauphöllin af þessu hliðarstarfi þínu?“ (E)forstj svaraði: „Hvað viltu mikið-dugar eitt hreindýr“. (S)forstö-útfl svaraði til baka: „Mínar kröfur munu koma síðar.....“ (E)forstj svaraði og sagði: „Radinn framkvæmdastjóri“.⁷²⁵
- (S)forstö-útfl sendi þann 30. september 2008 tölvupóst til starfsmanns dótturfélags Eimskips, TVG. Var það liður í tilraunum (S)forstö-útfl til að fá afslátt á tilteknum flutningum fyrir ættingja sinn. Í tölvupóstinum segir hann starfsmanni TVG frá samskiptum sínum við annars vegar (E)forstj og hins vegar (E)forstö-útfl (sem var líkt og (S)forstö-útfl yfirmaður útflutningsdeildar síns fyrirtækis): „Ég ræddi þetta upprunalega við [(E)forstj] um þetta mál og planið var að setja þetta á captains listan svokallað til þess að losna við öll gjöld af þessu. Hann benti mér á að tala við [(E)forstö-útfl] til þess að klára málið.“⁷²⁶
- Þann 3. mars 2009 sendi (E)forstj tölvupóst til (E)frkvstj-N-Atlants. (E)frkvstj-N-Atlants hafði sent póst til (E)forstj varðandi tiltekna viðskiptaaðgerðir Eimskips. (E)forstj svaraði: „[(S)forstö-útfl] var ad kvarta yfir því ad thu vaerir a saga class ad staupa thig og thad hafoi verid talad um thad thar sem hann sat I 22B“.⁷²⁷ Af tölvupóstinum verður ráðið að tengsl (E)forstj og (S)forstö-útfl hafi verið rík.

⁷¹⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc ID. 0.7.33.760485.

⁷¹⁹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.232807.

⁷²⁰ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.262365.

⁷²¹ Afrituð tölvupóstssamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.262589.

⁷²² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.284224.

⁷²³ Forstjóri Eimskips sem hætti í febrúar 2008.

⁷²⁴ Afrituð tölvupóstssamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.302926.

⁷²⁵ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.329764.

⁷²⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.808848.

⁷²⁷ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.437795.



- (E)forstj sendi tölvupóst til (S)forstö-útfl 4. maí 2009 með heitinu „Tilboð“: Í honum sagði: „Í framhaldi af samtali okkar þá vil ég árétta það sem ég sagði við þig um þína kosti:
 - Þú ert fagmaður fram í fingurgóma
 - Ert sá besti sem ég get hugsað mér í veiðirferðirnar í Úlfjótssvatn sérstaklega með tilliti til þess að við þurfum að hnýta flugurnar sjálfir þetta árið
 - Ert heiðarlegur golfspilari sem er leitun að í dag
 - Berð af þér góðan þokka - Sást til þinnar konunglegu framkomu á svölunum
 - Minna þarf að leggja í starfsmannafatnað samkvæmt [...]
 - Er til í fangaskipti við vaktskúrin ef skipti geta farið fram

*Þú spáir í þetta tilboð mitt - minni á Weber grillin sem fylgja í pakkanum með sex brennurum.*⁷²⁸
- Samkeppniseftirlitið gerir sér ekki fyllilega grein fyrir merkingu þessa tölvupósts (E)forstj.⁷²⁹ Tölvupósturinn a.m.k. staðfestir rík og nán tengsl þessara stjórnenda Eimskips og Samskipa.
- Þann 14. maí 2009 sendi (S)forstö-útfl tölvupóst til (E)forstj. Í honum segir: „... Áttu þú ekki fyrir mig aðgangsorð inn á Morgunblaðið á pdf sniði?“. (E)forstj svaraði sama dag: „Ég má ekki gefa þér það, eruð þið ekki með áskrift þarna hjá Sambó“.⁷³⁰
- Þann 24. nóvember 2010 sendi (S)forstö-útfl tölvupóst til (E)forstj: „Heyrði í [(S)frkvstj-N-Am] og hann getur hitt á ykkur í dag ef það hentar. Ertu til í að hringja í hann þegar þú getur í [...] til að mæla ykkur mót.“ Samkvæmt þessu var (S)forstö-útfl að skipuleggja að forstjóri Eimskips og yfirmaður Samskipa í Bandaríkjunum myndu hittast, og það gekk eftir.⁷³¹
- Þann 26. nóvember 2010 sendi (S)forstö-útfl tölvupóst til (E)forstj með heitinu „Jólagjöfin mín“. Í honum sagði: „Ég vil svona jólagjöf í ár frá þér 10 X 25.“ (E)forstj svaraði: „Einmitt – flottur sjónauki.“⁷³²
- (E)forstj og (S)forstö-útfl hófu samskipti á Facebook eftir að (E)forstj sendi vinabeiðni til (S)forstö-útfl þann 6. desember 2010. Aðgangur að Facebook hafði verið lokaður á starfsstöðvum Samskipa frá árinu 2008. Daginn eftir að (S)forstö-útfl fékk vinabeiðnina frá (E)forstj sendi hann eftirfarandi tölvupóst til tölvudeildar Samskipa; „vinsamlega opna á aðgang hjá mér á facebook, er komin með þó nokkra viðskiptatengda aðila sem [vilja] eiga samskipti við mig í gegnum þennan ve“).⁷³³ Fólst í þessu að (S)forstö-útfl lýsti (E)forstj sem „viðskiptatengdum aðila“ sem vildi eiga í Facebook samskiptum við hann.
- Þann 14. desember 2010 sendi (E)forstj tölvupóst til m.a. (S)forstö-útfl og bauð til matarboðs á heimili sínu þann 2. janúar 2011. Gerði hann grein fyrir því að m.a. yrði boðið upp á matvæli unnin af (S)forstö-útfl.⁷³⁴

⁷²⁸ Afritaður tölvupóstur frá Eim/Sam. [...] Doc. ID. 0.7.33.873075 / 0.7.33.466101.

⁷²⁹ Afritaður tölvupóstur frá Eim/Sam. [...] Doc. ID. 0.7.33.873075 / 0.7.33.466101.

⁷³⁰ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eim/Sam[...] Doc. ID. 0.7.33.876597 / 0.7.33.472399.

⁷³¹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá EIM/SAM. [...] Doc. ID. 0.7.33.701955 / 0.7.33.1017718. Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1017694.

⁷³² Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.1018023.

⁷³³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1020393. Sbr. einnig afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1020401.

⁷³⁴ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.711851.

- Þann 4. janúar 2011 sendi (S)forstö-útlfl tölvupóst til (E)forstj þar sem segir: „Sælir og takk fyrir síðast. Vildi bara þakka fyrir flott dinner boð. Virkilega skemmtilega og vel að þessu staðið.“⁷³⁵
- Þann 13. desember 2011 áttu sér stað tölvupóstsamskipti milli (S)forstö-útlfl og (E)forstj. (S)forstö-útlfl sendi póst til (E)forstj og sagði „Falleg þessi eyja“ og (E)forstj svaraði: „Má bjóða þér“.⁷³⁶
- Með athugasemdum við AII afhentu Samskip afrit af samskiptum (E)forstj og (S)forstö-útlfl í gegnum einkaskilaboð á Facebook.⁷³⁷ Tímabil þessara samskipta sem Samskip völdu að afhenda er frá 1. ágúst 2012 til 1. ágúst 2017. Af þessum afhentu gögnum má sjá að (E)forstj og (S)forstö-útlfl notuðu þennan samskiptavettvang einnig til að miðla milli sín hljóðklippum.
- Afhent Facebook samskipti (E)forstj og (S)forstö-útlfl sýna að þeir ákváðu að hittast „hressir“ á sjávarútvegssýningunni í Boston dagana 10. - 12. mars 2013. Samkvæmt samtímagögnum mættu þeir báðir á sýninguna.⁷³⁸
- Afhent Facebook samskipti (E)forstj og (S)forstö-útlfl sýna að þeir snæddu saman 4. ágúst 2013.
- Þann 7. september 2013 átti sér stað símtal milli (S)forstö-útlfl og (E)forstj, kl. 11:39. Varði símtalið í rúmlega 18 mínútur.⁷³⁹
- Afhent Facebook samskipti sýna að þann 23. febrúar 2016 sendu (E)forstj og (S)forstö-útlfl á milli sín tvær hljóðklippur. Í þessum samskiptum sendi (E)forstj eftirfarandi skilaboð til (S)forstö-útlfl: „Frábært ef eftirlitið nær þessu samtali fyrir hæstarétt [...]“. Verður að ætla að þarna hafi (E)forstj verið að vísa til Samkeppniseftirlitsins og rannsóknar á brotum Eimskips og Samskipa.

1380. Eins og áður sagði spurði Samkeppniseftirlitið (E)forstj þann 17. september 2013 um samskipti hans við stjórnendur hjá Samskipum.⁷⁴⁰ Hér að framan var greint frá umfjöllun hans um (S)forstj. (E)forstj fjallaði einnig um (S)forstö-útlfl:

SE En hefur þú átt í samskiptum við starfsmenn Samskipa?

(E)forstj Nei [...] Svo þekkir maður jú af því þú sagðir, ég byrjaði þarna svo, svo eru náttúrulega aðilar sem að hafa verið hjá okkur sem hafa farið yfir, sem ég raunar þekkti ekki en ég veit af þeim eins og [(S)forstö-innfl1] í sölueldinni hjá þeim, [(S)forstö-útlfl] sem var í Bandaríkjunum [...].

[...]

(E)forstj [(S)forstö-útlfl] þekkti ég þegar hann var í Bandaríkjunum fyrir, fyrir, hann var í fjögur ár minnir mig í Bandaríkjunum, ég var í 13 ár, þá var hann fulltrúi eða forstöðumaður Samskipa í Bandaríkjunum og þar voru engin samskipti á milli en það voru svona þorraflót og svona þannig að þetta er, enginn af, ég á engra kunningja eða vini hinu megin.

SE Ertu ekki í neinum samskiptum við [(S)forstö-útlfl] í dag?

(E)forstj Ég fer sennilega í 45 ára afmæli konunnar hans í gegnum konuna mína, ekki hans, heldur konunnar hans.

SE Já, eru einhver bein samskipti sem þú átt við hann?

(E)forstj Nei, en ég meina ég man alveg eftir símtali í kringum jól frá honum en það eru ekki svona einhver, að við séum, kannski einu sinni, tvisvar á ári.

⁷³⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1025836.

⁷³⁶ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.876069.

⁷³⁷ Afhent gögn Samskipa 19.06.2020, fylgiskjal nr. 1.

⁷³⁸ Sjá gögn í kafla 13.12.

⁷³⁹ Afrituð símagögn úr haldlögðum farsíma [...].

⁷⁴⁰ Endurrit af upplýsingagjöf [...] hjá Samkeppniseftirlitinu 17.09.2013.



SE Þá bara einka?

(E)forstj Ekki, ekki um business.

SE Nei, og engin tölvupóstsamskipti ykkar á milli?

(E)forstj Nei.

1381. Samkeppniseftirlitið spurði (S)forstö-útfli um samskipti hans við stjórnendur Eimskips. Í svari hans segir:

(S)forstö-útfli Ja, ég heyrir öðru hvoru í honum [(E)forstj] og það er sem sagt eiginkonur okkar eru, hvað getum við sagt, vinkonur. Við bjuggum nálægt hvorum öðrum í sex ár í Bandaríkjunum. Ég kom heim fyrir sex árum frá Bandaríkjunum og þá var [(E)forstj] starfsmaður Eimskipa í Bandaríkjunum. Þannig að það mynduðust svona einhver persónuleg tengsl og við heyrumst öðru hvoru á persónulegum nótum, en þær eru í einhverjum samskiptum sem sagt kona hans og konan mín.

1382. Lýsti (S)forstö-útfli (E)forstj sem kunningja sínum og að þeir hefðu síðast rætt saman um „síðustu helgi“. Er það í samræmi við framangreindar upplýsingar um símtal þeirra á milli laugardaginn 7. september 2013 (18 mínútur að lengd). Upplýsti (S)forstö-útfli einnig um að þeir ættu í tölvupóstsamskiptum sín á milli. Hins vegar væri aðeins um persónuleg samskipti að ræða. Sagði (S)forstö-útfli að þeir ættu í samskiptum „þrisvar, fjórum sinnum á ári, myndi ég áætla.“ Aðspurður hver það væri hjá Eimskip sem hann ætti í reglulegum samskiptum við sagði (S)forstö-útfli; „[...] það væri þá [(E)forstj] já, þú veist ef kalla skyldi regluleg samskipti.“

1383. Framburður (E)forstj við upplýsingagjöf hjá Samkeppniseftirlitinu í september 2013 um samskiptin við (S)forstö-útfli er á hinn bóginn í engu samræmi við samtímagögn og framburð (S)forstö-útfli. Eru þau einnig í ósamræmi við þá staðhæfingu hans að hann hafi forðast öll samskipti við starfsmenn Samskipa. Að mati Samkeppniseftirlitsins er þetta enn frekar til stuðnings því að (E)forstj hafi í upplýsingagjöfinni frá september 2013 viljað leyna öllum tengslum eða samskiptum við Samskip og stjórnendur þess fyrirtækis. Eimskip hélt áfram að leyna samskiptum við Samskip við rannsókn málsins. Í sátt Eimskips og Samkeppniseftirlitsins viðurkennir fyrirtækið „að hafa brotið gegn 19. gr. samkeppnislaga með því að hafa ekki veitt nauðsynlegar eða réttar upplýsingar eða afhent gögn í þágu rannsóknar Samkeppniseftirlitsins.“

1384. Sem fyrr sagði lýsti (E)forstj því yfir við skýrslutöku hjá lögreglu í maí 2018 að hann myndi ekki líða það að starfsmenn Eimskips ættu í vinskapi við starfsmenn Samskipa. Hann myndi heldur ekki líða það að einhver í stjórnunarteymi Eimskips væri vinur (S)forstj. (E)forstj var þá spurður um samskipti sín við (S)forstö-útfli. Gerði hann lítið úr þeim samskiptum í fyrstu. Þeir hefðu hist þegar þeir störfuðu báðir í Bandaríkjunum. Það hefði enginn „kunningsskapur“ verið milli þeirra en makar þeirra hefðu verið vinir. Eftir að (E)forstj tók við sem forstjóri Eimskips hefði nánast ekkert verið um samskipti milli þeirra. Hann hefði mætt í fertugsafmæli maka (S)forstö-útfli og það hefði (E)forstj þótt „óþægilegt“. Sennilega hefðu þetta verið síðustu samskiptin við hann.⁷⁴¹

1385. Eftir að gögn sem sýndu regluleg samskipti hans við (S)forstö-útfli voru borinn undir hann breyttist framburður (E)forstj. Lýsti hann (S)forstö-útfli sem góðum kunningja eða góðum vini. Staðhæfði (E)forstj að þeir (S)forstö-útfli hefðu aldrei rætt um málefni fyrirtækjanna sem þeir störfuðu hjá. Var (E)forstj spurður að því hvernig samskipti hans við (S)forstö-útfli samræmdust handbók Eimskips um samkeppnisreglur og framangreindum yfirlýsingum hans. Kvaðst (E)forstj hafa tekið (S)forstö-útfli „út fyrir sviga“ frá þeirri reglu hans að ekki skyldi vera vinskapi stjórnenda Eimskips við stjórnendur Samskipa.⁷⁴²

⁷⁴¹ Endurrit skýrsla [...] hjá lögreglu, bls. 24 og 35.

⁷⁴² Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 37 – 45, 51 – 52 og 196.

1386. Umrædd afhent Facebook-samskipti, ásamt öðrum fyrirbyggjandi samskiptagögnum (E)forstj og (S)forstö-útfli, renna að mati Samkeppniseftirlitsins stoðum undir hvernig (E)forstj hafi við skýrslutöku hjá lögreglu gert í fyrstu tilraun til að hylma yfir tengsl og tíð samskipti hans við (S)forstö-útfli. Ljóst er að (E)forstj hélt þar uppteknum hætti frá því við upplýsingagjöf hjá Samkeppniseftirlitinu í september 2013. Hafa ber í huga að fyrirbyggjandi gögn um samskipti (E)forstj og (S)forstö-útfli höfðu við skýrslutöku lögreglu ekki verið afhent verjendum sakborninga.
1387. Hin afhentu Facebook samskipti sýna að (E)forstj og (S)forstö-útfli mæltu sér mót á sjávarútvegssýningunni í Boston í mars 2013. Þá snæddu þeir saman 4. ágúst 2013. Ber hér sömuleiðis að rifja upp símtal þeirra frá 7. september 2013 sem varði í rúmar 18 mínútur. Þegar þetta er virt í samhengi við upplýsingar sem (E)forstj veitti Samkeppniseftirlitinu síðar í september 2013 birtist einkar skýr vilji (E)forstj til þess að leynd samskiptum milli hans og (S)forstö-útfli.
1388. Eins og áður sagði greindi (E)forstj ekki heldur frá framangreindum tengslum eða samskiptum við (S)frkvstj-N-Am við upplýsingagjöf hjá Samkeppniseftirlitinu í september 2013.
1389. (E)forstj var við skýrslutöku hjá lögreglu spurður um samskipti við (S)frkvstj-N-Am. Upplýsti (E)forstj að hann hefði kynnst (S)frkvstj-N-Am þegar hann hefði tekið við starfi (S)forstö-útfli hjá Samskipum í Norður-Ameríku. Innur eftir samskiptum við (S)frkvstj-N-Am eftir að (E)forstj flutti aftur til Íslands svaraði (E)forstj því játandi. Vísaði (E)forstj til samskipta við (S)frkvstj-N-Am vegna samnings Eimskips og Samskipa um Norður-Ameríkusiglingar.
1390. Eftir að gögn málsins um samskipti (E)forstj og (S)frkvstj-N-Am í júní og september 2008 voru borin undir (E)forstj játaði hann aðspurður að hitta (S)frkvstj-N-Am „reglulega“ þegar hann færi til Bandaríkjanna. Kunngerði (E)forstj að þegar (S)frkvstj-N-Am kæmi til Íslands myndi (E)forstj hitta hann „meira bara fyrir kurteisissakir“. Ítrekaði (E)forstj að (S)frkvstj-N-Am hefði verið umsjónarmaður áðurnefnds samnings Eimskips og Samskipa vegna Norður-Ameríku siglinga. Þegar (S)frkvstj-N-Am kæmi til Íslands vildi hann hitta (E)forstj af því að hann væri „Eimskip“ og „hann er kannski stoltur af því að ég er kominn í þessa stöðu sem ég er og vill hitta mig“. Vísaði (E)forstj svo í tölvupóstsamskiptin við (S)frkvstj-N-Am og sagði að líkt og hann og (S)forstö-útfli væru hann og (S)frkvstj-N-Am ekkert að ræða „rosalega mikið business“.
1391. Sagði (E)forstj að samskipti hans við (S)frkvstj-N-Am hefðu verið af „allt öðrum meiði“ en samskipti hans við (S)forstö-útfli.⁷⁴³ Það hefðu verið meiri tengsl milli (E)forstj og (S)forstö-útfli. Líkt og áður segir hér framfar tók (E)forstj ítrekað fram við skýrslutökuna að samskipti (E)forstj við (S)frkvstj-N-Am og (S)forstö-útfli hefðu verið „fyrir utan sviga“ og hann ekkert verið með „svaklegt prinsipp gagnvart þeim hérna heima“.⁷⁴⁴ Sagði (E)forstj að handbók Eimskips um samkeppnisreglur hefði verið ætlað að „lágmarka samskipti“ við keppinauta en hann hefði ekki látið þetta taka til samskiptanna við (S)forstö-útfli og (S)frkvstj-N-Am þar sem að hann „þekkti þá öðruvísi“.⁷⁴⁵

7.1.4. Samskipti (S)forstj og (E)frkvstj-alþjsv

1392. (E)frkvstj-alþjsv var á rannsóknartímabilinu framkvæmdastjóri alþjóðasviðs hjá Eimskip. Gögn málsins sýna að hann kom að samráði við Samskip.
1393. Eins og fram kom hér að framan átti Samkeppniseftirlitið fundi með viðskiptavinum og keppinautum Eimskips og Samskipa í tengslum við undirbúning markaðsrannsóknar en sá undirbúningur hófst haustið 2012. Á þessum fundum var eftirlitið upplýst um að mikil samskipti væru milli stjórnenda Eimskips og Samskipa. Sérstaklega voru tilgreind hjá einum heimildarmannanna í því sambandi mikil samskipti milli (S)forstj og (E)frkvstj-alþjsv.

⁷⁴³ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 40.

⁷⁴⁴ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 40 – 46.

⁷⁴⁵ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 52.



1394. Sem fyrr segir upplýsti (S)forstj aðspurður við skýrslugjöf hjá Samkeppniseftirlitinu um að hann ætti í persónulegum samskiptum við (E)frkvstj-alþjv. Kvaðst hann hitta (E)frkvstj-alþjv í „*gegnum persónuleg tengsl sko hérna einu sinni ári í svona einhverri jólagathering*“. Lýsti hann þessu sem „*jólagathering með vinum og hérna mökum þar sem að, þar sem að hérna hann er einnig.*“ Var hann þá spurður hvort þetta þýddi að hann hitti (E)frkvstj-alþjv aðeins einu sinni ári. Svar (S)forstj var þetta: „*Já, ég held það sé orðið ekki meira en það.*“ Þessi frásögn (S)forstj um hið árlega jólaboð hópsins, sbr. einnig frásögn (E)frkvstj-alþjv hér á eftir, er í samræmi við gögn málsins.⁷⁴⁶ (E)frkvstj-alþjv veitti þær upplýsingar við skýrslugjöf hjá Samkeppniseftirlitinu að um væri að ræða stóran hóp.⁷⁴⁷ Á hinn bóginn er ljóst af fyrirliggjandi samtímagögnum að um var að ræða nánar tiltekið vinahóp sex hjóna.⁷⁴⁸
1395. Við skýrslugjöf (S)forstj hjá Samkeppniseftirlitinu kom skýrt fram að hann hefði engin vinnutengd samskipti átt við (E)frkvstj-alþjv.
1396. (E)frkvstj-alþjv var einnig spurður af Samkeppniseftirlitinu um samskipti við Samskip.
- SE Ert þú í samskiptum við einhverja starfsmenn eða stjórnendur Samskipa?
- (E)frkvstj-alþjv Nei.
- SE Hvorki í vinnu né einkalífi?
- (E)frkvstj-alþjv Ef þú tekur einkalíf að þá get ég svarað því þannig að einu sinni á ári af því ég bjó í Hollandi þá hittist Íslendingahópur á Saint Nikulas degi sem eru svona ákveðin jól í Hollandi og borða saman með mökum og í þeim hópi þá er líka [(S)forstj].
- SE Er það þá [(S)forstj]
- (E)frkvstj-alþjv [(S)forstj], forstjóri já. Það er eina skiptið sem þú getur sagt félagslega en með eiginkonum og miklu stærri hópur.
- SE Annars engin samskipti fyrir utan það?
- (E)frkvstj-alþjv Nei, ekkert fyrir utan það.
1397. Samkvæmt framansögðu kváðust bæði (S)forstj og (E)frkvstj-alþjv ekki hafa átt í neinum samskiptum sem tengdust störfum þeirra fyrir Eimskip og Samskip.
1398. Í kafla 5.9 er gerð grein fyrir tölvupóstum sem (E)frkvstj-alþjv sendi í mars 2003. Voru þeir til m.a. forstjóra Eimskips og sýna þeir fram á ítrekuð samskipti (E)frkvstj-alþjv og (S)forstj. Í þeim samskiptum veitti (S)forstj upplýsingar um áform Samskipa sem (E)frkvstj-alþjv miðlaði áfram til yfirboðara sinna. Fólu þessi samskipti í sér brot Eimskips og Samskipa á 10. gr. samkeppnislaga. Er þetta ekki í samræmi við staðhæfingar (S)forstj og (E)frkvstj-alþjv um að þeir hafi ekki hafa átt í neinum samskiptum sem tengdust störfum þeirra fyrir Eimskip og Samskip.
1399. Í athugasemdum Samskipa við AI er sagt að (S)forstj hafi í um fimm ár starfað fyrir Samskip erlendis og lengst af búið í Rotterdam og þar var „*lítið íslendingasamfélag, einkum samansett af einstaklingum sem stunduðu þar nám og starfsfólki flutningafélaganna.*“ (S)forstj átti heima í sömu götu og

⁷⁴⁶ Í upplýsingabeiðni Samkeppniseftirlitsins frá 29.01.2015 til Samskipa óskaði Samkeppniseftirlitið eftir upplýsingum um samskipti [...]við stjórnendur Eimskips, sbr. tölul. 6 og 7 í upplýsingabeiðninni. Samskip afhenti að eigin frumkvæði vegna þessa m.a. tölvupóstsamskipti sem vörðuðu samskipti vinahópsins vegna hins árlega jólamatarklúbbs, sbr. afhendingu 10.04.2015, fskj. 6 (Tölvupóstur). Tölvupóstsamskipti dags. 23.11.2010. „*UITNODIGING SINTERKLAAS FEEST VRIJDAG 3 DECEMBER 2010, WULPKAM 24, HAVENFJORD (ALLEEN VOOR 40+ ERS)*“. Tölvupóstsamskipti dags. 14.-17.11.2011. „*SINTERKLAAS FEEST 3 DECEMBER 2011*“. Tölvupóstsamskipti dags. 21.10.2012. „*SINTERKLAAS FEEST 2012*“. Tölvupóstsamskipti dags. 13.-24.11.2013. „*SINTERKLAAS FEEST 2013*“.

Í afrituðum gögnum frá Eimskip og Samskipum fundust frekari gögn vegna þessa: Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip/Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.947329/0.7.33.657730. Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip/Samskipum. [...]. Doc. ID. 0.7.33.877642/0.7.33.1079092.

⁷⁴⁷ Endurrit af upplýsingagjöf [...] til Samkeppniseftirlitsins 10.09.2013, bls. 7.

⁷⁴⁸ Afhent skjal frá Samskipum 10.04.2015, fskj. 6 (Tölvupóstur). Svar [...]. „*Re: UITNODIGING SINTERKLAAS FEEST VRIJDAG 3 DECEMBER 2010, WULPKAM 24, HAVENFJORD (ALLEEN VOOR 40+ ERS)*“, dags. 23.11.2010, kl. 11:26.



(E)frkvstj-alþjsv og var töluverður samgangur á milli fjölskyldna þeirra, m.a. þar sem börn þeirra gengu í sama skóla.⁷⁴⁹ Eins og fyrr sagði er ljóst að þessi samskipti (E)frkvstj-alþjsv og (S)forstj héldu áfram eftir að þeir fluttust aftur til Íslands á árunum 2004⁷⁵⁰ og 2005⁷⁵¹, sbr. framangreindar upplýsingar um hið árlega matarboð. Þá sýna gögnin að samskiptin tóku ekki aðeins til þessa. Gögnin sýna að 16. mars 2010 sendi (S)forstj boðskort í tölvupósti til m.a. (E)frkvstj-alþjsv en þar bauð (S)forstj (E)frkvstj-alþjsv í fertugsafmæli sitt.⁷⁵²

1400. Eins og fram hefur komið um tengsl (S)forstö-útlfl og (E)forstj, þá störfuðu þeir á árum áður samtímis fyrir skipafélögin í Bandaríkjunum og hittust þar.⁷⁵³ Héldu þeir áfram samskiptum eftir að þeir fluttust aftur til Íslands. Eins og áður sagði var þetta með svipuðum hætti hjá (S)forstj og (E)frkvstj-alþjsv.
1401. Við skýrslutöku hjá lögreglu var handbók Eimskips um samkeppnisreglur lögð fyrir (E)frkvstj-alþjsv. Kvaðst (E)frkvstj-alþjsv þekkja handbókina og sagði m.a. eftirfarandi: „[...] ég hef voða mikla áherslu á, á að menn passi sig, ee, séu ekki í neinu sem er vafasamt, ... spyrji, leiti ráðgjafar. Og það hefur svona verið uppleggið sem að ég hef lagt inn á, á management teymin hjá mér.“ (E)frkvstj-alþjsv játaði að þekkja reglur handbókarinnar um að starfsmenn og stjórnarmenn Eimskips ættu ekki í samskiptum við keppinauta.⁷⁵⁴
1402. (E)frkvstj-alþjsv staðfesti hjá lögreglu að hann þekkti (S)forstj. Hittust þeir árlega í matarboði fimm til sjö hjóna sem kynnst höfðu í Hollandi. Aðspurðir neituðu bæði (S)forstj og (E)frkvstj-alþjsv því að hafa rætt málefni skipafélaganna í matarboðunum. Var (E)frkvstj-alþjsv spurður hvernig þeir hefðu komið í veg fyrir það. Svaraði (E)frkvstj-alþjsv því að „Það, það er, það er mjög vandasamt og, og er svona tricky sko og og hérna en í raun og veru eru við bara alltaf hópur sko.“⁷⁵⁵
1403. Sem fyrr sagði lýsti (E)forstj því yfir við skýrslutöku hjá lögreglu að hann myndi ekki líða það að starfsmenn Eimskips ættu í vinskapi við starfsmenn Samskipa. Hann myndi heldur ekki líða það að einhver í stjórnunarteymi Eimskips væri vinur (S)forstj. Kvaðst (E)forstj ekki heldur hafa liðið það ef t.d. (E)frkvstj-alþjsv hefði verið í samskiptum við (S)forstö-útlfl. Af því tilefni sagði (E)forstj við skýrslutökuna: „ég hef sagt við [(E)frkvstj-alþjsv] að ég myndi ekki líða það ef að það væri eitthvað, eitthvað, einhverjar sko, einhverjar, einhverjir starfsmenn að koma saman sem að, sem að hafa unnið í Rotterdam.“⁷⁵⁶
1404. Við skýrslutöku hjá lögreglu var (E)forstj spurður hvort hann vissi hvort (E)frkvstj-alþjsv og (S)forstj þekktust. Kvaðst (E)forstj ekkert vita um þetta.⁷⁵⁷ Við skýrslutöku hjá lögreglu var (E)forstj einnig spurður um matarklúbb (E)frkvstj-alþjsv og (S)forstj. Svaraði (E)forstj þá með eftirfarandi hætt:

„Mér finnst það, mér fyndist það mjög hvítleitt og hann þyrfti að, en [(E)frkvstj-alþjsv] þarf þá að taka ákvörðun um það hvort að hann ætlar að hætta í öllum félagssköpum af því að [...], nei [(S)forstj] og kannski [...] og þessir gaurar sem hafa verið að vinna þar eru ekki. Ég er búinn að, ég hef átt þessar samræður við [(E)frkvstj-alþjsv] út af, út af sem sagt kannski svipuðum máli þegar þeir hafa verið að vinna erlendis að þetta líti ekkert vel út, þetta lítur allt öðruvísi út úti. Þeir eru ekki með stóra controlíð en við höfum alveg átt þessar samræður að, að vera ekki að, vera ekki að fara í nein svona boð [...] og ef að menn verða að fara í svona boð þá sé ákveðin fjarlægð. En þetta er bara

⁷⁴⁹ Mgr. 287 – 289 í athugasemdum Samskipa við AI.

⁷⁵⁰ Samkvæmt heimasíðu Eimskips tók [...] árið 2004 við stöðu framkvæmdastjóra alþjóðasviðs Eimskips en áður stjórnaði hann skrifstofum Eimskips í Hollandi og Belgíu.

⁷⁵¹ Í frétt sem birtist á vef visir.is 24. maí 2005 kom fram að [...] komi til starfa sem forstjóri Samskipa á Íslandi en áður hafi hann haft aðsetur í Rotterdam. Sjá „Nýr forstjóri Samskipa frá Mærsk“, aðgengilegt á slóð: visir.is/g/2005505240324.

⁷⁵² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.724817. Þetta gagn afhenti Samskip ekki við afhendingu tölvupósta [...] 1.04.2015, fskj. 6 (Tölvupóstar).

⁷⁵³ Endurrit af upplýsingagjöf [...] til Samkeppniseftirlitsins 10.09.2013, bls. 11.

⁷⁵⁴ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 48 – 51.

⁷⁵⁵ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 39 – 43. Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 33 – 36.

⁷⁵⁶ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 43.

⁷⁵⁷ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 76.



svólítið erfitt í svona litlum heimi [...] og, og en við erum að, við ræðum alveg þessar reglur að, að þetta eigi að vera í algjöru lágmarki".⁷⁵⁸

1405. Að framansögðu leiðir að ekki er samræmi í framburði (E)forstj um samskipti (S)forstj og (E)frkvstj-alþjv. Kvaðst (E)forstj annars vegar ekkert vita um samskipti (S)forstj og (E)frkvstj-alþjv og hins vegar að hann hefði rætt um þau samskipti við (E)frkvstj-alþjv.
1406. Eins og lýst verður ítarlega hér á eftir vistaði (E)frkvstj-alþjv glærukynningu 8. júní 2008 og (E)forstj vistaði sömu kynningu daginn eftir. Í þessari kynningu var fjallað var um „aukið samstarf“ Eimskips og Samskipa og skipun „vinnuhóps“ til að fjalla um þetta aukna samstarf. Auk (S)forstj og (E)forstj átti (E)frkvstj-alþjv einnig sæti í vinnuhópnum, sbr. nánari umfjöllun í m.a. kafla 7.3.1. Við skýrslutöku hjá lögreglu upplýsti (E)frkvstj-alþjv um fund hans í húsakynnum Samskipa á árinu 2008, þar sem málefni Eimskips og Samskipa voru rædd. Kunngerði (E)frkvstj-alþjv að þátttakendur í þeim fundi hafi auk hans verið (S)forstj, ásamt (S)frkvstj-millilandasv, (S)stjórnarm-fjármstj og (E)forstj, sbr. nánari umfjöllun hér á eftir.
1407. Í svörum (S)forstj og (E)frkvstj-alþjv við skýrslutöku hjá Samkeppniseftirlitinu og hjá lögreglu kom því ranglega fram að þeir hafi ekki átt vinnutengd samskipti. Gefur þetta einnig til kynna vilja til að leynd samskiptum Eimskips og Samskipa.

7.1.5. Önnur samskipti

1408. Hvað varðar mat á samskiptum Eimskips og Samskipa í heild skiptir hér einnig máli að auk þeirra stjórnenda og samskipta sem nefnd hafa verið hér að framan áttu sumir yfirmenn mikilvægra deilda Eimskips og Samskipa í miklum samskiptum á rannsóknartímabilinu. Voru þetta stjórnendur sem komu að verðlagningu, samningum og öðrum mikilvægum samkeppnismálefnum þessara keppnauta. Nefna má hér dæmi.
1409. Yfirmenn landflutningadeilda Eimskips og Samskipa voru framkvæmdastjórnarnir (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl. Eins og fram kom hér að framan átti Samkeppniseftirlitið fundi með viðskiptavinum og keppnautum Eimskips og Samskipa í tengslum við undirbúning markaðsrannsóknar en sá undirbúningur hófst haustið 2012. Á þessum fundum var eftirlitið upplýst um að mikil samskipti væru milli stjórnenda Eimskips og Samskipa. Sérstaklega voru tilgreind hjá einum heimildarmannanna í því sambandi mikil samskipti milli (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl. Gögn málsins staðfesta að samskipti áttu sér stað á milli þessara yfirmanna landflutningadeilda Eimskips og Samskipa á rannsóknartímabilinu.
1410. (E)forstö-innfl og (S)forstö-innfl1 voru yfirmenn innflutningsdeilda fyrirtækjanna á rannsóknartímabilinu. (S)forstö-innfl1 hafði áður unnið hjá Eimskip árin 2003-2006 og þá sem undirmaður (E)forstö-innfl. Sýna gögn málsins ítrekuð samskipti þeirra á rannsóknartímabilinu.
1411. Yfirmenn útflutningsdeilda fyrirtækjanna, (S)forstö-útfl og (E)forstö-útfl, áttu einnig í samskiptum á rannsóknartímabilinu.
1412. Í eftirfarandi köflum verður gerð grein fyrir framangreindum samskiptum stjórnenda hjá Eimskip og Samskipum. Gögn málsins sýna einnig önnur reglubundin samskipti milli stjórnenda fyrirtækjanna út rannsóknartímabil þessa máls. Verður þeim einnig lýst síðar í ákvörðun þessari. Í kafla 7.7.1 er gefið yfirlit yfir fundi og samtöl stjórnenda Eimskips og Samskipa frá júní 2008 og út árið. Til viðbótar er í kafla 13 að finna heildstætt yfirlit yfir samskipti Eimskips og Samskipa sem rannsókn málsins hefur leitt í ljós og áttu sér stað á árunum 2009 – 2013.
1413. Rétt að hafa hér í huga að samskipti Eimskips og Samskipa áttu sér stað rétt eftir að húsleit Samkeppniseftirlitsins hófst 10. september 2013. Húsleitir hófust samtímis hjá Eimskip og

⁷⁵⁸ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 43 – 44.

Samskipum klukkan 09:00. Fyrirliggjandi er að stuttu eftir að húsleit var hafin hjá Samskipum, eða kl. 09:14:33, hringdi (S)forstj til framkvæmdastjóra hjá Eimskip, (E)frkvstj-sala/bj.⁷⁵⁹ Símtalið stóð yfir í eina og hálfu mínútu. Hringdi (S)forstj ekki úr farsíma sínum heldur úr borðsíma. Voru það þannig ein af fyrstu viðbrögðum (S)forstj við húsleit Samkeppniseftirlitsins að komast í borðsíma og hringja til eins af æðstu stjórnendum Eimskips. Fyrir liggur að (E)forstj var erlendis þennan dag.

1414. Í kafla 5.2 var fjallað um minnisblöð (E)frkvstj-sala/bj frá árinu 2001 sem lýsa ólögum samskiptum Eimskips við m.a. Samskip. (E)frkvstj-sala/bj lét af störfum hjá Eimskip en var síðan í apríl 2009 aftur ráðinn sem framkvæmdastjóri hjá Eimskip. Átti (E)frkvstj-sala/bj fyrir hönd Eimskips síðan í ítrefuðum ólögum samskiptum við Samskip. Eins og fram hefur komið var skýrsla tekin af (S)forstj þennan dag sem húsleit fór fram. Veitti hann rangar upplýsingar um samskipti við (E)forstj. (S)forstj var einnig spurður af Samkeppniseftirlitinu um samskipti hans við aðra starfsmenn Eimskips. Gaf (S)forstj vísitandi rangar upplýsingar með því að greina ekki frá umræddu símtali og samskiptum við (E)frkvstj-sala/bj. (E)frkvstj-sala/bj veitti hins vegar upplýsingar um símtalið en skýringar hans á því eru ekki trúverðugar, sbr. kafla 13.13.

7.1.6. Samantekt

1415. Samskipti og tengsl milli stjórnenda keppinauta sem varða ekki starfsemi fyrirtækjanna eru ekki ólögum sem slík. Öðru máli gegnir um samskipti sem með beinum eða óbeinum hætti fela í sér eða stuðla að ólögum samráði keppinauta.
1416. Í máli þessu liggja fyrir fjölmörg gögn sem sýna að stjórnendur Eimskips og Samskipa áttu í samskiptum á rannsóknartímabilinu, sbr. m.a. yfirlitið í kafla 13. Sum þessara gagna gefa til kynna efni samskiptanna. Önnur gera það ekki og varða t.d. samskipti utan vinnutíma.
1417. Ber að hafa í huga að gögn um samskipti keppinauta geta haft mikla þýðingu við sönnun í samráðsmálum, sbr. kafla 4.7.6.2. Skiptir hér máli að gögn sem sýna aðeins samskipti keppinauta (en ekki efni samskiptanna) geta haft mikið gildi við sönnun á ólögum samráði.⁷⁶⁰
1418. Ber og að hafa í huga að samskiptin sem slík, bæði þau sem varða samráðið beint og þau sem eiga sé sér stað utan vinnutíma (t.d. golf eða matarboð), geta gert samráðið árangursríkara þar sem þau er til þess fallin að stuðla að gagnkvæmu trausti eða hollustu. Samráð er í eðli sínu samstarf keppinauta til þess að hagnast meira með samvinnu en keppa sín á milli. Ávallt er hætta á því að þátttakandi í samráði freistist til þess að „svíkja“ það sem ákveðið var í samráðinu til þess að hagnast enn frekar og hið ólögum eðli samráðsins getur skapað óvissu og skort á trausti hjá samráðsfyrirtækjunum, sbr. kafla 4.8. „Refsingar“ (t.d. verðstríð gagnvart þeim sem „sveik“) og/eða reglubundin samskipti eru þekktar aðferðir til tryggja árangursríkt samráð keppinauta.⁷⁶¹
1419. Til viðbótar framangreindu ber að líta til þess að í skýrslu Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2008, *Öflug uppbygging*, er gerð grein fyrir erlendum rannsóknum um mikla skaðsemi ólögum samráðs keppinauta. Er og bent á að í matsgerð hagfræðinganna Guðrúnar Johnsen og Gylfa Zoëga⁷⁶² komi

⁷⁵⁹ Afrituð símagögn úr haldlögðum farsíma [...]

⁷⁶⁰ Slík sönnunargögn eru nefnd á ensku „communication evidence“. Sjá hér t.d. skýrslu OECD frá 2006, Prosecuting Cartels without Direct Evidence (DAF/COMP/GF (2006)7: „Communication evidence is evidence that cartel operators met or otherwise communicated, but does not describe the substance of their communications. It includes, for example, records of telephone conversations among suspected cartel participants, of their travel to a common destination and notes or records of meetings in which they participated. Communication evidence can be highly probative of an agreement. Almost all of the circumstantial cases described by delegations included communication evidence; in some the evidence was compelling.“

⁷⁶¹ Sjá hér t.d. Blair & Sokol, The Oxford Handbook of International Antitrust Economics, vol. I, 2015, bls. 214: „While vengeful behaviour may sometimes by a way to sustain collusion, an alternative method is to foster a sense of loyalty, of esprit de corps, among conspirators. Although information sharing is often an important ingredient for collusive schemes to work, a useful byproduct of regular meetings is that loyalty and friendship may be inculcated, which may make it socially costly to cheat on agreements. Moreover, since illegal cartels cannot enforce agreements with legally binding contracts, trust plays a central role in their operations. [...] A clear example of an attempt to run a cartel [...] be means of encouraging a sense of camaraderie is the US steel industry during the years 1907 – 1911, in which cooperation was fostered through a series of social events and meetings [...]“

⁷⁶² Sem lögð var fram í dómsmáli olíufélaganna gegn Samkeppniseftirlitinu.



fram að erlendar rannsóknir um skaðsemi samráðs hafi þýðingu hér á landi. Síðan benda hagfræðingarnir á þetta:

„Við þetta má bæta að Ísland er fámennt land og þjóðfélagið einkennist af nálægð og persónulegum kunningsskap. Við slíkar aðstæður aukast líkur á að stjórnendum fyrirtækja takist að stilla saman strengi, bæði er varðar þegjandi samkomulag og samráð. Af þessum sökum má draga þá ályktun að samráð sem stofnað er til hér á landi verði árangursríkara en samráð í stærri samfélögum.“

1420. Við mat á eðli samskipta milli stjórnenda keppinauta skiptir m.a. miklu máli hvort þeir geri frá upphafi grein fyrir þeim með skýrum og trúverðugum hætti. Slíkur framburður er því t.d. til stuðnings að samskipti utan vinnutíma hafi á engan hátt tengst samkeppni þeirra fyrirtækja sem viðkomandi stjórnendur starfa hjá. Öðru máli gegnir ef stjórnendur segja ósatt frá og gera tilraun til þess að leyna samskiptum sínum. Er það óhjákvæmilega til stuðnings því mati að samskiptin hafi ekki verið lögmæt.
1421. Að mati Samkeppniseftirlitsins hafa framangreind samskipti og tengsl milli stjórnenda Eimskips og Samskipa þýðingu í málinu. Á það ekki síst við í ljósi þeirra valkosta sem framangreind gögn sýna að Samskip hefðu talið sig standa frammi fyrir (samkeppnis- eða samvinnuleiðin) voríð 2008. Tengslin milli ekki síst (S)forstj, (S)forstö-útl, (E)forstj og (E)frkvstj-afþjsv gerðu Samskipum án efa auðveldara en ella að nálgast Eimskip með það að markmiði að auka ólögmætt samráð fyrirtækjanna. Jafnframt voru tengslin og samskiptin til þess fallin að auðvelda eða stuðla að því að ráðist var í hið umfangsmikla og ólögmæta „Nýtt upphaf“ verkefni eftir að (E)forstj tók við sem forstjóri Eimskips. Hafi tengslin þannig haft þýðingu varðandi það að Samskip völdu samvinnuleiðina og að undirbúningur umfangsmikils samráðs fyrirtækjanna gat hafist svo skömmu eftir að (E)forstj tók við sem forstjóri, sbr. einnig þá undirbúningsvinnu sem unnin var innan Samskipa fyrri hluta árs 2008. Þá voru samskiptin og tengslin til þess fallin að viðhalda hinu ólögmæta samráði út rannsóknartímabil þessa máls.
1422. Hið mikla ósamræmi milli annars vegar skýrslugjafar (S)forstj og (E)forstj og hins vegar samskipta þeirra í leik og starfi og annarra lykilstarfsmanna fyrirtækjanna gefur eindregið til kynna að forstjórunum hafi verið ljóst að þessi samskipti væru ekki í samræmi við kröfur samkeppnislaga um sjálfstæði keppinauta og bannákvæði laganna gegn samkeppnishamlandi samráði og lögðu þeir sig því báðir fram m.a. við skýrslugjöf til Samkeppniseftirlitsins og hjá lögreglu að leyna samskiptum fyrirtækjanna.
1423. Samskip mótmæla þeim ályktunum sem Samkeppniseftirlitið dregur af samskiptum stjórnenda fyrirtækjanna. Þau sjónarmið geta ekki breytt mati Samkeppniseftirlitsins, sbr. umfjöllun í kafla 25.5 og áfram.

7.2. Leynilegur fundur æðstu stjórnenda Samskipa og Eimskips 6. júní 2008

1424. Í kafla 6.7 hér að framan var lýst atvikum sem áttu sér stað á tímabilinu janúar – maí 2008. Sýna gögnin að Eimskip átti í miklum fjárhagslegum erfiðleikum og stjórnarformaður og forstjóri, sem stýrt höfðu útrás Eimskips, höfðu látið af störfum. (E)forstj tók þannig við mjög erfiðu búi þegar hann hóf störf 20. maí 2008. Þá hafði stjórnarformaður á þessum tíma, (E)stjform, persónulegra hagsmuna að gæta vegna reksturs Eimskips, sbr. kafli 7.3.1.
1425. Liggur fyrir að Samskip Holding stóðu á þessum tíma frammi fyrir lakari afkomu af erlendri starfsemi samstæðunnar og áttu í viðræðum við lánveitanda sinn, Fortis banka, um aðgerðir og lausnir til að mæta kröfum bankans og verjast vanefndaúrræðum. Ljóst er því að stjórnendur Samskipa Holding, þ.m.t. aðaleigandinn (S)aðaleig-stjform-SH, voru undir miklum þrýstingi um að grípa til aðgerða en gögnin sýna að rekstur Samskipa hf. á Íslandi átti að standa undir stórum hluta af björgunaraðgerðunum, sbr. umfjöllun hér að framan og í kafla 8.10.1, 8.15.8., 8.15.11, 8.16.8-9. og 9.13. Þess má geta að á sama tíma stóð (S)aðaleig-stjform-SH einnig frammi fyrir veðkalli Citibank vegna hrífðfallandi gengis hlutabréfa félaga hans í Kauppingi banka, sbr. umfjöllun í kafla



6.7.1. Í framburði (S)forstj hjá lögreglu kom fram að „menn“ hefðu á þessum tíma haft „áhyggjur af stöðunni, miklar áhyggjur af stöðunni [...]“. Samtímagögn sýna að innan Samskipa hf. var rætt um hvernig ætti að hækka verð og „bæta afkomu félagsins á árinu“. Mikilvægir viðskiptavinir Samskipa voru með lausa viðskiptasamninga og taldi fyrirtækið það „ógn“ og að verðstríð við Eimskip gæti brotist út. Á sama tíma töldu stjórnendur Samskipa sig vita að innflutningur til landsins myndi fara minnkandi á árinu 2008.

1426. Ákveðið var að grípa til aðgerða til að vernda og efla stöðu Samskipa hf. sem „cash cow“ fyrir Samskipasamstæðuna. Samráð við Eimskip var mikilvægur þáttur í þeim aðgerðum sem til skoðunar voru. Með því væri unnið gegn því að samdráttur í eftirspurn myndi leiða til aukinnar samkeppni og lækkunar á verði. Sýna gögnin að (S)aðaleig-stjform-SH kallaði eftir gögnum frá (S)forstj og (S)forstj-frystig um Eimskip og lét félag í hans eigu (Egla) vinna skýrslu þar sem fjallað var um mögulegt umfangsmikið samstarf við Eimskip bæði á Íslandi og í erlendri starfsemi Eimskips og Samskipa. Samkvæmt skýrslunni var mestur ábati talin felast í samráði Eimskips og Samskipa í siglingum til og frá Íslandi. Í stjórnarfundargerð vegna fundar Samskipa Holding 7. maí 2008 kom m.a. eftirfarandi fram í glærुकyningu (S)forstj: „Eimskip, will be explored further...“⁷⁶³
1427. Samtímagögnin sýna að í lok apríl og í maí 2008 breyttist tónninn. Annars vegar var þá áfram rætt um samráð við Eimskip og hins vegar að Samskip myndu fara í „herferð“ eða „sækja sterkt“ í m.a. mikilvæga viðskiptavinum Eimskips. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum voru þannig til skoðunar hjá Samskipum tvær ólíkar aðferðir til þess að bregðast við breyttu umhverfi. Gefa gögnin til kynna að Samskip hafi ætlað að skoða vel kosti og galla þess sem má annars vegar nefna samvinnuleiðina og hins vegar samkeppnisleiðina. Það hagsmunamat og samanburður áttu að leiða til þess að unnt væri að „teikna upp strategíuna“. Hún myndi síðan birtast í „revised budget“ sem yrði leiðarstefið eða vegvísirinn í aðgerðum fyrirtækisins. Átti þetta að vera tilbúið eigi síðar en 6. júní 2008.
1428. Eins og áður sagði hittust (S)aðaleig-stjform-SH, (S)forstj, (E)forstj og (E)stjform á fundi þann 6. júní 2008. Var sá fundur haldinn í húsakynnum Kjalars að Suðurlandsbraut 18 í Reykjavík. Sem fyrr segir var Kjalur eignarhaldsfélag (S)aðaleig-stjform-SH. Verður nú þeim fundi lýst og atvikum í aðdraganda hans.

7.2.1. Dagarnir fram að fundinum 6. júní 2008

7.2.1.1. 20. maí til 5. júní 2008

1429. Daginn sem tilkynnt var um ráðningu (E)forstj fjallaði (S)forstj um hann í tölvupóstum til annars vegar (S)aðaleig-stjform-SH og (S)stjform-S og hins vegar (S)stjórnarm-fjármstj, (S)frkvstj-MCL og (S)forstj-frystig. Sýna gögnin að (S)forstj ætlaði að fjalla nánar um nýjan forstjóra Eimskips og breytingar sem gætu leitt af honum á fundi Samskipa Holding í Rússlandi 22. og 23. maí 2008. Vísast um þetta til kafla 7.1 hér að framan.
1430. Á þessum tíma var yfirstandandi ólögmeitt samráð Eimskips og Samskipa í áætlunarsiglingum til og frá Norður-Ameríku, sbr. kafla 5.8.2. Var það fyrir hendi þrátt fyrir að (E)forstö-útfli (forstöðumaður útflutningsdeildar) sendi m.a. (E)forstj þau tilmæli í júlí 2007 að hætta skyldi þessu samráði í því skyni að draga úr samkeppnislegu aðhaldi frá Samskipum og styrkja stöðu Eimskips á markaði. Þetta gekk hins vegar ekki eftir. Sýna gögnin að í febrúar 2008 höfðu stjórnendur Eimskips haft áhyggjur af því að starfa eftir ógildum samningi við Samskip sem færi gegn samkeppnislögum og uppi var óánægja hjá Eimskip með samstarfið sem slíkt. Þrátt fyrir það var samráðinu ekki hætt og var það fyrir hendi þegar (E)forstj tók við sem forstjóri í maí 2008. Er þessu lýst nánar í kafla 7.5.5.2 hér á eftir.
1431. Sama dag og tilkynnt var um ráðningu (E)forstj kom aftur upp óánægja innan Eimskips vegna þessa samráðs við Samskip. Þannig sendi (E)deildstj-útfli2 (forstöðumaður á alþjóðasviði) tölvupóst þann

⁷⁶³ Rauður áherslulitur í frumgagninu.

20. maí 2008 til (E)forstö-útfl og gagnrýndi í honum samvinnuna við Samskip um Norður-Ameríku áætlunarsiglingar (með hástöfum í frumtexta): „[...] HVERNIG VERÐUR ÞETTA Í SUMAR? ÞETTA ER AÐ VERÐA SVONA „ATLANTSSKIP“ DÆMI... SLOT KOSTNAÐURINN UPP ÚR ÖLLU VALDI, VEGNA IMBALANCE. GERUM EKKERT NEMA AÐ FORFÆRA FRYSTIGÁMA FRAM OG TIL BAKA OG GELDUM OKKUR HÉR Á EVRÓPU FYRIR VIKIÐ. EG HELD AÐ VIÐ ÆTTUM AÐ SPYRJA OKKUR HVERNIG HLAUPANDI RÚTA ER AÐ FARA MEÐ „CORE BIZN“ TIL USA, P.E.A.S TA VÖRUNA? Þetta verður skrautlegt sumar!“⁷⁶⁴ Í tölvupóstinum fjallaði (E)deildstj-útfl2 einnig um viðskiptavinum Samskips í Norður-Ameríku siglingunum og magn þeirra viðskipta. Síðan sagði: „EIMSKIP FLUTTI ÚT Á SÍÐAST ÁRI TIL USA SAMTALS: 1026 Reefer teus... Samskip flutti út á síðasta ári ca: 68 TEUS.... Sem sagt markaðurinn er enginn og fer minnkandi, ég held að við verðum að keyra af fullri hörku á TA vöruna, leggja vinnu og peninga í það..“.

1432. (E)forstö-útfl svaraði tölvupóstinum og áframsendi hann til (E)forstj, (E)frkvstj-alþj, (E)frkvstj-EimÍsl (forstjóra Eimskips á Íslandi⁷⁶⁵), (E)frkvstj-flutnkerf (framkvæmdastjóra rekstrarsviðs) og (E)forstö-innfl (forstöðumanns innflutningsdeildar). Hrósaði (E)forstö-útfl þessari samantekt (E)deildstj-útfl2 en tók jafnframt fram að þetta væri „svört skýrsla“. Lagði hann til viðbótar fram nokkra „þanka“ um þessar siglingar. Benti hann m.a. á að markaðurinn væri „lélegur“ sökum m.a. efnahagsörðugleika í Bandaríkjunum. Innflutningur frá Kanada yrði góður fram á haust en spurði hvað myndi taka við í kjölfarið. (E)frkvstj-EimÍsl svaraði og sagði að nýr starfsmaður myndi hefja störf 1. júní 2008 og myndi hann skoða samninginn við Samskip.⁷⁶⁶ Það gekk ekki eftir því (E)forstj tók málið í sínar hendur.
1433. Af gögnum má ráða að (E)forstj hafi, nánast um leið og hann tók við starfi sem forstjóri Eimskips, verið mjög umhugað um að hefja viðræður við Samskip um Norður-Ameríku samstarfið. Er og ljóst að hann vildi stýra því hver hefði aðkomu að samskiptum við Samskip vegna þessa. Þannig sýna gögn málsins að (E)forstj vildi að (E)frkvstj-alþj kæmi að þessu verkefni. Í því sambandi vekur það sérstaka eftirtekt að við skýrslutöku hjá lögreglu kom skýrt fram hjá (E)frkvstj-alþj að málefni sem tengdust Norður-Ameríku samstarfinu við Samskip heyrðu ekki undir hann á þessum tíma. Hefði (E)frkvstj-EimÍsl borið ábyrgð á þessum málaflokki, sbr. nánar hér á eftir. Fyrir liggur hins vegar að (E)frkvstj-alþj þekkti (S)forstj vel og voru þeir báðir skipaðir í „vinnuhópin“ sem stofnaður var á fundi eða í kjölfar fundar (E)forstj, (E)stjform, (S)aðaleig-stjform-SH og (S)forstj 6. júní 2008. Þá bar (E)frkvstj-alþj ábyrgð á frystigeymslutarfsemi Eimskips erlendis og kom að því ólögmæta samráði sem var fyrir hendi milli Eimskips og Samskips í þeirri starfsemi á þessum tíma. Er þessu lýst nánar í kafla 7.3.1 og 7.5.1 hér á eftir.
1434. Vilja (E)forstj til að (E)frkvstj-alþj kæmi að þessum málefnum sem tengdust Samskipum má m.a. ráða af tölvupósti sem (E)forstj sendi (E)frkvstj-lögfr (framkvæmdastjóri lögfræðisviðs) þann 23. maí 2008. Þar kemur fram að (E)forstj vilji ræða um Norður-Ameríku samstarfið við Samskip. (E)frkvstj-lögfr spurði hvort (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-EimÍsl þyrftu ekki að taka þátt í þeirri umræðu. Hér skiptir máli að (E)forstö-innfl hafði verið að skoða þetta málefni í janúar/febrúar/maí 2008⁷⁶⁷ og (E)frkvstj-EimÍsl var sem fyrr segir forstjóri Eimskips á Íslandi og bar ábyrgð á þessu samstarfi við Samskip.
1435. (E)forstj féllst ekki á þessa tillögu (E)frkvstj-lögfr og gaf eftirfarandi fyrirmæli: „Bara [(E)frkvstj-alþj], hann var á hinum endanum þegar samningurinn var gerður, síðan getum við tekið þetta lengra“.⁷⁶⁸
1436. (E)deildstj-útfl2 sendi annan tölvupóst vegna Norður-Ameríku flutninga 24. maí 2008 og var hann sendur til (E)frkvstj-EimÍsl, (E)frkvstj-flutnkerf og (E)frkvstj-alþj. Fjallaði hann um slæma afkomu

⁷⁶⁴ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.197362.

⁷⁶⁵ Sem heyrði undir [...] sem var forstjóri Eimskips í heild sinni.

⁷⁶⁶ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.93774. Sjá einnig Doc. ID. 0.7.33.230288 / 0.7.33.231444.

⁷⁶⁷ Sbr. kafli 7.5.5.2.

⁷⁶⁸ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.233899.



af þessum siglingum og sérstaklega vegna samningsins við Samskip. Þar kemur fram, eins og í fyrri tölvupósti (E)deildstj-útfll2, að útflutningur á fiski til Bandaríkjanna hefði dregist verulega saman og lagði hann til að samningurinn við Samskip yrði endurskoðaður:

*„Er ekki kominn tími til að endurskoða þennan samning, eða er innflutningurinn-það sem við fáum frá Samskip gulrótin“.*⁷⁶⁹

1437. (E)deildstj-útfll2 sendi einnig sama dag tölvupóst til (E)forstj og sagði að það yrði að skoða umræddan samning við Samskip: *„Þeir eru með meiri framlegð en við í þes[sum] flutningum, ok, en það er ekki mikið magn.“*⁷⁷⁰ (E)forstj og (E)deildstj-útfll2 ákváðu að hittast vegna þessa.⁷⁷¹
1438. Þann 26. maí 2008 lagði (E)forstj aftur áherslu á aðkomu (E)frkvstj-alþjsv að samstarfinu við Samskip vegna Norður-Ameríkuflutninganna. Sendi (E)forstj þann dag tölvupóst til (E)frkvstj-EimÍsl og sagði m.a.: *„Þyrftum líka að ræða Samskipssamninginn með (E)frkvstj-alþjsv, hann skrifaði undir hann og þekkir forsöguna.“*⁷⁷²
1439. Við skýrslutöku hjá lögreglu voru (E)forstj og (E)frkvstj-alþjsv spurðir um framangreind gögn sem stöfuðu frá þeim eða vörðuðu þá:
- Við skýrslutöku hjá lögreglu kom skýrt fram hjá (E)frkvstj-alþjsv að málefni sem tengdust Norður-Ameríku samstarfinu við Samskip heyrðu ekki undir hann á þessum tíma. Hefði (E)frkvstj-EimÍsl borið ábyrgð á þessum málaflokki. Var (E)frkvstj-alþjsv þá spurður um af hverju (E)forstj hefði lagt áherslu á að hann kæmi að þessu samstarfi við Samskip. Kvaðst (E)frkvstj-alþjsv ekki geta útskýrt framangreindan tölvupóst (E)forstj frá 23. maí 2008 en hugsanlega hefði það tengst aðkomu hans að samstarfi við Samskip á árinu 2006. Var (E)frkvstj-alþjsv spurður hvort (E)forstj hefði óskað eftir því að (E)frkvstj-alþjsv sneri sér til Samskípa. Neitaði (E)frkvstj-alþjsv því og áréttaði að þetta málefni heyrði undir ábyrgðarsvið (E)frkvstj-EimÍsl.⁷⁷³
 - (E)forstj gaf þá skýringu að (E)frkvstj-alþjsv *„er bara mjög vandvirkur maður og vil, vil frekar að hann komi að hlutum. Hann var einn af þessum svona key starfsmönnum sem ég, þetta er 23. maí, ég er búinn að vera í 2 daga“* Sagði (E)forstj að aðrir sem (E)frkvstj-lögfr hafi nefnt ((E)forstö-innfl og (E)frkvstj-EimÍsl) væru fyrrverandi Samskipamenn og hann hafi síður viljað að þeir kæmu að þessu. Hafi hann ákveðið *„að draga [(E)frkvstj-alþjsv] að borðinu sem að var svolítið fyrir utan og ég vildi fá hann inn [...] Hann var framvegis miklu sterkari aðili þannig að ég, þarna er bara umræða um samninginn hvort það eigi að segja honum upp, hann sé runninn út og hvort það fór eitthvað fram annað. Veit það ekki“.* (E)forstj gat aðspurður ekki skýrt hvað hann hafi átt við með að (E)frkvstj-alþjsv *„hafi verið á hinum endanum“.* Neitaði (E)forstj svo aðspurður að hafa vitað um samband (E)frkvstj-alþjsv og (S)forstj.⁷⁷⁴ (E)forstj gaf hins vegar annað svar þegar hann var spurður um matarklúbb (E)frkvstj-alþjsv og (S)forstj, sbr. umfjöllun í kafla 7.1.4 hér að framan.
1440. Samkvæmt þessu rökstuddi (E)forstj hjá lögreglu aðkomu (E)frkvstj-alþjsv að Norður-Ameríku samstarfinu m.a. með vísan til þess að hann hefði á þessum tímapunkti aðeins verið búinn að gegna starfi forstjóra í tvo daga. Eins og kom fram hér að framan hafði (E)forstj starfað í átján ár hjá Eimskip áður en hann var ráðinn forstjóri. Hafði hann verið framkvæmdastjóri Eimskíps í Norður-

⁷⁶⁹ Þennan sama tölvupóst framsendi [...] aftur á yfirmenn sína, [...], árið 2009 og árið 2010. Þá var [...] ennþá ósáttur við samningsverð Eimskíps til Samskípa vegna Ameríkusiglinganna. Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.450519. Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.244662. Meðfylgjandi fyrrgreindum tölvupóstum [...] var m.a. umræddur tölvupóstur hans frá 24.05.2008 „Ameríkuleið“ eða „USA Reports.pdf“, Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.234294.

⁷⁷⁰ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.234189.

⁷⁷¹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.234294.

⁷⁷² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.234941. Ekki er ljóst á hverju [...] byggir fyrri aðkomu [...] því afhent eintak Eimskíps af samningi gerðum í nóvember 2006 við Samskip vegna Norður-Ameríku er ekki undirritaður af [...] heldur [...]. Afhent skjal frá Eimskip 13.10.2017, liður 2.2 b) „Samskip Contract – [...]“.

⁷⁷³ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 3, 62 og 73.

⁷⁷⁴ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 76.



Ameríku frá árinu 2000. Eðli málsins samkvæmt hlaut (E)forstj því að þekkja vel alla þætti sem tengdust sjóflutningum Eimskips milli Íslands og Norður-Ameríku, þ.m.t samstarfið við Samskip. Þurfti (E)forstj því ekki á (E)frkvstj-alþjv að halda vegna vanþekkingar á þessum málaflokki.

1441. Í mgr. 634 – 635 í athugasemdum Samskipa við AI er því mótmælt að (E)forstj hafi viljað að (E)frkvstj-alþjv kæmi að viðræðum um flutningasamkomulag fyrirtækisins við Samskip vegna þess að hann þekkti (S)forstj. Þar er því einnig haldið fram að þrátt fyrir að (S)forstj og (E)frkvstj-alþjv hafi átt í persónulegum samskiptum hafi þeir ekki átt í „í neinum vinnutengdum samskiptum“. Eins og rökstutt er í kafla 25.5.2 getur Samkeppniseftirlitið ekki fallist á þessi sjónarmið Samskipa.
1442. Þrátt fyrir framburð (E)forstj hjá lögreglu um að hann hafi ekki viljað aðkomu fyrrverandi starfsmanna Samskipa að rekstri Eimskips komu (E)frkvstj-EimÍsl og (E)forstö-innfl áfram að málefnum tengdum Norður-Ameríku samstarfinu við Samskip. Þann 27. maí 2008 áframsendi (E)frkvstj-EimÍsl þannig til (E)forstj tölvupóst um samantekt á fyrri yfirferð (E)frkvstj-lögfr (framkvæmdastjóri lögræðisviðs) og (E)forstö-innfl á Norður-Ameríku samstarfinu við Samskip. Tók (E)frkvstj-EimÍsl eftirfarandi fram við (E)forstj: „Samningurinn við Samskip hefur verið í eftirfylgni hjá [(E)frkvstj-lögfr] og [(E)forstö-innfl] það er marg búið að ræða hvernig á að afgreiða hann. Ég bið [(E)forstö-innfl] um að ganga í að setja saman greinargerð um hver staða á þessum málum er og útreikninga.“⁷⁷⁵
1443. Þann 28. maí 2008 sátu (S)forstj, (S)frkvstj-millilandasv og (S)frkvstj-fjárm fund framkvæmdastjórnar Samskipa hf. Samkvæmt fundargerð kom fram að vinnu við „strategíu“ Samskipa ætti að vera lokið eigi síðar en 6. júní 2008. Að mati Samkeppniseftirlitsins fólst í þessu að Samskip ætluðu á þessu tímamarki að taka afstöðu til þess hvort samvinnuleiðin eða samkeppnisleiðin yrði valin. Vísast um þetta til kafla 6.7.6.2 hér að framan.
1444. Daginn eftir ræddi (E)forstj einnig um stefnumörkun og aðgerðir hjá Eimskip. Sendi hann þann 29. maí 2008 eftirfarandi tölvupóst til (E)frkvstj-alþjv: „Thurfum að fara lengra með planið okkar í aðgerðalista. Ræðum saman síðar í dag.“⁷⁷⁶ Sýnir þetta nána samvinnu (E)forstj við (E)frkvstj-alþjv á upphafsdögum hans sem forstjóra Eimskips.
1445. Samkeppniseftirlitið telur að „planið okkar“ í tölvupósti (E)forstj vísi m.a. til samráðsins við Samskip. Hvað sem því líður var verkefnið „Nýtt upphaf“ komið á verkefnalista (E)forstj og í upphafi sérstaklega merkt 5. júní, sbr. eftirfarandi mynd:⁷⁷⁷

104	June 5th	Nýtt Upphaf	
-----	----------	-------------	--

1446. Kom verkefnið „Nýtt upphaf“ einnig fram á verkefnalista (E)frkvstj-alþjv í júní 2008, sbr. kafla 7.3.4 hér á eftir.
1447. „Nýtt upphaf“ er nafnið á umfangsmiklu samráðsverkefni Eimskips og Samskipa sem kom til framkvæmda eftir fund stjórnenda fyrirtækjanna 6. júní 2008, sbr. nánar hér á eftir.
1448. Föstudaginn 30. maí 2008 sendi þannig fjármálastjóri Eimskips á Íslandi ((E)forstö-fjárh1) tölvupóst til (E)forstj og (E)frkvstj-lögfr (afrit (E)frkvstj-EimÍsl) og upplýsti að í framhaldi af samtali hans við (E)frkvstj-EimÍsl væru hann og (E)forstö-innfl að undirbúa uppsögn á Norður-Ameríku samningnum við Samskip. Það verði klárað þennan sama dag.⁷⁷⁸ Í samræmi við þetta sendi Eimskip síðar sama dag eftirfarandi bréf til (S)forstj: „Umbjóðandi okkar, Hf. Eimskipafélag Íslands, hefur falið LOGOS

⁷⁷⁵ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.236107.

⁷⁷⁶ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.94569.

⁷⁷⁷ Á verkefnalista sem fannst hjá [...] er hann „Owner“ með „Nýtt upphaf“ verkefnið. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.92898. Einnig viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.258986. [...] hafði sent sama verkefnalista 04.06.2008 en þá var verkefnið „Nýtt upphaf“ ekki komið á verkefnalista. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.243746. Hinn 30.06.2008 er verkefnið ennþá á verkefnalista, sbr. afritað tölvuskjal frá Eimskip með sama heiti. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.270242.

⁷⁷⁸ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.239079.



lögmannsbjónustu að segja upp fyrir sína hönd samningi félagsins við Samskip hf. um flutninga til og frá Bandaríkjunum. Er samningnum hér með sagt upp með fjögurra mánaða fyrirvara. Með vísan til þess mun samningurinn falla niður frá og með 1. október 2008.

*Þrátt fyrir framangreinda uppsögn óskar umbjóðandi okkar eftir því að félögin hefji sem fyrst viðræður um áframhaldandi samstarf um flutninga til og frá Bandaríkjunum.*⁷⁷⁹

1449. Fundargerð framkvæmdastjórnar Eimskips frá 3. janúar 2008 og gögn (E)frkvstj-[alþjvs](#) og (E)frkvstj-[lögfr](#) frá febrúar 2008 sýna að stjórnendur Eimskips litu svo á að Norður-Ameríku samningurinn við Samskip væri ógildur, sbr. kafli 7.5.5.2 hér á eftir. Vekur því eftirtekt að samningnum hafi verið sagt upp 30. maí 2008 líkt og um gildandi samning hafi verið að ræða.
1450. Sunnudaginn 1. júní 2008 svaraði (E)forstj tölvupósti (E)forstö-[fjánh1](#) og óskaði sérstaklega eftir upplýsingum ef Samskip myndu sýna einhver viðbrögð við uppsögninni.⁷⁸⁰ Daginn eftir sendi (E)forstj tölvupóst til (E)frkvstj-[lögfr](#) og í honum segir m.a.: „Búið að segja upp samningnum við Samskip, þurfum að fá leyfi samkeppnisráðs til að semja við þá aftur.“⁷⁸¹
1451. Eins og áður sagði birti (E)deildstj-[útf1](#) „svarta skýrslu“ 20. maí 2008 vegna Norður-Ameríku flutninga og samstarfsins við Samskip. Þar kom fram að markaðurinn væri „*enginn*“ og með þessu samstarfi við Samskip væri Eimskip að „*gelda*“ sig „á Evrópu“. „Svarta skýrslan“ fór til æðstu stjórnenda Eimskips, þ.m.t. (E)forstj, (E)frkvstj-EimÍsl og (E)frkvstj-[alþjvs](#). Forstöðumaður útflutningsdeildar ((E)forstö-[útf1](#)) hrósaði henni. Þann 23. maí 2008 lýsti (E)deildstj-[útf1](#) aftur yfir áhyggjum.
1452. Vekur athygli að þrátt fyrir framangreindar áhyggjur innan Eimskips af þessu samstarfi við Samskip og skýrar vísbandingar um að það væri ekki hagur Eimskips að viðhalda því var í bréfinu til (S)forstj samt sem áður óskað eftir því að fyrirtækin myndu strax hefja viðræður um áframhaldandi samstarf. Gefur þetta til kynna að meira hafi búið að baki þessari ósk Eimskips um tafarlausar viðræður við Samskip en Norður-Ameríku samstarfið eitt og sér. Önnur gögn málsins og sú atburðarrás sem þarna hófst strax í kjölfarið staðfesta þetta.
1453. Hér ber að líta til þess að við skýrslutöku hjá lögreglu voru (E)forstj og (E)frkvstj-[alþjvs](#) spurðir um framangreinda uppsögn Eimskips á Norður-Ameríku samningnum við Samskip.
- Svör (E)forstj voru ekki skýr. Af þeim verður helst ráðið að hann hafi verið mótfallinn þessu samstarfi við Samskip og viljað segja samningnum upp í þeirri von að Samkeppniseftirlitið myndi ekki heimila þetta samstarf á ný. Það hefði verið „*frábært*“ ef Samkeppniseftirlitið hefði sagt við Eimskip að fyrirtækið mætti ekki flytja fyrir Samskip.⁷⁸²
 - (E)frkvstj-[alþjvs](#) kvaðst ekkert vita af hverju samningnum var sagt upp. Hann kvaðst heldur ekki vita um nein samskipti við Samskip sem tengdust þessu og að hann hefði ekki átt í samskiptum við (S)forstj. Aðspurður um af hverju Eimskip hafi vilja „*hefja sem fyrst*“ viðræður við Samskip um nýjan samning sagðist hann ekki vita það. Hann var minntur á lýsingu hans sjálfs á mjög erfiðri stöðu Eimskips á þessum tíma og hvort það hafi verið talið mikilvægt í því sambandi að halda þessu samstarfi áfram. Sagði (E)frkvstj-[alþjvs](#) að þetta samstarf við Samskip hafi ekki verið mikilvægt og fór að hlæja þegar það samstarf var borið saman við „*veltu félagsins, sem var þarna 15.000 manns með, með einhverja tvær billjónar evra í veltu skilurðu í því samhengi.*“ Í því

⁷⁷⁹ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.469385. [...] áframsendir uppsögnina án skýringa þann 01.06.2008 til [...] sem svarar daginn eftir: „*Flott - nú semjum við um lækkun sbr. tilboð EÍ til Flypaper.*“ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.469739.

⁷⁸⁰ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.239079.

⁷⁸¹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.239991.

⁷⁸² Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 71-75.



samhengi gat (E)frkvstj-alþjv ekki útskýrt af hverju (E)forstj hefði á þessum erfiða tíma hjá Eimskip lagt svona mikla áherslu á þennan samning við Samskip.⁷⁸³

1454. Fyrir liggur að (S)forstj sendi tölvupóst 2. júní 2008 til (S)frkvstj-millilandasv. Í honum fjallaði hann um „revised budget“ og verkefni sem tengdust því. Veltir hann því upp hvar séu tækifæri til þess að leiðrétta verð og segir síðan:

„-ameríka, segja upp núverandi samning, en svo gott sem ekkert magn er að fara þangað, endurmeta aðra samninga.“⁷⁸⁴

1455. Við skýrslutöku hjá lögreglu var (S)forstj beðinn um að útskýra þennan tölvupóst sinn. Svaraði hann svo:

(S)forstj Nei ég hugsa að þarna sé verið að kanna leiðir með að koma vöru í gegnum Evrópu í meira mæli, Ameríku var sinnt þannig að hérna, Ameríku var sinnt þannig að við gátum flutt vöru til og frá Íslandi Norður- Ameríku, austurstrandar í siglingarkerfi Eimskips.

HS Mm.

(S)forstj Og svo reyndum við að sinna öllum öðrum mörkuðum inn á hafnir beint út úr Bandaríkjunum eða, eða hérna Houston eða hvað það er, til Evrópu og þaðan í skip okkar til Íslands. Þannig að hérna, ég hugsa að það sé það sem er verið að skoða þarna enda enginn annar í beinum siglingum þarna á milli.

HS Nei. Og hvaða samninga átti að, átti að endurmeta, eins og kemur þarna fram, er það ekki ...?

(S)forstj Ég þekki það ekki.⁷⁸⁵

1456. Við skýrslutöku hjá lögreglu var (S)frkvstj-millilandasv einnig spurður um framangreindan tölvupóst (S)forstj til hans. Kvaðst (S)frkvstj-millilandasv ekki átta sig á því hvað (S)forstj hafi átt við.⁷⁸⁶

1457. Samkeppniseftirlitið bendir hér á að unnt er að flytja farm til og frá Norður-Ameríku með a.m.k. tvennum hætti. Annars vegar með beinum siglingum til og frá Íslandi og hins vegar með siglingum til t.d. Rotterdam og þaðan til og frá Norður-Ameríku (svonefndir „Trans-Atlantic“ flutningar eða TA flutningar). Hér ber að hafa í huga að staðhæft er í gagni (S)forstö-innfl1 frá desember 2012 að TA flutningar Samskipa á árinu 2008 hafi verið um 70% af heildarflutningum fyrirtækisins til og frá Norður Ameríku. Það sem eftir stóð var flutt með Eimskip.⁷⁸⁷

1458. Í framangreindum framburði (S)forstj hjá lögreglu felst að Samskip hafi þann 2. júní 2008 verið að skoða að auka samkeppni við Eimskip með auknum TA flutningum í gegnum Evrópu. Eftir að hið umfangsmikla samráð Eimskips og Samskipa hófst setti (E)forstj hins vegar fram þá hugmynd að Samskip yrðu beðin um að hætta að keppa í siglingum til og frá Norður-Ameríku (í gegnum Evrópu) og hækka verð í beinum siglingum héðan, sbr. tölvupóstur (E)forstj frá 27. júní 2008 sem lýst verður í kafla 8.4.

1459. Samkvæmt tölvupóstinum frá 2. júní 2008 vildi (S)forstj segja upp Norður-Ameríku samningnum við Eimskip og endurmeta „aðra samninga“. Hér ber að líta til þess að hvorki (S)forstj né (S)frkvstj-millilandasv kváðust vita til hvaða annarra samninga (S)forstj var vísa í tölvupóstinum. Vekur orðalag (S)forstj í tölvupóstinum athygli í ljósi þess að Eimskip hafði þann 30. maí 2008 tilkynnt honum um uppsögn á þessum samningi. Þá er þessi tölvupóstur (S)forstj í samræmi við framangreind samtímagögn Eimskips og framburð (E)frkvstj-alþjv hjá lögreglu um lítið vægi Norður-Ameríku samningsins á þessum tímamarki. Í ljósi m.a. mats þessara tveggja stjórnenda, og í raun annarra

⁷⁸³ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 67-71.

⁷⁸⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.470114.

⁷⁸⁵ Endurrit af skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 49.

⁷⁸⁶ Endurrit af skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 49.

⁷⁸⁷ Sjá kafla 16.9.



stjórnenda Eimskips, um takmarkað vægi umrædds samstarfs um Norður-Ameríkuflutninga vekur athygli hve mikla áherslu (E)forstj lagði á tafarlaugar viðræður um framhald samstarfsins og hvaða stjórnendur eru valdir til þeirra viðræðna hjá báðum fyrirtækjunum. Er erfitt að skýra þessa framvindu með öðru en að um hafi verið að ræða marksvissan ásetning til að mynda vettvang fyrir enn nánara og víðtækara samráði fyrirtækjanna. Fundargerð vegna fundar hjá Eimskip þennan sama dag varpar skýrara ljósi á þetta.

1460. Sama dag og (S)forstj sendi ofangreindan tölvupóst, þ.e. 2. júní 2008, var haldinn fundur í framkvæmdastjórn Eimskips. Í fundargerð var eftirfarandi bókað:

„Sögðum upp samningnum við Samskip vegna USA samninga. Samningurinn við þá rennur út 1. október 2008. Um leið er lýst yfir vilja um að semja um áframhaldandi samstarf um flutninga til og frá USA við Samskip. Samskipti og samningaumræður verði unnið af [(E)frkvstj-flutnkerf] og [(E)forstö-fjárh1], einnig [(E)frkvstj-skiparekst] og [(E)forstö-flutnstý] eins og þarf. Samskipti við Samskip verða öll á rekstrarhliðinni. [...]

[(E)frkvstj-flutnkerf] – ræddi siglingakerfið, endurskoðun þess og fór yfir stutta kynningu. Erum að endurskoða allt EU kerfið ásamt því að greina tækifæri okkar í strandsiglingum.“⁷⁸⁸

1461. Eins og áður sagði vildi (E)forstj að (E)frkvstj-alþjv kæmi að þessum samskiptum við Samskip þrátt fyrir að Norður-Ameríku samstarfið heyrði undir (E)frkvstj-EimÍsl. Þá er ljóst að það samstarf heyrði ekki undir ábyrgðarsvið framangreindra stjórnenda hjá Eimskip sem tilgreindir eru í fundargerðinni. (E)frkvstj-flutnkerf var framkvæmdastjóri sem bar ábyrgð á siglingakerfi Eimskips og samkvæmt fundargerðinni var hann með allt siglingakerfi Eimskips vegna flutninga til og frá Evrópu til endurskoðunar. (E)frkvstj-skiparekst og (E)forstö-flutnstý komu einnig að málefnum sem tengdust siglingakerfinu og (E)fjármstj var sem fyrr segir fjármálastjóri Eimskips á Íslandi og yfirmaður hagdeildar. Hafa ber í huga að á þessum tíma voru Samskip ekki með nein skip í beinum siglingum milli Íslands og Norður-Ameríku og samstarfið fólst m.a. í því að Samskip nýttu sér skip Eimskips. Þegar horft er á Norður-Ameríku samstarfið einangrað fæst ekki séð hvaða erindi eða hlutverki helstu sérfræðingar Eimskips á sviði siglingakerfa gegndu í viðræðum við Samskip um það samstarf. Þessi skipan „samninganefndar“ Eimskips er heldur ekki í neinu samræmi við framangreinda gagnrýni (E)deildstj-útf1 frá 20. maí 2008 og framangreind ummæli (S)forstj um „svo gott sem ekkert magn“ í þessum flutningum. Umrædd skipan „samninganefndar“ Eimskips gefur þvert á móti til kynna mikla áherslu á viðræður við Samskip þrátt fyrir litið magn á þeirri siglingaleið og litla hagsmuni fyrir bæði fyrirtækin. Æðstu stjórnendur Eimskips sem komu að siglingakerfum áttu að leiða þær og samskipti við Samskip yrðu „öll á rekstrarhliðinni“. Hjá skipafélögum eru rekstrardeildir eða rekstrarsvið jafnan þær einingar sem bera ábyrgð á siglingakerfum.⁷⁸⁹ Þessi áhersla á siglingakerfi endurspeglast í „Nýtt upphaf“ glærुकynningu (E)frkvstj-alþjv og (E)forstj frá 8. og 9. júní 2008, sbr. nánar hér á eftir. Eins og lýst verður tóku (S)frkvstj-millilandasv og (E)frkvstj-flutnkerf virkan þátt í viðræðunum sem hófust í kjölfarið. Áttu þannig æðstu yfirmenn siglingakerfa fyrirtækjanna í ítrekuðum samskiptum. Þegar þetta er virt í samhengi við eftirfarandi umfjöllun telur Samkeppniseftirlitið að þetta sé rík vísbending um að í þessum samskiptum hafi m.a. átt að ræða um heildar siglingakerfi beggja fyrirtækjanna, auk samvinnu í flutningum til og frá Norður-Ameríku.

⁷⁸⁸ Afhent tölvuskjal frá Eimskip. Afhent 13.10.2017. „Fundargerð EI vika 23 2008.doc“. Fundur 02.06.2008.

⁷⁸⁹ Í þessu samhengi má horfa til tilkynningar sem Eimskip sendi 30. september 2008 um stjórnenda- og skipulagsbreytingar hjá fyrirtækinu. Þar er fjallað um [...] og [...] með þessum hætti: „Nýtt rekstrarsvið hefur verið stofnað hjá Hf. Eimskipafélagi Íslands. Starfsemi og ábyrgð innan sviðsins verður tvískipt. [...] og [...] verða framkvæmdastjórnar sviðsins. Með breytingunum verður ábyrgðarsvið rekstrarmála sem tengjast skiparekstri skýrara og fær nú aukið vægi innan samstæðunnar. Meginmarkmið breytinganna er m.a. að auka samlegð innan siglingakerfa félagsins og lækka kostnað í erlendum höfnum. [...]. [...] hefur áratuga reynslu í flutningastarfsemi og starfaði nú síðast sem framkvæmdastjóri flutningakerfa Eimskips hjá Eimskip á Íslandi. [...] Nú síðast var [...] forstöðumaður skiparekstrardeildar hjá Eimskip á Íslandi“. Segir síðan að [...] og [...] muni sameiginlega bera ábyrgð á siglingakerfum Eimskips.

Sjá „Stjórnenda- og skipulagsbreytingar hjá Eimskip“, aðgengilegt á slóð: euroland.com/omx_attachments/2008-09/277846-5-is.pdf



1462. Líkt og áður greinir sagði (E)forstj það við skýrslutöku hjá lögreglu að hann hafi verið mótfallinn þessu samstarfi við Samskip og viljað segja samningnum upp í þeirri von að Samkeppniseftirlitið myndi ekki heimila þetta samstarf á ný. Þegar framangreind gögn eru höfð í huga er ljóst að framangreindur framburður (E)forstj hjá lögreglu er ekki trúverðugur. Ólíkt því sem (E)forstj hélt þar fram kemur hvergi fram í samtímagögnum málsins að (E)forstj hafi ekki viljað umrætt samstarf við Samskip eða óskað þess að Samkeppniseftirlitið myndi ekki heimila það. Þvert á móti gefur bréfið til Samskipa frá 30. maí 2008 og bókunin í fundargerð Eimskips 2. júní 2008 til kynna mikinn vilja til að taka sem fyrst upp viðræður við Samskip. Hið sama leiðir af tölvupósti (E)forstj frá 1. júní 2008 þar sem hann óskaði sérstaklega eftir upplýsingum um viðbrögð Samskipa við bréfinu frá 30. maí 2008. Sama ályktun verður einnig dregin af hinum sérlega langdregnu viðræðum fyrirtækjanna, sem þau staðhæfa að hafi aðeins fjallað um endurskoðun á samningi sem fyrirtækin höfðu haft með sér árum saman og hafði lítið vægi fyrir bæði fyrirtækin, en viðræður fyrirtækjanna stóðu í yfir sjö mánuði, með fjölda funda og miklum samskiptum. Við skýrslutöku hjá lögreglu hló (E)frkvstj-alþjsv þegar hann var spurður að því hvort Norður-Ameríku samstarfið við Samskip hafi verið mikilvægt í samhengi við þann lífróður sem Eimskip reri á þessum tíma. Þá gat (E)frkvstj-alþjsv ekki útskýrt af hverju (E)forstj lagði á þessum tíma áherslu á þessi atriði tengd Samskiptum. Er þetta allt til stuðnings því að í samskiptunum við Samskip hafi átt að ræða um fleiri og mun mikilvægari málefni heldur en Norður-Ameríku samstarfið sem slíkt.
1463. Samskip fjalla í athugasemdum við AI um framangreind gögn frá lokum maí og byrjun júní 2008 sem varða þýðingu Norður-Ameríku samstarfsins og um ástæður þess að Eimskip sagði upp samningnum 30. maí 2008 og óskaði eftir viðræðum sem fyrst við Samskip. Einnig er fjallað um þýðingu þess að (E)frkvstj-flutnkerf hafi verið falið að koma að viðræðum við Samskip og um þá staðreynd að (E)frkvstj-flutnkerf og (S)frkvstj-millilandasv áttu í kjölfarið í ítrekuðum samskiptum.⁷⁹⁰ Samskip mótmæla því að tilgangur þess að segja upp Norður-Ameríku samningnum og hefja síðan viðræður hafi verið að skapa vettvang fyrir auknið ólöglegt samráð fyrirtækjanna. Viðræður við Eimskip hafi verið á viðskiptalegum forsendum og hafi ekki haft að markmiði að raska samkeppni. Halda Samskip því fram að þetta samstarf hafi verið nauðsynlegt til að fyrirtækið gæti stundað virka samkeppni við Eimskip. Í þessu sambandi vísa Samskip til þess að Eimskip hafi sem markaðsráðandi fyrirtæki verið skylt að annast þessa flutninga fyrir Samskip. Er því mótmælt að viðræður (E)frkvstj-flutnkerf og (S)frkvstj-millilandasv sýni að fyrirtækin hafi í raun haft með sér ólöglegt samráð um breytingar á siglingakerfum í flutningum milli Íslands og annarra Evrópulanda.
1464. Eins og rökstutt er í kafla 25.5 getur Samkeppniseftirlitið ekki fallist á þessi sjónarmið Samskipa.
1465. Í málinu ber einnig að horfa til tölvupósta sem (E)forstj sendi 3. og 4. júní 2008 vegna mikilla erfiðleika Eimskips á þessum tíma:
- (E)forstj sendi tölvupóst þann 4. júní 2008 til (E)stjform. Í honum var að finna drög að tölvupósti til bankastjóra Landsbanka Íslands en bankinn var stærsti lánardrottinn Eimskips. Heiti þessa tölvupósts er „Hringdu í mig, please ...“ og í honum segir:
„Var að hugsa um að senda þetta á [bankastjóra Landsbanka Íslands]..... og óska eftir fundi... Fyrstu drög ...

Sæll [...],

Við [(E)stjform] óskum eftir fundi með þér í dag vegna stöðu mála.

Við stöndum frammi fyrir því að við þurfum mjög nauðsynlega í dag eða á morgun 3 milljónir EUR til að leysa úr lausafjórðunda okkar, til að geta greitt olíu, hafnargjöld, tryggingar, skipaleigu etc. Það er bagalegt fyrir fyrirtækið ef við, vegna ekki stærra skammtímavanda sem þarf að brúa núna, þyrftum að fara út á markaðinn og biðla til lánardrottna. Sú saga mun berast hratt út á markaðinn

⁷⁹⁰ Sjá mgr. 624 – 644 í athugasemdum Samskipa við AI.



og skaðinn verður mikill. Við erum samt að vinna í að forgangsraða greiðslum en fréttinn um að við séum að hringja í hafnaryfirvöld erlendis, Skeljung, Maersk etc mun fara af stað í öll blöð í atvinnugreininni og víðar. Sá það gerast með P&O og fleiri. Þá er líka hætt á að skipin verði kyrrsett.

Við höfum tvær leiðir í stöðunni. Ekkert af því sem við erum að vinna í er að ganga eftir á þessari stundu þó svo það hylli í lausn í lok vikunnar eða í byrjun þeirrar næstu.

1. Hringja í lánadrottna og semja um skuldir. Gengur ekki vegna markaðarins.

2. Losa um spennuna til 4 vikna með 3 milljónum EUR. Eina lausnin sem fær er.

[...]

- Containerships

- Sendum út gagntilboð í gær á 138 milljónir EUR
- Þeir voru ekki að taka gagntilboði heldur héldu sig við fyrra plan
- Höfum hafið óformlegar viðræður við DFDS Danmark og munum ræða við CS um hvort þeir vilji horfa fram hjá ákvæðum sem hindra þriðja aðila
- Eigum PUT option í Janúar á að kaupa þá út

- Daalimpex frystigeymslurnar

- Hittum í fyrrakvöld eigendur Klosterboer frystigeymslanna [Kloosterb2] and [Kloosterb4] Klosteboer
- Fengu sent (svo) Trúnaðarsamning frá okkur í gær sem við eigum von á í dag
- Munum senda þeim upplýsingar um reksturinn í dag
- Hugsanlegt söluandvirði 60-80 milljónir EUR

[...].⁷⁹¹

- Deginum á undan (3. júní 2008) hafði (E)forstj sent tölvupóst til bankastjóra Kaupþings banka. Þar rakti (E)forstj mörg sömu atriði og í drögunum að tölvupósti til bankastjóra Landsbankans.⁷⁹²

1466. Þessir tölvupóstar (E)forstj staðfesta mikla erfiðleika Eimskips á þessum tíma. Fram kemur einnig hjá (E)forstj að Eimskip átti í viðræðum við finnskan meðeiganda sinn í Containerships um að hann keypti hlut Eimskips. Einnig hefði Eimskip hafið viðræður við danskt skipafélag (DFDS) um sölu á sama hlut.⁷⁹³

1467. Vegna tilvísunar (E)forstj til dótturfélagsins Daalimpex ber að hafa í huga að á þessum tíma stóð yfir ólöglegt samráð Eimskips og Samskipa í frystigeymslurekstri í Hollandi. Sýna gögnin að (E)frkvstj-alþjsv reyndi í lok maí 2008 að útvíkka það samráð, sbr. kafla 7.5.1. Í kafla 5.6.2 kemur fram að Samskip keyptu á árinu 2005 hluta af rekstri fjölskyldufyrirtækisins Kloosterboer, m.a. frystigeymslur í Rotterdam og Ijmuiden í Hollandi. Ráku Samskip þessa starfsemi eftir kaupin undir nafni Kloosterboer. Kloosterboer fjölskyldufyrirtækið hélt hins vegar áfram rekstri á kæligeymslum fyrir

⁷⁹¹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.242319.

⁷⁹² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.241371.

⁷⁹³ Í maí 2009 keypti meðeigandinn hlut Eimskips. Í frétt RÚV 7. febrúar 2010 var rætt við [...] framkvæmdastjóra Containerships og segir m.a.: „Containership var frá september 2006 þar til í maí í fyrra að stærstum hluta í eigu Eimskipa hér á Íslandi. Finnskir eigendur keyptu aftur meirihluta í félaginu þegar Eimskip var endurskipulagt. Containership og Eimskip eru þó áfram í nánú samstarfi.“ Aðgengilegt á slóð: <http://www.ruv.is/frett/haettulegir-gamar-i-sjoinn>.



t.d. ávexti. Samkvæmt framangreindum tölvupóstum (E)forstj frá 3. og 4. júní 2008 átti Eimskip í viðræðum við fjölskylduna á þessum tíma. Sýna gögnin að þær viðræður hafi annars vegar tekið til samvinnu milli Daalimpex og fyrirtækis fjölskyldunnar og hins vegar til kaupa hennar á Daalimpex. Á sama tíma átti (S)forstj einnig í samskiptum við Kloosterboer fjölskylduna. Þessu er öllu lýst nánar í kafla 7.5.1.

1468. Gögn málsins sýna að (S)forstj var staddur erlendis dagana 3. og 4. júní 2008.⁷⁹⁴ Þaðan sendi hann ítrekað tölvupósta þar sem hann skipulagði vinnu við gerð „revised budget“ og gaf yfirstjórn Samskipa á Íslandi fyrirmæli. Rétt er að líta til þeirra í máli þessu:

1469. Þriðjudaginn 3. júní 2008 boðaði (S)forstj yfirstjórn Samskipa á fund fimmtudaginn 5. júní 2008 (á fundardegi var (S)forstj kominn aftur til landsins). Í fundarboðinu sagði (S)forstj við yfirstjórnina að á fundinum ætti að fara yfir „revised budget“.⁷⁹⁵

1470. Þann 4. júní 2008 fjallaði (S)forstj um „Revised budget“ í tölvupósti til (S)frkvstj-millilandasv (á nánast sama tíma og „Nýtt upphaf“ kemur fyrst fram í gögnum (E)forstj). Sýna gögn að ýmsir þættir sem voru til umræðu og skoðunar við endurskoðun á rekstraráætlun Samskipa fyrir árið 2008, sem nefnt var „Revised budget“, voru sambærilegir þeim verkefnum sem fram koma í „Nýtt upphaf“ verkefninu hjá Eimskip, fjórum dögum síðar.⁷⁹⁶

1471. Í áðurnefndum tölvupósti (S)forstj frá 4. júní 2008 gaf hann fyrirmæli til (S)frkvstj-millilandasv varðandi glærुकynningu sem var verið að undirbúa hjá Samskipum vegna „Revised budget“. Fyrirmæli (S)forstj í tölvupóstinum vísuðu til „fyrri umræðu“ hjá stjórnendum Samskipa um sjóflutninga, flutningamarkaðinn og mögulegt samstarf við Eimskip (keppinauta), sbr. eftirfarandi:

„Varðandi kynningu á revised budget fyrir shipping, tha er mikilvaegt ad fram komi summering a fyrri umraedum, th.e.:

—samantekt a kerfum okkar og markaðar, sem og vangaveltur um breytingar a kerfi keppinauta

—greining a okkar kerfi og uppreikn a nidurstodu sem stydur ad hagkvaemasta leidin long og short term er a keyra afram a obreyttu kerfi

—hugleidingar um hvort theoretically haegt a skera capacitet af markadi eda nyta a betri mata, th.e. med slot samningum milli okkar og keppinauta, svipað og US samstarf.

Ofangreint yrði inngangur og i framhaldi revised budget f shipping⁷⁹⁷

1472. Við skýrslutöku hjá lögreglu var (S)forstj spurður um þessi fyrirmæli hans til (S)frkvstj-millilandasv. Svaraði hann því til að þetta væru „vætanlega bara skipakerfispælingar“. Var (S)forstj þá spurður hvort þessi tölvupóstur hans hefði falið í sér undirbúning fyrir fund stjórnar Samskipa hf. eða fyrir fundinn með (E)forstj og (E)stjform sem haldinn var 6. júní 2008. (S)forstj kvaðst ekki vita það en bætti þessu við:

„... það er eins og það sé bara undirbúningur þarna fyrir hérna allavega að geta haft mynd á, á, á hérna kerf... kerfi og slíku.“

⁷⁹⁴ Í Bergen í Noregi. [...] flaug af landinu kl. 12:20 þann 03.06.2008 og lenti hér á landi kl. 22:50 þann 04.06.2008. Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.470178. Sbr. einnig afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.470771. Þar sagðist [...] vera erlendis þann dag.

⁷⁹⁵ Í tölvupósti [...] segir: „*gaetum vid tekid tima fra 1000 fimmtudag fram e degi I yfirferd revised budget.*“ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.470703.

⁷⁹⁶ Með þessu er ekki átt við að öll atriði sem féllu undir „revised budget“ hafi verið hluti af samráði félaganna. Hér er vísað til atriða sem komu bæði fram í „revised budget“ og „Nýju upphafi“, t.d. samráð í siglingum.

⁷⁹⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.470728.



1473. Aðspurður um ummælin í tölvupóstinum um „*slot samninga milli okkar og keppinauta*“ sagði (S)forstj að slíkt samstarf væri algengt en til þess að gera slíka samninga þyrfti leyfi frá samkeppnisyfirvöldum.⁷⁹⁸

1474. Við skýrslutöku hjá lögreglu var (S)frkvstj-millilandasv minntur á gögn frá Samskipum frá maí 2008 sem sýndu undirbúning á „*herferð*“ („*grænlenkir dagar*“) gegn Eimskip og var (S)frkvstj-millilandasv spurður hvað hann teldi að (S)forstj hafi átt við í ofangreindum tölvupósti frá 4. júní 2008:

HS Þá ætlum við að leggja fyrir þig skjal I/11.82, sem er tölvupóstur sem [(S)forstj] sendi þér 4. júní 2008. Þar byrjar hann á að tala um kynningu á revised budget fyrir shipping.

(S)frkvstj-millilandasv Mhm.

HS Geturðu sagt okkur frá því, hvaða kynning, fyrir hverjum á að kynna?

(S)frkvstj-millilandasv [les] Ee, nei, ég get ekkert sagt það út frá þessu fyrir hvað er verið að kynna en ég, mér fyndist alveg líklegt að þetta, þarna væri verið að reyna að [...] eða eitthvað þarna fyrir þennan stjórnarfund, sem var, átti hann ekki að vera sjötta?

HS Mhm, já. En þarna varðandi slot samningar milli okkar og keppinauta, svipað og US samstarf.

(S)frkvstj-millilandasv [les í hálfum hljóðum] Já, ég man, ég man ekki nákvæmlega hvað, hvað þetta var sko.

HS En hvað er þetta að segja þér, þú veist það sem hann er ...?

(S)frkvstj-millilandasv Það, þetta er bara ...

HS Útbjóst þú einhverja svona kynningu um þetta eða ...

(S)frkvstj-millilandasv Ee, ég hef, ...

HS ... fyrir þennan fund?

(S)frkvstj-millilandasv ... ég hef sjálfsagt gert það já.

HS Mm og hvaða, hvaða þæling er þetta með slot samninga, er hann, er þetta eitthvað sem hann er að spá í eða?

(S)frkvstj-millilandasv Mm, ég bara held ég sé ekkert að tjá mig um það, ég bara er ekki alveg, alveg hérna með það á hreinu sko.

HS Hefur eitthvað breyst þarna, nú voruð þið þarna rétt áður að fara í grænlenka gírin og ...

(S)frkvstj-millilandasv Mm.

HS ... ráðast á keppinautinn og svo kemur, er kominn nýr forstjóri og þá er farið að skoða bara samstarf hugsanlega að gera ...

(S)frkvstj-millilandasv Nei.

HS ... slot samninga?

(S)frkvstj-millilandasv Nei, ég held að ...

HS Ekkert sem breyttist?

(S)frkvstj-millilandasv Ég held að það hafi ekkert breyst þarna.

HS Nei, það breyttist samt úr því að þarna er verið að þæla í einhverju samstarfi, ekki stríði.

(S)frkvstj-millilandasv Ee, nei, ég er ekki sammála því.

⁷⁹⁸ Endurrit af skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 101-103.



HS Nei, áðan þegar við vorum að tala um revised budget, þá sagðir þú, já það er greinilegt að niðurstaðan hefur verið sú að þarna afsláttargírinn.

(S)frkvstj-millilandasv Já.

HS Þið eruð ennþá að vinna í revised budget og nú eru bara, er hann að stinga upp á þú setjir inn kynninguna allavega hugleiðingar um, um hérna theoretically hægt að skera út capacitet með því að það er með slot samningum milli okkar og keppinauta, svipað og US samstarf.

(S)frkvstj-millilandasv Já, já, ég sé ekkert theoretically að þarna annað útiloki hitt sko.

HS Nei, ókei en þið eruð að skoða bæði.

(S)frkvstj-millilandasv Ég ætla ekkert að fabúlera með það hvað nákvæmlega var, var verið að skoða þarna.

HS Þessi póstur er sendur 4. júní og er þessi, þessi stjórnarfundur þarna 6. júní.

(S)frkvstj-millilandasv Mhm.

HS Þannig að það er væntanlega þessi vinna í gangi fyrir, fyrir hann og þá þetta mögulega eitt af því sem er verið að skoða.

(S)frkvstj-millilandasv Mhm.

HS Tókst ykkur að setja þetta upp fyrir stjórnarfundinn eins og stefnt er að þarna?

(S)frkvstj-millilandasv Revised budget?

HS Já og ...

(S)frkvstj-millilandasv Ég man það ekki.

HS Er þetta til einhvers staðar, eitthvert afrit af þessu revised budget?

(S)frkvstj-millilandasv Ee, ég hef ekki hugmynd um það.

HS Hvar væri það þá að finna?

(S)frkvstj-millilandasv Ég myndi halda að þið væruð með það ef það væri til.

HS Getur verið að það hafi bara ekkert verið klárað?

(S)frkvstj-millilandasv Revised budget?

HS Já.

(S)frkvstj-millilandasv Ee, puff, ég er ekki viss um það, ég, ég bara hreinlega man það ekki en mér finnst það nú trúlegt að það hafi verið gert revised budget.

HS Ókei. Veistu hvort að þessi stjórnarfundur hafi verið haldinn?

(S)frkvstj-millilandasv Nei.

HS Veistu til þess að hann hafi ekki verið haldinn?

(S)frkvstj-millilandasv Nei.

HS Manstu eftir að hafa farið yfir þetta með stjórn, haldið kynningu um þetta efni?

(S)frkvstj-millilandasv Ég man það ekki.⁷⁹⁹

1475. Samkeppniseftirlitið áréttar að (S)forstj var forstjóri Samskipa og (S)frkvstj-millilandasv var framkvæmdastjóri sem bar ábyrgð á siglingakerfi og inn- og útflutningi fyrirtækisins. Er ekki trúverðugt að þeir hafi ekki getað skýrt efni umrædds tölvupósts (S)forstj. Vegna framburðar

⁷⁹⁹ Endurrit af skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 82-84.



(S)frkvstj-millilandasv er þó rétt að hafa í huga að ekki er útilokað að (S)frkvstj-millilandasv hafi þann 4. júní 2008 ekki vitað að til stæði að (S)forstj og (S)aðaleig-stjform-SH myndu hitta forstjóra og stjórnarformann Eimskips í hádeginu föstudaginn 6. júní 2008, sbr. umfjöllun hér á eftir í kafla 7.2.1.2 um tölvupóst sem (S)frkvstj-millilandasv sendi (S)forstj kl. 22:57 þann 5. júní 2008. Enginn vafi er hins á því að a.m.k. eftir umræddan fund var (S)frkvstj-millilandasv kunnugt um samráðið við Eimskip og tók ríkan þátt í því. Er þessu lýst með ítarlegum hætti í köflunum hér á eftir.

1476. Hefur hér þýðingu að (S)forstj vísaði í umræddum tölvupósti frá 4. júní 2008 til þess að til skoðunar væru leiðir til breytinga á siglingakerfum á markaðnum í heild sinni. Samskip voru þannig ekki að skoða og ræða eingöngu til hvaða aðgerða fyrirtækið eitt gæti gripið heldur voru til skoðunar aðgerðir sem bæði Eimskip og Samskip í sameiningu myndu grípa til á „markaði“.
1477. Ef fyrirmæli (S)forstj til (S)frkvstj-millilandasv í áður nefndum tölvupósti 4. júní 2008 eru skoðuð nánar má sjá að (S)forstj boðaði að mikilvægt væri að kynningin, sem (S)frkvstj-millilandasv vann að, hefði að geyma „summeringu“ á „fyrri umræðu“ tengdri m.a. hugleiðingum um það hvort „therotically“ væri hægt að fara tvær leiðir varðandi sjóflutningsmarkaðinn hér á landi:
- takmarka flutningsgetu á markaðnum (sem sagt ekki eingöngu skoða takmörkun í skipakerfi Samskipa heldur „skera kapacitet af markadi“ í heild sinni)
- „eða“
- nýta flutningamagn á markaðnum á betri máta (allur markaðurinn undir), þ.e. með því að taka upp samskonar samstarf við Eimskip í flutningum til og frá Evrópu og var fyrir hendi í Norður-Ameríku flutningunum.
1478. Þótt (S)forstj hafi í tölvupóstinum 4. júní 2008 vísað til fyrri umræðu um framangreindar „hugleiðingar“, sem ætti fræðilega að skoða, þá er ljóst að úr varð að Eimskip og Samskip ynnu í framhaldinu að báðum umræddum atriðum. Varð þetta þannig hluti af víðtæku samráði fyrirtækjanna sem hófst eftir fund fyrirtækjanna 6. júní 2008 (tveimur dögum eftir umrædd fyrirmæli (S)forstj). Líkt og rakið er hér á eftir urðu bæði þessi atriði nokkrum sólarhringum síðar hluti af samráði fyrirtækjanna, sbr. umfjöllun hér á eftir um glærुकyninguna um „Verkefnið Nýtt upphaf“ sem (E)frkvstj-alþjsv vistaði sunnudaginn 8. júní 2008 og (E)forstj daginn eftir.
1479. Undirstrika ber í þessu sambandi að bæði framangreind atriði áttu síðan eftir að raungerast á seinni hluta árs 2008, þegar fyrirtækin áttu ólögmett samráð um m.a. breytingu á siglingakerfum og takmörkun á flutningsgetu. Þessu ástandi viðhéldu fyrirtækin í rúm fjögur ár. Er þetta viðurkennt í sátt Eimskips og Samkeppniseftirlitsins.
1480. Rifja ber upp að tveimur dögum áður en (S)forstj gaf (S)frkvstj-millilandasv fyrrnefnd fyrirmæli eða 2. júní 2008 var siglingakerfi Eimskips til umræðu á fundi framkvæmdastjórnar fyrirtækisins. Í fundargerð frá fundinum kemur fram að (E)frkvstj-flutnkerf væri með siglingakerfi fyrirtækisins í flutningum til og frá Evrópu til endurskoðunar. Á sama tíma var ákveðið innan Eimskips að m.a. umræddur (E)frkvstj-flutnkerf myndi hafa aðkomu að samskiptum við Samskip, sbr. umfjöllun hér að framan. Það átti eftir að raungerast en eins og áður segir var (E)frkvstj-flutnkerf síðan í samskiptum við yfirmann siglingakerfis Samskipa ((S)frkvstj-millilandasv) í kjölfarið, sbr. kafla 8-10 hér á eftir.
1481. Heildarmat á framangreindu leiðir til þess að telja verður að umræddur tölvupóstur (S)forstj, dags. 4. júní 2008, hafi verið liður í undirbúningi fyrir fundinn með Eimskip 6. júní 2008. Verður að telja að áðurgreint svar (S)forstj við skýrslutöku hjá lögreglu styðji það, en þar sagði hann tilgang umrædds tölvupósts til (S)frkvstj-millilandasv hafa verið „... það er eins og það sé bara undirbúningur þarna fyrir hérna allavega að geta haft mynd á, á, á hérna kerf... kerfi og slíku.“ Það er ekki sennilegt eða rökrétt að þessi greining hafi verið til undirbúnings (S)forstj fyrir stjórnarfund á þessum tíma heldur liggur beint við að greiningin hafi verið til undirbúnings hans fyrir fyrirhugaðan fundi með



Eimskip þann 6. júní 2008. Þar að auki var ekki haldinn formlegur stjórnarfundur Samskipa hf. þennan dag, sbr. nánar hér á eftir.

1482. Líkt og fyrr greinir sátu (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv fund framkvæmdastjórnar Samskipa hf. 28. maí 2008. Samkvæmt fundargerð frá þeim fundi kom fram að vinnu við „strategíu“ Samskipa ætti að vera lokið eigi síðar en 6. júní 2008. Var þetta hluti af þeirri vinnu sem tengdist framangreindu „revised budget“ hjá Samskipum. Telur Samkeppniseftirlitið að í þessu hafi falist að Samskip ætluðu á þessu tímamarki að taka afstöðu til þess hvort samvinnuleiðin eða samkeppnisleiðin yrði valin. Umræddur tölvupóstur (S)forstj til (S)frkvstj-millilandasv frá 4. júní 2008 og glæurnar sem (E)forstj og (E)frkvstj-alþjsv sömdu eftir fundinn 6. júní 2008 fela í sér órækar vísbendingar um að samvinnuleiðin var valin. Önnur gögn staðfesta þetta eins og fram kemur í eftirfarandi umfjöllun.
1483. Samskip fjalla um framangreindan tölvupóst (S)forstj frá 4. júní 2008 í mgr. 548 og 640 – 644 í athugasemdum við AI. Mótmælir fyrirtækið því að tölvupóstur (S)forstj tengist fundinum með Eimskip 6. júní 2008 eða samráði við Eimskip að öðru leyti. Samkeppniseftirlitið getur ekki fallist á þetta, sbr. umfjöllun í kafla 25.5.4.
1484. Fimmtudagurinn 5. júní 2008 var viðburðaríkur. Er rétt að gera grein fyrir mikilvægum atvikum þann dag.

7.2.1.2. Fimmtudagurinn 5. júní 2008

1485. Dagbók (E)forstj er birt í kafla 7.2.2 hér á eftir. Samkvæmt henni átti (E)forstj fund um „samkeppnismál“ kl. 10:30 þennan dag. Klukkan 13:30 var bókaður fundur (E)forstj og (E)frkvstj-alþjsv. Heiti eða tilgangi þessa fundar er ekki lýst í dagbókinni. Eins og áður sagði kom eftirfarandi fram á verkefnalista (E)forstj:

104	June 5th	Nýtt Upphaf	
-----	----------	-------------	--

1486. Þegar þetta er virt í samhengi við m.a. „Nýtt upphaf“ glærुकynningu (E)frkvstj-alþjsv frá sunnudeginum 8. júní 2008⁸⁰⁰ telur Samkeppniseftirlitið líklegt að þessi fundur (E)forstj og (E)frkvstj-alþjsv hafi verið a.m.k. hluti af undirbúningi fyrir fundinn með Samskipum daginn eftir.
1487. Eins og áður sagði var fundur hjá yfirstjórn Samskipa hf. 5. júní 2008 kl. 10 þar sem ræða átti „revised budget“. Eftir hádegi gaf (S)forstj fyrirmæli um að yfirstjórnin skyldi áfram funda og fara yfir „revised budget“ frá kl. 14:30. Þannig sendi (S)forstj tölvupóst 5. júní 2008 kl. 12:09 til yfirstjórnar og sagði: „Tokum allir fra eftir hadegi fra 1430 I yfirferd revised“.⁸⁰¹ Sýna gögnin þannig að æðstu stjórnendur Samskipa hf. áttu, að undirlagi (S)forstj, langan fund 5. júní 2008 vegna „revised budget“. Áður nefnd gögn sýna að þar féll undir mögulegt víðtækt samráð við Eimskip.
1488. Kl. 16:00 – 17:00 þennan dag sat (E)forstj svonefndan „corporate office“ fund. Fundargerð sýnir að á þeim fundi var rætt um samstarf við Samskip: „Eimskip sagði upp samningi um USA flutninga við Samskip sl. föstudag með 3ja mánaða fyrirvara með opinni leið til að semja að nýju á eðlilegum forsendum.“⁸⁰²
1489. Kl. 17:06 þennan dag sendi aðstoðarmaður (S)aðaleig-stjform-SH tölvupóst til starfsmanns Kjalar með heitinu „Stjórnarfundarherbergið fyrir [(S)aðaleig-stjform-SH]“. Bað aðstoðarmaðurinn

⁸⁰⁰ Lýst í kafla 7.3 hér á eftir.

⁸⁰¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.471118. [...] svaraði og upplýsti að hann kæmist ekki því hann yrði á fundi með SKE (Samkeppniseftirlitinu). Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.471123. Rétt er að geta þess að sá fundur var haldinn í húsakynnum Samkeppniseftirlitsins og varðaði kvörtun Samskipa vegna meintrar misnotkunar Eimskips á markaðsráðandi stöðu skv. 11. gr. samkeppnislaga. Það erindi varðaði háttsemi Eimskips á tímabilinu 2007 til mars 2008.

⁸⁰² Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.88565.



starfsmanninn um að undirbúa fundarherbergið fyrir (S)aðaleig-stjform-SH vegna fundar daginn eftir. Kom þetta einnig fram:

„Fundurinn byrjar kl. 12:00

Það verða 4 á fundinum

Ég er búinn að panta brauð frá Jómfrúnni og það verður sent á Suðurlandsbraut kl. 11:30.

Getur þú lagt á borð fyrir hádegisverðarfund, brauðdiska, hnífapör, servíettur, drykki, kaffi og allt það og sett svo brauð á fat og inn til þeirra.”⁸⁰³

1490. Hér var um að ræða undirbúning fyrir áðurnefndan fund (S)aðaleig-stjform-SH og (S)forstj með (E)stjform og (E)forstj, sbr. nánar kafla 7.2.2 og áfram.
1491. Klukkan 17:46 sendi (S)frkvstj-fjárm, fjármálastjóri Samskipa á Íslandi, tölvupóst til (S)forstö-landfl, og afrit til (S)frkvstj-innanl og (S)rekststj-landfl2.⁸⁰⁴ Þar kemur fram: „Til að hægt sé að steypa öllum áætlunum saman fyrir maí-desember því verð ég að fá frá þér þær deildir sem á vantar til að sjá heildarmyndina. ... Vinsamlegast sendu þetta á mig og (S)rekststj-landfl2 með sömu framsetningu og það sem þegar er komið, þyrftum að fá þetta í kvöld, því þetta er til kynningar fyrir stjórnarfund á hádegi á morgun og (S)rekststj-landfl2 þarf að koma þessu öllu saman fyrir þann tíma.”⁸⁰⁵
1492. Enginn stjórnarfundur var bókaður hjá Samskipum hf. í hádeginu 6. júní 2008. Gefur þetta til kynna að undirmönnum (S)forstj hafi ekki verið sagt frá því að þessi undirbúningur tengdist fundi með Eimskip í hádeginu 6. júní 2008.
1493. Klukkan 19:44 sendi (S)aðaleig-stjform-SH tölvupóst til (S)stjform-S. Í honum sagði (S)aðaleig-stjform-SH; „ég kem til Íslands á morgun vegna fundar kl. 12:00 að Suðurlandsbraut”. (S)aðaleig-stjform-SH kom því til Íslands gagnert til að sitja fundinn með Eimskip.⁸⁰⁶
1494. Klukkan 19:58 sendi (S)frkvstj-fjárm tölvupóst til (S)rekststj-landfl2 (sem átti að taka öll gögn saman og útbúa eina „heild”). Þar áréttaði (S)frkvstj-fjárm nauðsyn þess að fá umrædd gögn fyrir hádegi daginn eftir: „Það er stjórnarfundur á hádegi á morgun, þannig að þetta þarf að vera klárt þá, þú mátt senda þetta á mig og [(S)forstj] þegar þetta er klárt. ...”⁸⁰⁷ Var hér aftur ranglega vísað til stjórnarfundar í hádeginu daginn eftir. Í hádeginu 6. júní 2008 var fundur með Eimskip.
1495. Klukkan 22:33 sendi (S)aðaleig-stjform-SH tölvupóst til (S)forstj. Meðfylgjandi honum var skýrsla frá fyrirtæki (S)aðaleig-stjform-SH (Egla) um mögulega samvinnu Samskipa við dótturfélag Eimskips, Containerships.⁸⁰⁸ Hafði (S)aðaleig-stjform-SH fengið þessa skýrslu senda frá starfsmanni Eglu nokkrum mínútum á undan. Var þetta sami starfsmaður Eglu og hafði unnið aðra skýrslu fyrir (S)aðaleig-stjform-SH um samstarf Samskipa við Eimskip. Þá skýrslu hafði þessi starfsmaður Eglu sent (S)stjform-S 12. maí 2008 og í henni var lýst m.a. miklum ábata af mögulegu auknu samstarfi Samskipa við Eimskip í siglingum til og frá Íslandi. Greindi starfsmaður Eglu (S)stjform-S frá því að (S)aðaleig-stjform-SH hafi falið honum að taka Containerships næst til skoðunar, sbr. kafla 6.7.5 hér að framan. Var þessi skýrsla Eglu frá 5. júní 2008 augljóslega afurð þeirrar vinnu. Í skýrslunni var þetta dótturfélag Eimskip sagt vera: „The most valuable part of Eimskip from Samskip’s point of view-routes complement our network.” Einnig sagði:

⁸⁰³ Afhentur tölvupóstur frá Héraðssaksóknara dags. 04.01.2018. [...] Doc. ID. 0.7.321.220164.

⁸⁰⁴ Með netfang hjá Samskipum. Hann var á hinn bóginn ekki á afhentum starfsmannalista Samskipa. Afhent skjöl frá Samskipum dags. 10.04.2015 (fskj. 2 „Starfsmannalisti”).

⁸⁰⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...]

⁸⁰⁶ Afhentur tölvupóstur frá Héraðssaksóknara. [...] Doc. ID. 0.7.321.32532.

⁸⁰⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...]

⁸⁰⁸ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc ID. 0.7.33.471421.



„Cooperation with Containerships could replace the small 360 TEU´s with two 500 or even 700 TEU ships (better designed for 45' and faster). Either we or they would run the ships.“

1496. Var þannig rætt um að með þessari samvinnu við Containerships væri unnt að fækka skipum og annaðhvort myndu Eimskip eða Samskip gera út viðkomandi skip. Samhengisins vegna er rétt að taka hér fram að fjallað var um samstarf Samskipa og Containerships í „Nýtt upphaf“ glærukynningunni sem (E)frkvstj-alþjv og (E)forstj vistuðu 8. og 9. júní 2009, sbr. kafla 7.3 og 7.5.2.
1497. Klukkan 22:46 þennan sama fimmtudag sendi (S)forstj tölvupóst til (S)frkvstj-fjárm og (S)rekststj-landfl2 og spurði hvort það væri búið „að draga saman tölur í revised budget, þe í heild?“⁸⁰⁹
1498. Klukkan 22:47 sama kvöld sendi (S)forstj tölvupóst á (S)frkvstj-innanl og spurði hvort það væri komin mynd á „revised kynningu“.⁸¹⁰ (S)frkvstj-innanl svaraði stuttu síðar og sagði þetta í vinnslu en yrði klárt í fyrramálið. (S)forstj brást við tveimur mínútum síðar í tölvupósti og sagði: „[(S)frkvstj-innanl], ætlaðu nú að ganga að mér dauðum..... hjartað bara þolir ekki þetta last minute lengur....“.⁸¹¹
1499. Klukkan 22:52 sendi (S)stjform-S tölvupóst til (S)aðaleig-stjform-SH. Í honum sagði: „Varðandi viðræður við Eimskip vill ég vara við því að Samskip ráðist í frekari fjárfestingar s.s. Containerships. Það er mitt mat að Samskip hafi ekki stjórnunarlega burði til að ráðast í frekari slíkar fjárfestingar. Fjárfesting Kjalars í Samskip og tengdum eignum er nú eftirfarandi:
- hlutabréf 10,8 mia
- skuldabréf og kröfur 2,2 mia
- Samskipaeignir hérlendis 9,0 mia
- Samskipaeignir erlendis 4,6 mia
- Samtals 26,6 mia
- Við eigum því mikið undir að okkur takist að komast í gegnum skaflinn.“⁸¹²
1500. Hér skal rifjað upp að (S)stjform-S var framkvæmdastjóri Kjalars og sat í stjórn Samskipa hf. og Samskipa Holding.⁸¹³ Var hann án efa einn nánasti samstarfsmaður (S)aðaleig-stjform-SH. (S)stjform-S hafði fyrr á árinu tekið þátt í stjórnarfundum hjá Samskipum hf. þar sem rætt var um aukið samstarf með Eimskip, sbr. umfjöllun hér að framan um fundargerðir frá stjórnarfundum Samskipa hf. á fyrrihluta árs 2008. Samkvæmt þessum tölvupósti bjó (S)stjform-S yfir vitneskju um fyrirhugaðan fund (S)aðaleig-stjform-SH með Eimskip og lagði áherslu á að þessi samskipti við Eimskip mættu ekki leiða til kaupa á eignum Eimskips eins og Containerships. Eins og eftirfarandi umfjöllun mun sýna var ekki um það að ræða að Samskip keyptu eignir af Eimskip heldur gengu samskipti fyrirtækjanna út á samstarf í grundvallarþáttum í starfsemi þeirra.
1501. Kl. 22:57 sendi (S)frkvstj-millilandasv tölvupóst til (S)forstj, (afrit til (S)forstö-innfl1). Í honum sagði: „Mér sýnist að heildarmagnáætlun síðari hluta árs (maí - des) verði ca. á pari við upprunalega áætlun ef við tökum tillit til magns sem fer út/inn vegna tapað/nýtt á árinu og ef við tökum mið af

⁸⁰⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.471414.

⁸¹⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.471508. [...] sendir meðfylgjandi glærukynningu „stjorn 06.06.2008“ um endurskoðun áætlunar í landflutningum en segir: „Þetta er komið, þarf að compile saman verður klárt síðar í kvöld eða fyrramálið.“ Heiti kynningarinnar gefur til kynna að [...] sé í trú um að undirbúa stjórnarfund daginn eftir.

⁸¹¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.471582. Gögnin berast svo frá landflutningum ([...]) til [...] að morgni 06.06.2008, kl. 07:52. Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...]

⁸¹² Afhentur tölvupóstur frá embætti héraðssaksóknara. [...] Doc. ID. 0.7.321.73805.

⁸¹³ Einnig sat hann fyrir hönd félags [...] stjórn í Kaupþings banka á þessum tíma.



því sem við ætlum að sækja frá AS⁸¹⁴ og EÍ⁸¹⁵ sbr. markaðssóknina. Almenni samdrátturinn vegna minnkandi innflutnings (veiking krónunnar og efnahagsástandið almennt) er áætlað 30 þ tonn. Nettó minnkun vegna tapað/nýtt eru 12 þ tonn til viðbótar og markaðssóknin áætl. 41 þ tonna aukning, þ.e. nettó áhrif á magn $-30-12+41 = -1$ þ tonn.

Bætti við töflu í áætlunarskjalið sbr. neðangreint - ræðum þetta í fyrramálið⁸¹⁶

1502. (S)forstj svaraði þessum tölvupósti (S)frkvstj-millilandasv kl. 23:03 og hljóðaði svar hans svo: „er að skoða, er 41 þús tonninn ekki miðað við magn á ársgrundvelli? ætti væntanlega að vera ca 40% af þessari tölu, þe mv 202 mkr af 540 mkr heildar veltu...“.⁸¹⁷
1503. Ofangreindur tölvupóstur (S)frkvstj-millilandasv gefur til kynna að hann hafi á þessum tímapunkti enn talið samkeppnisleiðina koma til álita sem hluti af viðbrögðum Samskipa við fyrirhuguðum samdrætti í innflutningi, sbr. umfjöllun hér að framan í kafla 6.7.6 um „grænenska daga“ og „herferð“ Samskipa gegn Eimskip. Gerði (S)frkvstj-millilandasv ráð fyrir að markaðssókn myndi vinna upp samdrátt í innflutningi vegna efnahagsástandsins í landinu og þegar tapaðra/nýrra viðskipta (nettó). Markaðssókn sem nemur 41 þús. tonnum er umtalsverður árangur í samkeppni, þó á ársgrundvelli sé, hafandi í huga að (S)frkvstj-millilandasv gerði ráð fyrir 306 þús. tonna innflutningi allt árið 2008. Ekki er unnt að útiloka að (S)frkvstj-millilandasv hafi á þessum tímapunkti ekki vitað um fundinn sem halda átti með Eimskip daginn eftir enda var í framangreindum gögnum rætt um stjórnarfund Samskipa hf. í hádeginu 6. júní 2008 en slíkur fundur var í raun ekki á dagskrá heldur e.k. fámennur leynifundur æðstu stjórnenda Samskipa og Eimskips. Eftirfarandi tölvupóstur (S)forstj, sem hann sendi kl. 23:34, styður þetta en þar vísar (S)forstj aðeins til fundar sem hann geti ekki breytt. Hvað sem þessu líður sýnir framangreint gagn (S)frkvstj-millilandasv hvað hefði getað falist í samkeppnisleiðinni. Með aukinni samkeppni hefðu Samskip a.m.k. getað reynt að verja stöðu sína í innflutningi og viðskiptavinir og samfélagið allt notið góðs af samkeppni milli Samskipa og Eimskips á markaði. Gögn málsins sýna hins vegar að Samskip völdu samvinnuleiðina og áttu í ólögætu samráði við Eimskip, sbr. umfjöllun hér á eftir.
1504. Kl. 23:09 og 23:11 sendi (S)forstj tölvupósta til (S)frkvstj-millilandasv og (S)frkvstj-innanl og bað þá um að hitta hann í „fyrirmálið“ og fara í gegnum „revised“.⁸¹⁸
1505. Kl. 23:34 sendi (S)forstj aftur tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv til þess að skipuleggja fund þeirra tveggja: „ég er bókaður á fund sem ég get ekki breytt kl. 12-14 og þá tekur stjórnarfundur við, getum við hist kl. 08:00 í fyrramálið og farið yfir.“

Athugasemdir:

-er komin samantekt á siglingakerfi

-er revised magn jafnt budgeted magn fyrir seinni hlutann sbr. fyrri email

-á hugavert að ná næmni á magnbreytingu, þe ef magn eykst / minnkar um 1%“.⁸¹⁹

⁸¹⁴ Atlantsskip.

⁸¹⁵ Eimskip.

⁸¹⁶ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.471433/0.7.33.471446. [...] svarar kl. 23:28: „jú miðað við magn á árs grundvelli. Við þurfum að hafa flutningsgetuna klára fyrir þetta magn frá degi 1. þ.e. frá því magnið kemur fyrst inn í okkar kerfi. Eiginlega betra að hugsa þetta allt í flutningsgetu pr. viku en það kemur út á eitt.“. Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.471535.

⁸¹⁷ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.471433 / 0.7.33.471446. [...] svarar kl. 23:28: „jú miðað við magn á árs grundvelli. Við þurfum að hafa flutningsgetuna klára fyrir þetta magn frá degi 1. þ.e. frá því magnið kemur fyrst inn í okkar kerfi. Eiginlega betra að hugsa þetta allt í flutningsgetu pr. viku en það kemur út á eitt.“. Doc. ID. 0.7.33.471535.

⁸¹⁸ Nánar verður fjallað um síðar í ákvörðun þessari að hluti af því sem Samskip nefndi „revised budget“ tengist samráði við Eimskip. Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.471456.

⁸¹⁹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.471547/0.7.33.471620.



1506. Kl. 23:40 fékk (S)forstj tölvupóst frá (S)frkvstj-fjárm, sem hafði verið að taka saman umbeðnar upplýsingar fyrir hann.⁸²⁰
1507. Í mgr. 549 – 550 í athugasemdum Samskipa við AI er því haldið fram að framangreind gögn fyrirtækisins frá 5. júní 2008 varði aðeins stjórnarfund Samskipa hf. sem áætlaður hafi verið deginum á eftir. Gögnin tengist alls ekki fundinum með Eimskip sama dag. Samkeppniseftirlitið getur ekki fallist á þessi sjónarmið Samskipa, sbr. nánari umfjöllun í kafla 25.5.4.

7.2.2. Fundur á Suðurlandsbraut 18 kl. 12:00 þann 6. júní 2008

1508. Sem fyrr segir bókaði ritari (S)aðaleig-stjform-SH fund og veitingar fyrir fjóra í húsakynnum Kjalars að Suðurlandsbraut kl. 12:00 þann 6. júní 2008. Tölvudagbók (E)forstj fyrir vikuna 2. – 6 júní 2008 leit svo út:⁸²¹


MONDAY	TUESDAY	WEDNESDAY	THURSDAY	FRIDAY
2	3	4	5	6
8 AM				
9	UBS - [redacted] og [redacted] Stjórnarfundarherbergi EIMSKIP	Updated: Fundur um marðaksö og kynningarmál. hjá [redacted]	Fundur með Landsbankanum [redacted] office	
10		Kveðjukaffi fyrir [redacted]	Samkeppnismál [redacted] office	
1	Fundur með Containership; [redacted]			Fundur m stjórnarformanni [redacted]
2 PM	[redacted] office	LOGOS	[redacted] / [redacted] office; [redacted]	Koma við hjá [redacted] Nathan og Ólser [redacted] office
3	Fundur vegna skipulagsmála hjá [redacted]	Simafundur með Brer [redacted]	Corporate office fundur Stjórnarfundarherbergi [redacted]	
4	Klosterboer - Dinner	Haskóli Íslands - nýbygging fyrir [redacted]	Shipping / logistics executive board [redacted] office	
5	Updated: Business Structure; [redacted]			

1509. Tölvudagbókin sýnir þannig að (E)forstj og (E)stjform áttu fund frá 12:00 til 14:00 þann 6. júní 2008. Ljóst er að þessi fundur var ekki haldinn hjá Eimskip. Þetta sést m.a. af því að skv. dagbókinni átti að „koma við“ hjá fyrirtækinu Nathan & Ólsen á leið á annan fund (E)forstj og (E)stjform. Þann fund átti að halda á skrifstofu (E)forstj og á hann var einnig boðaður framkvæmdastjóri samskiptasviðs Eimskips. Er þetta í samræmi við framangreindar upplýsingar um að umræddur fundur Eimskips og Samskipa hafi verið haldinn á skrifstofu Kjalars á Suðurlandsbraut 18. Framburðir (E)forstj og (S)forstj við skýrslutökur hjá lögreglu staðfesta þetta einnig.
1510. Tölvudagbók (S)forstj fyrir vikuna 2. – 6 júní 2008 leit svona út:⁸²²

⁸²⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.471617.

⁸²¹ Afrituð dagbók hjá Eimskip. Dagbók [...] 02.-06.06.2008.

⁸²² Afritaðar dagbókarfærslur frá Samskipum. Dagbók [...] 02.-06.06.2008.



1511. Í framangreindri dagbók (S)forstj má sjá að föstudaginn 6. júní 2008 hafi ekki verið bókaður fundur fyrr en kl. 14. Í framangreindum tölvupósti (S)forstj til (S)frkvstj-millilandasv, sem hann sendi kl. 23:34 þann 5. júní 2008, kom hins vegar fram að hann væri bókaður á fund sem hann „gæti ekki breytt“ þennan dag milli 12:00 og 14:00. Þá sýnir afritað tölvupósthólf (S)forstj að hann sendi ekki tölvupósta milli kl. 11:39-14:39 þennan dag, eða rúmlega þann tíma sem fundurinn var bókaður í dagbók (E)forstj.
1512. Bæði Eimskip og Samskip hafa upplýst við rannsókn málsins að (S)aðaleig-stjform-SH, (S)forstj, (E)stjform og (E)forstj hafi hist á fundi. Það hafa (E)forstj og (S)forstj staðfest við skýrslutöku hjá lögreglu. Er þessu lýst nánar hér á eftir.
1513. Þegar allt framangreint er virt saman er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að fundur umræddra æðstu stjórnenda Eimskips og Samskipa hafi átt sér stað á milli 12:00 og 14:00 föstudaginn 6. júní 2008.
1514. Eins og ítarlega verður rökstutt hér á eftir telur Samkeppniseftirlitið að á þessum fundi hafi Samskip og Eimskip ákveðið að hringa í framkvæmd verkefni þar sem fyrirtækin saman myndu kanna ábata af auknu samráði þeirra á milli. Samskip mótmæla þessu. Er staðhæft að á fundinum hafi aðeins verið rætt um möguleg kaup Samskipa á tilteknum eignum Eimskips en að þær viðræður hafi engum árangri skilað. Ekkert ólögmaett hafi átt sér stað á fundinum. Eins og rökstutt er m.a. í kafla 25.5.7 getur Samkeppniseftirlitið ekki fallist á þessi sjónarmið Samskipa.
1515. Sjá má af dagbók (S)forstj að hann var bókaður á „Stjórnarfund Samskipa hf.“ strax eftir fundinn með Eimskip, þ.e. á milli kl. 14:00 og 16:00. (S)aðaleig-stjform-SH var einnig boðaður á stjórnarfundinn ásamt (S)stjform-S, (S)stjórnarm-fjármstj og (S)frkvstj-fjárm. Við rannsókn málsins óskaði Samkeppniseftirlitið eftir afhendingu fundargerða af fundum stjórnar Samskipa hf. Samskip afhentu ekki fundargerð af umræddum fundi 6. júní 2008.⁸²³ Af öðrum afhentum stjórnarfundargerðum ársins 2008 má ráða að ekki hafi verið haldinn formlegur stjórnarfundur þennan dag. Í afhentri fundargerð Samskipa hf. frá 16. maí 2008 kemur þannig fram að um væri að ræða fjórða fund stjórnar Samskipa hf. á árinu 2008. Næsti fundur, *sá fimmti*, var haldinn 7. júlí 2008.⁸²⁴
1516. Auk þess að sitja í stjórn Samskipa hf. og Samskipa Holding var (S)stjform-S framkvæmdastjóri Kjalars og fundurinn 6. júní 2008 með Eimskip var haldinn í húsakynnum Kjalars. Eins og áður sagði

⁸²³ Sjá hér gagnaafhendingu Samskipa frá 22.11.2016 (viðauki 6).

⁸²⁴ Eru þessi afhentu gögn í samræmi við skoðun Samkeppniseftirlitsins á fundargerðum stjórnar á afrituðu sameiginlegu tölvudrifi Samskipa (Deildir\yfirstjórn\ Stjórnarfundir\2008).



vissi (S)stjform-S af fundinum með Eimskip (sbr. tölvupóst hans frá 5. júní 2008) og hafði fengið þann 12. maí 2008 í hendur skýrslu sem Egla vann fyrir (S)aðaleig-stjform-SH og sýndi m.a. mikinn ábata af samráði Eimskips og Samskipa í siglingum til og frá Íslandi. Sem fyrr segir hafði ýmsum undirmönnum (S)forstj verið ranglega greint frá því að fundurinn kl. 12:00 væri stjórnarfundur Samskipa hf. Þá ber að horfa til þess að samkvæmt afhentum fundargerðum stjórnar Samskipa hf. var (S)aðaleig-stjform-SH fjarverandi á öllum formlegum stjórnarfundum á árinu 2008. Í þessu tilviki var (S)aðaleig-stjform-SH hins vegar kominn til Íslands gagnert til að hitta Eimskip. Þegar fundinum með Eimskip lauk voru því staddir á skrifstofu Kjalars (S)forstj og a.m.k. tveir stjórnarmenn í Samskipum hf. ((S)aðaleig-stjform-SH og (S)stjform-S) og var fundur í stjórn Samskipa hf. bókaður kl. 14:00 þann dag. Engin gögn hafa fundist eða verið lögð fram sem sýna að fundurinn kl. 14:00 hafi verið afboðaður.

1517. Hafa ber í huga að aukið samstarf við Eimskip hafði verið rætt á vettvangi stjórnar Samskipa hf. á fyrri hluta árs 2008, sbr. umfjöllun í kafla 6.7.3.2 hér að framan um stjórnarfundargerð frá 4. apríl 2008. Sýna gögn málsins að í apríl og maí 2008 skoðaði (S)aðaleig-stjform-SH Eimskip ítarlega, sbr. umfjöllun hér að framan um m.a. tölvupóst 10. apríl 2008 frá (S)forstj til (S)aðaleig-stjform-SH „CTG Eimskip“, tölvupóst starfsm-Egla til (S)stjform-S frá 18. apríl 2008 („Eimskip Analysis – (S)aðaleig-stjform-SH has asked me to a more detailed analysis of eimskip which I will do over the next two weeks“) og skýrslur Eglu fyrir (S)aðaleig-stjform-SH frá 12. maí og 5. júní 2008.
1518. Af þessu verður dregin sú ályktun að eftir fundinn með Eimskip hafi stjórn Samskipa hf. (a.m.k. (S)aðaleig-stjform-SH og (S)stjform-S) og (S)forstj átt óformlegan fund þar sem engin fundargerð var haldin. Eru allar líkur til þess að á þeim fundi hafi a.m.k. verið fjallað um niðurstöðu fundarins með Eimskip. Þessu til frekari stuðnings ber að horfa til þess að (S)aðaleig-stjform-SH fundaði aftur með (E)stjform 25. júlí 2008. Sá fundur var aftur haldinn í húsakynnum fjárfestingarfyrirtækis (S)aðaleig-stjform-SH sem (S)stjform-S stýrði, þ.e. Kjalars. Sama morgun og sá fundur var haldinn átti (S)stjform-S fund með (S)aðaleig-stjform-SH vegna „New beginning“, sbr. kafla 8.13.2. Eins og lýst verður í næsta kafla var samráðið nefnt í gögnum Eimskips: Verkefnið „Nýtt upphaf“.
1519. Sem áður segir staðfesta Samskip í athugasemdum við AI að (S)aðaleig-stjform-SH, (S)forstj, (E)stjform og (E)forstj hafi fundað 6. júní 2008. Telja Samskip hins vegar að Samkeppniseftirlitið dragi rangar ályktanir af því sem fram fór á fundinum og hvað hafi gerst eftir hann. Í mgr. 551 í athugasemdum Samskipa við AI heldur fyrirtækið því fram að stjórnarfundur Samskipa hf. hafi ekki verið haldinn 6. júní 2008 og heldur ekki óformlegur fundur til að ræða um niðurstöðu fundarins með Eimskip. Eins og rökstutt er í kafla 25.5 getur Samkeppniseftirlitið ekki fallist á þessi sjónarmið Samskipa.
1520. Næst er að líta til atvika sem áttu sér stað sunnudaginn 8. júní 2008 og vinnuvikuna þar á eftir. Þar á eftir verður vikið að skýringum á þeim atvikum sem m.a. viðkomandi stjórnendur Eimskips og Samskipa hafa sett fram.

7.3. „Verkefnið Nýtt upphaf“

1521. Rétt rúmum tveimur sólarhringum eftir fund (S)aðaleig-stjform-SH, (S)forstj, (E)forstj og (E)stjform eða sunnudaginn 8. júní 2008 vistaði (E)frkvstj-alþjv (kl. 14:59) hjá sér glærुकyningu sem hann gaf heitið „verkefnið samstarf“.⁸²⁵
1522. (E)frkvstj-alþjv vistaði aftur glærुकyninguna á heimasvæði sínu um kvöldið 8. júní 2008 (kl. 20:10) og þá undir nýju heiti; „verkefnið hagkvæmni“. Á þeim tímapunkti var titill kynningarinnar

⁸²⁵ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.51111. Í upplýsingum um skjalið „info“ koma fram sömu upplýsingar um höfund og upphafsstað eins og finna má í upplýsingum um afritað tölvuskjal frá Eimskip: „verkefnið hagkvæmni.ppt“. [...] Doc. ID. 0.7.33.43122 Sömu sögu er að segja um upplýsingar skjalsins sem [...] vistar hjá sér að morgni 09.06.2008. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.90082.

þessi: „Nýtt upphaf Júní 2008 Trúnaðarmál“ og þar komnar inn fimmtán glærur um verkefni sem sneri að því að „auka samstarf“ á milli Samskipa og Eimskips.

1523. Morguninn eftir (kl. 09:59) vistaði (E)forstj þessa glærुकynningu á sínu heimasvæði undir heitinu „verkefnið nýtt upphaf“. ⁸²⁶
1524. Glæurnar voru sem fyrr segir merktar sem trúnaðarmál og höfðu farið leynt því þær fundust aðeins í gögnum (E)forstj og (E)frkvstj-alþjvs og ekki verður séð að þær hafi verið sendar milli aðila með tölvupósti. ⁸²⁷ Samkeppniseftirlitið óskaði, með vísan til 19. gr. samkeppnislaga, eftir því að Eimskip afhenti alla samninga við Samskip, ásamt m.a. afritum af öllum samningsdrögum, tillögum eða hugmyndum að samstarfi (þ. á m. í forni glærुकynninga). ⁸²⁸ Í svari við þessari beiðni Samkeppniseftirlitsins afhenti Eimskip ekki umrædda glærुकynningu. ⁸²⁹ Samskip hafa heldur ekki veitt upplýsingar um þessa glærुकynningu eða efni hennar. (E)forstj, (S)forstj og (E)frkvstj-alþjvs veittu ekki upplýsingar um nein atriði tengd þessu við upplýsingagjöf til Samkeppniseftirlitsins í september 2013.
1525. Eins og nefnt var hér að framan var verkefnið „Nýtt upphaf“ að finna á verkefnalista (E)forstj frá 5. júní 2008. Umræddar glærur (E)frkvstj-alþjvs frá 8. júní 2008 og (E)forstj frá 9. júní 2008 skýra hvað fólst í þessu verkefni. Um er að ræða kynningu með fjórtán glærum og eftirfarandi kemur fram á upphafsglærum:




⁸²⁶ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.90082.

⁸²⁷ Varðandi leyndina þá er ekki að sjá af gögnum málsins að samstarfsverkefnið hafi verið rætt á stjórnendafundum Eimskips. Má nefna t.d. að 5. júní 2008 var „Corporate Office“ fundur kl. 16 (sama dag og „Nýtt upphaf“ kemur á verkefnalista [...]). Þar er einn dagskrárlíðurinn „Samskip“ en þar virðast hafa verið rædd önnur mál heldur en fyrrgreint „Nýtt upphaf“ verkefnið. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.88565.


⁸²⁸ Upplýsingabeiðni Samkeppniseftirlitsins til Eimskips 29.01.2015, 11. tölul., sbr. áréttingu upplýsingaskyldu í bréfi eftirlitsins frá 19.02.2015 og 8. tölul. bréfs frá 22.10.2015.

⁸²⁹ Sbr. bréf Eimskips. dags. 03.02.2015, 05.03.2015 og bréf og gagnaafhendingu 23.03.2015, sbr. kafli XI., sbr. bréf 20.11.2015 og bréf og gagnaafhendingu 19.02.2016 (minnislykill 4, 11. tölul.).



Verkefnið Nýtt upphaf

- Ákveðið hefur verið að meta hagkvæmni eftirfarandi verkefna með því að auka samstarf á milli Samskip og Eimskip
 1. Sameiginlegur rekstur skipaafgreiðslu
 2. Gera með sér slot samning til að hagræða í siglingakerfi félaganna á Íslandi
 3. Samtarf í frystigeymslurekstri, einkum í Hollandi
 4. Samstarf í "short sea" þjónustu
 5. Innanlandsþjónusta
- Til að taka þessi verkefni áfram hefur verið ákveðið að stofna til vinnuhóps
 - [redacted], [redacted] og [redacted]



1526. Fjallað verður um glærुकynninguna í heild sinni hér á eftir. Rétt er hins vegar samhengisins vegna að útskýra stuttlega þessi verkefni sem talin eru upp í tölulíðum á framangreindri glæru.

- Á þessum tíma var fyrir hendi ólögmaett samstarf Eimskips og Samskipa í skipafgreiðslu á Reyðarfirði, sbr. umfjöllun í kafla 5.12. Átti skv. lið 1 að taka það til athugunar að auka samstarf fyrirtækjanna í skipafgreiðslu.
- Verkefni Samskipa og Eimskips í lið 2 vísar til samstarfs í siglingum til og frá Íslandi sem fjallað var um í skýrslu (S)aðaleig-stjform-SH frá 12. maí 2008 (unnin af Eglu fyrir (S)aðaleig-stjform-SH), sbr. kafla 6.7.5. Átti samkvæmt þessu verkefni í lið 2 að taka það til athugunar að auka samstarf fyrirtækjanna í siglingum til og frá Íslandi. Í tengslum við þetta verður að rifja upp að samkvæmt fundargerð framkvæmdastjórnar Eimskips frá 2. júní 2008 vann (E)frkvstj-flutnkerf að endurskoðun á siglingakerfi Eimskips og honum var samkvæmt fundargerðinni ætlað að eiga samskipti við Samskip, sbr. kafla 7.2.1.1.⁸³⁰ Þá ber í þessu samhengi að áréttta tölvupóst (S)forstj frá 4. júní 2008 sem sýnir að til skoðunar var hvort hægt væri að takmarka flutningsgetu á markaðnum („skera kapacitet af markadi“) eða að taka upp samskonar samstarf við Eimskip í flutningum til og frá Evrópu og var fyrir hendi í Norður-Ameríku flutningunum, sbr. kafla 7.2.1.1. Í sátt Eimskips við Samkeppniseftirlitið er viðurkennt að alvarlegt brot fyrirtækisins hafi falist í tilteknum aðgerðum sem „gripið var til eftir fund með Samskipum 6. júní 2008, sbr. einnig „Nýtt upphaf“ glærुकynningu Eimskips frá 9. júní 2008.“ Hafi þetta m.a. falist í samráði við Samskip „á síðari hluta ársins 2008 um breytingar á siglingakerfum og takmörkun á flutningsgetu í sjóflutningum til og frá Íslandi“.

⁸³⁰ Átti hann síðar í ítrekuðum samskiptum við yfirmann siglingakerfis Samskipa ([...]), sbr. m.a. yfirlit í kafla 7.7.1 og umfjöllun í köflum 8 og 9.



- Verkefnið í lið 3 vísar til m.a. aukins samstarfs dótturfélaga Eimskips (Daalimpex) og Samskipa (Kloosterboer) í Hollandi. Á þessum tíma stóð yfir ólögmaett samráð þessara dótturfélaga Eimskips og Samskipa. Í kafla 7.5.1 er t.d. gerð grein fyrir fundargerð sem lýsir fundi (E)frkvstj-alpjsv með undirmanni hans, framkvæmdastjóra Daalimpex, þann 16. apríl 2008. Greindi framkvæmdastjórinn (E)frkvstj-alpjsv frá þessum samskiptum Daalimpex við keppinautinn: „she talks to Kloosterboer every two/three months to keep up and increase rates and to avoid that customers are playing us against each other again.“ Í kafla 7.5.1 er einnig lýst niðurstöðu hollenskra samkeppnisyrivalda vegna þessa samráðs Samskipa og Eimskips. Hér ber einnig að rifja upp önnur atvik fyrr á árinu 2008. Í tölvupósti (S)forstj-frystig (forstjóri yfir m.a. Kloosterboer) frá 10. apríl 2008 til (S)aðaleig-stjform-SH var fjallað um frystigeymslustarfsemi Eimskips í Evrópu og Norður-Ameríku. Kemur fram í tölvupóstinum að (S)aðaleig-stjform-SH hefði beðið (S)forstj-frystig um minnisblað um Daalimpex og spurði (S)forstj-frystig (S)aðaleig-stjform-SH hvenær hann þyrfti að fá minnisblaðið í hendur, sbr. kafla 6.7.3.4. Fjallað var um Daalimpex í áðurnefndri skýrslu Eglu frá 12. maí 2008, sbr. umfjöllun kafla 6.7.5.
- Verkefnið í lið 4 vísar m.a. til samstarfs Samskipa og dótturfélag þess Silver Sea við dótturfélag Eimskips, Containerships og Eimskip-CTG. (S)forstj sendi (S)aðaleig-stjform-SH þann 10. apríl 2008 upplýsingar um Eimskip-CTG, sbr. kafla 6.7.3.4. Fjallað var um þessi dótturfélög Eimskips og Samskipa í áðurnefndri skýrslu Eglu frá 12. maí 2008 og að það ætti eftir að leggja mat á ábata af samstarfi Eimskip-CTG og Silver Sea, sbr. kafla 6.7.5. Kvöldið 5. júní 2008 sendi (S)aðaleig-stjform-SH skýrslu um samstarf Samskipa við Containerships til (S)forstj, sbr. kafla 7.2.1.2. Þetta samstarf Samskipa og Eimskips gat t.d. haft skaðleg áhrif á samkeppni í útflutningi á sjávarafurðum frá Íslandi, sbr. m.a. kafla 7.5.2.
- Á þessum tíma var fyrir hendi ólögmaett samstarf Eimskips og Samskipa í landflutningum hér á landi, sbr. kafla 5.11. Átti skv. lið 5 að taka til athugunar að auka það samstarf.

1527. Framangreindir verkþættir „Nýtt upphaf“ verkefnis fyrirtækjanna voru afar víðtækir og tóku til flestra þátta í starfsemi þeirra. Verkþættirnir kölluðu á umfangsmikil samskipti á milli fyrirtækjanna um viðkvæm samkeppnisleg atriði en gögn málsins sýna mikil samskipti milli þeirra, þ.á m. lykilstjórnenda og eigenda, um samkeppnisleg málefni fyrirtækjanna þar sem sjálfstæði fyrirtækjanna og óvissu um ákvarðanir keppinauta var raskað. Eins og rökstutt er í ákvörðun þessari hafði háttsemi fyrirtækjanna það að markmiði að raska samkeppni samkvæmt 10. gr. samkeppnislaga. Í þessu sambandi vísast jafnframt til umfjöllunar í úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 13/1997 vegna samráðs Samskipa og Eimskips, sbr. umfjöllun í kafla 4.6. hér að framan:

„Ótvírætt er að fákeppni ríkir um vöruflutninga sjóleiðis til og frá Íslandi á þeim siglingaleiðum sem um ræðir í máli þessu og að [Eimskips] hafi yfirburðastöðu á því sviði. Við þær aðstæður er hvers kyns samráð milli hlutaðeigandi flutningsaðila um náð samstarf við framkvæmd mikilvægra þátta í flutningastarfseminni, eins og við á í þessu máli, mjög varasamt í ljósi þeirrar meginreglu samkeppnislaga að efla beri virka samkeppni í viðskiptum.“

1528. Í athugasemdum Samskipa við AI er því mótmælt að „Nýtt upphaf“ glærुकyningin hafi tengst fundi fyrirtækjanna 6. júní 2008. Jafnframt er því mótmælt að kyningin gefi til kynna ólögmaett samráð milli fyrirtækjanna. Setja Samskip fram fjölmörg sjónarmið þessu til stuðnings. Eins og rökstutt er ítarlega í kafla 25.6 getur Samkeppniseftirlitið ekki fallist á þessi sjónarmið Samskipa.

7.3.1. Vinnuhópurinn og bakhjarlarnir

1529. Í framangreindri upphafsglæru glærुकyningar Eimskips „Nýtt upphaf“ kemur fram að til þess að „taka áfram“ verkefnin í liðum 1 til 5 hafi „verið ákveðið að stofna til vinnuhóps“. Verður ekki annað skilið en að það hafi verið ákvörðun beggja fyrirtækjanna, sbr. einnig fund Eimskips og Samskipa 6. júní 2008. Var (S)forstj tilgreindur í „vinnuhóp“ ásamt (E)forstj og (E)frkvstj-alpjsv. Eins og vikið



verður að sýna gögn frá (S)forstj að vinnuhópurinn hófst þegar handa við framkvæmd aðgerða vegna samráðsins.

1530. Fjórir menn skipuðu vinnuhópin en framangreind glæra í glærुकyningu Eimskip sýnir að 9. júní 2008 var ekki búið að ákveða hver yrði fjórði maðurinn í hópnum. Samkeppniseftirlitið telur vísbendingar vera um að „nn“ standi fyrir annan fulltrúa frá Samskipum. Við skýrslutöku hjá lögreglu taldi (E)forstj að „nn“ í vinnuhópnum væri væntanlega einhver frá Samskipum, sbr. kafla 7.3.6.2.1 hér á eftir.
1531. Eftirfarandi umfjöllun sýnir ríka aðkomu (S)frkvstj-millilandasv að verkefnum vinnuhópsins, sbr. t.d. kafla 8.9.4 hér á eftir. Ber í því sambandi einnig að horfa til þess að við skýrslutöku hjá lögreglu lýsti (E)frkvstj-alþjvsv fundi sem haldinn var í höfuðstöðvum Samskipa á Íslandi. Hann og (E)forstj hefðu setið fundinn og fulltrúar Samskipa hafi verið (S)forstj, (S)frkvstj-millilandasv og (S)stjórnarm-fjármstj (fjármálastjóri Samskipa Holding og sat í stjórn Samskipa hf.).⁸³¹ Á þessum fundi hafi verið rædd atriði sem komu fram á „Nýtt upphaf“ glærुकyningunni, sbr. nánari umfjöllun í 7.3.6.2.3 hér á eftir.
1532. Gefur framangreint til kynna að (S)frkvstj-millilandasv hafi orðið annar aðalfulltrúa Samskipa í þessari samvinnu fyrirtækjanna en aðrir starfsmenn Samskipa komu einnig að þessu ólögmeta samráði. Framburður (E)frkvstj-alþjvsv gefur og til kynna að (S)stjórnarm-fjármstj hafi tengst störfum vinnuhópsins, mögulega sem hluti hans eða sem fulltrúi „bakhjarlanna“.
1533. Í framangreindri glæru er sem fyrr segir vísað til „bakhjarla verkefnisins“. Við rannsókn málsins hafa hvorki Samskip né Eimskip upplýst um eða lagt fram gögn um það hverjir séu umræddir „bakhjarlar“. Við mat á því hverjir hafi verið bakhjarlarnir ber að rifja upp að (S)aðaleig-stjform-SH vildi vernda og efla stöðu Samskipa hf. sem „cash cow“ og fyrir tilstuðlan hans var umfangsmikið samstarf við Eimskip undirbúið. Einnig ber að áréttta að Eimskip átti í miklum fjárhagslegum erfiðleikum og skiptir máli í því samhengi að (E)stjform hafði persónulegra hagsmuna að gæta af rekstri Eimskip.⁸³² (S)aðaleig-stjform-SH og (E)stjform hittust á framangreindum fundi 6. júní 2008 og þeir hittust á öðrum samráðsfundi þann 25. júlí 2008 sem fjallað verður nánar um hér á eftir. Með vísan til þessa alls telur Samkeppniseftirlitið að (S)aðaleig-stjform-SH og (E)stjform hafi verið umræddir „bakhjarlar“.
1534. Þá mun eftirfarandi umfjöllun sýna að auk (E)forstj og (S)forstj hafi aðrir helstu stjórnendur fyrirtækjanna komið að þessu verkefni eða einstökum þáttum þess á rannsóknartímabilinu. Nefna má hér (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)frkvstj-skiparekst, (E)frkvstj-sala/þj, (E)frkvstj-innanl, (E)forstö-innfl, (S)frkvstj-millilandasv, (S)frkvstj-innanl, (S)forstö-útl, (S)frkvstj-Jóna og (S)forstö-innfl1.

7.3.2. (S)forstj skipuleggur frekari fundi Eimskip og Samskipa

1535. Sem fyrr segir vistaði (E)forstj hjá sér „Nýtt upphaf“ glærुकyninguna að morgni mánudaginn 9. júní 2008. Daginn eftir voru eftirfarandi fundir bókaðir í dagbók (E)forstj:
- Kl. 13:00 – 14:00 fund sem nefndur var „(E)frkvstj-alþjvsv (E)forstj“.

⁸³¹ [...] bjó erlendis en fyrir liggur að hann var með starfsaðstöðu hjá Samskipum hf. á Íslandi.

⁸³² [...] átti sjálfur eða gegnum fjárhagslega tengda aðila stóran eignarhlut í Eimskip, sbr. t.d. tilkyningu til Kauphallar frá 31.03.2008 þar sem fram kemur að félagið Otec Investment corp, sem var meirihluta eigu [...], keypti hlutabréf í Eimskip að fjárhæð rúmar 69 milljónir íslenskra króna. Samkvæmt tilkyningunni var heildareign [...] eða fjárhagslegra tengdra aðila í Eimskip samtals 38.951.247 hlutir (miðað við gengi tilkynnttra viðskipta var fjárhæð eignarhlutarins að markaðsvirði rúmar 930 milljónir íslenskra króna), sjá umrædda tilkyningu Eimskip um þessi viðskipti: <https://newsclient.omxgroup.com/cdsPublic/viewDisclosure.action?disclosureId=264881&lang=is>.

Í eftirfarandi birtum tilkyningum Eimskip til Kauphallar er ekki að sjá að [...] eða tengdir aðilar hafi verið búnir að selja þessa eignarhluti í Eimskip þegar fundur stjórnendanna Eimskip og Samskipa átti sér stað í upphafi júní 2008. Hér má einnig vísa til fréttar Morgunblaðsins frá 19.06.2008 „Engin áhrif á 90 milljóna viðskipti“, <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1223164/>.



- Kl. 16:00 – 17:00 átti (E)forstj fund með (E)stjform.
- Kl. 17:00 – 18:00 átti (E)forstj annan fund með (E)frkvstj-alþjsv.
- Kl. 18:00 átti (E)forstj annan fund með (E)stjform, en aðrir sátu þann fund einnig.⁸³³

1536. Efni þessara funda er ekki tilgreint í dagbók (E)forstj. Ber hins vegar að hafa í huga að (E)forstj og (E)stjform höfðu hitt (S)forstj og (S)aðaleig-stjform-SH 6. júní 2008 og (E)frkvstj-alþjsv hafði vistað „Nýtt upphaf“ glærुकynninguna sunnudaginn 8. júní 2008 og átti sæti í „vinnuhópnum“.

1537. (S)forstj átti einnig sæti í „vinnuhópnum“. Gögnin sýna að þennan sama dag og (E)forstj fundaði ítrekað með (E)frkvstj-alþjsv og (E)stjform, þ.e. 10. júní 2008, átti (S)forstj símafund með a.m.k. framangreindum forstjóra yfir frystigeymsluhluta Samskipa ((S)forstj-frystig) varðandi samstarf við Eimskip sem lýst er í glærum (E)forstj. Var á þeim símafundi einnig rætt um fyrirhugaðan fund (S)forstj-frystig með (E)frkvstj-alþjsv. Þetta sést m.a. af tölvupósti sem (S)forstj-frystig sendi (S)forstj kl. 20:46 þann 10. júní 2008 en heiti hans var „Eimskip“. Í honum sagði (S)forstj-frystig:

„ref telcon earlier today can you pls. let me know re next steps vis a vis my meeting with the european md of eimskip [(E)frkvstj-alþjsv] re daalimpex“⁸³⁴

1538. (S)forstj svaraði þessum tölvupósti (S)forstj-frystig daginn eftir⁸³⁵ en seinna sama kvöld (þ.e. kl. 23.53 þann 10. júní 2008) sendi (S)forstj tölvupóst til þeirra yfirmanna Samskipa erlendis sem hafa með framangreind verkefni í liðum 3 og 4 í glæru (E)forstj að gera (þ.e. umræddur (S)forstj-frystig og (S)frkvstj-MCL). Tölvupósturinn var einnig sendur til (S)aðaleig-stjform-SH. Heiti tölvupóstsins var „Eimskip“. Í tölvupósti (S)forstj til stjórndanna sagði:

„Eimskip are interested to seek for opportunitites to co-operate with us on our short sea and coldstore business.

[(S)forstj-frystig], as per our telecon, they are interested to explore opportunities to merge our Kloosterboer coldstore activities with Daalimpex, in order to increase profitability of the two, they dont see themselves as owners of Daalimpex for the long run.

They own today 65% of the shares in Containerships, and an option of remaining 35% will be executed 18 months from now. They claim Containerships doing exceptionally well. They consider our Baltic volumes fitting well into their systems, needing more export volumes out of Baltics/Russia. I think we can contribute important volume flows to their system and as such should be able to negotiate a favourable/long term agreement for us.

[(E)frkvstj-alþjsv], CEO Eimskip Europe, has your numbers and will contact you within the next two days, in order to setup meetings with you next week. [(S)frkvstj-MCL], [(E)frkvstj-Contain] would join him for the Containership discussions.“⁸³⁶

1539. Tölvupósturinn veitir vísbendingar um atriði sem rædd voru á fundinum 6. júní 2008. Þar hefur Eimskip veitt Samskipum upplýsingar um atriði sem tengjast áformum og eignarhaldi á Daalimpex og Containerships. Tölvupósturinn sýnir einnig að það var undirbúið af hálfu (S)forstj að (E)frkvstj-alþjsv myndi hafa samband við:

- Viðkomandi erlendan yfirmann Samskipa ((S)forstj-frystig) varðandi samstarf eða samruna Kloosterboer og Daalimpex. Sem fyrr segir stóð yfir ólögmett samráð þessara dótturfélaga

⁸³³ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.249456. Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.249862. Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.249924. Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.250019.

⁸³⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.473047.

⁸³⁵ Sbr. mgr. 1567 hér á eftir.

⁸³⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.473061.



Eimskips og Samskipa. Samkvæmt þessu stóð til að skoða aukið samráð eða jafnvel samruna fyrirtækjanna, sjá verkefni í lið 3 í „Nýtt upphaf“ glærukynningunni.

- Viðkomandi erlendan yfirmann Samskipa varðandi umræðu um „short sea“ siglingar ((S)frkvstj-MCL) og honum jafnframt greint frá því að (E)frkvstj-Contain, framkvæmdastjóri Containerships, myndi einnig taka þátt í þeirri umræðu við Samskip, sjá verkefni í lið 4 í „Nýtt upphaf“ glærukynningunni.

1540. Sem fyrr segir var (S)forstj tilgreindur í „vinnuhóp“ ásamt (E)forstj og (E)frkvstj-alþjsv. Framangreind gögn frá 10. júní 2008 sýna að (S)forstj skipulagði og gaf fyrirmæli um fund (E)frkvstj-alþjsv og (E)frkvstj-Contain með stjórnendum Samskipa í Hollandi til að ræða samstarf sem féll undir „Nýtt upphaf“ verkefnið.
1541. Við skýrslutöku hjá lögreglu staðfesti (E)frkvstj-alþjsv að hann og (E)frkvstj-Contain hefðu átt fund með (S)frkvstj-MCL í Rotterdam í Hollandi síðar í júní 2008. Á þeim fundi hefði verið rætt um samstarf milli Eimskips og Samskipa í „short sea“ siglingum. Í kjölfarið hefðu (S)frkvstj-MCL og (E)frkvstj-Contain átti í frekari samskiptum um sama málefni, sbr. nánari umfjöllun í kafla 7.3.6.3.2 hér á eftir.
1542. Samtímagögn sýna að (E)frkvstj-alþjsv og (S)forstj-frystig gerðu tilraun til að hittast þegar (E)frkvstj-alþjsv var í Hollandi. Það gekk ekki eftir og ákváðu þeir að ræða saman um miðjan júlí 2008, sbr. kafla 8.2.3 hér á eftir.
1543. Þá má ber að líta til þess að daginn eftir, þann 11. júní 2008, bókaði ritari (S)forstj þá (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 á fund 26. júní 2008 þar sem fundarefnið tengdist öðrum verkþætti „Nýtt upphaf“ verkefnisins, þ.e. sjóflutningi, sbr. umfjöllun hér á eftir.
1544. Er ljóst samkvæmt þessu að „vinnuhópurinn“ hafði þá þegar hafist handa og að umræddu samráði hefði án tafar verið hrint í framkvæmd. Gögn málsins sýna að það var ekki aðeins hinum erlendu þáttum samráðsverkefnisins sem var hleypt af stokkunum þegar í stað. Samráði vegna áætlunarsiglinga til og frá Íslandi og vegna landflutninga hér á landi var einnig hrint í framkvæmd, sbr. nánari umfjöllun hér á eftir.

7.3.3. (S)forstj minnir (S)aðaleig-stjform-SH á sig

1545. Sem fyrr segir sendi (S)forstj afrit til (S)aðaleig-stjform-SH af framangreindum tölvupósti til (S)frkvstj-MCL og (S)forstj-frystig þar sem hann undirbjó fund þeirra með (E)frkvstj-alþjsv og (E)frkvstj-Contain. Samkeppniseftirlitið telur að annar tölvupóstur sem (S)forstj sendi (S)aðaleig-stjform-SH 10. júní 2008 hafi hér einnig þýðingu. Bar sá tölvupóstur ekkert heiti en í honum sagði aðeins:

„Sælir – hvenær viltu fara í gegnum samningsmálin? ég fer svo út í fyrramálið.“⁸³⁷

1546. Við mat á þessum tölvupósti (S)forstj vísast fyrst til framangreindrar umfjöllunar um atvik frá 18. mars til 14. maí 2008. Vísast þar sérstaklega til fyrirmæla (S)aðaleig-stjform-SH um verndun Samskipa á Íslandi sem „cash cow“ fyrir samstæðuna og þess sem ýmist var nefnt „markmiðsáætlun, markaður“ eða „mælikvarðarnir“ og kom fram í tölvupósti sem (S)forstj sendi (S)aðaleig-stjform-SH kl. 09:03 þann 8. apríl 2008, sbr. kafla 6.7.3.3. Þá verður hér á eftir gerð grein fyrir samningi sem (S)aðaleig-stjform-SH og (S)forstj gerðu 1. júlí 2008. Í viðauka með þeim samningi („Bónusskema“) fólst m.a. að mati Samkeppniseftirlitsins að (S)forstj var hvattur til samráðs við Eimskip með loforði um bónusgreiðslu, sbr. kafla 7.6.1.
1547. Ber að virða framangreint með hliðsjón af gögnum um skipun (S)forstj í vinnuhóp með Eimskip og öðrum framangreindum gögnum sem sýna samskipti og samvinnu fyrirtækjanna á þessum tíma. Þegar litið er til þessa og horft er til þess að (S)forstj sendi á þessum tímapunkti tölvupóst til

⁸³⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.472738.

(S)aðaleig-stjform-SH og vildi fara í „gegnum samningsmálin“, benda gögn málsins og tímasetningin til þess að hann hafi í tengslum við samskiptin við Eimskip viljað ganga frá gerningi sem tryggði honum persónulegan ábata af m.a. samráðinu við Eimskip. Hafa í gögnum málsins ekki fundist aðrar skýringar en að „samningsmálin“ hafi vísað til samnings um hvernig kjör (S)forstj skyldu tengjast rekstrarárangri Samskipa né komi í athugasemdum Samskipa fram sannfærandi skýringar á svo hafi ekki verið. Þá ber og að áréttu að þennan dag, 10. júní 2008, greip (S)forstj til ráðstafana til að hrinda verkefninu „Nýtt upphaf“ af stað. Hann átti þannig vegna þessa símafund með tilteknum erlendum stjórnanda Samskipa og sendi hann honum og öðrum stjórnanda tölvupóst vegna sama málefnis. Sem fyrr segir sendi (S)forstj afrit af þeim samskiptum til (S)aðaleig-stjform-SH.

7.3.4. Verkefnalisti (E)forstj og (E)frkvstj-alþjsv

1548. Sem fyrr segir var verkefnið „Nýtt upphaf“ merkt 5. júní 2008 á verkefnalista (E)forstj. Var hann „owner“ eða ábyrgðamaður þess. Kemur þetta fram í eintaki af verkefnalistanum sem vistað var 11. júní 2008.⁸³⁸
1549. Tengt þessu var stórt verkefni hjá Eimskip sem nefnt var „Þórshamar“ og var útbúinn sérstakur verkefnalisti vegna þess. Á þeim verkefnalista kom „Nýtt upphaf“ einnig fram sem eitt af verkefnum sem féllu undir „Þórshamar“. Var (E)forstj einnig tilgreindur ábyrgðamaður „Nýs upphafs“ á þessum verkefnalista. Í einni útgáfunni af þessum lista var (E)frkvstj-alþjsv einnig tilgreindur ábyrgðamaður „Nýs upphafs“. Ljóst er að Eimskip leit strax í byrjun á „Nýtt upphaf“ sem umfangsmikið verkefni sem skyldi sinna næstu mánuðina.
1550. Framangreint má m.a. ráða af tölvupósti (E)frkvstj-alþjsv til (E)forstj sem sendur var 16. júní 2008. Heiti tölvupóstsins var „Trúnaðarmál Þórshamar“.⁸³⁹ Meðfylgjandi honum voru tvö skjöl; annars vegar Excel verkefnalisti: „Verkefni Thorshamar2.xls“ og hins vegar glærुकyningin „verkefni thorshamar5.ppt“. Á listanum voru talin upp ýmis mikilvæg verkefni Eimskips á þessum tíma. Liður 27 á verkefnalistanum var framangreint „Nýtt upphaf“ samráðsverkefni með Samskipum, sbr. eftirfarandi skjámynd af skjalinu:

Verkefni	Ábyrgð	jún	júl	ág	sep	okt	nóv	Áhrif
23 Tryggingarkostnaður								
24 Ákvörðun um Laxfoss og Írafoss								
25 Tryggja skil á hlutabréfum frá [REDACTED] og [REDACTED]								
26 Styrkja samskipti við lífeyrissjóði, Straum, KB, Glitni og aðra fjármálastofn.								
27 Nýtt upphaf								

1551. Kemur þannig fram í skjalinu að ábyrgð á „Nýtt upphaf“ verkefninu væri hjá (E)forstj og (E)frkvstj-alþjsv en eins og áður hefur komið fram voru þeir báðir í áðurnefndum vinnuhópi samráðsverkefnisins. Samkvæmt verkefnalistanum var áætlaður verktími „Nýtt upphaf“ út nóvember 2008. Á þessum tímamarki var litur verkefnisins í skjalinu rauður. Um haustið, eða þann 30. september 2008, vistaði (E)forstj hjá sér uppfærðan verkefnalista („Verkefni Thorshamar3 – action list.xls“). Í því skjali hefur liturinn fyrir „Nýtt upphaf“ breyst úr rauðum í gulan en áfram sömu tímamörk, sbr. neðangreinda skjámynd af skjalinu (liður 27):⁸⁴⁰

⁸³⁸ „Owner“ með „Nýtt upphaf“ verkefnið er [...]. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.92898. Einnig afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.258986. [...] hafði sent sama verkefnalistanum 04.06.2008 en þá var verkefnið „Nýtt upphaf“ ekki komið á verkefnalistanum. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.243746. Hinn 30.06.2008 er verkefnið ennþá á verkefnalistanum, sbr. afritað tölvuskjal frá Eimskip með sama heiti. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. „Task list“, dags. 30.06.2008, kl. 09:57. Doc. ID. 0.7.33.270242.

⁸³⁹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.96675.

⁸⁴⁰ Afritað skjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.95864.



Verkefni	Ábyrgð	jún	júl	ág	sep	okt	nóv	dec
Other Projects								
1 Endurskoða stefnu Eimskip og áherslur til næstu þriggja ára								
2 Skráning Versacold/Atlas á verbréfaþingið í Toronto								
4 Lækkun framleiðslukostnaðar - setja markmið og stilla upp átaksáætlun								
5 Nýtt hlutafé með það að markmiði að ná inn 10 til 15 milljarða kr.								
6 KB lán 3.3 milljarðar kr.								
7 Innovate - ljúka málum er snúa að starfsemi Innovate í Bretlandi								
8 Meta sölu á einingum s.s. Containership, Daalimpex, TVG, Stórflyningar etc								
9 Stilla upp skipuriti ásamt ábyrgðarskiptingu								
10 Endurskoða starfsheiti starfsmanna og setja á samræmt fyrirkomulag								
11 Stilla upp nýrri framkvæmdastjórn félagsins og koma á reglulegum fundum								
11 Ákvarða skipulag stoðsviða og ábyrgðarskiptingu hjá félaginu								
12 Rekstrarsvið / ákvarða umfang og ákveða nýjan stjórnanda								
13 Láta nýja framkvæmdastjóra stilla upp ramma/markmið/verkefni á hverju sviði								
14 Lækkun starfsmannakostnaðar um 200 - 300 milljónir kr. á ársgrundvelli								
15 Lækkun styrkja/auglýsinga miðað við áætlun								
16 Leiga á skrifstofuhúsnæði í Bretlandi og Akureyri								
17 XL ábyrgð - koma Eimskip undan ábyrgðinni								
18 Avion Technical Services innheimta / AAAE								
19 Ábyrgðir Air Atlanta								
21 Samkeppnismálið								
22 Klára lausn á Kingset								
23 Tryggingarkostnaður								
24 Ákvörðun um Laxfoss og Írafoss								
25 Tryggja skil á hlutabréfum frá [redacted] og [redacted]								
26 Styrkja samskipti við lifeyrissjóði, Straum, KB, Glitni og aðra fjármálastofn.								
27 Nýtt upphaf								

1552. Ætla má að gulur litur sé tákn um það að „Nýtt upphaf“ væri í vinnslu en því væri ekki lokið.⁸⁴¹ Staðfesti (E)forstj þennan skilning við skýrslutöku hjá lögreglu, sbr. nánar hér á eftir. Sem fyrr segir var í fyrri útgáfu verkefnalistans gert ráð fyrir lokum verkefnisins „Nýtt upphaf“ með Samskipum í nóvember 2008.⁸⁴²

1553. Áður nefnd glærुकynning, sem (E)frkvstj-alþjv sendi (E)forstj 16. júní 2008, er merkt trúnaðarmál en þar kemur m.a. fram að sérstök áhersla verði lögð á: „Tekjuaukandi aðgerðir í flutningastarfseminni og setja sér markmið um 5% aukningu.“⁸⁴³

1554. Eins og nánar verður fjallað um lauk mikilvægum þáttum í „Nýtt upphaf“ verkefninu á svipuðum tíma og gert var ráð fyrir í framangreindri verkáætlun (E)forstj og (E)frkvstj-alþjv.

7.3.5. (S)forstj veitir upplýsingar um fyrirætlanir Eimskips

1555. Eins og áður sagði sendi (S)forstj-frystig tölvupóst til (S)forstj að kvöldi 10. júní 2008. Heiti hans var „eimskip“ og í honum bað (S)forstj-frystig (S)forstj um að fara yfir næstu skref varðandi fyrirhugaðan fund (S)forstj-frystig með (E)frkvstj-alþjv. (S)forstj veitti upplýsingar um m.a. þetta með tölvupósti

⁸⁴¹ Með hliðsjón af öðrum verkefnum á listanum, m.a. að verkefnið „KB lán 3.3 milljarðar kr.“ er grænt að lit í verkefnalistanum en Eimskip greiddi það lán upp í júní 2008.

⁸⁴² Síðar þennan sama dag, 30. september 2008, sendi [...] verkefnalistann til [...]. Í heiti póstsins segir [...] eingöngu: „Höldum áfram með þetta“. Afritaður tölvupóstur frá Eimskips. [...] Doc. ID. 0.7.33.103920.

⁸⁴³ Afrituð tölvuskjöl frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.96675.



sem hann sendi sama kvöld til (S)forstj-frystig, (S)frkvstj-MCL og (S)aðaleig-stjform-SH, sbr. umfjöllun hér að framan.

1556. Næsta morgun, 11. júní 2008, svaraði (S)forstj sérstaklega tölvupóstinum sem (S)forstj-frystig hafði sent kvöldið áður. Í tölvupósti (S)forstj sagði:

„they [Eimskip] plan to focus and [on] shipping activities, therefore the reefer forwarding will be part of their long term strategy..”⁸⁴⁴

1557. Þennan tölvupóst (S)forstj ber að virða í samhengi við tölvupóst (E)frkvstj-alþjsv til (E)forstj sem sendur var nokkrum dögum seinna eða þann 16. júní 2008. Heiti tölvupóstsins var „Trúnaðarmál Þórshamar“ og var fjallað um hann hér að framan. Meðfylgjandi tölvupóstinum voru, sem fyrr segir, tvö skjöl; annars vegar Excel verkefnalisti: „Verkefnið Þórshamar“ og hins vegar glærुकyningin „Þórshamar5“. Liður 27 á verkefnalistanum er framangreint „Nýtt upphaf“. Liður 1 er að „endurskoða stefnu Eimskips og áherslur til næstu þriggja ára.“ Um þetta síðarnefnda er fjallað í glærुकyningunni (sem er merkt sem trúnaðarmál) en þar segir:

- „Í tengslum við öran vöxt Eimskips síðastliðin 4 ár hefur fyrirtækið þróast út í tvö megin rekstrarmódel

– Flutningastarfsemi

[...]

– Frystigeymslustarfsemi

[...]

- Eftir umræður við stjórnarmenn og stjórnendur félagsins hafa krystallast ákveðnar áherslu breytingar

- Megið inntakið byggir á því að hlúa betur að flutningahluta félagsins, auka arðsemi og vinna að innri vexti á næstu misserum [...]

- Megin markmið með verkefnið Þórshamar eru

– Endurskilgreina stefnu félagsins með það að leiðarljósi að

- Tryggja áframhaldandi markaðsleiðandi stöðu á Norður Atlantshafi
- Halda áfram vexti og uppbyggingu á „door to door“ flutningum í Eystrarsalti/Rússlandi
- Efla núverandi frystiflutningsmiðlun félagsins með megin markmið að „ýta vörum í eða frá“ framleiðsluferfum félagsins“.⁸⁴⁵

1558. Samkvæmt þessu trúnaðargagni ætlaði Eimskip að breyta stefnu sinni með því að hlúa betur að og efla flutningastarfsemi fyrirtækisins. Var liður í því að efla frystiflutningsmiðlun (e. „reefer forwarding“). Er þetta efnislega það sama og fram kom í framangreindum tölvupósti (S)forstj til (S)forstj-frystig frá 11. júní 2008.

1559. Er þannig talið ljóst að þann 11. júní 2008 hafi (S)forstj búið yfir upplýsingum um áætlun Eimskips sem stjórnendur fyrirtækisins, eðli málsins samkvæmt, skilgreindu sem trúnaðarupplýsingar í glærुकyningu frá 16. júní 2008.

⁸⁴⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.473091.

⁸⁴⁵ Afrituð tölvuskjöl frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.96675.



1560. Samkvæmt þessu verður að telja að þann 11. júní 2008 hafi Eimskip verið búið að veita Samskipum viðkvæmar upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á viðskiptastefnu fyrirtækisins. Ber að skoða þetta í samhengi við fund (S)forstj og (S)aðaleig-stjform-SH með (E)forstj og (E)stjform þann 6. júní 2008, efni „Nýs upphafs“ glærukynningarinnar og efni tölvupósts (S)forstj til m.a. (S)aðaleig-stjform-SH 10. júní 2008. Er rökrétt að draga þá ályktun að Eimskip hafi veitt Samskipum þessar trúnaðarupplýsingar í tengslum við framangreint.

7.3.6. Skýringar (S)forstj, (E)forstj o.fl.

1561. Fundur Samskipa og Eimskips 6. júní 2008, glærukynningin um „Nýtt upphaf“ verkefnið sem (E)frkvstj-alþjsv vistaði 8. júní 2008 og (E)forstj daginn eftir og atvik næstu daga á eftir hafa mjög mikla þýðingu í þessu máli.

1562. Í sátt Eimskips við Samkeppniseftirlitsins, sem undirrituð var 16. júní 2021, viðurkennir fyrirtækið að hafa átt í „samstarfi og samskiptum við Samskip sem hafi falið í sér alvarleg brot gegn 10. gr. samkeppnislaga og 53. gr. EES-samningsins.“ Hafi þetta alvarlega ólögsmæta samráð „falist í eftirfarandi aðgerðum sem gripið var til eftir fund með Samskipum 6. júní 2008, sbr. einnig „Nýtt upphaf“ glærukynning Eimskips frá 9. júní 2008.“ Kemur síðan fram að brotin hafi m.a. falist í samráði við Samskip „á síðari hluta ársins 2008 um breytingar á siglingakerfum og takmörkun á flutningsgetu í sjóflutningum til og frá Íslandi.“

1563. Er þessi viðurkenning Eimskips í samræmi við samtímagögn og hefur því mikla þýðingu í samkeppnisrétti, sbr. kafla 4.7.7.

1564. Af sátt Eimskips við Samkeppniseftirlitsins leiðir einnig að fyrirtækið hefur dregið til baka þær röngu staðhæfingar sem það hafði sett fram m.a. vegna fundarins 6. júní 2008 og tengdra atvika. Í sáttinni viðurkennir Eimskip að hafa brotið gegn 19. gr. samkeppnislaga með því að hafa ekki veitt Samkeppniseftirlitinu réttar upplýsingar við rannsókn málsins.

1565. Við mat á háttsemi Samskipa er rétt að horfa m.a. til þeirra skýringa sem stjórnendur fyrirtækisins og Eimskips hafa gefið bæði Samkeppniseftirlitinu og lögreglu. Jafnframt er nauðsynlegt að horfa til þess hvaða upplýsingar Samskip veittu þegar fyrirtækið svaraði bréfum Samkeppniseftirlitsins. Sökum mikilvægi þessara atvika þykir, í því samhengi, rétt að rifja upp þær röngu upplýsingar sem Eimskip veittu á sínum tíma. Varpar það ljósi á rannsókn Samkeppniseftirlitsins og er til stuðnings því að Samskip hafa einnig veitt rangar upplýsingar um þessi mikilvægu atvik.

7.3.6.1. Um fundinn 6. júní 2008

1566. Eins og að framan greinir veittu hvorki (S)forstj né (E)forstj upplýsingar um fundinn 6. júní 2008 við upplýsingagjöf hjá Samkeppniseftirlitinu í september 2013. Í upplýsingagjöf þeirra fólst að þeir hefðu ekki haft nein samskipti um málefni fyrirtækjanna sem þeir stýrðu eftir að (E)forstj tók við sem forstjóri Eimskips.⁸⁴⁶

1567. Í janúar 2015 óskaði Samkeppniseftirlitið eftir því að Eimskip og Samskip myndu afhenda möguleg fyrirliggjandi gögn og upplýsingar um samskipti milli tiltekinna starfsmanna fyrirtækjanna, þ.m.t. (S)forstj og (E)forstj. Hefðu átt sér stað samskipti, sem ekki kæmu fram í fyrirliggjandi gögnum hjá fyrirtækjunum, óskaði eftirlitið eftir upplýsingum um tímasetningu slíkra samskipta og milli hverra þau samskipti hefðu verið.⁸⁴⁷

1568. Í svörum Eimskips frá 23. maí 2015, 23. október 2015, 20. nóvember 2015 og 19. febrúar 2016 voru ekki veittar upplýsingar um fundinn 6. júní 2008.

⁸⁴⁶ Endurrit af upplýsingagjöfum [...] 10.09.2013 og [...] 17.09.2013.

⁸⁴⁷ Upplýsingabeiðni til Eimskips 23.01.2015, tölu. 7. Upplýsingabeiðni til Samskipa 29.01.2015, tölu. 6.



1569. Í svörum Samskipa frá 9. mars og 10. apríl 2015 voru ekki veittar upplýsingar um umræddan fund. Í bréfi Samskipa ári síðar, nánar tiltekið 14. janúar 2016 kom hins vegar þetta fram: „**[(S)forstj]**, fyrrverandi forstjóri félagsins, minnst þess að hafa átt fund með forsvarsmönnum Eimskips á vormánuðum 2008. Verulega hallað undan rekstri Eimskips á þessum tíma og var áhugi af hálfu Samskips að kanna hvort tækifæri væri til að kaupa á eignum Eimskips erlendis. Þessar þreifingar leiddu ekki til neinna viðskipta félaganna tveggja.”
1570. Samkeppniseftirlitið óskaði eftir frekari skýringum frá Samskipum og í bréfi fyrirtækisins frá 24. nóvember 2017 var greint frá því að umræddan fund hafi setið **(S)aðaleig-stjform-SH**, **(S)forstj**, **(E)forstj** og **(E)stjform**. Kváðust Samskip hafa haft frumkvæði að fundinum og **(S)aðaleig-stjform-SH** og **(S)forstj** hafa verið áhugasama um að kanna kaup á eignarhluta Eimskips í Containerships og á Daalimpex. Umræður á fundinum hafi verið á „mjög almennum nótum” um þessi mögulegu viðskipti. Staðhæfðu Samskip einnig að fundurinn hafi ekki leitt „til frekari fundarhalda eða viðræðna um hugsanleg viðskipti” og að engin gögn væru til um umræddan fund.
1571. Sem fyrr segir veittu hvorki **(E)forstj** né Eimskip upplýsingar um framangreindan fund. Það breyttist eftir að Samkeppniseftirlitið bar upplýsingarnar, sem Samskip veittu þann 14. janúar 2016, undir fyrirtækið. Í svörum Eimskips frá 13. október 2017 kemur eftirfarandi fram:
- „Í bréfi Samkeppniseftirlitsins er undir þessum lið vitnað til fundar sem fyrrverandi forstjóri Samskipa, **[(S)forstj]**, minnst að hafi átt sér stað á vormánuðum 2008. Af því tilefni skal eftirfarandi tekið fram.
- Um mánaðarmótin maí/júni 2008 fékk A1988 hf., þá Eimskip, símleiðis um skiptiborð ósk um fund með **[(S)aðaleig-stjform-SH]** fjárfesti, í kjölfar árangurslauss fundar með Kaupþingi banka hf. varðandi ósk Eimskips um „standstill” samkomulag við kröfuhafa.
- Hugmynd Eimskips með fundinum með Kaupþingi banka hf., sem **[(S)aðaleig-stjform-SH]** var tengdur, var að óska eftir „standstill” samkomulagi við bankann meðan losað væri um eignir félagsins í formlegu sölufarli sem ekki tilheyrðu kjarnastarfsemi þess, en sem kunnugt er voru fjárhagserfiðleikar félagsins verulegir á þessum tíma. Á fundinum með Kaupþingi sat einungis [...] bankastjóri sem hafnaði ósk Eimskipafélagsins um að fá að fresta greiðslu á kröfum sem stóðu í 2,5-3,0 milljörðum íslenskra króna. Hafði Eimskip á þessum tíma fengið vilyrði frá öllum öðrum kröfuhöfum sem voru tilbúnir að reyna á sölu eigna. Félagið fékk frest fram yfir helgina til að koma með greiðslu annars yrði gengið að kröfum á félagið með kyrrsetningu.
- Ósk um fund frá **[(S)aðaleig-stjform-SH]** með stjórnarformanni Eimskips **[(E)stjform]** barst Eimskip í kjölfarið og fór **[(E)forstj]** þá nýráðinn forstjóri með á fundinn. Fundurinn var boðaður á skrifstofu Kjalars, nánar tiltekið í Olíufélagshúsinu við Suðurlandsbraut. Gerðu forsvarsmenn Eimskips ráð fyrir að fundurinn tengdist ofangreindri beiðni þeirra til Kaupþings banka.
- Engin fundargerð var rituð á þessum fundi en eftir einhverja bið í stóru fundarherbergi hóf **[(S)aðaleig-stjform-SH]** mál sitt á því að hann hefði vitneskju um að Eimskip þyrfti að selja eignir félagsins og hann hafði sérstaklega áhuga á að komast að borðinu til að kaupa þá sérstaklega frystigeymslur félagsins, en félagið var þá með frystigeymslur í Bretlandi, Hollandi, Kanada og Bandaríkjunum.
- Höfðu forsvarsmenn Eimskips á tilfinningunni á fundinum að þeir þyrftu að hlusta á hann þar sem þeir tengdu þennan fund við fund þeirra við Kaupþing banka. Seinna í sölufarli eigna félagsins þegar losað var um skip, fasteignir og félög erlendis fundu Eimskipsmenn fyrir því að bankar félagsins ABN Amro, Nordea bank og aðrir höfðu verið heimsóttir og boðið í eignir fram hjá félaginu og félagið talað niður.
- Viðbrögð Eimskips á fundinum voru hins vegar þau að félagið lýsti því yfir að eignir úr samstæðunni yrðu settar í formlegt sölufarli.



Á fundinum, sem [(S)aðaleig-stjform-SH] stýrði og boðaði til, sat með honum til að byrja með [(S)forstj] þáverandi forstjóri Samskips á Íslandi. Minnir þó forsvarsmenn Eimskips að hann hafi yfirgefið fundinn strax í upphafi og áður haft sig lítið í frammí.

Fundurinn stóð í um 5-10 mínútur og virtist vekja mikla gremju hjá [(S)aðaleig-stjform-SH] sem var stuttur í spuna í kveðjunni.

Strax eftir helgina var lögð fram fjárnáms- og kyrrsetningarbeiðni á hendur Eimskip til Sýslumanns frá Kaupþingi og tengdum aðilum. [(E)forstj] vill taka það fram að þetta er í eina skiptið sem hann hefur verið í návígi við [(S)aðaleig-stjform-SH] eða í nokkrum samskiptum við viðkomandi. Síðan þá hafa hvorki [(E)stjform] né [(E)forstj] átt í neinum samskiptum við [(S)aðaleig-stjform-SH].

Engin gögn eru fyrirliggjandi frá fundinum, sem samkvæmt framansögðu laut eingöngu að tilraunum [(S)aðaleig-stjform-SH] til að kaupa eignir Eimskips, en forsvarsmenn Eimskips mættu til fundarins í þeirri trú að [(S)aðaleig-stjform-SH] kæmi þar fram fyrir hönd Kaupþings banka, hvar hann var stór eigandi og hafði sterka stöðu gagnvart stjórnendum bankans. Var þeirri beiðni um kaup á eignum félagsins hafnað á fundinum, sbr. framangreint. Umbjóðendur okkar geta ekki fastsett dagsetningu fundarins á nákvæmari hátt en hér að framan."

1572. Við skýrslutöku hjá lögreglu í maí 2018 voru (S)forstj, (S)frkvstj-millilandasv, (E)forstj og (E)frkvstj-alþjv spurðir um þennan fund.

7.3.6.1.1. Framburður (S)forstj hjá lögreglu

1573. Við skýrslutöku hjá lögreglu staðfesti (S)forstj að fundurinn 6. júní 2008 hefði farið fram. Inntur eftir því hvernig fundurinn hefði komið til sagðist (S)forstj ekki muna það en tók fram að Eimskip hefði verið í fréttum á hverjum einasta degi og hefði verið „að fara á hliðina“.⁸⁴⁸

1574. Undir (S)forstj var borinn sá framburður (E)forstj að (S)forstj hefði haldið sig mjög til hlés á fundinum og yfirgefið hann fljótlega. (S)forstj sagðist hins vegar ekki reka minni til þess að hafa farið út af fundinum.⁸⁴⁹ Minnti (S)forstj að fundurinn hefði verið klukkutíma langur.⁸⁵⁰ Spurður um hvort hann hefði verið þátttakandi í fundinum sagði (S)forstj: „Já, já, ég eða ég var þarna og drakk mitt kaffi [...]“.⁸⁵¹

1575. Kom ítrekað fram hjá (S)forstj við skýrslutökuna að fundurinn hefði verið „kaffispjall“. Einnig lýsti (S)forstj fundinum sem „kaffifundi“.⁸⁵² Fyrir (S)forstj voru lögð gögn Samskipa dagana fyrir fundinn.⁸⁵³ Neitaði (S)forstj því að gögnin hefðu verið til umræðu á fundinum en sagði að gögnin hefðu verið „bara almennur undirbúningur fyrir hérna nákvæmlega bara kaffispjall sko.“⁸⁵⁴

1576. Aðspurður upplýsti (S)forstj að það hefði ekki verið haldin fundargerð á fundinum.⁸⁵⁵

1577. Lengi framan af skýrslutökunni hélt (S)forstj því fram að umræðuefni fundarins hefði aðeins varðað möguleg eignaviðskipti Samskipa og Eimskips.⁸⁵⁶ Sá framburður (S)forstj breyttist eftir að glærakynning Eimskips um „Nýtt upphaf“ verkefnið var lögð fyrir hann.⁸⁵⁷ Aðspurður um verkefni

⁸⁴⁸ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 20.

⁸⁴⁹ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 20 og áfram og bls. 89 – 90.

⁸⁵⁰ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. bls. 89. Í endurriti er vísað til [...] en rétt er [...], sbr. mín 32:50 í upptöku nr. 2 úr skýrslutökunni.

⁸⁵¹ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 21.

⁸⁵² Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 20 – 21, 88 – 89 og 104 – 109.

⁸⁵³ Tölvupóstur [...] til [...] 4. júní 2008, endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 101 – 102. Tölvupóstur [...] til [...] 5. júní 2008, endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 85 – 86, sbr. einnig fundargerð framkvæmdastjórnarfundar Samskipa 21. maí 2008, endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 101. Fundargerð framkvæmdastjórnar Samskipa 28. maí 2008, endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 101 (þar ranglega dagsett 21. maí 2008) og bls. 103.

⁸⁵⁴ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 85 – 89 og 101 – 106.

⁸⁵⁵ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 21.

⁸⁵⁶ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 20 – 26, 86 – 90 og 103 – 104.

⁸⁵⁷ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 104 – 109 og 122.



fimm sem koma fram í kynningunni og hvort þau hefðu tengst „kaffisþjallinu“ á fundinum 6. júní 2008 sagði (S)forstj:

„Ég held að þetta hafi verið viðrað, ég held að þetta hafi verið viðrað en að það hafi ekki verið [...] en að það hafi ekki verið, en að það hafi ekki verið neinn framgangur um eitt eða neitt.“⁸⁵⁸

1578. Um þetta sagði (S)forstj síðar við skýrslutökuna:

„[...] þetta hafi verið að þetta hafi verið hérna rætt yfir kaffisþjalli að það væri nú hægt að hérna skoða eitthvað af þessum þáttum [...]“.⁸⁵⁹

1579. Sagði (S)forstj jafnframt að þetta hefði verið kaffisþjall, „sem að menn hafa svo farið og hérna unnið frekar heima í húsi [...]“.⁸⁶⁰

7.3.6.1.2. Framburður (E)forstj hjá lögreglu

1580. Við skýrslutöku hjá lögreglu staðfesti (E)forstj að framangreindur fundur, þann 6. júní 2008, hefði átt sér stað. Hefðu hann og (E)stjform mætt til fundarins. Þar hefði (S)forstj tekið á móti þeim og vísað þeim upp í stórt fundarherbergi. Þeir hefðu sest niður og síðan hefði (S)aðaleig-stjform-SH gengið inn í herbergið. (E)forstj sagðist muna vel eftir fundinum og lýsti þessu: „Ég bara var starstruck að sitja á móti [(S)aðaleig-stjform-SH] og af því að, þess vegna man ég alveg eftir þessu.“⁸⁶¹

1581. Fullyrti (E)forstj að þetta hafi verið „frekar stuttur fundur“. Kvaðst (E)forstj minnst þess að (S)forstj hefði gengið fljótlega út úr fundarherberginu.⁸⁶² Framburður þessi er ekki í samræmi við framburð (S)forstj, sbr. framangreint.

1582. (E)forstj staðhæfði að ekki væri til fundargerð frá fundinum. Sagði (E)forstj að fundurinn hefði átt sér stað að frumkvæði (S)aðaleig-stjform-SH. Fundarbeiðnin „hafi bara komið í gegnum símkerfið“. Sagði (E)forstj að þetta hafi gerst stuttu eftir að Kaupþing banki hafi tilkynnt Eimskip það á fundi að bankinn hygðist innheimta 2,3 milljarða króna skuld Eimskips með fjárnámi og að skip yrðu stöðvuð. (E)forstj hefði tengt fundarbeiðni (S)aðaleig-stjform-SH við áður nefndan fund með Kaupþingi. Á fundinum hafi komið fram að Samskip vildu kaupa eignir af Eimskip, frystigeymslur, skip í Noregi, Containerships „og fleira“. (E)forstj hafi þá upplýst að eignirnar færu í opinbert sölufurli og Samskip gætu þá bara tekið þátt í því. Sagði (E)forstj að (S)aðaleig-stjform-SH hafi ekki orðið ánægður með svör Eimskips.⁸⁶³

1583. Aðspurður sagði (E)forstj engin gögn hafa verið lögð fyrir fundinn en (S)aðaleig-stjform-SH „var væntanlega með einhverja, eitthvað blað eða eitthvað sem hann renndi yfir, eignir“. Svaraði (E)forstj því aðspurður að hann og (E)stjform hefðu ekki gefið upp neinar upplýsingar á fundinum og þeir lesið þetta þannig að „þetta væri gjörsamlega tengt Kaupþingi“.⁸⁶⁴

1584. Glærुकynning Eimskips um „Nýtt upphaf“ verkefnið var síðan borin undir (E)forstj og var hann spurður hvort þetta hafi verið rætt á fundinum 6. júní 2008. Neitaði (E)forstj því og sagði: „Nei. [(S)aðaleig-stjform-SH] kom bara með einhvern agenda um að, um að kaupa eignir.“ Inntur eftir því hvort hann hafi rætt „Nýtt upphaf“ verkefnið eitthvað við (S)forstj neitaði (E)forstj því einnig.⁸⁶⁵

⁸⁵⁸ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 106.

⁸⁵⁹ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 109.

⁸⁶⁰ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 107.

⁸⁶¹ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 23 – 26.

⁸⁶² Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 23.

⁸⁶³ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 21 – 26.

⁸⁶⁴ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 24.

⁸⁶⁵ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 130.



1585. Þessi framburður (E)forstj stangast á við fyrirliggjandi gögn og framangreindan framburð (S)forstj sem sagði að öll verkefni sem fram komu í glærukynningunni hefðu verið „viðruð“ í þessu „kaffispjalli“ æðstu stjórnenda fyrirtækjanna.

7.3.6.1.3. Framburður (E)frkvstj-alþjsv og (S)frkvstj-millilandasv hjá lögreglu

1586. Samkvæmt framburði (E)frkvstj-alþjsv hjá lögreglu kvaðst hann ekki hafa vitneskju um fund Eimskip og Samskipa 6. júní 2008.⁸⁶⁶

1587. Við skýrslutöku (S)frkvstj-millilandasv neitaði hann að tjá sig um hvort hann hefði vitað um samskipti (E)forstj, (S)forstj og (S)aðaleig-stjform-SH. Staðhæfði (S)frkvstj-millilandasv síðar við skýrslutökuna að hann hafi ekki vitað af fundinum 6. júní 2008 eða verið upplýstur um hann.⁸⁶⁷

7.3.6.1.4. Athugasemdir Samskipa

1588. Í mgr. 570-571 í athugasemdum við AI kveða Samskip það ósanngjarnt að gera það tortryggilegt að (S)forstj hafi ekki greint Samkeppniseftirlitinu frá fundinum 6. júní 2008 við upplýsingagjöf í september 2013. Fundurinn hafi ekki verið (S)forstj „sérstaklega minnistæður“ og því eðlilegt að hann hafi ekki munað eftir honum.

1589. Í 569 í athugasemdum Samskipa við AI segir að (S)aðaleig-stjform-SH hafi ekki komið fram fyrir hönd Kaupþings banka á fundinum 6. júní 2008 en Eimskip hafði haldið öðru fram í framangreindu bréfi frá 13. október 2017.

1590. Í mgr. 8 í athugasemdum Samskipa við AI er sagt að umræður á fundinum hafi snúist annars vegar um kaup Samskipa á Containerships og hins vegar um kaup á frystigeymslum Daalimpex í Hollandi. Samskip staðhæfa að engar frekari viðræður hafi átt sér stað eftir fundinn 6. júní 2008, sbr. mgr. 658 í athugasemdum við AI.

7.3.6.2. Um glærukynninguna „Nýtt upphaf“

1591. Sem fyrr segir vistaði (E)frkvstj-alþjsv í fartölvunni sinni glærukynninguna „Nýtt upphaf“ sunnudaginn 8. júní 2008 og (E)forstj vistaði kynninguna daginn eftir á sínu heimasvæði hjá Eimskip.

1592. Við upplýsingagjöf í september 2013 greindu (E)forstj, (S)forstj og (E)frkvstj-alþjsv Samkeppniseftirlitinu ekki frá þessari glærukynningu eða þeim verkefnum sem hún lýsir.⁸⁶⁸

1593. Samkeppniseftirlitið óskaði á árinu 2105, með vísan til 19. gr. samkeppnislaga, eftir því að Eimskip afhenti alla samninga við Samskip, ásamt afritum af öllum samningsdrögum, tillögum eða hugmyndum að samstarfi (þ. á m. í formi glærukynninga). Í svari við þessari beiðni Samkeppniseftirlitsins afhenti Eimskip ekki umrædda glærukynningu. Í svari við samskonar fyrirspurn Samkeppniseftirlitsins veittu Samskip ekki upplýsingar um þessa glærukynningu eða efni hennar.

1594. (S)forstj, (E)forstj, (E)frkvstj-alþjsv og (S)frkvstj-millilandasv voru spurðir um „Nýtt upphaf“ glærukynninguna við skýrslutöku hjá lögreglu í maí 2018.

7.3.6.2.1. Framburður (E)forstj hjá lögreglu

1595. Eftir að hafa kynnt sér glærukynninguna „Nýtt upphaf“ við skýrslutöku hjá lögreglu neitaði (E)forstj því að hafa komið að gerð hennar.⁸⁶⁹

⁸⁶⁶ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 187.

⁸⁶⁷ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 21 og áfram og bls. 86 og áfram.

⁸⁶⁸ [...] var á þessum tíma ekki við störf hjá Samskipum.

⁸⁶⁹ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 119 og áfram.



1596. Samkvæmt (E)forstj var um að ræða skjal sem hefði verið til í „gagnagrunni“ Eimskips „löngu áður“ en (E)forstj hefði tekið við starfi forstjóra þann 21. maí 2008.⁸⁷⁰ Hélt (E)forstj því fram að glærुकyningin væri „gamalt skjal“ frá forstjóratið forvera síns ((E)forstj-fyrirv).⁸⁷¹ Var (E)forstj bent á við skýrslutökuna að kyningin innihéldi atvik sem komið hefðu til eftir að hann hóf störf sem forstjóri.⁸⁷² Til svars við þessu hélt (E)forstj því fram að „kyningin hafi verið uppfærð eitthvað“.⁸⁷³ Sagði (E)forstj að eftir að hann varð forstjóri hefði nafn hans verið sett inn í kyninguna í stað nafns (E)forstj-fyrirv (þ.e. í vinnuhópinum sem tilgreindur er í kyningunni).⁸⁷⁴
1597. Í framburði (E)forstj kom fram að í glærुकyningunni væri fjallað um mjög gömul verkefni. (E)forstj var þá bent á að glærुकyningin var á þessum tíma „up to date“. Í henni væri vísað til þess að unnið væri að nýjum Norður-Ameríku samningi en Eimskip hefði sagt upp þeim samningi 30. maí 2008. Var þetta borið undir (E)forstj. Svaraði (E)forstj því til að hann héldi að „kyningin hafi verið uppfærð eitthvað“.⁸⁷⁵
1598. Sagði (E)forstj að hann væri ekki viss um það hvort honum hefði verið „kynnt þetta verkefni“ sem glærुकyningin fjallar um.⁸⁷⁶ Síðar tók (E)forstj fram að (E)frkvstj-alþjv hefði sagt honum „að þetta hafi verið í gangi áður en“ hann hóf störf sem forstjóri Eimskips.⁸⁷⁷
1599. Enn síðar við skýrslugjöfina tók (E)forstj hins vegar fram að hann og (E)frkvstj-alþjv hefðu sagt upp ritara (E)forstj-fyrirv og hann minnti að þeir hefðu fundið þessa glærुकyningu hjá þeim ritara („að þegar við vorum að fara bara yfir allt sem var þarna á borðinu. Líka hjá (E)frkvstj-alþjv, að, að við hefðum, við hefðum dottið um þetta [þ.e. glærुकyningin „Verkefnið Nýtt upphaf“]).⁸⁷⁸
1600. Var (E)forstj bent á að verkefnið „Nýtt upphaf“ hefði komið inn á verkefnalista hans fyrir fundinn 6. júní 2008 og eftir fundinn hefði glærुकyningin „Nýtt upphaf“ verið vistuð hjá (E)frkvstj-alþjv 8. júní og hjá (E)forstj sjálfum 9. júní 2008. Kvaðst (E)forstj ekki þekkja þetta. Bar hann því við að „Nýtt upphaf“ á verkefnalista hans væri verkefnið sem tengdist „Nýja Eimskipi“ og endurskipulagningu fyrirtækisins.⁸⁷⁹
1601. (E)forstj var spurður um framangreindan vinnuhóp sem lýst er í glærुकyningunni. Í svari hans sagði; „ég held nefnilega að, að þessir, þetta, það er verið að setja inn sko ný nöfn þarna inn. Ég er kominn inn sem forstjóri og ég er bara settur þarna inn“, þ.e. í vinnuhópinum. Samkvæmt þessu hefði nafn (E)forstj verið sett í stað nafns (E)forstj-fyrirv. Taldi (E)forstj að „nn“ í vinnuhópnum væri væntanlega einhver frá Samskipum. Kvaðst (E)forstj ekki hafa „gert eitthvað mál“ vegna þessarar glærुकyningar.⁸⁸⁰
1602. (E)forstj sagði að verkefnin sem lýst er í glærुकyningunni væru „mjög umfangsmikil“/ „voða svona viðamikið“. Þetta væri ekki eitthvað sem hann hafi getað klárað á fyrstu dögnum í starfi sínu sem forstjóri Eimskips.⁸⁸¹

7.3.6.2.2. Vitnisburður (E)forstj-fyrirv hjá lögreglu

1603. (E)forstj-fyrirv hætti sem forstjóri Eimskips í febrúar 2008. Í vitnisburði (E)forstj-fyrirv hjá lögreglu var glærुकyningin „Nýtt upphaf“ borin undir hann. Jafnframt var borinn undir hann áður nefndur framburður (E)forstj um að glærुकyningin hafi orðið til í forstjóratið (E)forstj-fyrirv og að hann hefði

⁸⁷⁰ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 120 og 125.

⁸⁷¹ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 123 og 132.

⁸⁷² Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 136, sbr. einnig bls. 123.

⁸⁷³ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 123 og 136.

⁸⁷⁴ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 121.

⁸⁷⁵ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 135-136.

⁸⁷⁶ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 124.

⁸⁷⁷ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 126.

⁸⁷⁸ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 131.

⁸⁷⁹ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 122 – 123.

⁸⁸⁰ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 129.

⁸⁸¹ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 137.



verið í vinnuhópnum á undan (E)forstj. (E)forstj-fyrirv neitaði þessu og sagði: „Nei, það voru enginn vinnuhópar. Og það var bara engin samskipti við Samskip á þessum tíma”.

1604. Um þann framburð (E)forstj að verkefnið væri komið frá (E)forstj-fyrirv sagði hann: „Ég meina það væri mjög skrítið að ég væri að setja af stað vinnuhóp um Nýtt upphaf sko, í júní 2008 [...]” Aðspurður um hvort þetta væri verkefnið sem væri komið frá honum svaraði (E)forstj-fyrirv eftirfarandi: „Nei, nei, það er hérna, það er ekkert sem að ég kannast við og, og ég veit ekki hver hafi þá gert þá glærुकynningu sko.” Neitaði (E)forstj-fyrirv því jafnframt aðspurður að undirmaður hans hefði unnið að svona verkefni.⁸⁸²

7.3.6.2.3. Framburður (E)frkvstj-alþjv hjá lögreglu

1605. Við skýrslutöku hjá lögreglu var glærुकynning Eimskips um „Nýtt upphaf” verkefnið einnig borin undir (E)frkvstj-alþjv og honum bent á að kynningin hefði verið vistuð í tölvu hans að kvöldi 8. júní 2008.⁸⁸³ (E)frkvstj-alþjv kvaðst ekki muna hvort hann hefði haft aðkomu að því að útbúa kynninguna. Aðspurður kvaðst (E)frkvstj-alþjv heldur ekki vita hvenær hafist hefði verið handa við að semja kynninguna og bar því m.a. við að hann hefði ekki lengur aðgang að gögnum í fartölvunni þar sem hún hefði eyðilagst.⁸⁸⁴

1606. (E)frkvstj-alþjv staðfesti að við gerð glærुकynningarinnar 8. júní 2008 hefði verið notast við „staðlað” útlit hjá Eimskip.⁸⁸⁵ Sagði (E)frkvstj-alþjv einnig að þetta skjal hefði „verið það viðkvæmt að það var ekki hægt að senda þetta skjal á milli fleiri aðila.”⁸⁸⁶

1607. (E)frkvstj-alþjv bar því við að muna ekki eftir glærुकynningunni „Nýtt upphaf” en af framburði hans má sjá að hann taldi sig þekkja fjögur af fimm verkefnum sem talin eru upp í glærुकynningunni. Nánar tiltekið þekkti (E)frkvstj-alþjv öll verkefnið nema þau sem tengdust samstarfi Eimskips og Samskipa í landflutningum á Íslandi.⁸⁸⁷ Við skýrslutökuna kom í ljós að (E)frkvstj-alþjv tengdi glærुकynninguna við fund sem hann átti með Samskipum árið 2008. Fundinum lýsti (E)frkvstj-alþjv svo:

- Fundurinn hefði verið haldinn í höfuðstöðvum Samskipa á Íslandi, nánar tiltekið í fundarherbergi á 2. hæð, til vinstri. Aðspurður sagðist (E)frkvstj-alþjv ekki áður hafa komið inn á starfsstöð keppinautarins.
- Auk hans hefðu (E)forstj, (S)forstj, (S)frkvstj-millilandasv og (S)stjórnarm-fjármstj (fjármálastjóri Samskipa Holding sem einnig sat í stjórn Samskipa hf. á þessum tíma) setið fundinn.
- Framan af við skýrslutökuna taldi (E)frkvstj-alþjv að fundurinn hefði verið haldinn um haustið 2008.⁸⁸⁸

1608. Inntrur eftir því hver hefði kallað hann á þennan fund svaraði (E)frkvstj-alþjv því til að hann minnti að (E)forstj hefði beðið sig að koma á fundinn. (E)frkvstj-alþjv kvaðst reka minni til þess að Eimskip hefði á þessum tíma verið að selja eignir og það hafi verið „brýstingur frá Kaupþing banka að við myndum hitta þá”.⁸⁸⁹

1609. (E)frkvstj-alþjv upplýsti að ekki hefði verið haldin fundargerð frá fundinum. Þetta hefði verið bara „chat” um að Samskip hefðu áhuga á að kaupa eignir.⁸⁹⁰ Sá framburður er ekki að fullu í samræmi

⁸⁸² Hljóðupptaka af vitnaskýrslu [...] hjá lögreglu, frá mínútu 15:56.

⁸⁸³ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 129 og áfram.

⁸⁸⁴ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 134 – 139, 143 og 207 – 208.

⁸⁸⁵ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 138.

⁸⁸⁶ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 200.

⁸⁸⁷ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 129 – 133, 141 og 143.

⁸⁸⁸ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 33 og áfram og 198 – 199.

⁸⁸⁹ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 34, 36 og 50.

⁸⁹⁰ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 41.



við framburð (E)frkvstj-alþjvs fyrir við skýrslutökuna þar sem kom fram að umræðuefni fundarins hefði „einkum“ verið um eignarsölu.⁸⁹¹ Að sögn (E)frkvstj-alþjvs lýstu Samskip á fundinum yfir áhuga á að kaupa eftirfarandi eignir:

- Þrjú frystiskip í eigu dótturfélags Eimskips, Eimskip-CTG.⁸⁹²
- Dótturfélagið Containership.⁸⁹³
- Dótturfélagið Daalimpex.⁸⁹⁴

1610. Aðspurður neitaði (E)frkvstj-alþjvs að hafa átt í samskiptum við Samskip eftir fundinn.⁸⁹⁵

1611. Framburður (E)frkvstj-alþjvs tók hins vegar breytingum eftir að gögn voru borinn undir hann. Þá kom fram hjá (E)frkvstj-alþjvs að á fundinum hjá Samskipum hefðu verið rædd verkefni sem talin eru upp í glærukynningunni „Nýtt upphaf“. Hefði á fundinum t.d. verið rætt um umfangsmikið samstarf í skipaafgreiðslu með því að það yrði bara eitt „sameiginlegt skipaafgreiðslu fyrirtæki“ á Íslandi sem myndi annast slíka þjónustu.⁸⁹⁶ Einnig kom fram að (E)frkvstj-alþjvs hefði átt í frekari samskiptum við Samskip vegna þessa. Gerði hann grein fyrir fundi í lok júní 2008 með Samskipum í Rotterdam, sbr. nánar hér á eftir. Kom jafnframt fram hjá (E)frkvstj-alþjvs að glærukynningin „Nýtt upphaf“ og samskipti Eimskips og Samskipa í kjölfarið hefðu verið „afsprengi“ af þessum fundi.⁸⁹⁷

1612. Framburður (E)frkvstj-alþjvs um tímasetningu umrædds fundar með (E)forstj, (S)forstj, (S)frkvstj-millilandasv og (S)stjórnarm-fjármstj á árinu 2008 varð óljósari eftir að gögn málsins höfðu verið borin undir hann. Velti hann því þá fyrir sér hvort fundurinn hefði átt sér stað haustið 2008 eða hvort hann hefði átt sér stað á öðrum tíma það ár.⁸⁹⁸

7.3.6.2.4. Framburður (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv hjá lögreglu

1613. Við skýrslutökuna var framburður (E)frkvstj-alþjvs um áðurnefndan fund í höfuðstöðvum Samskipa borinn undir (S)forstj. Kvaðst (S)forstj ekki reka minni til fundarins.⁸⁹⁹

1614. Við skýrslutöku hjá lögreglu upplýsti (S)frkvstj-millilandasv heldur ekki um fundinn og neitaði að tjá sig um samskipti við starfsmenn og stjórnendur Eimskips. Hann neitaði einnig að tjá sig um hvort hann hafi setið fund eða fundi með (E)forstj og (E)frkvstj-alþjvs. Hann neitaði sömuleiðis að upplýsa um vitneskju sína um samskipti (E)forstj og (S)forstj.⁹⁰⁰

1615. Við skýrslutöku (S)forstj hjá lögreglu neitaði hann að hafa séð glærukynninguna „Nýtt upphaf“. Aðspurður að því hvort hann hafi komið að vinnu við „Nýtt upphaf“ verkefnið sagði (S)forstj:

„Nei, nei, nei, nei. Vitið þið að þið verðið að hérna skilja á milli þess að þessi verkefni sem eru þarna, þetta væri alltaf, ef að þetta hefði verið eitthvað sem hefði verið rætt eða útfært, þá hefði þetta alltaf verið fyrsta verk að koma því yfir í Samkeppniseftirlitið.“

1616. Var (S)forstj þá bent á að efni kynningarinnar sneri að auknu samstarfi fyrirtækjanna. Sagði (S)forstj þá að hann væri að sjá að „á báða bóga“ hefðu verið „einhverjar miklar fílósoferingar fyrir fund“.⁹⁰¹ Af efni skýrslutökkunnar er ljóst að þarna vísaði (S)forstj til fundar fyrirtækjanna 6. júní 2008. Ljóst

⁸⁹¹ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 37.

⁸⁹² Endurrit skýrslutöku [...], bls. 34.

⁸⁹³ Endurrit skýrslutöku [...], bls. 34.

⁸⁹⁴ Endurrit skýrslutöku [...], bls. 34.

⁸⁹⁵ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 50.

⁸⁹⁶ Endurrit skýrslutöku [...], bls. 132-133, 135 og 142

⁸⁹⁷ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 129 og áfram, sbr. einnig bls. 181 og 186.

⁸⁹⁸ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 131, 136, 140, 145 – 147, 186 – 190 og 198 – 199.

⁸⁹⁹ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 25 – 26 og 33 og áfram. Sbr. einnig efst bls. 21 um þar sem [...] segist ekki muna eftir öðrum fundum en fundinum 6. júní 2008.

⁹⁰⁰ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 18 og 22.

⁹⁰¹ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 105.



er því af skýringum (S)forstj að hann tengdi glærुकyninguna „Nýtt upphaf“ við fund fyrirtækjanna eða undirbúningi hans og að hann teldi að sambærileg hugmyndavinna („fílósóferingar“) hefði verið unnin hjá báðum fyrirtækjum í tengslum við fundinn. Gögn málsins sýna að þessi vinna fyrirtækjanna sem (S)forstj vísar þarna til tengdist skoðun á auknu samráði Eimskip og Samskipa.

1617. Í skýrslutöku (S)frkvstj-millilandasv hjá lögreglu sagði hann aðspurður að það gæti verið að hann hafi heyrt af verkefni frá Eimskip með nafninu „Nýtt upphaf“. Hann neitaði þó að hafa séð glærुकyninguna um verkefnið. Sagði (S)frkvstj-millilandasv jafnframt:

„[...] ef eitthvað var unnið í þessu, þá var það mjög, í mjög lokuðum hóp og, og, varð ekki að neinu.“⁹⁰²

1618. Eins nánar verður rakið hér síðar sýna samtímagögn að þessi samskipti Eimskip og Samskip í júní 2008 leiddu til aukins samráðs fyrirtækjanna. Framburður (S)frkvstj-millilandasv um að ekkert hefði orðið úr þessu er því ekki í samræmi við gögn málsins, sbr. einnig umfjöllun um framburð (S)forstj hér á eftir.

7.3.6.2.5. Athugasemdir Samskipa

1619. Í mgr. 9 – 12 í athugasemdum Samskipa við AI er því haldið fram að glærुकyningin væri frá árinu 2007 og það hafi verið tilviljun ein að (E)forstj hefði vistað hana 9. júní 2008.

1620. Í mgr. 555 - 557 í athugasemdum Samskipa við AI er staðhæft að (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv hafi aldrei séð þessa glærुकyningu fyrr en hún var borin undir þá við skýrslutöku hjá lögreglu í maí 2018. Samskip þekki hvorki efni kynningarinnar né „Nýtt upphaf“ verkefnið og hafi aldrei rætt þetta við Eimskip.

7.3.6.3. Um tölvupósta (S)forstj frá 10. og 11. júní 2008

1621. Sem fyrr segir sendi (S)forstj tölvupóst til (S)forstj-frystig, (S)frkvstj-MCL og (S)aðaleig-stjform-SH þann 10. júní 2008. Daginn eftir sendi (S)forstj tölvupóst til (S)forstj-frystig. Báðir tölvupóstar (S)forstj voru með heitinu „Eimskip“. Í fyrri tölvupóstinum greindi (S)forstj frá því að (E)frkvstj-alþjv myndi hafa samband við (S)forstj-frystig og (S)frkvstj-MCL til að ræða samstarf fyrirtækjanna og skipuleggja fundi. Myndi framkvæmdastjóri Containerships ((E)frkvstj-Contain) einnig taka þátt í fundinum með (S)frkvstj-MCL. Í seinni tölvupóstinum fjallaði (S)forstj um trúnaðarupplýsingar frá Eimskip. Var sá tölvupóstur svar við tölvupósti (S)forstj-frystig frá 10. júní 2008.

7.3.6.3.1. Framburður (S)forstj hjá lögreglu

1622. (S)forstj var við skýrslutöku hjá lögreglu spurður um framangreindan tölvupóst hans frá 10. júní 2008. Kvaðst (S)forstj ekki vita hvort hann hafi í tölvupóstinum verið að koma á fundum (E)frkvstj-alþjv með stjórnendum Samskipa erlendis. Hann kvaðst heldur ekki vita hvort þessir fundir með Eimskip hafi verið haldnir. Ef fundir Eimskip og Samskipa hafi verið haldnir þá lagði hann áherslu á það við skýrslutökuna að þeir fundir hafi ekki skilað neinu. Hins vegar sagði (S)forstj þetta einnig um tölvupóstinn:

„Sjálfsagt er þetta einhver summering af því sem hérna þar hafi verið, komið fram hugmyndir.“

1623. Vísaði (S)forstj þar til umræðna við Eimskip á fundinum 6. júní 2008.⁹⁰³

1624. Eins og fram kemur hér á eftir staðfesti (E)frkvstj-alþjv við skýrslutöku hjá lögreglu að fundir hafi verið haldnir með Samskipum.

⁹⁰² Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 88 – 89.

⁹⁰³ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 114-116 og 118 – 119.



1625. Við skýrslutökuna var (S)forstj benti á að á þessum tímapunkti, í byrjun júní 2008, hafi verið búið að skipa hann í vinnuhóp ásamt (E)forstj og (E)frkvstj-alþjv, sbr. framangreindar glærur Eimskips. Var (S)forstj því spurður hvort hann hafi fengið upplýsingar um fyrirætlanir Eimskips frá (E)forstj eða (E)frkvstj-alþjv. Svarami (S)forstj: „Nei, ég get ekki kommenterað á þetta”.⁹⁰⁴
1626. Var (S)forstj því næst spurður hvort hann hafi, daginn eftir að „Nýtt upphaf” kynningin var vistuð hjá (E)forstj (10. júní 2008), verið að vinna að verkefni sem fram kæmi í kynningunni:
- (S)forstj Mín best vitneskja er sú að hérna það var ekkert hérna ee, verið unnið eða, eða farið eftir, unnið að þessum málum.
- HS En þetta sem þú ert að gera, er það ekki að vinna að þessu?
- (S)forstj Já, það virðist vera”.⁹⁰⁵
1627. Við skýrslutökuna var (S)forstj benti á fundargerð stjórnar Samskipa Holding frá 14. júlí 2008. (S)forstj sat stjórnarfundinn og á honum var vísað til fundar með Eimskip varðandi samvinnu í „short sea” siglingum og að (S)aðaleig-stjform-SH og (S)forstj ætluðu að fylgja þessu máli eftir á Íslandi. Var (S)forstj spurður hvort hann gæti útskýrt þetta. Svarami (S)forstj því neitandi: „Nei, ekki að öðru leyti en ég, algjörlega enn og aftur að ég held kannski áfram að hérna fara lengra með einhverjar staðfestingar en það, það varð ekkert úr einu eða neinu”.⁹⁰⁶ Nánar verður fjallað um þennan fund hjá Samskipum Holding í kafla 8.10.1.
1628. Í tölvupósti til (S)forstj 10. júní 2008 vísaði (S)forstj-frystig til símafundar fyrr um daginn og spurði (S)forstj hver ættu að vera næstu skref vegna fundar hans með með (E)frkvstj-alþjv. (S)forstj var beðinn um að útskýra þennan tölvupóst við skýrslutöku hjá lögreglu. Í framburði (S)forstj kom fram að „það má vel vera að ég hafi sagt hérna að það hafi verið, væri áhugavert fyrir okkur að hérna samstarf þarna milli þessara geymslna. Ég veit ekki og hvort hann hafi átt fundi, ég bara þekki það ekki”.⁹⁰⁷ Varðandi tölvupóst hans frá 11. júní 2008 til (S)forstj-frystig kvaðst (S)forstj aðspurður ekki geta skýrt innihald hans.⁹⁰⁸ Var (S)forstj spurður hvaðan upplýsingarnar um fyrirætlanir Eimskips, sem fram kæmu í tölvupóstinum frá 11. júní 2008, væru komnar. Svarami (S)forstj:
- „Ég þekki það ekki”.⁹⁰⁹

7.3.6.3.2. Framburður (E)frkvstj-alþjv og (E)forstj hjá lögreglu

1629. Við skýrslutöku hjá lögreglu var borinn undir (E)frkvstj-alþjv framangreindur tölvupóstur (S)forstj frá 10. júní 2008. Upplýsti (E)frkvstj-alþjv að í kjölfar tölvupóstar (S)forstj hefðu hann og (E)frkvstj-Contain fundað með (S)frkvstj-MCL í Rotterdam. Á fundinum hafi verið rætt um samstarf Eimskips og Samskipa í „short sea” siglingum. Einnig hafi verið rætt um hvort Samskip hefðu áhuga á að kaupa Containerships. Þá upplýsti (E)frkvstj-alþjv um frekari samskipti (E)frkvstj-Contain og (S)frkvstj-MCL þar sem var rætt um samstarf í „short sea” siglingum. Staðhæfði (E)frkvstj-alþjv að þessar viðræður hafi ekki leitt til niðurstöðu.⁹¹⁰
1630. Aðspurður sagði (E)frkvstj-alþjv að Containerships hafi ekki heyrt undir hans ábyrgðarsvið heldur hafi sú starfsemi heyrt beint undir (E)forstj.⁹¹¹
1631. Við skýrslutöku hjá lögreglu var (E)forstj spurður út í Containerships og verkefnið um „short sea” samstarf Eimskips og Samskipa sem fram kæmi í glærुकynningunni „Nýtt upphaf”. Neitaði (E)forstj því að átt hefðu sér stað viðræður milli Eimskips og Samskipa tengdar „short

⁹⁰⁴ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 116 neðst.

⁹⁰⁵ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 117.

⁹⁰⁶ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 118 – 120.

⁹⁰⁷ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 113.

⁹⁰⁸ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 116.

⁹⁰⁹ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 113 – 120.

⁹¹⁰ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 174 – 176, neðst bls. 178 – 179 og 189 – 191.

⁹¹¹ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 182 og 191.



sea" flutningum. (E)forstj veitti engar upplýsingar um fyrrnefndan fund (E)frkvstj-alþjsv með Samskipum í Rotterdam.⁹¹² Gerði (E)forstj því næst lítið úr aðkomu sinni að glærुकyningunni um „Nýtt upphaf" verkefnið, sbr. umfjöllun hér að framan.

1632. Var (E)forstj boðið að tjá sig um áðurnefndan tölvupóst (S)forstj frá 10. júní 2008. Í þeim tölvupósti kom m.a. fram af hálfu (S)forstj að Eimskip hafi ekki haft áhuga á að eiga Daalimpex til lengri tíma lítið. (E)forstj var spurður um hvernig (S)forstj hafi vitað þetta. Hann kvaðst ekki vita það og neitaði því að þessar upplýsingar væru frá honum komnar.⁹¹³ (E)frkvstj-alþjsv var einnig spurður um þessi ummæli í tölvupósti (S)forstj um Daalimpex og frystigeysmlurekstur Samskipa og fund hans með (S)forstj-frystig. Svaraði (E)frkvstj-alþjsv svo: „Já, ég meina, þetta er bara framhald af þessu verkefni, það sem ég kom inn á áðan hérna fyrir í dag skilurðu".⁹¹⁴ Vísaði (E)frkvstj-alþjsv þarna til fundarins í höfuðstöðvum Samskipa. Hins vegar neitaði (E)frkvstj-alþjsv að hafa fundað með (S)forstj-frystig.
1633. Í framangreindum tölvupósti (S)forstj frá 10. júní 2008 var einnig minnst á Containerships. Í svörum (E)forstj kemur fram að þarna hafi Eimskip verið að missa eða selja Containerships. Aðspurður sagðist (E)forstj ekki hafa hugmynd um í hvaða tilgangi og í hvers umboði (E)frkvstj-alþjsv hafi hitt stjórnendur Samskipa. Þegar (E)forstj var inntur eftir því hvort hann hafi haft vitneskju um fyrrgreind samskipti (E)frkvstj-alþjsv og Samskipa voru svör hans þessi: „Nei ekki að Samskip væri að, að reyna að kaupa. Þeir höfðu náttúrulega áhuga á öllum okkar eignum heyrðum við í gegnum bankana. Og voru á okkar erfiða tímabili að hafa samband við bankana varðandi hvort þeir gætu komist inn í þessar eignir." Síðar kom fram hjá (E)forstj að Samskip hefðu verið að „þvælast" fyrir Eimskip með því að fara í bankana. „Þannig að þó það hafi ekki verið vilji hjá einum eða neinum að selja þeim eitt eða neitt af þessum eignum þá voru þeir gríðarlega að þvælast fyrir. Það var enginn vilji hjá okkur að selja þeim eina einustu eign sko, hvorki skip, hvorki frystigeysmlu."⁹¹⁵
1634. Hvorki við skýrslutöku (S)forstj né (S)frkvstj-millilandasv var kunnert eða upplýst að Samskip hafi árið 2008 leitað til lánardrottna Eimskips um kaup á eignum.⁹¹⁶
1635. Áðurnefndur framburður (E)frkvstj-alþjsv um fund hans með Samskipum í Rotterdam var jafnframt borinn undir (E)forstj við skýrslutöku hjá lögreglu. Kvaðst (E)forstj ekki hafa haft vitneskju af „einhverjum sérstökum fundi" (E)frkvstj-alþjsv og ekki hafa verið upplýstur um þessi samskipti við Samskip.

7.3.6.3.3. Athugasemdir Samskipa

1636. Í mgr. 565 – 566 í athugasemdum Samskipa við AI segir að tölvupóstur (S)forstj frá 10. júní 2008 „staðfesti lýsingar Samskipa á inntaki fundarins þann 6. júní 2008." Viðræður um möguleg kaup Samskipa á eignum Eimskips hafi ekki leitt til neinnar niðurstöðu. Í mgr. 658 í athugasemdum Samskipa kemur fram að þrátt fyrir umræddan tölvupóst (S)forstj hafi (E)frkvstj-alþjsv hvorki hitt (S)frkvstj-MCL né (S)forstj-frystig á fundi og „engar viðræður áttu sér stað um möguleg kaup eða samstarf milli félaganna á þessum mörkuðum að öðru leyti."
1637. Í mgr. 76 í bréfi Samskipa frá 13. janúar 2021 segir að (E)frkvstj-alþjsv hafi við skýrslutöku hjá lögreglu vísað til umrædds fundar í Rotterdam. Samskip hafi „enga vitneskju um það hvort eða þá hvenær slíkur fundur á að hafa farið fram. Hins vegar liggur fyrir að í kjölfar fundarins 6. júní 2008 reyndi (S)forstj að hafa milligöngu um fund milli (E)frkvstj-alþjsv og (S)forstj-frystig og/eða (S)frkvstj-MCL til að fylgja eftir umræðum um hugsanleg kaup á Daalimpex og Containerships. Það er því hugsanlegt, og í alla staði eðlilegt, að einhver samskipti hafi átt sér stað um það efni milli umræddra aðila." Í mgr. 85 er því mótmælt að á fundinum hafi verið rætt um samstarf Eimskips og

⁹¹² Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 148 – 149 og 154 – 156.

⁹¹³ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 148.

⁹¹⁴ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 174- 175.

⁹¹⁵ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 157 – 163.

⁹¹⁶ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu.



Samskipa í „short sea“ siglingum og í mgr. 89 er sagt að þessi fundur tengist ekki ímynduðu samráðsverkefni á nokkurn hátt.

1638. Í mgr. 576 – 577 í athugasemdum Samskipa við AI er staðhæft að upplýsingar um fyrirætlanir Eimskips, sem fram komu í tölvupósti sem (S)forstj sendi (S)forstj-frystig 11. júní 2008, hafi ekki verið komnar frá Eimskip.

7.3.6.4. Um verkefnalista (E)forstj og (E)frkvstj-alpjsv

1639. Sem fyrr segir var verkefnið „Nýtt upphaf“ merkt 5. júní 2008 á verkefnalista (E)forstj. Var hann ábyrgðamaður þess. Tengt þessu var stórt verkefni sem nefnt var „Þórshamar“ og var útbúinn sérstakur verkefnalisti vegna þess. Á þeim verkefnalista kom „Nýtt upphaf“ einnig fram sem eitt af verkefnunum sem féllu undir „Þórshamar“. Var (E)forstj einnig tilgreindur ábyrgðamaður „Nýs upphafs“ á þessum verkefnalista. (E)frkvstj-alpjsv bar einnig ábyrgð á vissum verkefnum á listanum. Í útgáfu þessa verkefnalista frá 16. júní 2008 var verkefnið „Nýtt upphaf“ rauðlitað og í útgáfu frá 30. september 2008 var verkefnið litað gult. Sum önnur verkefni voru lituð græn. Á listunum var miðað við að verkefninu „Nýtt upphaf“ myndi ljúka í nóvember 2008, sbr. kafla 7.3.4.

1640. Við skýrslutöku hjá lögreglu var (E)forstj fyrst spurður almennt um verklag og notkun á þessum verkefnalista. Kom eftirfarandi fram í svörum (E)forstj:

- „En ég allavega þetta er verkefni sem að, sem að ég vissi þá að voru í gangi“.⁹¹⁷
- „ég vinn svolítið í svona listum.“⁹¹⁸
- Aðspurður staðfesti (E)forstj að listinn væri „aðgerðarlisti“ og hann „[v]ar að reyna að vinna þennan lista niður“.⁹¹⁹
- Varðandi verklag hans við að bæta inn verkefnum á verkefnalistanum, sagði (E)forstj að málin á listanum hefðu verið „fæluð í plast“ en þau hefðu ekki verið aðgengileg með rafrænum hætti. Hann hefði gert þetta „af gamla skólanum“. Bjó til verkefni 1 o.s.frv. og setti í pappírinn í plast. „Þannig bara svona skjálakerfi hjá mér in those days“.⁹²⁰
- (E)forstj játaði að „owner“ á verkefnalistanum myndi vísa til ábyrgðarmanns viðkomandi verkefnis.⁹²¹
- Verkefni á listanum voru lituð rauð, gul eða græn. Í framburði (E)forstj sagði hann aðspurður um litakóðunina: „Sko gula, já græn þýðir að búið er að ljúka því“ „Rauða væntanlega ekki hafið“ „Gult í vinnslu“. „Ekkert flóknara en það“.⁹²²

1641. Um verkefnið Þórshamar sagði (E)forstj að þetta hafi verið verkefni sem honum hafi borið að vinna fyrir stjórn Eimskips og tiltók einnig: „Það er svolítið verkefni sem ég átti að vera að vinna við.“ Um þetta sagði (E)forstj jafnframt: „Ég átti að búa til sko hérna áhersluverkefni mín í Þórshamar þannig að sko verkefnið Þórshamar er orðið svolítið stórt og viðamikilið og svolítið öðruvísi en eitthvað annað þannig að þetta er ekkert, þetta er ekkert annað en það“. „[...] verkefnið Þórshamar er bara það sem ég þurfti að leggja fram fyrir stjórn og klára [...]“.⁹²³ Einnig sagði (E)forstj að verkefnalistinn kenndur við Þórshamar hafi verið: „A need to do list“.⁹²⁴

⁹¹⁷ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 109.

⁹¹⁸ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 114.

⁹¹⁹ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 111.

⁹²⁰ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 109 – 110.

⁹²¹ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 106 – 107.

⁹²² Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 118.

⁹²³ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 111 – 112.

⁹²⁴ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 116.

1642. Þegar kom að því við skýrslutökuna að (E)forstj var beðinn um að tjá sig um verkefnið „Nýtt upphaf“, sem var á verkefnalistunum, taldi hann verkefnið „væntanlega“ vera „nýtt start fyrir Eimskip“, þ.e. þegar nýja félagið væri búið að ganga í gegnum nauðasamninga o.s.frv.⁹²⁵
1643. Eftir að glærukynningin „Nýtt upphaf“ frá júní 2008 var að lokum borin undir (E)forstj breyttist framburður hans um notkun og verklag við verkefnalista hans.⁹²⁶ Þannig gerði (E)forstj mun minna úr aðkomu sinni að listunum, hvernig verkefnin komu inn á listann og hvort eða hvernig verkefnin á listanum voru unnin áfram, sbr. t.d.: „[...] ég náttúrulega á þessum tíma þegar ég er að kom inn fyrstu 15 dagana fæ ég mikið af, hinum og þessum punktum frá mörgum sem ég þarf að fara að vinna úr. Og, og þýðir ekkert að ég hafi tekið afstöðu til einhverra mála í því sem ég fékk. Alla þessa pakka ég fékk inn sem voru á listanum mínum yfir verkefnin“. „En ég bara safna að mér gögnum þegar þau voru að koma inn. Setti þau inn á listann eftir því hvað það hét og kannski og þetta hefur þá farið inná listann yfir verkefni og sem þarf að taka afstöðu til.“⁹²⁷
1644. Við skýrslutöku hjá lögreglu var umræddur verkefnalisti borinn undir (E)frkvstj-alþjsv. Staðfesti (E)frkvstj-alþjsv að um væri að ræða „to-do lista“ og verkefnalisti hafi verið það sem væri unnið með og þyrfti að klára og hafi þurft að „ráðast í“. Það hafi átt að „halda áfram að vinna í þessu [...] bara verkefni sem var komið og halda áfram“. Aðspurður staðfesti (E)frkvstj-alþjsv að „owner“ á verkefnalistanum bæri ábyrgð á viðkomandi verkefni. Kvaðst (E)frkvstj-alþjsv ekki þekkja, rauða, gula og græna litakóðun verkefnanna. Upplýsti (E)frkvstj-alþjsv að verkefnin hafi ekki komið fyrir í forgangs- eða mikilvægisröð á verkefnalistanum. Varðandi verklag við að setja mál inn á listann vísaði (E)frkvstj-alþjsv á (E)forstj. (E)forstj gæti best svarað til um verklagið. (E)frkvstj-alþjsv sagði að verkefnið „Þórshamar“ hafi verið mikilvægt verkefni og liður í endurskipulagningu Eimskips. Kunngerði (E)frkvstj-alþjsv einnig að verkefnið „Þórshamar“ hafi fengið það heiti þar sem það hafi verið „viðkvæmt verkefni“.⁹²⁸
1645. Í mgr. 542 í athugasemdum Samskipa við AI er bent á að „Nýtt upphaf“ verkefnið hafi verið nr. 104 á verkefnalista (E)forstj. Það sé ekki í samræmi við tilgátu Samkeppniseftirlitsins um að verkefnið vísi til einhvers „umfangsmesta samráðs Íslandssögunnar“.
1646. Líkt og fjallað er um í kafla 25.7 fellst Samkeppniseftirlitið ekki á framangreind sjónarmið Samskipa.
- 7.3.6.5. Um fund vinnuhóps Eimskips og Samskipa
1647. Eins og fram hefur komið lýsti (E)frkvstj-alþjsv við skýrslutöku hjá lögreglu fundi sem haldinn var í höfuðstöðvum Samskipa á Íslandi. Hann og (E)forstj hefðu setið fundinn og fulltrúar Samskipa hafi verið (S)forstj, (S)frkvstj-millilandasv og (S)stjórnarm-fjármstj. Á þessum fundi hafi verið rædd atriði sem komu fram á „Nýtt upphaf“ glærukynningunni. Telur Samkeppniseftirlitið að um hafi verið að ræða fund „vinnuhópsins“ sem vísað er til í glærukynningunni.
1648. Við upplýsingagjöf hjá Samkeppniseftirlitinu í september 2013 upplýstu (E)frkvstj-alþjsv, (E)forstj og (S)forstj ekki um þennan fund þeirra ásamt (S)frkvstj-millilandasv og (S)stjórnarm-fjármstj í húsakynnum Samskipa árið 2008. Í skýrslugjöf þeirra fólst að þeir hefðu ekki haft nein samskipti um málefni fyrirtækjanna sem þeir stýrðu eftir að (E)forstj tók við sem forstjóri Eimskips.⁹²⁹
1649. Í janúar 2015 óskaði Samkeppniseftirlitið eftir því að Eimskip og Samskip afhentu möguleg fyrirliggjandi gögn og upplýsingar um samskipti milli tiltekinna starfsmanna fyrirtækjanna, þ.m.t. (S)forstj, (E)forstj og (E)frkvstj-alþjsv. Hefðu átt sér stað samskipti, sem ekki kæmu fram í

⁹²⁵ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 114 – 117, 123 – 127 og 142.

⁹²⁶ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 119 og áfram.

⁹²⁷ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 156 og 133.

⁹²⁸ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 107 og áfram.

⁹²⁹ Endurrit af upplýsingagjöfum [...] og [...] til Samkeppniseftirlitsins 10.09.2013 og [...] 17.09.2013.



fyrirliggjandi gögnum hjá fyrirtækjunum, óskaði eftirlitið eftir upplýsingum um tímasetningu slíkra samskipta og milli hverra þau samskipti hafi verið.⁹³⁰

1650. Í svörum Eimskips frá 23. maí 2015, 23. október 2015, 20. nóvember 2015 og 19. febrúar 2016 voru ekki veittar upplýsingar um fundinn.
1651. Í svörum Samskipa frá 9. mars og 10. apríl 2015 voru ekki veittar upplýsingar um umræddan fund.
1652. Eins og áður segir komu fyrst upplýsingar um þennan fund við skýrslutöku (E)frkvstj-alþjsv hjá lögreglu í maí 2018. Þegar framburður (E)frkvstj-alþjsv var borinn undir (E)forstj við skýrslutöku hjá lögreglu neitaði (E)forstj ekki tilvist fundarins en sagðist ekki muna eftir honum. Inntur eftir því hvort það væri daglegt brauð að fara inn í húsakynni Samskipa svaraði (E)forstj því neitandi.⁹³¹
1653. Við skýrslutökuna var framburður (E)frkvstj-alþjsv um áðurnefndan fund borinn undir (S)forstj. Kvaðst (S)forstj ekki reka minni til fundarins.⁹³²
1654. Við skýrslutöku hjá lögreglu upplýsti (S)frkvstj-millilandasv heldur ekki um fundinn og neitaði að tjá sig um samskipti við starfsmenn og stjórnendur Eimskips. Hann neitaði einnig að tjá sig um hvort hann hafi setið fund eða fundi með (E)forstj og (E)frkvstj-alþjsv. Hann neitaði sömuleiðis að upplýsa um vitneskju um samskipti (E)forstj og (S)forstj.⁹³³
1655. Í mgr. 70 – 75 í bréfi Samskipa til Samkeppniseftirlitsins frá 13. janúar 2021 er fjallað um framburð (E)frkvstj-alþjsv við skýrslutöku hjá lögreglu vegna áðurnefnds fundar hans, (E)forstj, (S)forstj, (S)frkvstj-millilandasv og (S)stjórnarm-fjármstj í höfuðstöðvum Samskipa seinni hluta árs 2008. Kemur fram að starfsmenn Samskipa reki ekki minni til þess að umræddur fundur hafi verið haldinn. Samskip gætu hins vegar ekki útilokað að fundurinn hafi átt sér stað en þá hafi sá fundur, eins og fundurinn 6. júní 2008, aðeins varðað möguleg kaup Samskipa á eignum Eimskips. Af framburði (E)frkvstj-alþjsv í skýrslutökunni væri fyllilega ljóst að hann tengdi umræddan fund alfarið við sölu Eimskips á eignum á umræddum tíma og þrýsting af hálfu Kaupþings að hitta Samskip. Ljóst væri að (E)frkvstj-alþjsv hafi ekki tengt verkefnið á „Nýtt upphaf“ glærुकyningunni „á nokkrum tímamarki við fundahöld með Samskipum“ við skýrslutökuna hjá lögreglu. Samskip mótmæla því að umræddur fundur Eimskips og Samskipa í höfuðstöðvum Samskipa hafi verið fundur þeirra stjórnenda fyrirtækjanna sem höfðu verið skipaðir í „vinnuhóp“ samkvæmt glærुकyningunni um „Nýtt upphaf“ verkefnið, sbr. mgr. 80 í bréfi Samskipa frá 13. janúar 2021.

7.3.7. Sátt Eimskips við Samkeppniseftirlitið

1656. Af sátt Eimskips við Samkeppniseftirlitsins leiðir að fyrirtækið hefur dregið til baka þær röngu staðhæfingar sem það hafði sett fram í athugasemdum og bréfum fyrirtækisins vegna fundarins 6. júní 2008 og tengdra atvika, sbr. m.a. framangreint bréf Eimskips frá 13. október 2017. Þá hefur Eimskip viðurkennt að hafa brotið gegn 19. gr. samkeppnislaga með því að hafa ekki veitt Samkeppniseftirlitinu réttar upplýsingar við rannsókn málsins.
1657. Í sáttinni viðurkennir Eimskip einnig að hafa á árunum 2008 - 2013 átt í „samstarfi og samskiptum við Samskip sem hafi falið í sér alvarleg brot gegn 10. gr. samkeppnislaga og 53. gr. EES-samningsins.“ Hafi þetta alvarlega ólögmeata samráð hafist eftir fund fyrirtækjanna 6. júní 2008.
1658. Þessu er lýst nánar í 2. mgr. 1. gr. sáttarinnar. Þar segir að hin alvarlegu samráðsbrot „hafi falist í eftirfarandi aðgerðum sem gripið var til eftir fund með Samskipum 6. júní 2008, sbr. einnig „Nýtt upphaf“ glærुकyning Eimskips frá 9. júní 2008.“ Kemur síðan fram að brotin hafi m.a. falist í

⁹³⁰ Upplýsingabeiðni til Eimskips 23.01.2015, tölul. 7. Upplýsingabeiðni til Samskipa 29.01.2015, tölul. 6.

⁹³¹ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 25 – 26, 47 og 158 – 160.

⁹³² Endurrit skýrslu [...], bls. 25 – 26 og 33 og áfram. Sbr. einnig efst bls. 21 um þar sem [...] segist ekki muna eftir öðrum fundum en fundinum 6. júní 2008.

⁹³³ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 18 og 22.



samráði við Samskip „á síðari hluta ársins 2008 um breytingar á siglingakerfum og takmörkun á flutningsgetu í sjóflutningum til og frá Íslandi.“

7.3.8. Samantekt

1659. Samkvæmt framansögðu er óumdeilt að æðstu stjórnendur Eimskips og Samskipa hittust á fundi 6. júní 2008.
1660. Eftir ítrekaðar upplýsinga- og gagnabeiðnir Samkeppniseftirlitsins veittu Samskip í fyrsta sinn í byrjun árs 2016 upplýsingar, sem voru óljósar, um fundinn, sbr. bréf fyrirtækisins frá 14. janúar 2016, sbr. einnig bréf frá 24. nóvember 2017. Eimskip gerði hið sama í bréfi frá 13. október 2017.
1661. Í bréfi Eimskips frá 13. október 2017 var sú mynd dregin upp að í raun hafi ekki verið um að ræða fund með Samskipum. Sagt er að Eimskip hafi fengið „ósk um fund“ ekki með Samskipum heldur „með [(S)aðaleig-stjform-SH] fjárfesti, í kjölfar árangurslauss fundar með Kaupþingi banka hf. varðandi ósk Eimskips um „standstill“ samkomulag við kröfuhafa.“ Jafnframt hafi (E)stjform og (E)forstj mætt „til fundarins í þeirri trú að [(S)aðaleig-stjform-SH] kæmi þar fram fyrir hönd Kaupþings banka [...]“. Á fundi sem hafi staðið yfir í 5 – 10 mínútur hafi (S)forstj „yfirgefið fundinn strax í upphafi og áður haft sig lítið í frammí.“ Þannig dró Eimskip upphaflega upp þá mynd af fundinum að forstjóri Samskipa hafi vart verið á fundinum.
1662. Samskipa hafa staðhæft að umræðuefni fundarins hafi varðað hugsanleg kaup á erlendum eignum Eimskips og að fundurinn hafi ekki leitt til neinnar niðurstöðu. Jafnframt er staðhæft að engin frekari samskipti hafi átt sér stað milli fyrirtækjanna. Hið sama gerði Eimskip fram að undirritun sáttarinnar við Samkeppniseftirlitið.
1663. Í þessum bréfum frá 2016 og 2017 staðhæfa bæði Eimskip og Samskip einnig að engin gögn séu til um fundinn frá 6. júní 2008. Lagði hvorugt fyrirtækjanna fram gögn sem styðja frásagnir þeirra af aðdraganda og efni framangreinds fundar.
1664. Samkeppniseftirlitið vísar til umfjöllunar í kafla 4.7.3 um þýðingu þess í samkeppnisrétti að engin gögn séu til sem sýni umræður á fundi keppinauta. Getur þetta gefið til kynna að viðkomandi keppinautar hafi viljað leynd því sem rætt var um á viðkomandi fundi. Réttarframkvæmd sýnir að undir slíkum kringumstæðum verða keppinautar að sýna fram á að umræðuefni á fundi þeirra hafi verið lögmæt. Það hafa Samskip ekki gert. Það gerði Eimskip ekki heldur í meðferð málsins fram að undirritun sáttar. Til viðbótar hefur rannsókn Samkeppniseftirlitsins á samtímagögnum málsins ekki leitt neitt í ljós sem styður að á fundinum hafi eingöngu verið rætt um hugsanleg kaup Samskipa á eignum Eimskips.
1665. Þá er að finna rangfærslur í þessum frásögnum fyrirtækjanna. Sem fyrr segir leiðir af sátt Eimskips við Samkeppniseftirlitsins að fyrirtækið hefur dregið til baka þær röngu staðhæfingar sem það hefur sett fram vegna fundarins 6. júní 2008 og tengdra atvika. Samhengisins vegna er hins vegar rétt að benda hér á rangfærslur bæði Samskipa og Eimskips.
1666. Staðhæfing Eimskips í bréfinu frá 13. október 2017 um að lögð hafi verið fram fjárnáms- og kyrrsetningarbeiðni á hendur Eimskip til sýslumanns frá Kaupþing banka „strax eftir helgina“ er ekki rétt. Samkeppniseftirlitið bar þetta undir sýslumanninn á höfuðborgarsvæðinu. Í svari hans frá 23. október 2017 segir: „Ekki er að sjá í málaskrá sýslumannsins í Reykjavík að fjárnáms eða kyrrsetningarbeiðni hafi verið lagðar fram á hendur Eimskip (nú A1988 hf.) af hálfu Kaupþing banka hf. á árinu 2008.“ Þá er það einnig rangt að (E)forstj og (E)stjform hafi ekki átt frekari samskipti við (S)aðaleig-stjform-SH. Gögn málsins sýna að þeir áttu samráðsfund með honum þann 25. júlí 2008, sbr. kafla 8.13 hér á eftir.
1667. Sú skýring sem Eimskip gaf á viðveru (S)aðaleig-stjform-SH á fundinum, þ.e. að fyrirtækið hafi talið (S)aðaleig-stjform-SH sitja fundinn sem fulltrúa Kaupþings banka, er ekki trúverðug enda skýrði



fyrirtækið aldrei hvert hlutverk (S)forstj var á fundinum. Lýsing Eimskips á fundinum er jafnframt í andstöðu við samtímagögn sem urðu til í kjölfar fundarins. Þannig fá staðhæfingar Eimskips um „mikla gremju“ (S)aðaleig-stjform-SH ekki stöð í samtímagögnum. Sama á við um þá staðhæfingu félagsins sem varðar takmarkaða þátttöku og aðkomu (S)forstj en hún er í beinu ósamræmi við skipan umrædds vinnuhóps og þá miklu fyrirhuguðu samvinnu Eimskips og Samskipa sem lýst er í framangreindum glærum (E)forstj þremur dögum eftir fundinn, sbr. einnig framburð (S)forstj við skýrslutöku hjá lögreglu.

1668. Sú skýring Eimskips að fundurinn hafi aðeins staðið yfir í 5-10 mínútur var heldur ekki trúverðug. Í fyrsta lagi sýna samtímagögn um undirbúning fundarins að hann átti ekki að vera stuttur. Samkvæmt tölvudagbók (E)forstj átti fundurinn að standa frá kl. 12:00 til kl. 14:00. Aðstoðarmaður (S)aðaleig-stjform-SH hafði fengið þau skilaboð að fundarmenn myndu snæða saman. Tilkynnti aðstoðarmaðurinn þannig starfsmanni Kjalar þann 5. júní 2008 að fundurinn myndi byrja kl. 12:00 og að hann væri búinn að panta hádegismat fyrir fjóra. Bað hann að allt yrði gert klárt fyrir „hádegisverðarfund“.⁹³⁴ Við skýrslutöku hjá lögreglu kvaðst (S)forstj telja að fundurinn hefði staðið yfir í klukkutíma.
1669. Í þessu sambandi er jafnframt til þess að líta að Eimskip og Samskipum bar ekki saman, í umræddum bréfum frá árinu 2017, um hvaða eignir Eimskips hafi verið rætt um á fundinum. Samskip halda því fram að rætt hafi verið um frystigeymslur Eimskips í Hollandi (Daalimpex) og skipafélagið Containerships í Finnlandi, sbr. bréf félagsins frá 24. nóvember 2017. Í bréfi Eimskips frá 13. október 2017 er ekki minnst á að Containerships hafi verið til umræðu en tekið fram að Samskip hafi lýst áhuga á öllum frystigeymslum Eimskips erlendis, þ.e. ekki aðeins í Hollandi heldur einnig í Bretlandi, Kanada og Bandaríkjunum. Við skýrslutöku hjá lögreglu kvað (E)forstj jafnframt hafa verið rætt um skip Eimskips í Noregi og fleira. Hvorki Eimskip né Samskip hafa tilgreint að eignir Eimskips í Noregi hafi komið til umræðu. Við skýrslutöku hjá lögreglu kvað (E)frkvstj-alþjsv að rætt hafi verið um Daalimpex (ekki aðrar frystigeymslur Eimskips), Containerships og þrjú frystiskip í eigu dótturfélags Eimskips í Noregi, Eimskip-CTG. Þetta hafi hins vegar ekki verið á fundinum 6. júní 2008 heldur á öðrum fundi sem haldinn hafi verið í höfuðstöðvum Samskipa. Eins og að framan greinir tók framburður (E)frkvstj-alþjsv breytingum eftir að glærुकynningin um „Verkefnið Nýtt upphaf“ var borin undir hann. Framangreint ósamræmi dregur verulega úr trúverðugleika þess sem Samskip halda enn fram um umræðuefni fundarins 6. júní 2008. Þá eru sjónarmið Samskipa auk þess í ósamræmi við þeirra eigin samtímagögn fyrir og eftir fundinn.
1670. Jafnframt verður að hafa í huga að undirbúningsgögnin, sem unnin voru að beiðni (S)aðaleig-stjform-SH, gerðu í aðalatriðum ráð fyrir samvinnu við Eimskip en ekki kaupum á eignum. Skýrslan sem Egla tók saman fyrir (S)aðaleig-stjform-SH (og (S)stjform-S fékk í hendur 12. maí 2008) lýsti t.d. miklum ábata af samstarfi Eimskips og Samskipa í siglingum til og frá Íslandi, sbr. kafla 6.7.5. Eins og áður sagði sendi (S)stjform-S að kvöldi 5. júní 2008 tölvupóst til (S)aðaleig-stjform-SH. Vísaði hann til viðræðna við Eimskip og varaði (S)aðaleig-stjform-SH við að kaupa t.d. Containerships af Eimskip. Í samræmi við þetta vísaði (S)forstj í tölvpósti til (S)frkvstj-MCL, (S)forstj-frystig og (S)aðaleig-stjform-SH þann 10. júní 2008 til samstarfs við Containerships í „short sea“ siglingum.
1671. Samkeppniseftirlitið horfir einnig til þess að við skýrslutöku hjá lögreglu staðfesti (S)forstj að þau verkefni sem fram komi í glærुकynningunni um „Verkefnið Nýtt upphaf“ hafi verið „viðruð“ á fundinum 6. júní 2008 og að unnið hafi verið í þeim verkefnum eftir fundinn („menn hafa svo farið og hérna unnið frekar heima í húsi“).
1672. Hér skiptir og máli að (E)frkvstj-alþjsv staðfesti að verkefni sem fram komu í „Nýtt upphaf“ glærुकynningunni hafi verið rædd við Samskip. Það hafi verið á fundi á árinu 2008 sem hann og (E)forstj áttu með (S)forstj, (S)frkvstj-millilandasv og (S)stjórnarm-fjármstj í höfuðstöðvum

⁹³⁴ Sjá mgr. 1490 hér að framan.



Samskipa á Íslandi. Samkvæmt (E)frkvstj-alþjv hafi (E)forstj beðið hann að koma með sér á þann fund með Samskipum.

1673. Samkeppniseftirlitinu var ekki kunnugt um framangreindan fund (E)frkvstj-alþjv með (E)forstj, (S)forstj, (S)frkvstj-millilandasv og (S)stjórnarm-fjármstj á árinu 2008. Virt með öðrum gögnum málsins er það mat Samkeppniseftirlitsins að um hafi verið að ræða fund „Nýtt upphaf“ vinnuhópsins eða a.m.k hafi verið um að ræða fund til þess að fjalla um það aukna samráð Eimskips og Samskipa sem hófst eftir að (E)forstj hóf störf sem forstjóri Eimskips í maí 2008.
1674. Við skýrslutöku hjá lögreglu í maí 2018 neitaði (E)forstj því að þau verkefni sem fram komi í „Nýtt upphaf“ glærुकyningunni hafi verið rædd á fundinum 6. júní 2008. Hann neitaði því einnig að hafa rætt þessi verkefni sérstaklega við (S)forstj. Hér ber að líta til þess að framburður (E)forstj vegna þessara atvika hefur verið afar ótrúverðugur. Vísast hér til umfjöllunar um framburð við upplýsingagjöf hjá Samkeppniseftirlitinu í september 2013, sbr. kafla 7.1.1 hér að framan. Gagnvart Samkeppniseftirlitinu notaði (E)forstj orðið „hatur“ til að lýsa viðhorfi sínu til (S)forstj og til að undirstrika að hann hefði ekki átt í neinum samskiptum við (S)forstj. Þegar (E)forstj var spurður í september 2013 um hvort hann hafi átt í samskiptum við (S)aðaleig-stjform-SH svaraði hann: „Nei, Guð minn góður“. Greindi (E)forstj Samkeppniseftirlitinu því ekki frá fundinum 6. júní 2008. Við skýrslutöku hjá lögreglu í maí 2018 kvaðst (E)forstj hins vegar mun vel eftir fundi sínum með (S)aðaleig-stjform-SH 6. júní 2008. Orðaði hann það svo: „Ég var bara starstruck⁹³⁵ að sitja á móti [(S)aðaleig-stjform-SH] og af því að, þess vegna man ég alveg eftir þessu.“ Er þannig ekkert samræmi að þessu leyti í framburði (E)forstj í september 2013 og í maí 2018.
1675. (E)forstj greindi hvorki Samkeppniseftirlitinu né lögreglu frá fundinum sem (E)frkvstj-alþjv sagði að þeir tveir hefðu átt með (S)forstj, (S)frkvstj-millilandasv og (S)stjórnarm-fjármstj í höfuðstöðvum Samskipa á Íslandi. Þegar framburður (E)frkvstj-alþjv var borinn undir (E)forstj við skýrslutöku hjá lögreglu neitaði hann ekki tilvist fundarins en sagðist ekki muna eftir honum.
1676. Framburður (E)forstj við skýrslutöku hjá lögreglu vegna umræddrar glærुकyningar er einnig afar ótrúverðugur. Fyrst sagði (E)forstj að um væri að ræða gamla glærुकyningu frá (E)forstj-fyrirv, forvera hans, sem hafi verið „uppfærð eitthvað“. Síðan sagði (E)forstj að hann og (E)frkvstj-alþjv hefðu „dottið um“ þessa kyningu á skrifborði ritara (E)forstj-fyrirv þegar þeir voru að segja ritaranum upp. Kvaðst (E)forstj ekki vera viss um að honum hafi verið kynnt þessi verkefni sem fram koma í kyningunni en tók síðar fram að (E)frkvstj-alþjv hefði sagt honum „að þetta hafi verið í gangi áður en“ hann hóf störf sem forstjóri Eimskips. Aðspurður um þá staðreynd að samkvæmt glærुकyningunni hafi hann verið skipaður í vinnuhóp með (S)forstj og (E)frkvstj-alþjv sagði (E)forstj að hann hafi verið „bara settur þarna inn“, þ.e. í vinnuhópinn. Samkvæmt þessu hafi einhver sett (E)forstj í vinnuhópinn í stað (E)forstj-fyrirv. Kvaðst (E)forstj ekki hafa „gert eitthvað mál“ vegna þessarar glærुकyningar. Þá ber jafnframt að horfa til þess að skýringar (E)frkvstj-alþjv við skýrslutöku hjá lögreglu á þessum atvikum eru ekki í samræmi við skýringar (E)forstj. Ennfremur ber að líta til þess hvernig framburður (E)forstj tók breytingum þegar hann var spurður um verkefnalista sína og verkefnið „Nýtt upphaf“ sem þar kom fram.
1677. Eins og ítrekað hefur komið fram liggur fyrir í málinu að (E)frkvstj-alþjv vistaði umrædda glærुकyningu sunnudaginn 8. júní 2008. Klukkan 14:59 þann dag gaf (E)frkvstj-alþjv kyningunni heitið „verkefnið samstarf“. (E)frkvstj-alþjv vistaði aftur glærुकyninguna kl. 20:10 þennan sama dag og þá með nýju heiti; „verkefnið hagkvæmni“. Á þeim tímapunkti var titill kyningarinnar þessi: „Nýtt upphaf Júní 2008 Trúnaðarmál“ og þar komnar inn fimmtán glærur um verkefni sem sneri að því að „auka samstarf“ á milli Samskipa og Eimskips. Morguninn eftir vistaði (E)forstj þessa glærुकyningu undir heitinu „verkefnið nýtt upphaf“. Er hún á upphafsglæru dagsett í júní 2008 og í henni er (E)forstj sagður meðlimur í umræddum vinnuhópi. Eins og áður sagði var verkefnið „Nýtt

⁹³⁵ Starstruck: „Sú tilfinning sem hellist yfir mann og getur heltekið líkamann þegar maður hittir þjóðþekktu eða fræga manneskju.“ Sjá; arnastofnun.is/nyrdj/3158.



upphaf" merkt á verkefnalista (E)forstj daginn fyrir fundinn með Samskip, þ.e. 5. júní 2008. Ekkert hefur komið fram í málinu sem hagar þessum staðreyndum.

1678. (E)forstj-fyrirv hætti störfum hjá Eimskip í febrúar 2008 og vitnisburður hans um að umrædd glærkygning stafi ekki frá honum eða hafi ekki orðið til í forstjóratið hans þykir trúverðugur.
1679. Framburður (E)forstj getur því ekki breytt þeirri niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins að glærkygningin hafi verið á hans vegum og sé í beinum tengslum við fundinn 6. júní 2008.
1680. Eins og áður segir telur Samkeppniseftirlitið að tölvupóstur (S)forstj frá 10. júní 2008 til (S)frkvstj-MCL, (S)forstj-frystig og (S)aðaleig-stjform-SH sé hluti af framkvæmd á „Nýtt upphaf“ verkefninu sem lýst er í umræddri glærkygningu. Í þessum tölvupósti var m.a. undirbúið að (E)frkvstj-alþjv og (E)frkvstj-Contain myndu hitta (S)frkvstj-MCL til að ræða samstarf Eimskips og Samskipa í „short sea“ siglingum. Við skýrslutöku hjá lögreglu sagði (S)forstj um tölvupóstinn að „[s]jálf sagt er þetta einhver summering“ á umræðum við Eimskip á fundinum 6. júní 2008. Við skýrslutöku hjá lögreglu staðfesti (E)frkvstj-alþjv að hann og (E)frkvstj-Contain hefðu fundað með (S)frkvstj-MCL í Rotterdam til að ræða samstarf milli Eimskips og Samskipa í „short sea“ siglingum. Til viðbótar upplýsti (E)frkvstj-alþjv um frekari samskipti milli (E)frkvstj-Contain og (S)frkvstj-MCL vegna þessa samstarfs.
1681. Að mati Samkeppniseftirlitsins hafa þessar upplýsingar (E)frkvstj-alþjv um fund Eimskips og Samskipa í Rotterdam þýðingu. Styðja þær það mat eftirlitsins að vinna við „Nýtt upphaf“ verkefnið hafi hafist í kjölfar þess að æðstu stjórnendur Eimskips og Samskipa hittust 6. júní 2008.
1682. Þá hefur hér þýðingu að við skýrslutöku hjá lögreglu virtist (S)forstj líta svo á að umræddur tölvupóstur hans frá 10. júní 2008 tengdist verkefninu „Nýju upphafi“.
1683. (S)forstj kvaðst hins vegar ekki vita hvort þeir fundir með Eimskip sem fjallað er um í tölvupósti hans hafi verið haldnir. Við skýrslutökuna var (S)forstj bent á fundargerð stjórnar Samskipa Holding frá 14. júlí 2008. (S)forstj hefði setið stjórnarfundinn og á honum hefði verið vísað til fundar með Eimskip varðandi samvinnu í „short sea“ siglingum og að (S)aðaleig-stjform-SH og (S)forstj ætluðu að fylgja þessu máli eftir á Íslandi. Einnig var í fundargerðinni vísað til samstarfs við Eimskip í siglingum til og frá Íslandi.⁹³⁶ Var (S)forstj spurður hvort hann gæti útskýrt þetta. (S)forstj neitaði að tjá sig um þetta en tók þó fram að „það varð ekkert úr einu eða neinu.“ Þá kvaðst (S)forstj heldur ekki vita hvaðan hann hafi fengið trúnaðarupplýsingar um fyrirætlanir Eimskips sem fram komu í tölvupósti hans til (S)forstj-frystig frá 11. júní 2008. (S)forstj var þá við skýrslutöku hjá lögreglu bent á að á þessum tíma hafi verið búið að skipa hann í vinnuhóp ásamt (E)forstj og (E)frkvstj-alþjv. Var (S)forstj því spurður hvort hann hefði fengið upplýsingar um fyrirætlanir Eimskips frá (E)forstj eða (E)frkvstj-alþjv. Neitaði (S)forstj að tjá sig um þetta.
1684. Samkeppniseftirlitið bendir á að (S)forstj var forstjóri Samskipa á þessum tíma, samdi umrædda tölvupósta og sat framangreindan fund stjórnar Samskipa Holding 14. júlí 2008. Sú staðreynd að þáverandi forstjóri Samskipa hefur ekki getað eða kosið að útskýra ekki nánar þessi gögn hefur að mati Samkeppniseftirlitsins þýðingu við mat á hinu ólögsmæta samráði.
1685. Við skýrslutöku hjá lögreglu kvaðst (E)forstj ekki hafa vitað af framangreindum samskiptum (E)frkvstj-alþjv við stjórnendur Samskipa. Að mati Samkeppniseftirlitsins er þetta ekki trúverðugt. Ber að líta til þess að (E)frkvstj-alþjv og (E)forstj unnu náið saman á þessum tíma og „short sea“/Containerships málefni heyrðu undir ábyrgðarsvið (E)forstj.⁹³⁷ Þá skipta máli framangreindar upplýsingar (E)frkvstj-alþjv um að (E)forstj hafi óskað eftir því að (E)frkvstj-alþjv kæmi með honum að hitta (S)forstj, (S)frkvstj-millilandasv og (S)stjórnarm-fjármstj, þ.e. kæmi með honum á fundinn sem haldinn var í höfuðstöðvum Samskipa á Íslandi á árinu 2008. Hér skiptir einnig máli

⁹³⁶ Fjallað er um þann stjórnarfund Samskipa Holding í kafla 8.10.1.

⁹³⁷ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 157 – 158. Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, frá bls. 6 og endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, sjá t.d. bls. 13 – 15 og 104 – 106.

framburður (E)forstj sjálfs um aðkomu að málefnum Containerships á þessum tíma, sbr. framburð hans um fund hans með hinum eiganda Containerships nokkrum dögum áður, 2. júní 2008. Miðað við dagbókarfærslu (E)forstj sat (E)frkvstj-alþjsv einnig þann fund.⁹³⁸ Einnig horfir Samkeppniseftirlitið til þess að á verkefnalista (E)forstj frá byrjun júní 2008 voru verkefni tengd Containerships skráð á ábyrgð (E)forstj.⁹³⁹

1686. Að mati Samkeppniseftirlitsins hefur lýsing (E)forstj við skýrslutöku hjá lögreglu á mikilvægi verkefnalista hans og verkefnisins „Þórshamar“ þýðingu. Framburður (E)frkvstj-alþjsv styður þetta. Er þetta til stuðnings því að (E)forstj hafi á framangreindu tímabili unnið að hinu ólögmeta samráði við Samskip. Er þetta og til stuðnings því að (E)forstj hafi verið í umræddum vinnuhópi. Eins og áður sagði breyttist framburður (E)forstj þegar honum varð ljóst að lögregla bjó yfir gagni sem gaf til kynna að „Nýtt upphaf“ tengdist samstarfi við Samskip. Að mati Samkeppniseftirlitsins er sá framburður (E)forstj ekki trúverðugur.
1687. Til að draga framangreinda umfjöllun saman ber að mati Samkeppniseftirlitsins að virða í einu lagi a.m.k. eftirfarandi atriði sem fram koma í samtímagögnum málsins og lýst hefur verið í köflunum hér að framan:
- Undirbúningur á vegum (S)aðaleig-stjform-SH og (S)forstj á fyrrihluta ársins 2008 á viðamiklu samstarfi við Eimskip í m.a. siglingum til og frá Íslandi.⁹⁴⁰
 - Yfirlýsingar (S)forstj frá 20. maí 2008 um að hann þekkti (E)forstj vel og að meiri „mýkt“ myndi fylgja forstjóratið hans.
 - Rangfærslur (E)forstj og (S)forstj við upplýsingagjöf í september 2013 og maí 2018 um samskipti þeirra sýna að þeir vildu leyna þeim.
 - Strax eftir að (E)forstj hóf störf sem forstjóri lagði hann áherslu á að hefja viðræður við Samskip um Norður-Ameríku samninginn. Þrátt fyrir að þessi samningur við Samskip félli ekki undir ábyrgðarsvið (E)frkvstj-alþjsv var (E)forstj umhugað um að (E)frkvstj-alþjsv kæmi að þessu verkefni. (S)forstj og (E)frkvstj-alþjsv þekktust vel og voru í reglubundnum samskiptum.
 - Þann 30. maí 2008 sagði Eimskip upp Norður-Ameríku samninginn en óskaði á sama tíma eftir því að hefja „sem fyrst“ viðræður við Samskip um áframhaldandi samstarf. Þetta var gert þrátt fyrir að undirmenn (E)forstj lýstu yfir miklum efasemdum um hag Eimskips af þessu samstarfi við Samskip.
 - Fram kemur að ýmsir stjórnendur Eimskips töldu samstarfið við Samskip í Norður-Ameríkuflutningum ekki mikilvægt í stóra samhenginu. Því vekur athygli hvaða stjórnendur fyrirtækjanna koma að samningum um þá flutninga og það mikilvægi sem sá vettvangur fékk.
 - Á fundi framkvæmdastjórnar Eimskip 2. júní 2008 kom fram að framkvæmdastjóri sem bar ábyrgð á siglingakerfi fyrirtækisins ((E)frkvstj-flutnkerf) ætti að koma að viðræðum við Samskip um Norður-Ameríku samstarf. Norður-Ameríkusamningurinn féll hins vegar ekki undir ábyrgðarsvið (E)frkvstj-flutnkerf en fundargerð sýnir að (E)frkvstj-flutnkerf vann á þessum tíma að endurskoðun á siglingakerfi Eimskips á milli Íslands og annarra Evrópuríkja.
 - Þann 4. júní 2008 vann (S)forstj að stefnumörkun sem átti að vera lokið 6. júní 2008. Það hann (S)frkvstj-millilandasv að útbúa kynningu þar sem fjallað yrði um mögulegar breytingar á siglingakerfi Eimskips og um hvort unnt væri að draga úr flutningsgetu á markaðnum með því að Samskip og Eimskip myndu taka upp svipað samstarf í flutningum milli Íslands og Evrópu og

⁹³⁸ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 156 – 157 og 162.

⁹³⁹ Gagn í kafla 7.3.4 hér að framan. Sjá verkefni nr. 15, 20, 23, 33 og 101.

⁹⁴⁰ Sjá umfjöllun í kafla 4.7.6.3 um þýðingu undirbúningsgagna í samkeppnisétti.



fyrirtækin hefðu með sér í flutningum til og frá Norður-Ameríku. Vísaði (S)forstj í tölvupósti sínum til (S)frkvstj-millilandasv til fyrri umræðna um þessi málefni.

- Verkefnið „Nýtt upphaf“ er merkt 5. júní 2008 á verkefnalista (E)forstj.
- Glærukynningin „Verkefnið Nýtt upphaf“ er dagsett á forsiðu: „Júní 2008“.
- Mikill undirbúningur átti sér stað innan Samskipa 5. júní 2008 vegna fundar í hádeginu daginn eftir. Undirmönnum (S)forstj var ranglega sagt að um væri að ræða fund stjórnar Samskipa hf.
- Kvöldið 5. júní sendi (S)aðaleig-stjform-SH skýrslu frá Eglu til (S)forstj sem fjallaði um samstarf við dótturfélag Eimskips (Containerships) í „short sea“ siglingum. Áður hafði Eglu unnið skýrslu fyrir (S)aðaleig-stjform-SH sem fjallaði m.a. um samstarf Eimskips og Samskipa í siglingum til og frá Íslandi, sbr. skýrsluna sem Eglu sendi (S)stjform-S 12. maí 2008.
- Kvöldið 5. júní 2008 sendi (S)stjform-S tölvupóst til (S)aðaleig-stjform-SH. Vísaði hann til viðræðna við Eimskip og varaði (S)aðaleig-stjform-SH við að kaupa eignir af Eimskip.
- Fundur (S)aðaleig-stjform-SH, (S)forstj, (E)forstj og (E)stjform hófst kl. 12:00 föstudaginn 6. júní 2008.
- (E)frkvstj-alþjssv vistaði glærukynningu um „Nýtt upphaf“ verkefnið sunnudaginn 8. júní 2008. Hið sama gerði (E)forstj morguninn eftir.
- Glærukynningin „Nýtt upphaf“ er skýrt samtímagagn þar sem kemur fram að „ákveðið hefur verið“ að meta hagkvæmni þess að auka samstarf Eimskips og Samskipa. Þetta skiptir og máli;
 - verkefnið sem tilgreind eru í glærukynningunni koma að hluta til einnig fram í undirbúningsgögnum Samskipa,
 - skýrt kemur fram að vinnuhópur Eimskips og Samskipa hafi verið skipaður,
 - það voru tveir meðlimir vinnuhópsins ((E)forstj og (E)frkvstj-alþjssv) sem vistuðu glærukynninguna.
- Annar meðlimur í vinnuhópnum ((S)forstj) undirbjó þann 10. júní 2008 að (E)frkvstj-alþjssv og (E)frkvstj-Contain myndu funda með stjórnendum Samskipa ((S)frkvstj-MCL og (S)forstj-frystig) vegna verkefna sem komu fram á glærukynningunni.
- (S)forstj upplýsti (S)aðaleig-stjform-SH þann 10. júní 2008 um fyrirhugaða fundi (S)frkvstj-MCL og (S)forstj-frystig með (E)frkvstj-alþjssv og (E)frkvstj-Contain.
- (S)forstj miðlaði þann 11. júní 2008 trúnaðarupplýsingum til (S)forstj-frystig um framtíðaráform Eimskips.
- Verkefnið „Nýtt upphaf“ var að finna á lista (E)forstj yfir mikilvæg verkefni hans og gögnin sýna að (E)forstj hefði unnið í þessu verkefni. Verkefnið kom einnig fram verkefnalista (E)frkvstj-alþjssv.

1688. Við sönnun samráðsbrotar ber samkeppnisyfirvöldum að byggja á traustum og nákvæmum gögnum. Dómafrákvæmd sýnir hins vegar að ekki er nauðsynlegt að öll sönnunargögn í viðkomandi máli fullnægi þessum kröfum varðandi alla þætti brotsins. Það nægir ef vísbendingarnar í málinu (e. „set of indicia“) virtar í einu lagi fullnægja þessari kröfu. Þannig er það skýr regla í samkeppnisrétti að virða skuli sönnunargögn með heildstæðum hætti og ekki virða hvert gagn einangrað fyrir sig. Ekki þurfa því öll sönnunargögn að vera jafn sterk heldur nægir að gögnin virt saman sýni fram á brot. Vísast nánar um þetta til kafla 4.7.7.

1689. Saman styðja framangreind atriði þá niðurstöðu að Eimskip og Samskip hafi á fundinum 6. júní 2008 ákveðið að kanna möguleikann á því að auka verulega samráð sín á milli og þegar, í kjölfar fundarins, hafist handa við undirbúning á þessu. Þetta endurspeglast m.a. í tilurð og efni umræddrar glærukyningar og þeim ráðstöfunum sem strax var gripið til í því skyni að hrinda verkefnum í framkvæmd.
1690. Eftirfarandi framburðir sem komu fram við skýrslutöku hjá lögreglu eru þessu til stuðnings:
- (S)forstj staðfesti að þau verkefni sem fram komi í „Nýtt upphaf“ glærukyningunni hafi verið „viðruð“ á fundinum 6. júní 2008 og að unnið hefði verið í þeim verkefnum eftir fundinn („menn hafa svo farið og hérna unnið frekar heima í húsi“).
 - (E)frkvstj-alþjsv staðfesti að þau verkefni sem fram komi í „Nýtt upphaf“ glærukyningunni hafi verið rædd við Samskip. Það hafi verið á fundi sem hann og (E)forstj hafi átt á árinu 2008 með (S)forstj, (S)frkvstj-millilandasv og (S)stjórnarm-fjármstj í höfuðstöðvum Samskipa á Íslandi.
 - (S)forstj virtist líta svo á að tölvupóstur hans frá 10. júní 2008 til (S)frkvstj-MCL, (S)forstj-frystig og (S)aðaleig-stjform-SH tengdist „Nýtt upphaf“ verkefninu.
 - (S)forstj útskýrði tölvupóst (S)forstj-frystig til hans, dags. 10. júní 2008, með vísan til þess að „það má vel vera að ég hafi sagt hérna að það hafi verið, væri áhugavert fyrir okkur að hérna samstarf þarna milli þessara geymslna.“ Vísaði (S)forstj þannig til samstarfs við Eimskip.
 - (E)frkvstj-alþjsv staðfesti að hann og (E)frkvstj-Contain hafi fundað með (S)frkvstj-MCL í Rotterdam til að ræða samstarf milli Eimskips og Samskipa í „short sea“ siglingum. Er það í samræmi við það sem lagt er upp með í framangreindum tölvupósti (S)forstj frá 10. júní 2008. Til viðbótar upplýsti (E)frkvstj-alþjsv um frekari samskipti milli (E)frkvstj-Contain og (S)frkvstj-MCL vegna þessa samstarfs.
1691. Í samkeppnisrétti er litið svo á að sönnunargildi upplýsinga sem ganga gegn hagsmunum þess sem þær veiti sé almennt mjög mikið.⁹⁴¹ Þessir framburðir (S)forstj og (E)frkvstj-alþjsv eru þeim persónulega í óhag og styður það við gildi þeirra.
1692. Jafnframt liggur fyrir að í samkeppnisrétti er almennt litið á að yfirlýsingar eða viðurkenningar fyrirtækja sem séu andstæðar hagsmunum þeirra séu mjög áreiðanlegar. Á það enn frekar við ef viðurkenning leiðir bæði til stjórnvaldssektar og hættu á að skaðabótakröfum verði beint gegn viðkomandi fyrirtæki.⁹⁴² Í dómi Hæstaréttar frá 7. janúar 2021 í máli nr. 42/2019,

⁹⁴¹ Sjá t.d. mgr. 118 í dómi undirréttar ESB frá 16.06.2011 í máli nr. T-191/06, FMC Foret v Commission, EU:T:2011:277: „[...] statements which run counter to the interests of the declarant must in principle be regarded as particularly reliable evidence (see JFE Engineering and Others v Commission, paragraph 107 above, paragraphs 211 and 212; Joined Cases T-109/02, T-118/02, T-122/02, T-125/02 and T-126/02, T-128/02 and T-129/02, T-132/02 and T-136/02 *Bolloré and Others v Commission* [2007] ECR II-947, paragraph 166, and *Lafarge v Commission*, paragraph 116 above, paragraph 59).“ Sjá einnig Castillo De La Torre & Gippini Fournier, Evidence, Proof and Judicial Review in EU Competition law, 2017, bls. 191: „Higher probative value is normally attributed to evidence which goes against the interests of the person providing it. This has been confirmed on a number of occasions.“

⁹⁴² Sjá hér t.d. dóm dómstóls ESB frá 19.12.2013 í sameinuðum málum nr. m.a. C-239/11, *Siemens o.fl. gegn framkvæmdastjórninni*. Í því máli lá fyrir að fyrirtækið ABB hafði viðurkennt samráð og veitt samkeppnisfyrirvöldum upplýsingar. ABB var því ekki sektað. Framkvæmdastjórn ESB lagði hins vegar samtals 750 milljónir evra sekt á aðra þátttakendur samráðsins (þar af tæplega 400 milljónir evra sekt á Siemens). Fyrir dómstóli ESB gerði Siemens margskonar athugasemdir við að framkvæmdastjórnin hefði stuðst við viðurkenningu ABB á brotinu til að sanna brot hinna fyrirtækjanna, m.a. að viðurkenningin væri ekki trúverðug þar sem hún hefði leitt til þess að ABB slapp við sekt. Dómstóll ESB féllst ekki á þessa gagnrýni og staðfesti niðurstöðu um brot og sekt Siemens. Mat dómstólsins sem hér skiptir máli kemur t.d. fram í mgr. 128 – 142 í dóminum þar sem fjallað er um þá gagnrýni Siemens að niðurstaða framkvæmdastjórnarinnar um ólögmetta markaðsskiptingu (það samráð nefnt „the common understanding“) hafi byggst á viðurkenningu ABB. Í dóminum er meðal annars bent á að slík viðurkenning feli í sér umtalsverða lagalega og fjárhagslega áhættu, þar á meðal að skaðabótakröfum verði beint gegn viðkomandi fyrirtæki: „139. In so far as concerns the specific acknowledgement by ABB of its participation in the common understanding, such acknowledgement was clearly likely to run counter to the interests of that company, since it constitutes evidence which may be used against it by the Commission as a party which participated in the infringement, as is apparent from paragraph 108 of the judgment in *Mitsubishi Electric v Commission*.“



Samkeppniseftirlitið og íslenska ríkið gegn Byko ehf. og Norvik hf. og gagnsök, var talið að við mat á brotum Byko mætti horfa til sáttar þar sem gagnaðili Byko í samráðinu viðurkenndi brot, sbr. einnig umfjöllun í kafla 4.7.7.

1693. Hefur því þýðingu í málinu að Eimskip hefur í sátt viðurkennt að hafa eftir fundinn 6. júní 2008 hafið alvarlegt ólöglegt samráð við Samskip. Er þessi viðurkenning í fullu samræmi við það sem Samkeppniseftirlitið telur að samtímagögn beri með sér.
1694. Hér að framan voru reifuð sjónarmið sem Samskip hafa sett fram um m.a. fundinn 6. júní 2008, „Nýtt upphaf“ glærुकyninguna, tölvupósta (S)forstj frá 10. og 11. júní 2008 og verkefnalista (E)forstj og (E)frkvstj-alpjsv. Eins og rökstutt er í kafla 25.5-25.7 getur Samkeppniseftirlitið ekki fallist á þessi sjónarmið Samskipa.

7.4. „Nýtt upphaf“ / „New beginning“ / „Revised budget“

1695. Gögn Samskipa staðfesta að stjórnendur fyrirtækisins fjölluðu margítrekað um öll þau efnisatriði sem er að finna í „Nýtt upphaf“ glærुकyningu (E)forstj og mjög oft á sama tíma og stjórnendur Eimskips. Sú umfjöllun Samskipa var oft undir formerkjum verkefnisins „Revised budget“. Í samtímagögnum Samskipa er enga skilgreiningu að finna á verkefninu „Revised budget“, en samkvæmt orðalaginu má ætla að það taki til heildarendurskoðunar á rekstrar- og viðskiptaáætlun fyrirtækisins. Sem slíkt er það eðlilegt og löglegt verkefni svo fremi það byggi á eigin mati og forsendum fyrirtækisins og ekki á samráði við önnur fyrirtæki. Gögn málsins eru hins vegar ótvíræð um það að „Revised budget“ tók auk þess til ólöglegs samráðs við Eimskip. Mikilvægur hluti „Revised budget“ fjallaði því um sömu hluti og „Nýtt upphaf“ verkefnið, eins og lýst verður nánar í þessum kafla. Aukið samráð við Eimskip var þannig hluti af því þegar Samskip unnu að heildarendurskoðun á rekstrar- og viðskiptaáætlun fyrirtækisins („Revised budget“). Er í upphafi rétt að rifja upp nokkur atriði frá febrúar til og með maí 2008:
1696. Hér vísast einnig til framangreinds tölvupósts (S)forstj til (S)frkvstj-millilandasv frá 4. júní 2008 þar sem í tengslum við „revised budget“ er m.a. rætt um „vangaveltur um breytingar á kerfi keppinauta“ og hvort unnt væri að takmarka flutningsgetu „ skera kapacitet af markadi eda nyta a betri mata, th.e. med slot samningum milli okkar og keppinauta, svipað og US samstarf“, sbr. kafla 7.2.1.1.
1697. Vísað var til „Nýtt upphaf“ verkefnisins á verkefnalistum (E)forstj á fyrstu dögum júnímánaðar 2008 og unnið að „revised budget“ hjá Samskipum á sama tíma, þ. á m. fram á kvöld þann 5. júní 2008. Í þeirri endurskoðuðu áætlun gerðu (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv m.a. ráð fyrir markaðssókn sem næmi 41 þúsund tonnum í innflutningi, sbr. kafla 7.2.1.2. Ekki verður séð af gögnum málsins að innan Samskipa hafi þessu markmiði verið fylgt eftir. Sem fyrr segir var þann sama dag verið að undirbúa fund (E)forstj, (E)stjform, (S)forstj og (S)aðaleig-stjform-SH sem fór fram 6. júní 2008 á skrifstofu Kjalar að Suðurlandsbraut 18. Er það mat Samkeppniseftirlitsins að þessir stjórnendur fyrirtækjanna hafi á fundinum stillt saman aðgerðir sem ætlað var m.a. að stuðla að friði á mörkuðum þessa máls sem hafi leitt til þess að fyrrnefndu markmiði (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv um sókn var ekki fylgt eftir. Verður þetta mat rökstutt nánar í eftirfarandi umfjöllun.
1698. Eins og fyrr er lýst þá fólst í hinu ólöglega verkefni „Nýtt upphaf“ ákvörðun um að meta hagkvæmni verkefna sem byggðu á auknu samstarfi á milli Samskipa og Eimskips. Til að ná því markmiði eru þar talin upp einstök verkefni/verkbættir og þeim nánar lýst í glærुकyningu. Er þetta lýsing á aðgerðum sem fyrirtækin virðast hafa sammælt um að skoða nánar. Þá hafi verið um að ræða verkefni á hendi stjórnenda Samskipa sem felst í endurskoðun á rekstraráætlun félagsins fyrir árið

140. More generally, the Court has already had the opportunity to point out that a statement made by a person acting in the capacity of a representative of a company and admitting the existence of an infringement by that company entails considerable legal and economic risks (*Sumitomo Metal Industries and Nippon Steel v Commission*, paragraph 103).

141. Among those risks is that of actions for damages being brought before the national courts, in the context of which the Commission's establishment of a company's infringement may be invoked.”.



2008, „Revised budget“. Tekur sú endurskoðun til einstakra starfsþátta, svo sem skipakerfis, landflutninga o.s. frv., sem og fyrirtækisins í heild. Sumir af verkþáttunum í „Nýtt upphaf“ verkefninu voru forsendur í vinnunni við þessa endurskoðun á rekstraráætlun Samskipa. Af gögnum er ljóst að veigamiklar forsendur í þeirri endurskoðun, voru á tímabilinu ýmist hugmyndir um samstarf við Eimskip eða samkeppni við Eimskip. Þær forsendur breytast á tímabilinu sem endurskoðunin er unnin. Þar á meðal hvort það ætti að sækja eða sækja ekki í viðskiptavinum keppinautar. Gögn málsins sýna að línur hafi verið lagðar á fundi æðstu stjórnenda fyrirtækjanna 6. júní 2008 eins og lýst er hér að framan. Línan var samráð við Eimskip og ró á mörkuðum málsins.

1699. Eins og lýst er í kafla 8.13 sýna gögn málsins að þann 25. júlí 2008 hafi m.a. (S)aðaleig-stjform-SH og (E)stjform hist á fundi. Var sá fundur haldinn til þess að ræða „Nýtt upphaf“ verkefnið. Skömmu eftir að þeim fundi lauk átti (S)stjform-S (sem sat í stjórn Samskipa hf. og Samskipa Holding) bókaðan fund með (S)aðaleig-stjform-SH. Sem fyrr segir bar sá fundur eftirfarandi heiti í dagbók (S)stjform-S:

„Fundur með [(S)aðaleig-stjform-SH] vegna New Beginning“

1700. Við skýrslutöku hjá lögreglu var (S)forstj spurður um framangreint heiti á fundi (S)stjform-S og (S)aðaleig-stjform-SH 25. júlí 2008. Hann kvaðst ekkert vita um þetta.⁹⁴³ Aðspurður um það sama sagði (S)frkvstj-millilandasv:

„Þarna er búið að, búið að útlenska það“.

1701. Átti (S)frkvstj-millilandasv við að í fundarheitinu væri búið að þýða „Nýtt upphaf“ yfir á ensku. (S)frkvstj-millilandasv kvaðst hins vegar ekkert vita eða vilja segja frekar um þetta.⁹⁴⁴

1702. Eins og fram hefur komið sat (S)stjform-S í stjórn bæði Samskipa hf. og Samskipa Holding og var framkvæmdastjóri Kjalars, fjárfestingafyrirtækis (S)aðaleig-stjform-SH. Fundurinn 6. júní 2008 var haldinn í húsnæði Kjalars og kvöldið áður hafði (S)stjform-S í tölvupósti til (S)aðaleig-stjform-SH vísað til fyrirhugaðs fundar (S)aðaleig-stjform-SH með Eimskip. (S)stjform-S hafði og fengið í hendur þann 12. maí 2008 skýrslu sem Egla hafði unnið fyrir (S)aðaleig-stjform-SH og sýndi m.a. mikinn ábata af samráði við Eimskip í siglingum til og frá Íslandi. Telur Samkeppniseftirlitið ljóst að tilvísun í dagbók (S)stjform-S til „New Beginning“ sé tilvísun til „Nýtt upphaf“ verkefnisins.

1703. Samkvæmt þessu vísa heitin (eða verkefnin) „Nýtt upphaf“ og „New beginning“ til eins og sama verkefnis þessara keppinauta.

1704. Í AI og AII var umrætt samráðsverkefni Eimskips og Samskipa nefnt af Samkeppniseftirlitinu „NR“ samráðsverkefnið/verkefnið („Nýtt upphaf“/„Revised budget“). Var þetta gert til einföldunar en í gögnum málsins nota Eimskip og Samskip ekki þessa skammstöfun.

1705. Í athugasemdum Samskipa er því haldið fram að ekkert „NR samráðsverkefni“ hafi verið fyrir hendi. Eins og áður sagði var þessi skammstöfun aðeins notuð til einföldunar. Í því skyni að ágreiningur í þessu máli snúist ekki um aukaatriði mun Samkeppniseftirlitið hér eftir nefna framangreint verkefni Samskipa og Eimskips „Nýtt upphaf“ verkefnið. Nánar er fjallað um sjónarmið Samskipa þessu tengdu í kafla 25.8.

7.5. Einstakir þættir „Nýtt upphaf“ verkefnisins

1706. Eins og yfirlitsglæra í kynningunni „Nýtt upphaf“ ber með sér tók verkefnið til fimm meginþátta í starfsemi Eimskips og Samskipa:

⁹⁴³ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 121.

⁹⁴⁴ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 104-105.



- Sjóflutningar til og frá Íslandi
- „Short sea“ siglingar
- Frystigeymslurekstur
- Skipaafgreiðsla
- Innanlandspjónusta

1707. Kom fram í glærunni að ákveðið hefði verið að meta hagkvæmni ofangreindra verkefna „með því að auka samstarf á milli Samskip og Eimskips“. Við skýrslutöku hjá lögreglu var (S)forstj spurður um hvað átt væri við með þessu. Í svari hans kom fram: „[...] þetta er svo borðleggjandi, ef að svo ætti að vera, þá þyrfti það að vera hérna ee, atbeina Samkeppniseftirlitsins.“⁹⁴⁵ Einnig sagði (S)forstj um þessi verkefni að „ef að þetta hefði verið eitthvað sem hefði verið rætt eða útfært, þá hefði alltaf verið fyrst verk að koma því yfir í Samkeppniseftirlitið.“⁹⁴⁶
1708. Gaf (S)forstj þannig til kynna að það væri augljóst að það hefði þurft undanþágu frá samráðsbanni samkeppnislaga til þess að heimilt væri að auka samstarf Eimskips og Samskipa. Sem fyrr segir hefur (S)forstj hins vegar staðhæft að engu af því sem rætt hefði verið á fundi Eimskips og Samskipa 6. júní 2008 hefði verið hrint í framkvæmd.
1709. Eins og áður sagði vistaði (E)forstj umrædda glærukynningu 9. júní 2008. Við skýrslutöku hjá lögreglu var hann spurður um hvað átt væri við með því að auka samstarf Eimskips og Samskipa. (E)forstj kvaðst ekki vita það og hann hefði ekki útbúið þessa glærukynningu.⁹⁴⁷
1710. Í undirköflum hér á eftir verður fjallað nánar um þær glæzur sem lýsa ólíkum verkþáttum hins ólögsmæta „Nýtt upphaf“ verkefnis. Er tilgangur þessa að gefa strax í byrjun yfirlit yfir markmið, eðli og umfang þessa samráðs. Verður því einnig, í dæmaskyni, fjallað um tiltekin gögn sem sýna að bæði Eimskip og Samskip hafi gripið til aðgerða með það fyrir augum að kanna, koma á eða hrinda í framkvæmd þeim atriðum sem fjallað var um í glærum Eimskips. Samhengisins vegna verður einnig rífað upp samráð Eimskips og Samskipa, í þeirri starfsemi sem glærukynningin um „Verkefnið Nýtt upphaf“ tók til, sem var til staðar í byrjun júní 2008 þegar ákveðið var taka til athugunar að auka það samráð. Í næsta kafla þar á eftir verður með heildstæðum hætti greint frá atvikum í tímaröð frá og með miðjum júní 2008.

7.5.1. Samráð í frystigeymslurekstri

1711. Í kafla 5.6 er lýst ólögsmætu samráði tengt útflutningi á sjávarafurðum. Er þar lýst samráði Eimskips við fjölskyldufyrirtækið Kloosterboer fram að því að Samskip keyptu sjávarútvegsstarfsemi þess í apríl 2005. Var um að ræða bæði frystigeymslu- og frystiflutningastarfsemi Kloosterboer, m.a. frystigeymslur í Rotterdam og Ijmuiden í Hollandi. Fram á árið 2009 ráku Samskip þessa starfsemi undir nafni Kloosterboer. Kloosterboer fjölskyldufyrirtækið hélt hins vegar áfram rekstri á kæligeymslum fyrir t.d. ávexti.
1712. Eimskip keypti í september 2005 eignarhlut í Daalimpex en það fyrirtæki rak einnig frystigeymslur í Hollandi. Í janúar 2007 var greint frá því að Eimskip hefði eignast Daalimpex að öllu leyti.
1713. Í kafla 5.6 er því einnig lýst að samráð Eimskips og Kloosterboer í þjónustu við m.a. útflytjendur á sjávarafurðum frá Íslandi hafi haldið áfram eftir að Samskip keyptu sjávarútvegsstarfsemi Kloosterboer í m.a. Hollandi. Daalimpex kom einnig að því samráði eftir að Eimskip hafði eignast hlut

⁹⁴⁵ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 108.

⁹⁴⁶ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 105.

⁹⁴⁷ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 133.



í því fyrirtæki. (E)frkvstj-alþjsv sat í stjórn Daalimpex og sýnir umfjöllun í kafla 5.6 aðkomu hans að umræddu samráði.

1714. Ljóst er að þetta samráð Samskipa við Eimskip í frystigeymslustarfsemi var fyrir hendi á árinu 2008. Eftirfarandi gögn sýna þetta glögglega:

- Í málinu liggur fyrir fundargerð vegna fundar framkvæmdastjóra Daalimpex, (E)frkvstj-Daalimpex, með (E)frkvstj-alþjsv þann 11. mars 2008. Var þar fjallað um samráð við Samskip (Kloosterboer): „[(E)frkvstj-alþjsv] is asking how the relationship with Kloosterboer is. [(E)frkvstj-Daalimpex] mentions that this is good and that she is meeting them once every two/three months to make sure that we increase rates and we do not chase each others customers for lower rates anymore. This is working out well.”⁹⁴⁸
- Aftur var fjallað um samráð við Samskip í fundargerð vegna fundar (E)frkvstj-Daalimpex með (E)frkvstj-alþjsv 16. apríl 2008: „[(E)frkvstj-alþjsv] again asks [(E)frkvstj-Daalimpex] if she meets Kloosterboer [...] [(E)frkvstj-Daalimpex] says that she talks to Kloosterboer every two/three months to keep up and increase rates and to avoid that customers are playing us against each other again. [...] [(E)frkvstj-Daalimpex] suggests that it might be good to meet Kloosterboer together during the Seafood show in Brussels. [(E)frkvstj-alþjsv] agrees.”⁹⁴⁹ Samkvæmt þessu voru (E)frkvstj-Daalimpex og (E)frkvstj-alþjsv sammála um að hitta Samskip/Kloosterboer á sjávarútvegssýningunni í Brussel en sýningin stóð yfir frá 22. til 24. apríl 2008. Almennt var sú sýning vel sótt m.a. af útflytjendum á sjávarafurðum frá Íslandi.
- Þann 22. maí 2008 sendi (E)frkvstj-alþjsv tölvupósta til (E)frkvstj-Daalimpex. Kemur þar fram hugmynd eða hvatning um að þriðja fyrirtækið (Eurofrigo) taki þátt í umræddu verðsamráði Eimskips og Samskipa: „For your info then I met the MD of Eurofrigo due to Icelandic Logistic. He told me this was a very good time for them and good profitability so I have feeling after hearing from him and as well the Kloosterb. that we should be able to increase our profitability and move ourselves to same direction.”⁹⁵⁰ Daginn eftir sendi (E)frkvstj-alþjsv annan tölvupóst vegna þessa til (E)frkvstj-Daalimpex. Heiti póstsins er „Confidential” og þar segir (E)frkvstj-alþjsv m.a.: „This is proposal from Eurofrigo of increase in the rates-this is like the MD told me they have increased there [svo] rates quite a lot in past months. But this is confidential and for your use only.”⁹⁵¹

1715. Þessir tölvupóstar frá maí 2008 sýna að (E)frkvstj-alþjsv ræddi við Samskip og Eurofrigo um hækkun á verði. Fólst í þeim a.m.k. hvatning (E)frkvstj-alþjsv til (E)frkvstj-Daalimpex um að hefja verðsamráð við Eurofrigo. Í svari (E)frkvstj-Daalimpex segir hins vegar að Eurofrigo starfi á öðrum markaði: „We can not increase/charge the same level rates as they do unless we operate a cold store in the same market cq in Rotterdam.”⁹⁵² Hins vegar störfuðu umrædd dótturfélög Eimskips og Samskipa á sama markaði og veittu m.a. útflytjendum á íslenskum sjávarafurðum þjónustu.

1716. Hér skiptir máli að hollensk samkeppnisyfirvöld komust að þeirri niðurstöðu að m.a. Eimskip og Samskip hefðu átt í samráði á hollenska frystigeymslumarkaðnum á árunum 2006 - 2009. Í þessari ákvörðun Samkeppniseftirlitsins er fjallað um þær aðgerðir Eimskips og Samskipa sem höfðu eða var ætlað að hafa áhrif hér á landi. Ákvörðun hollenskra yfirvalda laut eðli málsins samkvæmt að brotum Eimskips og Samskipa sem gátu haft áhrif í Hollandi. Eftir sem áður varpar ákvörðun hollenska Samkeppniseftirlitsins ljósi á atvik þessa máls á árunum 2006 - 2009. Í fréttatilkynningu hollenska eftirlitsins frá 23. mars 2016 segir um þetta:

⁹⁴⁸ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.92461.

⁹⁴⁹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.92461.

⁹⁵⁰ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.93691. Svar [...] daginn eftir (svar inn í tölvupósti [...]). Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.93707.

⁹⁵¹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.93750.

⁹⁵² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.93748.



„The Netherlands Authority for Consumers and Markets (ACM) has imposed fines, totaling almost EUR 12.5 million, in three cases on four companies in the cold storage industry (freezing and refrigerated storage). Five executives each received personal fines, the highest of which was EUR 144,000. Between 2006 and 2009, the companies involved were holding merger talks, but, in those talks, they made arrangements about prices, exchanged competition-sensitive information, and shared customers among each other. As a result thereof, competition in the cold-storage market has been seriously impeded.

[...], Chairman of the Board of ACM, adds: „These companies made illegal agreements, and thus distorted competition. Competition is necessary for producing competitive prices, better quality, and innovation in markets. Cartels are simply not allowed. One company fully cooperated with the investigation, and will therefore see its fine reduced. During the investigations into the cold-storage market, two other companies also made promises to improve their behavior. With the fines and these promises, we wish to promote competition in this particular market.”

Fine reduction in exchange for cooperation with investigation

The companies involved, Eimskip, Kloosbeheer⁹⁵³, Samskip and Van Bon (now H&S Coldstores) have each been imposed fines between EUR 450,000 euro and EUR 9.6 million. These four companies are a vital link in our economy in the port and transportation sector.

Kloosbeheer has admitted to its mistakes, and has cooperated with ACM's investigation since the dawn raid. Because of this increased level of cooperation, its fine has been reduced by 10 percent. In the period under investigation, Kloosbeheer was holding merger talks. Kloosbeheer has admitted that it had been 'too open too soon,' and that competition rules can also be violated when exchanging information during merger talks. ACM has observed that Kloosbeheer has implemented structural changes to its corporate culture and structure in order to prevent violations in the future.

Frequent contact between competitors

Between 2006 and 2009, the companies that have been fined distorted competition in various ways. Anticompetitive arrangements have been discovered in various emails. Competition-sensitive information was frequently exchanged. For example, the managers informed each other about the price for food storage. They also told each other the current utilization rates of their storage facilities, and thus whether or not they were looking for jobs. Sometimes they made arrangements about who would get which customer or about what price increase would be passed on. Also, arrangements were made about bids to potential clients, which meant that it was clear in advance who would get the job.⁹⁵⁴

1717. Fyrir liggur að Eimskip áfrýjaði ekki niðurstöðu hollenskra samkeppnisyfirvalda.
1718. Samskip skaut hins vegar þessari ákvörðun til dómstóla. Þann 12. apríl 2018 felldi héraðsdómurinn í Rotterdam sekt Samskipa niður sökum formannmarka. Taldi dómstóllinn að frestur til að leggja á sekt samkvæmt hollenskum lögum hafi verið runninn út þegar sektin var lögð á. Hollenska samkeppniseftirlitið áfrýjaði þeim dómi. Þann 14. janúar 2020 felldi áfrýjunardómstóll dóm héraðsdóms úr gildi og vísaði málinu til nýrrar efnismeðferðar hjá honum.⁹⁵⁵ Í júlí 2022 staðfesti

⁹⁵³ Eignarhaldsfélag Kloosterboerfjölskyldunnar.

⁹⁵⁴ „ACM imposed fines of EUR 12.5 million on cold-storage firms”, AMC. 23.03.2016. Aðgengilegt á slóð:

<https://www.acm.nl/en/publications/publication/15609/ACM-imposed-fines-of-EUR-125-million-on-cold-storage-firms/>.

Ákvarðanir ACM vegna Eimskips og Samskipa eru aðgengilegar hér:

Málsnúmer 15.0328.31 slóð: <https://www.acm.nl/nl/publicaties/publicatie/15604/Boete-Eimskip-en-Samskip-vrieshuizen-IJmuiden-Velsen-voor-kartelafspraken/>.

Málsnúmer 15.0327.31: <https://www.acm.nl/nl/publicaties/publicatie/15602/Boete-Eimskip-koel--en-vrieshuizen-Vlissingen-kartelafspraken/>.

⁹⁵⁵ Sjá fréttatilkynningu hollenska eftirlitsins frá 14.01.2020:

<https://www.acm.nl/nl/publicaties/uitspraak-cbb-acm-bevoegd-om-boetes-op-te-leggen-bij-kartel-koel-en-vrieshuizen>



héraðsdómur niðurstöðu hollenska samkeppniseftirlitsins um þátttöku Samskipa í þessu ólögmeta samráði og að álögð sekt hafi verið hæfileg í ljósi þess að brot Samskipa voru alvarleg.⁹⁵⁶

1719. Við skýrslutöku hjá lögreglu var (E)frkvstj-alþjsv spurður um framangreindar fundargerðir frá mars og apríl 2008 þar sem (E)frkvstj-Daalimpex upplýsti (E)frkvstj-alþjsv um að hún hitti Kloosterboer reglulega í því skyni að hækka verð og koma í veg fyrir samkeppni um viðskiptavinum. (E)frkvstj-alþjsv kvaðst hafa verið yfirmaður (E)frkvstj-Daalimpex og borið ábyrgð á rekstri Daalimpex. Daalimpex hafi átt í fjárhagserfiðleikum á þessum tíma og sagði (E)frkvstj-alþjsv að hann hefði haft fyrirtækið „í gjörgæslu.“ (E)frkvstj-alþjsv kvaðst muna eftir þessum fundargerðum þar sem hann hafi farið yfir þær með hollenska samkeppniseftirlitinu. Eimskip, sem eigandi Daalimpex, hefði verið sektað fyrir ólögmett samráð en (E)frkvstj-alþjsv staðhæfði að hann hefði enga aðkomu haft að þessu samráði.⁹⁵⁷ Sagði (E)frkvstj-alþjsv að (E)frkvstj-Daalimpex hefði átt í samskiptum við Kloosterboerbróðurinn sem vann hjá Samskipum ((S)frkvstj-frystig). (E)frkvstj-alþjsv hefði aldrei hitt (S)frkvstj-frystig. Það hefði aðeins verið (E)frkvstj-Daalimpex sem hitti (S)frkvstj-frystig og væru „til email-ar þeirra á milli og eitthvað fleirra sko.“ Hefðu (E)frkvstj-Daalimpex og (S)frkvstj-frystig í raun verið að vinna gegn Eimskip.⁹⁵⁸ Þá hélt (E)frkvstj-alþjsv því fram að hann hefði aldrei lesið skjöl sem (E)frkvstj-Daalimpex sendi honum:

„En hún sendi fullt af skjölum og, og það var þarna sem ég var að spyrja hana: Hvernig gengur reksturinn, hvernig gengur þetta? Það er það, hún sendi bara alveg dobú af skjölum. Þannig að ég las þetta aldrei, því þetta var svo mikil vitleysa sem hún henti á mig, það er alveg, það er mörg attachment í þessu dóti.“⁹⁵⁹

1720. (E)frkvstj-alþjsv hélt því fram að niðurstaða hollenskra samkeppnisyfirvalda um ólögmett samráð Eimskips og Samskipa hefði verið „big surprise“ fyrir Eimskip. (E)frkvstj-Daalimpex og (S)frkvstj-frystig hefðu verið „prímus mótorarnir í þessu.“⁹⁶⁰
1721. Samkvæmt þessu staðhæfði (E)frkvstj-alþjsv hjá lögreglu að hann hefði aldrei hitt (S)frkvstj-frystig og hefði á árinu 2008 ekkert vitað um samráð Eimskips og Samskipa í frystigeymslupjónustu. Þetta er ekki í samræmi við samtímagögn. Í kafla 5.6.1 hér að framan er lýst fundargerð (E)frkvstj-alþjsv vegna fundar hans og (E)forstj-fyrirv, þáverandi forstjóra Eimskips, með m.a. (S)frkvstj-frystig þann 15. nóvember 2002. (S)frkvstj-frystig starfaði á þeim tíma fyrir fjölskyldufyrirtækið og á þessum fundi var rætt um aðgerðir til að draga úr samkeppni í þjónustu við m.a. útflytjendur á íslenskum sjávarafurðum. Eftir að Samskip keyptu sjávarútvegsstarfsemi Kloosterboer og (S)frkvstj-frystig varð starfsmaður Samskipa átti (E)frkvstj-alþjsv áfram í samskiptum við (S)frkvstj-frystig sem miðuðu að því að raska samkeppni. Gögn frá janúar – apríl 2006 sýna þannig samskipti (E)frkvstj-alþjsv og (S)frkvstj-frystig og gefa til kynna að þau hafi miðað að verðhækkun Eimskips og Samskipa á frystigeymslupjónustu, sbr. kafla 5.6.4 hér að framan. Ekki er heldur trúverðugt hjá (E)frkvstj-alþjsv að hann hafi ekki á árinu 2008 vitað af umræddu samráði Eimskips og Samskipa. Ekki er samræmi í því hjá (E)frkvstj-alþjsv að segjast annars vegar hafa haft Daalimpex „í gjörgæslu“ og hins vegar að hafa ekki lesið svör framkvæmdastjóra þess dótturfélags þegar hún svaraði fyrirspurnum (E)frkvstj-alþjsv um hvernig reksturinn gengi. Umræddar fundargerðir voru sendar af (E)frkvstj-Daalimpex sem hluti af svari hennar við spurningum sem (E)frkvstj-alþjsv setti fram í tölvupósti frá 30. apríl 2008. Þá eru framangreindar fundargerðir frá 11. mars og 16. apríl 2008 afar skýr samtímagögn þar sem (E)frkvstj-Daalimpex upplýsir (E)frkvstj-alþjsv um alvarlegt samráð við keppinaut. Þessar fundargerðir fylgdu með tölvupósti (E)frkvstj-Daalimpex frá 2. maí 2008 og í honum bauð hún (E)frkvstj-alþjsv að gera athugasemdir við efni fundargerðanna. Hvorki Eimskip né (E)frkvstj-alþjsv hafa lagt fram gögn sem sýna að gerð hafi verið athugasemd við efni fundargerðanna eða við það að (E)frkvstj-Daalimpex ætti í þessum bersýnilega ólögmetu

⁹⁵⁶ Sjá fréttatilkynningu hollenska eftirlitsins frá 08.07.2022: <https://www.acm.nl/nl/publicaties/rechtbank-acm-mocht-boete-opleggen-wegens-overtreding-kartelverbod-koel-en-vrieshuiszaak>.

⁹⁵⁷ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 161 – 162.

⁹⁵⁸ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 163-164.

⁹⁵⁹ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 164.

⁹⁶⁰ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 179 - 180.



samskiptum við (S)frkvstj-frystig. Þvert á móti gefur tölvupóstur (E)frkvstj-alþjsv frá 22. maí 2008 til kynna bæði vitneskju og aðkomu að þessu ólögmæta samráði. Hið sama gera framangreindar fundargerðir frá mars og apríl 2008


1722. Samkvæmt þessu er ljóst að í júní 2008 hafi verið fyrir hendi viðamikið ólögmætt samráð milli Eimskips og Samskipa í frystigeymslustarfsemi. Þessi aðdragandi skiptir máli þegar horft er til markmiðs í glærum Eimskips um „aukið“ samstarf við Samskip.
1723. Í „Nýtt upphaf“ glærukynningunni er fjallað um aukna samvinnu Eimskips við Samskip í frystigeymslurekstri.⁹⁶¹ Einnig átti að skoða samvinnu á sviði frystiskipaþjónustu (e. reefer) en á glærum 8 og 9 segir nánar tiltekið þetta:

3. Frystigeymslurekstur

- **Markmið**
 - Bæði félögin reka frystigeymslur í Hollandi og meta þarf hagkvæmni þess ef þessi rekstur yrði samþættur að einhverju eða öllu leyti
- **Verkefnið**
 - Skilgreina verkefnið og hversu langt skal ganga í samþættingu
 - Kanna hvar og hvernig mögulegt samstarf gæti verið
 - Frystiskipaþjónusta í tengslum við geymslur
 - Meta hagkvæmni þess miðað við núverandi fyrirkomulag


EIMSKIP

⁹⁶¹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.43122/0.7.33.90082.



3. Frystigeymslurekstur

- **Skoða mismundandi samlegð á milli félaganna**
 - Setja geymslurfyrirtækin saman
 - Vinnuafli
 - "management"
 - Upplýsingakerfi
 - Sölu- og markaðsmál
 - Ijmuiden, Rotterdam, Aalesund
 - **Skoða sameiginlega**
 - Kloosterboer, Samskip, Daalimpex



1724. Samkvæmt þessu átti m.a. að „skoða sameiginlega“ Kloosterboer, Samskip og Daalimpex.
1725. Hér ber að áréttu að Kloosterboer fjölskyldufyrirtækið hélt áfram rekstri á geymslum eftir að hafa selt Samskipum sjávarútvegshluta fyrirtækisins á árinu 2005. Einnig ber að rifja upp að einn fjögurra Klosterboerbræðranna, (S)frkvstj-frystig, starfaði hjá Samskipum á þessum tíma og átti samkvæmt (E)frkvstj-alþjsv í ítrekuðum samskiptum við undirmann hans, (E)frkvstj-Daalimpex. Aðrir Klosterboerbræður koma hér einnig við sögu. Í kafla 5.9 hér að framan er greint frá tölvupósti sem einn bræðranna, Kloosterb2, fékk sendan 1. ágúst 2007 vegna kvörtunar Atlantsskipa. Í tölvupóstinum er vísað til upplýsinga frá einum bróður til viðbótar, Kloosterb3, um að Eimskip og Samskip skiptu með sér markaðnum fyrir sjóflutninga og sökum þessa væri ekki hagnaður af rekstri Atlantsskipa. Í þessu samhengi ber að líta til þess að við skýrslutöku hjá lögreglu upplýsti (E)frkvstj-alþjsv að af Kloosterboerbræðrum hefði hann helst verið í samskiptum við Kloosterb3.⁹⁶² Í kafla 8.15.8 hér á eftir er lýst tölvupósti umrædds (S)frkvstj-frystig frá 21. ágúst 2008 þar sem hann lýsir samtali sínu við (S)forstj-frystig (fyrirgreindan forstjóra yfir frystigeymslustarfsemi Samskipa). Í því samtali kom einnig fram að Eimskip og Samskip skiptu markaðnum á milli sín. Jafnframt kom fram í tölvupóstinum að (S)frkvstj-frystig hefði rætt við (E)frkvstj-Daalimpex og hann hvetti (S)forstj-frystig til að ræða við hana. Eins og fram kom í framangreindum fundargerðum Daalimpex frá mars og apríl 2008 átti (E)frkvstj-Daalimpex í reglulegum samskiptum við Samskip ((S)frkvstj-frystig) þar sem fjallað var um hækkun á verði á frystigeymslupjónustu. (E)frkvstj-alþjsv lýsti slíkum samskiptum við Samskip í framangreindum tölvupósti hans frá 22. maí 2008 til (E)frkvstj-Daalimpex.
1726. Í ljósi þessa alls hefur þýðingu að bæði Samskip og Eimskip áttu í júní 2008 í viðræðum við meðlimi Kloosterboer fjölskyldunnar um frystigeymslumarkaðinn. Var þar m.a. um að ræða framangreindan Kloosterb2. Skal þessu lýst nánar.
1727. Sýna gögnin að (E)forstj og (E)frkvstj-alþjsv hafi átt fund með Kloosterb2 og Kloosterb4, fjórða Kloosterboerbróðurnum, þann 2. júní 2008.⁹⁶³ Daginn eftir sendi Kloosterb2 tölvupóst til (E)frkvstj-

⁹⁶² Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 166 og 176-117.

⁹⁶³ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.236140.



alþjso og (E)forstj (afrit til Kloosterb4) með heitinu „*Visit 2nd June*“. ⁹⁶⁴ Í honum var Eimskip þakkað fyrir opnar umræður og góðan sameiginlegan kvöldverð. Segir að þeir hlökkuðu til að fá trúnaðaryfirlýsingu frá Eimskip sem þeir myndu strax skrifa undir. Þeir yrðu í sambandi við Eimskip í tengslum við fjárhagslegar upplýsingar, eins og uppgjör 2007, fyrstu fimm mánuði 2008, magn og komandi fjárfestingar. Síðan segir; „*and only after a common feeling we continue*“.

1728. Þennan sama dag (3. júní 2008) sendi (E)frkvstj-alþjso tölvupóst til (E)forstj með heitinu „*Trúnaðarsamkomulag*“ og viðhengið: „*Confidentiality – kloosterboer.doc*“ sem voru drög að trúnaðaryfirlýsingu og bað um athugasemdir frá (E)forstj áður en hann sendi hana til Kloosterb2 og Kloosterb4. Einnig kom fram hjá (E)frkvstj-alþjso að í smíðum væri „*glærupakki*“ sem yrði sendur til Kloosterb2 og Kloosterb4.⁹⁶⁵ Þremur mínútum síðar vistaði (E)forstj á heimasvæði sínu glærukynninguna „*Daalimpex 2006-2008-2*“ en titill glæru er „*Daalimpex Logistic – Strictly confidential and for private use only June 2008*“.⁹⁶⁶ Í þessari glærukynningu kemur m.a. eftirfarandi fram:

- Eimskip sé með þrjá möguleika til skoðunar varðandi framtíð Daalimpex:
 - Renna Eimskip í Hollandi saman við Daalimpex og ná þannig fram margskonar hagræði
 - Renna Daalimpex saman við frystigeymslufyrirtæki Eimskips í Norður-Ameríku (Versacold/Atlas)
 - Selja Daalimpex til Kloosterboer fjölskyldunnar og gera samning til langs tíma um kaup á þjónustu af fjölskyldufyrirtækinu. Segir að umfjöllunin í glærukynningunni miðist við þann valkost.
- Þá er lýst viðræðum þessara fyrirtækja um hækkun á verði gagnvart viðskiptavinum á frystigeymslumarkaði og að 3% verðhækkun geti aukið arðsemi verulega:

„*On the customer side, rate increases, energy cost etc.*“

- *Only 3% increase in rates will improve profitability considerable*
- *Based on discussions with Kloosterboer then they have achieved on average 2.8%*“
- Ýmis tækifæri er sögð felast í kaupum Kloosterboer fjölskyldunnar á Daalimpex, m.a. aukið aðgengi að íslenskum viðskiptavinum:

„*The opportunities for Kloosterboer*“

- *Eimskip has been promoting to the Icelandic customers to store in Holland instead of Iceland. Already positive developments have taken place and there are more potential in the future*“
- Í lokaglærunni setti Eimskip fram söluverð á Daalimpex og var tekið fram að í samræmi við viðræður vænti Eimskip þess að fá viðbrögð frá Kloosterb2 og Kloosterb4 eigi síðar en 11. júní 2008.

⁹⁶⁴ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.95793 / 0.7.33.95802.

⁹⁶⁵ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.95813.

⁹⁶⁶ Afhent tölvuskjal frá Eimskip 23.03.2015. „*Daalimpex 2006-2008-2*“. Vistað síðast á heimasvæði [...], dags. 06.06.2008, kl. 14:42 (samkvæmt upplýsingum um skjalið er það síðast breytt kl. 13:56 „*last modified*“ 06.06.2008). Um er að ræða 14 glæur sem tengjast umræddu verkefni Eimskips og Samskipa, þ.e. að dótturfélag Samskipa, Kloosterboer, myndi kaupa dótturfélag Eimskips, Daalimpex. Af efni glærukynningarinnar má ráða að um sé að ræða kynningu á Daalimpex fyrir Kloosterboer. Á glærunum má sjá að samhliða sölu Eimskips á Daalimpex átti að gera langtíma þjónustusamning (samstarf) milli Eimskips og Kloosterboer. Kemur fram á síðustu glærunni að Eimskip vilji fá viðbrögð frá Kloosterboer ekki seinna en kl. 12 föstudaginn 11.06.2008. Þar segir jafnframt að tengiliður vegna þessa sé fyrir hönd Eimskips [...] (sem var í vinnuhóp samráðsverkefnisins).



1729. Samkvæmt framansögðu höfðu (E)forstj og (E)frkvstj-alþjv átt fund með Kloosterb2 og Kloosterb4 2. júní 2008 og rætt m.a. um fyrirætlanir Eimskips og möguleg kaup Kloosterboer fjölskyldunnar á dótturfélagi Eimskips í Hollandi, Daalimpex. (E)forstj staðfesti framangreint efni fundarins í skýrslutöku hjá lögreglu.⁹⁶⁷
1730. Skömmu eftir að fundi (S)aðaleig-stjform-SH, (S)forstj, (E)stjform og (E)forstj lauk þann 6. júní 2008 sendi (E)frkvstj-alþjv tölvupóst til Kloosterb2 og Kloosterb4 vegna framangreindra viðræðna. Afrit af tölvupóstinum var sent til (E)forstj. Tölvupósturinn bar heitið: „Strictly confidential / Project coldstore“. Meðfylgjandi honum var undirrituð trúnaðaryfirlýsing og glærुकyning um Daalimpex. Í tölvupóstinum segir: „See enclosed information regarding Daalimpex. Like we discussed in our meeting then Eimskip is currently evaluating its strategy and as an outcome it is either to team up with a good partner like Kloosterboer or strenghten our coldstore activities in Holland ourselves. The information that is attached should give you an overview of the company [...] Again it is very important that we keep this project strictly confidential and as agreed with [Kloosterb4] then no one will sign on behalf of Daalimpex, see enclosed document.“⁹⁶⁸
1731. Trúnaðaryfirlýsingin var dagsett 4. júní 2008 og undirrituð af (E)forstj og Kloosterb2 og Kloosterb4. Á 1. bls. í henni kemur fram að til standi að kanna eftirfarandi: „That Kloosbeher B.V.⁹⁶⁹ would acquire the shares of Daalimpex Behher in Holland and make long term service agreement with Hf. Eimskipafélag Islands in relation to coldstore activities.“ Jafnframt kemur fram að Kloosterboer fjölskyldufyrirtækið (Kloosbeher B.V.) skuldbindi sig til að keppa ekki við Daalimpex á meðan á framangreindri könnun stæði og í sex mánuði til viðbótar ef könnuninni lyki án niðurstöðu.⁹⁷⁰
1732. Glærुकyningin sem fylgdi með tölvupósti (E)frkvstj-alþjv var sú sama og (E)forstj vistaði 3. júní 2008 og lýst var hér að ofan.⁹⁷¹
1733. Glærुकyningin gefur til kynna að á fundinum 2. júní 2008 hafi (E)forstj, (E)frkvstj-alþjv, Kloosterb2 og Kloosterb4 rætt m.a. um hækkun á verði. Með sendingu þessarar kynningar þann 6. júní 2008 til Kloosterb2 og Kloosterb4 lagði (E)frkvstj-alþjv frekar á ráðin um að fyrirtækin myndu beita sér fyrir verðhækkunum gagnvart viðskiptavinum. Eftirfarandi minnisblað Kloosterb2 og Kloosterb4 frá 12. júní 2008 styður þetta.
1734. Eins og lýst er í kafla 7.3.2 hér að framan sendi (S)forstj-frystig tölvupóst til (S)forstj 10. júní 2008. Í póstinum vísaði (S)forstj-frystig til símafundar og spurði um næstu skref vegna fyrirhugaðs fundar hans með (E)frkvstj-alþjv vegna Daalimpex. Síðar sama dag sendi (S)forstj tölvupóst til (S)forstj-frystig, (S)frkvstj-MCL og (S)aðaleig-stjform-SH þar sem hann fjallaði um áhuga Eimskips á að renna Daalimpex saman við frystigeymslufyrirtæki Samskipa. Upplýsti (S)forstj að Eimskip hefði til lengri tíma litið ekki áhuga á að vera eigandi Daalimpex. Sagði (S)forstj að (E)frkvstj-alþjv hefði símanúmer (S)forstj-frystig og myndi hafa samband og skipuleggja fund. Þann 11. júní 2008 sendi (S)forstj tölvupóst til (S)forstj-frystig og miðlaði til hans trúnaðarupplýsingum um áform Eimskips. Kom m.a. fram að það væri liður í breyttri stefnu Eimskips að efla frystiflutningsmiðlun (e. „reefer forwarding“).
1735. Við skýrslutöku hjá lögreglu var (S)forstj spurður um þessa tölvupósta og er gerð grein fyrir svörum hans hér að framan. (S)forstj var einnig spurður um tölvupóstinn sem (S)forstj-frystig sendi honum 10. júní 2008. Þar vísaði (S)forstj-frystig til símafundar með (S)forstj og spurði um næstu skref vegna fundar hans með (E)frkvstj-alþjv varðandi Daalimpex. („ref telcon earlier today can you pls. let me know re next steps vis a vis my meeting with the european md of eimskip [(E)frkvstj-alþjv] re daalimpex“). Í svari (S)forstj sagði að það „má vel að ég hafi sagt herna að það hafi verið, væri

⁹⁶⁷ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 141.

⁹⁶⁸ Afrituð tölvuskjöl frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.96247.

⁹⁶⁹ Við skýrslutöku hjá lögreglu benti [...] á að Kloosbeher hafi verið eignarhaldsfélag Kloosterboer fjölskyldunnar: Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 169.

⁹⁷⁰ Afrituð tölvuskjöl frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.96247.

⁹⁷¹ Afrituð tölvuskjöl frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.96247.



áhugavert fyrir okkur hérna samstarf þarna á milli þessara geymslna". (S)forstj kvaðst hins ekki vita hvort (E)frkvstj-alþjv og (S)forstj-frystig hefðu fundað.⁹⁷² Aðspurður sagði (S)forstj að framangreindur tölvupóstur hans hefði „sjálfsagt“ verið „summering“ á þeim hugmyndum sem komu fram á fundi Eimskips og Samskipa 6. júní 2008.⁹⁷³

1736. Við skýrslutöku hjá lögreglu hélt (E)forstj því fram að engar viðræður hefðu átt sér stað milli Eimskips og Samskipa um aukið samstarf í frystigeymslurekstri.⁹⁷⁴

1737. Þann 12. júní 2008 sendi Kloosterb2 tölvupóst til (E)frkvstj-alþjv og (E)forstj. Í honum vísaði Kloosterb2 til fundarins 2. júní í Reykjavík með Eimskip. Meðfylgjandi var minnisblað Kloosterb2 og Kloosterb4 sem fól í sér svar við glærukynningunni sem (E)frkvstj-alþjv sendi 6. júní 2008. Þar kemur fram að fyrirtæki þeirra bræðra (áður nefnt Kloosbeher B.V.) væri mjög áhugasamt um frekari viðræður við Eimskip um Daalimpex. Fjallað er síðan um mat Kloosterb2 og Kloosterb4 á aðstæðum á markaði. Þar segir m.a.:

„Rates have increased from 2006 on. In earlier days rates stayed flat or dropped because of competition.“

1738. Einnig kemur fram í minnisblaðinu að hætta væri á því að aukin afkastageta frystigeymslna gæti skapað hættu á verðstríði. Fyrirtæki þeirra bræðra hefði hins vegar náð að stöðva verðsamkeppni í frystigeymsluþjónustu vegna ávaxta og þessi aðferðafræði gæti einnig náð til sjávarafurða:

„We expect a new price war when stocks will diminish and coldstore occupation will drop. However, within the fruit segment this cyclus has come to a stop. We recently bought 50% of the shares in Seabrex/Rotterdam and we already see benefits of a common approach to the fruitmarket. Our interest in Daalimpex is based on the same principles and can apply for example for the fishbusiness.“

1739. Eru í minnisblaðinu sagðir margir kostir við kaup á Daalimpex. Það væru einnig ókostir:

„However, there might also be negative effects. Apart from NMA⁹⁷⁵ (competition authorites) we might face unhappy clients because competition is practically gone. We would like to discuss this as well in a next meeting. And besides, it might also be interesting to discuss the future situation in case you decide to sell to another party.“

1740. Til viðbótar segir í minnisblaðinu að Kloosterb2 og Kloosterb4 vildu fá frekari upplýsingar um Daalimpex en tekið er fram að þeir þekktu framkvæmdastjóra þessa dótturfélags Eimskips ((E)frkvstj-Daalimpex) mjög vel.⁹⁷⁶

1741. Sem fyrr segir áttu Kloosterboerbræður einnig í viðræðum Samskip á þessum tíma. Sést þetta af tölvupósti sem Kloosterb2 sendi til (S)forstj þann 13. júní 2008:

„We discussed at the airport the possibility of buying back Rotterdam/Ijmuiden. I will give you a call early next week. What is yr mob phone number.“⁹⁷⁷

1742. Samkvæmt þessu höfðu Kloosterb2 og (S)forstj rætt möguleikann á því að bræðurnir myndu kaupa til baka frystigeymslur í Hollandi sem þeir höfðu selt Samskipum í apríl 2005.

1743. Við skýrslutöku hjá lögreglu var (E)frkvstj-alþjv spurður um tengsl þessara viðræðna við Kloosterb2 og Kloosterb4 við það sem kemur fram í glærukynningunni „Nýtt upphaf“ um frystigeymslurekstur. Hélt (E)frkvstj-alþjv því fram að það væru engin tengsl á milli þessa. Var (E)frkvstj-alþjv þá bent

⁹⁷² Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 113.

⁹⁷³ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 116.

⁹⁷⁴ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 141.

⁹⁷⁵ Hollenska samkeppniseftirlitið.

⁹⁷⁶ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.96567.

⁹⁷⁷ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc ID. 0.7.33.528777.



á að í glærukynningunni og í gögnunum sem vörðuðu Kloosterb2 og Kloosterb3 væri fjallað um sömu atriði. Játáði (E)frkvstj-alþjv því. Sagði (E)frkvstj-alþjv að við Samskip hefði verið rætt um Daalimpex en viðræðurnar við bræðurna Kloosterb2 og Kloosterb4 hefðu gengið lengra.⁹⁷⁸

1744. Þann 21. júní 2008 voru (S)forstj og Kloosterb2 aftur í samskiptum vegna ofangreinds. Eftir símafund 19. júní 2008 ákváðu (E)frkvstj-alþjv og Kloosterb2 að hittast í Hollandi þann 24. júní 2008. Þennan dag átti (E)frkvstj-alþjv einnig fund með (S)frkvstj-MCL í Hollandi. Var þetta í samræmi við framangreindan tölvupóst sem (S)forstj sendi 10. júní 2008. Einnig var um að ræða frekari aðgerðir til þess að hrinda þessum verkþætti hins ólögmæta „Nýtt upphaf“ verkefnis í framkvæmd. Verður nánar fjallað um þetta í kafla 8.2.3.

7.5.2. Samráð í „short sea“ siglingum

1745. Í kafla 5.4 er fjallað um ólögmætt samráð Eimskips og Samskipa í Evrópusiglingum til júní 2008 en a.m.k. frá árinu 2001 hafði verið í gildi ólögmætur samningur milli fyrirtækjanna, svonefnt „neyðarsamkomulag“. Samkomulag þetta tók ekki eingöngu til sjóflutninga milli Íslands og Evrópu heldur einnig til samstarfs í sjóflutningum innan hafna í Evrópu. Í júní 2008 var því búið að vera í gildi um árabil samkomulag milli fyrirtækjanna sem tók til sjóflutninga m.a. milli hafna í Evrópu.

1746. Eins fram kemur í „Nýtt upphaf“ glærum (E)forstj frá 9. júní 2008 átti aukið ólögmætt samráð Samskipa og Eimskips einnig að taka til svonefndra „short sea“ siglinga.⁹⁷⁹ Í sjóflutningum er gerður greinarmunur á styttri sjóleiðum (e. short sea shipping) og lengri sjóleiðum (e. deep sea shipping). Í fyrrgreindum siglingum geta t.d. falist strandsiglingar en í hinum síðari felst að siglt er yfir úthöf.⁹⁸⁰ Af eftirfarandi umfjöllun í „Nýtt upphaf“ glærukynningunni er ljóst að eitt af verkefnum Eimskips og Samskipa var að skoða hvort og hvernig þau gætu aukið verulega fyrrgreint samráð þeirra tengt Evrópusiglingum.

1747. Í glærum (E)forstj segir nánar tiltekið þetta:

⁹⁷⁸ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 168-170.

⁹⁷⁹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.43122. Einnig vistað á heimasvæði [...] morguninn eftir, 09.06.2008, kl. 09:59. Doc. ID. 0.7.33.90082.

⁹⁸⁰ „Short sea shipping“ er skilgreint svo af Eurostat: „Short sea shipping, abbreviated as SSS, is the maritime transport of goods over relatively short distances, as opposed to the intercontinental cross-ocean deep sea shipping. In the context of European Union (EU) transport statistics it is defined as maritime transport of goods between ports in the EU-27 (sometimes also including candidate countries and EFTA countries) on one hand, and ports situated in geographical Europe, on the Mediterranean and Black Seas on the other hand, i.e. ports in

1. EU-27 countries (actually only the 22 maritime Member States: Belgium, Bulgaria, Cyprus, Denmark, Estonia, Finland, France, Germany, Greece, Ireland, Italy, Latvia, Lithuania, Malta, the Netherlands, Poland, Portugal, Romania, Slovenia, Spain, Sweden and the United Kingdom);
2. EEA countries (Iceland and Norway);
3. candidate countries (Croatia, Montenegro and Turkey);
4. the Baltic Sea area (Russia);
5. the Mediterranean Sea area (Albania, Algeria, Bosnia–Herzegovina, Egypt, Israel, Lebanon, Libya, Morocco, Occupied Palestinian territory, Syria, and Tunisia);
6. the Black Sea area (Georgia, Moldova, Russia and Ukraine).

This definition is derived from Commission Communication COM (1999) 317 final of June 1999 on the development of SSS in Europe. As a result, short sea shipping also includes feeder services: a short-sea network between ports with the objective of consolidating or redistributing freight to or from a deep sea service in one of these ports, the so-called hub port.”



4. Samstarf í "Short sea" þjónustu


- Markmið
 - Hvort og hvernig hægt væri að samþætta rekstur Containership og Samskip í "short sea"
- Verkefnið
 - Gera greiningu á rekstri eininganna
 - Meta tækifæri í að samþætta siglingakerfin
 - Meta hagræði félaganna



4. Samstarf í "Short sea" þjónustu

- Skoða möguleika á því að skiptast á slottum
 - Einkum á suður hluta kerfisins
- Skoða eitt heildarkerfi í "short sea" sem teygir sig frá Spánn/Portugal yfir til Eystrarsalt/Rússland
- Frystiskipþjónusta
 - Leggja saman félögin Eimskip – CTG og Silversea
 - Leggja saman "Spot" viðskipti og stofna nýtt sameiginlegt félag
 - Skoða geymslur í Noregi
- Reefer Forwarding
 - Sameiginlegt félag sem myndi bara fókusera á þessi viðskipti





1748. Við skýrslutöku hjá lögreglu staðfesti (E)frkvstj-alþjv að framangreind mynd sýndi m.a. siglingakerfi Eimskips og Containerships (þá dótturfélag Eimskips). Var (E)frkvstj-alþjv bent á að talsverð vinna hefði farið í að útbúa þessa glærukynningu sem hann og (E)forstj vistuðu. Var hann spurður hvort (E)forstj þekkti ekki þessi siglingakerfi. Kvaðst hann ekki geta svarað því. Var (E)frkvstj-alþjv þá spurður að því fyrir hvern þessi glærukynning hefði verið útbúin. Kvaðst hann ekki geta svarað því.⁹⁸¹ Við skýrslutöku hjá lögreglu sagði (E)forstj að á myndinni kæmi a.m.k. fram siglingakerfi Eimskips og Containerships.⁹⁸²
1749. Samkvæmt þessu átti að kanna möguleika á verulegu samstarfi dótturfélaga Eimskips (Containerships og Eimskip-CTG) og Samskipa. Kanna átti „sambættingu siglingakerfa“, skiptingu á „sloftum“, koma á fót einu „heildarkerfi“, renna saman dótturfélögum í Noregi og stofnun á sameiginlegu félagi sem sinnti frystiskipaþjónustu og flutningsmiðlun.
1750. Containerships er finnskt skipafélag sem hefur einkum starfsemi í Eystrasaltslöndunum, Grikklandi, Tyrklandi og Mið-Austurlöndum. Í september 2006 keypti Eimskip 65% hlut í félaginu. Var Containerships því sem fyrr segir dótturfélag Eimskips á árinu 2008 en í maí 2009 keyptu finnskir eigendur félagsins það til baka af Eimskip.⁹⁸³

⁹⁸¹ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 185.

⁹⁸² Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 155.

⁹⁸³ Í frétt sem birtist á mbl.is þann 29. september 2006 segir: „EIMSKIP, dótturfélag Avion Group, hefur gengið frá kaupum á 65% hlut í finnska skipafélaginu Containerships. Fyrirtækin munu, ásamt litháenska skipafélaginu Kurisu Linija, sem Eimskip á að fullu, mynda eitt stærstaflutningabandalag Evrópu, að því er kemur fram í fréttatilkynningu frá Avion Group. Saman munu fyrirtækin reka 41 skip og ráða yfir 30.000 gámaeiningum, velta um 18 milljörðum og vera með 500 starfsmenn. Kaupverð er trúnaðarmál, en Containerships rekur fimm skip og 8.000 gámaeiningar. Félagið er með höfuðstöðvar í Helsinki og starfsemi í níu löndum.“ „Eimskip kaupir 65% hlut í Containerships“, mbl.is. Aðgengilegt á slóð: <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1105690/>. Í frétt RÚV 7. febrúar 2010 er rætt við [...] framkvæmdastjóra Containerships og segir m.a.: „Containership var frá september 2006 þar til í maí í fyrra að stærstum hluta í eigu Eimskipa hér á Íslandi. Finnskir eigendur keyptu aftur meirihluta í félaginu þegar Eimskip var endurskipulagt. Containership og Eimskip eru þó áfram í nánú samstarfi.“ „Hættulegir gámar í sjóinn“, ruv.is. Aðgengilegt á slóð: <http://www.ruv.is/frett/haettulegir-gamar-i-sjoinn>.



„Sigla is co-operating with Silver Sea, a specialist reefer vessel⁹⁸⁶ operator in which Samskip owns a 40% stake to jointly serve Iceland and Faroes Islands markets. Sigla transports annually over 60 k tons of frozen fish from the markets, mainly to the Baltic and Russian market. [...]

Competition:

- Reefer vessel operators:

- Green Chartering, CTG Eimskip

- Meal, fertilizer:

- Nesskip, Nes, þorvaldur Jónsson, Eimskip⁹⁸⁷

1754. Ljóst er að (E)forstj og (E)frkvstj-alþjsv unnu að málefnum tengdum Containerships fyrir 6. júní 2008. Í dagbók (E)forstj var skráður eftirfarandi fundur 2. júní 2008: „Fundur með Containership, (E)forstj, (E)frkvstj-alþjsv, [...]“.⁹⁸⁸ Við skýrslutöku hjá lögreglu hélt (E)forstj því fram að þessi fundur hafi verið vegna þess að meðeigendur Eimskips í Containerships hefðu haft áhyggjur af fjárhagsstöðu Eimskips og að Containerships gæti mögulega „sogast í uppgjörið“. ⁹⁸⁹ Hvað sem því líður liggur fyrir

⁹⁸⁴ Í frétt mbl.is frá 1. apríl 2004 segir: „Gengið hefur verið frá endanlegum samningum um kaup Eimskips á meirihluta í norska fyrirtækinu Coldstore & Transport Group AS (CTG) sem tilkynnt var um í janúar sl. [...] Keypt eru nú 51%, með kaupskilyldu á 16% til viðbótar eftir þrjú ár, að því er fram kemur í tilkynningu frá Eimskip. [...] „Kaupin eru mikilvægur liður í sókn Eimskips á **erlenda markaði**, en nú mun Eimskip stýra flutningum á um 260.000 tonnnum af frystum og kældum sjávarafurðum út úr Noregi,“ segir í tilkynningunni.“ „Kaup á Coldstore í höfn“, mbl.is. Aðgengilegt á slóð: <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/790108/>. Þann 5. október 2005 var greint frá eftirfarandi á mbl.is: „Eimskip hefur eignast allt hlutfélag í norska flutningafélaginu CTG. Í fréttatilkynningu frá félaginu segir að mikil samlegðaráhrif séu á milli félaganna en CTG sérhæfir sig í flutningum og geymslu á frystum og kældum sjávarafurðum.“ „GTC að fullu í eigu Eimskips“, mbl.is. Aðgengilegt á slóð: <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1041913/>.

Á sama miðli kom eftirfarandi fram 17. nóvember 2005: „Jafnframt voru í gær kynntar miklar breytingar á starfsemi Eimskips í Noregi en félagið hefur fest kaup á öllu hlutfélagi í norska skipafélaginu CTG (Coldstore Transport Group). Í kjölfarið hefur starfsemi Eimskip-Norge og CTG verið sameinuð undir nafninu Eimskip-CTG en í fréttatilkynningu Eimskips segir að mikil samlegðaráhrif náist með því móti. Jafnframt segir í tilkynningunni að hið sameinaða félag reki starfstöðvar á lykilstöðum í norskum sjávarútvegi og eru þar nefndir Álasund, Sortland, Tromsø, Kirkenes og Fredrikstad. [BAL] segir að sameiningin styrki félagið, bæði í Noregi sem og á N-Atlantshafi.“ „Eimskip fær Svartfoss“, mbl.is. Aðgengilegt á slóð: <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1050094/>.

⁹⁸⁵ Í frétt sem birtist á mbl.is þann 28. desember 2002 segir: „Dótturfélag Samskipa hf., Samskip AS, með aðsetur í Bodø, Noregi, og Silver Sea, með aðsetur í Bergen, hafa verið sameinuð. Eignarhlutur Samskipa hf. í nýju félagi verður 40%, en aðrir eigendur eru Fylkisbaatene og Tormod Fossmark. Sameinað félag mun heita Silver Sea og verður framkvæmdastjóri þess [(S)frkvstj-Silver]. Félagin sérhæfa sig í rekstri frystiskipa og verður sameinað félag annað tveggja markaðsleiðandi félaga í Norður-Atlantshafi, í flutningi á frystum fiskafurðum í frystiskipum. Nafnið Silver Sea vísar í þá afurð sem félagið flytur hvað mest af, sem er síld.“ Aðgengilegt á slóð: <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/706279/>. Í frétt sem birtist á mbl.is þann 24. júlí 2009 er rætt við [...] um málefni Silver Sea og kemur fram í fréttinni að á árinu 2006 hafi eignarhlutur Samskipa í Silver Sea aukist í 50%. „Tveir fossar til Samskipa“, mbl.is. Aðgengilegt á slóð: <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1293078/>.

⁹⁸⁶ Reefer vessel: Frystiflutningaskip.

⁹⁸⁷ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.8859. Glæra 9.

⁹⁸⁸ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.238683.

⁹⁸⁹ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 157.



að (S)aðaleig-stjform-SH framsendi með tölvupósti til (S)forstj þremur dögum seinna, 5. júní 2008, skýrslu frá Eglu vegna mögulegrar samvinnu Samskipa og Containerships. Þar er fjallað um að unnt væri að fækka skipum og: „*Either we or they would run the ships.*”⁹⁹⁰

1755. Þá ber að rifja upp aðra skýrslu frá Eglu sem unnin var að beiðni (S)aðaleig-stjform-SH, nánar tiltekið þá sem Eglu sendi (S)stjform-S 12. maí 2008. Í henni var eins og í „*Nýtt upphaf*” glærum (E)forstj vísað til mögulegrar samvinnu milli Eimskips-CTG og Samskipa/Silver Sea. Kom fram í skýrslunni að ósætti hafi komið í veg fyrir að Eimskip notaði frystigeymslu Samskipa í Álasundi í Noregi en stjórnandi hjá Samskipum á Íslandi ((S)forstö-flutnstj) hafi hafið vinnu við að breyta þessu. Vísast um þetta til kafla 6.7.5 hér að framan. Eins og fram kom í kafla 6.7.3.4 sendi (S)forstj upplýsingar til (S)aðaleig-stjform-SH um Eimskip-CTG þann 10. apríl 2008. Við skýrslutöku hjá lögreglu var (S)forstj spurður um hvort það tengdist þeim hugmyndum sem fram koma í glærunum. Svaraði (S)forstj því játandi („*ee sjálfsagt*”) og bætti við að Eimskip-CTG og Silver væru ekki á sama markaði en „*ekkert langt frá hvoru öðru í, í hérna, rekstri [...]*.”⁹⁹¹
1756. Í framangreindum tölvupósti sem (S)forstj sendi (S)forstj-frystig, (S)frkvstj-MCL og (S)aðaleig-stjform-SH þann 10. júní 2008 var, sem fyrr segir, undirbúið að (E)frkvstj-alþjv myndi hafa samband við (S)forstj-frystig og (S)frkvstj-MCL. Varðandi umræðu um „*short sea*” siglingar myndi (E)frkvstj-Contain, framkvæmdastjóri Containerships, einnig taka þátt í umræðunni við (S)frkvstj-MCL.⁹⁹²
1757. Eins og fram kom í kafla 7.3.6.3.2 hér að framan upplýsti (E)frkvstj-alþjv við skýrslutöku hjá lögreglu að í kjölfar framangreinds tölvupósts (S)forstj hefðu hann og (E)frkvstj-Contain fundað með (S)frkvstj-MCL í Rotterdam. Á fundinum hafi verið rætt um samstarf Eimskips og Samskipa í „*short sea*” siglingum. Einnig hafi verið rætt um hvort Samskip hefðu áhuga á að kaupa Containerships. Þá upplýsti (E)frkvstj-alþjv um frekari samskipti (E)frkvstj-Contain og (S)frkvstj-MCL þar sem rætt hafi verið um samstarf í „*short sea*” siglingum. Við skýrslutöku hjá lögreglu hélt (E)forstj því hins vegar fram að „*engar umræður*” hafi átt sér stað milli Eimskips og Samskipa varðandi samvinnu í „*short sea*” siglingum.⁹⁹³
1758. Fjallað var um m.a. þessar viðræður milli Eimskips og Samskipa á stjórnarfundum Samskipa Holding 14. júlí 2008. Verður þeim fundi og öðrum atvikum sem sýna framgang „*Nýtt upphaf*” verkefnisins lýst í köflunum hér á eftir.

7.5.3. Samráð í landflutningum

1759. Hér ber að rifja upp tölvupóst sem framkvæmdastjóri landflutninga hjá Eimskip, (E)frkvstj-innanl, sendi forstöðumanni landflutninga hjá fyrirtækinu, (E)forstö-landfl1, 1. febrúar 2010. Meðfylgjandi honum var glærुकyning (E)frkvstj-innanl frá 23. febrúar 2006, sbr. kafla 5.11.3. Í kynningunni er fjallað um margvíslegt samstarf við Samskip í landflutningum. Í þessum tölvupósti (E)frkvstj-innanl frá 2010 segir þetta um glæurnar frá 2006: „*Meðfylgjandi til gamans, margt af þessu kláruðum við en annað enn í umræðunni.*”
1760. Hér að framan voru einnig rakín gögn sem gefa til kynna m.a. markaðsskiptingu og verðsamráð milli fyrirtækjanna í landflutningum fram á árið 2008. Vísast um þetta til kafla 5.11.
1761. Sem fyrr segir var markmið „*Nýtt upphaf*” verkefnis að auka samstarf Eimskips og Samskipa m.a. í landflutningum. Rétt er að tilgreina hér það samráð sem var fyrir hendi í landflutningum í júní 2008 áður en Eimskip og Samskip ákváðu að skoða möguleikann á því að auka samstarf þeirra á milli:
- Flutningaleiðin á milli Akureyrar og Siglufjarðar – Eimskip flytur fyrir Samskip.

⁹⁹⁰ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc ID. 0.7.33.471421.

⁹⁹¹ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 111.

⁹⁹² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.473047.

⁹⁹³ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 156.




- Flutningaleiðin á milli Reykjavíkur og Akureyrar – Samskip flytja fyrir Eimskip.
- Flutningaleiðin á milli Ólafsfjarðar og Dalvíkur – Eimskip flytur fyrir Samskip.
- Flutningaleiðin á milli Egilsstaða og Seyðisfjarðar – Samskip flytja fyrir Eimskip.
- Flutningaleiðin á milli Húsavíkur og Vopnafjarðar – Eimskip flytur fyrir Samskip.
- Flutningaleiðin á milli Húsavíkur og Þórshafnar – Samskip flytja fyrir Eimskip.
- Flutningaleiðin á milli Akureyrar og Egilsstaða – Samskip flytja fyrir Eimskip og Eimskip flytja fyrir Samskip.
- Flutningaleiðin á milli Grímseyjar og Árskógssands – Samskip reka ferjuna Sæfara og flytja fyrir Eimskip.
- Flutningaleiðin á milli Landeyjarhafnar/Þorlákshafnar og Vestmannaeyja – Eimskip rekur Herjólf og flytur fyrir Samskip.
- Samstarf um vöruafgreiðslur var eftirfarandi:
 - Ólafsfjörður: Norðurfrakt annast vöruafgreiðslu fyrir Landflutninga.
 - Siglufjörður: Til 1. júní 2008 annaðist Norðurfrakt vöruafgreiðslu en samdi þá við Fiskmarkaðinn um vöruafgreiðslu. Afgreiðir fyrir bæði Eimskip og Samskip.
 - Djúpivogur: Eimskip afgreiðir vörur fyrir Samskip. Aðeins þjónusta á staðnum.
- Þá hafa Eimskip og Samskip upplýst um eftirfarandi samstarf í fiskflutningum:
 - Eimskip flytur fisk fyrir Samskip á milli Siglufjarðar og Reykjavíkur.

1762. Eftirfarandi sagði í „Nýtt upphaf“ glærुकynningu (E)forstj frá 9. júní 2008 um landflutninga:

5. Innanlandspjónusta

- **Markmið**
 - Meta hvort möguleiki er að samnýta betur innanlandsframleiðslukerfi með það að leiðarljósi að lækka kostnað á hverja framleidda einingu
- **Verkefnið**
 - Kostnaðargreina helstu rútur og meta hvar ójafnvægi er í hvoru kerfi fyrir sig
 - Sameiginlegar afgreiðslustöðvar
 - Stilla upp sameiginlegu kerfi og meta hagræði
 - Hluti/heild/afgreiðslur






1763. Í samræmi við önnur gögn málsins er í glærunni vísað til samstarfs milli Eimskips og Samskipa sem þegar var fyrir hendi. Þannig átti að meta möguleika á því að „*samnýta betur*“ landflutningakerfi fyrirtækjanna. Gert var og ráð fyrir samvinnu og upplýsingaskiptum um viðkvæma samkeppnisþætti fyrirtækjanna. Átti vinnuhópurinn samkvæmt glærunni að „*kostnaðargreina*“ helstu flutningaleiðir og meta „*hvar ójafnvægi er í hvoru kerfi fyrir sig*“. Einnig átti að kanna kosti þess að ganga enn lengra í samstarfi og hvort stilla ætti upp sameiginlegu landflutningakerfi og afgreiðslustöðvum Eimskips og Samskipa.
1764. Er þannig ljóst að til stóð að skoða og eiga samskipti og skiptast á upplýsingum um afar umfangsmikið aukið samstarf Eimskips og Samskipa í landflutningum.
1765. Eins og í öðrum þáttum í þessu verkefni var ólögmetu samráði í landflutningum hrint í framkvæmd af æðstu stjórnendum fyrirtækjanna að undirlagi (S)forstj og (E)forstj. Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir þessu en rétt er að nefna hér nokkur dæmi.
- Gögn málsins sýna að þann 4. júlí 2008 hittust framkvæmdastjórar landflutninga hjá Eimskip og Samskipum, (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl, á fundi á kaffihúsinu Mokka, sbr. kafla 8.7.
 - Þann 8. júlí 2008 vistaði (S)frkvstj-innanl excel-skjal sem varðar landflutninga og þar stendur fyrir Norðurland: „*Akstur á Norðausturhorn- samið við Eimskip um skipti á frakt á Vopnafjörð og Þórshöfn*“, sbr. kafla 8.9.4.
 - Þann 9. september 2008 kom „*sendinefnd*“ frá Samskipum til fundar hjá Eimskip á Austurlandi til þess að ræða aukið samráð í landflutningum, sbr. kafla 8.16.4.
 - Í málinu liggja fyrir drög að víðtæku samkomulagi milli Eimskips og Samskipa um samvinnu í landflutningum. (E)frkvstj-innanl sendi drögin til undirmanns síns með tölvupósti 8. september 2008. Við rannsókn þessa máls afhentu Samskip Samkeppniseftirlitinu eintak af drögunum. Eru þau dagsett 17. september 2008. Nánar er fjallað um þetta í kafla 8.16.7.
 - (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl hittust á fundi í Smáralind þann 17. september 2008. Daginn eftir sendi (E)frkvstj-innanl tölvupóst til starfsmanna Eimskips á landsbyggðinni með heitinu „*Landflutningar fyrir Samskip*“ og í honum segir: „*Mig langar til að biðja ykkur um að senda mér punkta um hvaða þjónstu við erum að veita Samskip og eins hvað við erum að kaupa af þeim eftir flutningsleiðum og eins á hvaða verðum er verið að vinna / kaupa flutninga.*“
- Eins hvort þið sjáið meiri tækifæri í því að auka svona tvíhliða flutningasamning.*⁹⁹⁴
- Í glærुकynningu (E)frkvstj-innanl frá 14. október 2008 sagði: „*Samvinna með Samskip á ýmsum flutningaleiðum – tvíhliða samningar - mikil tækifæri framundan í þessu*“
1766. Þann 16. október 2008 var að ósk Samskipa og Eimskips haldinn fundur með Samkeppniseftirlitinu. Var á honum greint frá því að fyrirtækin væru með til skoðunar að vinna saman í landflutningum sem gæti falist í samruna eða með samstarfi sem kallaði á undanþágu skv. 15. gr. samkeppnislaga. Engin tilkynning um samruna eða beiðni um undanþágu barst þótt gögn þessa máls sýni að samstarf hafi átt sér stað bæði fyrir og eftir þennan fund með Samkeppniseftirlitinu. Á fundinum var Samkeppniseftirlitinu ekki gerð grein fyrir hinu ólögmetu „*Nýtt upphaf*“ verkefni eða greint frá framangreindum samningsdrögum frá 8. og 17. september 2008. Er nánar fjallað um þetta í kafla 8.19.6.
1767. Við skýrslutöku hjá lögreglu voru bornar undir (E)frkvstj-alþjvs glæsur úr „*Nýtt upphaf*“ kynningunni um aukið samráð Eimskips og Samskipa í landflutningum. Sagðist (E)frkvstj-alþjvs þá lítið þekkja innanlandskerfið og vísaði (E)frkvstj-alþjvs ítrekað til framkvæmdastjóra innanlandssviðs Eimskips, (E)frkvstj-innanl. Benti lögregla (E)frkvstj-alþjvs á að hann hefði sjálfur vistað þessa glærुकynningu

⁹⁹⁴ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.52058.

sem innihélt m.a. verkefni sem hefði falist í því að skoða aukið samstarf í landflutningum. Þessi kynning hefði ekki fundist í gögnum (E)frkvstj-innanl. Tók (E)frkvstj-alþjvsv þá fram að glærुकynningin hefði verið „viðkvæm“ og ekki farið til annarra starfsmanna. Játtaði (E)frkvstj-alþjvsv jafnframt að þetta hefði verið skoðað en sagði að ekkert hefði orðið úr þessum verkefnum. Upplýsti (E)frkvstj-alþjvsv sömuleiðis að (E)frkvstj-innanl hefði í störfum sínum á þessum tíma hjá Eimskip heyrt undir (E)frkvstj-EimÍsl og (E)forstj. Eftir að lögregla hafði boðið (E)frkvstj-alþjvsv að tjá sig um gögn frá árinu 2008, tengd auknu samstarfi Eimskips og Samskipa í innanlandsflutningum, sagði (E)frkvstj-alþjvsv að það virtist hafa farið fram vinna í þeim verkþætti „Nýtt upphafs“ verkefnisins sem tók til innanlandsflutninga. Sagði (E)frkvstj-alþjvsv að þessi gögnin kæmu honum á óvart: „[...] ég hef ekkert séð náttúrulega þegar ég er lesa þarna og sé bara eitthvað sem er surprise“.⁹⁹⁵ (E)frkvstj-alþjvsv sagðist aðspurður ekki hafa vitað af fundi Eimskips og Samskipa með Samkeppniseftirlitinu í október 2008 og sagðist ekki geta gefið skýringar fyrir því að fyrirtækin hefðu ekki veitt á fundinum upplýsingar um að þau væru einnig að skoða aðra samstarfsþætti.⁹⁹⁶


7.5.4. Samráð um skipaafgreiðslu

1768. Í kafla 5.12 er fjallað um ólögmeitt samráð Samskipa við Eimskip í skipaafgreiðslu fram til júní 2008. Þar er því lýst að á árinu 2003 komu fram hugmyndir um víðtækt samstarf Eimskips og Samskipa á sviði skipaafgreiðslu og var rætt um um að sameina gámahafnir Eimskips og Samskipa í Sundahöfn. Ekkert varð hins vegar úr þessu.
1769. Í kafla 5.12 er því einnig lýst að frá a.m.k. nóvember 2007 höfðu Eimskip og Samskip með sér ólögmeitt samráð í Mjóeyrarhöfn í Reyðarfirði þar sem Eimskip sinnti hafnarþjónustu fyrir Samskip (lestun og losun á vörum). Sá Eimskip þannig m.a. um að lesta það ál sem Samskip fluttu fyrir Alcoa til Rotterdam en Eimskip hóf jafnframt að afgreiða skip með annan vöruflutning fyrir Samskip (þ.e. annan en fyrir Alcoa). Var þetta samráð þannig fyrir hendi í júní 2008.
1770. Eftirfarandi segir í glærुकynningu (E)forstj frá 9. júní 2008 um mögulegt aukið samstarf milli Eimskips og Samskipa um skipaafgreiðslu:




1. Samstarf um skipaafgreiðslu

- Markmið
 - Kanna hagkvæmni þess að reka eitt skipaafgreiðslufyrirtæki sem myndi þjónusta bæði félögin og bera saman við
 - Núverandi kostnaðaruppbyggingu
 - Þjónustustig
- Skilgreining verkefnis
 - Ákvarða hversu langt skal ganga í samstarfinu
 - Greina núverandi kostnaðaruppbyggingu
 - Greina núverandi framleiðslu og álagsdreifingu
 - Stilla upp sameininlegu kerfi ásamt kostnaðaruppbyggingu
 - Gerð viðskiptaáætlunar fyrir Gámavöll ehf




⁹⁹⁵ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 199 – 205.

⁹⁹⁶ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 204 – 205.



1. Samstarf um skipaafgreiðslu

- Kranalaust kerfi í Evrópu
 - 250 m sparnaður á ársgrundvelli í skipakerfinu
- Skipaafgreiðsla ehf
 - Reykjavík
 - Grundartangi
 - Vestmannaeyjar
 - (Reyðarfjörður, Helguvík)
- Umfang
 - Fyrsta og önnur "handling"
- Skipulagsmál
 - Lóðarmál
 - Faxaflóahafnir



1771. Samkvæmt þessum glærum átti að kanna og leggja mat á umfangsmikið samstarf í skipaafgreiðslu, þ.m.t. þann möguleika að stofna sameiginlegt fyrirtæki á þessu sviði. Jafnframt var gert ráð fyrir upplýsingaskiptum um viðkvæma samkeppnisþætti fyrirtækjanna. Áttu Eimskip og Samskip að greina og bera saman kostnaðaruppbyggingu af þessari starfsemi. Einnig átti að greina núverandi framleiðslu og álagsdreifingu og ákveða hversu langt ætti að ganga í samstarfi um skipaafgreiðslu.
1772. Við skýrslutöku hjá lögreglu var (E)forstj spurður að því hvort það hefðu átt sér stað viðræður milli Eimskips og Samskipa um sameiginlegan rekstur skipaafgreiðslu. Neitaði (E)forstj því.⁹⁹⁷
1773. Líkt og í öðrum verkþáttum í „Nýtt upphaf“ verkefninu var hafinn undirbúningur mögulegs aukins samstarfs milli Samskipa og Eimskips í skipaafgreiðslu. Þá benda gögn málsins til þess að Faxaflóahafnir hafi annast ákveðna milligöngu í tengslum við samstarf í skipaafgreiðslu.
1774. Hér ber að rifja upp að (E)frkvstj-alþjsv upplýsti í skýrslutöku hjá lögreglu að hann hefði rætt verkefni sem fram koma á „Nýtt upphaf“ glærुकynningu á fundi sem hann og (E)forstj áttu á árinu 2008 í höfuðstöðvum Samskipa með (S)forstj, (S)frkvstj-millilandasv og (S)stjórnarm-fjármstj. Hefði á fundinum m.a. verið rætt um umfangsmikið samstarf í skipaafgreiðslu með því að það yrði bara eitt „sameiginlegt skipaafgreiðslu fyrirtæki“ á Íslandi sem myndi annast slíka þjónustu. (E)frkvstj-alþjsv nefndi að fundurinn hefði haldinn um haustið 2008 en var ekki viss, sbr. kafla 7.3.6.2.3. Er a.m.k. ljóst að fundurinn var haldinn eftir að „Nýtt upphaf“ verkefnið hófst í júní 2008.
1775. Er þessu öllu nánar lýst í kafla 10.7.1 og kafla 19.

7.5.5. Samráð í sjóflutningum til og frá Íslandi

1776. Samkvæmt verkefnalista (E)forstj ætlaði hann sér að vinna í „Nýtt upphaf“ verkefninu frá júní til nóvember 2008, sbr. kafla 7.3.4. Einn verkþáttur „Nýtt upphaf“ verkefnis Samskipa og Eimskips var

⁹⁹⁷ Endurrit af skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 134.



að skoða aukna samvinnu í áætlunarsiglingum til og frá Íslandi til annars vegar Bandaríkjanna og hins vegar Evrópu.

1777. Þegar hið aukna samráð fyrirtækjanna hófst í byrjun júní 2008 var fyrir hendi tvenns konar ólögmætt samráð milli fyrirtækjanna í áætlunarsiglingum til og frá landinu. Annars vegar samráð í siglingum til og frá Norður-Ameríku og hins vegar það samráð sem tók til siglinga innan Evrópu og milli Íslands og annarra Evrópulanda, og nefnt var „Neyðarsamkomulag“.
1778. Áður en vikið er nánar að þessum verkþætti „Nýtt upphaf“ verkefnisins er gagnlegt að fjalla stuttlega um „Neyðarsamkomulagið“ og samvinnuna Samskipa og Eimskips í áætlunarsiglingum til og frá Norður-Ameríku.

7.5.5.1. Evrópusamráðið („Neyðarsamkomulagið“)

1779. Í kafla 5.4 hér að framan var gerð grein fyrir því að þann 30. nóvember 2001 undirrituðu Eimskip og Samskip það sem fyrirtækin nefndu „Trúnaðarmál Neyðarsamkomulag“. Það átti að taka til „gámaflutninga með skipum félaganna“ sem „skapast vegna bilana skips, strands og annarra svipaðra óviðráðanlegra orsaka.“ Gögn málsins sýna hins vegar að gildissvið samningsins var mun rýmra. Tók samningurinn ekki aðeins til flutninga vegna óviðráðanlegra orsaka heldur einnig til venjulegra flutninga milli Evrópu og Íslands, þ.e. til almennra flutninga fyrirtækjanna. Fór þessi samningur Eimskips og Samskipa gegn 10. gr. samkeppnislaga og er það viðurkennt í sátt Eimskips við Samkeppniseftirlitið. Var þessi ólögmæti samningur um Evrópuflutninga ennþá í framkvæmd þegar aukið samráð Eimskips og Samskipa hófst í júní 2008.
1780. Var í samtímagögnum málsins annars vegar rætt um „Ameríku samninginn“ og hins vegar um „Evrópu samninginn“. Sá fyrrnefndi var samningur um „venjulega“ flutninga til og frá Norður-Ameríku og hinn síðari fjallaði um umrætt „Neyðarsamkomulag“ sem tók m.a. til „venjulegra“ flutninga til og frá Evrópu.
1781. Evrópusamráðinu var haldið leyndu fyrir samkeppnisyfirvöldum. Fóru Eimskip og Samskip t.d. ekki að fyrirmælum skv. ákvörðun samkeppnisráðs nr. 11/2003 um að tilkynna samkeppnisyfirvöldum um „alla samninga“ sem fyrirtækin gerðu sín á milli og um breytingar á þeim. Einnig fóru fyrirtækin gegn samskonar fyrirmælum sem fram komu í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 46/2009. Fyrirtækin veittu heldur ekki fullnægjandi upplýsingar um Evrópusamráðið við rannsókn þessa máls þegar, á grundvelli 19. gr. samkeppnislaga, var óskað eftir upplýsingum um alla samninga þeirra. Vísast um þetta til kafla 23.
1782. Við upphaf hins ólögmæta „Nýtt upphaf“ verkefnis í júní 2008 hafði þannig verið í gildi frá árinu 2001 ólögmætur leynilegur samningur milli fyrirtækjanna um Evrópusiglingar. Sem fyrr segir voru samkeppnisyfirvöld aldrei upplýst um þetta og engin undanþága samkvæmt þágildandi 15. gr. samkeppnislaga var í gildi vegna þessa.

7.5.5.2. Norður-Ameríku samráðið

1783. Við upphaf hins aukna samráðs í júní 2008 var einnig fyrir hendi ólögmætt samráð milli Eimskips og Samskipa í áætlunarsiglingum milli Íslands og Norður-Ameríku.
1784. Hér ber að rifja upp að með ákvörðun samkeppnisráðs nr. 11/2003 var Eimskip og Samskipum veitt, með heimild í þágildandi 15. gr. samkeppnislaga, undanþága frá samráðsbanni 10. gr. laganna vegna samnings sem fól í sér að Eimskip tók að sér flutninga fyrir Samskip milli Íslands og Norður-Ameríku, sbr. kafla 5.8.1 hér að framan. Segir í ákvörðunarorði að undanþágan skyldi gilda til 31. ágúst 2004.
1785. Engin undanþága samkvæmt þágildandi 15. gr. samkeppnislaga var í gildi frá 1. september 2004 til desember 2009 vegna starfs Samskipa og Eimskips í siglingum til og frá Norður-Ameríku, sbr. kafla 5.8.2. Tók bann 10. gr. samkeppnislaga því til allra þátta í starfsemi Eimskips og Samskipa á umræddu tímabili.



1786. Þrátt fyrir að undanþága frá banni 10. gr. samkeppnislaga hefði fallið úr gildi í lok ágúst 2004 héldu Eimskip og Samskip áfram sama samstarfi og var það fyrir hendi í byrjun júní 2008 þegar „Nýtt upphaf“ verkefnið hófst. Þetta má ráða m.a. af eftirfarandi gögnum:

- Fyrirliggjandi töluleg gögn sýna að Eimskip sinnti flutningum fyrir Samskip á áætlunarleið milli Íslands og Norður-Ameríku á umræddu tímabili frá 1. september 2004 út árið 2008.⁹⁹⁸
- Þann 1. september 2004 tók gildi samningur milli Eimskips og Samskipa um samstarf í flutningum til og frá Norður-Ameríku. Var starfað eftir honum þrátt fyrir að undanþága skv. þágildandi 15. gr. samkeppnislaga væri ekki veitt.⁹⁹⁹ Var það gert þrátt fyrir að fram kæmi í samningnum að hann kæmi ekki til framkvæmda (e. „will not be performed“) nema að fenginni undanþágu skv. þágildandi 15. gr. samkeppnislaga.
- Í nóvember 2006 gerðu fyrirtækin nýjan samning vegna samstarfs í flutningum til og frá Norður-Ameríku. Sá samningur var ekki undirritaður af báðum aðilum en fyrirliggjandi er að samstarfið hélt áfram þrátt fyrir að undanþága skv. þágildandi 15. gr. samkeppnislaga væri ekki veitt.¹⁰⁰⁰ Var það aftur gert þrátt fyrir að fram kæmi í samningnum að hann kæmi ekki til framkvæmda nema að fenginni undanþágu skv. þágildandi 15. gr. samkeppnislaga.
- Í skjali (E)forstö-útfli frá 17. júlí 2007, sem hann sendi (E)forstj og fleiri starfsmönnum hjá Eimskip, var fjallað um þetta samstarf við Samskip. Þar segir: „Samskip contract; Not to be extended in fact terminated from August 1st 2007

*Consequences; Cargo will be routed to Eimskip anyway but Samskip will not be a threat in the market and strengthen Eimskips market share. Furthermore Eimskip will select to move other cargo to IS via Europe but get the Samskip cargo on board Eimskip 's vessels*¹⁰⁰¹

1787. Samkvæmt þessu skjali sem (E)forstö-útfli sendi m.a. (E)forstj í júlí 2007 átti að hætta þessu samráði í því skyni að draga úr samkeppnislegu aðhaldi frá Samskipum og styrkja stöðu Eimskips.¹⁰⁰²

1788. Ekki gekk hins vegar eftir að Eimskip hætti þessu samráði við Samskip á árinu 2007. Þetta má ráða m.a. af fundargerð framkvæmdastjórnar Eimskips frá 3. janúar 2008. Þar var bókað: „(E)frkvstj-lögfr og (E)forstö-innfl fara ofan í samninginn við Samskip sem er útrunninn en unnið er eftir þar sem Samkeppnisstofnun hefur ekki enn eftir eitt ár gefið út hvort samningurinn er í lagi til að vinna eftir, samningurinn var gerður seint árs 2006. Við getum ekki sætt okkur við slík vinnubrögð og verðum að koma þessu máli í farveg.“¹⁰⁰³ Í sömu fundargerð kemur fram að nauðsynlegt væri að skoða „skuldastöðu Samskipa við EI“ og að „(E)forstö-innfl og (E)frkvstj-flutkerf skoði sérstaklega hlut Samskipa í USA flutningum.“

1789. Þann 8. janúar 2008 var greint frá því í fundargerð framkvæmdastjórnar Eimskips að starfsmaður fyrirtækisins „skoðaði skuldastöðu Samskipa við EI. Samskip skuldar okkur 81 millj. af því eru 61 millj í vanskilum. Þeir hafa hafnað reikningum að upph. 41 millj. vegna rangra reikninga.“¹⁰⁰⁴

1790. Sem fyrr segir fengu (E)frkvstj-lögfr og (E)forstö-innfl það verkefni að skoða umrætt samstarf við Samskip. Sem lið í því sendi (E)frkvstj-alþjsv tölvupóst til (E)frkvstj-lögfr þann 10. janúar 2008.

⁹⁹⁸ Afhent töluleg gögn frá Samskipum 13.12.2017 vegna árána 2007 og 2008, excel-skjalið „Viðauki 2 (13.12.17).xlsx“. Hér vísast sömuleiðis til tölulegra upplýsinga í afrituðu skjali frá Eimskip. Þar er um að ræða upplýsingar um flutninga Eimskips fyrir Samskip vegna Norður-Ameríku flutninga fyrir árin 2005, 2006, 2007 og 2008. Skjalið var tekið saman innan Eimskips fyrir fund fyrirtækjanna þann 14.08.2008. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.397690. Afhentar tölulegar upplýsingar Samskipa vegna árána 2004-2006 í tengslum við undanþágubeiðni 5.12.2006, sbr. bréf Samskipa til Samkeppniseftirlitsins 21.02.2007 (fskj. 1) í máli nr. 0612005.

⁹⁹⁹ Óskað var eftir undanþágu vegna þessa samnings en hún var ekki veitt.

¹⁰⁰⁰ Óskað var eftir undanþágu vegna þessa samnings en hún var ekki veitt.

¹⁰⁰¹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.340934.

¹⁰⁰² Flutningar Eimskips fyrir Samskip til Íslands frá Norður-Ameríku voru talsverðir árið 2007, sbr. afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.68836.

¹⁰⁰³ Afhent tölvuskjal frá Eimskip 13.10.2017, liður 9. „Fundargerð EI vika 1 2008.doc“, bls. 1.

¹⁰⁰⁴ Afhent tölvuskjal frá Eimskip 13.10.2017, liður 9. „Fundargerð EI vika 2 2008.doc“, bls. 1.



Meðfylgjandi honum var samningurinn við Samskip frá 1. september 2004. Útskýrði (E)frkvstj-alþjvsv þetta svo í tölvupósti sínum:

„staðreyndir eru eftirfarandi:

1) Þessi samningur rann út í október 2006

2) Undirritaður er nýr samningur / og óskað eftir undanþágu frá samkeppniseftirliti. Samningur ekki tekin í virkni.

3) Lögfræðingar Samskipa hafa send [svo] erindi um undanþágu og fylgt því eftir án svara. Samkeppniseftirlitið hefur beðið um upplýsingar um þróun Ameríkuflutninga / verð og öðrum tengdum upplýsingum

4) [...] hjá Logos sem í hópnum hjá [...] hefur verið í þessu frá okkur

5) Nýr samningur gerir ráð fyrir að byrjað verði að innheimta olíuálag og flutningsverð lækkuð á mót

6) Einhverra hluta vegna var byrjað að innheimta þetta olíuálag frá nóv 2006, en það segir ekkert um það í gamla samningnum að ekki megi innheimta olíuálag

7) Samskip hefur ekki greitt reikninga síðan þá og segir reikninga ranga, skuld hlaupi á tugum milljóna króna

8) Mjaka þarf þessu máli áfram og þarf að taka afstöðu til

a. Koma á þessum nýja samningi og einfaldlega tilkynna samkeppniseftirlitinu það með einu bréfi. Þarf að vera mánaðarfyrirvari skv. reglum í USA

b. Staðfesta við Samkeppniseftirlitið í ljósi þess að þeir hafa ekki svarað okkur og þetta er að kosta okkur vinnu hér innandyrna og lögfræðikostnað að Eimskip sé hætt að óska eftir þessu og samningurinn við Samskip fellur niður.

(E)forstö-innfl mun senda þér nýja samninginn.¹⁰⁰⁵

1791. Gögn málsins sýna að innan Eimskips var ritað bréf eftir að (E)frkvstj-lögfr hafði fengið í hendur framangreindar skýringar (E)frkvstj-alþjvsv. Var þann 7. febrúar 2008 vistað í rafrænni möppu (E)frkvstj-lögfr skjalið „Bréf til Samskipa v US samnings_V2“.¹⁰⁰⁶ Um er að ræða drög að bréfi til Samskipa vegna umrædds samstarfs í Norður-Ameríku siglingum. Í bréfinu segir:

„Reykjavík, 15. febrúar 2008

Samskip hf.
Kjalarvogur
104 Reykjavík

Þann 23. júlí 2002 undirrituðu Hf. Eimskipafélag Íslands og Samskip hf. samning um flutninga Hf. Eimskipafélags Íslands fyrir Samskip hf. milli Íslands og N-Ameríku. Tilkynnti Samskip hf. um samninginn til samkeppnisyfirvalda og var honum veitt undanþága frá bannákvæði b-liðar 10. gr. samkeppnislaga til 31. ágúst 2004. Rann samningurinn út sama dag.

Þann 1. september árið 2004 undirrituðu félögin nýjan samning um flutningana. Þann 6. september 2004 tilkynnti Samskip hf. um samninginn til Samkeppnisstofnunar og óskaði eftir undanþágu vegna hans. Ekki var haft samráð við Hf. Eimskipafélag Íslands (á þeim tíma Eimskipafélag Íslands ehf.)

¹⁰⁰⁵ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.61116.

¹⁰⁰⁶ Afhent tölvuskjal frá Eimskip 19.02.2016. „Bréf til Samskipa v US samnings_V2“.



um þá tilkynningu. Samkvæmt a-lið 12. gr. samningsins var gildistaka hans háð því að samkeppnisyfírvöld veittu honum undanþágu. Sú undanþága var aldrei veitt og tók samningurinn því í raun ekki gildi. Aðilar störfuðu hins vegar, og starfa raunar enn, eftir honum og var hann tilkynntur til Federal Maritime Commission í Bandaríkjunum. Gildistími hans var hins vegar einungis til 31. ágúst 2006 og er hann því fallin úr gildi, hafi hann á annað borð tekið gildi.

Þann 1. nóvember 2006 gerðu félögin svo á ný samning um flutninga til Bandaríkjanna. Þann 11. desember 2006 tilkynnti Samskip hf. um samninginn til Samkeppniseftirlitsins og óskaði eftir undanþágu vegna hans. Ekki var haft samráð við Hf. Eimskipafélag Íslands um þá tilkynningu þrátt fyrir að félagið hefði vakið athygli Samskipa hf. á nauðsyn hennar. Samkvæmt a-lið 12. gr. samningsins var gildistaka hans háð því að Samkeppniseftirlitið veitti honum undanþágu. Hún hefur ekki verið veitt og samningurinn því ekki tekið gildi. Aðilar hafa aldrei starfað eftir honum og hann hefur ekki verið tilkynntur til Federal Maritime Commission í Bandaríkjunum. Hefur hann því ekki þýðingu.

Hf. Eimskipafélag Íslands telur sér ekki lengur unnt að starfa samkvæmt samningi frá árinu 2004 um flutninga fyrir Samskip hf. á milli Íslands og Norður-Ameríku. Skiptir þar meginmáli að flutningsgjöld samkvæmt honum endurspeglu ekki kostnað við að veita þjónustuna. Hefur þar mest áhrif hækkun á launakostnaði og verði aðfanga, einkum olíu, langt umfram vísitölu neysluverðs í Bandaríkjunum. Í 7. gr. samningsins er raunar gert ráð fyrir endurskoðun hans ári eftir að hann tekur gildi. Er því félaginu ókleift annað en að hækka verð til samræmis við almenna verðlagsþróun. Ný gjaldskrá er meðfylgjandi bréfi þessu og tekur hún gildi frá og með xxx árið 2008.

Þá telur Hf. Eimskipafélag Íslands ennfremur afar erfitt að starfa eftir ógildum samningum sem kunna að brjóta í bága við samkeppnislög á meðan Samkeppniseftirlitið hefur undanþágubeiðnir Samskipa hf. til meðferðar. Viðurlög við brotum á samkeppnislögum fara sífellt hækkandi og fær félagið ekki séð að skynsamlegt sé að halda samstarfinu áfram við þær kringumstæður. Varlegast er að félagin takmarki samstarf sitt eftir því sem framast er unnt og að viðskipti þeirra fari fram á grundvelli almennra skilmála og viðskiptakjara. Hf. Eimskipafélag Íslands telur því nauðsynlegt að taka samstarf aðila til gagnqerrar endurskoðunar með það að stefnumiði að draga sem mest úr því. Er óskað eftir því að samningaviðræður þess efnis hefjist hið fyrsta."

1792. Hið afritaða tölvuskjal sýnir að skjalið var lesið yfir og að viðkomandi gerði þá tillögu að afrit af þessu bréfi til Samskipa yrði sent Samkeppniseftirlitinu.
1793. Slíkt erindi barst aldrei til Samkeppniseftirlitsins og gefa gögn málsins ekki til kynna að framangreint skjal hafi verið sent Samskipum. Ber hins vegar að hafa í huga að (E)frkvstj-lögfr var framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Eimskips. Skjalið fannst líkt og áður greinir í afhentri möppu merktri (E)frkvstj-lögfr og voru drögin rituð eftir að henni (og (E)forstö-innfl) hafði verið falið að „fara ofan í samninginn við Samskip sem er útrunninn en unnið er eftir [...]“, sbr. framangreinda fundargerð framkvæmdastjórnar Eimskips frá 3. janúar 2008. Þýðing þessa samtímagagns frá Eimskip er því talsverð við rannsókn málsins. Er gagnið einnig í samræmi við sátt Eimskips og Samkeppniseftirlitsins en þar segir: „Eimskip viðurkennir einnig að tiltekið ólöglegt samráð við Samskip hafi verið fyrir hendi áður en fundur fyrirtækjanna 6. júní 2008 átti sér stað.“ Þetta hafi m.a. tekið til „samráðs um sjóflutninga milli Íslands og Norður-Ameríku þegar ekki var í gildi undanþága frá 10. gr. samkeppnislaga.“
1794. Líkt og áður greinir var á fundum framkvæmdastjórnar Eimskips 3. og 8. janúar 2008 fjallað um samstarfið við Samskip í Norður-Ameríku siglingum. Aftur var fjallað um samstarfið við Samskip á fundi framkvæmdastjórnar Eimskips 12. febrúar 2008. Í fundargerð segir: „(E)frkvstj-lögfr og (E)forstö-innfl fara saman yfir samningamál við Samskip. Útistandandi er enn skuld á Samskip við okkur á u.þ.b. 50 millj. (E)frkvstj-lögfr og (E)forstö-innfl ljúka þessu máli núna.“¹⁰⁰⁷

¹⁰⁰⁷ Afhent tölvuskjal frá Eimskip 13.10.2017, liður 9. „Fundargerð EI vika 7 2008.doc“, bls. 2.



1795. Gögn málsins sýna að síðar í febrúar 2008 átti (E)forstö-innfl fund með Samskipum. Í fundargerð framkvæmdastjórnar Eimskip frá 26. febrúar 2008 segir þannig:
- „(E)forstö-innfl er búinn að hitta Samskip vegna innheimtu. Þeir munu greiða okkur útistandandi greiðslur í vikunni. Greiðslan núna er útistandandi skuld uppþ. 50 millj. Ekki erúið að lenda málum vegna framhaldandi flutninga þ.e. samningamálum.“¹⁰⁰⁸*
1796. Framangreind gögn frá (E)frkvstj-alþjv og (E)frkvstj-lögfr bera með sér að Eimskip hafi verið fyllilega ljóst að ekki væri í gildi undanþága frá banni samkeppnislaga við samráði keppinauta vegna þessa samstarfs við Samskip. Jafnframt var fyrirtækinu ljóst að það hafði unnið eftir ógildum samningi í samstarfi sínu við Samskip. Til viðbótar voru gerðar athugasemdir við að Samskip hefðu ekki staðið í skilum. Þrátt fyrir þetta og áhyggjur af broti á samkeppnislögum, sem fram koma í umræddu skjali sem fannst hjá framkvæmdastjóra lögfræðisviðs Eimskips, (E)frkvstj-lögfr, var þessu ólögsmæta samstarfi við Samskip ekki hætt þá þegar. Gögn málsins bera með sér að ágreiningur virðist að einhverju leyti hafa verið jafnaður í kjölfar fundar (E)forstö-innfl með Samskipum í febrúar 2008.
1797. Til viðbótar má nefna að Eimskip og Samskip létu sér á árunum 2006 - 2009 í léttu rúmi liggja hvaða eintaki að samningi unnið var eftir. Við rannsókn málsins afhentu fyrirtækin t.a.m. sitthvort eintakið af því sem virtust vera samningsdrög frá árinu 2006.¹⁰⁰⁹
1798. Samkeppniseftirlitið vísar til umfjöllunar í kafla 4.6.6 hér að framan. Ljóst er að samstarf Eimskips og Samskipa í Norður-Ameríku siglingum frá 1. september 2004 og fram til 22. desember 2009 var með sama hætti og fjallað var um í eldri úrlausnum samkeppnisyrvalda sem lýst er í kafla 4.6.6. Þar sem engin undanþága skv. þágildandi 15. gr. samkeppnislaga var í gildi á þessu tímabili má ljóst vera að fyrir hendi var ólögsmætt samráð milli Eimskips og Samskipa í áætlunarsiglingum milli Íslands og Norður-Ameríku, sbr. einnig viðurkenning Eimskips í sáttinni við Samkeppniseftirlitið. Þann 22. desember 2009 tók ný undanþága gildi, sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 46/2009. Var hún veitt á grundvelli ófullnægjandi, rangra eða villandi upplýsinga frá Eimskip og Samskipum, sbr. kafla 10.6.2.
1799. Sem fyrr segir hóf (E)forstj störf sem forstjóri Eimskips þann 20. maí 2008 og þá var umrætt ólögsmætt samstarf við Samskip fyrir hendi. Í kafla 7.2.1 hér að framan er fjallað um atvik frá 20. maí til 5. júní 2008. Sýnir sú umfjöllun að undirmenn (E)forstj hafi verið óánægðir með viðskiptalegan ábata af þessu samstarfi við Samskip. Við skýrslutöku hjá lögreglu gaf (E)frkvstj-alþjv skýrt til kynna að þetta samstarf við Samskip, sem slíkt, hefði haft óverulega þýðingu í samhengi við þá miklu fjárhagslegu erfiðleika sem Eimskip glímdi við á þessum tíma. Þrátt fyrir þetta lagði (E)forstj áherslu á þetta málefni. Framangreind samtímagögn (E)frkvstj-alþjv og (E)frkvstj-lögfr frá febrúar 2008 sýna að stjórnendur Eimskips hefðu litið svo á að Norður-Ameríku samningurinn við Samskip væri ógildur. Þrátt fyrir þetta var samningnum sagt upp 30. maí 2008 líkt og um gildandi samning hefði verið að ræða og óskað eftir nýjum viðræðum hið fyrsta við Samskip. Æðstu stjórnendur Eimskips sem komu að siglingakerfum áttu að leiða viðræðurnar og samskipti við Samskip yrðu „öll á rekstrarhlíðinni“.

¹⁰⁰⁸ Afhent tölvuskjal frá Eimskip 13.10.2017, liður 9. „Fundargerð EI vika 9 2008.doc“, bls. 2.

¹⁰⁰⁹ Samskip afhenti við rannsókn málsins samning við Eimskip vegna samstarfs í Norður-Ameríku siglingum, sbr. afhent tölvuskjal frá Samskipum 10.04.2015, (fskj. 10, Samningar USA). Það skjal er afhent óundirritað með gildistíma frá 01.10.2006 til 31.10.2008. Eimskip á hinn bóginn afhenti Samkeppniseftirlitinu þann 10.01.2018 annað eintak af Norður-Ameríku samningi sem er undirritað af hálfu þess ([...]) en ekki undirritað af hálfu Samskipa. Afhent skjal frá Eimskip 10.01.2018, liður 2.2 b) „Samskip Contract – [...]“. Gildistími þessa skjals frá Eimskip var frá 01.11.2006-30.11.2008. Fullyrðir Eimskip í svörum sínum til Samkeppniseftirlitsins að Samskip hafi fengið þetta eintak sent og fyrirtækin hefðu „starfað á grundvelli þess“. Samkeppniseftirlitið bendir á að sú fullyrðing Eimskips er ekki í samræmi við fyrrgreint afhent gagn frá Samskipum. Í fyrsta lagi var afhent skjal Samskipa ekki undirritað f.h. Eimskips. Í öðru lagi er gildistími skjalanna ekki sá sami. Í þriðja lagi er efni þessara tveggja skjala ekki það sama (t.d. „Amendment NO 11“ hjá Samskipum en „Amendment No 12“ hjá Eimskip, sjá einnig t.a.m. Term 6). Þá er fullyrðing Eimskips um að fyrirtækin hafi starfað eftir þessum samningi í ósamræmi við samtímagögn, þar sem t.a.m. kemur fram hjá fyrirtækinu sjálfu að á þessum tíma hefðu Eimskip og Samskip starfað eftir eldri samningi um Norður-Ameríku siglingar frá árinu 2004. Sjá fyrrgreint afhent tölvuskjal frá Eimskip 19.02.2016. „Bréf til Samskipa v US samnings_V2“.



7.5.5.3. Lagt til aukið samráð í sjóflutningum

1800. Á „Nýtt upphaf“ glærum (E)forstj frá 9. júní 2008 segir þetta um samráð Eimskips við Samskip í siglingum tengdum Íslandi:

2. Slotsamningar í siglingakerfinu

- **Markmið**
 - Meta hagkvæmni þess að skipast á slottum í núverandi siglingakerfum tengdum Íslandi
- **Verkefnið**
 - Gera greiningu á skipanýtingum brotið niður á hafnir í inn- og útflutningi
 - Stilla upp þeim möguleikum þar sem ávinningur væri að skiptast á slottum
 - Meta hagræði félaganna að gangast í slíkt samstarf

EIMSKIP

2. Slotsamningar í siglingakerfinu

- **US/Kanada**
 - Frá US unnið að nýjum samningi og þarf að taka gildi frá 1. september
 - Samskip tekur saman magn til/frá US og Kanada til að setja í kerfið
- **Evrópurútur**
 - Endurskoða siglingakerfi félaganna með það að leiðarljósi að lágmarka kostnað
 - Skipting á erlendum höfnum
 - Fækkun / smækkun skipa
 - Noregur
 - Dæmi um höfn sem hægt væri að gera samning um
 - Vestmannaeyjar
 - Ímyndalega erfitt
 - Almenn framléiðslugeta eftir höfnum
 - Útflutningur
 - Innflutningur

EIMSKIP

1801. Samkvæmt þessu átti aukið samráð fyrirtækjanna að taka bæði til Evrópu og Norður-Ameríku siglinga. Í glærunum felast hugmyndir um mun viðameira samráð heldur en hafði falist í samningum Eimskips og Samskipa um Norður-Ameríku siglingar og hinu leynilega „neyðarsamkomulagi“ frá árinu 2001.

1802. Að mati Samkeppniseftirlitsins fólst í framangreindu ráðagerð um m.a. ólögmeta markaðsskiptingu (skipting eftir höfnum) og ólögmeta takmörkun á framboði (fækkun/minni skip). Til undirbúnings þessu átti að gera „greiningu á skipanýtingum brotið niður á hafnir í inn- og útflutningi.“ Eins og í öðrum verkþáttum „Nýtt upphaf“ verkefnisins var gert ráð fyrir skiptum á upplýsingum um viðkvæm samkeppnisleg málefni.
1803. Við skýrslutöku hjá lögreglu var (E)forstj spurður um það sem fram kemur í „Nýtt upphaf“ glærunum undir heitinu „Slotsamningar í siglingakerfinu“. (E)forstj áréttaði það svar sitt að umrædd glærukynning hefði verið samin áður en hann hefði tekið við sem forstjóri: „Ég aftur segi við þig ég held þetta verkefni sé miklu eldra. Hafi bara skiluru skotið upp kollinum sem einhverjar hugmyndir, miklu eldri hugmyndir.“ (E)forstj var þá bent á að Norður-Ameríku samningnum við Samskip hefði verið sagt upp 30. maí 2008 og í glærunum kæmi fram að nýr samningur þyrfti að taka gildi 1. september 2008. Það væri því ekki „gamalt efni“ á þessum glærum. (E)forstj svaraði og sagði að hann teldi að „kynningin hafi verið uppfærð eitthvað“.¹⁰¹⁰ Aðspurður neitaði (E)forstj því að samstarf hefði verið haft við Samskip um þau atriði sem nefnd væru í glærunum.¹⁰¹¹
1804. (E)frkvstj-alþjsv var einnig spurður um þessar glæur við skýrslutöku hjá lögreglu.¹⁰¹² Sagði hann að ekkert af þessu hefði verið framkvæmt og „ef eitthvað slíkt væri, hefði farið í gang, þá hefði alltaf verið“ sótt um undanþágu hjá Samkeppniseftirlitinu.¹⁰¹³ Var (E)frkvstj-alþjsv spurður um viðræður eða vinnu Eimskips og Samskipa vegna þess sem fram kemur á umræddum glærum. Svaraði hann svo:
- „Nei, það, eins og ég sagði sko, ég veit um enga fundi nema þennan eina sem að ég, ég hafði átt, sem ég var þátttakandi í og það er eini fundurinn sem ég veit um sem að við höfum átt.“¹⁰¹⁴*
1805. Vísaði (E)frkvstj-alþjsv þannig til fundarins sem hann og (E)forstj sátu á árinu 2008 (líklega haustið) í höfuðstöðvum Samskipa með (S)forstj, (S)frkvstj-millilandasv og (S)stjórnarm-fjármstj.
1806. Við skýrslutöku hjá lögreglu hélt (S)forstj því fram að ekkert sem fram kæmi í glærunum undir heitinu „Slotsamningar í siglingakerfinu“ hefði komið til framkvæmda. Var hann spurður hvort umræður milli Eimskips og Samskipa haustið 2008 um „útvíkkað neyðarsamkomulag“¹⁰¹⁵, nýjan Norður-Ameríku samning á árinu 2009¹⁰¹⁶ og nýtt „neyðarsamkomulag“ á árinu 2010¹⁰¹⁷ sýndi ekki framkvæmd á hluta þess sem fram komi í glærunum. Neitaði (S)forstj því.¹⁰¹⁸
1807. Við skýrslutöku hjá lögreglu kvaðst (S)frkvstj-millilandasv ekki hafa séð umræddar glæur og vildi ekki tjá sig eða kvaðst ekki muna/vita þegar hann var spurður um efni þeirra.¹⁰¹⁹
1808. Að mati Samkeppniseftirlitsins er nauðsynlegt að virða saman það sem kemur fram í ofangreindum glærum um m.a. samráð Eimskips við Samskip í siglingum tengdum Íslandi við eftirfarandi staðreyndir í málinu:
- Skýrslu (S)aðaleig-stjform-SH frá maí 2008 (unnin af Eglu). Þar kemur fram að verulegur fjárhagslegur ábati felist í því að auka samráð Samskipa við Eimskip í sjóflutningum til og frá Íslandi.¹⁰²⁰

¹⁰¹⁰ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 135-136.

¹⁰¹¹ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 137-138.

¹⁰¹² Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 152 og áfram.

¹⁰¹³ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 153.

¹⁰¹⁴ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 156.

¹⁰¹⁵ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 112.

¹⁰¹⁶ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 112.

¹⁰¹⁷ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 112.

¹⁰¹⁸ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 111-112.

¹⁰¹⁹ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 93-96.

¹⁰²⁰ Vísast um þetta til kafla 6.7.5.



- Gögn Eimskips og Samskipa frá maí og byrjun júní 2008 sýna litla viðskiptalega þýðingu Norður-Ameríku samningsins sem ekki var lengur í gildi. Var beinlínis óánægja hjá undirmönnum (E)forstj með þetta samstarf við Samskip.¹⁰²¹
 - Áhuga (E)forstj á Norður-Ameríku samningum og vilja hans þess efnis að undirmaður hans ((E)frkvstj-alþj) kæmi að þessu máli, þrátt fyrir að ábyrgðarsvið hans tæki ekki til þessara samninga.¹⁰²²
 - Uppsögn Eimskips á hinum ógilda Norður-Ameríku samningi 30. maí 2008 og skýr vilji til að hefja sem fyrst viðræður við Samskip.¹⁰²³
 - Fundargerð framkvæmdastjórnar Eimskips frá 2. júní 2008 sem sýnir að yfirmaður siglingakerfa, (E)frkvstj-flutnkerf, ætti að koma að viðræðum við Samskip.¹⁰²⁴
 - Tölvupóst (S)forstj frá 4. júní 2008 til yfirmanns siglingakerfa Samskipa, (S)frkvstj-millilandasv, sem sýnir að til skoðunar hafi verið m.a. samráð með Eimskips sem fólst í að „skera kapacitet af markadi“ „eða“ taka upp samskonar samstarf við Eimskip í flutningum til og frá Evrópu og var fyrir hendi í Norður-Ameríku flutningunum.¹⁰²⁵
 - „Nýtt upphaf“ var sett á verkefnalista (E)forstj, merkt 5. júní 2008.¹⁰²⁶
 - Fund (S)aðaleig-stjform-SH, (S)forstj, (E)stjform og (E)forstj föstudaginn 6. júní 2008 í húsnæði Kjalars.¹⁰²⁷
 - Glærुकynninguna „Nýtt upphaf“ sem (E)frkvstj-alþjv vistaði sunnudaginn 8. júní og (E)forstj daginn eftir. Samkvæmt kynningunni voru (E)forstj, (E)frkvstj-alþjv og (S)forstj skipaðir í vinnuhóp.¹⁰²⁸
 - Framburð (S)forstj hjá lögreglu þar sem kom fram að á fundinum 6. júní 2008 hefðu atriðin sem fram kæmu í glærुकynningunni „Nýtt upphaf“ verið „viðr[u]ð“ í „kaffisþjalli“ á fundinum, sem hann taldi að hafa varað í um klukkustund.¹⁰²⁹
 - Tilvísun (E)frkvstj-alþjv til fundarins í höfuðstöðvum Samskipa þegar hann var spurður um „Nýtt upphaf“ glæurnar sem vörðuðu samráð í sjóflutningum til og frá Íslandi.¹⁰³⁰
 - Aðgerðir sem (S)forstj greip til 10. júní 2008 til að hrinda í framkvæmd tilteknum verkefnum sem fram koma í umræddri glærुकynningu. Skipulagði (S)forstj fund (E)frkvstj-alþjv með erlendum stjórndendum Samskipa sem höfðu með frystigeymslur og „short sea“ siglingar að gera.¹⁰³¹
1809. Saman gefa þessi atriði m.a. skýrt til kynna að á fundinum 6. júní 2008 hafi Eimskip og Samskip ákveðið að undirbúa m.a. ólögsmæta markaðsskiptingu og ólögsmæta takmörkun á framboði, þ.e. flutningsgetu í sjóflutningum. Önnur gögn sem fjallað verður um í næstu köflum styðja þetta.
1810. Eins og lýst var í kafla 6.2 er það á allan hátt eðlilegt að hvert skipafélag fyrir sig endurskoði siglingakerfi sitt sem viðbrögð við breytingum á markaði. Á þessum tíma var talið að draga myndi úr

¹⁰²¹ Vísast um þetta til kafla 7.2.1.

¹⁰²² Vísast um þetta til kafla 7.2.1.

¹⁰²³ Vísast um þetta til kafla 7.2.1.

¹⁰²⁴ Vísast um þetta til kafla 7.2.1.

¹⁰²⁵ Vísast um þetta til kafla 7.2.1.

¹⁰²⁶ Vísast um þetta til kafla 7.2.1.

¹⁰²⁷ Vísast um þetta til kafla 7.2.2.

¹⁰²⁸ Vísast um þetta til kafla 7.3.

¹⁰²⁹ Vísast um þetta til kafla 7.3.6.1.1.

¹⁰³⁰ Vísast um þetta til kafla 7.3.6.2.3.

¹⁰³¹ Vísast um þetta til kafla 7.3.2.



innflutningi jafnframt því sem Eimskip hafði misst viðskipti við stóran viðskiptavin (Alcan í Straumsvík).¹⁰³²

1811. Vísast hér til kafla 4 um túlkun á banni samkeppnisréttarins við samráði keppinauta. Ljóst er að keppinautum ber að taka sjálfstæðar ákvarðanir um siglingakerfi og aðra mikilvæga þætti í rekstri þeirra. Þeim er óheimilt að hafa með sér samráð um takmörkun í flutningsgetu og breytingar á siglingarkerfum. Þá er þeim einnig óheimilt að miðla upplýsingum sín á milli um mikilvæga þætti í rekstri þeirra. Er sem fyrr segir gerðar sérstaklega ríkar kröfur um sjálfstæði keppinauta á fákeppnismörkuðum.
1812. Bæði Eimskip og Samskipum var eða mátti vera ljóst að „*slot*“ samvinna milli keppinauta felur í sér brot á samkeppnislögum og er ekki heimil nema að fenginni undanþágu samkeppnisyfirvalda, sbr. m.a. framangreinda tölvupósta milli (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstj og (S)frkvstj-innanl þann 29. apríl 2008¹⁰³³ og úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í málum nr. 13/1997 og 9/2003. Í þessu samhengi ber og hafa í huga framangreint skjal framkvæmdastjóra lögfræðisviðs Eimskips frá febrúar 2008 þar sem vísað var til samkeppnislaga og talið nauðsynlegt að draga sem mest úr samstarfi Eimskips og Samskipa. Samkvæmt „*Nýtt upphaf*“ glærukyningunni átti hins vegar að stefna að því að auka samstarf þessara fyrirtækja.

7.6. Bónussamningar forstjóra Samskipa og Eimskips

1813. Mikilvægt er að líta til þess að Samkeppniseftirlitið telur að (S)aðaleig-stjform-SH hafi með loforði um verulega bónusgreiðslu (kaupauka) hvatt (S)forstj til að beita sér í samráðinu við Eimskip. Jafnframt skiptir máli að Eimskip gerði einnig bónussamning við (E)forstj. Átti umbun til (E)forstj m.a. að ráðast af framgangi þátta sem féllu undir samráð fyrirtækjanna. Var því fyrir hendi bæði hjá forstjóra Eimskips og forstjóra Samskipa persónulegur fjárhagslegur hvati til þess að ná árangri í ólögum samráði félaganna. Skal þessu nú lýst nánar.

7.6.1. Bónussamningur forstjóra Samskipa

1814. Um þetta vísast fyrst til framangreindrar umfjöllunar um atvik frá 18. mars til 14. maí 2008, sbr. kafla 6.7.3. Vísast þar sérstaklega til fyrirmæla (S)aðaleig-stjform-SH um verndun Samskipa á Íslandi sem „*cash cow*“ fyrir samstæðuna og þess sem ýmist var nefnt „*markmiðsáætlun, markaður*“ eða „*mælikvarðarnir*“ og kom fram í tölvupósti sem (S)forstj sendi (S)aðaleig-stjform-SH, kl. 09:03 þann 8. apríl 2008.
1815. Hér vísast einnig til framangreindrar umfjöllunar um tölvupóst (S)forstj til (S)aðaleig-stjform-SH sem hann sendi strax eftir fund þeirra með (E)forstj og (E)stjform 6. júní 2008, þ.e. þriðjudaginn 10. júní 2008, sbr. kafla 7.3.3. Í honum spyr (S)forstj hvenær (S)aðaleig-stjform-SH vilji „*fara í gegnum samningsmálin?*“
1816. Telur Samkeppniseftirlitið að framangreint hafi verið undirbúningur samningsins sem (S)aðaleig-stjform-SH gerði síðan við (S)forstj 1. júlí 2008.

¹⁰³² Í frétt sem birtist á heimasíðu Alcan þann 15. apríl 2008 segir: „*Alcan á Íslandi hf., sem rekur álverið í Straumsvík, hefur undirritað samning við Nesskip hf. og móðurfélag þess, Wilson Euro Carriers, um sjóflutninga fyrir Alcan á Íslandi. Samningurinn gildir frá 1. júlí 2008 til 30. júní 2011 og er með ákveðnum framlengingarheimildum eftir þann tíma. Tvö 4.500 tonna systurskip frá Wilson verða eingöngu í flutningum fyrir Alcan á Íslandi og munu sigla milli Straumsvíkur og Rotterdam. Hvort skip verður í hálfan mánuð í ferð. Áætlað er að skipin verði komin til vinnu snemma á mánudögum á báðum stöðum og láti ekki seinna úr höfn en um hádegi á miðvikudögum. Skipin eru svokölluð „Bulk“ skip. Þ.e. lausafarmsskip en geta þó tekið allt að 200 gáma í ferð í lest og á þilfari. Eimskip hefur séð um flutninga fyrir álverið í Straumsvík og rennur sá samningur út í byrjun júlí.*“ Aðgengilegt á slóð: <http://www.riotinto.is/?PageID=12&NewsID=209>.

¹⁰³³ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.459221/0.7.33.459213/0.7.33.459171.



Kerfi / markaður	-kynna í ágúst tillögur að breytingum á kerfum, og þeim aðgerðum sem gripið verði til vegna breytinga á ytra umhverfi.	-kynnt í ágúst, framkvæmt í framhaldi, sbr kynningu. -hefur áhrif á aðgerðir á markaði.

1820. Efni þessa verkefnis var í raun hluti af „Nýtt upphaf“ verkefninu eins og umfjöllun hér að framan og hér á eftir gefur skýrt til kynna.
1821. Í viðaukanum segir einnig:
- „Forstjóri og stjórnarformaður skulu fara yfir stöðu á hverju markmiði fyrir sig mánaðarlega fram að áramótum 2008.“*
1822. Ljóst er að strax í kjölfarið tóku nánustu samverkamenn (S)forstj saman skjöl og áætlanir sem gerðu ráð fyrir stórfelldum breytingum á siglingakerfum í samráði við Eimskip, en þeir voru margítrekað hvattir til þeirra verka af (S)forstj, sbr. umfjöllun hér á eftir. (S)forstj gerði stjórn Samskipa Holding grein fyrir þessu samráði við Eimskip. Þá má sjá af gögnum málsins (S)aðaleig-stjform-SH fylgjast með framgangi mála eins og boðað var í viðauka í ráðningarsamningi (S)forstj. Einnig er ljóst að í mars 2009 taldi (S)forstj að hann ætti rétt á umræddri bónusgreiðslu, sbr. umfjöllun síðar um atvik á árinu 2009.
1823. Í skýrslutöku (S)forstj hjá lögreglu sagðist hann aðspurður halda að hann hefði í „nokkur skipti“ þegið árangurstengdar greiðslur eða bónusa frá Samskipum.¹⁰³⁵ Áður nefndur viðauki frá 1. júlí 2008 um bónusgreiðslu var þá borinn undir (S)forstj og hann spurður hvernig þessi viðauki hefði komið til. Svaraði (S)forstj þá:
- „Ég hérna ætla að fá að klóra mér aðeins í hausnum og hérna og hérna bíða með að svara því.“¹⁰³⁶*
1824. Aðspurður síðar hvort hann og (S)aðaleig-stjform-SH hefðu komið að því að semja viðaukann sagðist (S)forstj ekki muna það „nákvæmlega“.¹⁰³⁷
1825. Þá kvaðst (S)forstj aðspurður ekki halda að hann og (S)aðaleig-stjform-SH hefðu mánaðarlega farið yfir stöðuna á markmiðunum fram að áramótum 2008. (S)forstj sagðist heldur ekki muna „nógu vel“ hvort markmiðum viðaukans hefði verið náð. Hann kvaðst jafnframt ekki geta sagt til um hvort Samskip hefðu greitt honum bónusinn sem fram kemur í viðaukanum.¹⁰³⁸

¹⁰³⁴ Samningur milli Samskipa hf. og [...], dags. 1. júlí 2008. [...] sendi eintak af þessum samningi til [...] með tölvupósti dags. 17. mars 2009, kl. 09:51. Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.579260.

¹⁰³⁵ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 4.

¹⁰³⁶ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 5.

¹⁰³⁷ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 7.

¹⁰³⁸ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 5 – 6.



1826. Í mgr. 574 – 575 í athugasemdum Samskipa við AI er það sagður „*rakalaus þvættingur*“ að (S)forstj hafi verið hvattur til samráðs við Eimskip með loforði um bónusgreiðslur. Samkeppniseftirlitið getur ekki fallist á þetta, sbr. umfjöllun í kafla 25.9.

7.6.2. Bónussamningur forstjóra Eimskips

1827. Samtímagögn sýna að þegar (E)forstj tók við starfi forstjóra Eimskips í maí árið 2008 var honum ljóst að staða Eimskips væri slæm og verkefni nýs forstjóra yrðu erfið, sbr. einnig skýrslutöku (E)forstj hjá lögreglu.¹⁰³⁹ Mánuðina eftir að (E)forstj tók við störfum var unnið að gerð ráðningarsamnings við hann. Í lokadrögum samningsins frá október 2008 má sjá að í ákvæði um árangurstengdan kaupauka (bónus) var tilgreint að bónus (E)forstj skyldi tengjast árangri sem m.a. var stefnt að með „*Nýtt upphaf*“ verkefni Eimskips og Samskipa.
1828. Vegna rannsóknar málsins óskaði Samkeppniseftirlitið því eftir því að Eimskip afhenti ráðningarsamning eða -samninga (E)forstj frá og með árinu 2008 til og með árinu 2013, þ. á m. upplýsingar um bónussamninga og -greiðslur.¹⁰⁴⁰ Eimskip synjaði afhendingu þessara gagna með bréfi dags. 10. janúar 2018.¹⁰⁴¹
1829. Lokadrög ráðningarsamnings Eimskips og (E)forstj fundust á heimasvæði hans vistuð 17. október 2008. Í 3. gr. samningsins og fylgiskjali 3 er kveðið á um bónusgreiðslur til forstjórans, sem gátu numið hæst 6 mánaða launum einu sinni á ári:¹⁰⁴²

Bónusar eru greiddir eftir samþykkt stjórnar og samkvæmt sameiginlega skilgreindum verkefnalista sem lagður verður fram í formi Powerpoint kynningar í október 2008 undir nafninu "Þórshamar". Bónus getur hæst numið 6 mánaða launum og eru afgreiddir og greiddir í lok árs hverju sinni. Verkefnalisti þessi skal unninn í samráði við stjórn félagsins og liggja fyrir eigi síðar en 1. nóvember 2008. Skal verkefnalisti þessi þá verða hluti af þessu samkomulagi og merktur sem fylgiskjal 3.

1830. Sjá má af samningnum og fylgiskjalinu að bónusgreiðsla til forstjórans réðst af framvindu svokallaðs Þórshamars verkefnalista. Samtímagögn sýna að verkefnið við Samskip („*Nýtt upphaf*“) var á verkefnalista Þórshamars verkefnisins, sbr. kafla 7.3.4. Mælikvarði fyrir bónusgreiðslu til (E)forstj tengdist því m.a. framgangi samráðsins með Samskipum.
1831. Þar sem Eimskip hefur synjað um afhendingu ráðningarsamningsins eða samninga við (E)forstj er rétt að geta þess að af fyrirliggjandi gögnum verður ráðið að í kringum 15. október 2008 hafi (E)forstj og (E)stjform undirritað umræddan ráðningarsamning, þ. á m. um bónusgreiðslur sem áður eru nefndar. Samningurinn var síðan samþykktur á stjórnarfundi Eimskips 24. október 2008.¹⁰⁴³ Í

¹⁰³⁹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.238853. Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, t.d. bls. 13.

¹⁰⁴⁰ Einnig var óskað eftir öllum fylgiskjölum ráðningarsamningsins, upplýsingum um breytingar, upphafsgreiðslur, ásamt yfirliti um greidd hlunnindi, bónusa, annað en hefðbundin launakjör. Upplýsingabeitni Samkeppniseftirlitsins til Eimskips frá 15.11.2017, tölulíður 3.

¹⁰⁴¹ Bréf Eimskips til Samkeppniseftirlitsins, dags. 10.01.2018.

¹⁰⁴² Afritað skjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.89444. Sbr. afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.357438. Athygli vekur að tenging bónsugreiðslu við verkefnið Þórshamar kom ekki inn drög ráðningarsamningsins fyrr en þennan dag 15.10.2008, en unnið hafði verið í ráðningarsamningi [...] frá maí 2008. Afritað skjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.92999. Sjá einnig drög að samningi. Doc. ID. 0.7.33.231017/0.7.33.236905/0.7.33.243480/0.7.33.90667/0.7.33.89904/0.7.33.260796/0.7.33.306218/0.7.33.91197/0.7.33.345983/0.7.33.352858/0.7.33.355761.

¹⁰⁴³ Undirritunin er talin hafa átt sér stað frá 15. til 17.10.2008 eða a.m.k. áður en samningurinn var samþykktur af stjórn 24.10.2008. Vísast hér til þess að þann 15.10.2008 vistaði [...] hjá sér drögin og sendi þau í kjölfarið til HRD. Ólíkt fyrri drögum að samningnum hafði nú verið bætt inn með rauðu tengingu bónusgreiðslna við Þórshamarsverkefnið. Sjá afritað skjal frá Eimskips. [...] Doc. ID. 0.7.33.92999. Sbr. einnig afritaðan tölvupóst tveimur mínútum síðar frá [...] til [...], þar sem hann biður hana um að prenta eintakið út fyrir hann, [...] og [...]. „*Please correct and print out 3 for me, [...] and you*“, dags. 15.10.2008, kl. 16:13. Doc. ID. 0.7.33.357438.



skýrslutöku hjá lögreglu upplýsti (E)forstj aðspurður að hann hefði verið viðstaddur stjórnarfundinn.¹⁰⁴⁴ Í stjórnarfundargerð segir um þetta:¹⁰⁴⁵

„7. Starfssamningur við [(E)forstj] staðfestur

*Stjórnarformaður félagsins hefur undirritað starfssamning við forstjóra og var hann samþykktur af stjórn félagsins. Laun forstjóra á mánuði eru [...]. Samningurinn gildir til 24 mánaða frá maí sl. og er óuppsegjanlegur á tímabilinu. Bónusar eru greiddir eftir samþykki stjórnar hverju sinni og samkvæmt sameiginlega skilgreindum verkefnalista og geta hæst numið 6 mánaða greiðslu.*¹⁰⁴⁶

1832. Hér vekur eftirtekt að í tilkynningu Eimskips til Kauphallar 30. janúar 2009 er fjallað um nánari skýringu „á launum forstjóra félagsins fyrir reikningsárið 2008“. Þar er fullyrt:

„Engir samningar eru við [(E)forstj] um bónus- eða kauprétti“.

1833. Að mati Samkeppniseftirlitsins er ljóst að þessar upplýsingar til fjárfesta á skipulögðum verðbréfamarkaði voru í beinu ósamræmi við samtímagögn en áréttað skal á ný að Eimskip hefur við rannsókn málsins sýnt um afhendingu ráðningar- og bónussamnings við (E)forstj. Í þessu samhengi ber að ítreka það mat Samkeppniseftirlitsins að bæði Eimskip og (E)forstj hafa veitt rangar upplýsingar um samskipti og tengsl við Samskip og stjórnendur þess félags. Í ljósi m.a. þessa er rökrétt að Eimskip vildi ekki upplýsa fjárfesta um að fyrir hendi væri bónussamningur við (E)forstj sem m.a. var tengdur árangri í ólögumætu samráði við Samskip.

1834. Við skýrslutöku hjá lögreglu var (E)forstj spurður út í ráðningarsamning hans og bónus- eða árangurstengdar greiðslur þegar hann tók við starfi forstjóra Eimskips árið 2008. Taldi (E)forstj þær spurningar lögreglu óviðeigandi sakamálarannsókninni en féllst á að svara þeim.¹⁰⁴⁷ Af framburði (E)forstj af þessu tilefni er ljóst að skýringar hans voru ekki í samræmi við áður nefnd samtímagögn sem stafa m.a. frá (E)forstj sjálfum. Upplýsti (E)forstj aðspurður að það hefði „örugglega“ verið gengið frá ráðningarsamningnum degi áður en hann tók við sem forstjóri (20. maí 2008).¹⁰⁴⁸ Líkt og áður er rakið gengu Eimskip og (E)forstj frá starfssamningi fimm mánuðum eftir að (E)forstj varð forstjóri félagsins, nánar tiltekið eins og áður segir 24. október 2008. Sagði (E)forstj jafnframt ranglega að ekki hefði verið gerður við hann bónussamningur.¹⁰⁴⁹

1835. Í skýrslutökunni voru síðan lögð fyrir (E)forstj áður nefnd drög að ráðningar- og bónussamningi. Var (E)forstj spurður hvort um væri að ræða endanlegt eintak af samninginum. Sagðist (E)forstj halda það.¹⁰⁵⁰ Þá fullyrti (E)forstj í skýrslutökunni að hann hefði ekki haft aðkomu að gerð ráðningarsamningsins („Nei í rauninni var það bara lagt í hendurnar á mér, þetta er það sem er í boði“).¹⁰⁵¹ Sá framburður er ekki í samræmi við samtímagögn sem stafa frá (E)forstj en þau sýna skýrlega að (E)forstj kom að gerð samningsins. Meðal annars hafði (E)forstj aðkomu að því þegar

¹⁰⁴⁴ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 17.

¹⁰⁴⁵ Athygli vekur að í stjórnarfundargerðinni er ekki minnst á tengingu bónusgreiðslu [...] við þórshamar verkefnið. Sjá afhentar stjórnarfundargerðir frá Eimskip 28.04.2007. „2008 2410 Stjórnarfundur lok“, síðast vistað 07.01.2009 kl. 18:48. Eimskip afhenti tvenn önnur drög af fundargerð frá þessum fundi. Varðandi 7. liðinn eru þau drög efnislega þau sömu og eintakið sem vistað er sem lokaskjal. Hér má líka geta þess að [...] sendi drög að fundargerðinni ásamt fylgigögnum fundarins til stjórnarinnar eftir fundinn. Afritaður tölvupóstur frá Eimskips. [...] Doc. ID. 0.7.33.361307. Á meðal fylgigagna sem [...] sendi til stjórnar er hvorki samþykktur ráðningarsamningur [...], kynning á þórshamars verkefninu né verkefnalisti. Er því ekki ljóst hvort Nýtt upphaf hafi verið rætt á umræddum stjórnarfundum Eimskips 24.10.2008, en í því sambandi er einnig horft til þess sem segir í fundargerð að „stjórnarformaður félagsins“ [...] hafði þá þegar undirritað starfssamninginn við forstjóra. Fyrirliggjandi er að [...] hafði aðkomu að ætluðu samráði Eimskips og Samskips, m.a. með fundi með Samskipum 6. júní 2008, sbr. umfjöllun hér að framan.

¹⁰⁴⁶ Í tilkynningu Eimskips til Kauphallar 30.01.2009, sem fjallaði um nánari skýringu „á launum forstjóra félagsins fyrir reikningsárið 2008“, er fullyrt: „Engir samningar eru við [...] um bónus- eða kauprétti“. Hvað varðar bónusinn þá eru þær upplýsingar ekki í samræmi við samtímagögn en áréttað aftur að Eimskip hefur sýnt um afhendingu ráðningarsamnings við [...]. Aðgengilegt á slóð:

<https://newsclient.omxgroup.com/cdsPublic/viewDisclosure.action?disclosureId=309502&lang=is>.

¹⁰⁴⁷ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 7.

¹⁰⁴⁸ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 9.

¹⁰⁴⁹ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 10.

¹⁰⁵⁰ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 12.

¹⁰⁵¹ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 12.



bónusgreiðsla samkvæmt samningnum var tengd áður nefndu Þórshamars verkefni (sem m.a. tók til „Nýs upphafs“ verkefnis Eimskips og Samskipa).¹⁰⁵²

1836. Upplýsti (E)forstj aðspurður að hann myndi eftir verkefninu Þórshamar og það ætti að vera verkefnalisti yfir verkefni hans gagnvart stjórninni. Hann kvaðst þó ekki muna eftir því hvort það væri til eitthvað skjal með verkefnalista.¹⁰⁵³ Eftir að gögn höfðu verið lögð fyrir (E)forstj játaði hann að kannast við að bónusgreiðslurnar hefðu átt að miðast við Þórshamars verkefnið.¹⁰⁵⁴
1837. Svör (E)forstj urðu síðan óskýr þegar hann var inntur eftir ósamræmi annars vegar í fullyrðingu í áður nefndri tilkynningu Eimskips til Kauphallar frá janúar 2009 (um að engir bónussamningar hefðu verið gerðir við (E)forstj) og hins vegar áður nefnds bónussamnings hans frá október 2008. Sagði (E)forstj m.a. af því tilefni að hugmyndin hefði verið að bónussamningur hans skyldi taka mið af EBIDTU Eimskips. Það hefði ekki gengið því það hefði „engin ebidta [verið] á þessu tímabili“. Var (E)forstj bent á að bónussamningurinn hefði ekki tekið mið af EBIDTU heldur framgang verkefna á verkefnalista (Þórshamar). Aðspurður um þetta ósamræmi milli gagna málsins sagði (E)forstj að tilkynningin til Kauphallar væri rétt því að bónussamningurinn hefði „bara“ ekki „virkjast“. Útskýrði (E)forstj þetta ekki frekar heldur sagðist ekki muna þetta því það væri um langt liðið.¹⁰⁵⁵
1838. Þá sagði (E)forstj að það gæti hafa verið að hann hefði einu sinni fengið bónusgreiðslu frá Eimskip á tímabilinu 2008 til 2013. Aðspurður kvaðst (E)forstj ekki muna hvenær hann hefði fengið bónusinn eða á hvaða grundvelli bónusinn var greiddur.¹⁰⁵⁶

7.7. Samskipti Eimskips og Samskipa eftir 6. júní 2008

1839. Gögn málsins sýna að eftir fund (S)aðaleig-stjform-SH, (S)forstj, (E)stjform og (E)forstj 6. júní 2008 áttu sér ítrekað stað frekari samskipti milli stjórnenda Eimskips og Samskipa. Var bæði um að ræða tölvupósta milli fyrirtækjanna og fundi og önnur samtöl. Gerð verður grein fyrir gögnum sem þessu tengjast í köflunum hér á eftir.

7.7.1. Yfirlit yfir fundi og samtöl frá júní til janúar 2009

1840. Áður en fjallað er nánar um atvik á seinni hluta ársins 2008 er rétt að draga saman hvað fyrirliggjandi samtímagögn segja um bein samskipti Eimskips og Samskipa á tímabilinu frá 6. júní til janúar 2009. Er hér um að ræða gögn sem gefa til kynna fundi eða aðrar viðræður milli fyrirtækjanna. Önnur samskipti, s.s. í formi tölvupósta milli fyrirtækjanna á þessu tímabili eru ekki talin með í eftirfarandi yfirliti.
1841. Í kafla 13 er finna yfirlit yfir bein samskipti stjórnenda Samskipa og Eimskips árunum 2009 – 2013.
1842. Í máli þessu var a.m.k. um að ræða eftirfarandi fundi, viðræður eða samtöl milli Eimskips og Samskipa frá 6. júní til ársloka 2008:
- 06.06.08 Fundur (S)aðaleig-stjform-SH, (S)forstj, (E)forstj og (E)stjform haldinn í húsa kynnum Kjalars við Suðurlandsbraut. Tekin ákvörðun um að kanna fýsileika og undirbúa aukið samráð milli Eimskips og Samskipa. „Nýtt upphaf“ verkefnið hefst.
- 2008 (E)frkvstj-alþjsv hefur upplýst um fund (E)forstj, (E)frkvstj-alþjsv, (S)forstj, (S)stjórnam-fjármstj og (S)frkvstj-millilandasv í húsa kynnum Samskipa í Kjararvogi þar sem rædd voru þau verkefni sem fram koma í glærakynningunni „Verkefnið Nýtt

¹⁰⁵² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.345983. Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.355761. Eintakið sem vistað var í tölvugögnum [...] 15.10.2008 var síðast vistað af [...] („last modified“) og þar þá komið inn með rauðu lettri verkefnið Þórshamar í fylgiskjali 3. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...]

¹⁰⁵³ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 14 – 16.

¹⁰⁵⁴ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 112.

¹⁰⁵⁵ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 18.

¹⁰⁵⁶ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 15 – 16.



upphaf". (E)frkvstj-alþjv taldi fyrst að fundurinn hefði verið haldinn haustið 2008 en var svo ekki viss.¹⁰⁵⁷ Samkeppniseftirlitið telur að þessi fundur hafi verið haldinn á árinu 2008 eftir að (E)forstj tók við sem forstjóri 21. maí 2008. Um hafi verið að ræða fund „vinnuhópsins“ samkvæmt glærukynningunni „Verkefnið Nýtt upphaf“.

- 19.06.08 (E)frkvstj-flutnkerf var framkvæmdastjóri sem bar ábyrgð á siglingakerfum Eimskips og (S)frkvstj-millilandasv var framkvæmdastjóri sem bar ábyrgð á siglingakerfum Samskipa. (S)frkvstj-millilandasv var í orlofi þessa viku í júní. Undirmaður hans, (S)forstö-flutnstj, sendi (E)frkvstj-flutnkerf tölvupóst 20. júní 2008 og vísaði til samskipta við (E)frkvstj-flutnkerf deginum á undan, sbr. kafla 8.2.2. Samskiptin tengdust gámastýringu fyrir Eimskip vegna útflutnings frá Vestmanneyjum. Samstarf vegna Vestmannaeyja er sérstaklega tilgreint í glærukynningunni sem (E)frkvstj-alþjv vistaði 8. júní 2008 og (E)forstj daginn eftir.
- 23.06.08 (S)forstj undirbjó þann 10. júní 2008 annars vegar að (E)frkvstj-alþjv myndi hitta (S)forstj-frystig og hins vegar að (E)frkvstj-alþjv og (E)frkvstj-Contain myndu hitta (S)frkvstj-MCL.¹⁰⁵⁸ (S)forstj-frystig og (S)frkvstj-MCL voru með starfsstöð í Hollandi og gögnin sýna að (E)frkvstj-alþjv og (E)frkvstj-Contain voru í Rotterdam 23. og 24. júní 2008 og að þeir hafi hitt (S)frkvstj-MCL og rætt um „short sea“ hluta „Nýtt upphafs“ verkefnisins, sbr. m.a. kafla 8.2.3. (E)frkvstj-alþjv hefur staðfest þetta við skýrslutöku hjá lögreglu og greint frá því að um frekari samskipti hafi verið að ræða milli (S)frkvstj-MCL og (E)frkvstj-Contain.
- 25.06.08 (E)forstj og yfirmaður Samskipa í Norður-Ameríku ((S)frkvstj-N-Am) hittust á fundi, sbr. kafla 8.2.4. Gögnin sýna að á þeim fundi hafi a.m.k. verið rætt um þann verkþátt „Nýtt upphaf“ verkefnisins sem tók til „Slotsamning[a] í siglingakerfinu“.
- 25.06.08 Viðskiptastjóri í innflutningsdeild Samskipa ((S)viðskstj) greindi (S)forstj frá samtali við (E)forstj. Hefði (E)forstj upplýst að Eimskip myndi væntanlega draga úr flutningsgetu í sjóflutningum, sbr. kafla 8.3.
- 27.06.08 Sem fyrr sagði skipulagði (S)forstj að (E)frkvstj-alþjv myndi hitta (S)forstj-frystig. Þennan dag sendi (S)forstj-frystig tölvupóst til (E)frkvstj-alþjv. Kvaðst (S)forstj-frystig hafa hringt nokkrum sinnum til baka í (E)frkvstj-alþjv og skilið eftir skilaboð í talhólfu hans. Stakk (S)forstj-frystig upp á að þeir myndu hittast í næstu viku. (E)frkvstj-alþjv svaraði og kvaðst vera kominn í sumarfrí og hann myndi hafa samband við (S)forstj-frystig um miðjan júlí 2008. (S)forstj-frystig upplýsti (S)forstj um þessi samskipti við (E)frkvstj-alþjv, sbr. kafla 8.2.3. Varðaði þetta eins og áður segir þann verkþátt „Nýtt upphaf“ verkefnisins sem tók til frystigeymslureksturs.
- 02.07.08 Samtal (S)frkvstj-millilandasv og (E)frkvstj-skiparekst. (S)frkvstj-millilandasv veitti Eimskip viðkvæmar upplýsingar, þ.e. um minnkandi innflutning hjá Samskipum og hvernig fyrirtækið mæti stöðuna á markaðnum næstu mánuðina, sbr. kafla 8.6.
- 03.07.08 (E)frkvstj-flutnkerf vísar í tölvupósti til (E)forstj til samskipta við Samskip um „Nýtt upphaf“ verkefnið, sbr. kafla 8.8.
- 04.07.08 Fundur framkvæmdastjóra landflutninga hjá Eimskip og Samskipum ((E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl) á kaffihúsinu Mokka. Gögn málsins sýna að á þeim fundi var a.m.k rætt um landflutningahluta „Nýtt upphaf“ verkefnisins, sbr. kafla 8.7.
- Vika 28 (E)frkvstj-flutnkerf og (S)frkvstj-millilandasv ræddu saman í viku 28 (á tímabilinu 7. til 13. júlí 2008). Telur Samkeppniseftirlitið að leggja verði til grundvallar að Eimskip

¹⁰⁵⁷ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 33 – 41, 50 og 129 og áfram.

¹⁰⁵⁸ Vísast um þetta til kafla 7.3.2.



og Samskip hafi rætt saman í viku 28 um a.m.k. samráðstillögurnar sem fram koma í minnisblaði (S)frkvstj-millilandasv, dags. 9. júlí 2008. Er líklegast að það hafi verið gert 9. júlí 2008. Vísast um þetta til kafla 8.9.5.

- 14.07.08 Fjallað var um mögulega samvinnu við Eimskip í flutningum til og frá Íslandi á stjórnarfundum Samskippa Holding. Einnig kemur fram í fundargerð að (S)frkvstj-MCL greindi frá samskiptum við Eimskip vegna mögulegrar samvinnu við Containerships. Fundargerðin gefur einnig til kynna að (S)aðaleig-stjform-SH og (S)forstj ætluðu sér að eiga frekari samskipti við Eimskip, sbr. kafla 8.10.1. Varðar þetta allt „Nýtt upphaf“ verkefnið.
- 17.07.08 (S)frkvstj-innanl sendi tölvupóst til Samtaka verslunar og þjónustu og var afrit sent til (E)frkvstj-innanl. Tölvupósturinn ber með sér að þessir framkvæmdastjórar landflutninga Samskippa og Eimskips hafi átt í samskiptum um landflutningamálefni áður en tölvupósturinn var sendur, sbr. kafla 8.11.
- 22.07.08 Forstöðumaður innflutningsdeildar Samskippa, (S)forstö-innfl1, greindi (S)frkvstj-millilandasv frá því að hann hafi rætt við forstöðumann innflutningsdeildar Eimskips, (E)forstö-innfl, og þeir hafi ákveðið að Eimskip og Samskip myndu hittast í næstu viku. (S)frkvstj-millilandasv kvaðst ekki vera viðlátinn þá en lagði til að hann og (S)forstö-innfl1 myndu hittast til að „stilla saman strengi“ og síðan myndi (S)frkvstj-millilandasv boða Eimskip á fund. Varðaði þetta „Nýtt upphaf“ verkefnið, sbr. kafla 8.13.
- 22.07.08 (E)frkvstj-alþjvsv greindi (E)frkvstj-Daalimpex og frá ítrekuðum samtölum við frystigeymslufyrirtæki Kloosterboer um samvinnu á frystigeymslumarkaði, sbr. kafla 8.2.3.
- 24.07.08 (S)frkvstj-MCL greindi (S)aðaleig-stjform-SH og (S)forstj frá samtali sínu við (E)frkvstj-Contain, framkvæmdastjóra Containerships. Gerði hann grein fyrir því að hann hefði þennan dag hringt í (E)frkvstj-Contain og lýst yfir undrun á því að Eimskip væri ekki enn búð að svara. (E)frkvstj-Contain hefði beðist afsökunar á þessu og borið við sumarleyfum. Vísaði (S)frkvstj-MCL síðan til samskipta (S)forstj við Eimskip og bað (S)aðaleig-stjform-SH um að hringja í sig áður en hann færi á fund með Eimskip, sbr. kafla 8.13. Tengdist þetta allt „Nýtt upphaf“ verkefnið.
- 24.07.08 Símtal (E)frkvstj-flutkerf og (S)frkvstj-JónaM. Telur Samkeppniseftirlitið að efni samskiptanna hafi varðað „Nýtt upphaf“ verkefnið og flutninga fyrir Alcoa, sbr. kafla 8.13.
- 25.07.08 (S)aðaleig-stjform-SH, (S)forstj, (E)stjform (og líklega (E)forstj) og hittast á nýjan leik á leynilegum fundi í húsnæði Kjalars að Suðurlandsbraut. Gögn málsins sýna að tilgangur þessa fundar var að þoka samráði fyrirtækjanna áfram, sbr. kafla 8.13.2 og 8.13.4.
- 06.08.08 Gögn málsins gefa til kynna að Samskip og Eimskip hafi rætt saman þennan dag um „Nýtt upphaf“ verkefnið. Er líklegt að um hafi verið að ræða samtali milli (S)forstj og (E)forstj, sbr. kafla 8.15.1.
- 14.08.08 Fundur (E)frkvstj-flutkerf, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)forstö-innfl, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1. Gögn málsins sýna að sá verkþáttur „Nýtt upphaf“ verkefnisins sem tók til aukins samstarfs í sjóflutningum var m.a. ræddur á þessum fundi, sbr. kafla 8.15.6.



- 21.08.08 Fram kemur í samskiptum yfirmanna frystigeymsluhluta Samskipa ((S)forstj-frystig og (S)frkvstj-frystig) að (S)frkvstj-frystig hafi átt í viðræðum við (E)frkvstj-Daalimpex (framkvæmdastjóra dótturfélags Eimskip (Daalimpex)) og lagði (S)frkvstj-frystig til að (S)forstj-frystig myndi funda með (E)frkvstj-Daalimpex, sbr. kafla 8.15.8.
- 27.08.08 (E)forstö-innfl og (S)forstö-innfl1 ræddu saman í síma. Ræddu þeir a.m.k. um „Nýtt upphaf“ verkefnið, sbr. kafla 8.15.10.
- 28.08.08 Forstöðumaður útflutningsdeildar Samskipa, (S)forstö-útfl, sendi tölvupóst til forstöðumanns útflutningsdeildar Eimskips, (E)forstö-útfl, og bað hann um að hringja í sig. Ræddu þeir saman í kjölfarið. Gögn málsins gefa til kynna að þeir rætt saman um tiltekna gjaldtöku gagnvart viðskiptavinum, sbr. kafla 8.15.10.
- 05.09.08 Fundur (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)forstö-innfl, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1. Gögn málsins sýna að sá verkþáttur „Nýtt upphaf“ verkefnisins sem tók til aukins samstarfs í sjóflutningum var m.a. ræddur á þessum fundi, sbr. kafla 8.16.2.
- 08.09.08 (E)rekststj-landfl gerði (E)frkvstj-innanl og fleirri yfirmönnum landflutninga hjá Eimskip grein fyrir samtali við (S)rekststj-landfl2 (undirmann (S)frkvstj-innanl) sem snerust m.a. um aukið samstarf Eimskips og Samskipa í landflutningum á Norður- og Austurlandi, sbr. kafla 8.16.4.
- 08.09.08 Í tölvupósti (S)forstö-innfl1 til (E)forstö-innfl er vísað til samtals milli þeirra „um daginn“ um flutninga Eimskips fyrir Samskip, sbr. kafla 8.16.9.
- 09.09.08 Gögn málsins sýna að „sendinefnd“ frá Samskipum hafi komið á fund Eimskips til að ræða um aukið samstarf í landflutningum á Norður- og Austurlandi. Niðurstaða fundarins var að tveimur undirmönnum (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl falið að hittast og „fara yfir stöðuna, og finna út hvar við getum unnið saman, báðum til hagsbóta. Fara yfir tímasetningu á akstri, magni og reyna að finna út eðlilega gjaldtöku.“, sbr. kafla 8.16.4. Tengdist þetta „Nýtt upphaf“ verkefni fyrirtækjanna.
- 16.09.08 (E)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-EimÍsl var gerð grein fyrir því því að umræddir starfsmenn landflutningadeilda Samskipa og Eimskips hefðu komist að niðurstöðu í viðræðum eftir „sendinefndar“ fundinn 9. september 2008. Höfðu fyrirtækin náð saman um skiptingu landflutningamarkaða eftir landsvæðum á Austurlandi, sbr. kafla 8.16.7.
- 17.09.08 (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl hittust á fundi sem var haldinn í verslunarmiðstöðinni Smáralind. Ræddu þeir um aukið samstarf fyrirtækjanna í landflutningum og um gagnkvæma sjóflutninga frá Reykjavík til Reyðarfjarðar, sbr. kafla 8.16.7. Tengdist þetta „Nýtt upphaf“ verkefni fyrirtækjanna.
- 01.10.08 Forstjóri Eimskips á Íslandi, (E)frkvstj-EimÍsl, vísaði til samtals við (S)frkvstj-millilandasv um „Nýtt upphaf“ verkefnið í fundarboði fyrir fund yfirmanna innflutningsdeilda og siglingakerfa hjá Samskipum og Eimskip, sbr. kafla 8.16.11.
- 06.10.08 Fundur (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)forstö-innfl, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1. Gögn málsins sýna að sá verkþáttur „Nýtt upphaf“ verkefnisins sem tók til aukins samstarfs í sjóflutningum var m.a. ræddur á þessum fundi, sbr. kafla 8.17.5
- 09.10.08 Framkvæmdastjóri Jóna, (S)frkvstj-Jóna, greindi frá samskiptum við Eimskip í tölvupósti til (S)forstj. Bjó hann yfir mikilvægum viðskiptalegum upplýsingum frá



- Eimskip, sem Samkeppniseftirlitið telur að hafi komið frá (E)frkvstj-EimÍsl, sbr. kafla 8.17.11.
- 10.10.08 (E)frkvstj-innanl greindi (E)forstj og (E)frkvstj-EimÍsl frá stöðu viðræðna við Samskip ((S)frkvstj-innanl) um aukið samstarf í landflutningum. Bað hann um heimild til að halda þessum viðræðum áfram. (E)forstj svaraði um hæl: „Halda viðræðum áfram“, sbr. kafla 8.17.15.
- 15.10.08 Á fundi (S)forstj, (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-útfli og (S)forstö-innfl1 þann 15. október 2008 var ákveðið að (S)forstö-innfl1 myndi ræða við ræða við Eimskip um verðlagningu á flutningum á öllum siglingaleiðum fyrirtækjanna („almennt slotverð“). Gögn málsins sýna að Samskip og Eimskip áttu síðan í samskiptum um víðtækan „almennan slot sharing samning“ milli fyrirtækjanna, sbr. kafla 8.19.3. Tengdist þetta „Nýtt upphaf“ verkefni fyrirtækjanna.
- 15.10.08 Um kvöldið þennan dag sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv og greindi frá viðræðum við Eimskip um að Eimskip myndi annast flutninga fyrir Samskip frá Reykjavík til Færeyja. Eimskip ætli að senda honum tillögu að verði morguninn eftir og (S)forstö-innfl1 myndi nota það sem „innlegg“ í slotsamninginn, sbr. kafla 8.19.3. Tengdist þetta „Nýtt upphaf“ verkefni fyrirtækjanna.
- 16.10.08 (S)forstö-innfl1 greindi (S)frkvstj-millilandasv frá samtali við (E)forstö-innfl. Eimskip ætli að flytja fyrir Samskip frá Reykjavík til Færeyja en (E)forstö-innfl hafi ekki gefið upp verð fyrir þá flutninga. (E)forstö-innfl hafi sagt að Eimskip vilji að það verði verði svipað því verði sem Samskip muni bjóða fyrir flutninga fyrir Eimskip frá Reyðarfirði til Færeyja. Einnig kvaðst (S)forstö-innfl1 vera að útbúa tillögu að slotsamningi við Eimskip, sbr. kafla 8.19.4. Tengdist þetta „Nýtt upphaf“ verkefni fyrirtækjanna.
- 16.10.08 (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl óskuðu eftir fundi með Samkeppniseftirlitinu og var fundurinn haldinn þennan dag, sbr. kafla 8.19.6. Á fundinum greindu þeir frá því að Samskip og Eimskip væru að ræða saman um samruna eða samstarf í landflutningum og vísuðu m.a. til efnahagsörðugleika í því samhengi. (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl sögðu hins vegar ekki frá „Nýtt upphaf“ verkefninu eða frá því ólögmeta samráði sem þegar var fyrir hendi í m.a. landflutningum. Engin beiðni um undanþágu skv. þágildandi 15. gr. samkeppnislaga eða samrunatilkynning barst Samkeppniseftirlitinu í kjölfarið. Eftir sem áður hélt samráð í m.a. landflutningum áfram.
- 20.10.08 (S)forstj greindi (S)frkvstj-MCL frá því að Samskip væri ljúka samningum við Eimskip, Alcoa og eigendur að leiguskipum fyrirtækisins. Ekki vísað til tiltekinnar samskipta við Eimskip, sbr. kafla 9.3.
- 22.10.08 Fundur (E)frkvstj-innanl, (E)svæðisstj1, (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-útfli og (S)forstö-flutnstj á Reyðarfirði var haldinn. Gögnin sýna að þann dag hafi Samskip greint Eimskip frá viðkvæmum upplýsingum um fyrirhugaðar breytingar á siglingakerfi og áætlun fyrirtækisins, sbr. kafla 9.4. Tengdist þetta „Nýtt upphaf“ verkefni fyrirtækjanna.
- 29.10.08 Fundur (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl. Tengdist þetta „Nýtt upphaf“ verkefni fyrirtækjanna, sbr. kafla 10.3.
- 30.10.08 Símtal (S)starfsm og (S)starfsm í gámostýringardeildum Eimskips og Samskipa, sbr. kafla 8.17.16. Tengdist þetta „Nýtt upphaf“ verkefni fyrirtækjanna.



- 06.11.08 Erlendur stjórnandi hjá Samskipum ((S)frkvstj-VDM) sendi tölvupóst til (S)aðaleig-stjform-SH 8. nóvember 2008 þar sem samtali við (E)frkvstj-Contain þann 6. nóvember 2008 er lýst. Varðaði þetta „short sea“ verkþátt „Nýtt upphaf“ verkefnisins, sbr. kafla 10.7.2.1.
- 13.11.08 (E)frkvstj-skiparekst greindi (E)forstj frá samskiptum undirmanns við Samskip vegna samstarfs um flutninga til Reyðafjarðar, sbr. kafla 9.12.1. Tengdist þetta „Nýtt upphaf“ verkefni fyrirtækjanna.
- 17.11.08 (S)forstö-innfl1 boðar í tölvupósti til (S)frkvstj-N-Am að hann muni hafa samband við (E)forstö-innfl vegna „Nýtt upphaf“ verkefnisins, sbr. kafla 10.4.7.
- 24.11.08 Framkvæmdastjóri Samskipa í Færeyjum, (S)frkvstj-Færeyj, gerði (S)forstj grein fyrir samskiptum við framkvæmdastjóra Eimskips í Færeyjum, (E)frkvstj-Færeyj, þar sem rætt hefði verið aukið samstarf fyrirtækjanna, sbr. kafla 10.7.
- 04.12.08 Fundur (E)frkvstj-flutkerf, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)forstö-innfl, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1. Gögn málsins sýna að sá verkþáttur „Nýtt upphaf“ verkefnisins sem tók til aukins samstarfs í sjóflutningum var m.a. ræddur á þessum fundi, sbr. kafla 10.5.1.
- 08.12.08 (E)frkvstj-EimÍsl vísar í tölvupósti sínum til símtals við (S)frkvstj-millilandasv sama dag, sbr. kafla 10.5.1.
- 09.12.08 Tölvupóstsamskipti milli (S)forstö-innfl1 og (E)frkvstj-EimÍsl (afrit til m.a. (S)frkvstj-millilandasv og (E)frkvstj-flutkerf) vegna „Nýtt upphaf“ verkefnisins „Slotsamningar í siglingakerfinu“. Lagði (S)forstö-innfl1 til að hann og (E)frkvstj-EimÍsl myndu ræða saman í síma, sbr. kafla 10.5.1.
- 23.12.08 Fundur (E)frkvstj-flutkerf, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)forstö-innfl, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1. Gögn málsins sýna að sá verkþáttur „Nýtt upphaf“ verkefnisins sem tók til aukins samstarfs í sjóflutningum var m.a. ræddur á þessum fundi, sbr. kafla 10.5.2.
- 29.12.08 (E)frkvstj-EimÍsl upplýsir í tölvupósti að hann og (S)forstö-innfl1 hafi rætt saman í síma fyrr um daginn, sbr. kafla 10.5.2.
- 07.01.09 Fundur (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1, (E)forstö-innfl, (E)frkvstj-EimÍsl og (E)frkvstj-flutkerf. Á fundinum var a.m.k. rætt um „Nýtt upphaf“ verkefnið „Slotsamningar í siglingakerfinu“ og skrifað undir nýjan samning um samstarf Samskipa og Eimskips vegna Norður-Ameríku flutninga. Gögn sýna að á þeim fundi voru einnig skipulögð áframhaldandi samskipti fyrirtækjanna um atriði féllu undir „Nýtt upphaf“ verkefnið, sbr. kafla 10.6.
1843. Rétt er að áréttta hér að í fyrstu efnisglærunni í glærुकyningunni „Nýtt upphaf“, kemur fram að „ákveðið hefur verið að stofna til vinnuhóps“ sem í eigi sæti (E)forstj, (S)forstj, (E)frkvstj-alþjsv og „nn“, „auk bakhjarla verkefnisins.“ Átti þessi hópur að meta hagkvæmni af auknu samstarfi á milli Samskipa og Eimskips. Síðan áttu sér stað a.m.k ofangreindar viðræður milli Eimskips og Samskipa á tímabilinu frá júní til ársloka 2008.¹⁰⁵⁹
1844. Skiptir hér miklu máli hverjir áttu í þessum samskiptum. Auk (S)aðaleig-stjform-SH, (S)forstj, (E)forstj og (E)stjform voru þetta næstráðendur (framkvæmdastjórarnir (S)frkvstj-millilandasv, (E)frkvstj-flutkerf og (E)frkvstj-EimÍsl) sem báru ábyrgð á siglingakerfum, verðlagningu og öðrum

¹⁰⁵⁹ Einnig var um að ræða ítrekaðar viðræður milli stjórnenda fyrirtækjanna á árunum 2009-2013. Er því lýst m.a. í kafla 13.



lykilatriðum í inn- og útflutningi gagnvart forstjórum fyrirtækjanna. Einnig áttu yfirmenn innflutnings- og útflutningsdeilda fyrirtækjanna ((E)forstö-innfl og (S)forstö-innfl1 og (E)forstö-útfli og (S)forstö-útfli) í samskiptum. Hið sama átti við næstráðendur á sviði landflutninga (framkvæmdastjórana (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl) og undirmenn þeirra. Jafnframt áttu yfirmenn frystigeymslna og „short sea“ siglinga í samskiptum ((E)frkvstj-alþjsv, (E)frkvstj-Contain, (S)frkvstj-MCL og (S)forstj-frystig).

1845. Var þannig um að ræða ítrekaða fundi og önnur samtöl milli lykilstjórnenda Eimskips og Samskipa. Voru það stjórnendur sem komu að hvers konar málefnum sem tengdust skiparekstri og siglingaáætlunum, samkeppni fyrirtækjanna í sjóflutningum og landflutningum og annarra sem fóru með málefni innan fyrirtækjanna sem heyrðu undir verkþætti „Nýtt upphaf“ verkefnisins. Á sama tíma unnu sömu stjórnendur að, og báru ábyrgð á, verðhækkunum og verðsamráði fyrirtækjanna, sbr. umfjöllun í köflunum hér á eftir.

7.7.2. Upplýsingar Eimskips og Samskipa um samskipti fyrirtækjanna

1846. Í kafla 4.7.3 er bent á að sönnunarbyrði í samkeppnisrétti geti snúist við með tilteknum hætti. Það geti átt sér stað þegar sannað er að keppinautar hafi hist. Ef engar fundargerðir eða önnur gögn eru til sem sýna umræðuefni á fundi keppinauta getur það gefið til kynna að þátttakendur á fundinum hafi viljað leyndu því sem rætt hafi verið á honum.¹⁰⁶⁰ Undir slíkum kringumstæðum getur sönnunarbyrðin snúist við. Hafa dómstólar ESB komist að þeirri niðurstöðu að ef fyrirtæki sýni ekki fram á að umræðuefni á fundi þeirra hafi verið lögmæt geti samráðsbrot talist sannað.¹⁰⁶¹

1847. Hefur því þýðingu í málinu hver svör Eimskips og Samskipa voru þegar Samkeppniseftirlitið óskaði, með heimild í 19. gr. samkeppnislaga, eftir gögnum og upplýsingum um samskipti fyrirtækjanna.

1848. Eins og lýst var í kafla 2.1 átti Samkeppniseftirlitið í aðdraganda þessarar rannsóknar fundi með bæði viðskiptavinum og keppinautum Eimskips og Samskipa. Þar kom m.a. fram að mikil samskipti væru milli stjórnenda Eimskips og Samskipa. Sökum þessa voru stjórnendur fyrirtækjanna í upplýsingagjöf í tengslum við hútleit Samkeppniseftirlitsins 10. september 2013 spurðir um samskipti þeirra á milli. Í kafla 7.1 var fjallað um samskipti milli eftirgreindra stjórnenda Eimskips og Samskipa:

- (E)forstj og (S)forstj
- (E)frkvstj-alþjsv og (S)forstj
- (E)forstj og (S)forstö-útfli
- (E)forstj og (S)frkvstj-N-Am

1849. Vísast hér til umfjöllunar í kafla 7.1 um samskipti og tengsl umræddra stjórnenda. Verður nú fjallað frekar um upplýsingagjöf Eimskips og Samskipa.

7.7.2.1. Eimskip

1850. Bæði í skýrslutöku í september 2013 og síðar með bréfum Samkeppniseftirlitsins var óskað eftir upplýsingum frá Eimskip um samskipti við Samskip. Mikilvæg atriði úr svörum Eimskips má draga saman með eftirfarandi hætti:

¹⁰⁶⁰ Sjá Bellamy & Child, European Union Law of Competition, áttunda útgáfa 2018, bls. 343: „[...] the absence of any minutes or notes of meetings between competitors may indicate that the participants were attempting to hide the true nature of the discussion.“

¹⁰⁶¹ Sjá t.d. mgr. 227 í dómi undirréttar ESB frá 14.05.1998 í máli nr. T-334/94, Sarrió gegn framkvæmdastjórninni, EU:T:1998:97: Dómur undirréttarins staðfestur með dómi dómstóls ESB 16. 11.2000 í máli nr. C-291/98, EU:C:2000:631. Sjá einnig Faull & Nikpay, The EU Law of Competition, þriðja útgáfa, 2014, bls. 1234: „While it is clear that it is the Commission which must adduce sufficient evidence to substantiate the finding of an infringement and the undertaking’s liability for it, there are situations where certain facts may be considered proven in the absence of an alternative explanation or justification by the undertaking.“



1851. (E)forstj veitti við rannsókn málsins rangar upplýsingar um tengsl og samskipti við m.a. (S)forstj og (S)forstö-útl, sbr. kafla 7.1.1 og 7.1.3. (E)forstj var einnig spurður 17. september 2013 hvort starfsmenn Eimskips og Samskipa hefðu átt í samskiptum á síðastliðnum árum. (E)forstj svaraði: „Nei, ekki, ekki svo ég viti annað en út af til dæmis Ameríkusamningnum og út af samningum frá Bretlandi. Það eru samningar sem að maður veit til að hafi verið sendir hingað vegna þess að við höfum verið að reyna að fá ykkur til að setja grænt ljós að við megum gera samning við þá, vegna þess að við vitum stundum ekki hvoru megin við vegginn við eigum að vera, því að ef við gerum ekki samning þá gætum við líka verið kærðir fyrir að halda þeim fyrir utan, þannig að það er svolítið óþægilegt stundum að vera að skrifa undir samninga og ég held þeir hafi verið að biðja okkur að skrifa undir samning núna bara í gær eða fyrradag.“ Sagði hann að annars vegar (E)frkvstj-sala/þj og hins vegar (S)forstö-útl og (S)forstj hefðu átt í samskiptum vegna framangreinds. Sjálfur hefði hann engin samskipti átt við Samskip.¹⁰⁶²
1852. Við upplýsingagjöf 10. september 2013 var framkvæmdastjóri landflutninga, (E)frkvstj-innanl, spurður um eftirfarandi:
- SE¹⁰⁶³ [...] hafa starfsmenn Eimskips og Samskipa átt í samskiptum á síðastliðnum árum?
- (E)frkvstj-innanl Nei, það er, það er ekki svo ég viti til.
- SE Eru einhver viðskipti á milli félaganna?
- (E)frkvstj-innanl Það eru, já ég segi, þegar ég segi samskipti þá er ég kannski að skilja spurninguna með þeim hætti að það séu svona einhver regluleg samskipti eða eitthvað svoleiðis, en síðan eru einhver viðskipti á milli félaganna og þá hafa menn átt samskipti í tengslum við þau.
1853. Gerði (E)frkvstj-innanl síðan grein fyrir samstarfi fyrirtækjanna í skipaafgreiðslu á Reyðarfirði, samstarfi í landflutningum og í siglingum til og frá Norður-Ameríku. Var (E)frkvstj-innanl spurður hvort til væru upplýsingar innan Eimskips um samskipti við Samskip sem tengdust þessu samstarfi. Svaraði (E)frkvstj-innanl því játandi. Síðan var (E)frkvstj-innanl spurður að þessu:
- SE En hefur þú sjálfur verið í samskiptum við starfsmenn Samskipa?
- (E)frkvstj-innanl Nei, ég er ekki í samskiptum við þá.
1854. Var (E)frkvstj-innanl síðan spurður sérstaklega hvort hann hefði átt í samskiptum við (S)frkvstj-innanl, starfsbróður sinn hjá Samskipum, sem var m.a. á árinu 2008 (líkt og (E)frkvstj-innanl) framkvæmdastjóri landflutninga. Svaraði hann því til að þeir hefðu setið saman í stjórn flutningasviðs SVÞ og það hefðu verið einu samskiptin þeirra á milli.¹⁰⁶⁴
1855. Í upplýsingagjöf 10. september 2013 var (E)frkvstj-alþjv spurður um eftirfarandi:
- SE [...] hafa starfsmenn Eimskips og Samskipa átt í einhverjum samskiptum á undanförunum árum?
- (E)frkvstj-alþjv Ekki svo ég viti til.
- SE Ert þú í samskiptum við einhverja starfsmenn eða stjórnendur Samskipa?
- (E)frkvstj-alþjv Nei.¹⁰⁶⁵
1856. Aðspurður hvort framangreint ætti einnig við um samskipti í einkalífi gerði (E)frkvstj-alþjv grein fyrir tengslum við (S)forstj, sbr. kafla 7.1.4.

¹⁰⁶² Endurrit af upplýsingagjöf [...] hjá Samkeppniseftirlitinu 17.09.2013.

¹⁰⁶³ Samkeppniseftirlitið.

¹⁰⁶⁴ Endurrit af upplýsingagjöf [...] 10.09.2013.

¹⁰⁶⁵ Endurrit af upplýsingagjöf [...] 10.09.2013.



1857. Í janúar 2015 óskaði Samkeppniseftirlitið eftir því að Eimskip afhenti afrit af öllum gögnum og tæki saman upplýsingar sem vörðuðu samskipti m.a. (E)forstj, (E)frkvstj-albjsv, (E)frkvstj-innanl, (E)forstö-útfli, (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-sala/bj við Samskip. Tók þetta til allra fyrirbyggjandi gagna sem vörðuðu samskiptin sjálf og efni þeirra (t.d. fundargerðir, minnisblöð tölvupósta og dagbókarfærslur). Ef viðkomandi stjórnendur hefðu átt samskipti við Samskip, sem ekki kæmu fram í fyrirbyggjandi gögnum, var óskað eftir því að tilgreint yrði milli hverra þau samskipti hefðu verið og dagsetningu þeirra. Náði framangreint til gagna og upplýsinga frá m.a. árinu 2008. Var þess krafist að framangreind gögn yrðu afhent með skipulögðum hætti.
1858. Þrátt fyrir að (E)frkvstj-innanl hefði í skýrslu sinni sagt að til væru upplýsingar innan Eimskips um samskipti við Samskip varð Eimskip ekki við þessari beiðni Samkeppniseftirlitsins. Var borið við m.a. ómöguleika við að taka þessi gögn saman. Að eigin frumkvæði Eimskips var þess í stað, og að mati Samkeppniseftirlitsins til málamynda, afhent óflokkað umfangsmikið rafrænt gagnasafn.
1859. Eimskip varð því ekki við kröfu Samkeppniseftirlitsins um að afhenda með skipulögðum hætti mögulegar fyrirbyggjandi fundargerðir eða önnur gögn sem gæfu til kynna umræðuefnið á framangreindum fundum og öðrum samtölum á milli fyrirtækjanna.
1860. Eftir að Samkeppniseftirlitið hafði borið undir Eimskip framkomnar upplýsingar frá Samskipum um fund fyrirvarsmanna fyrirtækjanna á vormánuðum árið 2008, gerði Eimskip fyrst þá grein fyrir fundi (E)forstj, (E)stjform, (S)aðaleig-stjform-SH og (S)forstj mánaðarmótin maí/júní. Veitti Eimskip í grundvallaratriðum rangar upplýsingar um þennan fund með Samskipum, sbr. m.a. kafla 7.3.6. Eftir endurtekna og ítarlega rannsókn Samkeppniseftirlitsins á afrituðum og afhentum gögnum í kjölfarið varð ljóst að um var að ræða fund sem fyrirtækin héldu, líkt og áður greinir, kl. 12:00 föstudaginn 6. júní 2008.
1861. Í 2. gr. sáttar Eimskips við Samkeppniseftirlitið viðurkennir fyrirtækið „að hafa brotið gegn 19. gr. samkeppnislaga með því að hafa ekki veitt nauðsynlegar eða réttar upplýsingar eða afhent gögn í þágu rannsóknar Samkeppniseftirlitsins.“

7.7.2.2. Samskip

1862. Bæði í september 2013 og síðar með bréfum Samkeppniseftirlitsins var óskað eftir upplýsingum frá Samskipum um samskipti við Eimskip. Mikilvæg atriði úr svörum Samskipa má draga saman með eftirfarandi hætti:
1863. (S)forstj veitti í upplýsingagjöf sinni í september 2013 rangar upplýsingar um tengsl og samskipti við m.a. (E)forstj sbr. kafla 7.1. Þá vekur sérstaka athygli að (S)forstj upplýsti ekki í skýrslutökunni um símtal sitt við (E)frkvstj-sala/bj en símtalið átti sér stað nokkrum klukkustundum áður þennan sama dag, þ.e. við upphaf húsleita hjá Eimskip og Samskipum, sbr. kafla 7.1.5.
1864. (S)forstj var einnig spurður 10. september 2013 hvort starfsmenn Eimskips og Samskipa hefðu átt í samskiptum á síðastliðnum árum. (S)forstj svaraði:
- (S)forstj Ég bara þekki ekki til þess hérna, ég veit þó til af sko samsiglingum eða samningi sem að við höfum haft við hérna, sem við höfum haft við Eimskip sem er hérna samningur um hérna flutninga til og frá Ameríku.
- SE Veistu hvaða aðilar þá sem eru í þessum samskiptum?
- (S)forstj Sem að eru, væru í því hjá okkur?
- SE Já.
- (S)forstj Það eru þá þeir sem eru á millilandasviðinu.
- SE Hver er það, [(S)viðskstj2] eða?



(S)forstj Já, meðal annars já.

SE Einhverjir aðrir sem að koma þar til greina?

(S)forstj Ekki hérna, ekki svona sem kemur í eða núna sko.

SE Ókei og þá engin önnur samskipti sem þú veist um á milli þessara félaga?

(S)forstj Nei.¹⁰⁶⁶

1865. Samkvæmt afhentum gögnum Samskipa voru tengsl milli (S)forstj og (E)frkvstj-TVG, framkvæmdastjóra TVG Zimsen, og hittust þeir á rannsóknartímabilinu utan vinnu.¹⁰⁶⁷ Hafa ber í huga að (E)frkvstj-TVG var til ársins 2006 framkvæmastjóri hjá Samskipum í Rotterdam en á þeim tíma starfaði (S)forstj einnig þar, n.t.t. áður en hann varð forstjóri Samskipa á Íslandi árið 2005. Við skýrslutöku Samkeppniseftirlitsins voru þeir báðir spurðir um samskipti þeirra við starfsmenn keppinautarins. Báðir upplýstu um að hafa starfað saman áður hjá Samskipum. Í skýrslu (E)frkvstj-TVG upplýsti hann jafnframt að á þeim tíma hefðu (S)forstj og hann unnið mikið saman. Aðspurðir neituðu þeir báðir að hafa átt samskipti eftir það, en það er sem fyrr segir í ósamræmi við samtímagögn.¹⁰⁶⁸

1866. Í skýrslu (S)forstj segir nánar tiltekið eftirfarandi af þessu tilefni: ¹⁰⁶⁹

SE [...] Þá spyr ég þig hvort þú þekkir einhverja aðra helstu stjórnendur eða starfsmenn hjá Eimskip, Flytjanda eða TVG-Zimsen?

(S)forstj Ég þekki hérna frá TVG-Zimsen.

SE Já, hver er það?

(S)forstj Hann heitir [(E)frkvstj-TVG].

SE Hvað gerir hann þar, veistu það?

(S)forstj Hann er framkvæmdastjóri.

SE Og hefurðu samskipti við þennan [(E)frkvstj-TVG]?

(S)forstj Nei, þetta er lítið land, hann hætti hér í leiðindum fyrir 8 árum síðan.

SE Ókei og hefurðu ekkert haft samskipti við hann síðan?

(S)forstj Nei.

1867. Í skýrslu (E)frkvstj-TVG segir nánar tiltekið eftirfarandi af þessu tilefni: ¹⁰⁷⁰

SE [...] En hefur þú sjálfur verið í einhverjum samskiptum við hérna starfsmenn Samskipa eða dótturfélaga?

(E)frkvstj-TVG Nei, ég eins og ég segi, ég hérna, þetta voru allt menn sem að ég vann með en ekki í dag, þeir voru ekki kátir með skiptin á sínum tíma [innskot SE: þegar (E)frkvstj-TVG færði sig til Eimskip] og þar af leiðandi hérna slitnaði upp úr, upp úr þeim málum öllum og ég held ég bara geti sagt með 100% vissu að það eru engin samskipti við þessa menn.

¹⁰⁶⁶ Endurrit af upplýsingagjöf [...] til Samkeppniseftirlitsins 10.09.2013.

¹⁰⁶⁷ Afhentir 14 tölvupóstar frá Samskipum 10.04.2015 (Mappa 6 „Tölvupóstar“). Þar má sjá báða koma að stjórnun íþróttafélags. Sjá t.d. tölvupóst [...] þar sem skipulagður er fundur milli þeirra tveggja. Sbr. einnig samskipti daginn eftir 15.11.2010 kl. 11:12 og 11:30. Sjá einnig tölvupóstssamskipti „RE: Fordrykkur á laugardaginn“, dags. 28.09.2011, kl. 17:09. Sjá einnig tölvupóstssamskipti um drykk og skemmtun „RE: Drykkur á pallinum og stórleikur á EM“, dags. 15.06.2012, kl. 11:11 og 17:32.

¹⁰⁶⁸ Endurrit af skýrslu [...] þann 10.09.2013, bls. 3 og 9. Endurrit af skýrslu [...] þann 10.09.2013, bls. 8.

¹⁰⁶⁹ Endurrit af skýrslu [...] þann 10.09.2013, bls. 8.

¹⁰⁷⁰ Endurrit af skýrslu [...] þann 10.09.2013, bls. 9.

1868. Samkvæmt afhentum gögnum Samskipa voru tengsl og samskipti milli (S)forstj og (E)rekstj-aksturst, sem var starfsmaður og síðar forstöðumaður landflutninga hjá Eimskipum. Þannig sýna samtímagögnin að þeir hafi verið í vinahópi nokkurra manna sem hittist reglulega yfir rannsóknartímabilið. Aðspurður um samskipti við starfsmenn Eimskips upplýsti (S)forstj ekki um þau samskipti í skýrslu hjá Samkeppniseftirlitinu.
1869. Samkvæmt afhentum gögnum Samskipa voru tengsl og samskipti milli (S)forstj og (E)forstö-landfl2, sem var forstöðumaður landflutninga Eimskips frá september 2008 til ársloka 2009, þegar hann lét af störfum hjá Eimskip.¹⁰⁷¹ Var (E)forstö-landfl2 hluti af umræddum vinahópi (S)forstj og (E)frkvstj-alþjsv. Má einnig sjá af fyrrgreindum afhentum samtímagögnunum að (S)forstj og (E)forstö-landfl2, ásamt mökum og tveimur öðrum hjónum, fóru t.a.m. saman í sumarbústaðaferð um mitt ár 2009.¹⁰⁷² Þykir rétt að benda á þessi vináttutengsl og samskipti hér vegna stöðu þeirra beggja innan fyrirtækjanna og þar sem (E)forstö-landfl2 var við störf hjá Eimskip á hluta af upphafs mánuðum samráðsins, m.a. þegar samráð fyrirtækjanna á landflutningamarkaði var aukið enn frekar og markaðsskipting verður alvarlegri en áður. Í skýrslu (S)forstj hjá Samkeppniseftirlitinu upplýsti hann, aðspurður um samskipti við starfsmenn Eimskips, ekki um þessi tengsl og samskipti við (E)forstö-landfl2.¹⁰⁷³
1870. Í skýrslutöku 10. september 2013 var (S)forstö-innfl1 spurður um eftirfarandi:

SE Veist þú til þess hvort að starfsmenn Samskipa og Eimskips hafi átt í samskiptum á síðastliðnum árum?

(S)forstö-innfl1 Já, við erum náttúrlega með hérna, sem sagt við vinnum saman að tveimur hlutum varðandi flutningastarfssemi, annars vegar þá flutninga frá Ameríku, við kaupum slot af Eimskip og ég hef tekið þátt í því þegar ég var í mínu fyrra starfi að hérna, kom að þeim samningum og það er kannski á tveggja ára fresti sem að er gerður nýr samningur um það og hann hefur alltaf verið tilkynntur inn til Samkeppniseftirlitsins. Og svo er einnig á nokkrum leiðum úti á landi er Flytjandi [Eimskip] að keyra fyrir Landflutninga [Samskip] eða Landflutningar að keyra fyrir Flytjanda og það eru samskipti sem eiga sér þá stað á viðkomandi landsvæði, þetta er ekki mikið en eru á einstaka stað og það hefur einnig verið gert grein fyrir því til Samkeppniseftirlitsins að sú samvinna eða sem sagt kaup á þjónustu hjá hinum aðilanum, þannig að það kallar að sjálfsögðu á samskipti, já, já.

[...]

(S)forstö-innfl1 Síðan koma að samningunum varðandi Ameríkuflutningana, þá hef, ég hef komið að því, [(S)forstö-útf] hefur komið að því hjá okkur, hjá hinum megin frá hefur [(E)frkvstj-sala/þj] verið í þessu og hver var með honum? já, [(E)forstö-útf]. Þetta hefur verið eins og ég segi, svona á tveggja ára fresti sirka.

SE Eru til gögn um þetta?

¹⁰⁷¹ Afhentur starfsmannalisti Eimskips 23.03.2015.

¹⁰⁷² Afhentur tölvupóstur frá Samskipum 10.04.2015 (Mappa 6 „Tölvupóstar“). Um er að ræða tölvupóstssamskipti vinahóps með heitinu „KB 2009“ frá 29.-30.06.2009 þar sem verið er að skipuleggja dagskrá í sumarbústaðaferð í Kiðjaberg. Jafnvel þótt [...] hafi verið hættur störfum hjá Eimskip þá þykir rétt að tiltaka eftirfarandi til að undirstrika tengsl hans við [...]. Þannig sýna gögn málsins að [...] hafi boðið honum í 40 afmæli hans árið 2010. Einnig voru þeir saman í í svokölluðum Islendingahópi sem hittist árlega í jólaboði („Sinterklaas Feest“). Í upplýsingabeidni Samkeppniseftirlitsins frá 29.01.2015 til Samskipa óskaði Samkeppniseftirlitið eftir samskiptum [...] við stjórnendur Eimskips, sbr. tölul. 6 og 7. í upplýsingabeidninni. Samskip afhenti að eigin frumkvæði vegna þessa m.a. tölvupóstssamskipti sem vörðuðu samskipti vinahópsins vegna hins árlega jólamatarklúbbs, sbr. afhendingu 10.04.2015, fskj. 6 (Tölvupóstar). Tölvupóstssamskipti dags. 23.11.2010. „UITNODIGING SINTERKLAAS FEEST VRIJDAG 3 DECEMBER 2010, WULPKAM 24, HAVENFJORD (ALLEEN VOOR 40+ ERS)“. Tölvupóstssamskipti dags. 14.-17.11.2011. „SINTERKLAAS FEEST 3 DECEMBER 2011“. Tölvupóstssamskipti dags. 21.10.2012. „SINTERKLAAS FEEST 2012“. Tölvupóstssamskipti dags. 13.-24.11.2013. „SINTERKLAAS FEEST 2013“.

¹⁰⁷³ Endurrit skýrslu [...] 10.09.2013. Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.724817. Þetta gagn afhenti Samskip ekki við afhendingu tölvupósta [...] 1.04.2015, fskj. 6 (Tölvupóstar).



(S)forstö-innfl1 Um þessa samninga, já örugglega bara í tölvupóstum og slíku og náttúrulega samningarnir undirritaðir eða þú veist, samningarnir eru til, já.

SE Veistu hvar við finnum þetta?

(S)forstö-innfl1 Samningana?

SE Eða gögn sem tengjast þessum samskiptum.

(S)forstö-innfl1 Þú finnur örugglega samskipti bara í tölvupóstunum mínum.¹⁰⁷⁴

1871. Í skýrslutöku 10. september 2013 var (S)forstö-útfli spurður um eftirfarandi:

SE Veistu til þess að starfsmenn Samskipa og Eimskips hafi átt í samskiptum á síðastliðnum árum?

(S)forstö-útfli Átt í samskiptum?

SE Já.

(S)forstö-útfli Nei. Já, ég get bara sagt að ég hef átt í samskiptum við Eimskip síðustu vikur út af Ameríkusamningi sem að við erum að vinna að.

SE Ókei.

(S)forstö-útfli Við erum viðskiptavinir Eimskipa á Ameríkuleiðinni þannig að það flokkast væntanlega undir samskipti.

SE Já, bara öll samskipti, þannig að þú mátt endilega koma með allt saman.

(S)forstö-útfli Ja, þetta er eina sem að, eina sem ég þekki sem er á mínu borði þannig að ég þekki ekkert annað sko.

SE Og hvað hérna, hvaða aðilar hjá Eimskipum eru það sem að?

(S)forstö-útfli Ég tala við hann [(E)frkvstj-sala/þj].

1872. (S)forstö-útfli greindi einnig frá því að hann ætti í reglubundnum samskiptum við (E)forstj, sbr. kafla 7.1.3.¹⁰⁷⁵

1873. Þann 17. september 2013 var (S)frkvstj-Jóna spurður um samskipti við Eimskip. Greindi hann ekki frá samtölum sínum við (E)frkvstj-EimÍsl, forstjóra Eimskips á Íslandi.¹⁰⁷⁶

1874. Í janúar 2015 óskaði Samkeppniseftirlitið eftir því að Samskip myndu afhenda afrit af öllum gögnum og taka saman upplýsingar sem vörðuðu samskipti m.a. (S)aðaleig-stjform-SH, (S)forstj, (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1, (S)forstö-útfli, (S)frkvstj-innanl og (S)forstö-landfl við Eimskip. Var þetta samhljóða beiðni sem send var Eimskip og lýst var hér að framan. Samskip, líkt og Eimskip, kusu að afhenda ófullnægjandi safn tölvupósta frá fjórum af tíu stjórnendum sem gagnabeiðni Samkeppniseftirlitsins tók til, sbr. bréf félagsins frá 9. mars og 10. apríl 2015.¹⁰⁷⁷ Fullyrt var af hálfu Samskipa að fyrirtækið hefði ekki vitneskju um samskipti fyrrgreindra stjórnenda við Eimskip sem ekki kæmu fram í gögnum málsins.¹⁰⁷⁸

¹⁰⁷⁴ Endurrit af upplýsingagjöf [...] til Samkeppniseftirlitsins 10.09.2013.

¹⁰⁷⁵ Endurrit af upplýsingagjöf [...] til Samkeppniseftirlitsins 10.09.2013.

¹⁰⁷⁶ Endurrit af upplýsingagjöf [...] hjá Samkeppniseftirlitinu 17.09.2013.

¹⁰⁷⁷ Líkt og Eimskip afhenti Samskip tölvupósta sem stöfuðu frá fjórum stjórnendum Samskipa (af tíu umbeðnum stjórnendum), þ.e. [...]. Bréf frá Samskipum til Samkeppniseftirlitsins, dags. 09.03.2015 og 10.04.2015. Afhending þessi tók til samskipta þessara stjórnenda við starfsmenn Eimskips en samkvæmt skýringum Samskipa var leitað í tölvupóstum þessara aðila eftir leitarorðunum „@eimskip.is, @tvg.is og @flytjandi.is“. Samkvæmt skýringum voru afhentar leitarniðurstöður úr þeirri leit. Samkeppniseftirlitið telur að um hafi verið að ræða ófullnægjandi gagnaafhendingu. T.a.m. var í gagnasafni [...] aðeins afhentur mjög lítill hluti af samskiptum hans við [...] vegna golfhópsins svokallaða. Þá skorti t.a.m. verulega upp á samskiptagögn við [...]. Þessi skortur á gögnum í afhendingu var ekki skýrður af hálfu Samskipa.

¹⁰⁷⁸ Bréf Samskipa til Samkeppniseftirlitsins dags. 10.04.2015, bls. 12.



1875. Eftir að Samkeppniseftirlitið hafði ítrekað upplýsingaskyldu fyrirtækisins veittu Samskip, með bréfi frá 14. janúar 2016, tiltekna upplýsingar um samskipti við Eimskip. Með vísan til alls þessa kvaðst Samskipum ekki vera „*kunnugt um nein ólögsmæt samskipti við starfsmenn eða stjórnendur Eimskips [...]*“.¹⁰⁷⁹ Áfram skorti þó á að upplýsingaskyldu væri fullnægt og eftir frekari ítrekun Samkeppniseftirlitins upplýsti fyrirtækið, í bréfi frá 24. nóvember 2017, að lykilstarfsmenn þess hefðu kannað sín gögn og rifjað upp hugsanleg samskipti við Eimskip.
1876. Jafnframt veittu Samskip upplýsingar um eftirfarandi samskipti við Eimskip sem fyrirtækið heldur fram að hafi að öllu leyti verið lögsmæt:
- Samskip og Eimskip ættu í ýmsum viðskiptum í landflutningum. Jafnframt hefðu félögin átt í samstarfi í áætlunarsiglingum til og frá Norður-Ameríku og til og frá Evrópu („*neyðarsamkomulagið*“). Segja Samskip að eðli málsins samkvæmt hefðu átt sér stað samskipti milli starfsmanna fyrirtækjanna vegna þessa.
 - Samskip veittu upplýsingar um fund fyrirsvarsmanna fyrirtækjanna á vormánuðum 2008 (kom síðar í ljós við rannsókn Samkeppniseftirlitsins að um var að ræða fund (E)forstj, (E)stjform, (S)aðaleig-stjform-SH og (S)forstj 6. júní 2008). Veittu Samskip, líkt og Eimskip, rangar upplýsingar um þennan fund. Fyrir utan þennan eina fund hefðu samskipti (S)forstj við (E)forstj verið „*alfarið bundin við málefni Viðskiptaráðs.*“
 - Samskip greindu frá því að (S)frkvstj-millilandasv „*minnist þess að hafa átt í samskiptum við starfsmenn Eimskips í tengslum við samninga um flutninga til og frá Norður-Ameríku á árunum 2006 til 2009 og gerð neyðarsamkomulags á árinu 2010.*“ (S)frkvstj-millilandasv hefði setið ásamt fulltrúa Eimskips í fagráði flutningasviðs SVP frá stofnun sviðsins 2006 fram á haustið 2011.
 - Samskip greindu frá því að (S)forstö-innfl1 hefði hafið störf hjá fyrirtækinu í janúar 2007 og „*gengdi þá starfi forstöðumanns innflutningsdeildar. Hann átti í því starfi samskipti við starfsmenn Eimskips um framkvæmd flutninga til og frá Norður-Ameríku. Þá koma hann að samningaviðræðum um þessa flutninga á árunum 2009 og 2010. Fundir voru haldnir vegna þessa í húsakynnum Eimskips, auk samtala og tölupóstssamskipta.*“
 - Samskip upplýstu að (S)forstö-útfli hefði „*frá árinu 2009 átt samskipti við starfsmenn Eimskips vegna samnings um flutninga til og frá Norður-Ameríku. Hann hefur bæði komið að samningaviðræðum og framkvæmd þessa samnings.*“ Þá segir að (S)forstö-útfli hafi „*einnig átt samskipti við starfsmenn Eimskips vegna flutninga á grundvelli neyðasamkomulags milli félaganna.*“ Jafnframt var upplýst að (S)forstö-útfli kvæðist einnig minnast samskipta við Eimskip „*vegna flutninga á sjávarafurðum fyrir Bacco Seaproducts*“ sem hefði verið í viðskiptum við bæði fyrirtækin.
 - Samskip segja að (S)forstö-landfl (undirmaður (S)frkvstj-innanl) minnst aðeins samskipta sem hann hefði átt við „*stjórnendur Eimskips á Austurlandi í árslok 2008 eða ársbyrjun 2009. Þau samskipti tengdust staðbundnum flutningum á Austurlandi sem áður hefur verið gerð grein fyrir [í bréfi Samskipa].*“ Jafnframt segja Samskip að (S)forstö-landfl minnst samskipta starfsmanna fyrirtækisins og Eimskips við Samkeppniseftirlitið vegna þessa samstarfs á Austurlandi. Í bréfi Samskipa frá 24. nóvember 2017 var nánar upplýst um framangreint. Þar kemur fram að (S)forstö-landfl telji að (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl hefðu átt fund með Samkeppniseftirlitinu í árslok 2008 og í kjölfar þess fundar hefði honum verið falið að ganga til samtarfs við Eimskip. Sem fyrr segir hafði (E)frkvstj-innanl staðhæft við Samkeppniseftirlitið að hafa ekki átt nein samskipti við (S)frkvstj-innanl (fyrir utan setu með honum í flutningahópi SVP).

¹⁰⁷⁹ Bréf Samskipa til Samkeppniseftirlitsins dags. 14.01.2016, bls. 4 – 5.



1877. Samskip afhentu ekki fundargerðir eða önnur gögn sem gáfu til kynna umræðuefni í framangreindum fundum og öðrum samtölum fyrirtækjanna á árinu 2008.
1878. Undirstrika ber að Samskip afhentu við rannsókn málsins engar upplýsingar eða afhentu gögn um samskipti (S)aðaleig-stjform-SH við Eimskip. Á grundvelli 19. gr. samkeppnislaga taldi Samkeppniseftirlitið í þágu rannsóknar málsins nauðsynlegt að afla tölvugagna Samskipa sem stöfuðu frá (S)aðaleig-stjform-SH á rannsóknartímabilinu (fyrir liggur að (S)aðaleig-stjform-SH notaði netfangið (S)aðaleig-stjform-SH@samskip.com). Samskip neitaði að afhenda gögn (S)aðaleig-stjform-SH og bar því við að stjórnarformaðurinn og aðaleigandi samstæðunnar hefði ekki haft netfang hjá Samskipum. Samkeppniseftirlitið telur þessar skýringar afar ótrúverðugar. Er að niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að Samskip hafi með framangreindri háttsemi brotið gegn 19. samkeppnislaga sbr. nánari umfjöllun í kafla 23.

7.7.3. Samantekt

1879. Ljóst er að upplýsingar frá Eimskip og Samskipum um samskipti fyrirtækjanna á árinu 2008 eru ófullnægjandi og ekki í samræmi við samtímagögn.
1880. Eins og áður segir hafa a.m.k. (E)forstj, (S)forstj og (E)frkvstj-alþjsv veitt rangar upplýsingar um samskipti á milli þeirra, t.d. um fundinn 6. júní 2008 eða fund „vinnuhópsins“ í húsnæði Samskipa. Þá veitti (S)forstj ekki upplýsingar um fund sinn með m.a. (E)stjform þann 25. júlí 2008. Þá er ljóst að (E)frkvstj-innanl veitti heldur ekki réttar upplýsingar enda sýna gögn málsins t.d. upplýsingar um fundi hans með (S)frkvstj-innanl á kaffihúsinu Mokka og í Smáralind í júlí og september 2008. Haft er eftir (S)forstö-innfl1 að hann hefði aðeins komið að samskiptum við Eimskip vegna Norður-Ameríku flutninga á árunum 2009-2010. Samtímagögn sýna hins vegar verðsamráð í samskiptum hans við (E)forstö-innfl á árinu 2008 og einnig að hann hefði ítrekað komið að viðræðum við Eimskip á árinu 2008. Ólíkt því sem haft er eftir (S)forstö-landfl var enginn fundur hjá Samkeppniseftirlitinu með (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl í árslok 2008 til þess að ræða samstarf félaganna á Austurlandi. (S)frkvstj-Jóna greindi ekki frá ítrekuðum samskiptum sínum við (E)frkvstj-EimÍsl.
1881. Svör stjórnenda Eimskips og Samskipa við skýrslutöku Samkeppniseftirlitsins í september 2013 og svör fyrirtækjanna við bréfum eftirlitsins gefa til kynna vilja til að leyna samskiptum fyrirtækjanna. Ber að horfa til þessa við mat á atvikum málsins.
1882. Einnig verður horft til þess að Eimskip og Samskip hafa ekki lagt fram fundargerðir eða önnur samtímagögn sem lýsa viðræðum fyrirtækjanna.

